

Alþingi 1920

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Ár 1920, fimtudaginn 5. febrúar, var þrítugasta og annað löggjafandi Alþingi, sem er níunda aukabing í röðinni, en fertugasta og sjöunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist, sett í Reykjavík.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu kl. 1 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Friðrik Jónason Rafnar, prestur að Útskálum, stje í stólinn og lagði út af Korintubrjefi I, 3. kap., 11.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A.

Landskjörnir þingmenn.

- | | |
|------------------------|----------------|
| 1. Sigurður Eggerz, | 2. landsk. þm. |
| 2. Sigurður Jónsson, | 3. — — |
| 3. Guðjón Guðlaugsson, | 4. — — |
| 4. Hjörtur Snorrason, | 5. — — |
| 5. Guðmundur Björnson, | 6. — — |

B.

Kjördæmakjörnir þingmenn.

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
3. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
4. Einar Þorgilsson, 1. þm. G.-K.
5. Eiríkur Einarsson, 1. þm. Árn.
6. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
7. Guðmundur Guðfinnsson, 2. þm. Rang.
8. Gunnar Sigurðsson, 1. þm. Rang.
9. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
10. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
11. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
12. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
13. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
14. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
15. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
16. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
17. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
18. Sveinn Björnsson, 1. þm. Reykv.
19. Þorleifur Guðmundsson, 2. þm. Árn.

Þessir þingmenn voru ókomnir til þings:

A.

Landskjörinn þingmaður.

Sigurjón Friðjónsson, 1. landsk. varaþm.

B.

Kjördæmakjörnir þingmenn.

1. Björn Hallsson, 2. þm. N.-M.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv.
4. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
5. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
6. Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf.
7. Karl Einarsson, þm. Vestm.
8. Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
9. Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf.
10. Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M.
11. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
12. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
13. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
14. Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M.
15. Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv.

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra, Jón Magnússon, og las upp opið brjef, er stefnir saman Alþingi til aukafundar, svo látandi:

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer höfum allra mildilegast ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar fimtudaginn 5. febrúar 1920, og viljum Vjer um þing-tímann allramildilegast kveða svo á, að aukapíng þetta megi setu eiga meðan þarfnast.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum Íslands, bjóðum Vjer öllum þeim, er setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðspjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða. —

Gefið á Amalíuborg, 1. desember 1919.
Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Opið brjef,

er stefnir saman Alþingi til aukafundar 5. febrúar 1920.

Þá las forsætisráðherra upp konungs-umboð sjer til handa til þess að setja Alþingi, svo hljóðandi:

Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg.

Vjer veitum yður sem forseta ráðuneytisins hjer með vald til að setja í Voru nafni aukapíng það, sem saman kemur fimtudaginn 5. febrúar 1920. —

Ritað á Amalíuborg, 1. desember 1919.
Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Konungsbrjef
um setning Alþingis.

Til
herra Jóns Magnússonar, kommandörs af Dannebrog og Dannebrogsmanns, forseta ráðuneytisins.

Síðan mælti

forsætisráðherra (J. M.): Samkvæmt því valdi, sem mjer er þannig veitt, lýsi jeg því hjer með í nafni hans hátignar konungsins, að Alþingi Íslendinga er sett.

Stóð þá upp **Pjetur Jónsson**, þm. S.-P., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

og tóku þingmenn undir það með níföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og vitanlegt er, er ekki nema liðugur helmingur þingmanna kominn enn þá. Verður því ekkert frekar gert í dag. En þingmönnum verður gert **viðvart** um framhald þessa fundar svo fljótt sem fært er. Verður því fundi þessum frestað að sinni.

Fundi frestað.

Þriðjudaginn 10. febrúar, kl. 10 árdegis, var fundinum fram haldið.

Nú voru til þings komnir þeir:

1. Björn Hallsson, 2. þm. N.-M.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf
3. Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv.
4. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
5. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
6. Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf.
7. Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
8. Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf.
9. Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M.
10. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
11. Sigurjón Friðjónsson, 1. landsk. vara-þm.
12. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
13. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
14. Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M.
15. Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv.

En ókominn var
Karl Einarsson, þm. Vestm.

Forsætisráðherra (J. M.): Þá verður þingsetningunni haldið áfram, og vil jeg biðja elsta þingmanninn, háttv. 3. landsk. þm. (S. J.), að ganga til forsetasætis.

Aldurforseti (S. J.) gekk þá til forsetastóls og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá

Guðmund Björnson, 6. landsk. þm., og
Gísla Sveinsson, þm. V.-Sk.

Rannsókn kjörbrjefa.

Skiftust nú þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. deild:

Benedikt Sveinsson,
Björn Hallsson,
Einar Árnason,
Einar Þorgilsson,
Eiríkur Einarsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Guðmundur Björnson,
Hjörtur Snorrason,
Pjetur Þórðarson,
Sigurður Eggerz,
Sigurður Jónsson,
Sigurjón Friðjónsson,
Sveinn Ólafsson.

2. deild:

Björn Kristjánsson,
Gísli Sveinsson,
Guðmundur Ólafsson,
Jón Auðunn Jónsson,
Jón Sigurðsson,
Magnús Kristjánsson,
Magnús Pjetursson,
Ólafur Proppé,
Pjetur Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Sigurður Stefánsson,
Sveinn Björnsson,
Þorleifur Jónsson.

3. deild:

Bjarni Jónsson,
Guðmundur Guðfinnsson,
Gunnar Sigurðsson,
Halldór Steinsson,
Hákon Kristófersson,
Jakob Möller,
Jóhannes Jóhannesson,
Magnús Guðmundsson,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran,
Stefán Stefánsson,
Þorleifur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þórarinn Jónsson.

Kjördeildir skiftu með sjer kjörbrjefum þann veg, er lög mæla fyrir, að fyrsta deild fekk annari, önnur þriðju og þriðja fyrstu.

Var nú fundi frestað til miðmunda.

Kl. 1½ var fundinum fram haldið, og höfðu þá kjördeildir lokið störfum sínum.

Aldursforseti (S. J.): Þá verður fundinum haldið áfram, og liggur næst fyrir að ræða um kjörbrjefagildið. Eru tillögur frá 1. kjörbrjefadeild þá fyrst á dagskrá, og hefir framsögumaður hennar, háttv. 1. þm. Árn. (E. E.), orðið.

Frsm. 1. kjörbrjefadeildar (Eiríkur Einarsson): Það er hlutverk mitt að hafa framsögu af hendi 1. kjörbrjefadeildar.

Hvað þau kjörbrjef snertir, er þessari kjörbrjefadeild hafa verið fengin í hendur til athugunar, vill hún leggja til, að þau öll, að undanskildu einu, kjörbrjefi háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.), verði tekin gild. Þó vil jeg geta þess, að hvað snertir kosningu hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.), þá er kjörbrjef hans enn ókomið, en aftur á móti liggur fyrir þinginu útskrift úr gerðabók yfirkjörstjórnar Húnvetninga, er sýnir, að kosningin er lögleg. Er því lagt til, að

kosningin sje tekin gild, í vændum þess, að kjörbrjefið komi.

En um kosningu á 2. þm. Reykv. (Jak. M.) er aftur á móti öðru máli að gegna. Yfir þessari kosningu hefir verið kært, og liggur sú kára fyrir, undirskifuð af 5 kjósendum kjördæmisins. Höfuðatriði kærur þeirrar eru þau, að 14 menn, er stóðu á aukakjörskrá, hafi kosið, án þess að hafa náð þeim lögmeta aldri, sem 11. gr. kosningalaganna mælir fyrir um að tilgreindur skuli vera á aukaskránni, og er upplýst, að þessir 14 menn hafi kosið án þess að vera búnir að ná aldurstakmarkinu, er skráin bar með sjer. Enn fremur er þess getið um 15. manninn, er ólöglega hafi kosið, að hann hafi ekki átt nógu lengi heima í kjördæminu og af þeim sökum eigi haft leyfi til þess að kjósa. Í kæruskjalinu er þess getið sem þungamiðju, að atkvæðamanur hafi verið svo lítill, að hin ólöglegu atkvæði hafi vel getað valdið úrslitunum, þar sem um 15 menn sje að ræða, en atkvæðamanur 5.

Af þessum áðurgreindu ástæðum, að kosningakæra liggur hjer fyrir, sem virðist vera á rökum byggð, þykir kjörbrjefadeildinni það sjálfsagt að fara varlega og hyggilega og hrapa ekki að neinu með úrskurð, með flýti eða flokkshita, og leggur það til, að úrskurðinum sje frestað um sinn og málið fengið vantanlegri kjörbrjefanefnd til athugunar.

Þá er og annað atriði, sem kom deildinni til þess að fara fram á frestun, og er það, að hjer er um tvímenningskjördæmi að ræða, og þá til athugunar, hvort eigi beri að ónýta kosningu beggja, án þess að kjörbrjefadeildin geri nokkrar tillögur um, hvort það sje gert.

Það er þá, í fám orðum sagt, álit kjörbrjefadeildarinnar að leggja þessa frestunartillögu fyrir sameinað þing, með þeim viðauka, til athugunar fyrir vantanlega kjörbrjefanefnd, hvort eigi muni ástæða

til, að kjördeildirnar við Reykjavíkurskólinguna, þar sem lögfræðingur átti sæti í hverri deild, fái nokkur víti fyrir verk sín.

Bjarni Jónsson: Jeg get eigi látið hjá líða að hreyfa mótmælum gegn tillögu hv. frsm. 1. kjörbrjefadeildar (E. E.), því aldrei hefir einfaldari kára komið, nje þá heldur minni ástæða til þess að fresta úrskurði. Ber þar og eigi síst til, að meginlöpin eru fyrir klaufaskap kjörstjórnar, en sá, er kjósa á, á þar á enga sök. Má þar þess einnig geta í því sambandi, að kjörskráin var afhent mjög illa útbúin, eftir því sem yfirdómslögmaður A. Tulinius hefir sagt mjer. Var hún á sundurlausum blöðum, er fest voru niður með látúnsþennum, svo að eigi sást í kjölinn, þó að vel væri að gætt, nema rífa þau upp.

Enn fremur má það smán heita, að eigi sje hægt að skera úr, án þess að á fresti þurfi að halda, því öllum er vitanlegt um þá ágalla, er hjer er um að ræða, og svo í annan stað afleiðingin sú, að láta Reykjavík verða þingmannslaus. Því verði kosningin gerð ógild, þarf að kjósa á ný. Og því lengur sem á úrskurðinum stendur, því lengur verður og þingmannssæti Reykvíkinga óskipað, enda má eigi annað sjá en að til þess sje leikurinn gerður, því eigi fæ jeg skilið, hvers vegna menn annars vilja láta fresta úrskurðinum.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg væri samdóma háttv. þm. Dala. (B. J.), ef eigi væri um annað að ræða en um atkvæðagreiðslu þessara 15 manna, er taldir eru að hafa kosið ólöglega. Því þá væri frestunin ástæðulaus. En auk þessa fylgdu útskriftinni úr gerðabók yfirkjörstjórnar yfir 50 vafaseðla, þar sem um ýmsar samskonar misfellur er að ræða, sem venjulega eru þess valdandi, að seðlar eru ekki teknir gildir. Þess vegna tel jeg sjálfsagt, að þing-

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

id fari hjer gætilega að, því sje úrskurðað um seðla og þeir teknir gildir í eitt skifti, án rækilegrar athugunar, sem eru útbúnir öðruvísi en vera ber, eða á annan hátt gallaðir, þá getur einnig oftari farið á sömu leið. Og þess vegna tel jeg nauðsynlegt, að úrskurðinum verði frestað þar til misfellurnar hafa vandlega verið aðgættar.

Frsm. 1. kjörbrjefadeildar (Eiríkur Einarsson): Hjer mætti til sanns vegar færa málsháttinn, að „fátt er of vandlega hugað“, og finst mjer, að ekki ætti að hrapa að þessu máli, af þeim ástæðum, er jeg hefi áður tekið fram, þar sem það virðist síður en svo, að nokkur flýtir sje bráðnauðsynlegur. En það get jeg lagt áherslu á, að ef kosningin á 2. þm. Reykv. (Jak. M.) verður gerð ógild, þá kemur það spánýja fram, að í tvímenningskjördæmi verður að eins kosið um einn. Vakir fyrir mjer, að þetta sje mjög varhugavert, og þingið komist með þessu móti inn á hálar brautir, og það skapist, ef farið yrði að teygja kosningalögin út fyrir ákvæði sín, með þessu hættulegt fordæmi í framtíðinni, er síðar gæti valdið ýmsum glundroða.

Bjarni Jónsson: Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) talaði um 50 atkvæði, sem einhver vafi leikur á um. En þeim er þannig varið, að þau fá engu breytt um kosninguna. (Jóh. Jóh.: Getur verið ágreiningur um þau). Enginn ágreiningur. Þau breyta í engu kosningunni. Ef svo væri, væri líka sjálfsagt að taka þau til nákvæmrar athugunar, en nú verður ekki að gert, nema hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) vilji taka upp á því að brjóta lögin.

Hv. frsm. (E. E.) talaði um hálar brautir og hættulegt fordæmi. Hjer er einföld og saklaus kára yfir því, að fáeinir menn, sem ekki hafa náð fullkomlega kjöraldri á kosningadegi, hafi kosið. Það er lítilfjör-

legur formgalli, sem ekki sýnist geta orðið að hættulegu fordæmi. Teldi jeg rjettara að vinna að því, að koma samræmi á kosningalögin, að allir mættu kjósa, þeir er á kjörskrá standa, enda mun það löggjafans meining verið hafa, að til kjörskrár væri vandað, en eigi jafnklaufalega útbúin sem nú hefir raun á orðið. Og víst er, að aðrir og miklu meiri ágallar hafa komið fyrir og ekki verið talið neitt hættulegt, og gætir hjer að líkum meira kapps en forsjálninnar, að slíkt komi eigi oftar fyrir. Liggja hjer og næg rök fyrir, hverjar afleiðingar dráttarins verða, að ef kosningin ónýtist, þá degst á langinn um kosningu aftur, sem varla mun fara nema á einn veg. Mundi og betur haga að flýta fyrir um fjölgun þingmanna Reykjavíkur, og ætti kjörfylgismönnum Jóns Magnússonar að þykja hagur að, því vandalaust ætti þeim að vera að koma honum að við hlutfallskosningu, eða að minsta kosti auðveldara en annars. Mætti það verða eins fljótt með þeim hætti sem með þessum.

Sveinn Björnsson: Mjer þykir rjettara að nota tækifærið, það málfrelsi, sem jeg hefi hjer enn þá, til þess að hreyfa nokkrum mótbárum fyrir hönd kjósenda minna.

Mjer finst ástæðulítið, eða að minsta kosti hart að gengið, að láta stærsta kjördæmi landsins, bæ með 16,000 íbúum, vera fulltrúalausán um lengri tíma en nauðsynlegt er. Og frá mínu sjónarmiði sje jeg ekki heldur, að svo þurfi að vera, sje ekki, að nokkur ástæða sje til að draga þetta mál á langinn, ekki nokkur ástæða til að láta ekki úrskurðinn koma strax.

Öllum er kunnugt um ágalla þá, er taldir eru að vera á kosningunum, og eru þau atriði öll svo einföld, að eigi virðist þurfa langan tíma til þess að mynda sjer skoðun.

Hv. frsm. 1. kjördeildar (E. E.) sagði,

að þingið legði út á hálar brautir, ef það hrapaði að úrskurði þessa máls. Jeg vil snúa því við. Það væru hálar brautir, ef frestað væri að ástæðulausu að gilda eða ógilda þessa kosningu. Það væru hálar brautir að gera sjer svo að segja leik að því, að svifta stærsta kjördæmi landsins báðum þingmönnum sínum um óákveðinn tíma. Jeg vona, að þingið fari ekki þá leiðina.

Jeg skal viðurkenna það, að margt mælir með því, að ógilda alla kosninguna, ef kosning hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) er að engu höfð, og væri þá Reykjavík algerlega þingmannslaus. En yfirleitt er málið svo einfalt, liggur svo beint við, að engum þeim manni, sem þjóðin trúir fyrir velferðarmálum sínum, ætti að vera vorkunn að greiða atkv. um það þegar í stað.

Um þá ástæðu, sem hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) bar fram frestun í vil, hefi jeg fátt eitt að segja. Jeg veit ekki betur en að yfirkjörstjórn hjer og víðar hafi skilið svo lög, að slíkir seðlar, sem hjer um ræðir, væru ógildir. Þingið þarf því engan tíma til að átta sig á því máli. Þó einhverjum hugkvæmist að vera á annari skoðun um þetta efni, þá sje jeg ekki ástæðu til að misbjóða þess vegna stærsta kjördæmi landsins. En það er gert með þessari till., og verð jeg því að mótmæla því, að hún nái fram að ganga.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg stend upp vegna ræðu hv. þm. Dala. (B. J.) Það er ekki eins skýrt eins og hann vildi vera láta, hvort atkvæðaseðill í tvímenningkjördæmi er ógildur, ef að eins einum frambjóðanda er greitt atkv. Þetta er hvergi tekið fram í lögum og því ástæða til að gera út um það í eitt skifti fyrir öll. Það er heldur ekki rjett, sem borið hefir verið fram, að um þetta hafi aldrei verið deilt, því í yfirkjörstjórn Reykjavíkur kom fram

ágreiningur um þetta atriði, einmitt við þessa kosningu, og þar kom fram sú skoðun hjá mjög skýrum og mikils metnum lögfræðingi, að slíkir seðlar væru gildir. Jeg veit ekki til, að þingið hafi nokkru sinni skorið úr um þetta, og er því nú mál til komið, að það verði gert.

Jeg veit ekki, hvort 1. kjördeild hefir athugað væntanleg áhrif þessara seðla á úrslit kosninganna, ef þeir væru teknir gildir; yfirkjörstjórnin rannsakaði það ekki.

Ef ekki væri annað athugavert við kosninguna en það, að 15 ókosningabærir menn hefðu kosið, þá gæti jeg verið mönnum sammála um það, að skera úr um gildi hennar þegar í stað, og sama máli er að gegna um afstöðu þingmanna Reykjavíkur hvors til annars, eða hvort báðir eða annar eða hvorugur skuli vera talinn löglega kosinn. En þessir 50 seðlar eru rannsóknarefni, og tel jeg rjett, að þingið skeri úr því til eftirbreytni alment, hvort seðlar í tvímenningskjördæmi skuli gildir, ef að eins einum frambjóðandanna er greitt atkvæði á þeim.

Frsm. 1. kjörbrjefadeildar (Eiríkur Einarsson): Mjer fanst háttv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) blanda um of saman því, sem máli skiftir, og því, hvað löglegt er, og hins vegar því, hvað hlutaðeigandi kjördæmi kann að þykja hagkvæmt. Þessu má ekki blanda saman, og það eru þær hálu brautir, sem jeg gat um, ef þingið lætur mál eins og þetta fara eftir stærð eða kjósendafjölda kjördæmisins.

Jeg legg áherslu á það, að hjer voru hinir ólöglegu kjósendur svo margir, að atkvæði þeirra gátu vel ráðið úrslitum kosninganna, og ef kosningar eru teknar gildar, sem þannig eru undir komnar, er fordæmið skapað.

Ef kjörstjórnir væru skipaðar óhlut-

vöndum mönnum, þá gætu þeir „praktiserað“ það, að lofa mönnum að kjósa, sem ekki hefðu rjett til þess, eða ef tvírætt væri um rjettinn. Jeg segi, ef þeir væru óhlutvandir og kosningar af kappi sóttar. Hjer þarf að draga skýrar línur, en þær verða ekki dregnar í flaustri, og þess vegna ber að fresta málinu.

Jeg skal játa það, að mjer er ekki ljúft að lama lögleg áhrif Reykjavíkur hjer á þingi, og vil jeg ekki frekar en aðrir, aðleikur sje að því gerður. Þetta má ekki dragast lengur en þörf krefur, og vil jeg þess vegna skora á væntanlega nefnd að ljúka störfum hið bráðasta.

Um þessa 50 vafaseðla er það að segja, að kjördæmadeildin leit á þá, og var á þeim hjer um bil öllum merkt við einn frambjóðanda. Nefndin athugaði, hver þessi eini væri, og kom þá í ljós, að um 13 höfðu kosið Jón Magnússon og 11 eða 12 Jakob Möller. Þar er mjótt á milli, og hefðu þessir seðlar því ekki ráðið úrslitum. Ellefu eða tólf sagði jeg, af því að einn var rispaður og auðkendur að öðru leyti og því tvímælalaust ógildur.

Það, sem fyrir mjer vakir ekki hvað síst í þessu máli, er samband þingmannanna. Lögfræðinga greinir á um það, hvort kosning beggja sje ekki ógild, ef annars er það. Það er sama kosningin og því sömu gallar á kosningu beggja þm., þótt þeir gætu ekki ráðið úrslitum nema fyrir annan þm. Þetta vil jeg láta athuga, en til þess er frestun nauðsynleg.

Gísli Sveinsson: Jeg skal fyrst geta þess, að Jakob Möller er þingmaður þar til kosning hans er feld, og ber því að skoða hann og nefna sem slíkan, en hvorki sem þingmannsefni eða annað þess háttar.

Jeg vil benda hv. frsm. (E. E.) og allri kjördeildinni á, að áður en þeir tóku ákvörðun um að bera fram þessa frest-

unartill., virðast þeir ekki hafa lesið þá grein þingskapanna, sem hjer á við. 5. gr. segir, að fresta megi ákvörðun um gildi kosninga, ef *afla þurfi skýrslna*, en annars ekki. Nú hefir það ekki komið fram, að afla eigi skýrslna, ekki einu sinni að þess þurfi. Það hefir rjettilega verið tekið fram, að málið er ofuraugljóst, að hægt er að gera sjer grein fyrir því á svipstundu. Kæran er augljós, og hana vefengir enginn. Hún segir, að um 20 menn — það upplýstist, að þeir voru 14 til 15 — hafi kosið án þess að uppfylla skilyrði laganna um vissan aldur. Þetta voru kjósendur með athugasemd á kjörskrá, en hún er talin að hafa verið ógreinileg, illa innbundin og í ólagi að fleiru, og er því kjörstjórn vorkunn. Hvað kröfuna í kærinni áhrærir, þá fer hún fram á, að kosning hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) verði feld, en ekki öll kosningin í Reykjavík. Það er ljóst, að kærendur vilja ekki fella alla kosninguna, en að formi til er sami galli á kosningu 1. og 2. þm. Reykv., og er því formsatriðið kærendunum ekkert atriði.

Ef hv. 2. þm. (Jak. M.) hefði haft t. d. um 1800 atkv. og keppinauturinn sín 1400, þá hefðu þeir því ekki kært, þótt formsatriðið sje það sama og kosningin jafn-ólögleg.

Nei, það, sem hjer liggur á bak við, er efni málsins, það er það, að keppinauturinn ef til vill, segja menn, hefði komist að, ef þessir 14 menn hefðu ekki kosið, — það er að segja, ef gert er ráð fyrir, að þeir hafi allir eða flestir kosið hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.). Það er því efnisatriði, sem hjer er verið að halda til streitu, og er það síst furða, þegar að kærinni standa öruggustu og ef til vill ófyrirleitnustu fylgismenn þess frambjóðanda, sem flest hafði atkv. af þeim, sem ekki náðu kosningu. Það er því best að tala um efni málsins, því undir því er mest komið. Það er vitanlega kært í því trausti, að hæstv. for-

sætisráðherra (J. M.) mundi hafa komist að, ef ekki hefðu þessir 14 kosið, og mundi komast að, ef kosið væri að nýju.

Um það fyrra vil jeg ekki dæma. Um það síðara veit jeg það, að Reykvíkingum þótti vafasamt í haust, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) næði hjer kosningu, svo sem raun gaf vitni, og ekki mun þeim þykja það síður vafasamt hjer eftir. Nýjar kosningar mundu ekki breyta til, og þeir, sem leggja aðaláhersluna á efnisatriðið, á það að fá annan þingmann, þeir verða litlu nær, þótt þeim takist að ógilda kosningu hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.).

Það hefir verið talað um að fresta þessu máli. Jeg hefi bent á, að það er ekki hægt. Frestun er brot á þingsköpunum, nema skýrslna þurfi. Það eru líka önnur rök, sem mæla á móti frestun. Það væri með öllu óforsvaranlegt að draga þetta mál á langinn. Það er engin mein-ing í að fresta slíku. Ef úrskurða á, þá verður að gera það þegar í stað, en hitt er víst, að úrskurður getur ekki rjettilega fallið eins og kæran fer fram á. Það er ekki löglega rjett að bera fram kæru um að ógilda kosninguna að parti, því eins og tekið hefir verið fram, þá er kosningin ólögleg öll, ef nokkuð er ólöglegt á annað borð.

Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) vildi bera fram, að fresta ætti úrskurðinum vegna vafaseðla. Yfir þeim hefir ekki verið kært. Allir aðiljar hafa sett sig við úrskurð yfirkjörstjórnar. Það er því algerlega út í hött að fara fram á frestun þess vegna, enda hefir yfirkjörstjórn síðasta orðið í því efni.

Hv. frsm. (E. E.) talaði um það, að kosning yrði ógild, ef brugðið væri út af því, sem lögboðið væri. Jeg býst ekki við því, að þær kosningar fari fram hjer á landi, sem ekki verður eitthvað að fundið, en oftast er það svo smávægilegt, að slíkt er varla átalíð, hvað þá heldur að það

varði ógildingu. Jeg get nefnt það sem dæmi, að lögboðið er að tvíbrjóta kosningaseðla, en venjan er, að kjörstjórn ákveður upp á eindæmi, hvað gera skuli við aðra seðla, og er ekkert við því að segja. Það getur ekki verið tilætlan löggjafans að ónýta kosningar fyrir svo litlar sakir. Hitt er ástæða að brýna fyrir kjörstjórnunum, að fara eftir settum reglum, til þess að forðast óþarfa mas og málæði á þingi um kosningarnar. Háttv. frsm. (E. E.) talaði um að koma ábyrgð á hendur kjörstjórnunum, og finst mjer þetta satt að segja of lítilfjörlegt atriði til þess. (E. E.: Þetta er rangt haft eftir). Mjer skildist það svo. En hvernig sem menn vilja hafa það, þá er það þessu máli algerlega óháð, og því engin frestun nauðsynleg þess vegna.

Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú talið, get jeg ekki aðhýlst till. 1. kjördeildar um að fresta úrskurði þessa máls, og ef önnur till. kemur fram, um það að ógilda kosningu háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.), þá get jeg heldur ekki fallist á hana; til þess eru gallarnir á kosningunni, að mínu áliti, alt of lítilfjörlegir, en ef verulegir væru, þá ætti það að varða alla kosninguna.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hafði ekki ætlað að nota mjer þá tilviljun, að jeg er forsætisráðherra og hefi því leyfi til að tala hjer. En ræða hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gaf mjer tilefni til að standa upp, því jeg get ekki látið vera að átelja þau meiðandi ummæli, sem hann hafði um þá kjósendur Reykjavíkur, sem kært hafa kosninguna. Hann kallaði þá örgustu og ófyrirleitnustu fylgismenn mína. (G. Sv.: Örugguðu og ef til vill ófyrirleitnustu). Mjer hefir þá misheyrst, en þó hv. þm. (G. Sv.) hafi að eins sagt þetta, þá eru það móðgandi ummæli, sem jeg verð að mótmæla. Mjer þykir óþarfi að blanda persónuleg-

um árásum inn í umræðurnar; það á að tala um mál, en ekki menn

Jakob Möller: Mjer þykir ástæða till, þó að málið sje mjer skylt, og jeg tel það jafnvel skyldu mína gagnvart kjósendum mínum, að mótmæla þeirri till., sem komið hefir fram, um að fresta að úrskurða kosninguna í Reykjavík.

Eins og margtekið hefir verið fram, er málið afarljóst, og því engin ástæða til frestunar. Það, sem kært er um, er að eins það, að um 20 menn — eða nákvæmlega talið 14 — sem ekki höfðu náð fullum aldri á kosningardegi, hafi fengið að kjósa. Þetta er fullkomlega upplýst, og kemur því alls ekki til greina, að þörf sje á frestun til að afla frekari upplýsinga.

Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) talaði um vafaseðla þá, er fram hefðu komið. En eins og áður hefir verið tekið fram, er það ljóst, að þeir eru áhrifalausir hvað úrslit kosningarinnar snertir, og gefa því síst tilefni til frekari dráttar eða frestunar.

En þó að hjer sje að eins um smávægilega formgalla að ræða, þá skal jeg á engan hátt kvarta yfir því, þó að yfir þeim hafi verið kært, og það vissi jeg fyrir, að andstæðingar mínir myndu reyna að tjalda hverju sem til væri, til þess að hnekkja kosningunni, og vafalaust hefðu þessir svo kölluðu vafaseðlar einnig verið notaðir, ef það hefðu verið nokkur tiltök. En ekki get jeg látið hjá líða að minnast á það, að í kosningabaráttunni var af hálfu andstæðinga minna neytt ýmsra ráða, sem í mínum augum mætti miklu fremur skoðast sem ógildingarsök á kosningu heldur en þessi smávægilegi formgalli, sem hjer er um að ræða, enda má telja það víst, að hinir sömu mundu hafa lítið öðrum augum á gallana, ef kosningin hefði á annan veg snúist.

Þegar jeg bauð mig fram, þá var þar á móti miklu stærri og sterkari flokkur en

búist var við að mjer mundi vera fylgjandi, og sá flokkur hafði tækifæri til þess að búa sig mun betur undir kosninguna; hann hafði nákvæmt eftirlit með kosningarathöfninni sjálfri, t. d. tvo eftirlitsmenn í hverri kjördeild, sem áttu að sjá um, að kosningin færi að öllu löglega fram, og mætti því líta svo á, að flokkurinn megi sjálfum sjer um kenna þá galla, sem á hafa orðið. En því kynlegra má það samt virðast, að nú kærir hann fyrir þessa lítillfjörlegu formgalla, og þeir, sem kæra, eru einmitt þeir mennirnir sjálfir, sem ljetu fremja gallana.

Jeg get lýst því hjer yfir, að jeg tek mjer það ljet, hvort kosningin verður ógilt eða ekki, en hinu verð jeg að mótmæla, sem hreinu ofbeldi, að fresta úrskurðinum og útiloka þannig báða þingmenn stærsta kjördæmisins frá því að taka þátt í störfum þingsins um óákveðinn tíma.

Frsm. 1. kjörbrjefadeildar (Eiríkur Einarsson): Háttv. þm. V-Sk. (G. Sv.) vísaði til 5. gr. þingskapanna og þóttist þar fá styrka stoð fyrir máli sínu. Sú grein nefnir sem ástæðu til frestunar, að skýrslu þurfi að fá. En til þess er fyrst og fremst að svara, að orðið skýrsla er mjög svo teygjanlegt. Ýmislegar upplýsingar, sem talað hefir verið um að þyrfti á að halda, það er skýrsla, og mætti þar til nefna frekari skýringar um aukakjörskrána, er hv. þm. Dala. (B. J.) mintist á. Og einmitt vegna þessarar skoðunar hefi jeg leyft mjer að leggja fram frestunartillögu, sem jeg tel vera í fylsta samræmi við lögin; er nefnd skýrsla til dæmis sem ein meðal höfuðástæðna til frestunar.

Gísli Sveinsson: Jeg vildi að eins benda á, að fyrir koma formgallar um alt land, og að fyrir koma gallar á meðferð kjörstjórnar miklu meiri en hjer er um að tala,

og er þó alt tekið gilt, — margskonar misfellingur við kosningarnar í öllum kjördæmum landsins, sem enginn kærir yfir. Má t. d. taka Strandasýslukjördæmi síðast, að sögn, og einnig Dalasýslu. Þar var heill hreppur, sem krossaði seðlana í stað þess að stimpla þá, eins og lög mæla fyrir. Og þegar þessa er gætt, að margir og stærri formgallar koma fyrir víðs vegar í kjördæmum og eru áótaldir, þá virðist það nokkuð hart að láta setja stærsta kjördæmi landsins á annan endann fyrir þá einu lítillfjörlegu formsök, að örfáir menn hafa kosið, þótt þá skorti nokkrar vikur til þess að hafa náð nægilegum aldri, sem þeir nú hafa náð.

Aldurforseti (S. J.): Fleiri hafa ekki beðið sjer hljóðs, og er því umræðum lokið, og verður gengið til atkvæða. Er hjer tillaga frsm. að fresta úrskurðinum um þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar.

Magnús Guðmundsson: Sem framsögumaður 3. kjördeildar, sem hefir til meðferðar kjörbrjef hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.), er eigi hefir enn verið rætt um, mótmæli jeg því, sem algerlega röngu, að till. sje borin þannig upp, því að 1. kjördeild hefir ekkert vald til að gera till. um kjörbrjef 3. kjördeildar, og er undarlegt, að hv. frsm. (E. E.) og hæstv. forseti skuli ekki sjá það.

Gísli Sveinsson: Ekki heimilt að bera hana upp, þar sem hún fer inn á annað svið.

Frsm. 1. kjörbrjefadeildar (Eiríkur Einarsson): Ástæðan sú, að annað var ekki hægt.

Gísli Sveinsson: Segi það ekki heimilt, því með þessu er auðsætt, að seilst er inn á svið 3. kjörbrjefadeildar, og ekki á valdi þingmanna nú að fara með gerðir hennar,

Aldursforseti (S. J.): Hallast að því, að tillagan gildi að eins annan þingmanninn.

Frsm. 1. kjörbrjefadeildar (Eiríkur Einarsson): Óska, að tillagan sje borin upp.

Gísli Sveinsson: Benti á áður, að greiða ætti atkvæði um hvorn fyrir sig.

Magnús Guðmundsson: Ef till. verður borin þannig upp, sem er rangt, skora jeg á hv. þm. að fella hana.

Aldursforseti (S. J.): Mótmælum hefir verið hreyft á móti því að bera tillöguna upp, en þar sem engin önnur till., hvorki breytingartillaga nje sjálfstæð, hefir komið fram, álit jeg rjett að bera hana upp.

ATKVGR.

Till. 1. kjörbrjefadeildar, um að frestað væri að úrskurða um kosningu þingmanna Reykvíkinga, var feld með 21 : 18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., J. S., M. K., S. E., S. H. K., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., B. Sv., B. H., E. Árna., E. P., E. E., G. B., G. Guðf., Gunn. S., S. J.

nei: H. K., Jak. M., Jóh. Jóh., J. A. J., M. G., M. P., Ó. P., P. J., P. O., P. P., S. St., S. F., Sv. B., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. K., G. Sv., G. G., G. Ó., H. St.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

Öll kjörbrjef, er lágu undir 1. kjöræild, nema kjörbrjef 2. þm. Reykv. (Jak. M.) voru síðan undir atkvæði borin í einu lagi og samþ. með öllum gr. atkv.

Þá var til atkvæða gengið um gildi kosningar 2. þm. Reykv. (Jak. M.). Var kosn-

ingin feld með 23 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Ó. P., P. P., B. Sv., B. J., B. K., G. Sv., Jak. M.

nei: P. J., P. O., S. E., S. H. K., S. St., S. F., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. H., E. Árna., G. G., G. Ó., Gunn. S., H. St., Jóh. Jóh., J. S., M. G., M. K., M. P., S. J.

Sv. B., Þór. J., E. P., E. E., G. B., G. Guðf., H. K., H. Sn. og J. A. J. skoruðust undan að greiða atkv., fyrir þá sök, að kosningin í Reykjavík í heild sinni væri ekki undir atkv. borin, og mat aldursforseti þá ástæðu þeirra gilda.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

Að þessari atkvgr. lokinni vjek Jakob Möller af fundi.

Frsm. 2. kjörbrjefadeildar (Gísli Sveinsson): Það er ljett verk að hafa framsögu þessarar kjördeildar, sem hefir athugað kjörbrjef 1. deildar og ekki haft neitt verulegt við þau að athuga.

Þess skal að eins getið um kosningu hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að þar vantar skilríki þau, sem lög ákveða, að eigi að ligga fyrir. Hjer eru tvö símskeyti. Annað þeirra er kjörbrjef, en hitt er um framboð í kjördæminu, dagsett 21. nóv. síðastliðið ár, og hljóðar þannig:

„Enginn maður boðið sig fram til þingmensku í Norður-Þingeyjarsýslu. Vantar eyðublöð undir kjörbrjef“.

Ef símskeyti þetta ber að skilja bókstaflega, þá sýnir það, að enginn framboðandi hefir gefið kost á sjer til þingsetu fyrir þetta kjördæmi fyr en framboðsfresturinn var út runninn. Eftir því ætti kjördæmið að vera þingmannslaust að svo stöddu.

En hjer liggur fyrir annað símskeyti,

sem yfirkjörstjórnin hefir sent seinna háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og á að gilda sem kjörbrjef. Símskeyti þetta hljóðar svo:

„Yfirkjörstjórn Norður-Þingeyjarsýslukjördæmis kunngjörir, að Benedikt Sveinsson, bankastjóri í Reykjavík, hefir einn boðið sig fram til þingmensku fyrir kjördæmið, og er hann því alþingismaður Norður-Þingeyjarsýslukjördæmis lögmæltan tíma“.

Skeyti þetta er sent 23. desember síðastliðið ár. Ef á að skilja þetta alt eins og það er orðað, hefir enginn boðið sig fram í kjördæmi þessu á rjettum tíma, en yfirkjörstjórn úrskurðað í desember, eða um tveim mánuðum eftir að framboðsfrestur var útrunninn, hv. þm. (B. Sv.) rjettkjörinn.

Kjördeildin hefir ekki viljað ganga í þessar sakir. Það er vitanlega skyssa hjá yfirkjörstjórninni að lýsa yfir því, að enginn hafi boðið sig fram, en gefa síðan háttv. þm. (B. Sv.) kjörbrjef. Hjer hlýtur að vera um einhvern misskilning að ræða. Ber víst að skilja þetta svo, að enginn annar en háttv. þm. (B. Sv.) hafi boðið sig fram, og hann því verið sjálfkjörinn.

Nefndin vill, að svo vöxnu máli, leggja það til, að kosningin verði tekin gild með þeim fyrirvara, að þessi misgáningur verði leiðrjettur svo fljótt, sem unt er.

Nefndin hefir nær því ekkert við önnur kjörbrjef að athuga. Kjörbrjefi 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fylgir að vísu ekki útdráttur úr kjörbókinni. En nefndin telur þetta þó ekki svo mikinn galla, að vert sje að gera veður út af honum. Það er því til laga hennar, að kosningarnar verði allar teknar gildar, með þeim formála, sem hafður var um kosningu hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.).

Benedkt Sveinsson: Jeg hafði ekki búist við, að misklið yrði út af kosningu minni. Jeg hafði að vísu nýlega heyrt því fleygt, að framboð mitt orkaði tvímælis. En jeg hefi skilríki fyrir, að það var sent

nógu snemma. Jeg sendi það fáum dögum eftir þinglausnir til yfirkjörstjórnar Norður-Þingeyjarsýslu, og jafnframt sendi jeg einum kjósenda minna áskorun um að afla mjer meðmælenda og senda meðmælendalistann til kjörstjórnar. Síðan fekk jeg þau orð frá honum í símskeyti, að þetta væri gert.

Jeg hafði því ekki ástæðu til að halda annað en alt væri með feldu, enda voru öll þau skeyti, er jeg fekk að norðan, því til staðfestingar, að svo væri. Mjer var forvitni á að vita hvort fleiri væru í kjöri, og símaði þess vegna til kjörstjórnar, þegar framboðsfresturinn var útrunninn. Fekk jeg það svar nokkrum dögum síðar, að aðrir frambjóðendur væru ekki. — Þetta get jeg sannað með skeyti, sem er geymt heima hjá mjer. — Loks fekk jeg brjef, dagsett 15. nóvember, frá einum af yfirkjörstjórnarmönnum, um að ekki væri enn búið að útbúa kjörbrjefið, en það mundi verða sent í tæka tíð. Kjörbrjefið hefir þó aldrei verið sent öðruvísi en í símskeyti því, sem jeg hefi afhent þinginu, og sýnist mjer það svo tvímælalaust, sem orðið getur.

Símskeyti það, sem yfirkjörstjórnin hafði sent stjórnarráðinu, með þeim ummælum, að „enginn frambjóðandi væri í Norður-Þingeyjarsýslu, og óskaði sjer því sent eyðublað undir kjörbrjef“, verður því óhjákvæmilega að skiljast svo, að enginn annar frambjóðandi væri þar í kjöri en jeg — enda var ástæðulaust að óska eftir eyðublaði undir kjörbrjef, ef alls enginn hefði verið í kjöri. Jeg hygg það því alveg rjett, sem mjer fanst fólgið í orðum háttv. frsm., að honum þætti ágallarnir næsta lítilfjörlegir.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg er að ýmsu leyti ósamþykkur frsm. kjörbrjefanefndar 2. deild. (G. Sv.). Mjer skildist hann leggja það til, að kosning hv. þm. N.-Þ.

(B. Sv.) yrði tekin gild fyrst um sinn, en síðan ætti að athuga gögnin. Þetta kom ekki til máls í nefndinni, meðan jeg var á fundi, heldur var þá gert ráð fyrir að taka kosninguna gilda, án frekari athugunar, þar sem hv. þm. (B. Sv.) hefði boðið sig fram í tæka tíð. En hins vegar virðist mjer ástæða til, að Alþingi beini því til stjórnarinnar, að öllum fyrirmælum verði hjer eftir fylgt um útbúnað kjörbrjefa.

Bjarni Jónsson: Jeg átti ekki von á, að kosning háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) væri gölluð. En hins vegar þætti mjer gaman, að hann kæmi með gögn sín, svo að hann gæti sýnt og sannað, að það hefði ekki verið á móti vilja guðs almáttugs, að hann bauð sig fram, og að það kæmi í ljós, að þingseta hans sje ekki undir náð komin, heldur að hann eigi fulla heimtingu á henni.

Jeg vil því óska þess hjer í heyranda hljóði, að hann leggi gögn sín fram á lestrarsalinn, til þess að sýna, að hann þurfi ekki að beiðast neinnar hlífðar.

Frsm. 2. kjörbrjefadeildar (Gísli Sveinsson): Það var rjett hjá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að jeg tók ekki galla þessa sjerstaklega alvarlega, og það gerði kjörbrjefadeildin ekki heldur. Hún er þess fullviss, þangað til annað kemur í ljós, að þm. (B. Sv.) hefir boðið sig rjettilega fram. Þess vegna hefir hún lagt það til, að kosningin verði tekin gild, þó að sá formáli fylgi, að gögnin komi fram. Það er hugsanlegt, að slíkt sem þetta gæti gleymst.

ATKVGR.

Till. 2. kjörbrjefadeildar, um að gild yrðu tekin öll kjörbrjef, er sú deild hafði um fjallað, var samþ. með öllum greiddum atkv.

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Frsm. 3. kjörbrjefadeildar (Magnús Guðmundsson): Undir 3. kjörbrjefadeild komu 13 kjörbrjef, og deildinni kom saman um að leggja það til, að 10 þeirra væru samþykkt án frekari athugasemda. Hins vegar þótti deildinni ástæða til að gera athugasemdir við hin 3.

Fyrst er kosningin í Strandasýslu. Þar hefir það viljað til í einum hreppi, að kross hefir verið gerður með blýanti, í stað þess að nota hinn lögskipaða stimpil. En af því að þetta gat ekki haft áhrif á úrslit kosninganna, fanst deildinni ekki ástæða til að gera frekari athugasemdir út af því, vildi að eins láta þessa getið, og leggur til, að kosningin sje tekin gild nú þegar.

Ílínar athugasemdirnar snerta kosningu þingmanns Ísfirðinga og 1. þm. Reykvíkinga. Fyrst athugaði nefndin kosningu þingmanns Ísfirðinga. Hún hafði verið kærð af einum kjósanda, og það að henni fundið, og staðfest með vottorði 7 manna, að maður einn hafi annaðhvort heitið á kjósendur eða lofað fje, ef ákveðinn maður hlyti kosningu. Reyndar skal jeg geta þess, að frá einum þessara manna liggur fyrir gagnvottorð, og er á því að sjá, sem hann taki vottfestingu sína aftur. En kjörbrjefadeildin hafði auðvitað engin tók á að skera úr því, hvort vottorðið sje rjettara. Það verður að eins gert með rjettarrannsókn. Og af því að það er alvarlegur hlutur, ef beitt er mútum við kosningar, þótti kjördeildinni rjett, að stjórnin ljeti fram fara rannsókn á þessu máli, til þess að ganga úr skugga um, hvort vottorðin sjeu á rökum reist, og ljeti síðan hegna þeim manni eða mönnum, sem brotlegir kynnu að reynast. En af því að hvergi er að því vikið í vottorðunum nje neinar líkur eða átylla komin fram fyrir því, að sá, sem kjörbrjefið hefir fengið, hafi verið hið minsta við þetta riðinn, virtist kjördeildinni ekki rjett að hrófla við kosningu

hans. Því að ef ætti að ónýta kosningu hvers þingmanns fyrir þá skuld, að vottað er, að ólöglegum meðulum hafi verið beitt við kosninguna, gæti hver óhlutvandur maður fengið ónýtta kosningu þingmanns með því einu að kæra, þótt engin rök væru til. Um rannsóknina, sem deildin leggur til að hafin verði, var því sjerstaklega hreyft, að hana annist óháður maður. Deildin treystir stjórninni til að sjá um það. — Ef engin frekari mótmæli koma gegn kosningu þessari, verður þetta látið nægja, að svo komnu máli.

Þá er kosning 1. þm. Reykvíkinga, sem minst hefir verið á í öðru sambandi.

Jeg skil ekki, hvernig hv. þm. geta haldið því fram, að ekki sje hægt að gera út um kosningu þm. án þess, að þar sje einnig feldur dómur um kosningu hins samþingismannsins.

Frá kjördeildinni er um þessa kosningu engin tillaga, heldur skiftist hún í þessu efni, og munu sumir úr deildinni greiða atkvæði með, en aðrir á móti. Það, sem jeg því segi hjer, er að eins frá eigin brjósti.

Jeg álit, að það geti ekki komið til mála að ónýta kosningu 1. þm. Reykv. (Sv. B.). Yfir henni hefir ekki verið kært, við hana hafa kjósendur ekkert haft að athuga; þeir vilja hafa hann. Um þennan þm. (Sv. B.) verður því eins ástætt og um þann þm. í tvímenningskjördæmi, sem eftir stendur, er annar hefir sagt af sjer eða dáíð. Og jeg get ekki skilið, að frsm. 1. kjördeildar (E. E.) skuli komast í vandræði út af því, að kjósa eigi einn mann í tvímenningskjördæmi, því að það getur sannarlega oft komið fyrir, að svo sje gert, t. d. þegar þm. deyr, segir af sjer, missir kjörgengi o. fl. Hver mundi nú dirfast að halda því fram, að hinn þingmaðurinn eigi að láta af þingmensku af þessum sökum? Slíkt væri fjarstæða. Eða þó annar þingmaðurinn bryti eitthvað af sjer, að hinn yrði að gjalda fyrir það án saka. Og hjer er um

hliðstætt dæmi að tala. Hjer er enginn ágreiningur um kosningu þessa þingmanns, enginn ágreiningur þar um, hvað meiri hluti kjósenda hefir viljað, og þess vegna líka sjálfsagt, að við kosningu hans sje ekki hróflað og hann haldi sínu þingsæti óátalið.

Bjarni Jónsson: Mikill er munurinn á kjördeildunum og tillögum þeirra. Frá 1. kjörbrjefadeild koma fram óþarfar tillögur um rjettmæta kosningu, að reka út rjettkjörinn 1. þm. Reykv., og annan fyrir lítillfjörlega formgalla, eins og hefir verið fullkomlega sýnt fram á.

En hvað hinar snertir, má segja, að reynt sje eftir mætti að svala pólitískri hefnd eða hlaða undir flokka. Má þar telja mildilega að farið hjá 3. kjörbrjefadeild, að leggja ekki til frestunar, þar sem alvarleg kæra hefir komið fram frá mætum manni, sem ekki vill vamm sitt vita, um það, að fje hafi verið borið í kosninguna. Er þetta svo alvarleg kæra, að engin hefir slík komið fyrri, og því að mun frekari ástæða til tillögu um frestun heldur en gagnvart hinni annari kæru.

Þó geri jeg þetta ekki að tillögu minni, heldur tek jeg þetta fram, að jeg vil skilja mig frá hópnum; vil ekki, að eftirtíminn blandi mjer við gerðir þær, sem hjer eru fram að fara.

En að ástæða sje til að taka meira tillit til þessarar kæru en hinnar, það er dómur allra þeirra, sem fyrir utan standa. Og vel skilja Reykvíkingar þetta, og mun það sjást við kosningar.

En hvað Reykjavíkurkosninguna snertir, þá verð jeg að álíta, að ef Jakob Möller er ranglega kosinn, þá sje Sveinn Björnsson það líka, ekki af því, að ekki sje einn oft kosinn í tvímenningskjördæmi, heldur af því, að þetta er sama kosningin og sömu formgallarnir. Og sjeu þeir svo alvarlegir, sem orð hefir verið á gert, þá eiga þeir að

hafa sömu afleiðingarnar, hvort sem atkvæðatalan er meiri eða minni, þótt annar hafi nokkrum hundruðum fleira.

Þó vil jeg ekki gera neina tillögu hjer um, því það er þó betra, að kjördæmið fái að halda einum, heldur en að báðir verði að víkja og kjördæmið látið fulltrúalaust.

Eiríkur Einarsson: Að eins stutt at-
hugasemd um sambandið á milli 1. og 2. þm. Reykvíkinga. Jeg get ekki fallist á þær skoðanir, sem komið hafa fram, að það sje hliðstætt dæmi, ef einhver fellur frá í tvímenningskjördæmi. Því þegar svo stendur á, að annar þingmaðurinn deyr eða fellur á annan hátt frá af óviðráðanlegum orsökum, þá er bandið höggið í sundur, án þess að nokkuð verði um gert, en hjer er vefurinn ekki sundur slitinn, en heldur áfram að vera samtengdur, þar sem ágallarnir liggja í hinni sameiginlegu kosningu beggja þm., en ekki persónulegum ástæðum annars.

Annars hefði mátt fresta ákvörðunum þangað til 3. kjörbrjefadeild hafði látið skoðun sína í ljós og komið fram með sínar tillögur.

Það hlýtur að vera meinloka hjá háttv. frsm. 3. kjördeildar (M. G.), að þingmenn sama kjördæmis geti ekki komið til kosningarannsóknir í sömu kjörbrjefadeild; því er ekkert til fyrirstöðu.

Gísli Sveinsson: Jeg er samþykkur hv. frsm. 3. kjörbrjefadeildar og tel sömu ástæður hjer fyrir hendi og ef annar þingmaður fjelli frá í tvímenningskjördæmi. Annars virðist hjer blandað saman tveimur atriðum, því, sem varðar frambjóðanda, og því, sem varðar kjósendur. En hjer er tvent ólíks eðlis; sitt hvað, hvað frambjóðandann snertir, hvort hann sje löglega kosinn eða ekki, og svo í annan stað hitt,

hvað heppilegt er eða haganlegt fyrir kjósendur. En því held jeg fram, að þeir ágallar, sem gera kosninguna ógilda, þeir gildi jafnt fyrir báða. En annars læt jeg ómótmæltu tillögu kjörbrjefadeildarinnar um að taka gilda kosningu 1. þm. Reykv. (Sv. B.), því segja má, að betri sje hálfur skaði en allur.

Frsm. 3. kjörbrjefadeildar (M. G.) mintist á rannsókn út af kærnum frá Ísafirði. En ef stofnað er til hennar, þá leiðir af sjálfu sjer, að hún verður að vera óhlutdræg, hvorki gerð af dómara þeim, sem hjer á hlut að máli, nje fulltrúa hans.

Annars er óþarfi að ræða þessa kærur lengur, því að hún er þannig vaxin, að þingið getur ekki um hana fjallað nje úr henni skorið. En það fáheyrrilega er, að hinn frambjóðandinn hygst að geta sest í þingsætið að kosningunni ógiltri, ef til þess hefði komið hjer, og því undarlegra, sem hann er mikilsvirtur lögfræðingur.

Benedikt Sveinsson: Meiri hluti deildarinnar hefir orðið ásáttur um að taka til greina kærana um kosninguna í Reykjavík og tekið gildar þær ástæður, sem þó ekki sýnast mikilvægar, til þess að ónýta þá kosningu að hálfu leyti. Hann vill svifta kjördæmið öðrum þingmanni sínum fyrir smáfirrsjónir kjörstjórnar, sem ekki verður þó sýnt með rökum, að haft hafi nokkur áhrif á úrslit kosningarinnar.

Búast hefði því mátt við, að önnur mikil yfirsjón, sem í rauninni er svo miklu alvarlegra eðlis, hefði þá einnig verið tekin til greina, og það er kærana um kosninguna á Ísafirði.

Kjördeildin hefir að vísu lagt það til að láta rannsókn fara fram út af þessari kærur, en þó ráðið þinginu jafnframt til að samþykkja kosninguna, áður en rannsókn þessari væri lokið. Í þessu kemur fram mikið ósamræmi, ef ónýta skal

kosningu í Reykjavík fyrir lítils háttar ógætni kjörstjórnar, en taka gilda kosningu, sem þungar kærur liggja fyrir um og kjördeildin verður að viðurkenna að taka beri til rannsóknar. Samkvæmt kærinni má fullkomlega ætla, að misfellurnar á Ísafirði hafi ráðið úrslitum þar. (P. J.: Við höfum engar fregnir um það). Nei, en þótt hv. þm. S.-Þ. (P. J.) sje fjölvitur, þá hefir hann þó ekki sjeð alt, sem gerðist á Ísafirði 15. nóv. 1919, og þetta er einmitt það, sem þarf að rannsaka. En hjer skal ekki meira út í það farið, hver áhrif þetta hafi haft á kosninguna, nje frekari dómur á það lagður. En að brögð hafi verið að, má sjá af því, að alkunnur sæmdarmaður kemur með svo ákveðna kæru og staðfestir með ritgerðum í blaði sínu. Það virðist og eindregið benda til þess, að almenningsálitið á Ísafirði hafi breyst til fylgis við hann og hans málstað frá því er þingkosningar fóru fram og til bæjarstjórnarkosninganna um nýárið. Þau straumhvörf, sem urðu á þessum tíma, eru lítt skiljanleg, ef almenningsálitið hefði talið kærurnar gripnar úr lausu lofti, því að þá hefðu þær átt að gera almenninginn fráhverfan kærandanum, en ekki afla honum fylgis.

Jeg er samþykkur kjördeildinni um það, að rannsókn skuli fara fram, en hinu er jeg ósamdóma, að samþykkja kosninguna órannsakaða, ekki síst þegar þessa ósamræmis kennir, að hart er tekið á minni ágöllum, sem kjósendur eiga enga sök á, heldur þeim einum að kenna, sem með kærana hafa komið, eins og er um kærana reykvíksku, sem kemur einmitt frá kjörstjórnarmönnum sjálfum, sem frömdu yfirsjónirnar.

Jeg enda mál mitt með því, að gera það að till. minni, að úrskurði um kosningu þm. Ísaf. verði frestað í samræmi við 5. gr. þingskapanna. Mönnum dylst víst ekki, að hjer þarf frekari skýrslna við, og

er eflaust hægt að afla þeirra. Jeg hefi heyrt það af kæranda sjálfum, að hann hafi á reiðum höndum frekari upplýsingar en þær, sem fram eru komnar.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætla ekki að fara að deila við háttv. frsm. 3. kjörbrjefadeildar (M. G.), enda er jeg í sömu deild. En jeg vldi tilfæra ástæðuna fyrir því, að jeg get ekki fallist á till. kjördeildarinnar. Jeg ætla ekki að fara út í kosningu háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.), heldur athuga hana í sambandi við kosningu háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.), sem nú er búið að ógilda. Hv. frsm. (M. G.) bar það fram, að yfir kosningunni hefði ekki verði kært, og kjósendur kærðu sig ekki um skifti. Kosning hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) var ekki ógilt til að þóknast kjósendum. Ef kærana er fram kominn vegna þess, að kærundur vildu skifti, þá má á það benda, að það voru einir 5 menn, og verða kjósendur í Reykjavík ekki dæmdir eftir þeim. Það voru formgallar einir, sem orsökðu ógildinguna, og þeir sömu formgallar eru á kosningu hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.). Það verður því í alla staði óviðkunnanlegt að kjósa að nýju um einn mann, en láta hinn sitja, sem kosinn var sömu gölluðu kosningunni. Dæmið, sem háttv. frsm. (M. G.) nefndi og vildi skýra hliðstætt, getur ekki komið til mála. Þar eru óviðráðanleg atvik, sem gera nýja kosningu nauðsynlega, en hjer er um að ræða atvik, sem við ráðum yfir.

Þegar vikið er frá því, sem rjett er, þá er oft siður að bera fyrir sig vilja kjósenda, og svo er einnig gert í þessu máli. En vilji kjósenda í þessu sambandi er efnislaust orð. Þegar búið er að ónýta kosninguna að hálfu leyti, þá verður að kjósa bundinni kosningu milli 2 manna. Með því er vilji kjósenda mjög svo heftur, en ef kosið væri algerlega að nýju,

þá hefðu þeir frjálsar hendur. Ef fara ætti eftir vilja kjósenda, þá ber að ónýta alla kosninguna, og ef fylgi háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) reyndist eins haldgott og það varð mikið, þá getur hann gengið óhræddur til þeirra kosninga.

Jeg þarf ekki að gera neina till. í þessu máli; það nægir, að jeg greiði atkvæði á móti till. deildarinnar.

Gunnar Sigurðsson: Það verður í þessu máli, sem öðrum, að greina vandlega milli kjarna og aukaatriða. Mjer finst, að þess hafi ekki verið gætt hjer í deildinni í dag. Aðalatriðið er vitanlega vilji kjósenda, og eftir því verður að fara. Ef gallar þeir, sem á kosningunni eru, hafa valdið því, að önnur orðu úrslitin en kjósendur vildu, þá ber að ógilda kosninguna að því leyti. Um kosningu háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) er það að segja, að atkvæðatala hans var svo lág, að litlu mátti muna, að keppinautur hans hrepti sætið. Það er vitað, að 14 menn hafa kosið án þess að hafa kosningarrjett, og hafa þeir því hæglega getað ráðið úrslitum. Um kosningu háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) er öðru máli að gegna. Þar var atkvæðatalan svo yfirgnæfandi, að 14 menn gerðu hvorki til nje frá. Þeir, sem líta á vilja kjósenda sem aðalatriðið, þeir verða sjálfum sjer samkvæmir, ef þeir ógilda aðra, en gilda hina. Hinir, sem aðallega eða eingöngu líta á formið, sem líta meira á aukaatriðin en kjarnann, þeir komast vitanlega að annari niðurstöðu. Mjer virðist þetta svo ljóst, að það er óþarfi að taka það fram, að skoðun mín sem flokksmanns hefir hjer engin áhrif. Mjer þykir líka vænt um, að flokksáhrifa hefir yfirleitt ekki gætt, og því til staðfestingar má benda á, að tveir flokksbræður hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) greiddu atkvæði móti kosningu hans.

Jeg hefi þá skoðun um kosningu hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), að þar verði að fara

varlega. Það er ekki sannað, að mútur eða annað því líkt hafi haft áhrif á úrslitin, en þó á báðum málspörtum að vera í hag, að rannsókn fari fram, og það sem fyrst. Jeg álit ekki hundrað í hættunni, þótt kosningunni væri frestað. Ef við þrípum ekki fyrir kverkar atkvæðakaupara í tíma, þá erum við á hálum brautum. Sjerstaklega ef svo fer, að farið verður að vinna með erlendu fje á landi hjer, sem í sjálfa sjer er ekki neitt að athuga við, þá ber að taka alvarlega í taumana í slíkum málum í tíma.

Frsn. 3. kjörbrjefadeildar (Magnús Guðmundsson): Jeg kemst ekki hjá því að standa upp og drepa á ýms atriði í raðum sumra hv. þm. Hv.þm.Dala. (B.J.) var í sömu kjördeild og jeg, og hreyfði hann þar ekki mótmælum gegn ákvæðum deildarinnar um Ísafjarðarkosninguna, en um Reykjavík tók nefndin enga afstöðu. Jeg leit svo á, að þessi háttv. þm. ætlaði að fylgja deildinni að málum, og kom því hálfkyrnlega fyrir, hvernig hann snerist í því máli.

Hvað snertir kosninguna í Reykjavík, þá eru það margir, sem vilja ógilda kosningu hv. 1. þm. (Sv. B.), úr því hin var feld. Þeir taka ekki tillit til þess feikna-atkvæðamunar, sem var á þessum mönnum. Þeir blína á formgallann og aðgæta það ekki, að um kosningu háttv. 1. þm. gerir hann hvorki til nje frá, en hann hefir getað orðið til þess, að hinn náði kosningu. Formgallinn er sá sami, en það var ekki hann, sem rjeð því, að kosning Jakobs Möllers var ógilt, heldur það, að auðsætt er, að formgallinn getur hafa haft áhrif á úrslitin. Ef við ættum að ónýta kosningar vegna hvaða formgalla sem væri, mundu fáir okkar löglega kosnir. Það er margra reglna að gæta, alla leið frá því framboð er afhent og þar til kjörbrjef er gefið út, svo að hætt er við

einhverjum formgalla. Og það hefir aldrei verið síður þingsins að ónýta kosningu fyrir hvaða formgalla sem er, og sjest það best nú á kosningu hv. þm. Stranda. (M. P.), sem er allmikill formgalli á, en allir vilja taka gilda. En þá er að skýra fyrir sjer, hvaða formgallar það eru, sem valda eiga ógildingu, og er jeg ekki í vafa um, að hið eina, sem með rjetti er hægt að greina formgallana sundur með, er þetta, hvort þeir geta hafa haft áhrif á úrslitin eða ekki. Þetta er hið eina fasta, sem hægt er að fara eftir, og getur gilt alltaf, nema þegar vafi er á um heiðarleik þm. Að samþingismenn sjeu einna svipaðastir samvöxnum tvíburum, er víst fremur sagt til gamans en sem rök. Hv. þm. Árn. (E. E.) mintist á eins manns kosningu í tvímenningskjördæmi sem eitthvað sjerstakt, og honum var jeg að svara í þessu efni, er jeg benti á, að oft geta komið fyrir eins manns kosningar í tvímenningskjördæmum, en sagði ekkert um, að t. d. dauði þm. og ógilding kosningar væru samstæð tilfelli. Háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) og aðrir, sem um þetta hafa talað, hafa því slegið algert vindhögg.

Þá sný jeg mjer að Ísafjarðarkosningunni. Það, sem reið baggamuninn hjá mjer, var, að ekki var sjáanlegt, að neitt yrði lagt háttv. þm. (J. A. J.) til lasts. Enginn hefir borið það fram, að hann hafi átt nokkurn þátt í þeim fjeboðum og friðinda, sem yfir er kært, og er því rangt að láta hann gjalda þess. Jeg álít það alt of langt gengið að ónýta allar þær kosningar, þar sem mútur kynnu að vera boðnar, því þá gæti keppinautur eyðilagt kosningu óvinar síns með því að láta bjóða fje fyrir kosningu hans. En hitt er ekki nema rjett og sjálfsagt, að rannsókn fari fram, og ef það kemur þá í ljós, að háttv. þm. hafi verið við slíkt riðinn, jeg segi ef það kemur í ljós, þá missir hann vitanlega kjörgengi sitt. En meðan ekk-

ert er upplýst um það, þá sje jeg ekki ástæðu til að ógilda kosninguna þess vegna.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) gat þess, að kærandi hefði fleiri plögg í fórum sínum, og væri þá æskilegt, að þau hefðu komið fram. Mig furðar satt að segja á því, að kærandi skuli ekki hafa afhent háttv. þm. (B. Sv.) skilríkin.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) var mjer samdóma um Reykjavíkurkosninguna, og þarf jeg ekki að ræða það frekar. En hann gat um, að tveir flokksbræður Jakobs Möllers hefðu greitt atkvæði móti kosningu hans, og átti hann þar víst við mig og háttv. þm. Stranda. (M. P.). Jeg skal því taka það fram til leiðbeiningar framvegis, að við erum ekki í flokkssambandi, heldur er hjer um utanflokkasamband að ræða, sem að eins gengur saman til kosninga innan þings.

Þá talar hv. þm. (Gunn. S.) um mútur, og eru víst allir sammála um það, að þær sjeu hættulegar og megi ekki viðgangast. Jeg býst líka við því, að allir verði á eitt sáttir um að skipa rannsókn í málið. En ef á að eyðileggja kosningu hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) fyrir þessar sakir, þá er það sama og að hengja bakarann fyrir smiðinn, og hefir það aldrei þótt neitt fyrirmyndar-rjettlati.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls, því þessar kosningar snerta mig. En ummæli háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) um flokksafstöðu á Ísafirði koma mjer til að segja fáein orð til skýringar. Alþingiskosningar og bæjarstjórnarkosningar hafa oftast haft mismunandi úrslit þar vestra. Það hefir oft farið svo, að sá flokkur, sem kom að þingmanni, hefir síðan sigrað við bæjarstjórnarkosningar, en líka eins oft það gagnstæða. Bæjarstjórnarkosningarnar síðustu sýna því engan veginn, að kjörfylgi mitt

hafi rjenað, og verða því enginn óskekull mælikvarði á afstöðu og kjósendaafl flokk-anna.

Um kæruatriðið skal jeg geta þess, að þegar jeg heyrði þennan mútuorðsveim, þá fór jeg með Jóhanni kaupmanni Þorsteinssyni á fund mannsins, sem fyrir sök er hafður, og vildi fá að vita, hver fótur væri fyrir mútutali manna. Maðurinn neitaði því, að nokkuð væri í því hæft, og eins gerði hann síðar, er jeg átti tal við hann rjett áður en jeg fór af Ísalirði. Frekara get jeg ekki um málið sagt. Mig skiftir engu, hvort rannsókn fer fram eða ekki; jeg læt það með öllu afskiftalaust. Jeg hefi leitt þetta mál hjá mjer, og geta hv. þm. vottað það, að jeg hefi ekki ónáðað þá með liðsbón eða öðru slíku.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að svara því örfáum orðum, sem hv. frsm. (M.G.) sagði, að sjer hefði komið á óvart afstaða mín í þessum málum. Hann hefði ekki þurft að láta sjer koma það á óvart. Jeg sagði það í deildinni, að mín spá væri sú, að þingið snerist nú um út af hinum meinlausa galla á Reykjavíkurkosningunni, en rendi mútu-hnúttunni niður sem gómsætum brjóst-sykri. Mátti hann af þessu ætla, hvar mig væri að hitta í þessu máli.

Ísafjarðarkosningin er ljóst dæmi þess, hvar fresta á kosningarúrlitum. Hjer þarf greinilega skýrslu við; það þarf skýrslur um það, hvort mútur hafi farið fram eða ekki, og með hvaða hætti, ef fram hafa farið. Þetta er rannsóknarefni, og ber því að fresta fullnaðarályktun um kosninguna, þangað til skýrslur fást, og er öllum vitanlegt, að þær eru fánlegar.

Þess hefir áður verið getið um Reykjavíkurkosninguna, að sami galli er á kjöri beggja þingmanna, og á því eitt yfir báða að ganga. Alt fimbulfamb um, að kosning hefði getað farið svo og svo, eru staðlausu

stafir. Það er ekki ástæða til að ætla annað en að þessi 14 atkvæði hafi skifst hlutfallslega milli þingmannaefna. Atkvæðatölur þeirra hæstv. forsætisráðh. (J. M.) og háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) hefðu þá orðið hlutfallslega þær sömu og háttv. 2. þm. (Jak. M.) kosinn eigi að síður. Þetta er eina skynsamlega skýringartilraunin, og verða þeir að sæta henni, sem hugsa vilja, en hinum er betra að hætta sjer ekki út á þá „hálu braut“ að skýra þetta mál.

Það þing, sem ónýtti kosningu hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.), verður líka að ónýta hina, því þær eru sama eðlis. Jeg ætla ekki að bera fram neinar till. hjer, og eru fyrir því þær ástæður, sem jeg tilfærði í síðustu ræðu minni. Hún var svo ljós, að hana mega allir muna, þeir er heyrðu. Jeg tel mjer ekki skylt að sjá um samræmið milli rjettlætisverka!! hv. þm.

(Hjer vantar inn á milli frá þingskrifurunum ræðu, er Þórarinn Jónsson flutti).

Benedikt Sveinsson: Það var áður við umræðu þessa máls skorað á mig að leggja fram frekari sannanir fyrir framboði mínu og löglegu kjöri í Norður-Þingeyjarsýslu.

Jeg leyfi mjer að lesa upp þrjú skeyti í þessu skyni.

Hið fyrsta er viðurkenning yfirkjörstjórnar fyrir framboði mínu, dagsett í Skógum í Öxarfirði 2. október í haust og hljóðar svo:

„Meðtekið framboð yðar til þingmensku hjer næsta kjörtímabil.

Yfirkjörstjórn Norður-Þingeyjarsýslu“.

Þá fekk jeg annað símskeyti frá manni þeim, er jeg hafði falið að afla mjer meðmælenda, herra Birni Kristjánssyni að Kópaskeri. Skeyti hans er dagsett á Brekku í Núpasveit 13. október 1919 og er á þessa leið:

„Hefi afhent yfirkjörstjórn með-
mælendaskjöl. Framboðið fullgilt.
Enginn annar frambjóðandi enn.

Björn“.

Þá er framboðsfresturinn var liðinn,
símaði jeg yfirkjörstjórn fyrirspurn um
það, hvort fleiri væri í kjöri, en jeg fekk
svo felt svar frá Gunnari Árnasyni í Skóg-
um, formanni yfirkjörstjórnar, og er það
dagsett í Skógum 21. október í haust:

„Enginn mótframbjóðandi hjer.
Bestu kveðjur.

Gunnar“.

Frekari gögn þykist jeg nú ekki þurfa
fram að færa fyrir því, að framboð mitt
hafi verið í alla staði formlegt, og býst við,
að það verði ekki vefengt úr þessu.

Þá ætla jeg að minnst fáum orðum á
aðaldeiluatriðið, sem hjer liggur fyrir;
það er um galla þá, sem eru á kosningunni
í Ísafjarðarkaupstað. Hv. frsm. (M. G.)
sagði, að ekki þyrfti að óttast, að hjer væri
um slíkar misfellur að ræða, sem hefði
getað ráðið úrslitum í kosningunni, en
þegar munurinn var ekki meiri en 16 atkv.,
virðist nú ekki þurfa svo mikið til. Að vísu
skal jeg ekkert fullyrða um þetta, en þó
jafnframt skírskota til kærur þeirrar, sem
fram er komin; þar er sagt, að aðferð
þeirri, sem þar er nefnd, hafi verið beitt
svo mjög, að það hafi hlotið að ráða úr-
slitum. Enn fremur skaut jeg því fram, að
kærandi hefði sagt mjer, að hann hefði
fleiri gögn í þessu máli; hv. frsm. (M. G.)
spurði þá, hví hann hefði ekki selt mjer
þau í hendur, en það er auðvitað af því,
að þetta kom mjer ekki neitt sjerstaklega
við, frekar en hverjum öðrum þm; en
þessi maður segir sjálfur í kærur sinni, að
hann hafi fleiri gögn fram að bera, ef með
þurfi, og er því full ástæða til fyrir þá
nefnd, sem um þetta mál fjallar, að skora
á hann að fá að sjá þau, eða þá að leggja
þau fyrir þá nefnd, er síðar fjallar um
málið.

Hvað því viðvíkur, sem hv. þm. Ísaf.
(J. A. J.) gat um, að það hefði leikið á
ýmsu við kosningar þar vestra, hvor
borið hefði herra hlut, þá vil jeg benda á,
að við þessar síðustu kosningar um nýárið
var einmitt skorað á kjósendur þar, af
flokki þeim, er hann studdi, að sýna nú
skýrt, hverjum órjetti þeir hefðu verið beitt-
ir með mútubrigslunum, og það því frekar,
sem sonur ákærandans var í kjöri. Jeg hefi
hjer með höndum frásögn í prentuðu
blaði um borgarafund á Ísafirði, er háður
var rjett fyrir bæjarstjórnarkosningarnar,
þar sem skýrt er frá því, hve mikil áhersla
þar var lögð á kæruatriðin við þingmanns-
kosninguna. Og þó varð niðurstaðan öll
önnur, er til kom, og sýndi nokkuð, eins
og jeg drap á áðan, hversu alþýðan hafði
skift um fylgi sitt við flokkana. Úrslitin
urðu önnur en álitid var að verða mundi.
Jeg vil ekki fella neinn fullnaðardóm um
þetta mál fyr en það er betur rannsakað, og
heyrðist mjer á hv. þm. Ísaf. (J. A. J.),
sem hann mundi sjálfur æskja, að rann-
sókn fari fram. Vil jeg því ánýja tillögu
mína, að málið sje þegar rannsakað, en
frestað að taka kosninguna gilda á meðan.
Hitt tel jeg fjarstæðu, að þingið felli dóm
að órannsókuðu máli um leið og það ákveð-
ur, að rannsókn skuli þó hafin, og tekur
jafnhörðum höndum á lítills háttar form-
göllum, að það gerir kosningu annars
þingmanns þar fyrir ógilda.

**Frsm. 3. kjörbrjefadeildar (Magnús
Guðmundsson):** Það er að eins stutt at-
hugasemd. Það er ekki rjett frá skýrt, að
jeg hafi sagt, að ekkert lægi fyrir um, að
frekari gögn væru til, því að jeg tók það
fram, að kærar gæfi þetta í skyn, en þetta
er ekkert stutt af þeim skjölum, sem henni
fylgja. Hvað þessi frekari gögn snertir,
þá þykir mjer það undarlegt, ef þau koma
ekki fram, og ekki er heldur ástæða til að
fella neitt undan af þeim, ef þau eru til

hjer á staðnum, og jeg býst við, úr því að háttv. þm. (B. Sv.) hefir átt tal við kæranda, að hann hefði átt að geta fengið þau hjá honum. Enginn hefir heldur hreyft því, að ekki væri rjett að láta fram fara rannsókn í þessu máli, en af því að enginn gögn liggja fyrir um, að frambjóðandinn hafi gert sig sekan um neitt aðfinsluvert, þá verður eitthvað meira að koma fram en órökstuddar dylgjur af hálfu vonsvikins mótstöðumanns, til þess að hægt sje að ónýta kosninguna.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) var að tala um bæjarstjórnarkosningarnar á Ísafirði eftir nýárið. Til þess að leiða hann í allan sannleika, skal jeg leyfa mjer að skýra frá því, að þar var barist um nokkur atriði í lögreglusamþykkt Ísafjarðarkaupstaðar, sem taka átti upp úr lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Annars var sú kosning svo mjög illa sótt, að samanlögð tala atkvæða var miklu lægri en það, sem við fengum hvor um sig, þingsætiskeppinautarnir, en reyndar má geta þess, að margir sjómenn voru þá fjarverandi. Um að það hafi verið sett á oddinn, að sonur kæranda byði sig fram, þá er þar til að svara, að öllum er kunnugt þar vestra, að það er annað sonurinn og annað faðirinn. Um breytileik kjörfylgis á Ísafirði má benda á atkvgr. um sambandsmálið.

Jeg vil taka það fram, að ef háttv. þm. halda, að *jeg* hafi borið fje á kjósendur mína mjer til kjörfylgis, boðið það fram til slíkra hluta, eða á annan hátt stuðlað að því, að slíkt væri gert af öðrum, skal jeg ekki leggja neinn kala til nokkurs manns, sem greiðir till. þeirri, sem fram er komin, atkv. sitt.

ATKVGR.

Till. frá þm. N.-Þ. (B. Sv.) um, að Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

frestað skyldi úrskurði um gildi kosningar þm. Ísaf. (J. A. J.) og henni vísað til kjörbrjefanefndar, var feld með 31 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. E., G. Ó., Gunn. S., H. Sn.

nei: J. S., M. G., M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. O., P. P., S. E., S. H. K., S. St., S. F., St. St., Sv. B., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., B. K., E. Árna., E. Þ., G. Sv., G. G., G. B., G. Guðf., H. St., H. K., Jóh. Jóh., S. J.

J. A. J. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

Till. 3. kjördeildar um, að stjórnin láti fram fara rannsókn um kærumálin frá Ísafirði, var samþykkt með öllum greiddum atkv.

Till. frá 1. þm. Skagf. (M. G.) um, að gild skyldi tekin kosning 1. þm. Reykv. (Sv. B.), var samþ. með 24 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: Jóh. Jóh., J. A. J., J. S., M. G., M. K., Ó. P., P. J., P. O., P. P., S. E., S. H. K., S. St., S. F., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., B. H., B. K., G. Sv., G. B., G. Ó., Gunn. S., S. J.

nei: H. Sn., M. P., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., E. Árna., E. Þ., G. G., G. Guðf., H. St.

Sv. B., E. E. og H. K. greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (B. J. og K. E.) fjarstaddir.

Till. 3. kjördeildar um, að gildar skyldu teknar allar aðrar kosningar, er deildin hafði til rannsóknar, þar á meðal kosning

þm. Ísaf. (J. A. J.), var samþ. með 28
shlj. atkv.

Eiðar unnir.

Þá ljet aldursforseti þá þingmenn eið
vinna að stjórnarskránni, er eigi höfðu
áður Alþingi setið, en þeir voru þessir:

Einar Þorgilsson,
Eiríkur Einarsson,
Guðmundur Guðfinnsson,
Gunnar Sigurðsson,
Jón Auðunn Jónsson,
Jón Sigurðsson,
Ólafur Proppé og
Þorleifur Guðmundsson.

Kosning forseta.

Því næst ljet aldursforseti fram fara
kosningu forseta sameinaðs Alþingis.

Kosningu hlaut

Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.,
með 29 atkv. 9 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti tók við fundar-
stjórn og ljet fram fara kosningu vara-
forseta sameinaðs þings.

Kosninguna varð að þrítaka.

Fyrsta kosning fór á þá leið, að

Sveinn Ólafsson hlaut 16 atkv.,

Björn Kristjánsson 11 atkv.,

Benedikt Sveinsson 2 atkv. og

Bjarni Jónsson 1 atkv., en

6 seðlar voru auðir og tveir ógildir.

Við aðra kosningu hlaut

Sveinn Ólafsson 19 atkv.,

Björn Kristjánsson 15 — og

Benedikt Sveinsson 1 —, en

3 seðlar voru auðir.

Þriðja kosning, er var bundin milli
Sveins Ólafssonar og Björns Kristjánsson-
ar, fór svo, að

Sveinn Ólafsson hlaut 19 atkv. og

Björn Kristjánsson 17 atkv., en

2 seðlar voru auðir.

Lýsti forseti þá yfir því, að kjörinn
væri varaforseti sameinaðs Alþingis

Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.,
með 19 atkv.

Kosning skrifara.

Þá var gengið til kosninga á skrifurum
sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfalls-
kosningu.

Forseta bárust 2 listar. Á öðrum, er
merktur var A, stóðu Björn Hallsson og
Eiríkur Einarsson, en á hinum, er auð-
kendur var B, Magnús Pjetursson.

Kosningin fór svo, að

A-listinn hlaut 18 atkv. og

B-listinn 16 —, en

2 seðlar voru auðir og 2 ógildir.

Forseti lýsti því kjörna skrifara samein-
aðs Alþingis þá

Björn Hallsson, 2. þm. N.-M., og

Magnús Pjetursson, þm. Stranda.

Kjörbrjefanefnd.

Að þessu loknu ljet forseti kjósa kjör-
brjefanefnd, að viðhafðri hlutfallskosn-
ingu.

Voru þrír listar fram bornir. Voru á
þeim, er merktur var A, Pjetur Jónsson,
Gunnar Sigurðsson, Magnús Kristjánsson
og Magnús Guðmundsson, á B-listanum
Gísli Sveinsson og Einar Þorgilsson, og á
C-listanum Bjarni Jónsson.

Kosningin fjell svo, að

A-listinn hlaut 21 atkv.,

B-listinn 10 —, og

C-listinn 7 —.

Lýsti forseti þá kosna í kjörbrjefa-
nefnd:

Pjetur Jónsson,

Gunnar Sigurðsson,

Gísli Sveinsson,

Bjarna Jónsson og

Magnús Kristjánsson.

Kosning til efri deildar.

Loks voru kosnir, að viðhafðri hlutfalls-kosningu, 8 menn kjördæmakjörnir til að skipa efri deild með landskjörnum þingmönnum.

Forseta voru afhentir 3 listar, með samtals 8 nöfnum, eða jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá kjörna til efri deildar, en þeir voru þessir:

Af A-lista.

1. Jóhannes Jóhannesson,
2. Halldór Steinsson,
3. Guðmundur Ólafsson,
4. Sigurður Hjörleifsson Kvaran,
5. Guðmundur Guðfinnsson.

Af B-lista.

6. Björn Kristjánsson,
7. Sveinn Ólafsson.

Af C-lista.

8. Karl Einarsson.

Stóð þá upp Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., og mótmælti kosningu sinni til Ed., taldi þetta brot á þingsköpum, þar sem hann hefði verið settur á lista í heimildarleysi og án þess, að hann hefði verið að spurður. Krafðist hann þess, að sameinað þing skæri úr því með atkvæðagreiðslu, hvort slík aðferð gæti samrýmt anda þingskapanna.

Guðmundur Björnson: Samkvæmt ótvíræðum ákvæðum þingskapanna, er hver þm. skyldur að taka við kosningu til Ed. Kosning hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er því fyllilega lögmæt eftir þingsköpunum, og sameinað þing getur ekki breytt þeim.

Benedikt Sveinsson: Jeg er á sama máli og hv. 6. landsk. þm. (G. B.). Það verður

ekki deilt um lögmæti kosningarinnar. Hins vegar skal jeg viðurkenna, að hjer er beitt brögðum og gengið á þær sættir eða samkomulag, er orðið var milli flokkanna um kjör til efri deildar, og verður það síst lofað.

Sveinn Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, út af ummælum hv. 6. landsk. þm. (G. B.), að þótt þingsköpin geri ráð fyrir, að þetta sje leyfilegt, þá fer það í bága við anda laganna. Þeim, sem sömdu þingsköpin, hefir áreiðanlega ekki komið til hugar, að svona væri farið aftan að siðunum. Þetta er af hrekkvísi gert, og slík framkoma á engan rjett á sjer. Aðstandendur B-listans gátu auðveldlega bent á menn úr sínum hópi, og það hefði þeim sæmt betur en þetta laumuspil. En vitanlega er mjer og öðrum hv. þm. ljóst, hvað hjer liggur að baki.

Sigurður Stefánsson: Þetta er ekki neitt einsdæmi. Jeg man vel, að þegar Skúli Thoroddsen kom á þing 1902, var hann kosinn til Ed. að honum fornspurðum.

Guðmundur Björnson: Þetta er misbrúkun á þingsköpunum, en ekki brot.

Guðjón Guðlaugsson. Jeg byrjaði þingæfi mína með því að vera settur nauðugur í Ed. Svo var og um Skúla Thoroddsen. Enginn treysti sjer til að mótmæla þessu.

Sveinn Ólafsson: Það liggur í augum uppi, að þegar þingflokkar ákveða menn til Ed., þá velja þeir þá menn sína til þess, sem þeim eftir meðferð málanna þykir hentast að hafa þar. Enginn vill víst mótmæla því, að flokkur sá, sem jeg tel mig til, hafi meiri rjett til að benda á mann

úr þessum flokki í þessu skyni en lausamenn þeir, sem hjer hafa rænt nafni mínu á lista. Fyrir flokksins hönd lýsi jeg því yfir, að hann krefst skifta á mönnum og nefnir til í minn stað Einar Árnason 2. þm. Eyf. Legg jeg undir úrskurð hæstv. forseta ákvörðun um þetta.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi spyrja, hvort þetta sje ekki áður útkljáð mál, því að forseti hafði lýst yfir því, að þessir menn væru rjett kjörnir til Ed. Mjer er enginn akkur í að nauðga nokkrum til Ed., en lögin eru á móti breytingu í þessu efni, þar sem forseti hefir þegar felt þann úrskurð, sem fyr var sagt. Annars er þetta ekki frá mínum rötum runnið.

Gísli Sveinsson: Jeg hafði leyft mjer að afhenda forseta B-listann, með þeim tveim mönnum á, sem nú eru rjett kjörnir til Ed., Birni Kristjánssyni og Sveini Ólafssyni. Jeg afhendi lista þennan fyrir hönd utanflokka-bandalags þess, sem hjer er nú á þingi, af því að vjer litum svo á, að hjer væri um allmikinn ójöfnuð að ræða. Við utanflokksmenn vildum koma ofurlitlum jöfnuði á milli deildanna. Það er hins vegar ekkert aðalatriði fyrir mjer, hver maðurinn er. En jeg læt forseta um það, hvort hægt er að skifta um menn.

Forseti: Jeg tel mjer leyfilegt að skifta um menn á listanum, ef sá, sem hann hefir fram borið, leyfir.

Gísli Sveinsson: Jeg hefi enga heimild til að leyfa skiftin. Forseti verður að skera úr um þingsköpin.

Magnús Pjetursson: Mjer skilst, að hjer sje um misskilning að ræða milli þess, sem fram hefir borið listann, og forseta. Sá, sem hefir borið fram listann, vill að eins láta forseta úrskurða hið lagalega atriði málsins, en lætur nafn mannsins liggja milli hluta. Hann vill að eins ekki bera ábyrgð á lögmæti úrskurðarins. Það er því á valdi forseta, hvort skift verður um menn á listanum eða ekki, og ber hann sjálfur ábyrgð á því, hvort hann gengur á yfirlýsta kosningu.

Forseti: Úr því að eigi hafa fram komið bein mótmæli gegn þessum mannaskiftum, frá þeim, er afhent hafa B-listann, tel jeg heimilt að leyfa þau, og lýsi jeg yfir því, að í stað Sveins Ólafssonar á þeim lista kemur

Einar Árnason,
og tel hann kjörinn til efri deildar.

Var nú störfum þessa þingfundar lokið, er deildir voru skipaðar, og sagði forseti fundi slitið.

B.

í efri deild.

Að loknum 1. fundi sameinaðs þings var fyrsti fundur efri deildar settur.
Deildina skipuðu þessir þingmenn:

A.

Landskjörnir.

1. Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.,
2. Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.,
3. Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.,
4. Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm.,
5. Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm.,
6. Sigurjón Friðjónsson, 1. landsk. vara-
þm.

B.

Kjördæmakjörnir.

1. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,
3. Guðmundur Guðfinnsson, 2. þm. Rang.
4. Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv.,
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.,
6. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.,
7. Karl Einarsson, þm. Vestm.
8. Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M.

Voru þeir allir á fundi, nema Karl Einarsson, þm. Vestm., en hann var ókominn til þings.

Elsti þingmaður deildarinnar, Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., tók forsetasæti og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Hjört Snorrason, 5. landsk. þm., og Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.

Kosning forseta og skrifara.

Ljet aldursforseti því næst ganga til kosninga um forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut

Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm., með 13 shlj. atkv.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og ávarpaði deildina með þessum orðum:

Jeg þakka starf það, er mjer hefir verið falið á hendur, og vil jafnframt leyfa mjer að bjóða velkomna hina nýju þingmenn, sem hjer taka sæti.

Það er kunnugt, að hjer í næsta sal hefir Alþingi reist merki tveim mönnum. Er annar þeirra Jón forseti, er markaði á sinn skjöld: Aldrei að víkja; en hinum megin er Magnús Stephensen, er markaði hafði á sinn skjöld: Festina lente, er merkir: Kapp er best með forsjá. Það hefir verið vilji vor hjer um undanfarin ár að láta efri deildina vera forsjálnina hjer á þingi. Það hefir verið mikið um það deilt, hvort betra væri að hafa þingið tvískift eða í einu lagi, en reynslan hefir ávalt sýnt, að í hinni stóru málstofu hefir kappið oft fengið að ráða, en forsjálnin setið að stjórn í efri deild, og vildi jeg segja það, um leið og jeg býð hina nýju menn velkomna, að vjer höfum reynt af vorum litla mætti að láta þetta verða svo, að þjóð vorri mætti verða fyrir bestu.

Þá ljet forseti ganga til kosningar um fyrri varaforseta.

Kosningin fór svo, að

Guðmundur Ólafsson hlaut 5 atkv.

Halldór Steinsson 4 atkv.

Guðjón Guðlaugsson 2 atkv. og

Hjörtur Snorrason 1 atkv., en

1 seðill var auður.

Var kosningin því endurtekin. Hlaut þá kosningu

Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv., með 7 atkv. Halldór Steinsson hlaut 6 atkv.

Því næst ljet forseti fara fram kosningu annars varaforseta.

Fór kosningin á þessa leið:

Karl Einarsson hlaut 6 atkv. og

Halldór Steinsson 5 atkv., en

2 seðlar voru auðir.

Var því kosningin endurtekin, og urðu úrslitin hin sömu, sem við fyrstu kosningu.

Fór þá fram bundin kosning milli þeirra Karls Einarssonar og Halldórs Steinssonar, og fór enn á sömu leið.

Lýsti forseti þá yfir því, að kjörinn væri annar varaforseti

Karl Einarsson, þm. Vestm., með 6 atkv.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Einn listi var borinn fram, með nöfnum tveggja manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kjörna skrifara deildarinnar, en þeir voru þessir:

Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm.

S.-M., og

Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm.

Sætaskipun.

Að þessu loknu hlutuðu þingmenn, aðrir en forseti, skrifarar og ráðherrar, um sæti sín, samkv. 7. gr. þingskapanna, og fór það á þessa leið:

4. sæti hlaut Halldór Steinsson,

7. — — Guðmundur Ólafsson,

8. — — Guðmundur Guðfinnsson,

9. — — Einar Árnason,

10. — — Sigurjón Friðjónsson,

12. — — Björn Kristjánsson,

13. — — Guðjón Guðlaugsson,

14. — — Jóhannes Jóhannesson,

5. — var dregið fyrir Karl Einarsson, en 6. og 11. sæti urðu auð.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á 2. fundi deildarinnar, fimtudaginn 12. febr., voru lögð fram eftirgreind stjórnarfrumvörp:

A.

Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðherra:

1. Frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar.
2. — til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.
3. — til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

B.

Af hálfu atvinnumálaráðherra:

1. Frv. til laga um einkaleyfi.
2. — til laga um skipulag kaupþúna og sjávarþorpa.

Kosning fastanefnda.

Á sama fundi var látin fram fara kosning fastanefnda, samkvæmt 16. gr. þingskapanna, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Kosningin fór á þessa leið:

1. Fjárhagsnefnd.

Einn listi var borinn fram, með nöfnum 3 manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Björn Kristjánsson,

Guðjón Guðlaugsson og

Guðmundur Ólafsson.

2. Fjárveitinganefnd.

Tveir listar komu fram. Voru á A-listanum Jóhannes Jóhannesson, Einar Árnason, Sigurður Hjörleifsson Kvaran og Halldór Steinsson, en á B-listanum Hjörtur Snorrason og Karl Einarsson.

A-listinn hlaut 6 atkv.

B-listinn 6 — , en 1 seðill var ógildur.

Kosnir voru því í nefndina:

Jóhannes Jóhannesson,
Hjörtur Snorrason,
Einar Árnason,
Karl Einarsson og
Sigurður Hjörleifsson Kvaran.

3. Samgöngumálanefnd.

Kosnir voru í nefndina, allir á einum lista:

Guðjón Guðlaugsson,
Hjörtur Snorrason,
Sigurjón Friðjónsson,
Halldór Steinsson og
Guðmundur Guðfinnsson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Kosnir voru í nefndina, allir á einum lista:

Sigurjón Friðjónsson,
Guðmundur Ólafsson og
Hjörtur Snorrason.

5. Sjávarútvegshnefnd.

Kosnir voru í nefndina, allir á einum lista:

Björn Kristjánsson,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran og
Karl Einarsson.

6. Mentamálanefnd.

Kosnir voru í nefndina, allir á einum lista:

Einar Árnason,
Guðmundur Guðfinnsson og
Sigurður Hjörleifsson Kvaran.

7. Allsherjarnefnd.

Tveir listar komu fram. Voru á A-listanum Jóhannes Jóhannesson, Halldór Steinsson og Karl Einarsson, en á B-listanum Jóhannes Jóhannesson, Sigurjón Friðjónsson og Einar Árnason.

A-listinn hlaut 9 atkv. og

B-listinn 3 — , en

1 seðill var ógildur.

Kjörnir voru í nefndina:

Jóhannes Jóhannesson,
Halldór Steinsson

og

Sigurjón Friðjónsson,

samkvæmt hlutkesti milli hans og Karls Einarssonar.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað þing hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru til efri deildar gengnir, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.

3. Björn Hallsson, 2. þm. N.-M.
4. Einar Þorgilsson, 1. þm. G.-K.
5. Eiríkur Einarsson, 1. þm. Árn.
6. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
7. Gunnar Sigurðsson, 1. þm. Rang.
8. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
9. Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf.

10. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
11. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
12. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
13. Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
14. Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf.
15. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
16. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
17. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
18. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
19. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
20. Sveinn Björnsson, 1. þm. Reykv.
21. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
22. Þorleifur Guðmundsson, 2. þm. Árn.
23. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
24. Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M.
25. Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv.

Voru allir þessir til þings komnir og á fundi. En óskipað var að sinni í deildinni sæti 2. þm. Reykv., með því að sameinað Alþingi hafði metið þá kosningu ógilda.

Elsti maður deildarinnar, Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf., tók forseti, til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi þá Gísla Sveinsson, þm. V.-Sk. og Þorstein Jónsson, 1. þm. N.-M., sjer til aðstoðar sem skrifara.

Kosning forseta og skrifara.

Var því næst gengið til kosninga á forseta deildarinnar, og fjellu atkvæði svo, að

Benedikt Sveinsson hlaut 12 atkv. og
Sigurður Stefánsson 12 atkv., en

1 seðill var auður.

Var þá kosið á ný óbundinni kosningu, og fór svo, að

Benedikt Sveinsson hlaut 12 atkv. og
Sigurður Stefánsson 11 atkv., en

1 seðill var auður og 1 ógildur.

Var þá kosið á ný, bundinni kosningu milli þeirra Benedikts Sveinssonar og Sigurðar Stefánssonar, og fjellu atkvæði svo, að

Benedikt Sveinsson hlaut 12 atkv. og
Sigurður Stefánsson 12 atkv., en

1 seðill var auður.

Þá ljet aldursforseti varpa hlutkesti, til þess að skera úr um kosninguna, og kom upp hlutur Benedikts Sveinssonar.

Lýsti þá forseti yfir því, að

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.,
væri rjett kjörinn forseti deildarinnar.

Hinn nýkjörni forseti tók þá við fundarstjórn og ljet ganga til kosninga um fyrra varaforseta deildarinnar.

Kosningu hlaut

Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.,
með 15 atkv. Sigurður Stefánsson og Þorleifur Jónsson hlutu sín 3 atkv. hvor og Bjarni Jónsson 1 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þessu næst var kosinn 2. varaforseti deildarinnar, og fór kosning svo, að

Bjarni Jónsson hlaut 9 atkv.,

Þorleifur Jónsson 4 atkv.,

Sveinn Ólafsson 3 atkv.,

Pjetur Jónsson 2 atkv.,

Sigurður Stefánsson 1 atkv. og

Þórarinn Jónsson 1 atkv., en

5 seðlar voru auðir.

Var þá kosningin endurtekin, og fór þá svo, að kosinn var

Bjarni Jónsson, þm. Dala.,
með 13 atkv. Þorleifur Jónsson hlaut 3 atkv. og Pjetur Jónsson, Pjetur Þórðarson og Sveinn Ólafsson sín 2 atkv. hver, en 3 seðlar voru auðir.

Bjarni Jónsson: Jeg verð af hrærðum hug að þakka traust það, sem mjer er sýnt ár eftir ár með því að fela mjer þetta virðulega embætti. Nú er jeg kominn að fótum fram, og staðan er vandasöm, en þó hygg jeg, að jeg nenni ekki að segja af mjer þingmensku þess vegna.

Var þessu næst gengið til kosninga á skrifurum deildarinnar og hlutfallskosning viðhöfð.

Tveir listar komu fram. Á öðrum, er

Sætaskipun. — Stjórnarfrumvörp lögð fram. — Kosning fastanefnda.

merktur var A, stóð Þorsteinn Jónsson, en á hinum, B-listanum, var Gísli Sveinsson.

Lýsti forseti þá rjett kjörna skrifara deildarinnar

*Þorstein Jónsson, 1. þm. N.-M., og
Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.*

Sætaskipun.

Þá var hlutað um sæti deildarmanna, annara en forseta og skrifara, og varð sætaskipun þessi:

5. sæti: Bjarni Jónsson.
6. — : Magnús Guðmundsson.
7. — : Sigurður Stefánsson.
8. — : Gunnar Sigurðsson.
9. — : Pjetur Ottesen.
10. — : Einar Þorgilsson.
11. — : Eiríkur Einarsson.
12. — : Björn Hallsson.
13. — : Hákon Kristófersson.
14. — : Magnús Pjetursson.
15. — : Ólafur Proppé.
16. — : Jón Auðunn Jónsson.
17. — : Jón Sigurðsson.
18. — : Þórarinn Jónsson.
19. — : Pjetur Jónsson.
20. — : Magnús Kristjánsson.
21. — : Stefán Stefánsson.
22. — : Þorleifur Jónsson.
23. — : Pjetur Þórðarson.
24. — : Sveinn Björnsson.
25. — : Þorleifur Guðmundsson.
26. — : Sveinn Ólafsson.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á 2. fundi deildarinnar, fimtudaginn 12. febr., voru lögð fram þessi stjórnarfrv.:

A.

Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðherra:

1. Frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.
2. — laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

3. Frv. til laga um þingmannskosning í Reykjavík.
4. — til laga um eftirlit með útlendingum.
5. — til laga um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

B.

Af hálfu atvinnumálaráðherra:

1. Frv. til vatnalaga.
2. — til laga um sjerleyfi til hagnýtingar á orkuvötnum og raforku.
3. — til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

C.

Af hálfu fjármálaráðherra:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

Kosning fastanefnda.

Á sama fundi var látin fram fara kosning fastanefnda, samkv. 16. gr. þingskapanna.

1. Fjárhagsnefnd.

Hlutfallskosningu var beitt, og bárust forseta fjórir listar. Á einum, er forseti merkti A, stóð Hákon Kristófersson, á öðrum, er merktur var B, Magnús Guðmundsson og Jón Auðunn Jónsson, á hinum þriðja, er merktur var C, Þórarinn Jónsson og Magnús Kristjánsson, en á hinum fjórða, er merktur var D, Þorleifur Guðmundsson og Sveinn Ólafsson.

Kosningin fór svo, að

A-listinn	hlaut 5 atkv.,
B-listinn	8 —
C-listinn	5 —
D-listinn	7 —

Kosning fastanefnda. — Fastanefndir fylltar.

Kosnir voru því í fjárhagsnefnd, og í þessari röð:

Magnús Guðmundson,
 Þorleifur Guðmundsson,
 Hákon Kristófersson,
 Þórarinn Jónsson,
 Jón Auðunn Jónsson.

2. Fjárveitinganefnd.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust fjórir listar. A-listi: Bjarni Jónsson, B-listi: Magnús Pjetursson, Ólafur Proppé og Sigurður Stefánsson, C-listi: Pjetur Jónsson og Stefán Stefánsson, D-listi: Þorleifur Jónsson og Gunnar Sigurðsson.

Kosning fór svo, að

A-listinn hlaut 5 atkv.,
 B-listinn 8 —
 C-listinn 6 —
 D-listinn 6 —

Kosnir voru því í fjárveitinganefnd, og í þessari röð:

Magnús Pjetursson,
 Pjetur Jónsson,
 Þorleifur Jónsson,
 Bjarni Jónsson,
 Ólafur Proppé,
 Stefán Stefánsson,
 Gunnar Sigurðsson.

3. Samgöngumálanefnd.

Kosnir voru á sama hátt og með sömu hlutföllum atkvæða:

Gísli Sveinsson, af B-lista,
 Þórarinn Jónsson, af C-lista,
 Þorsteinn Jónsson, af D-lista,
 Pjetur Þórðarson, af A-lista,
 Einar Þorgilsson, af B-lista,
 Björn Hallsson, af C-lista,
 Sveinn Ólafsson, af D-lista.

4. Landbúnaðarnefnd.

Kosið var á sama hátt, og bárust fjórir listar. A-listi: Hákon Kristófersson, B-listi: Magnús Guðmundsson og Magnús

Pjetursson, C-listi: Stefán Stefánsson og Björn Hallsson, D-listi: Jón Sigurðsson.

Kosning fór svo, að

A-listinn hlaut 5 atkv.,
 B-listinn 8 —
 C-listinn 5 —
 D-listinn 7 —

Kosnir voru því í landbúnaðarnefnd, og í þessari röð:

Magnús Guðmundsson, af B-lista,
 Jón Sigurðsson, af D-lista,
 Hákon Kristófersson, af A-lista,
 Stefán Stefánsson, af C-lista,
 Magnús Pjetursson, af B-lista.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Kosnir voru á sama hátt og með sömu hlutföllum atkvæða:

Einar Þorgilsson, af B-lista,
 Þorleifur Guðmundsson, af D-lista,
 Pjetur Ottesen, af A-lista,
 Magnús Kristjánsson, af C-lista,
 Ólafur Proppé, af B-lista.

6. Mentamálanefnd.

Kosnir voru á sama hátt:

Gísli Sveinsson, af B-lista,
 Eiríkur Einarsson, af D-lista,
 Pjetur Þórðarson, af A-lista,
 Pjetur Jónsson, af C-lista,
 Sveinn Björnsson, af B-lista.

7. Allsherjarnefnd.

Kosnir voru á sama hátt:

Sveinn Björnsson, af B-lista,
 Þorsteinn Jónsson, af D-lista,
 Pjetur Ottesen, af A-lista,
 Björn Hallsson, af C-lista,
 Sigurður Stefánsson, af B-lista.

Fastanefndir fylltar.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, mælti

forseti: Um leið og Pjetur Jónsson, þm. S.-P., var skipaður atvinnumálaráðherra, hefir hann gengið úr nefndum þeim, er hann var kosinn í á öndverðu þingi, og hefir nú flokkur sá, er hann telst til, nefnt til í sæti hans í fjárveitinganefnd

Magnús Kristjánsson, þm. Ak.

Er aðferð þessi, um fyllingu nefnda,

orðin föst þingvenja, og tel jeg því eigi þurfa að bera málið undir hv. deild.

Á 15. fundi í Nd., s. d., kl. 6¹⁵ síðdegis, skýrði forseti frá, að sæti Magnúsar fjármálaráðherra Guðmundssonar í fjárhagsnefnd væri á sama hátt skipað

Jakobi Möller, 2. þm. Reykv.

Frumvörp, samþykkt sem lög.

I.

Stjórnarfrumvörp.

1. Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Á 1. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr., var útbýtt

Frumvarpi til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands (A. 1).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var frv. tekið til l. u m r.

Forsætisráðherra (J. M.): Stjórnarfrv. eru nú lögð fram í báðum deildum á sama tíma, en jeg get ekki verið á tveimur stöðum í einu. Jeg vildi því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki fyrst fyrir þau mál, sem falla undir atvinnumálaráðherrann.

En úr því að búið er að taka þetta mál fyrir, þá get jeg farið um það nokkrum orðum. Jeg veit ekki betur en að allir hv. þm. sjeu kosnir upp á það, að samþykkja stjórnarskrána óbreytta, og má búast við, að hún sje öllum þorra landsmanna kunn. Jeg þarf því ekki að fara frekara út í

breytingar þær, er þetta frv. gerir á gildiandi stjórnskipunarlægum.

Jeg veit ekki, hvort menn hafa hugsað sjer að skipa sjerstaka nefnd í þetta mál, en mjer þætti það viðkunnanlegra. Jeg býst að vísu ekki við, að nefndin breyti í neinu efni eða innihaldi stjórnarskrárinna, en þær athugasemdir, sem hún kynni að gera, gætu komið að haldi, ef stjórnarskránni yrði síðar breytt.

Forseti: Jeg tel sjálfsagt að skipa nefnd í svo mikilsvert mál, og að það verði 7 manna nefnd, kosin hlutfallskosningu.

ATKVGR.

Till. um að skipa nefnd í málið, 7 manna, samþ. í e. hlj.

Nefndarkosning.

Var síðan kosið í nefndina, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu 4 listar, A, B, C og D. Var

á A-listanum Pjetur Ottesen, á B-listanum Sigurður Stefánsson, Sveinn Björnsson og Magnús Pjetursson, á C-listanum Þórarinn Jónsson og Stefán Stefánsson, og á D-listanum Þorleifur Jónsson og Jón Sigurðsson.

A-listinn hlaut 5 atkv.

B-listinn 8 —

C-listinn 6 —

D-listinn 6 —

Lýsti forseti því kjörna í nefndina:

Sigurð Stefánsson,
Þórarinn Jónsson,
Þorleif Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Svein Björnsson,
Stefán Stefánsson,
Jón Sigurðsson.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 21).

Frsm. (Sveinn Björnsson): Stjórnarskráfrumvarp það, er hjer liggur fyrir, er frumvarp það, sem síðasta Alþingi afgreiddi. Var í þingbyrjun kosin sjerstök nefnd til að athuga það. Til hennar hefir síðan verið vísað þremur öðrum frv.

Par sem þetta aukþing er kvatt saman fyrst og fremst til að fjalla um þetta stjórnskráfrumvarp, taldi nefndin skylt að afgreiða það fyrst þeirra mála, sem til hennar var vísað.

Eins og kunnugt er, hafa bæði einstakir þm. og einstakir flokkar lýst yfir því fyrir síðustu kosningar, að samþykkja bæri frv. þetta óbreytt á þessu þingi. Voru allir nefndarmenn og á eitt sáttir um það. Ljet nefndin sjer því nægja að bera ítarlega saman texta frv., eins og það var samþykkt á síðasta þingi, við texta frv. þess, er hjer liggur fyrir, og reyndust textarnir að vera

nákvæmlega eins, að undanteknum lítilfjörlegum prentvillum, sem nefndin lagði fyrir að lagfærðar yrðu við næstu prentun. Nefndin leggur því einróma til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 21).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1.—25. gr. samþ. í e. hlj.

26.—30. gr. samþ. í e. hlj.

31.—54. gr. samþ. í e. hlj.

55.—57. gr. samþ. í e. hlj.

58.—60. gr. samþ. í e. hlj.

61.—77. gr. samþ. í e. hlj.

Ákvæði um stundarsakir samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 8. fundi í Ed., mánudaginn 23. febr., var útbýtt

Frumvarpi til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.
(A. 53).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. —
Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að ræða neitt um frv. þetta, heldur rjett nefna það, að það hefir nú verið lagt fyrir háttv. deild óbreytt frá því, sem það var samþykkt á síðasta þingi. Engar raddir hafa heldur heyrst um að breyta því, og tel jeg því sjálfsagt, að það verði samþykkt óbreytt. Það hefir verið kosin hjer í deildinni stjórnarskrárnefnd, eða er ekki svo? (*Forseti*: Jú). Leyfi jeg mjer því að stinga upp á því, að málinu sje vísað til þeirrar nefndar að umræðu lokinni.

ATKVGR.

Fr. v. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.
og til stjórnarskrárnefndar (sjá A. bls. 306) með 12 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 86).

Frsm. (Einar Árnason): Það er óþarfi að ræða málið. Deildinni er kunnugt, að það kemur frá hv. Nd. og að það er samhljóða frumvarpi því, er síðasta Alþingi samþykkti. Það hafa engar raddir heyrst um, að óánægja væri með frv., heldur þvert á móti eru flestir einhuga um, að málið nái fram að ganga. Jeg óska þess fyrir hönd stjórnarskrárnefndarinnar, að hv. deild samþykki það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 atkv.
2.—25. gr. samþ. með 14 atkv.

26.—30. gr. samþ. með 14 atkv.
31.—54. gr. samþ. með 14 atkv.
55.—57. gr. samþ. með 14 atkv.
58.—60. gr. samþ. með 14 atkv.
61.—77. gr. samþ. með 14 atkv.

Ákvæði um stundarsakir 1.—3. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fr. v. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 17. fundi í Ed., laugardaginn 28. febr., kl. 10 árdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 53).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Fr. v. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 180).

2. Þingmannakosning í Reykjavík.

Á 1. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um þingmannakosning í Reykjavík (A. 8).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Pjetur Jónsson: Jeg legg það til, að málinu verði vísað til stjórnarskrárnefndar.

ATKVGR.

Fr. v. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

og til stjórnarskrárnefndar (sjá A. bls. 307) með 18 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir leitt, að málið er afgreitt svo, að jeg fekk ekki tækifæri til að láta nokkur orð fylgja því. Jeg var í Ed. og gat því ekki verið við, enda treysti jeg því, að hæstv. forseti tæki málið ekki fyrir án þess að gera mjer viðvart.

Forseti: Jeg breytti dagskránni samkvæmt ósk hæstv. forsætisráðh. (J. M.), og meira gat jeg ekki gert, nema að gera fundarhlje.

Á 8. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8., n. 33, 34, 36, 39).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það má líklega telja það vanþakklátt verk að vera til þess hafður að samræma þetta nefndarálit við frv. eins og það var lagt fyrir þingið af stjórninni, en það er auðvitað fram komið fyrir margítrekaðar kröfur kjósenda í Reykjavík um fjölgun þingmanna sinna, og hefir stjórnin örðið við þeim, þótt hún hafi ekki getað gengið eins langt og óskað hefir verið.

Það er rjett að geta þess strax, að þetta frv. gerir ráð fyrir hlutfallskosningu þm. Reykjavíkur, og er það öfugt við þá reglu, er gildir um kosningu annara kjördæmakosinna þm. Nefndin tók lítið til athugunar þetta atriði og hefir heldur ekkert látið uppi álit sitt um það í nefndarálitinu, og þar með sýnt, að hún í vissum tilfellum getur fallist á þessa aðferð. Það er tala þm., sem mestu máli skiftir, og það atriði gat hún ekki orðið algerlega ásátt um; stjórnin fer fram á, að tölu þm. Reykja-

víkur sje fjölgað um 4, en niðurstaðan í nefndinni varð sú, að fjölga þeim að eins um 2; ástæðurnar eru að nokkru leyti settar fram í nefndarálitinu, og eru þær í fyrsta lagi byggðar á því, að ef þm. Reykjavíkur yrði fjölgað um 4, þá yrði ýmsum kjördæmum landsins gert rangt til, og í öðru lagi áleit meiri hluti nefndarinnar, að aðstaða kjósenda hjer væri miklu betri en í nokkru öðru kjördæmi landsins, til þess að hafa áhrif á aðgerðir þingsins, og virtist nefndinni það atriði mjög mikilsvert. Þá má og nefna það, að alt öðruvísi horfir við um kosningar hjer en t. d. í sveitakjördæmum. Hjer kemur það ekki fyrir, að kjósendur geti ekki neytt kosningarrjettar síns vegna illveðurs eða ófærðar, en af þessu leiðir, að hjer geta þeir jafnan komist að, sem mest hafa fylgi, en það getur brugðist í sveitakjördæmum.

Enn fremur má telja þá ástæðu, að Reykjavík mun eiga fleiri málsvara hjer á þingi en þm. kjördæmisins. Um þetta verður náttúrlega ekkert fullyrt, og það er kann ske hægt að segja, að í raun og veru sje þetta veik ástæða, en þó er það svo, að þm. búsettir hjer og vanir bæjarlífinu munu fremur hallást að því, að misbjóða ekki kröfum þess bæjar, sem þeir eru búsettir í, enda eru þess líka dæmin, að margir þm., hjer búsettir, hafa látið sig miklu skifta kröfur og þarfir bæjarins. Að vísu lít jeg ekki svo á þetta, að allir þm. sjeu ekki skyldir til að líta á þarfir höfuðbæjar síns, því að vitanlegt er það, að hver þm., sem ræður yfir skoðun sinni, getur og verður að láta hana falla saman við rjettmætar þarfir og kröfur þessa bæjar, og þótt nokkrum kunni að þykja misbrestur verða á þessu, að því er suma hv. þm. snertir, þá er það þó svo, að þm. búsettir hjer eru löngum mjög nærri því að fylgja þeim málum, sem Reykjavík vill.

Loks er svo það, að þar sem þingið er háð hjer í Reykjavík, hafa kjósendur hjer

ein hlunnindi, sem aðrir kjósendur landsins hafa ekki. Það er, að þeir geta beitt áhrifum sínum til að koma fram málum, sem þeir hafa áhuga á, og hvað sem segja má að öðru leyti um þetta, er það þó víst, að þetta verður á margan hátt til að búa í haginn fyrir Reykjavík.

Brtt. þær, sem nefndin hefir komið með, eru fáar. Fyrsta brtt. fer í þá átt, að breyta orðalagi 1. gr. um, að þm. Reykjavíkur skuli eiga sæti í Nd. Nefndin leit svo á, að þetta ákvæði mætti misskilja svo, að þm. Reykjavíkur mætti ekki kjósa til Ed. Nefndin hefir leyft sjer að breyta orðalaginu svo, að þetta gæti ekki orðið misskilið.

Önnur brtt. nefndarinnar er við 11. gr. Hún er þess efnis, að við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: „Ef um uppkosningu eða aukakosningu á einum þingmanni er að ræða, skal um kosningu hans fara að á sama hátt sem um kosningu þingmanna í sjerstökum kjördæmum.“ Þetta leiðir af hlutfallskosningarákvæðinu. Að vísu komst til tals í nefndinni, að hugsanlegt væri að ákveða hjer varamann, eins og við landskjörið. En ekki sýnist vera neitt frekara rjettlæti í því að ákveða, að varaþingmenn skuli vera fyrir Reykjavíkurkjördæmi, heldur en önnur kjördæmi úti um land, sökum þess, að kjördæmi úti um land eiga oft erfiðara með að ná fulltrúa inn á þingið, ef þau missa fulltrúa sinn af einhverjum ástæðum milli kosninga, heldur en Reykjavík. Nefndin lagði það því til, að uppkosning í Reykjavík færi fram á sama hátt og venjulegar óhlutbundnar kosningar úti um land. En nefndin væntir þess, að stjórnin fari að vinna að endurskoðun kjördæmaskipunarinnar og þá einnig ákvæðinu um varaþingmenn. Jeg leyfi mjer að láta þessa skoðun í ljós fyrir hönd nefndarinnar. En jafnframt dylst mjer ekki, að þegar að endurskoðuninni

rekur, verður stjórnin að leita skýrslna hjá hjeradsstjórnnum úti um land.

Um brtt. hv. þm. Dala. (B. J.), á þgskj. 36, er það að segja, að nefndin hefir ekki tekið neina afstöðu til þeirra. En jeg skal lýsa yfir því fyrir mína hönd, að jeg álít brtt. þessar óþarfar. Annars hafa nefndarmenn óbundnar hendur í þessu efni.

Skal jeg svo ekki fjölýrða frekar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal geta þess, sem jeg gat ekki komið að við 1. umr., að þótt alt ráðuneytið væri á einu máli um það, að rjett væri að fjölga þm. Reykjavíkur, þá vildu hinir ráðherrarnir ekki binda sig til þess að fjölga þeim svo mikið, sem jeg hefi farið fram á í þessu frv.

Það mætti má ske ætla, að jeg gæti, eftir undirtektum hins háa Alþingis, verið ánægður með undirtektir hinnar hv. nefndar. En svo er ekki. Jeg hefði getað sætt mig við, ef viðbótin hefði verið 3. En þá hefði þó ekki verið tjaldað nema til einnar nætur, því Reykjavík vex stöðugt, svo að 6 þingmenn eru hið allra minsta til fram-búðar. Það hefir að vísu verið sagt, að ekki mundi líða á löngu, unskjördæmaskiftingin öll yrði tekin til meðferðar, og að þá mundi Reykjavík fá bætt upp þetta misrjetti. En það er bágð að segja, hve nær þetta getur orðið. Jeg býst við, að það verði harla erfitt hjer á landi, sem annarsstaðar, að fá fyllilega rjettláta kjördæmaskiftingu. Það hefir alstaðar reynst svo. Jeg vona því, að háttv. deild samþykki að minsta kosti varatill. hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.).

Um ástæðurnar fyrir fjölgun þm. í Reykjavík get jeg annars látið mjer nægja að vísa til athugasemdanna við frv. Þar er sýnt fram á, að það er ranglátt, að þm. sjeu færri en 6, saman borið við önnur kjördæmi landsins.

Hins vegar vil jeg mæla eindregið á móti því, að breytingar í þessu efni nái nema til Reykjavíkur. Ef hv. þm. Dala. (B. J.) vill hafa fram breytingar á kjördæmaskipun eða fjölgun þm. annarsstaðar, þá getur hann komið fram með sjerstakt frv. þar um. Að fara að blanda nú breytingum fyrir utan Reykjavík inn í þetta frv. yrði að eins til að eyðileggja það, án þess nokkuð væri unnið fyrir önnur kjördæmi.

Það má vel vera, að ástæða sje að gera ráð fyrir því tilfelli, að kjósa þurfi um einn mann að eins, og á þá hlutfallskosningin ekki vel við. Rjettast væri má ske að hafa hjer varþingmenn, eins og við landskjörið. Ef þingmenn Reykjavíkur yrðu 6, yrði hlutfallið alveg eins.

Jeg álit ekki þörf á að eyða frekari orðum um þetta mál. Ástæðurnar, sem frsm. (Þór. J.) færði fyrir fækkuninni, eru ekki nýjar. Þær hafa komið fram áður hjer á þingi og verið mótmælt með þeirri einföldu ástæðu, að allir kjósendur eiga jafnan rjett til að hlutast til um skipun þingsins, það er að segja, þingmannatalan á að fara eftir kjósendafjöldanum, og tölu þingmanna hvers kjördæmis verður að miða við kjósendafjölda kjördæmisins. En fullkomið rjettlæti verður ekki fengið í þessu efni, nema með hlutfallskosningu almennri.

Sveinn Björnsson: Enda þótt mig greini á við samnefndarmenn mína um eitt aðalatriði þessa frv., er jeg þeim þó þakklátur fyrir það, að þeir greiddu götu þess. Ágreiningsatriði mitt er að eins þingmannatalan.

Forsætisráðh. (J. M.) gat þess, að stjórnin hefði ekki verið óskift um tölu þingmannanna. Hann kvaðst hafa viljað hafa þá 6, en hinir ráðherrarnir hefðu verið því mótfallnir.

Jeg get ekki stilt mig um að fara nokkrum orðum um þetta atriði, og jafnvel þótt Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

mjer hafi ekki tekist að sannfæra nefndarmennina um ástæðuna til fjölgunar þingmannanna, er jeg þó ekki úrkula vonar um, að deildin hlýði á rök mín.

Eins og sjá má á nál., eru tilfærðar ýmsar ástæður fyrir því, að nefndin hefir ekki viljað fara lengra í þessu efni. Sumar þessara ástæðna komu fram í ræðu háttv. frsm. (Þór. J.).

Fyrsta ástæðan er sú, að þar sem Reykjavík fái einn þingmann fyrir hverja 1377 kjósendur, ef þm. verði fjölgað um tvo, þá sje þó eitt kjördæmi ver sett, en betur sjeu sett 5 kjördæmi. Jeg bið nú hv. þm. að gefa gaum að athugasemdunum, sem fylgja frv. stjórnarinnar. Tala kjósenda í Reykjavík er 5511, og eftir því ætti einn þm. að koma á hverja 918 kjósendur, ef bætt er við 4 í Reykjavík. Það er því auðsætt, að engin sanngirni er í því að láta Reykjavík ekki hafa fleiri en 2 þm. í viðbót. En menn segjast nú geta bent á eitt kjördæmi utan Reykjavíkur, sem sje líka illa sett. Það er svo sem auðvitað, að ef fylsta rjettlæti ætti að fá í þessum efnum, yrði sama kjósendatala að standa bak við hvern þm. En þessi röksemd sýnir að eins það, að ástæða er til þess að sýna einnig fleiri kjördæmum sanngirni, en er engin ástæða fyrir því að afskifta Reykjavík.

Önnur ástæðan er sú, að ýmsir fulltrúar annara kjördæma eigi heima í Reykjavík, og á það að draga úr nauðsyninni á fjölgun fulltrúa fyrir kjördæmið. Þetta virðist mjer ekki vera nein rök gegn þm.-fjölguninni. Þó að þm. eigi heima í Reykjavík, er ekki þar með sagt, að hann hafi hagsmuni hennar fyrir augum. Ef hann tekur einhvern sjerstakan landshluta út úr heildinni, til þess að gæta hagsmuna hans öðrum fremur, mundi það auðvitað verða kjördæmi hans. Og jeg hygg, að reynslan hafi sýnt það, að þm. annara kjördæma, sem heima eiga í Reykjavík, meti meir kjör-

dæmi sín en Reykjavík. Hins vegar er það mjög óheppilegt, að þm. skoði sig þm. einhvers sjerstaks landshluta, en ekki alls landsins. Þeir eiga að skoða sig sem þm. allrar þjóðarheildarinnar. Jeg vil árjetta það, að reynslan gefur enga ástæðu til að óttast það, að þm., sem eiga heima í Reykjavík, haldi hagsmunum hennar fram yfir hagsmunum annara kjördæma.

Þá er það þriðja ástæðan, að Reykjavík standi öðrum kjördæmum betur að vígi til þess að neyta kosningarrjettar síns og hafa áhrif á störf þingsins. Satt er það, að svo getur litið út í fljótu bragði. En fullgild ástæða er þetta þó ekki, því fjöldi manna hjer í bænum stundar atvinnu utan takmarka kjördæmisins, annaðhvort á sjó eða í öðrum landshlutum, og geta þeir því ekki notað kosningarrjett sinn. Það eru engar skýrslur til um aðstöðu manna til að neyta þessa rjettar. En jeg leyfi mjer að staðhæfa það, að mikill vafi sje á, að ástæðurnar sjeu betri í þessu efni í Reykjavík heldur en annarsstaðar á landinu. Og jeg hygg, að kosningarskýrslur sýni það, að í Reykjavík kjósi ekki eins margir af hundraði sem í sumum öðrum kjördæmum.

Um aðstöðu Reykvíkinga til að hafa áhrif á þingið er það að segja, að kjósendur í Reykjavík munu yfirleitt nota sjer þá aðstöðu lítið; og auk þess er engin ástæða til að halda, að þm. láti Reykvíkinga hafa áhrif á sig nema til góðs. Það kemur ekki til greina að beita almenning kjósenda nokkru ranglæti, þó að til sjeu menn hjer í bænum, sem eru lagnir á að tala við þm. Jeg veit, að til eru menn utan Reykjavíkur sömu hæfileikum gæddir, og hafa þeir öll tök á að beita þeim, t.d. í síma, svo þetta erekkert sjerstakt fyrir Reykjavík.

Það hefir stundum verið nefnt, að ástæða væri til að gera vissa þekkingu á stjórnmálum að skilyrði fyrir kosningarrjetti. Ef nokkuð væri upp úr því leggjandi, að menn eigi góða aðstöðu hjer að

fylgjast með störfum þingsins, þá ætti, frá þessu sjónarmiði, þessi ástæða frekar að mæla með því, að kjósendum Reykjavíkur yrði ekki sýnt minna rjettlæti en öðrum. Jeg held, að jeg hafi tekið rjett eftir, að hv. frsm. (Þór. J.) mintist á það, að hjer væri saman kominn hópur af þinghæfum mönnum, og Reykjavík hefði því úr betri hóp að velja, að kjósa sjer góða fulltrúa, en önnur kjördæmi. Nær verður ekki komist að því ákjósanlegasta en að koma sem bestum mönnum að.

Jeg atla ekki að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en vil taka það fram, og því verður ekki mótmælt með rökum, að þar sem 1 þm. atti, að meðaltali, að vera fyrir hverja 800 kjósendur á landinu, þá er það ekki rjett, að í Reykjavík sje 1 þm. fyrir hverja 1400 kjósendur. Það er ekki einu sinni rjett frá því sjónarmiði, að þeir sjeu ekki fleiri en 6, því þá verður 1 þm. fyrir hverja 918 kjósendur, og því síst of langt farið að fara fram á 6 þm. Því minna rjettlæti væri, ef Reykjavík fengi ekki nema 5 þm. Þá væri 1 þm. á hverja 1100 kjósendur.

Jeg gleymdi að taka það fram, að ein ástæða nefndarinnar er sú, að fleiri kjördæmi verði fyrir ranglæti. Í því sambandi er rjett hugsun í brtt. hv. þm. Dala. (B. J.), að bæta úr kjördæmaskiftingu yfirleitt. En það er umsvifameira og erfiðara en þetta mál. Það er hægst hjer, því hjer þarf að eins að breyta tölu þm., en ekki kjördæmamörkum. Að lokum vil jeg benda á, að Reykjavík hefir í mörg ár búið við það ranglæti að hafa færri þm. hlutfallslega en önnur kjördæmi. Og þó að þm. verði fjölgað upp í 6, þá býst jeg við, að með vexti Reykjavíkur verði Reykjavík brátt verst sett, þó örfá kjördæmi verði ver sett í bili.

Hv. meðnefndarmenn mínir hafa komist að þeirri niðurstöðu, að „sanngirni“ mæli með því að fjölga þm. að eins um 2. Jeg

hefi sýnt fram á, að rjettlatið er mín meg-in, og ef á að kjósa á milli samngirni og rjettlatis, þá efast jeg ekki um það, hvernig atkvæði eiga að falla.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að lýsa því yfir, að mjer finst ekki of langt farið í frv. stjórnarinnar með fjölgun þm. í Reykjavík, og jeg tel það vel ráðið að hafa hlutfallskosningu. Reykjavík er það kjördæmi, sem mest er skift í atvinnuvegi. Verkamenn eru að verða fjölmennur flokkur, en þó ekki svo fjölmennur, að þeir geti ráðið kosningu. Og ef flokkar skiftust í tvent í Reykjavík, þá kæmi fjölmennari flokkurinn öllum þm. að, en hinn engum. Jeg tel því rjettara að hafa hlutfallskosningu, svo báðir eða allir flokkar komi einhverjum að. En þingmenn mega ekki vera of fáir, því að hjer eru mannmargir flokkar, sem eru öndverðir hver öðrum. 2 þm. fyrir hvern er of lítið, veitti ekki af 3 þm. Eins tel jeg fullmikið að bæt看 við 4, ef tala hinna helst óbreytt. Því jeg vil ekki fara eftir fólksfjölda eingöngu; það er hvergi gert, og síst hjer. Sýslurnar eru nokkurskonar undirríki og þurfa talsmenn á Alþingi. En það má fara svo nærri því rjetta, sem auðið er. Það væri því ekki of mikið, þótt Reykjavík fengi 6 þm., ef um leið væri fjölgað í öðrum kjördæmum. Það væri samilegt, að Reykjavík fengi 6 þm., ef þm. væri fjölgað upp í 48.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) taldi mig vinna á móti þm.-fjölguninni í Reykjavík með þessari till. minni, en jeg hygg, að ef hin hv. deild fellst á þetta, þá verði fleiri til að greiða atkvæði með þm.-fjölguninni, og verði till. því heldur til styrks en mótstöðu. Ef athugaðar eru fastanefndir við þingið, þá er ekki hægt að draga í efa, að nauðsyn er á að fjölga þm. Það er ekki von, að nefndirnar sjeu allar vel skipaðar, þegar 1 þm. þarf að vera í 2 nefndum

og fleirum, ef aukanefndir eru. Alþingi gefur sjer ekki tíma til að sitja yfir og vanda verk sín: það er heimtað, að menn sjeu fljótari en þeir geta verið, þar sem þeir eru svo ofhláðnir störfum. Og það, sem þeir fá afkastað áður en þeir strjúka af þingi, er oft næsta lítið. En það er fleira, sem mælir með fjölgun þm. Þótt jeg sje fyrir bandakjördæmi og mjer sje skylt að sjá um hag banda, þá óska hvorki jeg nje kjósendur mínir, að hagur annara stjetta sje fyrir borð borinn. Ósk mín og þeirra er sú, að jafnvægi haldist, en eins og menn vita, þá hefir sjávarútvegurinn ekki haft eins marga fulltrúa og hann hefði þurft að hafa, og margt hefir verið gert í þeim efnum, sem betur væri ógert. Á jeg þar aðallega við skatta og álögur. Ekki ber að skilja orð mín svo, að jeg telji þá of háa á þessari atvinnugrein, en þeir koma rangt niður, oft verst þegar verst gegnir. Þekking er ekki síður nauðsynleg á þessu sviði en hinum. Nú hefi jeg hugsað mjer að bæt看 úr þessu með því að bæt看 við í nokkrum kjördæmum, og yrði það þá einkum sjávarútvegskjördæmi. Þar sem svo stendur á, að í öðrum hehningi kjördæmis er sjávarútvegur aðalatvinnugrein, en í hinum landbúnaður, þá vil jeg, að því sje skift. Þess vegna er það till. mín, að Hafnarfjörður fái einn þm. fyrir útvegs-menn og verkamenn, eins og sumir af þm. Reykjavíkur auðvitað verða. Stokkseyri og Eyraarbakki yrðu sjerstakt kjördæmi, og yrði það fyrir sjávarútveg, Hnappadalssýsla og Skógarströnd yrðu 1 kjördæmi, landbúnaðarkjördæmi, en Snæfellsnessýsla yrði einnig 1 kjördæmi, sjávarútvegskjördæmi. Þá vil jeg, að Barðastrandarsýslu sje skift þannig, að annar þm. sje fyrir landbúnað, en hinn fyrir sjávarútveg. Jeg skal játa það, að til eru kjördæmi, sem eru fjölmennari en Barðastrandarsýsla og Hnappadalssýsla, t. d. Suður-Þingeyjarsýsla, en það

er nær eingöngu landbúnaðarkjördæmi, svo það á betra með að nýta 1 þm. Norður-Þingeyjarsýsla er mannfá og hefir 1 þm., og þá hafa Þingeyjarsýslurnar 2 þm. til samans, og er þeim þá ekki ver borgið en öðrum. Þá eru auk þeirra þm., sem fyrir eru, $\frac{1}{4}$ hluti þingsins, til að sjá um hag sjávarútvegsins, og tel jeg það vel í hóf stílt. Jeg vona, að það verði til þess, að málum sjávarútvegsins verði betur borgið hjer eftir en hingað til, og það verði betur og rjettlátlegar lagt á. Jeg vil aftur taka það fram, að jeg tel gjöldin ekki of mikil, en það er víða lagt svo óþyrmilega á, að það lendir þar, sem ekki skyldi. Jeg vil ekki teljast undan því, hvorki fyrir landbúnaðinn nje sjávarútveginn, að lagt sje á ágóða, en það tel jeg of langt farið, þegar lagt er á skaða. Til dæmis síldartollurinn. Eigendurnir verða að gjalda af tunnunum, þó þær liggi óseldar og eyðileggist. Þetta er hægt að forðast, ef þekking væri á þingi á þessum efnum.

Jeg hefi líka lagt til, að tvímenningskjördæmum yrði skift í einmenningskjördæmi, og bæri að gera það vegna þess órjettar, sem þar kemur fram við minni hlutann. Eitt atkvæði getur skorið úr, svo að fjölmennari flokkurinn fái báða þm., en fámennari flokkurinn engan. Þetta má laga með hlutfallskosningu, en þó tel jeg heppilegra að skifta kjördæmunum, og taka þá tillit til hlutfallsins milli atvinnuveganna, en að öðru leyti ráði fólksfjöldi og staðhættir, og stjórnarráðið ráði framkvæmdum. Það er ekki svo, sem hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) talar um, að þetta væri vandaverk. Stjórnarráðið ætti að geta lokið því af á $\frac{1}{2}$ —1 tíma, því það hefir skýrslur og landabrfjef í höndum og alt, sem með þarf. Það er langt frá því, að kjördæmaskipunin yrði flókin og óaðgengileg, þótt þetta ráð yrði tekið.

Annað vil jeg benda þeim hv. þm. á, sem aldrei vilja sitja hjer lengur en brýn-

asta þörf krefur. Það er betra að taka þetta alt í einu máli og eitt skifti fyrir öll heldur en að vera að smábreyta á hverju þingi. Maður á að vera verksýnn og vinna sem mest þegar unnið er. Þegar 2 frv. eru um sama efni, þá kosta þau 6 umræður í hvorri deild, í staðinn fyrir 3 umræður ef það vari 1 mál. Annars er málið afar einfalt. Það er að eins að greiða till. minni atkvæði, og sparast með því tími, og lausn verður fengin, sem viðunandi er.

Jeg ætla ekki að fjölyrða um þetta meira að sinni, en ætla að biðja hv. þm. að minnast þess, þegar þeir seinna hafa orðið að fallast á, að mínar till. eru rjettar, að jeg hefi gefið þeim kost á að samþykkja þær nú þegar. Það er eiginlega ekki mitt hlutverk að berjast fyrir þessu máli, enda er það mjer ekkert kappsmál, að till. mín nái fram að ganga, en jeg álít það skyldu mína að koma skynsamlegu máli fram.

Sveinn Ólafsson: Jeg finn mjer skylt að gera grein fyrir atkvæði mínu; ekki síst þess vegna, að jeg treystist hvorki að fylgja frv. stjórnarinnar eða till. nefndarinnar, nje heldur brtt. hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.). Þetta mun þykja nokkuð hastarleg afstaða til málsins, og þess vegna vil jeg reyna að fara nokkrar ástæður fyrir henni. Í athugasemdum við stjórnarfrv. er tekið fram, að Reykjavík sje miklum ójöfnuði beitt um fulltrúaval til þings. Jeg fellst ekki á, að þetta sje rjett. Það er svo mikið djúp staðfest milli skoðunar minnar og hæstv. stjórnar um þetta, að jeg álít, að ójöfnuðurinn sje á hina hliðina, og ýms önnur kjördæmi sjeu í þessu efni lakar sett en Reykjavík, þrátt fyrir það, þótt Reykjavík kjósi færri fulltrúa í hlutfalli við kjósendatölu en önnur kjördæmi landsins. Á líku máli virðist einnig háttv. stjórnarskrárnefnd, þótt minni áherslu leggi hún á það en jeg.

Hún vill mæta óskum Reykvíkinga á miðri leið og fjölga þm. um 2, í stað 4.

Að jeg tel Reykjavík hafa betri aðstöðu til að koma sínum málum fram en önnur kjördæmi og því fullsæmda af þeim 2 þm., sem nú eru, kemur til af því tvennu, að þingið er háð hjer og verður sífeldlega fyrir áhrifum atkvæðamanna hjer, bænum í hag, og í öðru lagi vegna þess, að hjer hafa jafnan verið og eru búsettir margir þm. annara kjördæma eða þá landsheildarinnar, en oft má líta á þessa menn eins og viðaukafulltrúa fyrir Reykjavík.

Að sjálfsögðu eru skoðanir skiftar um það, hvort áhrif bæjarins á þingið sjeu fremur góð eða vond, — jeg fyrir mitt leyti tel þau fremur spilla en bæta, — en hvað sem um það verður álitíð, þá eru þau ætíð málefnum Reykjavíkur í hag.

Það er alkunna, að sífeldlega er mikill hluti þm. búsettur hjer í Reykjavík. Í þetta skifti eru þeir 15 af 40, eða $\frac{3}{8}$ þingsins. Á síðasta þingi voru þeir 13. Það er ekki til neins að hafa á móti því, að menn verða alment fyrir áhrifum af samvistarmönnum sínum, og gildir það hjer eins og annarstaðar. Enginn efi leikur á því, að margir þm. fjarlæggra kjördæma, sem hjer búa, og annars eru mjög áhugasamir um sín kjördæmi, verða fyrir þeim áhrifum við búsetuna hjer, að þeir engu síður bera hagsmuni Reykjavíkur fyrir brjósti en sinna kjördæma. Skoðanir þeirra litast af umhverfinu, eins og reyndar er eðlilegt, og er það engum til ámælis sagt, en efunarlaust er það, að þessi litun er Reykjavík í hag. Á þetta hefir oftinnis verið bent, bæði í ræðu og riti, og það mjög ljóslega, en hjer skal jeg ekki fjölyrða um það frekar.

Jeg kannast að vísu við það, að Reykjavík hefir færri fulltrúa í hlutfalli við höfðatölu kjósenda en önnur kjördæmi landsins, en jeg lít svo á, að slík höfðatala sje ekki einasta undirstaðan um þetta.

Margt annað getur til greina komið, og hefi jeg nefnt sumt af því. Jeg mundi þó geta felt mig við fjölgun þm. fyrir Reykjavík, og það jafnvel eftir kjósendafjölda, ef þeim tveimur aðalskilyrðum væri fullnægt, að há Alþingi utan Reykjavíkur að jafnaði, og að lögfest væri með kosningalögum sú skipun, að allir kjördæmakosnir þingmenn skyldu búsettir í sínum kjördæmum, og þegar málum er þann veg komið, þá er jeg reiðubúinn að styðja þingmannafjölgun Reykjavíkur með mínu atkvæði.

Á það er rjett að benda, að ef leita á að fylsta rjettlati um fulltrúaval kjördæmanna, þá verður, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) hefir sjeð og athugað, víðar við að koma en í Reykjavík. Öll hafa þau ástæðu til að kvarta, að einu undanteknu, Seyðisfjarðarkaupstað, sem hefir fulltrúa fyrir 287 kjósendur og er því margfaldur í roðinu við flest önnur kjördæmi. En ef miða ætti kröfurnar fyrir önnur kjördæmi við þetta, þá yrðu þingmenn alls 110. Svo langt mun þó enginn vilja fara, og jafnvel háttv. þm. Dala. (B. J.), sem ekki lætur sjer alt í augum vaxa, ljet staðar numið við 4 tylftir og vildi þá auðvitað ætla Reykjavík hálfa.

Annars vil jeg leyfa mjer að taka það fram, til skýringar því, sem jeg sagði áðan, að þegar háttv. þm. Dala. (B. J.) vill leita að rjettlatinu og fer fram á að bæta þm. við fyrir Hafnarfjörð, Stokkseyri og Eyrarbakka, Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu og Barðastrandarsýslu, þá gengur hann alveg fram hjá Suður-Þingeyjarsýslu, sem auðvitað átti að koma fyrst á eftir Reykjavík, þegar miðað er við kjósendafjölda. Af þessu verður eigi annað sjeð en að vog rjettlætisins sje úr jafnvægi komin og samhygd hans við Suður-Þingeyjarsýslu sje minni en við hin kjördæmin. (B. J.: Sagðir þú nokkuð um mig?). Að eins lof.

Eitt atriði var það í ræðu háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.), sem mér virðist athuga-vert. Hann gat þess, að sumstaðar erlendis væru ákveðin þekkingarskilyrði heimtuð til þess að fá að njóta kosningarrjettar, og virtist svo, sem hann álitir, að ef því lík skilyrði væru hjer tekin í lög, þá atti Reykjavík fyllri rjett til þingmannafjölgunar en önnur kjördæmi, líklega vegna þekkingaryfirburða kjósenda í Reykjavík.

Um þessa gullhamra vil jeg láta háttv. þm. (Sv. B.) einan. Jeg fyrir mitt leyti lít hjer á öðrum augum og áliti, að almenn- ingur hjer í Reykjavík standi alls eigi öðrum landsmönnum framar að þekkingu og heilbrigði í skoðunum. Að hjer eru saman safnaðir margir mentarnn, svo sem kennaralið við háskólann og aðrar mentastofnanir, kemur ekki til álita í þessu sam- ræði.

Jakob Möller: Ekki verður því neitað, að kalt blæs hjer í þessari háttv. deild á móti þessu frv. og þeirri rjettarbót, sem í því felst, og ekki lýsir sjer lítil þröngsýni í ræðum manna, þó að þröngsýnin kæmist þó á hæsta stig og allra kaldast hljesi hjá háttv. síðasta ræðunanni (Sv. Ó.). Allir vita, að það er einróma krafa allra stjettja hjer í bæ að fá fjölgað þing- mönnuna. Það er ekki að eins krafa hinna ríku, heldur líka „öreigalýðsins“, eins og hv. þm. hafa getað sannfært sig um, ef þeir hafa lesið „Alþýðublaðið“ í gær. Það er einmitt fyrst og fremst krafa þess flokks, sem varð í minni hluta við síðustu kos- ingar, og mun hann hafa vænst annara undirtekta af háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Ef til vill á hæstv. stjórn nokkra sök á því, að rökraður um þetta mál hafa of einstrengingslega snúist um kjósenda- fjölda einstakra kjördæma og samanburð á þeim. Það, sem hjer skiftir í raun og veru mestu máli, er það, hvað atvinnuvegir manna í þessum bæ eru margbrotnir og frá-

brugðnir aðal atvinnuvegi alls þorra manna í öðrum kjördæmum flestum, og hvað þeir standa illa að vígi í því að koma fulltrúum sínum á þing, svo að nokkurt jafnvægi geti orðið þar á milli atvinnuvega lands- manna. Krafa Reykvíkinga um fjölgun þingmanna styðst því ekki að eins við rjett þeirra sökum kjósendafjölda, heldur við þörf atvinnuveganna til þess að hafa full- trúa á þingi að tiltölu eins og landbúnað- urinn. Og það er fleira, sem styður þessa kröfu Reykvíkinga til þess að njóta fulls jafnrjettis við aðra landsmenn. Það er alkunnugt, að Reykjavík ber að mestu leyti skattabyrði landsins, og virðist, að svo mikið tillit atti þó að mega takatilþess, að skýlaus rjettur bæjarins til að hafa áhrif á stjórn landsins sje ekki fyrir borð borinn.

Það kom fram hjá háttv. síðasta ræðu- manni (Sv. Ó.), þegar hann mintist á till. háttv. þm. Dala., að hann hirðir ekki um það, að jafnræði komist á milli atvinnu- veganna á þingi. Hann mótmælir því, að Reykvíkingar fái 6 þingmenn, af því að þá fái þeir fleiri þingmenn en þeim beri, saman borið við einstök kjördæmi, t. d. Suður-Þingeyjarsýslu. Hann hlýtur þó að vita, að sá atvinnuvegur, sem aðallega er stundaður í Suður-Þingeyjarsýslu, á fleiri fulltrúa hjer á þinginu, að tiltölu við fólksfjölda, heldur en atvinnuvegir Reyk- víkinga. Það skiftir engu fyrir Suður- Þingeyinga, þó að þeir hafi ekki nema einn mann á þingi, af því að hagsmuna þeirra er gætt af svo mörgum fulltrúum annara kjördæma, og sá „órjettur“, sem þeir verða fyrir, er bættur með því, að önnur land- búnaðarkjördæmi fá meira en þeim ber.

Annars geri jeg ekki ráð fyrir, að það þýði neitt að lengja þessar umræður. Menn eru ekki komnir hingað til að láta sannfærast. En jeg verð þó að eins að vekja athygli háttv. þm. á því, að rang- sleitni sú, sem Reykvíkingar eru beittir,

með því að láta þá ekki fá að kjósa nema 4 þingmenn, bitnar í raun og veru að eins á einni stjett bæjarbúa, sem með því verður að líkindum algerlega svift atkvæði um landsmál. Það er sem sje alveg óvíst, að verkamannaflokkurinn hjer í bænum komi nokkrum fulltrúa á þing, ef að eins fjórir þingmenn eru kosnir. Og þetta er því ranglátara, þegar þess er gætt, að Reykjavík er eina kjördæmið á landinu, þar sem nokkur von er til, að þessi fjölmenna stjett geti komið fulltrúa að. Og mætti það þó varla minna vera en að allir verkamenn á landinu attu einn fulltrúa á þingi.

Jeg er sannfærður um, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir ekki athugað þetta. Jeg veit, að hvorki hann eða hans flokkur mundi vilja verða til þess að traðka þannig rjetti smælingjanna.

Annað var það, sem háttv. sami þm. (Sv. Ó.) talaði um og lagði mikið upp úr. Það var það, að Reykvíkingar standi betur að vígi með að hafa áhrif á þingið en allir aðrir. Þetta er ekkert annað en staðhæfing, sem ekki er rökstudd á nokkurn hátt, og á því engin áhrif að hafa, hvorki til nje frá. Þá mátti og skilja það á honum, að hann vildi, að sá ljóti óvani legðist niður að kjósa þingmenn, búsetta í Reykjavík, fyrir önnur kjördæmi. Þetta er heldur ekkert kappsmál Reykvíkinga, heldur hitt, að geta notið sinna eigin starfskrafta fyrir sitt kjördæmi, en það geta þeir, ef þingmönnum þeirra er fjölgað eftir rjettmætum kröfum þeirra. Önnur kjördæmi ráða því auðvitað, hverjum þau vilja fela þingmanskuna fyrir sig, en þó að þau kjósi sjer þingmenn búsetta í Reykjavík, þá er rjettarkröfu Reykvíkinga á engan hátt fullnægt með því, enda hvílir engin skylda á öðrum kjördæmum um að kjósa Reykvíkinga á þing.

Um flutning þingsins úr Reyjavík skal jeg ekki orðlengja, en býst ekki við, að sú till. fái byr fyrst um sinn.

Eitt atriði, sem hefir verið athugað af meiri hluta nefndarinnar, er það, að Reykvíkingar standi betur að vígi með að fylgjast með störfum þingsins og neyta kosningarrjettar síns en kjósendur í öðrum kjördæmum, og ætti það frekar að styðja kröfu þeirra um fjölgun þingmanna en hitt, ef það er þá ekki talið alveg einskisvert, hvernig kjósendur fara með atkv. sín.

Um það, að Reykvíkingar standi betur að vígi en aðrir til að koma bestu þingkröftum sínum á þing, má áreiðanlega deila. Hjer er oft líkt á komið og með stjórnarmyndun og sambræðslu flokka. Þegar margir flokkar þurfa að „bræða“ sig saman til þess að koma sjer saman um þingmannaefni, þá getur hæglega farið svo, að enginn vilji í raun og veru líta við þeim, sem fyrir valinu verða. — Þetta má ekki skiljast sem „sneið“ til neins, heldur er þessu nú svona varið, þar sem flokka-drættir eru miklir, eins og hjer í Reykjavík. Úti um sveitir landsins eru flokka-drættir miklu minni, og þar mætti því ætla, að bestu „kraftarnir“ hafi mestar líkurnar til að safna atkvæðum um sig. En ef nokkuð ætti að gera til þess að tryggja það, að einmitt hæfustu mennirnir verði kosnir hjer, þá á einmitt að fjölga þingsætum bæjarins sem mest, svo að síður verði gripið til þess að bræða saman flokka í því skyni að kúga kjósendur til að kjósa ef til vill einhverja þá menn, sem enginn ber neitt traust til.

Jeg skal svo að lokum taka það fram, að jeg mun greiða atkv. með till. háttv. þm. Dala. (B. J.), um enn frekari fjölgun þingmanna en stjórnarfrv. fór fram á, en býst þó við, að þær fái að sinni lítinn byr hjer á þingi.

Sveinn Ólafsson: Að eins stutt athugasemd. Það kom í ljós í ræðu háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.), að við erum í raun og

veru að sumu leyti sammála. Hann skaut því fram eins og sinni skoðun, að höfðatala kjósenda ætti ekki ein að ákveða þingmannafjölda einstakra kjördæma. Þetta er einmitt það sama og jeg hefi haldið fram. Að eins er þá eftir að meta, hvað annað en höfðatala eigi að ráða, og vandinn er að finna það og miðla svo málum sanngjarnlega. Jeg álit, að nytsemi einstaklinganna fyrir þjóðfjelagið ætti um þetta mestu að ráða, en aðferðin við að meta nytsemdina getur orðið að flóknu deiluefni. Öll málafærslan í þessu máli snýst um höfðatölu þeirra manna, sem efasamt er að sjeu þörfustu þegnarnir.

Ekki veit jeg, hvort hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) hefir ætlast til þess, að ummæli hans um mig í sambandi við verkamenn og aðra þá umkomuminni hjer í Reykjavík ættu að skiljast eins og viðvörun til „góðra manna“ eða hnjóðsyrði til mín. Slíkt liggur mjer reyndar í ljettu rúmi og allar flimtanir um sambönd við jafnaðarmenn; því fer svo fjarri, að jeg styggist við það, að jeg tel mjer fremur sæmd en óvirðingu að samhygðinni við þá, sem umkomulitlir eru og erfitt eiga. (Jak. M.: Ekki þannig meint). Eins láðist mjer að geta áðan. Ef frv. þetta verður að lögum, hvort heldur það verður eins og stjórnin ber það fram, eða eins og nefndin leggur til, þá geta hlutfallskosningar ekki gagnað þeim, sem ætlast er til að þær komi að haldi, fyr en 1923.

Nú er búíð að kjósa 2 þm. fyrir Reykjavík meiri hluta kosningu, og ef 2 bættust við, gæti auðveldlega svo farið, að báðir þeir kæmust að úr meiri hlutanum, og væri þá engu nær hæfi með hlutfallskosningunni. Útlitið er sáraljelegt fyrir því, að verkamenn hafi kosninganna nokkur not fyr en kosið er um alla 4.

Eins og jeg tók fram áður, mun jeg geta greitt atkv. þingmannafjölgun í Reykjavík, þegar Alþingi hefir verið flutt á Þing-

völl og lög sett um, að kjördæmakjörnir þm. skuli búsettir í sínum kjördæmum.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg bjóst við, að fleiri mundu taka til máls, en þar sem jeg sje, að svo er eigi, vil jeg þó bæta nokkrum orðum við framsöguræðu mína, en skal fara fljótt yfir sögu. Jeg get hvorki nje vil skírskota til deildarinnar um að hafa sjerstaka afstöðu í þessu máli; jeg álit, að þar eigi hver að ráða atkvæði sínu óátalið og óhindrað.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) gat þess, að stjórnin væri ekki öll einhuga um þetta mál. Jeg vissi þetta áður, en mjer er ekki kunnugt um, með hvaða takmörkunum það var.

En þetta er einmitt athugunarefni, að stjórnin sjálf skuli vera skift um málið.

Mundu flestir trúa, að stjórnin, eða sá hluti hennar, sem frv. þessu er mótfallinn, hefði einhver rök að færa fyrir sínu máli.

Reykjavík hefir vaxið hröðum skrefum upp á síðkastið, en ekki verður um það sagt, hve lengi því heldur áfram. En þar sem önnur kjördæmaskifting má segja að liggi í loftinu, álit jeg, að Reykjavík megi gera sig ánægða með 4 þingmenn fyrst um sinn.

Hann (J. M.) mintist einnig á eitt ágreiningsatriði, sem sje það, að það væri rjettlætiskrafa, sem Reykjavík bæri, að fá varaþm. Einn maður í nefndinni var þessarar skoðunar, en nefndinni virtist ekki ástæða til að taka þetta með, sökum þess, að önnur kjördæmi landsins ættu þá einnig kröfu á varaþingmönnum.

Hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) gat þess, að áhrif þau, sem Reykjavík hefði á þingið, væru engin önnur en góð. Jeg hafði aldrei sagt, að þau væru ill, einmitt getið þess, að þau mundu geta orðið til góðs fyrir kjördæmið.

Öðrum hv. þm. hefir einnig orðið tíð-

rætt um þessi áhrif, en jeg hygg, að þingmenn sjeu allir svo sjálfstæðir, að ekki geti verið um önnur áhrif að ræða en þau, er verða megi til góðs. Um þetta tók hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) af skarið, og skal jeg ekki vefengja orð hans um, að þau geti að vísu átt sjer stað. En eitt er áreiðanlegt, og það er, að aðstaðan gerir Reykjavík miklu hægara að koma sínum málum fram. Getur verið spurning um það, hvort málin komist nokkuð betur í framkvæmd gegnum sjálfan þingmann kjördæmisins en fyrir áhrif annara á þingmenn.

Hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) mintist á erfiðleika kjósenda í Reykjavík kjördæmi og taldi mikinn hluta kjósenda oftlega ekki fá neytt atkvæðisrjettar síns. En eins og lög þau eru, sem nú gilda, hygg jeg, að kjósendur fái óvída á landinu betur neytt kosningarrjettar síns. Því víða úti um land eru kjósendur oft og tíðum sviftir atkvæðisrjetti sínum, sökum örðugrar aðstöðu og staðhátta.

Hvað viðvíkur skynsemd og öðrum hæfileikum kjósenda landsins, hygg jeg, að Reykjavík mundi síst ganga út úr þeirri raun með lofi.

Hv. þm. (Sv. B.) sagði, að Reykjavík hefði um áratugi átt við þennan órjett að búa. En þetta er ekki rjett, því að það eru ekki svo ýkjamörg ár síðan til þess kom, að um misrjetti væri að tala, og svo verður henni nú bættur þessi órjettur, ef þm. verður fjölgað um 2, því þá gengur Reykjavík betur frá borði en sum önnur kjördæmi landsins.

Hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að pólitískir flokkar væru svo margir hjer í Reykjavík, að þess vegna mættu þm. ekki vera færri en 6. En því má ekki eins vænta margbrotinnar pólitískrar flokkaskiftingar úti um land? (B. J.: Það voru atvinnuflokkar, sem jeg talaði um, en ekki póli-
Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

tískir flokkar). Jæja, það er nú samt hægt að búa til fleiri pólitíska flokkaenatvinnuflokka. Og í þessu efni held jeg að rjettur Reykjavíkur verði að engu fyrir borð borinn.

Hv. þm. (B. J.) talaði um, að nauðsynlegt væri, að hver atvinnuvegur hjeldi sínum rjetti og að jafnvægi væri á milli þeirra. En mjer finst brtt. hans ekki benda á rjetta leið, enda ekki skapa fult rjettlæti.

Hann talaði um, að það gerði ekkert til, þótt Suður-Þingeyjarsýsla hefði ekki nema einn þingmann, því að þar stunduðu allir sama atvinnuveg. Með sama rjetti ætti þá að taka einn þm. af Árnessýslu, ef Stokkseyri og Eyrarbakki fengju sjerstakan þm. Og ef fylgja ætti þeirri reglu hans, að sama væri, þótt Suður-Þingeyjarsýsla hefði að eins einn þingmann, sökum þess, að þar sjeu því nær allir kjósendur bændur, þá ætti ekki að vera nema einn þm. fyrir hversu stórt landbúnaðarhjerað sem væri. En kjósendatalan hlýtur hjer að vera sá rjetti mælikvarði.

Hvað viðvíkur því, að sjávarútvegurinn sje hafður út undan, vil jeg segja það, að jeg álít, að um höfuðatvinnuvegi landsins beri að ræða og fara með af þekkingu, en ekki eftir flokkadráttum.

Hv. þm. (B. J.) taldi það lítið verk að endurskoða kjördæmaskipunina, og jeg skal ekki fara mikið út í það, en að eins geta þess, að jeg hygg, að ný kjördæmaskipun muni vera nokkuð viðfangserfitt verk, en hygg þó, að þess muni ekki langt að bíða, að ný kjördæmaskipun verði sett, og álít jeg meðal annars af því þessar brtt. ótímabærar og ekki koma þessu frv. í sjálfu sjer við.

Hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) taldi það aðallega mæla með fjölgun þingmanna Reykjavíkur, að atvinnuvegirnir væru margir, og að langmest skattabyrðin væri borin af íbúum Reykjavíkur. En þótt at-

vinnuvegir Reykjavíkurbúa sjeu margir, er ekki hægt að búast við, að þeir komi allir til greina þar, frekar en úti um land, því að þar eru, eins og kunnugt er, í hverju kjördæmi fleiri atvinnuvegir en þingfulltrúar. Og um það, að Reykjavík beri mestar skattabyrðar og ætti því að hafa fleiri þingmenn, er þess, að geta, að jeg hefi aldrei heyrt það fyrri, að þingmannafjöldinn ætti að fara eftir ríkidæmi kjósendanna.

Í þessu sambandi vil jeg minna á það, hvernig kosið er til sýslu- og hreppsnefnda úti um land. Þar er, eins og kunnugt er, einn hreppurinn öðrum íbúafleiri, en aldrei heyrist kvartað um, að það sje misrjetti, að einn sitji í sýslunefnd fyrir hvern hrepp, enda þótt hreppsúatalan sje misjöfn.

Um það geta verið skiftar skoðanir, hvort Reykjavík eigi svo marga þinghafari menn en kjördæmin úti um land; og út af því, sem hv. þm. (Jak. M.) sagði, að þm. kjördæma úti um land, sem ættu heima í Reykjavík, hugsuðu að eins um hag sinna eigin kjördæma, verð jeg að segja það, að sjerhver hlýtur að gæta hagsmuna þess hjeraðs, sem hann er búsettur í, enda þótt hann jafnvel sje þm. fyrir annað kjördæmi.

Pjetur Jónsson: Af því að jeg hefi að undanfögnu látið það hiklaust í ljós, að mjer þætti það ekki rjett, að Reykjavík hefði einungis 2 þingmenn, og jeg teldi það ranglæti, að vilja eigi bæta úr því, þá vil jeg nú, einmitt þegar þingmannafjöldun Reykjavíkur er á ferðinni, gera grein fyrir atkvæði mínu í málinu.

Frumvarp stjórnarinnar er einungis leiðrjetting fyrir Reykjavík, og þess vegna einungis bráðabirgðalagfæring á kjördæmaskiftingu landsins. En nú eru fleiri kjördæmi, sem á svipaðan hátt eru vanhaldin að þingmannatölu og Reykjavík,

þótt í minna mæli sje. Og meðan svo stendur vil jeg ekki fjölga þingmönnum til fulls eftir kjósendatölu, heldur einungis um 2. Það er full ástæða til, strax er tækifæri fæst, að breyta kjördæmaskiftingunni í heild sinni, svo að hún sje nokkurn veginn rjettlát, því ýms kjördæmi eru afskift og óánægð. Vil jeg, að Reykjavík haldi áfram að vera í tölu þeirra kjördæma þangað til, því hún mun reka á eftir. Og með 4 þm. er hún orðin eins vel sett og sum önnur kjördæmi, ef miðað er við kjósendatölu. Mun jeg því greiða atkvæði með brtt. nefndarinnar.

Rjettlátri lagfæringu á kjördæmaskiftingu hygg jeg tæplega verði á komið, nema með því að skifta landinu í stærri kjördæmi, með 5—6 þm. í hverju, og hafa svo hlutfallskosningu. Þetta hefir komið alloft til orða, og Hannes Hafstein flutti frv. um þetta á Alþingi í sinni ráðherratið. Tel jeg það frv. bestu till., sem fram hefir komið.

Það er nokkurt álitamál, hvort hinn eini rjettláti grundvöllur kjördæmaskiftingar sje kjósendatalan, eins og stjórnin heldur fram. Aðrar kringumstæður koma líka til greina. Og með smákjördæmum, eða einmenningskjördæmum, sem líklegra væri heppilegra að hafa en fyrirkomulagið sem nú er, verður nákvæm skifting eftir kjósendafjölda óframkvæmanleg. — Af þessu hefir líka leitt, að strjálbygðari kjördæmin og útúrskotnari hafa færri kjósendur fyrir hvern þingmann heldur en hin. Það eru því hin þjettbygðari kjördæmi, og þar fyrst og fremst Reykjavík, sem að kjósendatölu hafa eins og hlaupið undir bagga með hinum strjálbygðari. Verði nú Reykjavík tekin úr þeirra tölu, verður skakkafallið þeim mun stærra fyrir hin kjördæmin, sem hlut eiga að máli. Skal jeg taka til dæmis mitt eigið kjördæmi, sem er fjölmennast að kjósendatölu fyrir sinn þingmann, þegar Reykjavík er frá skilin,

Nú hefir Suður-Þingeyjarsýsla þó $\frac{1}{40}$ atkvæðis á þingi, en ef fjölgað er um 4 þingmenn, þá einungis $\frac{1}{44}$. Þannig versnar skakkafallið þar við það „rjettlæti“, sem stjórnarfrv. fer fram á fyrir Reykjavík. Þess vegna vil jeg, að Reykjavík láti sjer nægja 2 þingmenn í viðbót að svo komnu, því þá standa þeir jafnt að þingmannatölu móts við kjósendur eins og Suður-Þingeyingar. Þetta á að eins að vera til bráðabirgða hvort sem er.

Bjarni Jónsson: Það gladdi mig, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) skyldi vera mjer samdóma um kjördæmaskipunina, en það þótti mjer skritið, að hann skyldi ekki komast að neinni niðurstöðu út frá því. Hann hugsaði gott til þess, að þm. Reykv. hjálpuðu honum seinna til þm.-fjölgunar í Suður-Þingeyjarsýslu, en eftir skoðun hans verða margir þessara þm. ekki til. Annars er það auðveldur reikningur, að betra er að hafa með sjer 6 atkv. en 2, og ætti hv. þm. (P. J.) þess vegna að vera með fjölguninni, en svo gæti hann líka leitað samninga við þm. Reykv., þannig að Reykjavík fengi nú 5 þm., en Suður-Þingeyjarsýsla 2.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gat þess til, að mínar till. væru þannig úr garði gerðar, að jeg vildi fjölga alstaðar nema þar, sem andstæðingar mínir eru, og væri jeg þess vegna verri við Suður-Þingeyinga en Reykvíkinga. Nú hefir hv. þm. (Sv. Ó.) heyrt það, að við háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) erum á sama máli, þótt hann ætli að fara á snið við skoðun sína við atkvæðagreiðslu. Annars veit háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fullvel, að þessi ágiskun hans er ekki rjett. En hún getur orðið til þess að skýra dálítið sálarfræðilega afstöðu háttv. þm. sjálfs. Hann vill þá ekki fjölgunina vegna þess, að hann óttast, að mikilsmetinn maður í flokki hans, sem hefir verið forstjóri verkfalla og fleira af því tægi,

neyðist þá til að gera fleira fyrir verkamenn en hv. þm. (Sv. Ó.) þykir heppilegt.

Sveinn Björnsson: Jeg lofa því að vera stutturður, og ætla að reyna að halda það.

Hv. frsm. (Þór. J.) sagði, að langar umræður hefðu enga þýðingu í þessu máli, því flestir mundu ráðnir í því, hvernig þeir greiddu atkvæði. Þó svo kunni að vera, þá tel jeg mjer samt skylt að veita þm. með fáum orðum upplýsingar um það, á hverju jeg byggi skoðun mína. Jeg hefi altaf litið svo á, að hjer væru saman komnir sanngjarnir menn, sem gjarnan vildu heyra rök með og móti og taka það til athugunar, sem þeir hefðu ekki heyrt áður. Jeg vænti þess, að það þyki ekki ósvinna, þó jeg reyni að færa rök fyrir máli mínu, og það jafnvel þó einstaka menn hafi þegar ákveðið atkv. sitt.

Mjer virtist hv. frsm. (Þór. J.) leggja aðaláhersluna á þau áhrif, sem Reykvíkingar geti haft á þingið, og það leit svo út, sem hann áleti þetta nóg til þess að rjettlæta það, að Reykjavík fengi ekki þeirri kröfu sinni fullnægt, að hafa þingmenn í rjettu hlutfalli við kjósendafjölda. Jeg hefi áður talað um áhrif Reykjavíkur og bent á það, að þau geta ekki orðið á móti henni í þessu máli. Og þó að þau yrðu talin draga úr þörfinni á fjölgun þingmanna. Þá get jeg ekki viðurkent þau sem rjettan mælikvarða í þessu efni. Jeg held fast við það, að kjósendatalan er aðalatriðið. Það er bygt á almennum kosningar-rjetti, og eftir því „principi“ eiga allir kjósendur að hafa jafnan rjett til að hafa áhrif á skipun þingsins. Þetta verður að eins með því móti að miða fulltrúatöluna við kjósendafjöldann. Þessu verður ekki altaf komið við, en því nær sem það kemst, því betra. Það er erfitt að mæla á móti því, sem rjettlæti og sanngirni segja best, og það þarf sterk rök,

sterkari rök en hjer hafa komið fram, til að hverfa frá þessum grundvelli. Þegar við þetta bætist, að önnur rök styðja mál mitt, þá er ekki síður ástæða til að samþykkja brtt. á þgskj. 39.

Það hefir verið minst á þessi rök bæði af mjer og öðrum, og lét jeg mjer því nægja að þessu sinni að benda á tvö. Ann- að er það, hvað atvinnuvegirnir eru marg- breyttir; hitt er það, að það er viðurkent, að Reykjavík greiðir meira í ríkissjóð en nokkurt annað kjördæmi, svo miklu meira, að hin kjördæmin komast ekki í námunda við það. Það væri því ekki til of mikils mælst, að þingið sýndi Reykjavík fult rjettlæti, en þó eru Reykvíkingar svo hæverskir að fara ekki fyllilega fram á það.

Á móti fjölgun hefir verið mest færð sú ástæða, að möguleiki sje á því, að íbúar bæjarins kynnu að geta haft áhrif á þingið. Þessi ástæða verður að orðast svo, því þó það eigi sjer stað, að menn smitist af skoðunum annara, þá álít jeg, að Alþingi sje svo skipað, að það sje einfært um að mynda sjer skoðun.

Þá get jeg ekki komist hjá að minnast á atriði, sem þeir töluðu um, hv. frsm. (Þór. J.) og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Það er þekkingaratriðið. Það var ranghermt hjá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að jeg hefði talið Reykvíkinga þar fremri; hann hefir eflaust ekki heyrt það, sem jeg sagði nógu greinilega. Jeg talaði ekkert um það, að Reykvíkingar hefðu meiri þekkingu en kjósendur í öðrum lands- hlutum. Mjer datt það ekki í hug. Jeg álít það yfirleitt óviðfeldið að tala um þekk- ingarmismun kjósenda í ýmsum kjördæm- um. En orð mín, sem lutu að þessu, voru beint sprottin af þeirri ástæðu nefndar- innar, að Reykvíkingar hefðu betra tæki- færi til að fylgjast með störfum þingsins. Jeg sagði, að ef þessi ástæða væri nokkurs virði, þá leiddi af því, að Reykvíkingar ættu að hafa meiri þekkingu á landsmál-

um, og það gæti ekki rjettlætt, að þeir væru ójöfnuði beittir. En jeg tók það fram, að jeg byggði ekki á þessari ástæðu nefndarinnar; jeg var einmitt að andæfa henni. Jeg held enn þá fast við það, að ósannað sje, að Reykvíkingar hafi betri aðstöðu til kosninga. Menn verða að gæta að því, að mikill hluti bæjarmanna lifir á sjó mestan tíma ársins og er oft ekki heima þegar kosningar fara fram. Þeir hafa því síst betri skilyrði en aðrir til að beita kosningarrjetti sínum. Að vísu er þeim veittur sá möguleiki í lögum, að kjósa fyrir kjördag eða annarsstaðar, en þó geta þeir ekki kosið fyr en framboðsfrestur er útrunninn, og heimildin er enn þá svo ung, að fæstir kunna að notfæra sjer hana.

Annars get jeg ekki annað en látið í ljós undrun mína yfir öllum þeim öfug- mælum, sem komu fram í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Jeg hefi bent á, og jeg held að það sje alment viðurkent, að Reykjavík er ójöfnuði beitt, þar sem hún hefir mörgum sinnum færri þm. en hún ætti að hafa að rjetttri hlutfallstölu kjósenda. En hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) slær því fram, að ójöfnuðurinn sje á hina hliðina! Vitanlega er ómögulegt að rökstyðja aðra eins firru, enda reyndi hv. þm. (Sv. Ó.) ekki til þess. Eitthvað mintist hann þó á höfðatölu, en það er búið að margræða það atriði, svo jeg ætla ekki að fara frekar út í það. Þá talaði hann um áhrif Reykvíkinga á þm. og taldi þau óheppileg. Jeg hygg, að hv. þm. vanti öll rök fyrir þessari staðhæfingu. (G. Sv.: Hann veit ef til vill dæmi). Þó hv. þm. (Sv. Ó.) hafi ef til vill reynt eitt- hvað þess háttar, þá má hann ekki dæma alla eftir sjer, og jeg vona, að þm. sjeu þannig yfirleitt, að þeir láti ekki hafa óheppileg áhrif á sig. En engin regla er án undantekningar, og nú hefir hv. þm. (Sv. Ó.) viljað gera undantekninguna að reglu.

Jeg veit ekki, hvort hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var að henda gaman að sjálfum sjer

eða hv. deild, þegar hann þóttist vera með fjölguninni samt sem áður, en með skilyrðum. Hann ætlaði að vera með henni þegar búið væri að flytja þingið úr Reykjavík, og þegar búið væri að setja það ákvæði í lög, að þm. yrðu að vera búsettir í því kjördæmi, sem þeir væru fulltrúar fyrir. Það er óvíst, hvort þetta verður nokkurn tíma, og allar líkur á, að það verði aldrei; vonandi verður hv. þm. (Sv. Ó.) a. m. k. kominn af þingi þá. En þetta minnir mig á sögu af vissu dýri, sem bauð storkinum heim til sín og setti fyrir hann rjettina í flatrí skál. Allir vita, hvaða ánægju storkurinn hafði af því.

Jeg ætla ekki að fjölýrða frekar um þetta mál, en enda með því að minnast á atriði úr ræðu háttv. þm. S.-P. (P. J.). Hann kallaði þetta bráðabirgðaráðstöfun, og væri hún þess vegna viðunandi. En því má ekki gera bráðabirgðaráðstöfun sémilega úr garði, þótt bráðabirgðaráðstöfun væri? Hvað á þessi kurteisi við rjettlætið að þýða, að vilja altaf halda sjer í hæfilegri fjarlægð? Hjer er auðveldast að bæta úr, hjer þarf engu að breyta nema tölum, ekki kjördæmatakmörkum eða öðru slíku. Jeg hafði hugsað mjer, að þessi breyting gæti fullnægt til nokkurra ára, en það er eins og hugsun og útreikningur manna gangi aftur á bak. Þeir eru ánægðir, ef breytingin er þannig, að hún hefði fullnægt fyrir nokkrum árum.

Um leið og jeg sest niður vil jeg geta þess, að jeg kann ekki við, að ómótmælanlega rjettmætar kröfur sjeu kallaðar gyllingar.

Forsætisráðherra (J. M.): Því hefir verið hreyft, að það sje stjórnninni að kenna, að höfðatalan hefir verið aðalumræðuefni manna, eða kjósendatalan. Jeg get vel játað þessa sök á mig. Auðvitað byggir stjórnnin hjer á kjósendatölu, af því

að það er skoðun mín, að þingmannatalan eigi að standa í rjettu hlutfalli alstaðar við kjósendatölu. Það er satt, að áður var kjördæmaskipunin bygd á öðru, stjettum og atvinnuvegum, en jeg veit ekki betur en að alstaðar sje horfið frá þessu, og hjá þeim þjóðum, er lengst eru komnar í þessum efnum, bygt að eins á kjósendafjölda. Sumstaðar er þetta svo nákvæmt, að það er ákvæðið, að bæta skuli við þingmönnum eftir því sem kjósendum fjölgar, þannig, að ávalt komi einn þingmaður á ákvæðna tölu fulla. Enda hygg jeg erfitt að byggja á öðru, svo að nokkur skynsemd sje í. Óframkvæmanlegt að skipa hjer þingmönnum eftir atvinnuvegum.

Jakob Möller: Jeg stóð aðallega upp til þess að ganga eftir loforði frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um að verða mjer sammála að lokum, og vænti jeg þess, að hann greiði atkv. með frv. óbreyttu. (Sv. Ó.: Jeg kannast ekki við það loforð). Mjer skildist, sem við værum sammála, eða að það vantaði örlítið á, að við yrðum það. Annars er það leitt, hvað þessu máli er hraðað mjög, því að hver veit, nema við gætum þá orðið sammála um það að lokum, hvað ólíklega sem á horfist um það í svipinn. En það þýðir víst ekki að fara fram á frestun, jafnvel þó að von væri um það.

Jeg vil biðja menn að misskilja ekki orð mín áðan, um að umræðugrundvöllurinn væri ekki alls kostar heppilegur, á þann veg, að jeg teldi hæstv. stjórnn hafa verið að gefa þinginu undir fótinn að verða á móti frv., af ásettu ráði. En stjórnnin hefir einskorðað meðmæli sín með frv. við kjósendafjölda Reykjavíkur, saman borið við önnur kjördæmi, og látið prenta með því yfirlit yfir kjósendafjölda í öllum kjördæmum landsins, þar sem greinilega kemur fram, að sum einmenningskjördæmin hafa nálega helmingi hærri kjósendatölu

heldur en hjer kæmi á þingmann hvern, ef þm. bæjarins yrðu 6. Í þetta hljóta menn auðvitað að reka augun, þegar þeir athuga skýrsluna, enda hefir það komið áþreifanlega fram í umræðunum. En þó að jeg vilji taka fult tillit til kjósendafjölda, þá vil jeg ekki láta hann einan ráða kjördæmskipun landsins, enda væri það ómögulegt að skifta landinu í jöfn kjördæmi eftir fólksfjölda. Afskifti manna af landsmálum hljóta altaf að fara meira eða minna eftir stjett þeirra og atvinnugrein, og því má ekki láta það liggja algerlega í láginni. Og jeg lít svo á, að hver atvinnuflokkur, ekki síður en einhver ákveðinn fjöldi kjósenda, eigi heimtingu á að hafa nægilega marga fulltrúa á þingi í hlutfalli við aðra. Nú er því svo varið, að allir aðrir atvinnuvegir eru ofurliði bornir á þingi af landbúnaðinum, og mælir það sterklega með því, að Reykjavík verði látin njóta rjettar síns eftir kjósendafjölda að fullu, án tillits til þess, þó að einstök landbúnaðarkjördæmi sjeu að tiltölu fólksfleiri.

Jeg held, að einhverjir háttv. þm. hafi misskilið það, sem jeg sagði um rjett „öreigalýðsins“, og einhver fann að ósamræmi í því, að halda fram rjetti þess lýðs, og jafnframt að vitna í skattgjald Reykvíkinga til stuðnings kröfunni um þingmannafjölgun. En sá háttv. þm. hefir ekki athugað það, að „öreigarnir“ greiða líka sín gjöld í landssjóðinn, eins og aðrir.

Enn hefir háttv. þm. orðið tíðrætt um það, hve margir þm. annara kjördæma sjeu búsettir í Reykjavík. Það má annars merkilegt heita, að þessir háttv. þm. skuli ekki af þeirri ástæðu fara fram á það, að teknir verði af Reykvíkingum þessir tveir þm., sem þeir hafa, í stað þess að bæta við! En Reykvíkingar geta ekki ætlast til þess, að önnur kjördæmi kjósi þingmenn fyrir þá, og þeir vilja miklu heldur fá að kjósa þessa „búsettu“ þingmenn sjálfir, eða þá þeirra, sem þeir vilja á þingi

hafa, heldur en að láta önnur kjördæmi gera það.

Að lokum vík jeg þá aftur orðum mínum til háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Af því að honum er svo ant um smælingjana, og hann telur sjer heiður að því, þá finn jeg ástæðu til að brýna það fyrir honum enn á ný, að ef þm. bæjarins verður ekki fjölgað eins og frv. stjórnarinnar fer fram á, þá eru miklar líkur til þess, að einmitt rjettur „smælingjanna“ í þessum bæ verði algerlega fyrir borð borinn. Jeg þykist vita, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) játi rjettlætiskrófu verkamannaflokksins til að hafa fulltrúa á þingi, og það því fremur, sem hjer er ekki að eins um að ræða óskir nokkurrá manna í Reykjavík, heldur fjölmenns flokks víðs vegar um land.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Þm. hafa yfirleitt verið mótfallnir þingmannafjölgun, bæði í Reykjavík og úti um land. Það er því víst 1. þm. Reykv. (Sv. B.), sem hefir ætlað sjer að hafa áhrif á þm. í þessu efni.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mintist á það, að á kjósendatölunni einni ætti að byggja. Hún hefir þó ekki verið undirstaðan hingað til, heldur hjeradsskipunin. Það hefir verið álitid sjálfsagt, að hjeruð, sem hafa sjerstök mál og sjerstaka stjórn, hefðu eigin fulltrúa. Það hefir alls ekki verið litið á fólksfjöldann, heldur takmörkin, sem hjeruðin hafa verið háð.

ATKVGR.

Brtt. 34. tekin aftur.

- 36, 1. (1.—3.) feld með 15 : 6 atkv.
- 36, 2. kom ekki til atkv.
- 39. (aðaltill.) feld með 19 : 3 atkv.
- 39. (varatill.) feld með 19 : 5 atkv.,
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., J. A. J., Sv. B., B. J., E. P.

nei: Gunn. S., H. K., J. S., M. G., Ó. P.,
P. J., P. O., P. P., S. St., St. St.,
Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J.,
Þór. J., B. H., E. E., G. Sv., B. Sv.

Tveir þm. (M. K. og M. P.) fjarstaddir.

Brtt. 33, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 : 2 atkv.

3.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 33, 2. samþ. með 17 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 33, 3. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.,
með fyrirsögninni.

*Frumvarp til laga um þingmannakosning
í Reykjavík.*

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr.,
var frv. tekið til 3. umr. (A. 51, 58, 71).

Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr.
atkv. gegn 1 um brtt. 58 og 71, er of seint
var útbýtt.

Sveinn Björnsson: Jeg ætla að eins að
geta þess, að sú breyting, sem farið er
fram á með brtt. 58, raskar að engu leyti
efni till., heldur er hún að eins gerð til
skýringar orðalaginu og til þess að færa
greinina til betra máls.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg að eins
minnast á brtt. 71, sem fer fram á það, að
lögin nái ekki fram að ganga fyr en við
næstu aðalkosningar, eða sje frestað um

3 þing. Jeg get ekki sjeð, hvaða ástæða
liggur til þess, úr því deildin á annað borð
vill veita rjettarbaturnar. Hvaða ástæða
er þá til þess að draga það, að þær geti
komið að gagni? Jeg skildi svo nefndar-
menn, að þeir ætluðust ekki til þess, að
þessi dráttur yrði, heldur þvert á móti,
að þeir vildu láta þetta ganga fram sem
fyrst. Jeg er því að öllu leyti ósamþykkur
brtt. 71.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi leyft mjer að
koma með brtt. á þgskj. 71, um frestun á
framkvæmd þessara laga til þess er al-
mennar kosningar fara næst fram. Þetta
er gert með það fyrir augum, að aukakosn-
ingin, sem hjer er áformuð, rugli eigi þá
skipun, sem verið er að reyna að festa í
þinginu, um mál og stjórnarmyndun. Mjer
virðist ekkert liggja á að flýta svo mjög
framkvæmd á þessu. Jeg er enn þá sömu
skoðunar sem jeg var við 2. umr. þessa
máls, að Reykjavík fari á engan hátt var-
hluta af þátttöku í þingstarfinu meðan á
þingi sitja 15 þm. búsettir hjer, af 40 þm.,
og meðan þingið er háð hjer innan vje-
banda Reykjavíkur. Jeg lít svo á, að með
kosningu 2 fulltrúa í viðbót við þá, sem
nú eru hjer, takist ekki að ná því marki,
sem stefnt er að við hlutfallskosningu, að
veita fámennari flokknum hlutdeild í lög-
gjafar- og stjórnarstarfinu, heldur verði
hún að eins til að stækka það djúp, sem nú
er á milli flokkanna, verði hrein og bein
meiri hluta kosning, eins og sú síðasta, en
það væri að bæta gráu ofan á svart, og
það virðist mjer í alla staði óheilbrigð.

Alt öðru máli er að gegna, hefði átt að
kjósa alla í senn. Þá hefði mátt búast við
því, að sá minni hluti, sem var við síðustu
kosningar, hefði fengið að njóta sín, og
að því stefnir brtt. mín. Hvort sem margir
eða fáir verða henni fylgjandi, þá er hún
eina leiðin að því, að skipa þessu máli
sanngjarnlega, nema núverandi þm.

Reykjavíkur legðu niður umboð sín þegar, svo allir 4 yrðu jafnsnemma kosnir.

Jeg hefi áður haldið því fram, að í þessu máli sem öðrum, er Reykjavík snerta, gæti eigi lítið áhrifa bæjarins á þingið. Þetta virðist mjer augljósast af því, hve margir hafa hjer ljeð frv. stuðning að þessu sinni. 1917 var strokkljóðið annað. Þá var hjer borin fram till. til þingsályktunar um þingmannafjölgun fyrir Reykjavík, og munu að eins 2 þm. hafa greitt henni atkvæði. Rjettlætiskrafan um þá jafngild og nú, en minna búið að róa.

Að lokum nokkur orð til svars skeytum þeim eða hnútum, sem til mín var beint við 2. umr. þessa máls af aðaltalsmönnum þess, þm. Reykv. Jeg get þó að mestu slept að vara háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.). Hann var að finna að öfugmælum hjá mjer, sem hann svo nefndi, og breiða yfir mismæli sín um þekkingarskilyrðin fyrir kosningarrjetti, sem Reykjavík mundi fullnægja öðrum betur, en hann fór svo prúðmannlega með þessi skeyti, að jeg nenni ekki að svara þeim frekar. Dálítið öðru máli var að gegna um háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.). Jeg heyrði að vísu óglögt til hans, en andinn var auðþektur, og eigi sjerstaklega vingjarnlegur. Háttv. þm. (Jak. M.) þóttist vera að ganga eftir loforði hjá mjer um stuðning við frv., og átti víst í þessu að liggja mjög djúpsæ skýring á orðum mínum, sem jeg hirði eigi að kljást við. En það stendur stöðugt, sem jeg þá tók fram, að þegar búið er að flytja Alþingi burtu úr Reykjavík og undan áhrifum hennar, og þegar enn fremur er búið að lögfesta það, að kjördæmakosnir þingmenn skuli búsettir í kjördæmum sínum, — þá stendur eigi á mjer að styðja að hlutfallslegri þingmannafjölgun fyrir Reykjavík.

Þá var háttv. 3. þm. Reykv., sem líka er nefndur þm. Dala. (B. J.), að sneiða að mjer fyrir samband við forkólfa verka-

manna og verkfallsmanna. Þetta virðist býsna óskýlt efninu, en hann er oft fremur laus við það, enda eigi sjálfur laus við ill álög. Þessi háttv. þm. (B. J.) var eindregið á móti fjölgun þingmanna fyrir Reykjavík 1917, en nú gaddharður með henni. Í því held jeg að gæti áhrifanna, sem þingmenn búsettir í Reykjavík verða fyrir, svo jeg þó nefni þess eitt dæmi, og svona eru hin illu örlög.

Bjarni Jónsson: Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vitnaði í það, að jeg hefði verið á móti málinu 1917, en nú væri jeg með því. Getur hann eigi skilið það, að jeg hafi við nánari yfirvegun sjeð, að jeg hafði ekki lítið rjett á málið? Þótt sumir samverkamenn mínir sjeu þverir og óvanir því að fara rjetta leið, þá tel jeg mig ekki skyldan til að fylgja eðli þeirra og athöfnum.

Þegar sami háttv. þm. (Sv. Ó.) fór að tala um hnútur, sem jeg hefði átt að kasta að honum, þá kom það í ljós, að hann hafði ekki skilið, að jeg nefndi að eins þann flokk og þann verndaranda, sem haldið hefir hendi sinni yfir honum. Jeg gat ekki betur sjeð en að það væri traustsýfirlýsing til þm. (Sv. Ó.), sem er kunnur að því að vera ekki neitt meinhorn.

Jeg atla ekkert að skifta mjer af því, sem fer milli Sveinanna, en jeg tel ekki fjarri að geta þess, að í gær frjetti jeg eina höfuðástæðu fyrir því, að menn vilja ekki fjölgun þingmanna.

Hún var sú, að þinghúsið væri of lítið. Þetta mun vera runnið af því, að 2. þm. Reykv. (Jak. M.) varð að sitja hjer við endann hjá mjer. Sumir hafa lítið svo á flatarmálsfræðina, að ekki mundi sem allra heppilegast að láta þm. sitja í skeifu, að fara mætti drýgindalegar með rúmið. Þm. gætu setið í beinum röðum andspenis forseta, og þá mundi háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) geta fundið einhvern blett til að tylla á nýju þingmönnum.

Það virðist líka allheimskulegt að sitja þannig, að ljósið falli frá hægri á suma, á aðra frá vinstri, og beint í augun á sumum, og þetta er því heimskulegra, sem hægt er að ráða bót á því á mjög svo auðveldan og ódýran hátt.

Gunnar Sigurðsson: Jeg álit, að það þýði ekki að vera að þvæla þetta mál lengur með umræðum. En jeg vildi samt láta skoðun mína í ljós í þessu máli, áður en frv. er afgreitt hjeðan úr deildinni, og þá sjerstaklega vegna þess, að jeg hefi að nokkru leyti sjerstæða skoðun á þessu máli.

Það er sanngjarnt að fjölga þingmönnum fyrir Reykjavík, en það er einnig sanngjarnt að fjölga þeim annarsstaðar á landinu, eins og t. d. háttv. þm. Dala. (B. J.) benti á með brtt., er hann kom fram með við aðra umræðu.

Það er því nauðsynlegt að endurskoða alla kjördæmaskiftinguna, og getur Reykjavík því vel beðið eftir, að það verði gert. Enda býst jeg við, að það sje kjósendum í Reykjavík ekki á móti skapi, því flestir munu óánægðir með að fá að eins 4 þingmenn, en búast við fleirum við væntanlega rjettláta kjördæmaskiftingu. Það mælir einnig með því að láta þetta bíða fyrst um sinn, að kjördæmaskiftingin mundi miklu fyr verða framkvæmd, ef Reykjavík fengi enga þingmannafjölgun nú. Það er augljóst, að kjördæmaskipunin, eins og hún er, er nú víða hvar mjög ranglát, og þarf því að breyta henni sem fyrst. Tökum til dæmis Hafnarfjörð. Eins og sakir standa, mun mega telja, að hann ráði úrslitum um bæði þingmannssætin í Kjósar- og Gullbringusýslu. Jafnvægi og sanngirni fengist með því að gera Hafnarfjörð að sjerstöku kjördæmi, og sanngjarnt mundi einnig að skifta Kjósar- og

Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Gullbringusýslu í tvö kjördæmi. Líku máli er að gegna um Árnassýslu. Öll sanngirni mælir með, að sú sýsla fái 3 þingmenn og þá einn fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri.

Jeg álit, að það sje nauðsynlegt, til að koma meiru jafnvægi og samræmi á meðal atvinnuveganna, að láta stærstu sjávarplássin fá sína þingmenn.

Það hefir komið ýmislegt fram í þessum umræðum, sem jeg get ekki fallist á, t. d. það, sem sagt hefir verið um þingmenn kjördæma utan af landi, búsetta í Reykjavík, að þeir drægju taum Reykjavíkurbúa. Jeg hygg þetta eigi vera rjett sem meginreglu; þvert á móti finst mjer ástæða til að ætla, að þeir muni venjulega vera varkárari þegar um hagsmuni Reykjavíkur er að ræða. (Sv. B.: Heyr!). Að minsta kosti er mjer hlýrra til míns kjördæmis, minnar sveitar, þegar jeg er þaðan fjarverandi, en ella.

Sveinn Ólafsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að lengja umræðurnar, en það var þessi skáldlega fluga hv. þm. Dala. (B. J.), um þrengslin í þingsalnum, sem kom mjer til að standa upp. Um það, hvað hv. þm. (B. J.) hefir heyrt um þessi þrengsli, skal jeg ekki segja, en það er víst, að jeg hefi hvorki á það minst sjálfur nje heyrt einu orði á það minst af öðrum fyr en nú, enda er þetta hugarfóstur bersýnilega til orðið í skáldheila hv. þm. Dala. (B. J.) og sver sig greinilega í ætt við mörg önnur systkini sín. Hv. þm. (B. J.) var að bregða mjer um sinnaskifti eða hughvörf einhver. Ekki skal um það fást, enda ekki svo, sem goðsögn sje, þótt frá honum komi. En út af því vil jeg leyfa mjer að benda á þær sennilegustu ástæður fyrir sinnaskiftum háttv. þm. frá 1917, er hann hervæddist mót fjölgun þm. í Reykjavík, þeirri, sem hann nú mælir fastast með. Honum mun

vera farið að leiðast að ganga á gaddinum vestur í Dölum og uggvænt orðið um hagleysi þar, en hins vegar snapaseigt hjer í Reykjavík og eigi ólíklegt, að hjer yrðu hnjótar fyrir hann, er vorsultur eykst vestra, og er þá rjett lýst jafnhyggnun manni, er hann teflir eigi öllu í tvísýnu útigangs.

Þá vil jeg snöggvast víkja að orðum, sem fjellu hjer hjá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Hann taldi mestu nauðsyn á að aðgreina sjávarhjeruð og sveita við væntanlega og nýa kjördæmaskipun. Þessu hefir oft verið slegið fram, og af mörgum, og líta margir svo á, að þetta sje heillaráð til að skapa öllum jafnrjetti um fulltrúaval. En jeg hygg þetta að eins til hins verra og álít, að nákvæm skifting á þessu bygð leiddi fremur til að stækka djúpið milli sjávarmanna og sveitamanna en að brúa það. Í mörgum hjeruðum hagar svo til, að sömu mennirnir stunda bæði sjávarútveg og landbúnað, og veit jeg ekki, hvernig hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) vill skifta, þar sem svo er ástatt. Jeg hygg, að slík breyting myndi vekja sundurlyndi og stjettaríg, en ekki eyða þeim óheillagustum.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg vil að eins gera stutta athugasemd. Jeg vil ekkert segja sjerstakt fyrir hönd nefndarinnar, því jeg álít nefndarmenn alveg óbunlna um atkvæði sitt.

Brtt. á þgskj. 58 er í þá átt, að færa til betra máls, og verður því að sjálfsögðu samþykkt.

Viðvíkjandi brtt. á þgskj. 79, þá vildi nefndin ekki leggja til, að kosningunni yrði frestað, en annars hefir hver nefndarmaður óbundið atkvæði um þetta.

Jeg ætla ekki að neinu leyti að blanda mjer inn í þær umr., sem nú hafa fram farið, því mjer finst þær ekki hafa snert málið sjálft svo mikið, en vildi að eins

segja, að hver sem kjördæmaskiftingin framvegis verður, þá þykist jeg vita, að hún muni verða bygð á þeim rjettmætum kröfum, sem unt verður að taka til greina.

Bjarni Jónsson: Jeg vil biðja háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) að minnast þess, að jeg bygði ekki neitt af því, sem jeg hefi sagt, á ályktun, heldur á staðreyndum. Jeg bygði það sem sje á því, sem verndarandi háttv. þm. og aðrir, sem nær honum standa, höfðu sagt um rúmleysið, en ekki á hv. þm. sjálfum.

Annars þakka jeg hv. þm. (Sv. Ó.) fyrir það, sem hann hefir sagt um útiganginn bæði í Dalasýslu og Reykjavík, en mjer er ekki þörf að gjalda honum í sömu mynt, með því mjer er ekki kunnugt um útiganginn á Austfjörðum. En það veit jeg, að hv. þm. (Sv. Ó.) hefir ekki orðið feitur á hnjótonum hjer, því hann hefir ávalt orðið að flýta sjer heim, þegar hann hefir verið búinn að dvelja hjer lítið eitt.

Gunnar Sigurðsson: Jeg get ekki verið samdóma hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um, að ekki sje rjett að skifta kjördæmunum eftir sjávarútvegi og sveitabúskap. Jeg hefi áður bent á Kjósar- og Gullbringusýslu í þessu sambandi; þar er Hafnarfjörður svo langfjölmennastur allra sveita í kjördæminu, að í raun og veru geta kjósendur þar ráðið kjöri beggja þingmanna kjördæmisins. Sama má segja um Árnesýslu, að því er Stokkseyri og Eyrarbakka snertir. Í slíkum sjávarkaupþúnum eiga kjósendur vitanlega mun hægra um vik að sækja kjörfundi, enda er reynslan sú, að í slíkum kaupþúnum nota stundum alt að því helmingi fleiri atkvæðisrjett sinn en til sveita, og geta kaupþún þessi því haft meiri áhrif á kosningar kjördæmanna en þau eiga sanngjarna kröfu á. Eina lækningin við þessu er að skilja stærstu kaupþúnin frá og gera þau að sjerstökum kjör-

dæmum. Kaupútin mundu auk þess una því best, og í mínum augum ætti það að hafa góð áhrif á samvinnuna á milli sjávarþorpa og landbúnaðarsveita. Ummæli hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um það, að sum hjeruð stundi bæði sjávarútveg og kvikfjárrækt, og að þeim hjeruðum mundi erfitt að skifta, koma ekki til greina, þar sem það verða, eftir minni hyggju, að eins hin stærstu sjávarþorp, sem til tals munu koma sem ný kjördæmi. Jeg vil ljúka máli mínu með þeirri ósk, að þinginu auðnist sem fyrst að koma á rjettlátari kjördæmaskipun en nú er.

Jakob Möller: Jeg vona, að háttv. deild fari ekki að orðum hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um það, að samþykkja brtt. hans um að fresta framkvæmd þessara væntanlegu laga um þingmannakosning í Reykjavík. Mjer finst það ærið nóg, ef hv. deild, eins og hann, viðurkennir það fullum fetum, að Reykjavík eigi rjett á að fá 6 þm., en lætur hana svo ekki fá nema 4, þó ekki verði farið að stela af bænum tveim atkv. næstu 3 þingin. En ef hv. þm. (Sv. Ó.) ber svo mjög fyrir brjósti hag minni hlutans í bænum, sem hann lætur, þá hefði hann átt að minnast þess, sem jeg sagði um mál þetta við síðustu umræðu, á annan hátt og bera fram tillögu um, að þingmenn bæjarins yrðu 6.

Mig furðar á framkomu hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), því jeg hefi heyrt það ábyggilega eftir honum haft, að Reykjavík ætti rjett á að fá 6 þingmenn, eða að minsta kosti 4. Raunar heyrði jeg þennan sama hv. þm. segja á fyrsta umræðufundinum, sem hann talaði á, að hann gæti verið óhlutdrægur í því máli, sem þá var til umræðu, og má af því ráða, að hann geti ekki verið óhlutdrægur í öllum málum, og í þessu máli mun hann af einhverjum ástæðum ekki geta verið það. En það er

algerlega ástæðulaust að láta Reykjavík bíða eftir rjettmætri fjölgun þingmanna þangað til ný kjördæmaskipun er komin á, því að hvernig svo sem verður farið með kjördæmaskiftinguna við endurskoðun, þá getur það engin áhrif haft á Reykjavík, með því að henni verður aldrei skift eftir landbúnaði og sjávarútvegi, nje nokkur hluti hennar lagður undir önnur kjördæmi. Hv. þm. er gagnslaust að vera að finna upp slíkar átyllur til að afsaka sig fyrir samvisku sinni og öllum óhlutdrægum mönnum, og væri sœmra að horfast í augu við sjálfa sig og sannleikann.

Um aðalástæðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fyrir brtt. hans, þá sem sje, að þessir 2 menn, sem yrðu kosnir til viðbótar, gætu ruglað þá flokkaskiftingu, sem hann segir að nú sje verið að festa með nýrri stjórnarskipun, er það að segja, að ef sú festa er ekki meiri en svo, að ekki þyrfti annað til að raska henni, þá virðist ekki miklu fyrir að fara. Og að minsta kosti verð jeg að efast um, að það varði svo miklu, þótt hún raskaðist eitthvað, að betra væri að láta Reykjavík bíða 3 þing eftir fullnæggingu þessa hæfilega rjettlætis, sem þingið virðist nú tilleiðanlegt til að skamta.

Eiríkur Einarsson: Jeg vil með fáum orðum gera grein fyrir atkvæði mínu. Mjer finst, að rjettast væri að fella frv. þetta, eins og það er nú fram komið, og láta þingmannafjölgunina í Reykjavík verða samferða gagngerðri endurskoðun kosningalaga og kjördæmaskipunar landsins alls, sem full ástæða er til að hraða sem mest, en eigi er unt að koma í framkvæmd að þessu sinni. Hvers vegna að taka Reykvíkinga hjer eina út úr heildinni? Ósamræmi núgildandi laga um kjördæmaskipun er tilfinnanlegt fyrir fleiri en þá. Má þar til nefna fyrst og fremst Árnessýslu, sem eigi liggur síður á að fá

leiðrjettingu mála sinna í þessum eignum en Reykvikungum. Verður í því sambandi að taka til greina, hver þjóðarstórvirki eiga að framkvæmast þar í austursveitum nú á nálægum tíma, ef alt fer með feldu, og á jeg þar fyrst og fremst við starfrækslu fossanna, stórbúnað og fólksfjölgun, sem maður hlýtur að vænta þar, ef nokkursstaðar á landinu. Þessi almenna endurskoðun kosningalaga og kjördæmaskipunar er eigi þesskonar Grettistak, að Alþingi fái ekki valdið því, nema því að eins, að fyrst sje búið að fjölga þingmönnum fyrir Reykvíkinga um eina 2 eða 4. Óþarft fyrir aðra, sem eiga, ekki síður en Reykvíkingar, sanngirniskröfu á þingmannafjölgun, að vera að sækjast eftir eftirkaupum við þá um fleiri fulltrúa. Best að veitast þar að málum sameiginlega til sameiginlegrar leiðrjettingar strax á næsta reglulega Alþingi, en ekki að vera að taka sig út úr núna.

Gunnar Sigurðsson: Það var að eins örstutt athugasemd: Hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) þótti það undarlegt, að jeg skyldi vera á móti þessu máli nú, en ástæðan er sú, einsog jeg reyndar hefi tekið fram áður, að jeg álít, að ef þetta frv. fer í gegn á þessu þingi, þá verði það til þess að seinka fyrir almennri breytingu á kjördæmaskiftingunni.

Þar sem hv. þm. (Jak. M.) gaf það í skyn, að mjer gengi hlutdrægni til um þetta mál, þá fellur það um sjálft sig, ef menn athuga það, að fái Reykjavík 5—6 þm., eins og þm. Reykv. halda eðlilega fram, en engin breyting verði á öðrum kjördæmum landsins, þá er það beint ranglæti við önnur kjördæmi, er rjett eiga á fjölgun eftir sama hlutfalli.

Hvað snertir tillit til verkamanna, þá álít jeg vafasamt, hvort þeir koma nokkrum að með þessu móti, en það er leitt, ef jafnfjölmennur flokkur sem verkamenn

eru nú orðnir hjer á landi fá engan fulltrúa inn á þing. Rjettlátast og sanngjarnast er það tvímælalaust að láta eitt yfir alla ganga um kjördæmaskipunina, og breyta henni sem fyrst.

Sveinn Björnsson: Háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) gerði grein fyrir atkvæði sínu, en hann var ekki á fundi þegar þetta mál var til 2. umr. Þar voru ástæður þær, sem hann kom með, útræddar.

Hins vegar finst mjer ekki rjett að draga þingmannafjölgun Reykjavíkur upp á spádóma, sem má ske hafa við lítið að styðjast. Jeg held, að ekkert samhengi þurfi að vera á milli væntanlegrar breytingar alment á kjörskipun og þessa frv. Það er hægt að fjölga þm. hjer án þess að kjördæmaskiftingin raskist nokkuð.

Jeg hygg það ekki vera rjett, að menn hjer í Reykjavík sjeu mjög óánægðir með að fá að eins 4 þingmenn; en annars snertir það ekki skoðun mína, því þingmenn eru ekki ætíð skyldir að fara að vilja kjósendanna, heldur eftir sannfæringu sinni.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) færði fram 2 ástæður gegn frv. þessu. Önnur var stórpólitísk og þess efnis, að þetta myndi trufla þá stjórnar- og þingskipun, sem nú væri verið að festa.

Jeg á bágð með að trúa því, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.), sem hefir nú lagt fram þetta frv., hefði lagt til, að það gengi strax í gildi, ef hann hefði sjeð nokkra hættu á, að þing- og stjórnaarskipun mundi raskast.

Hin minni pólitíska ástæðan er, að minni hluti kjósenda hjer í bænum væri beittur ranglæti, ef þetta gengi fram nú. En jeg hygg, að það sje augljóst, að sá minni hluti yrði ekki betur settur, þótt fjölgun þm. yrði dregin fram að næstu reglulegum kosningum. Verkamenn fá ekkert frekar sinn fulltrúa inn með því móti að fresta öllu, nema síður sje.

Jeg óska þess, að nú verði eftir þessa miklu umr. bundinn endir á þetta mál, og vona því, að brtt. verði ekki samþykkt.

Magnús Kristjánsson: Það er nú búið að þvæla svo mikið um þetta mál, að mjer finst ekki á það bætandi, og vil jeg því ekki tefja umræðurnar, en að eins gera grein fyrir atkv. mínu.

Jeg greiði brtt. á þgskj. 71 atkv. mitt. En úr því að um hlutfallskosningu er að ræða, finst mjer ekki rjett að vera að kjósa þm. kjördæmisins í mörgu lagi. Annaðhvort greiði jeg því brtt. á þgskj. 71 atkv. mitt, eða þá jeg greiði atkvæði á móti frv., nema ef hv. þm. Reykv. vildu gefa yfirlýsingu um það, að þeir myndu láta af þingmensku, og kosið yrði með hlutfallskosningu í einu um alla þingmennina. En það býst jeg ekki við að hv. þm. vilji. Annars kemur fram misrjetti, sem jeg vil ekki eiga þátt í að skapa.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg vildi að gera stutta grein fyrir atkvæði mínu.

Sje það rjett, að Reykjavík eigi að fá 2 þm. í viðbót, þá er ekki rjett að hamla því, að hún fái þá þegar í stað. Nú eru alvarleg mál á döfinni, og sje það viðurkent, að Reykjavík eigi að hafa þá hlutdeild í málum þjóðarinnar, sem þetta frv. fer fram á, þá á hún að fá hana áður en þau mál eru tekin til meðferðar. Jeg mun því greiða atkv. með frv. eins og það liggur fyrir.

Jakob Möller: Mjer kemur á óvart samblástur sá, sem nú virðist hafinn á móti þessu máli, nú við lok 3. umr. þess. Háttv. þm. standa upp hver af öðrum og lýsa því yfir, að þeir vilji drepa frv. Mjer finst hv. þm. nokkuð seinir að finna til misrjettisins, sem þeir nú tala svo mikið um.

Jeg benti á það við 2. umr., að ef fjölgunin yrði ekki meiri en nú er ráðgert, þá

væri óvíst, að minni hlutinn, sem fram kom við síðustu kosningar hjer í bænum, gæti komið að nokkrum þm., jafnvel við reglulegar kosningar, og þeir hv. þm., sem nú virðast bera hag þess minni hluta mest fyrir brjósti, hefðu þess vegna átt að samþykkja fjölgunina þegar í stað, eins og farið var fram á í stjórnarfrv. En þá fundu þeir ekkert til misrjettis, en rjettlætistilfinning þeirra hefir ef til vill skerpst þessa daga, sem síðan eru liðnir, og blossom nú svo upp, að þeir vilja helst hana frv., til að fyrirbyggja ranglæti! Hún er alleinkennileg, framkoma þessara hv. þm. Fyrst eru þeir mótfallnir stjórnarfrv.. af því að fjölgunin sje þar sett of mikil, en þegar þeir hafa komið því til leiðar, að þingmannatalan var lækkuð, þá eru þeir alveg andvígir frv., af því að nú sje fjölgunin ekki nægileg! Jeg vona, að þeir hv. þm., sem talað hafa í þessa átt, verði einir um slíka framkomu, því jeg tel hana óheiðarlega og ósæmilega, og ástæður þeirra fyrirlátt og ekkert annað.

Kjördæmaskipunin í heild kemur þessu máli ekkert við, en þó vona jeg, að menn sjái, að fjölgun þingmanna í Reykjavík hlýtur að flýta fyrir bótum í öðrum kjördæmum. Reykjavík er hagur að því, að kjördæmaskipunin sje rjettlát, og betra er að hafa 4 atkv. á þingi en 2, til þess að fá rjettlätinu fullnægt, og auk þess ýtir bótin, sem Reykjavík hefði þá fengið, undir þingið um að unna öðrum kjördæmum sama rjettar.

Eiríkur Einarsson: Mjer þótti háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) taka óþarflega hvast í málabjölluna, þó að við hefðum orðið til að andmæla þessu frv. Við viðurkennum, að Reykjavík hefir fullan rjett til þessarar fjölgunar, ef rjettlátleg þingmanna-fjölgun ætti sjer stað einnig annarsstaðar. En við álitum, að það sje ekki eins aðkallandi fyrir Reykjavík út af fyrir sig og

haldið hefir verið fram af þeim, er fylgja frv. Þegar bætt er úr á einum stað, þá verður að athuga kjördæmaskipunina í heild. Það þýðir ekki að berja það blákalt fram, að þetta tvent eigi ekki saman. Svo er og á það að líta, að það er fleira en talan ein, sem þarf breytingar við. Það er svo margt í kosningalögnum, sem athuga þarf; þar er margt svo loðið og óskýrt, að nauðsynlegt er að draga skarp- ar línur.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) sýndi fram á, hvar þörfin væri mest, og benti hann á, að bæta þyrfti við þingmanni austan- fjalls, og svo mun öllum finnast, er athuga það mál með nokkurri sanngirni, að eigi yfirleitt við að fjölga þingmönnum, þá verði Suðurlandsundirlendið efst á baugi.

Það er talað um, að Reykjavík þurfi að hafa nægilega marga fulltrúa þegar fossa- málin koma til meðferðar, og er það rjett. En því verður ekki neitað, að Árnesing- ar þurfa engu síður að eiga þar fult atkv., því þeir eiga mest undir því, hvort þeim málum reiðir sómasamlega af eða ekki. Það er því í alla staði heppilegt, að málið verði tekið fyrir í heild, enda er allur sel- flutningur óviðkunnanlegur, þegar hann gerist ekki nauðsynlegur.

Háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) lagði þungan dóm á okkur, sem andmælum frv., án þess þó að geta sýnt fram á, að ástæður okkar hefðu ekki við rök að styðjast, og get jeg ekki tekið mjer það nærri, meðan hann getur að engu leyti hnekt ástæðum þeim, er við höfum fram að færa.

Frsm. (Þórarinn Jónason): Jeg ætla ekki að lengja umr., en jeg vil þó fara nokkrum orðum um misskilning, sem kom fram í ræðu háttv. 1. þm. Árn. (E. E.). Hann vitnaði í háttv. þm. Dala. (B. J.) um þingmannafjölgun í Árnessýslu. En hv. þm. Dala. (B. J.) átti ekki við það, eins

og hv. þm. (E. E.) skildi það. Háttv. þm. Dala. (B. J.) kom fram með till. sínar til þess að koma jafnvægi á atvinnuvegina og fulltrúa þeirra á þingi, en hann er háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) ósammála á öðrum sviðum, og þá sjerstaklega á því, sem hv. þm. (E. E.) talaði um.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) benti líka á það, að þingmannafjöldi ætti ekki að mið- ast við kjósendafjölda, og er það rjett. Kjördæmaskipun okkar er ekki byggð á kjósendafjölda, heldur hefir verið litið svo á, að hvert hjerað ætti kröfu til að ha- sjerstakan fulltrúa, hversu fáment sem það væri. Bæjarfjelögin eru hliðstæð og ættu því ekki að standa betur að vígi, en þó leit nefndin svo á, að taka bæri eitthvert tillit til þess mikla fjölda, sem í Reykjavík er, og þá væri hæfilegt, að hún hefði 4 full- trúa.

Þó að þetta frv. yrði að lögum, þá ætti það ekki að standa í vegi fyrir því, að kjördæmaskipunin yrði endurskoðuð í heild, heldur miklu frekar að ýta undir það, eins og bent hefir verið á.

ATKVGR.

Brtt. 58. samþ. án atkvgr.

— 71. feld með 20 : 4 atkv., að við- höfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv.

nei: J. A. J., J. S., M. G., M. P., Ó. P., P. O., P. P., S. St., St. St., Sv. B., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., G. Sv., Gunn. S., H. K., Jak. M.

E. E. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Frsv., svo breytt, samþ. með 16 : 5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 9. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um þingmannakosning í Reykjavík,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 76).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki verið ánægður með breytingar þær, sem hv. Nd. gerði á frv., að þingmannatalan var færð niður og að eins bætt við tveimur þm.

En það verður best, ef þinginu á að verða slitið fyrir helgi, að hv. deild samþ. frv. óbreytt frá Nd., enda þótt rjettlætiskröfum Reykjavíkur sje alls ekki fullnægt með því. En betri er hálfur skaði en allur. Jeg vil leggja til, að frv. verði vísað til stjórnarskrárnefndar, sem gæti afgreitt það fljótt.

ATKVGR.

Frsv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til stjórnarskrárnefndar (sjá A. bls. 306) með 12 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 26 febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 76, n. 92, 103).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 103. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg hefi ekki mikið um málið að segja. Það sjest á nál., að nefndinni hefir komið saman um, að frv. nái fram að ganga, og þar sem tíminn er svo naumur, varð nefndin sam-

mála um að láta Reykjavík fá þessa 2 þm.

Í síðustu grein frv. er villa, sem nefndin hafði ekki tekið eftir, en hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) benti okkur á, og við þökkum honum, sem sje að lögin gangi strax í gildi, en það geta þau ekki samkvæmt stjórnarskránni.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil að eins geta þess, að jeg á ekki heiðurinn af að hafa fundið gallann, heldur var það skrifstofa þingsins, sem benti mjer á hann. Þeim heiður, sem heiður ber.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg stend að eins upp til þess að geta þess, að jeg vissi ekki annað en að lagfæringin væri ættuð frá hv. form. nefndarinnar (Jóh. Jóh.); hann hafði ekki látið annars getið við nefndina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 103. samþ. með 13 shlj. atkv.

12 gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frsv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d. (26. febr.), kl. 5½ síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 76, með áorðnum breytingum samkv. atkvgr. við 2. umr., 132).

Of skamt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 132. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Jóhannes Jóhannesson: Meiri hluti

stjórnarskrárnefndar hefir komið fram með brtt. um að fjölga þingmannatölu Reykjavíkur um einn fram yfir það, er háttv. Nd. lagði til. Það hefir verið sýnt fram á það í hv. Nd. með óhrekjanlegum rökum, að Reykjavík á fulla kröfu til 6 þingmanna. Þó hefir sú hv. deild ekki viljað veita henni meira en 4. En stjórnarskrárnefnd væntir þess, að hv. Ed. sýni Reykjavík þá sanngirni, og fullnægi að svo miklu leyti rjettarkröfum hennar, að fjölga þingmönnum upp í 5. Jeg ber það traust til hv. Nd., að hún muni þá einnig slaka til, ef breyting þessi yrði samþykkt í þessari hv. deild.

Í gærkvöldi var haldinn fjölmennur borgarafundur hjer í bænum, og þar var samþ. að halda fast við kröfuna um 6 þm. Enda þótt nefndin fallist á, að Reykjavík eigi kröfu til 6 þm., vill hún þó til samkomulags við Nd. takmarka töluna við 5. Ef þetta þing gengur svo fram hjá kröfum Reykjavíkur, að hún fái ekki nema 4 þm., þá mega menn vera vissir um, að strax á næsta þingi verður krafan um 6 þm. aftur borin fram. En fái hún 5 þingmenn nú, er líklegt, að hún láti sjer það nægja þangað til kjördæmaskiftingin hefir verið athuguð og endurbætt í heild sinni. Jeg vil ekki vekja deilur um þetta mál; það er ekki síður hjer í deildinni að deila um málin, heldur ræða þau með rökum.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg kann ekki við annað en segja fáein orð í þessu máli. Jeg var meðmæltur frv. þessu, en nú er komið fram álit meiri hluta stjórnarskrárnefndar, sem vill breyta því. Jeg verð að segja, að ræða háttv. þm Seyðf. (Jóh. Jóh.) hljómaði vel, og ekki er mikið fyrir Reykjavík, þó hún fái 5 þm. En jeg held, að þó að Reykjavík fái þessu framgengt, þá hætti hún engu að síður við að krefjast 6 þingmanna. Jeg hugsar, að það komi í ljós, að það var ekki

að öllu leyti út í loftið, sem nefndin lagði til í Nd. Mjer skildist af ræðu háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), að hann byggist við, að háttv. Nd. myndi slaka til, en það tel jeg þó ekki víst, þar sem 20 voru á móti. Það er meiri virðing en jeg get vonast til að hún sýni háttv. Ed. Ef slakað er til nú, koma aðrir á næsta þingi og heimta fjölgun þingmanna hjá sjer. Og þó reynt væri að gera öllum jafnt undir höfði í þessu efni, þá gæti þó svo farið, að þingið sprengdi utan af sjer húsið áður en allir yrðu ánægðir. Jeg er alls ekki á móti því, að Reykjavík fái 5 þingmenn, ef það væri ekki svo athugavert frá því sjónarmiði, sem jeg hefi nú bent á, að fleiri kjördæmi kæmu á eftir. Það yrði 1 kjördæmi fyrir ofan með þingmannatölu, og þrjú lítið eitt fyrir neðan. Jeg tel þetta varhugavert. Á endanum yrðu þingmenn helmingi fleiri en þörf er á.

Jeg þarf svo ekki að segja meira. Hv. þm. sjá, af hvaða ástæðu jeg get ekki verið með brtt.

Halldór Steinsson: Mjer finst fult rjettlæti í því, að brtt. þessi nái fram að ganga, þótt eðlilegra hefði verið að endurskoða um leið kjördæmaskipunina í heild sinni og bæta úr verstu göllunum einnig utan Reykjavíkur. Það langvitrasta, sem komið hefir fram í þessu máli, er till. háttv. þm. Dala. (B. J.). Hefði hún verið samþykkt, þá væri ráðin mikil bót á ósamræmi því, sem nú er á kjördæmaskipuninni. Auk Reykjavíkur eru það sjerstaklega Suður-Þingeyjarsýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla og Barðastrandarsýsla, sem hafa of fáa þingmenn, borið saman við kjósendatölu. Þótt till. þessi frá hv. þm. Dala. (B. J.) fjelli í Nd., og jeg sæi ekki ástæðu til að koma með hana fram fyrir háttv. Ed., þá finst mjer ekki rjett að láta Reykjavík gjalda þess, að önnur kjördæmi eru órjetti beitt.

ATKVGR.

Brtt. 132,a. samþ. með 8 : 3 atkv.

— 132,b. — — 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 : 1 atkv.
og endursent Nd.

Á 15. fundi í Nd., s. d. (26. febr.), kl. 6,15 síðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um þingmannakosning í Reykjavík,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 139).

Á 18. fundi í Nd., laugardaginn 28. febr., kl. 10 árdegis, var frv. tekið til einnar umr. (A. 139, 149, 151, 156).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Þetta frv. fór hjeðan úr deildinni yfirlætislaust og óbrotið, og fór fram á 4 þingmenn fyrir Reykjavík. En háttv. Ed. hefir nú bætt við 5. þingmannsefninu, og er enginn þess dulinn, að áhrifa Reykvíkinga hefir gætt þar, og er það sönnun fyrir því, sem jeg og aðrir hjeldu fram um það efni, er málið var rætt hjer í deildinni um daginn. Bæjarbúar hafa sent sendinefnd á fund þingsins, og hefir niðurstaðan orðið sú, að háttv. Ed. hefir fært tölu þm. Reykjavíkur upp í 5, en jeg vil ekkert um það segja, hve mikinn þátt sendinefndin hefir átt í því. En háttv. Ed. hefir gert þetta að nokkru leyti í eiginhagsmunum skyni, því hún ætlaði sjer þann, sem við bættist, og hún hefir verið svo ákøf, að hún hefir ekki hlíft stjórnarskránni, því þar stendur, að 8 menn skuli kosnir úr sameinuðu þingi til Ed. Háttv. þm. Mýra (P. Þ.) hefir viljað bjarga stjórnarskránni, en hann hefir með því gert háttv. Ed. ógreiða, því hann vill, að maðurinn nýi bætist við þessa deild.

Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Jeg ætla ekki að fara út í málið sjálft. Það hefir verið rætt svo hjer áður, að frekari umr. verða að eins endurtekningar. Jeg held enn þá við þær ástæður, sem jeg hefi flutt fram í þessu máli, og sama er um meiri hluta nefndarinnar að segja. Hann hefir leyft sjer að koma með brtt. á þgskj. 156, þess efnis að setja frv. í sama form og áður. Jeg vona, að þeir, sem greiddu atkvæði með því síðast, verði einnig til þess nú, en annars má marka áhrif Reykvíkinga á atkvæðagreiðslunni, því hún var ljós síðast, og ný rök hafa ekki komið fram, sem hefðu getað breytt skoðunum háttv. þm.

Jakob Möller: Jeg vil ekki stofna til langra umr. að þessu sinni. Jeg veit ekki, hvort háttv. deildarmenn hafa lagt fullan trúnað á það við síðustu umr., að Reykvíkingum væri það alvara, að halda kröfum sínum til streitu, en nú geta þeir ekki verið í vafa lengur. Því hefir verið komið til leiðar, að frv. var breytt í hv. Ed. og það sent hingað aftur, þó að öllum væri ljóst, að það mundi ekki vera með öllu hættulaust. Mjer skildist á háttv. frsm. (Þór. J.), að hann furðaði sig á festu Reykvíkinga, en jeg skil ekki, að nokkrum manni geti þótt það undarlegt, þótt þeir vilji ekki láta traðka rjetti sínum. Þeir hafa nú snúið sjer til þingsins í því trausti, að það mundi ekki virða einróma kröfu þeirra algerlega að vettugi. Er þá að eins eftir að vita, hvernig þingið verður við því.

Það hafa engin rök verið færð gegn því, að Reykjavík ætti rjettmæta kröfu til 5 eða 6 þingmanna, hvort sem miðað er við fólksfjölda eða annað. Jeg veit ekki til, að þetta hafi verið dregið í efa, nema af háttv. frsm. (Þór. J.). Hann benti á það, að hver hreppur kysi að eins einn mann í sýslunefnd, án tillit til stærðar

eða fólksfjöldi eða atvinnuvega, og var það vel valið dæmi af honum, því að hreppapólitíkur kennir mjög í ræðum hans um þetta mál. En það eru ekki allir hv. þm., sem vilja láta stjórnast af hreppapólitík, og fyrir þeim sannar þessi sam-
anburður ekki neitt. Annars skýtur háttv. þm. yfir markið með þessari röksemda-
færslu, því að mörg kjördæmi kjósa, eins og kunnugt er, 2 menn á þing, en enginn hreppur nema einn mann í sýslunefnd. Ef hreppadæmið ætti að vera hliðstætt, þá ætti ekkert kjördæmi að kjósa nema 1 þingmann. Kjördæmi háttv. frsm. (Þór. J.) sjálfs, Húnavatnssýsla, hefir fleiri en einn þingmann, einmitt vegna þess, að það er eitt af hinum stærri og fjölmennari kjördæmum landsins og nýtur þannig fólksfjöldi síns. Er með því sýnt, að aldrei hefir verið farið eftir sömu reglu um alþingiskosningar og sýslunefndarkosningar. En ef farið er eftir fólksfjöldi, þá á Reykjavík heimting á 6 þingmönnum, ekki síður en Húnavatnssýsla á 2. — Enn má sýna það með dæmum, þrátt fyrir fullyrðingar háttv. frsm. (Þór. J.), og þvert ofan í þær, að kjördæmaskipun hefir verið hagað eftir atvinnuvegum. Eða hvers vegna voru kaupstaðirnir Seyðisfjörður, Akureyri og Ísafjörður gerðir að sjerstökum kjördæmum? Auðvitað vegna þess, að þeir áttu annara hagsmuna að gæta, vegna atvinnuvega sinna, en kjördæmin, sem þeir voru áður í sambandi við. Þá hafa andmælendur hengt hatt sinn á það, að fleiri kjördæmi sjeu afskift en Reykjavík. En það er algerlega óleyfileg röksemdafærsla að halda því fram, að Reykjavík eigi að gjalda þess og þess vegna að halda áfram að vera verst sett. Þeir, sem finna til þess, að mörg kjördæmi eru órjetti beitt, ættu að verða fyrstir til að laga eitthvað, ef þess er kostur. Auk þess má geta þess, að landbúnaðarsveitirnar eru í heild sinni

betur settar í þessu efni en aðrar, og gerir því ekki eins mikið til, þótt einhverjar ójöfnur sjeu á milli þeirra innbyrðis.

Því verður ekki mótmælt, að Reykjavík á sjerstakra hagsmuna að gæta á þingi, og á hún því fremur heimtingu á því að hafa eins mikið atkv. um landsmál og önnur kjördæmi, og það er þeim hættulaust, því að hagsmunir Reykjavíkur koma yfirleitt ekki í bága við hagsmuni þeirra.

Háttv. andmælendum frv. er eins ráðlegt að hætta alveg að reyna að færa rök fyrir sínu máli. Þeir vita það fyrirfram, að það tekst ekki. Málið er svo einfalt, að það er ekki um að villast, hvorum megin rjetturinn er. Þeir háttv. þm., sem greiða atkv. á móti frv., vita það, að þeir eru að traðka skýlausum rjetti Reykjavíkur og fremja ofbeldisverk, og þeir verða að geta horfst í augu við samvisku sína og viðurkenna það hátt og í hljóði og standa hreinskilnislega við atkvæði sitt frammi fyrir Reykvíkingum og sínum eigin kjósendum.

Það er vitnað í það, að margir þm. sjeu búsettir í Reykjavík. Það er satt, en hvaða gagn er Reykjavík að því? Ef háttv. þm. gætu bent á dæmi þess, að þeir þm., sem búsettir eru í Reykjavík, hafi dregið hennar taum, þá gæti verið vitglóra í þessum framslætti, en meðan svo er ekki, þá getur þessi „ástæða“, sem háttv. andmælendur leyfa sjer að benda á, ekki átt kröfu til þess að vera tekin til greina. Hjer í deildinni eru margir hv. þm. búsettir í Reykjavík, en kosnir af öðrum kjördæmum, og að eins einn — segi og skrifa einn — þeirra greiddi atkvæði með ótvíræðum rjetti hennar til þingmannafjölgunar, en 2—3 úr öðrum kjördæmum. Á því má nokkuð marka um það, hve mjög þessir „búsettu“ þingmenn Reykjavíkur bera hag hennar fyrir brjósti!

Háttv. þm. mega vera sannfærðir um það, að Reykvíkingum er full alvara að

halda málinu til streitu. Um þessa kröfu hafa sameinast andstæðir flokkar í bæn-um, sem annars geta aldrei fylgst að mál-um, og jeg vil benda á það, að annar flokkurinn gerir það áreiðanlega ekki í hagsmunaskyni. Ef þingmennirnir verða 5, þá verður það til þess, að minni hluta flokkurinn, sem undir varð í kosningun-um í haust, getur komið að einum þing-manni. Meiri hlutinn „græðir“ það eitt á fjölguninni, að andstæðingarnir geta þá komið að manni. Hann er því að vinna á móti hagsmunum sínum, metur rjett-lætið meira en flokka, er hann nú tekur höndum saman við minni hlutann um það, að halda kröfunni um fimta þingmanninn sem fastast fram, þrátt fyrir það, að öll-um mátti vera augljóst, að málinu gæti verið nokkur hættu búin af því. Jeg vona, að háttv. þm. taki sjer dæmi þetta til fyrirmyndar, því þeim dylst það væntan-lega ekki, að rjettlætið heimtar, að frv. sje samþ. óbreytt.

Sveinn Björnsson: Það hafa mörg orð verið töluð um þetta mál við aðra umr., og gild rök hafa verið færð fyrir rjettmæti kröfu Reykjavíkur um að fá 5 eða 6 þing-menn. Jeg ætla að reyna að forðast að rifja upp eins mikið af þessum umr. og jeg kemst hjá. Háttv. þm. muna eflaust rökin og taka eflaust tillit til þeirra, eft-ir því sem þeim er unt, skoðana sinna vegna.

Það hefir komið til orða á mörgum undanförunum þingum, að Reykjavík fengi fleiri þingmenn, og fáir háttv. þm. hafa gerst svo djarfir, að mótmæla því, að Reykjavík hefði rjett til þess, enda segir kjósendafjöldi, skifting atvinnuvega, gjöld Reykjavíkur í landssjóð, og það, að hún er höfuðborg landsins, svo til, að ekki er um að villast. Síðasta þing gerði ráð fyr-ir þessari fjölgun. Það setti í stjórnar-

skrána ákvæði um það, að kjósa mætti hlutfallskosningu í Reykjavík. Þetta er stjórnskipulegt loforð, og jeg vona, að þeir háttv. þm., sem sátu hjer í fyrra, ætli ekki að brjóta það, þótt það hafi heyrst á einum þm. eða svo, en hann hefir von-andi engin áhrif í þessu máli, enda gat hann ekki fært nein rök fyrir fullyrðing-um sínum. Háttv. þm. ætla að reyna að halda þetta loforð, en þeir tylla svo tæpt, sem verða má. Þeir vita, að hlutfallskos-ningar geta ekki farið fram um færri en 2, og ætla þá að láta sitja við það minsta, sem hægt er að fjölga um.

Jeg vona, að mönnum skiljist það, að umr. snúast ekki um það, hvort eigi að fjölga. Það er viðurkent. Um það er deilt, hvað menn vilja komast nálægt rjettlæt-inu. Fláfarandi stjórn hikaði ekki við að hafa það sémilegt; hún hikaði ekki við að leggja til, að bætt yrði við 4. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.), sem þá var og nú er, heldur fast við þetta atriði. Hann hefir notið mests trausts þingsins til að fara með stjórn landsins, og það er einkenni-legt, að þeir menn, sem treysta honum svo vel um það mikilvæga starf, skuli ekki virða óskir hans meira en raun ber vitni um í þessu efni. Hann lýsti því yfir, að hann legði áherslu á stjórnarfrv., en þessari deild þóknaðist að fara eins skamt og hugsanlegt var.

Málið fór upp til háttv. Ed., og henni þótti of skamt farið. Hún breytti tölunni í 5, hefir líklegast þótt rjettast að hafa þá 6, en viljað rjetta út höndina til samkomu-lags. Málinu er þá þannig komið. Hjá fjölgun verður ekki, komist, og nú er um tvent að velja fyrir þessa deild, annað-hvort að halda áfram að þrjóskað við rök-um og rjettlæti og stíga í sama sporið, eins langt frá því, sem rjett er, og hún getur komist, eða taka í útrjetta hönd hv. Ed.

Það ætti að vera óþarfi að benda á það,

að stjórnskipulegt hlutverk Ed. er að halda aftur af, er að sporna við því, að Nd. gangi of langt. Deildin er líka gætin; það rjetta væri 6, en hún leggur til 5. Það má ekki líta á það í þessu sambandi, þó Nd. hafi verið svo laðgt frá því, sem henni bar að vera. Eðlilegt hefði verið, að hún hefði lagt með fjölgun upp í 6 þingmenn, og er þá afstaða Ed. eins og búast má við af gætnari deildinni. Mjer finst Nd. mega þakka hv. Ed. fyrir, að hún hefir gefið Nd. þetta tækifæri, og ætti hún ekki að láta það ganga sjer úr greipum, en taka í höndina.

Á frv. hefir ekki orðið önnur breyting í hv. Ed. en að einni tölu hefir verið breytt, og svo gerð breyting á tölu þm. í deildunum. Um þá breytingu tala jeg seinna, en hina hefi jeg talað um; það er samkomulagsbreyting, og finst mjer sjálfsagt, að deildin fallist á hana.

Þetta kemst nærri rjettlæti, að þingmannatalan sje 5, og með því mundu margra ára kröfur þagna. Jeg hefi tekið eftir því, að margir hafa litið svo á, að 2 þm. væri svo lítil úrbót, að vjer værum litlu bættari eftir. Hv. Ed hefir líka komið rjettilega auga á það, að þetta væri alveg ófullnægjandi. Það hefir komið hjer til tals, að hlutfallskosningin væri til þess að gæta rjettar minni hlutans. En nú vita þeir, sem hlutfallskosningum eru kunnugir, að minni hlutinn hjer er svo staddur, að hann fær ekki eins mikil rjettindi, ef þingmannatalan stendur á jafnri tölu. Þeir, sem vilja fjölga þingmönnum um 3, vilja einmitt taka nægilegt tillit til minni hlutans. Og jeg vænti, að menn taki fult tillit til þessarar úrbótar, sem hv. Ed. hefir fundið.

Jeg skal jafnframt geta þess, að það er ekki alveg þýðingarlaust, hvort kjósendur í Reykjavík hafa ástæðu til þess að vera óánægðir yfir úrslitum þessa máls eða ekki. Eins og vjer vitum, hefir verið töluverður rígur milli kaupstaðarbúa og sveita-

manna, og sumir hafa orðið til að ala á honum. Og jeg veit, að synjun þessa máls mundi ekki draga úr honum. Jeg veit, að sumir líta svo á, að móthróinn gegn þingmannafjölgun Reykjavíkur eigi rót sína að rekja til þessa rígs. Þetta tel jeg mjög óheppilegt. Jeg tel hitt miklu betur farið, að gert sje sem mest að því að uppræta þennan kala. Og þess skal getið, að Reykjavík yrði sannarlega ekki of vel sett, þótt hún hefði 5 þingmenn, því að oss telst svo til, að að eins eitt kjördæmi mundi samt sem áður ver sett.

Mjer þótti leitt, að hv. frsm. (Þór. J.) skyldi láta sjer þau orð um munn fara, að Ed. hefði orðið hjer fyrir áhrifum, sem væru á takmörkum góðs og ills, og sannaðist þar með ástæðan gegn því að fjölga þingmönnum eftir höfðatölu. Nú vil jeg spyrja: Höfum við þm. Reykjavíkur beitt þessum áhrifum? Jeg neita því. Jeg hefi yfirleitt reynt að gera grein fyrir mínu máli með því að nota málfrelsi mitt hjer í deildinni. Öðrum áhrifum hefi jeg ekki beitt. — En ef þetta er rjett, að hjer sje um svo hættuleg áhrif að ræða, þá væri vitanlega rjettast, að Reykjavík hefði engan fulltrúa á þingi. Hún ætti þá að geta komið öllum sínum málum fram eftir sem áður. En jeg fæ ekki skilið, hvernig hægt er að segja, að það vegi upp á móti þessum áhrifum, hvort fulltrúar Reykjavíkur verða einum fleiri eða færri.

Jeg skal ekki fara langt út í þá sálma, að skipun Ed. færi í bága við 26. gr. stjórnarskrárinnar, ef þessi breyting yrði samþykkt. Jeg hygg, að það sje í fullu samræmi við stjórnarskrána, að 15 þingmenn eigi sæti í Ed. Þingmannatölu þessarar deildar má breyta með lögum. Þó að gert sje ráð fyrir, að 6 þingmenn þessarar deildar skuli vera kosnir hlutfallskosningu, þá stjórnast það ákvæði af ákvæðinu, sem á undan er komið. Hjer er alls ekki um stjórnarskrárbrot að ræða. En af því að

brtt. hv. þm. Mýra. (P. Þ.) skýrir þetta nánar. Þá er rjett að samþykkja hana.

Jeg vænti þess, að hv. þingdeildarmenn láti að eins stjórnast af rólegri athugun, er þeir fella úrskurð um þetta mál, en láti ekki stjórnast af tilfinningum nje hinu, að einhverjir kunni að hafa haft áhrif á þá

Gunnar Sigurðsson: Það er nú komið fram, að mín skoðun hefir verið rjett, sú, að láta enga breytingu verða á þingmannaskipuninni fyr en kjördæmaskipunin væri öll endurskoðuð. Menn verða að sjá það, að það eru fleiri kjördæmi en Reykjavík, sem eiga heimtingu á fleiri þingmönnum, t. d. Hafnarfjörður og Árnessýsla. Jeg verð þess vegna að halda fast við þá skoðun mína, að kjördæmaskipunin verði sem fyrst endurskoðuð, og þá mundi Reykjavík fá 5 eða jafnvel 6 þingmenn. En ef þingmönnum Reykjavíkur verður fjölgað um 2—4 að þessu sinni, þá treysti jeg ekki sanngirni sumra þingmannanna. Sjerstaklega ekki þm. Reykjavíkur, til þess að láta önnur kjördæmi fá þá þingmannatölu, er þeim ber eftir sama mælikvarða.

Pjetur Þórðarson: Jeg skal ekki fara út í þá sálma, hvort Reykjavík á meiri eða minni rjett til þingmannafjölgunar, en hitt er víst, að mikill meiri hluti þingmanna vill, að þingmönnum verði fjölgað. Hitt er ágreiningsefni, hversu mörgum þingmönnum á að bæta við. Og það kom fram í deildinni um daginn, er málið var hjer til 1. umr., að margir vildu bæta við 2 þingmönnum.

Jeg minnst þess ekki, að færðar hafi verið fram neinar verulegar ástæður móti því, að Reykjavík fengi 3 þingmenn í viðbót. Jeg hefi ekki heyrt á ræðum þm., að það gæti haft neinar skaðlegar afleiðingar. Jeg verð að segja það, að við getum tekið máli þessu rólega, því að það skiftir í

sjálfu sjer litlu máli fyrir deildina, hvort þingmönnum verður fjölgað um 2 eða 3. Að þessu leyti get jeg látið mjer liggja það í ljettu rúmi, hvort verður ofan á. En þó hallast jeg heldur að breytingu Ed., að því leyti, er þingmannafjölgun snertir Aftur á móti tel jeg það koma í bág við síðustu málsgrein 26. greinar stjórnarskrárinnar að fjölga þingsætum Ed. Og að því lýtur brtt. mín á þgskj. 151., að færa þetta í lag, ef þessi hv. deild vildi bæta við 3. þm., því þá leið, að fjölga þm. Ed. um leið og þm., kosnum hlutbundnum kosningum, er fjölgað, verð jeg að álíta ósamrýmanlega áður nefndri stjórnarskrárg. En mjer heyrst á sumum hv. þm., að þetta skifti í sjálfu sjer ekki svo miklu máli, að deilandi sje um. En jeg álít, að svona beri að skoða þetta atriði, og því sje nauðsynlegt að breyta þingmannatölunni í þá átt, sem hjer er farið fram á. Þó hefði jeg heldur kosið að heyra skoðun hæstv. forsætisráðherra á þessu atriði, áður en jeg held því frekar til streitu, að breyting þessi sje nauðsynleg. Annars er þetta víst atriði, sem deila má um, hvort sem menn eru lögfræðingar eða ekki. En jeg álít nauðsynlegt að breyta þessu í þá átt, sem brtt. mín fer fram á.

Pjetur Jónsson: Mjer líst svo á, að frv. þessu verði siglt í strand, og að Reykjavík eigi bæði beinan og óbeinan þátt í því, af því að hún hefir með svo miklum ofsa fylgt því fram, að þingmannatalan fari eftir kjósendatölunni. Jeg hjelt því fram áður, að það væri ástæðulaust að fara fram á svo mikið, meðan jöfnuður kæmist ekki á í þessu efni í öðrum kjördæmum. En þó að jeg hjeldi því fram, að Reykjavík mætti vel hlíta við 4 þingmenn meðan svo stæði, þá þykir mjer engin veruleg ósanngirni í, þó þeir verði 5. Jeg vil ekki setja málið í strand og mun því geta greitt atkvæði með frv. eins og það kemur frá Ed.

Það var líka annað, sem hefir áhrif á skoðun mína í þessu máli. En það er, að jeg álít heppilegt, að höfð sje oddatalan, og sjerstaklega kemur það sjer vel, þegar kosið verður næst, því að hlutfallskosning á 2 þingmönnum nýtur sín ekki. En með oddatölunni nytu flokkarnir sín betur, og það álít jeg mikils virði.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil skírskota til ræðu hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.), og vona jeg, að hv. deild láti sannfærast um það, að ekki sémir annað en að samþ. frv. eins og það nú er. Jeg vil leggja sjerstaka áherslu á það, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að með því að bæta við 3 þm. njóta flokkarnir sín, annars ekki. Og ef Reykjavík fær nú þessa viðbót, býst jeg við, að hún láti sjer hana nægja um nokkuð langan tíma. Annars hjer áreiðanlega ekki tjaldað nema til einnar nætur. Það getur heldur ekki skift miklu máli fyrir þingið, hvort bætt er við 2 eða 3 þm., úr því bætt er við, og á það að líta, að með 2 eru Reykvíkingar harðóánægðir, en setta sig hins vegar við 3.

Frsn. (Þórarinn Jónsson): Jeg ætla að vera stutturður, enda finst mjer þess full þörf.

Hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) tók það fram, að jeg mundi hafa litið svo á, að þetta væri ekki alvara Reykvíkinga, en nú væri það fram komið, svo ekki yrði efast um það lengur. En jeg verð að segja það, að jeg hefi aldrei efast um, að svo væri; jeg hefi frá því fyrsta fundið, hve miklu kappi var beitt í málinu. Hv. þm. (Jak. M.) talaði um, að ef þetta næði fram að ganga, svo sem til væri ætlast, væri engin hætt á ferðum fyrir landið. (Jak. M.: Nei, jeg sagði, að málinu væri hætt). Það lá töluverður þungi í þessu hjá hv. þm. (Jak. M.), en ekki vil jeg samt skilja það sem hótun, þótt maður hafi fengið að heyra

ýmislegt undanfarið. Þá sagði sami hv. þm. (Jak. M.), að skynsamleg rök hefðu ekki verið færð gegn því, að Reykjavík ætti ekki kröfu til 5 eða 6 þm.

Jeg tók það fram, að kjördæmaskifting landsins hefði alls ekki verið bygð á fólksfjölda í fyrstunni, hún hefði beinlínis verið bygð á hjeraðaskipun; það var sama, hvernig atvinnuvegum íbúanna var hátt, að það voru settir einn eða tveir þm., álitnið rjett, að lítið kjördæmi hefði einn þm., stærra kjördæmi tvo. Það er því ger-samlega rangt, að engin rök hafi verið færð í þessu efni. Ef það eru ekki rök að vísa til, hvernig hagað er kjördæmaskipun á landinu, og sýna fram á, að hjer er verið að fara inn á áður óþektar brautir, sem sje að láta fólksfjölda einan ráða, þá fæ jeg ekki sjeð, hvað eru rök. Rökþrotin eru einmitt hjá hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.), því að hann hefir ekki fært rök fyrir því, hvers vegna aðrar reglur eigi að gilda fyrir hina hluta landsins en Reykjavík. Heldur hv. þm. (Jak. M.) t. d., að það hafi verið kjósendafjöldinn á Seyðisfirði, sem olli því, að hann var gerður að sjerstöku kjördæmi? Jeg held ekki, heldur var það sú ástæða, eins og jeg hefi drepnið á, að kaupstaðurinn er sjerstakt hjerað með sjerstakri hjeraðsstjórn, og þótti því sann-gjarnt, að hann hefði einnig fulltrúa á þingi. Þetta nægir til að sýna rjettmæti þess, er jeg hefi haldið fram, að það er miklu fremur hjeraðsskipun en kjósendafjöldi, sem ráðið hefir kjördæmaskiftingunni. Þetta kalla jeg rök, hvað sem öðrum finst, og meðan þessi meginregla gildir hjá oss um kjördæmaskipunina vil jeg ekki fjölga þm. Reykv. meira en í 4. Ef meiri breyting á að verða á þm. höfuðstaðarins, þarf að endurskoða kjördæmaskiftinguna alstaðar á landinu.

En jeg gæti nærri trúað því, að ef fjölgað yrði þm. Reykvíkinga eins mikið og þeir hafa nú sagt sig ánægða með, myndi ekki

eins flýtt endurskoðun kjördæmaskipunar, og þetta skín einnig í gegn hjá hæstv. forsetisráðh. (J. M.), og þegar jeg hefi orð hans fyrir mjer, þá verð jeg af þeirri ástæðu enn þá tregari á að ganga lengra en nefndin lagði til.

Hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) talaði um, að þetta væri ofbeldisverk, en hann færði engar ástæður fyrir því, hvers vegna það væri það, og þess vegna eru allar hans röksemdir einskis virði, þegar litið er á þá meginreglu, sem farið hefir verið eftir við kjördæmaskiftinguna upphaflega. Reykjavík leggur svo og svo mikið til landssjóðs, segir hv. þm. (Jak. M.). En því fer þá háttv. þm. ekki fram á, að peningamennirnir fái svó og svo mörg atkvæði yfir að ráða við þingkosningar? Og svo er sami hv. þm. (Jak. M.) í öðru orðinu að tala um öreigalýðinn; hann er, held jeg, að reyna að láta öllum kjósendum þykja gott að heyra til sín. — Ef þetta verður dæmt ofbeldisverk, þá held jeg, að þessi aðferð Reykvíkinga verði engu síður kölluð það, þegar þeir eru að hóta að gera eitt-hvað stórt og hættulegt, ef þeir geti ekki látið báðar deildir þingsins í vasa sinn, þegar þeir fyrst reyna til þess.

Þá gat sami hv. þm. (Jak. M.) þess, að hinir kjördæmakosnu Reykvíkingar hefðu ekki verið með þessu áhugamáli bæjarins, og þó rjett í sömu andránni, að einn kjördæmakosinn Reykvíkingur hefði verið með því.

Því verður ekki neitað, held jeg, að Reykvíkingar hafi áhrif á þá hv. þm., sem hjer eru búsettir, og er það að vonum; þeir eru orðnir rótgrónir hjer og hagar Reykjavíkur um leið orðinn þeirra hagar, og þeir þurfa ekki að vera neitt á móti hagsmunum síns hjeraðs eða kjördæmis. Þótt þeir unni Reykjavík sanngirni.

Það hefir verið talað um, að Reykjavík standi miklu betur að vígi en nokkurt annað kjördæmi, af því að þingið er háð

hjer, og háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) fór líka að minnst á þetta, og af hverju? Af sanngirni býst jeg við. Eða getur nokkrum dottið í hug, að háttv. þm. (Sv. B.) hafi farið að tala um þetta af ósanngirni? (Sv. B.: Jeg var að halda fram hugsanagangi háttv. frsm. (Þór. J.)). Nei, háttv. þm. (Sv. B.) hjelt fram sínum eigin hugsanagangi. Og jeg tók það einmitt fram, að það væri sama, hvort áhrifin kæmu frá utanþingsmanni eða þm. Þessi aðstaða skiftir svo ósegjanlega miklu. En jeg er ekki með þessu að segja, að það sjeu altaf slæm áhrif, og geta þó verið skiftar skoðanir um það; t. d. sagði háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) við 1. umr. þessa máls, að það gæti hugsast, að það væru slæm áhrif.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) talaði um hv. Ed. með mjög miklum lofsorðum. Jeg býst við, að það hafi verið afleiðing þess, hvernig hún tók í málið, en að það sje ekki svo, að hann myndi ávalt gefa henni slíkan vitnisburð. En jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að þar hafi verið gert alt, sem hægt var, til þess að hafa áhrif á hana, og það er að minsta kosti áreiðanlegt, að hv. Ed. hefir ekki hugsað þetta mál mjög ítarlega, en það er afsakanlegt, þegar þingtíminn er næstum því á enda, en þó er nokkuð mikið að gert, finst mjer, þegar farið er að misþyrma stjórnarskránni til að koma þessu máli fram. Jeg get ekki skilið það eftir 26. gr. stjórnarskrárinnar, að Nd. eigi nokkru sinni að kjósa nema 8 þm. til Ed., auk þeirra landsk. þm., sem eiga að sitja í Ed. (Sv. B.: Þeir eiga að vera sex). Það má breyta tölu þeirra með lögum, en það er ekki hægt að breyta tölu þeirra þm. með lögum, sem þingið kys upp í Ed.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) sagði, að rjettlætiskrafan væri að minsta kosti sex, en þó gat hann gengið inn á þessa fimm, og mjer skildist nokkuð til frambúðar. Það

er gott að fá samþykki fyrir þessu, því að það er í samræmi við orð hæstv. forsætisráðherra (J. M.), um að ekki þyrfti að endurskoða fljótt kjördæmaskiftingulandsins, því þá þegði Reykjavík. Jeg vil biðja alla háttv. þm. að athuga þetta.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) gat þess enn fremur, að hjer væri verið að hugsa um minsta pólitíska flokkinn í bænum, en það er vert að geta þess, að þessi misrættur, ef hann er, á sjer ekki stað nema örskamman tíma, og þegar nú flokkarnir fylgjast að um þá „rjettlætiskrófu“, að fá einn þm. í viðbót, því geta þeir þá ekki fylgst að um það, að láta minsta flokkinn koma að einum manni?

Þá var sami háttv. þm. (Sv. B.) að tala um, að hann hefði ekkert gert til að þvinga menn á sitt mál. Jeg hefi nú altaf skoðað það svo, að enginn hv. þm. hefði nokkurn þvingunarrætt yfir mjer, en hitt er náttúrlega ekki nema eðlilegt, þótt hann hafi talað við einhverja hv. þm. um, að hann vildi koma þessu áhugamáli sínu fram, og jeg býst þá líka við, að þau sjáist við atkvgr., þessi áhrif Reykvíkinga. En þar sem þeir hafa verið að mótmæla því, að þau væru til, þá hafa þeir svo átakanlega hrakið það og sannað hið gagnstæða, að ekki þarf frekar vitnanna við.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) mintist á það, að hann vildi ekki hleypa málinu í strand, og því hefði hann gengið inn á það, sem háttv. Ed. gerði, en hjer þyrfti engu að hleypa í strand. Dagurinn var nógur til þess að láta málið ganga bæði til Ed. og Sp.

Jeg hefi þegar svarað hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að því leyti sem hann drap á þetta mál, og finn ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira, álit líka þessar umr. þýðingarlausar, þar sem þær hljóta að vera tómar endurtekningar á því, sem sagt hefir verið um málið áður hjer í deildinni.

Sigurður Stefánsson: Jeg get tekið undir orð háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.), að umr. um þetta mál sjeu ekki þýðingarmiklar, en það er af því, að það stendur sjerstaklega á fyrir mjer, að jeg verð að gera grein fyrir atkv. mínu.

Jeg hefi jafnan verið því mjög fylgjandi, að Reykjavík fengi fleiri þm., sem hún náttúrlega fær á endanum, eftir langar deilur og samanburð við önnur kjördæmi, en það veit jeg fyrir víst, að ef líkt stæði á fyrir nokkru öðru kjördæmi á landinu og fyrir Reykjavík, þá mundu það verða allháværar ræður, sem fengju að beyrast úr þeirri áttinni; það getur víst hver og einn stungið hendinni í sinn eigin barm til að finna það.

Jeg tel, að það sje skylda hvernar þjóðar að hlynna sem best að höfuðstað sínum. Hann leggur mest af mörkum til landskjóðs, og þar að auki öðrum landshlutum fremri, að hann hefir löngum færari mönnum á að skipa. En jeg myndi samt sem áður vera mjög á móti þessari þingmannafjölgun Reykjavíkur, ef jeg hefði einhvern tíma vitað til þess, að þm. þess bæjar hefðu einhvern tíma viljað vinna á móti rjetti hinna annara kjördæma, en það hefir aldrei borið á því, að þeir hafi beitt sjer fyrir því, að rjettur annara kjördæma væri fyrir borð borinn, og sje af þeirri ástæða um nokkurn ímugust að ræða gegn þessari þingmannafjölgun, þá verð jeg að lýsa hann algerlega ástæðulausan.

Jeg var sjálfur í nefndinni og fjelst á, að fjölgun um 2 væri bót, eða að minsta kosti betra en ekki; en hins vegar taldi jeg ekki fært eða sigurvænlegt að ganga lengra, þó að sanngirni hefði mælt með. Og þess vegna greiddi jeg atkvæði með því hjer í deildinni, að þingmönnum bæjarins væri fjölgað upp í fjóra.

Nú þegar háttv. Ed. hefir haft málið til meðferðar og komist að þeirri niðurstöðu,

að rjett væri að fjölga þm. Reykjavíkur um 3, þá get jeg ekki varið það fyrir mjer, að háttv. Nd. beiti sjer á móti fjölguninni og taki ekkert tillit til hv. Ed.

Jeg álit, að ekki eigi að deila um það frekar, þó að málið sje nú komið í það horf, að Reykjavík fær einum þingmanni fleira en hjer var samþykkt, sjerstaklega þegar því má bæta við, að með þessu er engu öðru kjördæmi neinn órjettur ger, og í annan stað þessi krafa Reykvíkinga í alla staði sanngjörn.

Það hefir verið talað um, að þm. Reykjavíkur mundi ekki verða fjölgað meira í bráðina. En haldi Reykjavík áfram að vaxa eins ört eins og átt hefir sjer stað síðustu árin, þá má vel svo fara, að hún geti átt heimtingu á fleirum en 5.

Jeg skal að vísu játa það, að æskilegt hefði verið að geta endurskoðað öll kosningalögin og kjördæmaskipun landsins. En sanngirniskröfu tel jeg það eigi að síður að verða við kröfunni, þó að þetta kjördæmi sje tekið út úr kerfinu.

Jeg verð að segja fyrir mig, að mjer finst það ekki eiga við að gera ráð fyrir því, að þm. Reykvíkinga hafi áhrif á alt þingið. Mjer finst þar óneitanlega nær höggið sjálfstæði og sannfæringu þm., enda þm. Reykvíkinga gert þar nokkuð hátt undir höfði, með því að setja þá þannig fyrir ofan aðra þingmenn. Það væri eðlilegra að segja, að við hefðum áhrif á þá, þar sem við erum fleiri.

Það, sem fyrir mjer vakir, er það, að jeg vil sýna fulla sanngirni. Og þegar litið er til fólksfjöldans, þá verður varla annað sagt en hjer sje um eðlilega og sjálf-sagða sanngirniskröfu að ræða.

Jeg skal svo ekki fjölýrða meir um þetta, enda álit jeg, að umr. um þetta sjeu þýðingarlitlar. Jeg hefði ekki staðið upp, hefði ekki svo staðið á, að hjer þurfti að mæta háttv. Ed. á miðri leið.

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Þegar hjer var komið umræðum, var forseta afhent skrifleg beiðni frá 9 þm. (E. E., B. H., S. St., H. K., J. S., St. St., Þorl. J., Sv. Ó. og Þorl. G.) um, að umr. skyldi hætt þá er þeir þingmenn hefðu lokið máli sínu, er þegar hefðu kvatt sjer hljóðs.

Leitaði forseti atkvæða deildarinnar, og var till. um þetta efni samþ. með 15 shlj. atkv.

Jakob Möller: Jeg geng hjer af mjer dauðum, með því að taka nú þegar til máls, en vona hins vegar, að mjer verði leyft að gera „örstutta athugasemd“, ef á mig verður ráðist.

Jeg sný mjer þá að háttv. frsm. (Þór. J.), og verð að segja, að hjá honum kendi enn mikils misskilnings, nálega í öllum atriðum.

Hv. þm. (Þór. J.) hefir víst dreymt illa undanfarnar nætur, þar sem hann sjer alstaðar „hættur“ og ógnanir. Þær hættur og ógnanir komu að minsta kosti ekki fram í minni ræðu. Jeg mintist ekkert á slíkar hættur, sem hann talaði um, heldur talaði jeg um, að mönnum hafi verið það ljóst, að þessu máli í heild sinni, þingmannafjölgun Reykjavíkur, mundi vera í hættu stofnað með því að láta það koma hingað aftur til þessarar háttv. deildar.

Allar hans hnútur og getsakir um æsingar og hótanir eru því gersamlega ástæðulausar; tómur misskilningur og ekkert annað.

Háttv. þm. (Þór. J.) heldur áfram að berja höfðinu við steininn, þar sem hann heldur því fram, að kjördæmaskiftingin sje ekki bygð á fólksfjöldanum. En hjer held jeg á í hendinni skýrslu stjórnarinnar um kjósendafjölda í einstökum kjördæmum, sem sýnir það gagnstæða. Öll tvímenningskjördæmi landsins eru ein-

mitt fólksflestu kjördæmin. Sú skýrsla sýnir það og sannar, að þeirri reglu hefir verið fylgt, að ákveða þingmannafjölda kjördæmanna eftir fólksfjölda.

Þá er það líka fullkominn „misskilningur“ hjá hv. frsm. (Þór. J.), að kaupstaðirnir Ísafjörður og Akureyri hafi verið gerðir að sjerstökum kjördæmum „þegar þeir fengu“ kaupstaðarrjettindi og sjerstaka stjórn. Það höfðu þessir kaupstaðir fengið mörgum áratugum áður en þeir voru gerðir að sjerstökum kjördæmum.

Það er því alt saman algerlega rangt, sem háttv. frsm. (Þór. J.) hefir haldið fram gegn kröfum Reykjavíkur. Þetta kjördæmi á einmitt heimting á þingmannafjölgun eins og stjórnarfrv. fór fram á, eftir þeim „principum“, sem farið hefir verið eftir áður. Og verði þessu sýnað, þá verður sá sami háttv. þingm. að renna því niður, hvort sem honum fellur það vel eða illa, að þetta er ekkert annað en hreint og beint ofbeldi.

Þá mintist háttv. þm. (Þór. J.) á peningavogina. Já, við skulum einmitt athuga hana dálítið betur. — Reykjavík geldur langmest í landssjóðinn af öllum kjördæmum landsins. En jeg hefi þó aldrei haldið því fram, að hún ætti að fá þingmannafjölda, sem því hlutfalli svarar, enda ætti hún þá rjett til, ekki að eins 6, heldur 26 þingmanna. En svo mikið tillit vil jeg láta taka til þessa, að skýlausum rjetti Reykvíkinga, miðað við fólksfjölda, verði ekki traðkað.

Þá spurði háttv. þm. (Þór. J.), hvers vegna flokkarnir í bænum sýndu ekki hvor öðrum rjettlæti, með því að taka mann úr minni hlutanum. Það mætti alveg eins vel spyrja, hvers vegna kjósendur í Húnavatnssýslu, sem kusu hann, hafi ekki kosið einhvern annan! — Hlutturinn er, að menn vilja ógjarnan láta af rjetti sínum eða gefa þann rjett eftir, sem þeir hafa fengið, þó að þeir vilji láta aðra

njóta síns rjettar að fullu. Þá vareinástæðan sú, er hann færði gegn frv., að dragast mundi endurskoðun kjördæmaskiftingarinnar, ef þetta næði fram að ganga. og vitnaði þar um til orða forsætisráðh. (J. M.).

En því til svara er það, að fyrst og fremst er það óvíst, hvað hæstv. forsætisráðh. (J. M.) heldur þeirri stöðu lengi, og svo hjelt jeg í annan stað, að það væri þingið, en ekki forsætisráðherrann, sem rjeði þessu. Ef þingið vill, þá getur sú endurskoðun farið fram á næsta ári, hvað svo sem hæstv. forsætisráðherra segir þar um.

Jeg hefi lýst því yfir sem þingmaður Reykvíkinga, að þingmenn bæjarins, hvort sem þeir verða margir eða fáir, muni verða því fylgjandi og beita sjer fyrir því, að öll kjördæmaskipun landsins verði endurskoðuð svo fljótt sem unt er, og ætti því máli að vera því betur borgið, sem þm. bæjarins væru fleiri. Jeg tel þetta mál — endurskoðun kjördæmaskipunarinnar — beint varða hagsmuni Reykjavíkur, af því að hún mundi þá fá enn fleiri þingmenn, og breytingar á kjördæmaskipuninni yfirleitt hljóta að verða í þá átt, að hagsmunum hennar yrði betur borgið.

Jeg þarf ekki að vera að teygja umræðurnar lengur. Jeg hefi sýnt fram á, að alt, sem hv. frsm. (Þór. J.) hefir fært fram, er sagt út í bláinn og styðst alls ekki við reglur þær, sem farið hefir verið eftir hingað til.

Hann vitnaði í hreppapólitík, og var það vel til fallið, því að afstaða hans til þessa máls stjórnast ekki af neinu öðru en hreppapólitík.

Ólafur Proppé: Herra forseti. Jeg skal taka mjer til inntekta ummæli hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um að vera stutturður, og vænti, að aðrir hv. deildarmenn geri hið sama.

Þegar frv. þetta var afgreitt til Ed., greiddi jeg því atkvæði mitt. En nú hefir hv. Ed. gert breytingar nokkrar á frv., sem vel mætti verða til þess, að frv. strandaði alveg. En jeg skal lýsa því yfir, að jeg mun heldur greiða frv. sem slíku atkvæði mitt en vera fótakefli þess eða þess valdandi, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi.

Magnús Pjetursson: Jeg skal lofa að vera stuttur líka. En úr því að menn standa upp hver um annan þveran til þess að lýsa því yfir, að þeir hafi breytt skoðun sinni, þá sje jeg heldur ekkert á móti því, að einn maður að minsta kosti standi líka upp til þess að lýsa því yfir, að hann hafi ekki breytt skoðun sinni. (*Pór. J.: Heyr!*).

Mig furðar ekkert á því, þó að hv. þm. Reykv. hafi barist þannig með hnúum og hnefum fyrir þessu áhugamáli kjósenda þeirra. Og jeg láí þeim ekki, þó þeir hafi tekið nokkuð djúpt í árinni, þar sem þeir hafa haft sjálfa kjósendurna fyrir áheyr-endur.

Annars dettur mjer ekki í hug að vera að þvæla þær röksemdafærslur, sem komið hafa, því af slíku er komið nóg, og yrði að eins endurtekning á því, sem aðrir hafa sagt, enda get jeg skrifað undir það, sem hv. frsm. (*Pór. J.*) hefir sagt.

En þegar jeg lít á þau veðrabrigði, sem orðið hafa, eða öll líkindi eru til að orðið hafi, í þessari deild, þá kemur manni ósjálf-rátt í hug að ígrunda, hvað þessu muni valda.

Jeg geri mjer í hugarlund, að við síðustu umræðurnar hafi verið komið fram með þau rök, er hægt var, fyrir meiri fjölgun, þar sem jafnröðfímír menn og háttv. þm. Reykv. lögðu sig þar fram og nutu þar að auki liðsinnis annara færra manna, enda hefi jeg ekki heyrt nein ný rök koma fram.

Jeg býst við, að allir geti verið á mínu máli um þetta, að þá hafi verið tjaldað öllu sem til var.

Það er því bersýnilegt, að ef hv. deildar-mönnum hefðu þótt rök þau er færð voru fyrir meiri fjölgun þingmanna Reykjavík-ur, fullnægjandi til þess að sannfærast, þá hefðu þeir þegar við þá umræðu látið sann-færast og greitt öðruvísi atkvæði en þeir gerðu.

En úr því nú ekki er um ný rök að ræða, sem breytt hafi skoðun manna, þá verður mjer að spyrja: Hvað hefir breytt henni? Er það ekki einmitt það, að nú sje að koma fram bersýnileg sönnun þess, sem reykvísku þingmennirnir hafa mótmælt, að Reykjavík hefir sinn stóra styrkleika í því, að þingið er háð í Reykjavík, og reyk-vískir utanþingsmenn hafa því svo gott og mikið tækifæri til að hafa áhrif á þing-menn, og að þeir nota það.

Annars verð jeg að segja, að mig furðar ekkert á því, þó að hv. þm. Reykv. hefðu reynt að hafa hjer áhrif utan funda, sem jeg veit að þeir hafa lítið gert, heldur finst mjer hitt undarlegt og óviðkunnan-legt, að utanþingsmenn, tilkvaddir af bæj-arbúum, skuli hafa reynt að hafa þesskon-ar áhrif á þingið, skuli hafa það álit á sannfæringar- og skoðanafestu hv. þm., að betra sje að sannfæra þá með baktjalda-makki en á opnum fundum með rökræðum. Verð jeg þar að taka mjer í munn orð hv. þm. N.-Ísf. (*S. St.*), sem hann sagði, þeg-ar hann var að ljetta á samvisskunni, að mjer þykir hjer nær höggið sjálfstæði sannfæringar hv. þm.

Jeg skal annars taka það fram, að þó jeg greiði ekki atkvæði með þessari 3 manna fjölgun, þá er það ekki meining mín, að málið þurfi að stranda, þó við skiljum nú svo við það í þessari deild, að fjölgunin verði að eins um 2. Það er enn nægur tími til að afgreiða frv., þó það sje

aftur sent Ed., og jafnvel þó það ætti að fara í Sp.

Jeg hefi aldrei efast um, að hv. þm. Reykv. sje alvara með að styðja að því, að kjördæmaskiftingin verði tekin til athugunar sem fyrst. En þar sem um fleiri kjördæmi er að ræða, sem gætu átt jafnar kröfur um fjölgun, þá er ekki að furða, þó að fylsti mæli, að þeirra dómi, geti hjer ekki fengist í þetta sinn. (Sv. B.: Fylsti mæli er 7). Jeg skal ekki fara út í að deila um rjettlæti þess að skifta kjördæmunum eingöngu eftir höfðatölu, því umræður eru þegar orðnar langar, og þó hefðu þær þurft að vera og átt að vera meiri, ef þetta mál hefði ekki þannig komið fram á síðustu stundu.

Út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) skal jeg taka það fram, að hjer er ekki um neina stífní að ræða. Og jeg er honum svo hjartanlega sammála um, að mál þetta eigi að taka með rólegri yfirvegum, en ekki láta tilfinningarnar eða persónulega vináttu hlaupa með sig í gönur. Og jeg vil undirstrika þau orð hans, og einmitt fyrir þá sök, að jeg tel víst, ef atkvæði breytast frá því, sem síðast var, að þá sje það ekki af því, að skoðanir hafi breyst, heldur frekar af því, að tilfinningin hefir tekið einhverjum breytingum. (Jak. M.: Rjettlætistilfinningin). Jeg veit ekki, *hverskonar* tilfinning það er, en finst það nokkuð hart að bera nokkrum hjer á brýn skort á rjettlætistilfinningu, þó þeir kunni að hafa aðra skoðun á einhverju máli en hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.).

En ef það er stífní að halda fram sannfæringu sinni og standa við orð sín og skoðun, þá játa jeg, að jeg er stífur, og jeg vona, að svo muni fleirum hv. þm. farið. (Sv. B.: Það er stífní að vilja ekki láta sannfærest). Ef engin ný rök hafa komið fram, þá ætti líka sannfæringin frá síðustu umræðu að vera enn þá við líði.

Jeg skal að lokum taka það fram, í til-

efni af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að nú ætti að beita Reykvíkinga ofbeldi, að hann ætti sem minst að nefna orðið „ofbeldi“ í sambandi við þetta mál, því það mundi eins vel eiga heima um Reykjavíkurbúa gagnvart þinginu, að minsta kosti ef dæma á eftir þeim sögum, sem gengið hafa hjer í bænum þessa daga, um fyrirætlanir viss flokks eða flokka í því skyni að hafa áhrif á þingið. Ekki ætti hann heldur að bera þm. þeim, er annarar skoðunar eru en hann í þessu máli, á brýn, að þeir væru að viðhafa hjer hreppapólitík. Að vísu er hreppapólitík í þessu máli, en það eru einmitt Reykvíkingar, sem nú eru að hamast í hreppapólitíkinni.

Bjarni Jónsson: Það er vandi að tala þegar af kappi er rætt og erfitt að koma þá fram rjettu máli.

Jeg bar fram tillögu um endurbætur, sem náðu víðar en til Reykjavíkur. En hún var ekki samþykkt. líklega af því, að rjettlætið hefir þar verið of mikið.

En þó að menn vildu ekki taka þennan stóra rjettlætisskamt, þá skil jeg ekki, hvers vegna þeir vilja ekki taka þennan litla skamt, sem hv. Ed. hefir úthlutað. Vildi jeg því mælast til, að þessi deild færi að tilmælum hennar og lofaði þessu máli að ganga fram, því þá mætti segja, að einu rjettu máli hefði þó verið komið fram af hv. Ed.

Hvað þær almennu ástæður snertir, sem bornar hafa verið fram, um hlutföllin á kjósendatölunni, skal jeg taka það fram, að jeg álít, að það sje ekki kjósendatalan, heldur fólksfjöldinn, sem þar á að ráða. Því að vitanlega á þingmaðurinn ekki að gæta hagsmuna kjósenda einna, heldur á hann að gæta hagsmuna allra þeirra, sem í kjördæminu búa, auk þess sem hann á að vera þingmaður alls landsins. En varla mundi það þá verða of mikið rjettlæti, þó að Reykjavík fengi 5 þingmenn,

Þá hefir mönnum orðið tíðrætt um þau áhrif, er Reykvíkingar hafi haft á þingið. Jeg skil ekki, hvað menn þurfa að kvarta undan því, þó borgarafundur hafi verið haldinn, og þó að sá fundur hafi kosið nefnd til þess að tala við þingmenn. Jeg veit ekki betur en að fjarlægir þingmálafundir geri slíkt hið sama, með því að senda erindi sín til þingsins. En ef áhrif Reykvíkinga hafa orðið of rík, þá er það síst til virðingar sagt, nje til þess að viðurkenna sjálfstæði þingmanna, því eigi gæti svo verið, nema af þeim einum sökum, að eigi eru sendir nógu sjálfstæðir menn á þing.

Jeg heyri sagt, að hv. frsm. (Þór. J.) hafi tekið mig sem dæmi, þegar hann talaði um, að heimilisfestan rjeði skoðunum. (Þór. J.: Það var ekki rjett). (Jak. M.: Jú, það var rjett). Það var ekki sem heppilegast dæmi. Því að fáir þeir, sem búa hjer, munu jafnóánægðir með heimilisfestu sína sem jeg; mjer finst, að jeg eigi hjer aldrei heima. Og sannleikurinn er, að jeg væri hjer ekki deginum lengur, ef jeg væri ekki til neyddur, ef atvinnu minni væri ekki þannig háttað, að jeg yrði að vera hjer. Fáir eru t. d. jafn óánægðir með bæjarbrag og jeg, og ber jeg þess vegna ekki neinn hlýleik til bæjarins, af því að jeg á hjer heima. En hvað málin snertir, þegar atkvæði skal greiða, þá er mjer sama, hvort það er bryggja í Húnavatnssýslu, vegur í Langa-dal eða þingmenn í Reykjavík. Jeg fer þar eftir því, sem jeg álit rjett, hver svo sem í hlut á, og stæði mjer þó nær að vera hliðhollur frændum sínum þar nyrðra. En eitt ræður, og það er, hvað rjett er.

Það er því ekki af hlýleik til Reykvíkinga, að jeg held því fram, að þetta sje það minsta, sem þeim verði boðið. Og nái það ekki fram að ganga nú, þá verður það á næsta þingi. Verður þá alt endurtekið, sem hjer hefir verið sagt, en með meiri ró og næði og með meira bili milli umræðna en

nú hefir átt sjer stað. Hygg jeg líka, að svo hafi ekki verið til ætlast þegar kosningar fóru fram, heldur að það borgaði sig betur, að þingmenn sætu kyrrir og ynnu sín verk, svo að gagni mættu koma.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) leit til mín þegar hann mintist á rökfima menn. Jeg er honum þakklátur. En hvað gagnar rökfimi, þó að til væri, þegar menn eru ekki komnir til þess að láta sannfærast, eins og hjer virðist eiga sjer stað. Einkum þegar ekki er spurt um, hvað rjett er, heldur um afleiðingarnar, þegar að eins er hugsað um fordæmið, að ef A er gert rjett, þá verði líka að gera B rjett, en ef það væri ekki, þá sje heldur ekki ástæða til þess að gera rjett við A. Nei, rökfimi er ekki hægt að viðhafa þegar menn eru á þessum buxunum.

Sveinn Björnsson: Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) lýsti því yfir, að hann viðurkendi, að Reykjavík hefði fullan rjett til að fá 5 þm. eða jafnvel 6 þm. En þegar hann segir, að hann vilji ekki gera skyldu sína sem þm., með því að greiða atkv. með því, þá álit jeg, að það sje af miskilningi hjá honum, að ekki sje hægt að gera einum rjett, nema með því móti að gera öllum rjett. Jeg vona, að þegar hv. þm. fer að athuga þetta rólega, þá sjái hann villuna, sem liggur í því, að ekki sje hægt að gera einum rjett, nema maður geri öllum rjett.

Þá er það hv. þm. Stranda. (M. P.). Hann talar um þetta mál eins og sá, sem ekki hefir við rök að styðjast. Hann segir, að hann furði sig ekkert á því, þótt við þm. Reykvíkinga álitum það skyldu okkar að berjast um á hæl og hnakka fyrir þessu áhugamáli kjósenda okkar, að ræður okkar sjeu að eins kjósendaræður — jeg tel óheppilegt að brúka þetta gamla orðtæki, að halda kjósendaræður — því við hefðum svo góða aðstöðu, þar sem

við hefðum sjálfa kjósendurna til þess að hlusta á okkur. Hann sagði, að við hefðum við fyrri umr. málsins borið fram öll þau rök, sem við hefðum þá haft fram að bera. En þá var pöllum lokað vegna samgöngubannsins, svo þá var þessu ekki til að dreifa. Þetta gamla agn getur stundum verið gott, en á hjer ekki heima. Sami hv. þm. (M. P.) slær því einnig fram, að engin ný rök hafi komið fram í þessu máli. En eitt af aðalrökunum er það, að frv. hefir tekið breytingum í háttv. Ed., og það breytingum, sem eru á rökum bygðar, og sýnt fram á, hversu heppilegar þær sjeu. Ef það er ekki ný ástæða, að önnur deildin hefir breytt frv., þá þekki jeg ekki, hvernig gengið hefir til á Alþingi. Svo vil jeg benda á atriði, sem ekki var nefnt við síðustu umr., og var þess þá kyrfilega gætt af andstæðingum mínum, að koma ekki nálægt því að mæla á móti.

Hjer er um hlutfallskosningu að ræða, en hún nær ekki tilgangi sínum nema talan sje ójöfn. Þetta veit jeg að vegur talsvert hjá háttv. þm.

Háttv. frsm. (Þór. J.) gerði mjer þau þægindi, að fara ekki mjög mörgum orðum um hlutfallskosninguna, en það vil jeg undirstrika, að á þetta atriði mintist hann ekki.

Svo er það eitt atriði í ræðu háttv. frsm. (Þór. J.), sem jeg á ómögulegt með að skilja. Hann segir, að ef þingmannafjölguninni hjer í Reykjavík verði flýtt núna, þá muni þm. Reykv. ekki finna ástæðu til að taka fyrir nýja kjördæmaskiftingu. Hvaða ástæðu hefir hann til að halda, að við, þegar við höfum heimtað rjett fyrir vissan hluta þjóðarinnar, förum þá að berjast með hnúum og hnefum á móti rjetti annara? Jeg vil ekki liggja undir slíkum ásökunum. Kosningarjetturinn er dýrmætasti rjettur einstaklingsins, svo að hvorki Reykvíkingar nje aðrir mega fara varhluta af honum. En jeg

ætla að biðja háttv. frsm. (Þór. J.) að athuga það, að hjer er ekki verið að berjast um það, hvort þingmannafjölgunin eigi að verða meiri eða minni, heldur um það, hvort það eigi að verða líkur jöfnuður með Reykjavík og öðrum kjördæmum. Þetta er sá mikilsverðasti pólitíski rjettur, sem hver frjálsborinn kjósandi á, og mætti því ætla, að hv. þm. dæmdu um það hlutdrægnislaust, með fullri sannfæringu og alvöru. Mjer finst vera of lítið tillit tekið til Ed., ef ganga á fram hjá þessari einu breytingu, sem frá henni hefir komið, og er þannig, að aðstaða þingsins breytist ekki, þó einum þm. sje bætt við.

Málið er fram komið fyrir rjettmæta kröfu Reykvíkinga. Það er stutt af stjórninni og stutt af Ed., og það er á rökum byggt, að krafan er rjettmæt. Getur þá Nd. annað en fallist á hana?

Magnús Kristjánsson: Þegar frv. þetta var hjer síðast til umr., gat jeg ekki verið því fylgjandi. Ekki af því, að mjer þætti það of langt farið, þó Reykjavík fengi 6 þingmenn, heldur voru það aðrar ástæður. Mjer faust það nærri frágangssök að gera ráð fyrir 4 þm., ef kjósa ætti þá í mörgu lagi. Ef það hefði orðið ofan á, þá hefði mátt telja það hefndargjöf. Jeg álit, að þá hefði verið langt frá því, að rjettlætinu hefði verið fullnægt. Þess vegna gat jeg ekki felt mig við það, eins og það þá lá fyrir. Nú er nokkru öðru máli að gegna, því breytingar þær, sem komið hafa frá Ed., bæta nokkuð úr. Þess vegna geri jeg ráð fyrir, að jafnvel þó jeg telji það ekki viðunandi, þá geti jeg þó fallist á það, eins og það nú liggur fyrir. Jeg vil enn taka það fram, hvort þm. Reykv. vildu ekki leggja niður þingmennsku, því þá yrði rjettlætinu frekar fullnægt. Jeg efast ekki um, að þeir eiga vísa endurkosningu. Jeg ætla ekki að tefja með því að fara lengra út í þessa hlið málsins.

En svo er það önnur hlið málsins, sem hefir talsverða þýðingu, sem er sú, að það komi í bága við stjórnarskrána, ef frv., eins og það kom frá Ed., verður samþykkt, en jeg er gagnstæðrar skoðunar, því ef það verður samþykkt, þá er leystur sá vandræðahlútur, að finna rjettan skilning á 26. gr stjórnarskrárinnar. Jeg álit, að Ed. hafi komist að rjetttri niðurstöðu í þessu máli, að það sje ekkert því til fyrirstöðu, að 15 þm. sjeu í Ed. Því þegar stjórnarskrármálið var hjer til umr. á síðasta þingi, þá var gert ráð fyrir því, að tölu þm. í deildunum mætti breyta með lögum, þegar tala þm. breyttist. Þá falla allar gömlu tölurnar af sjálfu sjer. Svo finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg er nú búinn að gleyma því, sem eg ætlaði að segja, en er nú að reyna til að komast fram úr punktum, sem jeg hefi skrifað hjá mjer, en það gengur ekki sem allra best.

Hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði stór orð og sló um sig með blöðum, sem jeg býst við að hafi verið stjórnarskráin sjálf, en ástæður hafði hann engar nje rök fyrir sínu máli. Hann segir, að jeg hafi verið að tala um einhverjar hættur, sem væru yfirvofandi, ef Reykjavík fengi þm. fjölgad. Jeg held, að það stafi af misskilningi hjá honum, hann hefir ekki skilið mig rjett. Hann segir, að kjördæmaskifting hafi altaf farið eftir fólksfjölda, og því „principi“ verði einnig haldið í þetta skifti, en svo segir hann, að landinu verði aldrei skift í jöfn kjördæmi, og játar hann þá það, sem jeg hefi haldið fram. Svo koma ýms önnur atriði til greina. Jeg þarf t. d. ekki að hrekja það, þar sem hann talar um, að það sje ofbeldisverk unnið á Reykjavík, ef synjað verður um þessa þm.-fjölgun, því jeg hefi svarað því áður. Jeg held, að hver maður í deildinni, sem þekkir málið, verði

að játa, að jeg hafi barist á móti málinu vegna sannfæringar minnar og einskis annars. Hv. þm. Reykv. hafa talað hjer á móti mjer, og jeg afast ekki um, að þeir hafi líka talað af sannfæringu.

Hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) gerði það, sem hann gat, til að leiða mönnum fyrir sjónir, hversu mikið rjettlæti það væri, að Reykjavík fengi þessa þm.-fjölgun. Svo kom hann með 2 nýjar ástæður, sem áttu að rjettlæta það. Önnur var sú, að frv. hefði tekið breytingum í Ed., en jeg sje ekki, að það sje neiu ástæða, og það hrekur ekki það, sem jeg hefi sagt. Hin ástæðan er sú, að hlutfallskosning hafi það í för með sjer, að hún njóti sín ekki til fulls nema tala þm. sje oddatala. Fyrst áttu þm. að vera 6, en nú 5. Þeir mega nú ekki lengur vera 6. (Sv. B.: Áttu eftir fylsta rjettlæti að vera 7). Bágt á jeg með að trúá því, að hinn pólitíske meiri hluti í Reykjavík verði ekki svo kærleiksríkur, að láta minni hlutann komast að við þessar hlutfallskosningar, eða að minsta kosti virðist það í samræmi við kærleiksprjedikanir fulltrúa þeirra, sem meiri hlutinn hefir hjer á að skipa. Þá mintist hann á kjördæmaskiftinguna og ljét það á sjer skiljast, að það væri hans skoðun, að sama rjettlætismálið gildi úti um land og hjer í Reykjavík. En hvað meinar hann með þessu? Hann hefir barið það fram, að hjer ætti að fjölga þm., án þess að taka hið minsta tillit til annara kjördæma. (Sv. B.: Rangfærsla). Það er ekki rangfærsla, og væri sæmra fyrir hv. þm. (Sv. B.) að játa það, að hann hefði farið of langt.

Hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) var að tala um áhrif. En viðvíkjandi því get jeg sagt, að jeg tók að eins hans eigin játningu.

Hv. þm. Dala. (B. J.) mintist á það, að jeg hefði talað um hann í sambandi við málið, og gerði jeg það af því, að hann sagði, að búsettir þm. í Reykjavík hefðu

aldrei greitt atkvæði með fjölgun. Í sambandi við það mintist jeg hans.

Menn hljóta að finna það, að erfitt er að forsvara frekari fjölgun á þm. Reykvíkinga við kjósendur úti um land. Menn hljóta að sjá, að það er ekki rjettlætið, sem berst með þeirri fjölgun, heldur ýmsar aðrar hvatir.

Hv. þm. Ak. (M. K.) mintist á stjórnarskrána, — en jeg gat ekki fallist á mál hans og er því alveg ósamþykkur.

Einar Þorgilsson: Það er ekki vilji minn að bæta hjer miklu við umræðurnar. Hjer er búið að tala of mikið og slá of miklum hita í báða málsparta. Jeg vil tala um þetta með ró og stillingu.

Brtt. mín við frv. til laga um þingmannakosning í Reykjavík er ekki fram komin til að mótspyrna frv., heldur sem meðstæð hliðstæða, að fá þm. fyrir Hafnarfjörð. Eins og menn vita, er það ítrekuð ósk, sem byggist á atvinnu- og staðháttum og á fjölgun kaupstaðarbúa, sem nú eru um 2000 að tölu. Með tilliti til annara kaupstaða landsins, þá sjá menn, að Hafnfirðingum ber að fá þingmann ekki síður en þeim bæjarkjördæmum, sem eru fámennari. og hafa þó fulltrúa hjer á þingi.

Brtt. mín er því orð í tíma talað.

Jeg er þingmannafjölgun Reykjavíkur það hlyntur, að jeg greiddi atkv. með brtt. hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.), um að þeir skyldu vera 6, og eins varatill. háttv. sama þm., að þeir væru 5. Einnig greiddi jeg till. hv. þm. Dala. (B. J.) atkv., sem fór fram á það, að breyting væri gerð á kjördæmum víðar, og álit hana að öllu leyti sanngjarnasta. Jeg álit, að hefði þingið samþykkt hana, þá hefði það ekki frestað því, sem fram hlýtur að koma, og gert það í dag, sem gert verður á morgun.

Mjer skilst, að margir þm. vilji spara fje landsins, en þeir hefðu átt að skilja það, að með því að samþykkja þessa till.

sparaðist landinu allmikið fje, og þá hefðu þeir gert það, sem vel mátti við una um nokkuð langa framtíð. Jeg skal ekki fjölýrða um þetta, því málið er skýrt og ljóst þeim, sem á annað borð vilja skilja það; þó að mín till. nái ekki fram að ganga, þá greiði jeg atkv. með frv. eins og það kom frá Ed.

Deilt hefir verið um það, hvort 26. gr. stjórnarskrárinnar væri brotin með því að setja 15 í Ed., og vil jeg engan dóm leggja á það. En eftir till. minni, að 30 sitji í Nd. og 14 í Ed., verður siglt fyrir það sker. En ef 15 eiga að sitja í Ed., þá leyfi jeg mjer að koma með brtt. við brtt. mína, og skal svo ekki orðlengja þetta frekar.

Jeg vil að eins endurtaka það, að þetta er sanngirniskrafa af minni hendi, og henni verður haldið til streitu, uns hún nær fram að ganga.

Gunnar Sigurðsson: Hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) skildi ekki afstöðu mína, að jeg ætlaði að greiða atkv. móti því, að Reykvíkingar fengju 5 eða jafnvel 6 þm., þar sem jeg taldi, eð þeir mundu eiga rjett á því eftir kjósendafjölda. En hann verður að viðurkenna það, að það er rökrjett og það eina sanngjarna í þessu máli, að öðrum kjördæmum sje sýndur sami rjettur og Reykjavík, og þess vegna álit jeg, að Reykvíkingar megi vel við una að fá nú 2 fulltrúa í viðbót — þangað til athuguð hefir verið kjördæmaskipun landsins, þótt mjer, eins og jeg hefi áður tekið fram, hefði þótt sæmst að láta alla fjölgun bíða, bæði í Reykjavík og annarsstaðar, og endurskoða kjördæmaskipunina sem fyrst. Fáí Reykjavík 5 eða 6 fulltrúa nú þegar, þá er það skýlaust ranglæti gagnvart öðrum hjeruðum, sem eiga hlutfallslega eins mikla heiming á fulltrúum og Reykjavík. Jeg vil taka mjer þau orð háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) í munn, er hann hafði við um mig í síðustu ræðu sinni, að jeg vona, að hann

skilji þetta þegar hann fer að athuga það rólega. Úr því að við, sem erum fulltrúar sveitakjördæma, erum álitnir blindaðir af hreppapólitík í þessu máli, því getum við þá ekki eins búist við því, að þm. Reykv. sýni hreppapólitík þegar að því kemur að fjölga þm. sveitakjördæma?

ATKVGR.

Brtt. 156. samþ. með 13 : 12 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. S., M. G., M. P., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. H., Gunn. S., H. K., B. Sv.

nei: M. K., P. J., P. Þ., S. St., Sv. B., Þorst. J., B. J., E. Þ., E. E., G. Sv., Jak. M., J. A. J.

Ó. P. greiddi ekki atkv.

Aðrar brtt. (149 og 151) sjálffallnar.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 : 1 atkv. og endursent Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., (28 febr.), kl. 5 síðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um þingmannakosning í Reykjavík,

eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 184).

Á sama fundi var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 184, 185, 188).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og beggja brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Karl Einarsson: Jeg stend upp að eins af því, að jeg á brtt. á þgskj. 185, en hafði annars hugsað mjer að láta málið afskifta-
Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

laust, að öðru en því, að greiða atkv. með því.

Jeg tel víst, að þessi hv. deild hafi ekki skift um skoðun frá því málið var hjer síðast til meðferðar, og muni því vilja setja það aftur í sama horf og það var þá, og ber jeg því fram till. í þá átt. Að vísu heyrði jeg einhvern segja í háttv. Nd., að við hefðum hjer látið hringla í okkur. En ef litið er á atkvæðagreiðslur þeirrar hv. deildar sjálfrar, þá virðast þessi ummæli koma úr hörðustu átt.

En bæði í þessari till. og þeirri till., sem jeg veit að háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) ætlar að bera hjer fram, um einn þm. fyrir Hafnarfjörð, virðist mjer felast svo mikil sanngirni, að sjálfsagt sje að samþykkja þær.

Björn Kristjánsson: Það kann að þykja undarlegt, að jeg kem nú með till. um, að Hafnarfjörður fái sjerstakan þingmann. Hv. samþingismaður minn (E. Þ.) flutti till. í Nd. í morgun, en hún var feld þar. Þess vegna flyt jeg hana hjer nú. Jeg efast ekki um, að Hafnarfjörður eigi sanngirniskröfu til að hafa sjerstakan þingmann. Hann er þriðji kaupstaður í röðinni að fólksfjölda; það er einnig ósk bæjarbúa, að þeir fái hann. Jeg efast ekki um, að háttv. deild sjái sanngirni kröfunnar. Jeg vil alls ekki, að till. spilli fyrir þingmannafjölguninni í Reykjavík. Jeg vona, að hv. deild verði mjer samdóma, þar sem það er kunnugt, að kaupstaður, eins og til dæmis Seyðisfjörður, er hefir helmingi færri íbúa en Hafnarfjörður, hefir sjerstakan þm.

Kaupstaðir hlíta alt öðrum sveitarstjórnarlögum og hafa miklu margbrotnari atvinnugreinar en sveitir.

Jeg skýt því undir sanngirni deildarinnar, hvort hún vilji taka kröfuna til greina eða ekki.

Sigurður Eggerz: Háttv. deild er kunn afstaða mín í málinu. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) gat þess, er hann lagði frv. fram í háttv. Nd., að jeg hefði að eins verið samþykkur, að þm. í Reykjavík væri fjölgað um 2, og atkvgr. mín hjer í deildinni, er málið var tekið til meðferðar, sýndi þá hina sömu afstöðu mína.

Háttv. Nd. samþykkti, að þm. skyldu vera 4. Fjölgunin upp í 5 hefir mætt mikilli mótspyrnu í þeirri hv. deild, og samkvæmt frv., eins og það nú kemur í annað sinn frá Nd., er tala þm. 4. Það ætti ekki að setja málið í hættu með því að hækka töluna aftur upp í 5. Mín skoðun er sú, að fyrir ekki stærra land en okkar sje óþarfi að hafa fleiri en 42 þm. Ísland mun eftir mannfjölda hafa tiltölul. miklu fleiri þm. en aðrar þjóðir. Sjálfsgagt er aftur að endurskoða kjördæmaskipunina og koma þar að eins miklu rjettlæti og unt er. Annars fæ jeg ekki sjeð, að hægt sje að samþykkja brtt. um fjölgun þingmanna í Reykjavík upp í 5, því eins og hún er orðuð, er hún beint stjórnskrárbrót. Stjórnskráin er helgur gripur, sem þingið má ekki vera of nærgöngult við. 26. gr. í nýju stjórnskránni og 16. og 17. gr. í þeirri gömlu, það er að segja núgildandi, eru nálega samhljóða. Þar stendur: Í neðri deild eiga sæti 26. þm., en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.“ Og enn fremur: „Þeir þm. eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þm., er sameinað Alþingi kys úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í Nd.“ Það er tekið fram, að það má breyta tölu þingmannanna í báðum deildum, en sje henni breytt í Ed., þá verður að breyta tölu landskjörinna þm., því það er engin heimild til að breyta tölunni 8 í síðasta liðnum.

Jeg vakti ekki eftirtekt á þessu, er samskonar brtt. var samþykkt hjer, er málið var

síðast í deildinni, en alt fer nú fram í svo miklu flaustri, svo að jeg veitti þessu ekki eftirtekt fyr en eftir þá umr., en þá leiddi jeg strax athygli ýmsra þm. að þessu.

Því miður er enginn úr stjórninni hjer viðstaddur, en jeg skil ekki í, að nokkur ráðherra taki að sjer að flytja lagafrumvarp fyrir konung og beiðast staðfestingar á því, þegar um ótvírætt stjórnskrárbrót er að ræða.

Forseti: Ef það væri rjett, sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði, þá bæri mjer að vísa málinu frá. En jeg hefi litið yfir 17. gr., og þar stendur í 1. lið: „Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.“

Það leiðir af sjálfu sjer, að sje þessum tölum breytt, þá verður einnig að breyta þeim í seinni liðnum. Það er augljóst, að fyrri liðurinn getur ekki notið sín nema breytt sje í báðum liðum. Jeg get ekki sjeð, að ástæða sje til að vísa málinu frá.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg ætla ekki ag vefengja rjettlætiskröfu Hafnarfjarðar til þess að fá sjerstakan þm. En jeg strika undir það með hv. 2. landsk. þm. (S. E.), að það geti stofnað frv. í hættu, verði till. haldið til streitu. Ef brtt. háttv. þm. Vestm. (K. E.) gengur í gegn, eins og jeg býst við, þá þarf málið bráðlega að koma í Sp. Jeg vona, að hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) taki till. sína aftur; ella neyðir hann mig til að greiða atkvæði á móti henni, af ástæðu þeirri, er jeg gat um.

Sigurður Eggerz: Jeg get alls ekki fallist á skilning hæstv. forseta á 17. gr. stjórnskrárinnar. Það má breyta tölu þingmanna í báðum deildum, 26 og 14, en það er engin heimild til að breyta tölu þeirra þingmanna, er kjósa á úr sameinuðu þingi

upp í efri deild. Hún er föst tala, sem stjórnarskráin heimilar ekki að breyta. Hins vegar er það ekki afleiðing af því, að breyta má þingmannafjölda í Ed. og Nd., að þessari tölu þurfi að breyta, því í efri deild má fjölga án þess, með því að fjölga landskjörnum þingmönnum, en í neðri deild má fjölga kjördæmakosnum þm. Jeg efast um, að nokkur dómstóll mundi leggja annan skilning en jeg hefi gert í málið, og þó háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) telji nú, að tillagan sje í samræmi við stjórnarskrána, þá efast jeg um, að hann kæmist að sömu niðurstöðu, ef hann hefði nægan tíma til að athuga málið. Jeg hefi fundið skyldu mína til að brýna þetta fyrir hv. deild, því leitt væri að enda þingið með stjórnarskrárbroti.

Forseti: Jeg hefi þegar felt minn úrskurð, að þetta fari ekki í bág við stjórnarskrána. En ef hv. þm. (S. E.) óskar þess, skal jeg láta deildina skera úr.

Sigurður Eggerz: Jeg leyfi mjer að óska þess, að leitað verði atkvæða um þetta atriði.

ATKVGK.

Úrskurður forseta samþ. með 6 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., E. Árna., Jóh. Jóh., K. E., S. H. K., S. F.

nei: H. Sn., S. E.

G. G., G. Guðf., G. Ó., H. St. og S. J. greiddu ekki atkv.

Björn Kristjánsson: Hvað mikinn greiða sem jeg vildi gera hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), þá get jeg ekki tekið till. aftur. Jeg ætla að fá úrskurð deildarinnar og sjá, hve sanngjörn hún er í þessu máli, og ef hún fellir hana, þá sjest síðar, hvaða byr

hún fær. Annars þekki jeg ekki þær pólitisku línur, sem hjer liggja bak við. *

Halldór Steinsson: Mjer finst skylt að gera grein fyrir, af hverju atkvæði mitt fellur nú öðruvísi en áður í þessu máli. Jeg var þá með því, að Reykjavík fengi 3 þm. til viðbótar. Það var samþykkt hjer í deildinni, en fjell í Nd. með 13 móti 12 atkv. Nú er það ljóst, að ef þessi deild færi að breyta þessu á ný, þá mundi það leiða til þess, að neðri deild feldi frv.

Jeg greiði því atkv. á móti till. hv. þm. Vestm. (K. E.), tel betra fyrir Reykjavík að fá nú 2 þingmenn til viðbótar en engan, betri hálfan rjett en engan.

Guðjón Guðlaugsson: Það stendur líkt á fyrir mjer og hv. þm. Snæf. (H. St.). Enda þótt jeg greiddi ekki atkv. í málinu áður, þá var jeg heldur með en móti. Jeg get ekki neitað því, að ástæður hv. þm. Snæf. (H. St.) eru á rökum bygðar. En það er hætta á, að það að samþykkja till. geti orðið henni til falls. Einnig finst mjer óþarfi að gera þetta á síðustu stundu að svo miklu kappsmáli gagnvart hv. Nd.

Annars skal það tekið fram, að jeg tel Reykjavík hafa fullan rjett til 3 þingmanna í viðbót og Hafnarfjörð einnig rjett til 1 þm., og er jeg því með till. hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) á þgskj. 188.

En það er ekki hægt að mótmæla því, eins og nú er komið málum, að varhuga-vert er að samþykkja till. Jeg get ekki álitnið það rjett, eins og hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að hann ætlaði með þessu að sjá sanngirni deildarinnar. Mjer finst það ekki sanngirni að samþykkja slíkt ákvæði á síðasta fundi, að eins með einni umr. hjer og annari í Sp.

Hvaða ástæða er fyrir því, að þessi brtt. hefir ekki komið fram fyr, og fyrir því, að hún þyrfti að geymast til síðustu stundar,

Þegar Hafnarfjörður hafði þó gert rjettmæta kröfu til að fá sjerstakan þm.? Mjer finst það ástæðulaust að vera að koma með slíka till. nú, þegar till. liggur fyrir Sp. um áskorun til stjórnarinnar að endurskoða alla kjördæmaskipun landsins fyrir næsta þing. Í sambandi við þetta má segja það sama um Reykjavík.

Það er mjög varhugavert, að aukabíng sje að rugla kjördæmaskipuninni með því að smeygja inn einum og einum þingmanni. En þegar öll kjördæmaskipunin er tekin í einu lagi, þá er ekki víst, að fjölga þurfi þingmönnum. Jeg get vel hugsað mjer, að nóg sje víða að færa til mörkin, t. d. að við það, að Hafnarfjörður fær 1 þm., þurfi ekki nema 1. þm. fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, eða t. d. að Kjósarsýsla verði lögð við Borgarfjarðarsýslu.

Þetta er ástæðan fyrir því, að jeg get ekki einu sinni verið með brtt. á þgskj. 185, og því síður með brtt. á þgskj. 188.

Sigurður Jónsson: Afstaða mín er lík afstöðu háttv. síðasta ræðumanns (G. G.). En annars voru það ummæli háttv. sessunauts míns (B. K.), sem komu mjer til að standa upp. Hann sagði, að af undirtektum þingdm. nú mætti marka afstöðu þeirra til málsins síðar meir. Þessum skilningi mótmæli jeg algerlega fyrir mitt leyti.

Karl Einarsson: Stjórnarskrárnefnd hjer stóð næst að koma með till. á þgskj. 185, en þótt jeg yrði til þess, þá sje jeg mjer nú ekki annað fært en að taka hana aftur, með því að jeg hefi orðið þess var, að ýmsir hv. þingdm. hjer hafa farið að dæmi Nd. og snúist.

Björn Kristjánsson: Jeg tek sömuleiðis mína brtt. aftur.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi ekki

borið mig saman við stjórnarskrárnefnd um þessa till., og á mitt eindæmi vil jeg ekki taka brtt. á þgskj. 185 upp aftur. Það gæti farið svo, eins og hv. þm. Snæf. (H. St.) tók fram, að viðbótin yrði til þess að fella frv. í Sp. Hins vegar get jeg ekki verið samþykkur hv. sama þm. (H. St.) um það, að hjer sje um stífní að ræða frá hálfu hv. Ed. Frv. var lagt fyrir þingið af stjórnninni og þar gert ráð fyrir 6 þingmönnum. Þessu breytti Nd. og færði töluna niður í 4. Ed. vildi til samkomulags færa töluna aftur upp í 5, og það fór svo, að nú voru 12 atkv. með því í Nd., en með upphaflegu tölunni voru að eins 6 atkv. Það væri því engin áreitni frá Ed., þótt hún setti nú inn töluna 5. En samt þori jeg ekki á mitt eindæmi að taka upp brtt. hv. þm. Vestm. (K. E.).

Forseti: Jeg gef hjer með 5 mínútna fundarhlje, til þess að stjórnarskrárnefnd gefist kostur á að athuga það, hvort hún vill taka upp brtt. á þgskj. 185.

Fundarhlje varð í 5 mínútur.

Jóhannes Jóhannesson: Stjórnarskrárnefnd hefir nú athugað málið og lýsir yfir því, að hún tekur ekki upp aftur brtt. á þgskj. 185.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 186).

3. Kosningar til Alþingis.

Á 1. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (A. 9).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Um þetta frv. er ekkert sjerstakt að segja; það er bein afleiðing af ákvæðum stjórnarskrárfrv. og verður að fylgjast með því.

Bjarni Jónsson: Mjer þótti það undarlegt, að fyrra frv., um þingmannskosningu í Reykjavík, fór hjer í gegnum deildina umræðulaust; en nú vildi jeg í sambandi við þetta frv. gera athugasemd um nauðsynina á þingmannafjölgun í Reykjavík, og eins um þá nauðsyn, að kosið verði hlutfallskosningum. Eins og kunnugt er, þá eru í Reykjavík helst drög til flokkaskiftingar. Að vísu er ekkert til hjer á landi, sem samsvarar stjettaskiftingu annarsstaðar, í stórar og auðugar borgaraættir annars vegar og öreigalýð hins vegar. Hjer er að eins atvinnuskifting, því að flestir eiga ættingja í öllum stjettum. Í Reykjavík ber einna mest á atvinnuskiftingunni, og er þá rjett, að hver stjett hafi fulltrúa á þingi, eftir því, sem kjósendamagn hennar segir til um. En slíkt getur ekki orðið nema kosið sje hlutfallskosningum. Ef annar flokkurinn hefir 2—3 atkv. fram yfir, þá fær hann alla þingmennina, og er það bersýnilegt ranglæti. Það er sama, hver flokkurinn er, ranglætið er það sama, þó minna geri til um þá, sem ekki eru verkamenn, vegna þess, að þeir hafa fulltrúa annarsstaðar frá.

Jeg hefi hugsað mjer, að Alþingi fjölgi þingmönnum Reykjavíkur að minsta kosti

um 3, en þó ekki meira en 4, og veltur þá á því, hvort Reykjavík fær 5 eða 6 þingmenn. En um leið og þetta er gert tel jeg rjett að jafna um kosningaskipulagið alment. Ekki þó á þann hátt, að teknir verði þingmenn frá þeim kjördæmum, sem nú eru, eða klipið af sumum og sett við önnur, heldur verði bætt við 3—4 í viðbót og þá í sjávarkjördæmum, t. d. Hafnarfirði, Eyrarbakka eða þar eystra og Barðastrandarsýslu. Með því móti mætti koma jöfnuði á að nokkru leyti.

Jeg hefi hnýtt við þetta frv. þessum almennu athugasemdum, af því að umræðum um hitt frv. lauk svo skyndilega, að jeg hafði ekki tíma til að kveðja mjer hljóðs, en þó hefðu þær átt betur heima þar.

Forsætisráðherra (J. M.): Þó að jeg hafi mikla tilhneigingu til að fara nánar út í frv. um fjölgun þingmanna í Reykjavík, þá verð jeg að stilla mig um það, því það brýtur þó í bága við þingsköp og allar þingvenjur að fara að tala um alt annað frv. en hjer er nú fyrir. En úr því að minst hefir verið á þingmannafjölgun þessa, vil jeg að eins láta þess getið, að því máli verður ekkert ver gert en að fara að blandasaman við það öðrum kjördæmum, fjölgun þm. eða breyting á skipun þeirra. Kröfunni um þingmannafjölgun Reykjavíkur hefir einatt verið komið fyrir á þann hátt.

Bjarni Jónsson: Jeg sagði það, sem jeg sagði, til að styðja þetta mál, en ekki til að tefja það. Jeg get ekki sjeð, að yfirlit yfir kjördæmaskipunina alment verði þessu máli til tjóns, heldur miklu frekar til lífs. ef því er lífs auðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til stjórnarskrár.

nefndar (sjá A. bls. 307), hvorttveggja í e. hlj.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 19. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 28).

Frsm. (Sveinn Björnsson): Jeg gat þess í gær í framsöguræðu minni í stjórnarskrármálinu, að nefndin hefði talið sjer skylt að afgreiða stjórnarskrárfrumvarpið fyrst. Það má segja, að þetta frv. sje einskonar viðauki við stjórnarskrárfrumvarpið. Lá því næst fyrir nefndina að afgreiða það á eftir stjórnarskrárfrumvarpinu. Þetta frv. er stutt, og er það eingöngu komið fram til að samræma kosningalögin við stjórnarskrána. Nefndinni fanst það til hlýða að gera nokkrar breytingartillögur við þetta frv. eins og það kom frá hendi stjórnarinnar.

Brtt. eru þessar:

1. Við 2. gr. vill nefndin leggja til, að á eftir orðunum „hver ríkisborgari“ komi: karl og kona.

2. Að á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verði 3. grein:

Fyrri málsgrein 79. gr. orðist þannig: Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 4. hvert ár.

Nefndin vildi gera þessa brtt. til samræmis, sökum þess að stjórnarskráin gerir alment ráð fyrir, að kosið sje 4. hvert ár, en ekki 6. hvert ár.

3. Á eftir þeirri grein komi ný grein, sem verði 4. gr., svo hljóðandi:

Í stað fyrri málsgreinar ákvæða um stundarsakir komi: Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast

gildi, þótt þeir sjeu ekki íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti, falla niður árið 1926.

Almennar, reglulegar alþingiskosningar í sjerstökum kjördæmum skulu fara fram árið 1923. Ekki mega þær þó fara fram fyr en að loknu Alþingi það ár.

Nefndinni þykir ekki ástæða til að láta ákvæðin um stundarsakir standa óbreytt í kosningalögunum frá 1915. Voru þau aðallega sett með tilliti til kosninganna, sem fram fóru 1916.

Nefndin komst því að þeirri niðurstöðu, að hentugast væri að bæta þarna við þeim ákvæðum, sem hefðu orðið aftan við stjórnarskrána, en snerta það efni, sem kosningalögin eru um, og sýndist nefndinni þurfa að breyta ákvæðunum um stundarsakir, samræmisins vegna.

4. Upphaf frumvarpsins orðist svo: Í stað 1. og 6. greinar, fyrri málsg. 79. gr. og fyrri málsg. ákvæða um stundarsakir í lögum 3. nóv. 1915, um kosningu til Alþingis, koma eftirfarandi greinar.

Nefndin álitur heppilegast, að breytingar slíks lögformlegs efnis komi frá sjálfri landsstjórninni. Þannig að fullu samræmi yrði náð, en í þessu falli hefir hæstv. stjórn láðst að gera þetta. Eigi vill nefndin þó ávita hæstv. stjórn fyrir þetta, en vildi að eins benda á, hvað heppilegast væri. Að lokum leyfi jeg mjer að æskja þess fyrir hönd nefndarinnar, að þetta mál fái sem greiðastan framgang í hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 28,1. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis.

Brtt. 28,2. (ný 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 28,3. (ný 4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 28,4. (upphaf frv.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., mánudaginn 23. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 54).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 42, 46).

Gísli Sveinsson: Jeg ætlaði mjer að eins að skýra frá, að jeg kom með brtt. til að færa, ef svo mætti að orði kveða, efnið til betra máls í 4. gr. frv. Það má segja um hæstv. stjórnarskrárnefnd, að „skýst, þótt skýrir sjeu“. Stjórnin hafði látið hjá líða að lagfæra kjördæmabilsákvæðið samkv. stjórnarskránni nýju, en þar sem nefndin hefir tekið upp bráðabirgða-ákvæðin úr stjórnarskrárfrv., þá hefir henni láðst að athuga, að þetta er ekki stjórnarskrárfrv., og verður því að breyta orðalaginu.

Frsm. (Sveinn Björnsson): Jeg skal, fyrir nefndarinnar hönd, þakka hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fyrir, að hann hefir haft auga fyrir þessari villu, sem hjer hefir orðið, og jeg hygg, að mjer sje óhætt að lýsa yfir því, fyrir nefndarinnar hönd, að þessari lagfæringu sje með þökkum tekið.

ATKVGR.

Brtt. 46. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv. á að fylgjast með og er afleiðing af ákvæðum í stjórnarskrárfrv. Jeg veit ekki, hvort háttv. deild finst ástæða til að vísa máli þessu til nefndar. En það yrði þá stjórnarskrárnefnd, sem tæki það að sjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til stjórnarskrárnefndar (sjá A. bls. 306) með 10 shlj. atkv.

Á 10 fundi í Ed., miðvikudaginn 25. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 85).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Breyting sú, sem stjórnarskrárnefnd leggur til að gera á frv., er ekki svo mikil, að það ætti að þurfa að verða málinu að fótakefli, einkum þar sem hún hefir áður verið borin undir hlutaðeigendur. Það er að eins leiðrjetting á ósamræmi, sem óviðkunnalegt er að láta sjást í frv. Einnig vil jeg benda á, að jafnframt muni þurfa að fella niður orðin í upphafi frv., í sambandi við þetta, en það er svo sjálfsögð breyting, að leiðrjetta mætti það á skrifstofunni.

Kosningar til Alþingis. — Laun hreppstjóra og aukatekjur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 85. samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., s. d. (25. febr.), kl. 2 miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 54, með á orðnum breytingum samkvæmt atkvgr. við 2. umr.).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 115).

Á 15 fundi í Nd., s. d., kl. 6,15 síðdegis, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sveinn Björnsson): Háttv. Ed. hefir gert eina breytingu við þetta frv. Það hefir ekki unnist tími til að ræða þá breytingu á fundi í stjórnarskrárnefnd-

inni, en þar sem breytingin ekki felur í sjer neina efnisbreytingu, heldur er þannig vaxin, að deildinni hefir þótt betur fara að hafa ekki ákvæðin um stundarsakir í kosningalögum frá 1915, og ekki þótt nauðsynlegt að hafa seinni hluta ákvæðisins. Jeg tel breytinguna til bóta og vænti því, að þessi hv. deild samþ. frv. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 142).

3. Laun hreppstjóra og aukatekjur.

Á 1. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. (A. 10).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Frv. þetta er einnig komið fram eftir till. frá Alþingi. Nd. samþ. till. um það á síðasta þingi, að stjórninni eðlilegast að bæta þóknun þeirra þing frv. um bætt kjör hreppstjóra. Fanst stjórninni eðlilegast að bæta þóknun þeirra á sama hátt eins og laun annara starfsmanna landsins, þó það sje annars ekki samrýmanlegt, þar sem annað er þóknun, en hitt laun fyrir fullan starfa. Ekki er víst, að hv. deild geðjist að þessu frv., en athugar það vonandi og gerir því þau skil, sem hún álitur best. Undir hvaða nefnd þetta verður lagt liggur mjer í ljettu rúmi. Mætti kann ske vísa því til allsherjarnefnd.

ar. (P. J.: Fjárhagsnefndar). Mjer finst málið ekki eiga heima í fjárhagsnefnd. (P. J.: Fjárveitinganefnd). Hygg rjettara að vísa því til fjárveitinganefndar.

Gísli Sveinsson: Jeg vil styðja þá till., sem mjer heyríst að fram sje komin, að frv. verði vísað til fjárveitinganefndar. Þetta atriði er fjárspursmál að eins, launamál, og hugsanlegt væri, að fleiri slík mál kæmu fyrir þetta þing, og geri jeg ekki ráð fyrir, að skipuð verði sjerstök launanefnd. Jeg álit því rjett að vísa öllum launabóta- og launaveitingamálum, sem fram koma nú, til fjárveitinganefndar, sem væntanlega fær ekki mikið annað verkefni.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 18 : 1 atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 303) með 14 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 19. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 26).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg hefi sáralitlu við að bæta um frv. þetta fyrir hönd fjárveitinganefndar, eins og gefur að skilja, þar sem hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Að eins get jeg getið þess til frekari skýringar, að frv. þetta fer ekki fram á neina hækkun á sjálfum launum hreppstjóranna, heldur eru þeim að eins veittar þær bætur, að nú eiga þeir að fá fulla dýrtíðaruppbót samkv. 33. gr. launalaganna.

Sumum þótti að vísu þetta of litlar bætur, en þær eru þó betri en ekkert. Lægstu laun hreppstjóra eru nú 80 kr. En verða í ár eftir frv. þessu 176 krónur, eftir núgildandi verðlagsskrá. Þess má einnig geta, að hæstv. stjórn flytur frv. þetta samkvæmt Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Þingsál. till. frá síðasta þingi, og sýnir það enn betur rjettmæti frv.

Voru sumir óánægðir með þetta og þótti eigi nógu langt gengið, en þar sem engin brtt. hefir komið fram, verður að álíta, að þeir sætti sig við það.

Hákon Kristófersson: Af því að háttv. þm. Stranda (M. P.) taldi óánægjuraddir helst hafa heyrst um, að launakjör hreppstjóra væru ekki viðunandi eins og þau eru, vildi jeg segja nokkur orð.

Eins og kunnugt er, þá er mjög stuttur tími síðan Alþingi bætti að allmiklum mun laun hreppstjóra. Jeg held, að jeg megí slá því föstu, að þegar þær umbætur áttu sjer stað, þá hafi verið út frá því gengið, að þær væru svo samilegar, að við mætti una allmörg ár.

Það er að vísu rjett, sem hv. frsm. (M. P.) benti á, að Nd. samþykkti í fyrra þingsályktunartillögu, er fór í þá átt, að skora á stjórnina að gera ráðstafanir um að bæta að einhverju leyti laun hreppstjóra. Af hverju sú tillaga kom fram, skal jeg engum getum að leiða, en það leyfi jeg mjer að fullyrða, að engar almennar óskir frá hreppstjórum höfðu komið fram, er bentu á, að þeir væru óánægðir með laun sín. Jeg var á móti þeirri tillögu í fyrra, af þeirri ástæðu, að jeg leit svo á, að hlutur hreppstjóra hvað laun snerti væri eins og er mun betri en margra annara starfsmanna í þágu hins opinbera, t. d. hreppsnefndaroddvita, að jeg tali ekki um hreppsnefndir, skattanefndir o. fl., er ekki fá nein laun fyrir starfa sinn, nema aðköst og vanþakklæti.

Ef hæstv. stjórn lítur svo á nú, að laun hreppstjóra sjeu svo, að ekki megí við una, því gleymdi hún þeim þá á seinasta þingi, er hún bar aðra embættis- og sýslunarmenn landsins eins fyrir brjóstinu og fullyrða má að hún gerði? Að ályktun sú, er marin

Laun hreppstjóra og aukatekjur.

var fram með eins atkv. mun, að mig minnir, hjer í deildinni í fyrra, hafi haft við svo mikil rök að styðjast, að stjórnin hafi ekki sjeð sjer annað fært en koma fram með frv. þetta. því get jeg ekki trúað.

Skoðun mín á þessu máli er óbreytt frá í fyrra. og jeg vona, að svo sje annara starfsbræðra minna, er sæti eiga hjer í hv. deild, en af því mjer og öðrum þykir vel til fallið að sjá, hve margir af þeim eru svo eigingjarnir, að fara nú að nota þetta stutta þing til að hlynna að sjálfum sjer, en ganga fram hjá mörgum öðrum, er lakar er farið með, leyfi jeg mjer að mælast til þess, að hæstv. forseti hafi nafnakall um frv.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg bjóst síst við því, að mönnum þætti tillögurnar um dýrtíðaruppbót hreppstjóra ganga of langt. Jeg get ekki sjeð, að það komi málinu við. Þótt öðrum starfsmönnum landsins sje illa launað. Finst mjer mjög eðlilegt að bæta launakjör hreppstjóranna frá því sem nú er, og þarf það alls ekki að standa í sambandi við aðra launahækkun alment.

Mjer finst ofurskiljanlegt, að stjórnin skyldi nú koma fram með þetta frv., og því síst ástæða til að ávíta hana fyrir það. Raunar er mjer ekki kunnugt um það, hversu umfangsmikil eða erfið störf hreppstjóra eru, en það hygg jeg sanni næst, að þeir muni fullkomlega eiga þau laun skilið, sem hjer er farið fram á.

Mig furðar því á, að hv. þm. Barð. (H. K.) skuli vera að amast við þessu, og einkum að hann skuli slá um sig með því að slá á þá strengi, er hann sló á í ræðu sinni, og venjulega eru notaðir af því þeir hljóma ljúflega í eyrum kjósenda. Vona jeg, að úr því að enginn annar af hreppstjórum þeim, sem sæti eiga í hv. deild, hafa hreyft mótmælum, þá standi hann einn uppi með þetta.

Pjetur Ottesen: Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd, út af því, hvernig orð fjellu hjá hv. frsm. (M. P.). Hann sagði, að úr því að enginn af hreppstjórum þeim, sem sæti eiga í deildinni, hreyfði mótmælum, nema hv. þm. Barð. (H. K.). Þá mundi hann standa þar einn uppi. Jeg minnst þess, að þegar fram kom hjer í deildinni í fyrra þingsályktunartillagan um að endurskoða lögin um laun hreppstjóra, þá greiddu allir hreppstjórar deildarinnar atkvæði móti henni. Það er þess vegna ekki að þeirra tilhlutun, að þetta frv. er hlaupið af stokkunum. Það er ekki af því, að hreppstjórum sjeu ofborguð þau störf, sem þeir inna af hendi í þarfir hins opinbera, þó þeir fengju þessa uppbót, sem hjer ræðir um, heldur stendur líkt á með suma aðra, eins og t. d. oddvita, sem mjög litla borgun fá fyrir sitt umfangsmikla og argsama starf, svo og skattanefndarmenn, sem ekkert fá fyrir sinn starfa. Á þinginu 1917 voru laun hreppstjóra og borgun fyrir aukatekjur þeirra hækkuð, en þá voru líka ákveðin hærri laun handa oddvitum og sýslunefndarmönnum. Þetta vildi jeg að einnig nú hefði verið látið haldast í hendur, úr því nokkuð var farið að eiga við þetta á annað borð, en þar sem svo er ekki, þá mun jeg hiklaust greiða atkv. á móti frv., enda tel jeg það fyrir utan starfsvið þessa aukapings að vera að stofna til annara útgjalda en þeirra, sem óhjákvæmileg eru.

Þorleifur Jónsson: Jeg tek það fram, að þetta er ekki neitt stórmál frá mínu sjónarmiði, og hvað sjálfan mig snertir er mjer sama, hvernig það fer. En af því jeg hefi heyrt á ýmsum hreppstjórum, að þeir væru ekki ánægðir með þau laun, sem nú eru, þá tel jeg ekki rjett af mjer að standa í vegi fyrir þessari launauppbót. Launauppbótin, sem gerð var 1917, er að vísu góðra gjalda verð, þar sem hreppstjóra-

laun voru hækkuð úr 30—40 kr. upp í 80 kr., en 80 kr. nú eru eigi borgun fyrir meira en 6—7 daga vinnu, eftir almennum verkalaunum, en ærið mikill tími gengur þó í þetta starf. Starf hreppstjóranna mun víðast hvar taka að minsta kosti 2—4 vikna tíma á ári, og sjá því allir, að það, sem hjer er farið fram á, nefnilega að dýrtíðaruppbót verði greidd hreppstjórum, er ekki ofmikil borgun, eins og nú standa sakir, og fanst mjer því alls ekki rjett af mjer að standa á móti þessu í fjárveitinga-nefndinni. Það hefir að vísu verið venja, og er enn, að ýmsum störfum er hlaðið á alþýðumenn fyrir sáralitla eða alls enga borgun, en það hætir ekki úr skák. Jeg skal taka til dæmis skattanefndirnar. Með lögnum um tekjuskatt frá 1917 var starf skattanefnda aukið mjög mikið. Og er mjer kunnugt um, að skattanefndir hafa orðið að verja til starfa sinna 2 dögum, og alt upp að viku til sveita, og fyrir þetta fá þær ekki einn eyri. Sjá allir, hve óhæfilegt er að níðast þannig á einstökum mönnum. Jeg mintist á það í fjárveitinganefndinni, hvort eigi væri tiltækilegt í sambandi við þetta frv. að ákveða skattanefndum einhverja þóknun. En það var álit nefndarinnar, að það væri eigi hægt, nema með því að breyta tekjuskattslögnum.

Þórarinn Jónsson: Með því að háttv. frsm. (M. P.) beindi til hreppstjóranna, að láta í ljós álit sitt, vil jeg fara nokkrum orðum um þetta frv. Og þá vegna þess fyrst og fremst, að jeg hefði talið rjettast, að stjórnin hefði tekið til athugunar sjálf launakjör hreppstjóranna, en eins og kunnugt er, er hjer að eins um dýrtíðaruppbót að ræða. Starf hreppstjóranna er geysiumfangsmikið, og því fyllilega rjettmætt að hækka sjálf laun þeirra án tillits til dýrtíðaruppbótar. Jeg gat þess á þinginu í fyrri, og einnig mintist jeg þar á sátta-

nefndirnar og ýmsa aðra, er hafa verri þóknun en engin væri. Álit mitt er því á þá leið, að jeg er á móti þessu frv. sökum þess, að jeg álit, að stjórnin hafi ekki farið rjetta leið, en ekki af því, að jeg hafi ekki talið rjettmætt að hækka launin.

Gísli Sveinsson: Jeg álit ekki vert að setja sig á móti þessu frv., þótt smágallar kunni á því að vera. Laun hreppstjóranna hafa hækkað nokkuð í dýrtíðinni, en þó má ske enn ástæða til að hækka þau. Það getur enginn ætlast til þess, að um sjerlega mikla borgun sje að ræða fyrir störf þessi: gegnir þar alt öðru máli en um störf embættismanna, sem hafa starf sitt fyrir lífsatvinnu.

Jeg tel það að vísu illa farið, ef enginn vill vinna fyrir þjóðina án þess að heimta fulla borgun fyrir. En þótt hreppstjórar eigi heimtingu á sómasamlegri borgun, þá krefjast þeir alls ekki, að þeim sje goldið í samræmi við hina æðri embættismenn landsins, og jeg vil alls ekki hindra það, að frv. nái fram að ganga. Jeg vil geta þess hjer, að jeg sendi stjórninni fyrir nokkru erindi um störf og laun skattanefnda þar eystra, frá einni slíkri nefnd, og get ætlað, að stjórnarráðið taki það mál nú til athugunar, við væntanlega endurskoðun skattamálanna.

Björn Hallsson: Jeg skal ekki tefja tímann með málalengingum. En þar sem jeg er einn af þeim, sem frv. þetta nær til, vildi jeg láta skoðun mína í ljós með nokkrum orðum. Það þykir altaf leitt að þurfa að greiða atkv. um eigin hagsmuni. en í þessu tilfelli er það ekki vandi fyrir mig, því að jeg tel ekki rjett að samþ. þetta frv. Ástæðurnar fyrir þessari skoðun minni eru fyrst og fremst þær, að mjer virðist rangt að taka hreppstjóra út úr, en láta ýmsa aðra alþýðustarfsmenn sitja við

Laun hreppstjóra og aukatekjur.

sömu launakjör og áður, svo sem oddvita, sýslunefndarmenn, sáttanefndir, hreppsnefndir o. fl. Hreppsnefndir eru launalausar, nema störf oddvita, og hafa þær þó mikið af trúnaðarstörfum fyrir hreppana á hendi. Að vísu má segja það, að þessir starfsmenn taki ekki laun, ef þau eru nokkur, beint úr landssjóði, og því sje þetta ekki sambærilegt. En mjer virðist það enga breytingu gera, því að launakjörin eru þau sömu fyrir því.

Jeg ljeti mig litlu skifta þetta frv., ef mjer fyndist það ekki brjóta í bág við það „princip“, sem mjer virðist að ætti að stjórna gerðum þingsins í þessu efni. Okkur hreppstjórunum er sama, að jeg ætla, hvort við fáum 10 eða 50 kr. meira eða minna fyrir starf okkar, og mjer finst við síst ver launaðir en aðrir menn úr alþýðuflokki. Þótt með því sje að vísu ekki mikið sagt, þar sem störf alþýðumanna eru yfirleitt illa launuð.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Það hefir nú sýnt sig, að sumir hreppstjórnarnir eru frekar móti frv., og það að eins af þeirri ástæðu, að frv. nær ekki til fleiri en þeirra. Háttv. þm. Barð. (H. K.) kom með þessa ástæðu og hugði hana nægja til að sanna sitt mál. En því mætti ekki taka hina hlið málsins, taka þá, sem á undan eru komnir, og bera sig saman við þá, sem þegar hafa fengið launakjör sín bætt? Eða hvers vegna þarf endilega að gera illa við þessa starfsmenn eða láta þá gjalda þess, þó aðrir starfsmenn sjeu einnig illa settir? Ekki bætir það launakjör hinna. Og eins og öllum þm. er ljóst, þá geta þessir hv. þm., sem nú malda í móinn, komið fram með till. um að bæta einnig laun þeirra starfsmanna, er þeim finst enn verða út undan.

Jeg vona, að þó sumum þessum háttv. hreppstjórum hrjósi hugur við að taka við svona miklu fje úr landssjóði eins og hjerer

gert ráð fyrir, þá verði þeir svo sanngjarnir við stjettarbræður sína, að unna þeim bótanna, og greiði þeirra vegna því ekki atkvæði á móti frv.

Hákon Kristófersson: Jeg vil að eins leiðrjetta misskilning hjá hv. frsm. (M. P.). Jeg neita því ekki, að hreppstjórarættu ekki að gjalda þess, að aðrir fengju ekki launahækkun, heldur leit jeg svo á, eins og hv. þm. Borgf. (P. O.), að þar sem önnur laun væru ekki hækkuð, þá mætti eins, að þessu sinni, ganga fram hjá launum hreppstjóra. Hjer á ekki að miða við þá, sem á undan eru komnir, heldur við þá, sem eftir eru. Og óviðkunnanlegt að fara nú sjerstaklega að fást um laun hreppstjóra, þar sem svo stutt er síðan, að laun þeirra voru bætt að nokkrum mun. Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) gat þess, að hreppstjórar myndu þurfa 3—4 vikur til að inna starfa sinn af hendi, en vart hygg jeg þann tíma nauðsynlegan til skýrslugerða og brjefaskrifta. Því með ákveðnum störfum hreppstjóra má ekki telja þann tíma, er þeir þurfa til ýmsra framkvæmda, er þeir fá ákveðna borgum fyrir. Laun þeirra frá hinu opinbera eiga að mínu áliti að miðast við þau störf, er þeir vinna án þess að fá borgun fyrir annarsstaðar frá. Hvað því viðvíkur, að mjer hrjósi hugur við að taka á móti laununum, þó þau væru hækkuð, þá skoða jeg það sem gaman hjá hv. frsm. (M. P.).

Jeg er á móti frv., sjerstaklega af þeirri ástæðu, að það nær ekki til fleiri starfsmanna, og þar á jeg sjerstaklega við hreppsnefndaroddvita, er hafa að mínu áliti mun meira starf sem slíkir en hreppstjórar. Því hefir verið slegið fram hjer í hv. deild, að margir oddvitar fengju hærri laun en hin lögákveðnu. Þar sem, ef svo væri, engin lagaheimild er fyrir slíku, vil jeg ekki ganga út frá því, að svo sje.

Sú eðlilegasta bót á launum hreppstjóra teldi jeg að væri sú, að þeir hefðu, án

íhlutunar sýslumanna, rjett til að halda öll uppboð, hver í sinni sveit, er fyrir koma, nema má ske stranduppboð. Út frá þessu held jeg að hafi verið gengið, þegar þingið hafði seinast mál þetta til meðferðar, enda munu flestir sýslumenn hafa það svo í framkvæmdinni, en aftur eru aðrir svo smásálarlegir, að þeir vilja halda uppboðin sjálfir, nærri því að segja hvað smá sem þau eru, sjá eftir innheimtulaununum.

Pjetur Ottesen: Jeg vil að eins gera þá athugasemd, út af ræðu hv. þm. S.-P. (P. J.),* að sveitirnar hafa ekki heimild til að hækka laun oddvita, nema þá með samþykki sýslunefnda. En annars eru oddvitalaun ákveðin í sveitarstjórnarlögunum. Út af því, sem hv. frsm. (M. P.) sagði, að hann vonaðist til, að hreppstjórum þeim, sem hjer væru, hrysi ekki hugur við að taka á móti þessum miklu peningum, þá er nú þessi sletta hv. þm. (M. P.) ekki sjerstaklega svaraverð, og ann jeg honum vel ánægjunnar af því að hafa komist svona smekkvíslega að orði.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg veit að vísu ekki, hvað fram hefir farið í þessu máli, en kemur það á óvart, ef menn eru að hafa á móti því að borga svo óveruleg útgjöld (*H. K.*: Alls ekki óveruleg) eins og hjer er um að ræða. Eins og kunnugt er, skoraði síðasta þing á stjórnina að koma með frv. í þessa átt, að bæta laun hreppstjóra, og finst mjer það því benda á hverflyndi hjá þinginu, ef það vill ekki ganga að þessu frv., eða einhverri líkri uppþót.

Jón Auðunn Jónsson: Herra forseti! Mjer virðast launakjör oddvita nokkuð fyrir utan verksvið Alþingis. Laun þeirra

*) Ræðu þá, sem hjer er vitnað til, hefir P. J. strikað út úr handriti innanþingskrifara.

verða að vera í samræmi við störf. Jeg veit um oddvita, sem hefir 1000 kr. fyrir starf sitt, og er síst of mikið. Sumstaðar er það hálfis árs verk að rækja oddvitastarfið, svo vel sje, svo það er mjög svo eðlilegt, að launin sjeu misjöfn. Að lokum vil jeg geta þess, að jeg álít, að þingið ætti ekki að taka launamál oddvitanna í sambandi við þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., E. Þ., G. Sv., Gunn. S., J. A. J., M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. B., B. Sv.

nei: Þór. J., B. H., H. K., Jak. M., J. S., M. G., P. O.

Tveir þm. (B. J. og E. E.) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15 : 4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fr. vísað til 3. umr. með 16 : 5 atkv.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 10).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Fr. samþ. með 16 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 8. fundi í Ed., mánudaginn 23. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 55).

Laun hreppstjóra og aukatekjur. — Gullforði Íslandsbanka og útflutningsbann á gulli.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. —
Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti: Frv. þetta er komið hingað frá hv. Nd. og var þar til athugunar í fjárveitinganefnd.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta stjórnarfrv. er fram komið samkvæmt áskorun hv. Nd. í fyrra, þar sem farið var fram á það, að stjórnin gerði ráðstafanir til þess, að bætt yrðu laun hreppstjóra. Ráðuneytið var þeirrar skoðunar, að rjettast væri að velja þá leið, sem hjer hefir verið farin, og haga dýrtíðaruppbótinni eftir sömu reglum og gilda fyrir starfsmenn ríkisins samkvæmt launalögum.

Það verður ekki sagt, að þessi uppbót sje svo mikil, að ríkissjóð muni það nokkru verulegu. En hins vegar er starf hreppstjórnanna orðið svo umfangsmikið í ýmsum hreppum, að það er meira en svo, að það sje fullgaldið með núverandi launakjörum.

Eins og hæstv. forseti gat um, ætti málið hjer að fara til sömu nefndar og það var í hv. Nd., sem sje fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 301) með 10 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 84).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Frv. þetta er stjórnarfrv., fram komið eftir ósk síðasta þings, og er komið hingað

óbreytt frá hv. Nd. Efni frv. er, að hreppstjórnar fái dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn landsins. Þar sem hjer er ekki um neitt stórfje að ræða fyrir ríkissjóð, en hins vegar er þetta sanngjarnt gagnvart hreppstjórnunum, virðist nefndinni rjett að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., s. d., kl. 2 miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 55).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

Lög frá Alþingi.

(Sjá A. 116).

5. Gullforði Íslandsbanka og útflutningsbann á gulli.

Á 1. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli (A. 12).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var frv. tekið til 1. umr

Gullforði Íslandsbanka og útflutningsbann á gulli.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vona, að ekki þurfi mikla framsögu nú við 1. umr. Jeg sje ekki þörf á að bæta miklu við ástæðurnar fyrir frv., þó stuttar sjeu. Jeg legg því til, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar og umr. frestað. Jeg byggi þessa till. mína á því, að nauðsynlegt er að athuga alt bankaseðlafyrirkomulagið um leið og þetta frv. er athugað. Það má gera í samráði við bankana, og býst jeg við, að eftir því verði óskað af hálfu Íslandsbanka.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 302) í e. hlj. og umr. frestað.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 12, n. 52).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samp. í e. hlj.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg býst við að verða mjög stutturður um frv. við þessa umr., sem er framhald 1. umr., og vænti þess líka, að litlar umr. verði um málið fyr en við 2. umr. Jeg skal að eins gera stuttlega grein fyrir þeirri breytingu, sem fjárhagsnefnd hefir komið fram með, á þgskj. 52.

Nefndin taldi nauðsynlegt að banna útflutning á gulli, en um óinnleysanlegleik seðla var nefndin ekki alveg á einu máli, hvort það væri nauðsynlegt, ef þetta atriði hefði ekki staðið í beinu sambandi við útflutning á gulli. En nefndinni þótti auðsætt, að erfitt mundi að koma í veg fyrir útflutning á gullinu, ef seðlarnir væru ekki gerðir óinnleysanlegir; nefndinni þótti ekki tryggilegt að banna útflutninginn eingöngu. Það eru svo margir vegir til að

flytja út gull, þótt það sje bannað. Hjer er, eins og menn vita, ekkert tolleftirlit, og altaf fleiri og færri menn, sem hafa löngun til að brjóta lögin, ekki síst þegar það getur staðið í sambandi við hagsmuni sjálfra þeirra. Þetta gull, sem hjer er í landinu og Íslandsbanki hefir til umráða, er svo lítið, að það mundi ekki geta orðið til neins stórhagnaðar, nema þá að örfáir menn hefðu flutt það út, en það gæti síðar komið í bága við hagsmuni þjóðarinnar.

Af þessari ástæðu er það, að nefndin hefir getað fallist á, að seðlar Íslandsbanka væru gerðir óinnleysanlegir um tíma. En óinnleysanlegleiki seðlanna getur auðvitað haft illar og skaðvænlegar afleiðingar, en út í það skal jeg ekki fara mikið, en að eins benda á það, að ef seðlarnir fengjast ekki innleystir og Íslandsbanki og Landsbankinn þyrftu að flytja út verðmæti fyrir ríkið, og ef Íslandsbanki gæti ekki flutt fyrir Landsbankann, þá myndi svo fara, að seðlarnir íslensku mundu ekki seljast fyrir nafnverð. Þá kæmi fram gengismunur, sem yrði til stórtjóns, ef vjer flytjum meira inn en út, og auk þess þurfum vjer að borga svo margt annað, svo að það mundi að öllu athuguðu verða oss til stórtjóns, en fyrir það hefir nefndin viljað girða með brtt., sem er á þgskj. 52. Nefndin hefir átt tal við báðar bankastjórnirnar, en árangrinum af því samtali verður ekki skýrt frá hjer, við þessa umr., en eins og bent er á í nál., tjáði Íslandsbanki sig fúsan til að yfirfæra fyrir Landsbankann, eftir því sem hann gæti, og þótt nefndin hafi ekki fengið beina yfirlýsingu um, að bankinn vildi ávalt gera það eða gæti það, þá hygg jeg, að ekkert muni verða því til fyrirstöðu á meðan nokkurn veginn standast á innflutningur og útflutningur; breytingin yrði þá fyrst, þegar þetta tvent stæðist ekki lengur á, en vjer vonum, að það verði ekki í bráð, og lítið spor í áttina er það frv., sem hjer kemur síðar til umr.

Gullforði Íslandsbanka og útflutningsbann á gulli.

Að vísu má segja, að með því að gera seðla óinnleysanlega sje framið gerræði gagnvart öllum þorra einstaklinga. Það getur vitanlega orðið þeim til fjárhagslegs tjóns, en það yrði þá helst á þann veg, að þeir töpuðu á gengismun, en á meðan millifærslur geta fengist er þeim ekki þörf á gulli, og til gjaldmiðils hjer innanlands þarf þess ekki, og þegar lítið er á, hve gullið er lítið, gæti vel komið fyrir, að landsstjórnin þyrfti að taka þetta gull í sínar hendur, og sá nefndin. Því ekki annað fært en að leggja til, að þessi bráðabirgðalög yrðu samþ., en þó með þeirri breytingu, að ríkissjóður og Landsbankinn þyrftu ekki að komast í hættu fyrir það, á meðan þeir gætu fengið millifærslur hjá Íslandsbanka.

Sveinn Björnsson: Jeg hjó eftir því hjá hv. frsm. (J. A. J.), að gullforði sá, sem Íslandsbanki hefir hjer á landi, væri mjög lítill. Mjer finst að þó það væri ekki annað en til upplýsingar fyrir hv. þingdeild í þessu sambandi, væri æskilegt að fá meiri upplýsingar um þetta atriði, og vildi jeg því beina þeirri spurningu til fjárhagsnefndar, hve mikill gullforðinn er, saman borið við seðla þá, sem eru í umferð, og ef hann er minni en ætlast er til, hve mikill mismunurinn er.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg get ekki svarað fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) öðruvísi en svo, að vjer höfum ekki rannsakað gullforða Íslandsbanka, en eftir upplýsingum þeim, sem vjer höfum fengið, held jeg að hann sje eitthvað 700,000—1,000,000, (*Atrinumálaráðh. S. J.*: Já, það mun láta nærri), en það er fyrir utan verksvið nefndarinnar að rannsaka það. En af því að hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) hefir gefið mjer ástæðu til að standa hjer upp aftur, vil jeg geta þess, að þetta mál gæti komið fyrir hv. þingdeild í sambandi við önnur mál, t. d. seðlaútgáfurjett

Íslandsbanka, en ekkert hefir enn komið fram þess efnis, að þetta frv. mætti ekki ræða alveg sjálfstætt.

Sveinn Björnsson: Jeg vil að eins benda á, að mjer finst það dálítið bundið við óinnleysanlegleik seðlanna, því að mjer finst, að því meiri sem gullforði bankans væri, því aðgengilegri yrði óinnleysanlegleiki seðlanna.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Það, sem mjer varð að orði áðan, að gull bankans væri mjög lítið, átti auðvitað að skiljast í sambandi við gjaldmiðil til útlanda. Nefndin hefir ekki rannsakað gullforða bankans hjer og ekki heldur aðrar tryggingar hans, en þar sem hæstv. atvinnu-
málaráðherra (S. J.) var mjer samdóma áðan, vil jeg geta þess, að það gladdi mig. Jeg var nefnilega ekki fullviss í þessu efni.

Þorleifur Guðmundsson: Það er að eins til þess að lýsa yfir því, að jeg lít ekkialgerlega eins á þetta mál og hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.), sökum þess, að mjer virtist eftir því sem hann taldi, að það væri fremur þægilegt fyrir bankann, að seðlarnir væru gerðir óinnleysanlegir, því þá gæti hann notið þeirra lengur. En þó svo sje, finst mjer sjálfsagt að banna útflutning á gulli, og er þá sjálfsagður óinnleysanlegleiki, sem nú stendur, þó lítið sje til af því fyrirbyggjandi í landinu. Og engu síður þó að kæmi til þess, að það þyrfti að taka til gullsins til að kaupa vörur fyrir, þá er að sjálfsgöðu enn þá meiri nauðsyn til að stöðva útflutning á því. Jeg veit ekki, hvað gullið er mikið, því fjárhagsnefndin fjekk mjög óljósar upplýsingar um það, enda lá það ekki fyrir henni að rannsaka það. Jeg álit því, að það geti ekki breytt skoðun neins manns á því, að nauðsynlegt sje að stöðva útflutning gullsins, að það sje svo

lítið, heldur þvert á móti enn þá meiri ástæða til þess.

Forseti: Í sambandi við fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) skal jeg leyfa mjer að benda á, að lögð hefir verið fram á lestrarsalinn skýrsla frá herra Jóni Dúasyni, sem varðar mjög þetta mál. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. hafa fest sjer það í minni, þegar jeg las upp í fundarbyrjun skrá yfir fram lögð skjöl, og skal jeg í því sambandi benda á, að skýrsla þessi er ítarleg og efnismikil, og því æskilegt, að hv. þm. kynni sjer hana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12. n. 52).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg hefi engu við að bæta það, sem jeg sagði hjer í gær um þetta mál; að eins ætla jeg að ítreka ástæðurnar fyrir breytingartillögu nefndarinnar, á þgskj. 52.

Eins og sjá má, þá er þetta öryggisráðstöfun til þess að koma í veg fyrir, að Landsbankinn neyðist til þess að flytja seðla út úr landinu, því ef seðlarnir eru fluttir út, þá kemur verðfall á peningunum, og kemur þar fram gengismismunurinn, sem jeg mintist á í gær og hjer þarf eigi að fjölyrða um, en hann getur orðið okkur til tilfinnanlegs fjártjóns, þar sem vjer þurfum meira að flytja inn en vjer getum flutt út.

Þá er og önnur ástæða, er jeg ætla að minnast lítið eitt á, og hún er sú, að það

Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

má varla heita sanngjarnt, að Landsbankinn hafi verri aðstöðu nú heldur en fyr var, áður en bráðabirgðalögin gengu í gildi.

Brtt. miðar að því að skylda Íslandsbanka til nauðsynlegrar yfirfærslu á peningum fyrir Landsbankann.

Þess má einnig geta, að stjórn Íslandsbanka telur sig fúsa til þess að yfirfæra, og varð það til þess að hvetja nefndina til þess að koma með þessa brtt. Og þó hún kunni að vera eitthvað skarpara ákveðin en Íslandsbanka þætti æskilegast, þá gátum við ekki haft þetta á annan veg, enda er svo, þegar Íslandsbanki er leystur undan því að innleysa seðla sína með gulli, að ekki er nema sjálfsagt, að eitthvað komi í staðinn.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að þessu sinni.

Pjetur Ottesen: Jeg vænti þess, þó að þetta sje 2. umr. málsins, að forseti víti það ekki, þó að jeg fari almennum orðum um málið, en fari ekki út í einstakar greinar, eins og venja er til á því stigi mála.

Jeg hefi orðið þess var, að brytt hefir á umtali, bæði utan þings og innan, um að þing og stjórn hafi þótt helst til tilhliðrunarsöm við Íslandsbanka, þar sem segja má, að honum hafi verið fenginu í hendur einhver dýrasti rjettur hvers lands, sem er seðlaútgáfurjetturinn. Um þann rjett má segja, að hann sje fjöregg atvinnuveganna og alls viðskiftalífsins yfir höfuð að tala. Að vísu var þessi rjettur takmarkaður í fyrstu, en var aukinn eftir því sem stundir liðu fram; má segja, að þær sveiflur hafi komið fram á viðskiftalífínu, að nauðsyn hafi þótt til bera að auka þennan rjett. En þá ber þess að geta, að samfara þessum rjettindum öllum, þegar Íslandsbanki er gerður að yfirbanka í landinu, þá er honum lögð sú siðferðislega skylda á herð-

ar gagnvart landinu í heild sinni, að stjórnar peningamálunum svo, að í lagi fari. Þá bar honum meðal annars að hamla því, að peningavextir færu fram yfir það, sem rjettar ástæður og sanngirni má telja að hafi leyft. En mörgum hefir fundist svo, sem Íslandsbanki hafi ekki rækt þessar skyldur sínar eins og honum sæmdi. Ágóði bankans bendir til þess, að hann hafi verið nokkuð frekur til fjárins og farið svo langt, sem hann frekast mátti. Því auk gróðans á gengismismuninum, sem hefir verið mikill og átt hefir sinn þátt í dýrtíðinni, sýna reikningar bankans, að ágóðinn hefir verið fullar 1550 þús. kr., eftir að hann er búinn að „honorera“ alla starfsmenn sína með hlutdeild í ágóða bankans.

En fyrir utan það, að bankanum eru veitt svona góð kjör með seðlaútgáfurjettinum, þá er honum einnig ívilnað með gullforðann og leystur undan skyldunni að svara gulli fyrir seðla sína. Hefir þetta tvívegis verið gert, fyrst 1914, þá 1918 með bráðabirgðalögunum, sem nú liggja fyrir þinginu til samþyktrar. En þá er ekki heldur úr vegi að minnst á, hvað bankinn hefir gert í staðinn. hvort hann hefir sýnt nokkurn lit á að endurgjalda þessa vernd í viðskiftum sínum við landið. Jú, hann hefir að vísu lánað landinu nokkurt fje, en það út af fyrir sig er naumast þakkarvert. En landið borgar sömu vexti og hver einstaklingur. Er nokkur sanngirni í þessu eftir málavöxtum? Jeg held, að jeg verði að svara nei til þess, sjerstaklega þegar þess er gætt, að lán þessi hafa flest verið skyndilán. Líka má þess gæta, að þegar bankinn sjálfur ákveður vextina, þá er það haft fyrir augum, að eitthvað geti tapast, en bankinn hefir naumast getað litið þeim augum á þennan lántakanda, að hætta væri á því. Þess vegna virðist ekki heldur, að nein ósanngirni hefði verið í því, þó að stjórnin hefði áskilið sjer einhver hlunn-

indi sem skilyrði fyrir þessari síðustu vernd sinni. En það hefir hún ekki gert. En nú kemur til þingsins kasta.

Stjórnin hefir að sjálfsgöðu ekki getað komist hjá því að gefa út bráðabirgðalög í þá átt, er hjer um ræðir, en eins og málinu horfir nú við, er fylsta ástæða til að gera þessa vernd að samningsatriði við bankann á frekari og víðtækari hátt en enn er orðið, og það er þingsins að skerast í málið, úr því að stjórnin hefir látið það undir höfuð leggjast.

Nál. ber það að vísu með sjer, að nefndin hefir sett sem skilyrði, að Íslandsbanki annaðist ókeypis um peningaflutning fyrir Landsbankann. En þetta leiðir að minsta kosti að nokkru leyti af sjálfu sjer fyrir óinnleysanleik seðlanna, og þarf því varla að teljast til nokkurra sjerstakra friðinda. Hjer hefði átt að fara miklu lengra.

En það er meira blóð í kúnni, sem gerir það að verkum, að það er alveg sjerstök ástæða til að taka þetta Íslandsbankamál til rækilegrar athugunar. Lögð hefir sem sje verið fram á lestrarsal þingsins í gær skýrsla um starfsemi Íslandsbanka, eftir cand. polit. Jón Dúason. Eru þar bornar þungar sakir á bankastjórnina. Sem af líkum má ráða, hefir mjer ekki unnist tími til að athuga skýrslu þessa gaumgæfilega. En skýrsluhöfundurinn hefir dregið saman ákæruatriði sín í 9 greinar, og vil jeg lesa þær upp, með leyfi hæstv. forseta. Segir hann svo:

„Jeg hefi í skýrslu minni fært rök að þessu:

1. Að Íslandsbanki hafi brugðist undan ákvæðum laganna um, að alt hlutafjeð skuli vera innborgað með nafnverði, og að hann hafi legið með stórar birgðir af eigin hlutabryjefum ýmist sem handveð eða fyrir eigin reikning, alt í stórum stíl.
2. Að Íslandsbanki hafi, þvert ofan í leyf-

Gullforði Íslandsbanka og útflutningsbann á gulli.

- isbrjef sitt og stofnlög, haft sparisjóð, einnig í stórum stíl.
3. Að Íslandsbanki hafi, að því er hægt er að dæma af uppgjöf bankans og skynsamlegum rökum, vanrækt að tryggja seðla sína svo, sem lög mæla fyrir, einnig í stórum stíl.
 4. Að endurskoðendurnir hætta að gefa yfirlýsingu um málmforðann, og að upphæðir þær, sem hann gefur upp sem „málmforða“, og tryggingarhlutfalls-tölur hans sjeu rangar og villandi.
 5. Að Íslandsbanki hafi brotið sjerleyfi sitt og stofnlög með því að vanrækja að hafa gullforða sinn hjer á landi, og að hann hafi einnig brotið málamyndaleyfi það, er hann fjekk hjá Einari Arnórs-syni, til að hafa gull erlendis.
 6. Að Íslandsbanki hafi sagt stjórninni rangt frá.
 7. Að Íslandsbanki hafi vanrækt að greiða allmikið fje í landssjóð.
 8. Að Íslandsbanki hafi neitað að innleysa seðla sína, sem hann þó var skyldur til með lögum.
 9. Að Íslandsbanki hafi sýnt frámunalegt kæruleysi um peningamál landsins og bakað þjóðfjelaginu með því stórtjón, og að afleiðingarnar af því sjeu ófyrir-sjáanlegar enn.“
- Svona hljóða þessi orð, og dylst víst engum, að hjer er um alvarlega ákæru að ræða. Og þó að mig bresti skilyrði til þess að dæma um gildi hennar, þá bendir þó alt til, að hjer sje ekki alt með feldu. Hjer hafa menn fyrir sjer orð mentaðs, banka-fróðs manns, sem talinn er vera skýr og mjög áhugasamur, svo sem rit hans bera einnig vott um. Og í annan stað hefir hann fengið fullkomna viðurkenningu fyrir hæfileikum sínum með því, er þingið 1919 veitti honum 12 þús. krónur til þess að kynna sjer fyrirkomulag á bankarekstri

erlendis. (*G. Sv.*: Viðurkenning um, að hann þyrfti að læra). Já, viðurkenning um, að „praktisk“ þekking komi mönnum að gagni, en þá um leið viðurkenning fyrir, að hjer væri maður, sem hefði öll skil-yrði til þess að færa sjer hana í nyt.

Annars hefði ekki verið ástæðulaust, ef aðstaðan hefði verið sú, að þingið mætti sitja lengi, að rannsóknarnefnd hefði verið valin til þess að fjalla um þetta mál. En þar sem því er ekki til að dreifa, þá vildi jeg beina því til hinnar nýju stjórn-ar, sem bráðlega sest að völdum, að hún láti rannsaka málið, því sje þetta að eins staðlaust fleipur, þá er líka gott fyrir Íslandsbanka sjálfan, að þessu illmæli sje hrundið, sem á hann er borið. En hafi það við eitthvað að styðjast, þá er einnig auð-sætt, að grafa þarf fyrir meinið.

Jeg vil því skjóta því til stjórnarinnar, að hún skipi nefnd sjerfróðra og óháðra manna bankanum, til þess að komast að hinu sanna hvað þetta mál snertir, því það dylst engum, að til þess er fullkomin ástæða.

Jakob Möller: Jeg stend að eins upp til þess að undirstrika það, sem háttv. þm. Borgf. (P. O.) sagði, og af því að mig undr-ar það, að hæstv. stjórn skuli ekki láta neitt til sín heyra um þetta mál, þar sem tækifæri er þó til þess og á hana er skor-að að gera það.

Jeg þóttist sjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hjer rjett áðan, og var að bíða eftir því, að hann kveddi sjer hljóðs, en þar sem hann hefir ekki gert það, leyfi jeg mjer eindregið að skora á hann að láta skoðun sína í ljós á þessum kæruatríðum, sjerstaklega hvað snertir greiðslu bankans til landssjóðs.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 52. (ný gr., verður 2. gr.) samþ.
með 22 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj.
atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 19 shlj.
atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25.
febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 93).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Af-
brigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Forsætisráðherra (J. M.): Það var
minst á það í gær við 2. umr., að stjórnin
hefði ekki sagt neitt frekar um málið þeg-
ar í byrjun. Þetta mál snertir mig ekki
persónulega, og er jeg ekki vanur að
blanda mjer að nauðsynjalausu í mál, sem
aðrir ráðherrar samkv. embættisskyldu
sinni fara með.

En jeg vil skýra frá því, í sambandi við
ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.) í gær, að
bankaráð Íslandsbanka, sem jeg er formað-
ur í, hefir fengið fyrirspurn um það frá
bankastjórn Íslandsbanka, hvort það
mundi ekki vilja hlutast til um, að rann-
sókn yrði hafin, eða málssókn, út af þess-
um skrifum hr. Jóns Dúasonar. Og mun
bankaráðið taka málið til íhugunar og
rannsóknar, til að fá frekari sannindi fram.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr.
til Ed.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 26.
febr., var útbýtt

*Frumvarpi til laga um ráðstafanir á
gullforða Íslandsbanka og um heimild fyr-
ir ríkisstjórnina til að banna útflutning á
gulli,*

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.
(A. 105).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. —
Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Sigurður Jónsson: Það er sjálfsagt, að
þessu frv. sje vísað til fjárhagsnefndar.
En jeg skal taka það fram, að það ríður
mikið á því, að málinu sje hraðað, því að
það þolir enga bið.

Forseti: Jeg hefi hugsað mjer það, að
nefndin gæti athugað þetta mál, þótt ekki
legði hún fram skriflegt nál. En sjálfsagt
er, að nefndin athugi svo mikilvægt mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv.
og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 300)
með 11 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr.,
kl. 2 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr.
(A. 105).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Af-
brigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Guðmundur Ólafsson: Máli þessu var
vísað til fjárhagsnefndar, og ræddi hún
það á einum fundi. Fanst henni ekki ástæða
til að koma með nefndarálit, en nefndin
leggur til, að frv. nái fram að ganga, enda
þótt henni þyki ekki mikið til allra ákvæða
þess koma, eins og um útflutninginn á
gulli. Jeg veit nú ekki, hvar það gull er.

Eftirlit með útlendingum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., s. d., kl. 2,40 miðdegis, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 105).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 166).

6 Eftirlit með útlendingum.

Á 1. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um eftirlit með útlendingum (A. 13).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (J. M.): Stjórninni hefir ekki unnist tími til að koma fram með frv. um atvinnurjett aðkomumanna hjer á landi yfirleitt. Það er engan veginn af viljaleysi, að áskorun Alþingis um það efni hefir ekki enn verið sint frekar en gert er í þessu frv. Annars þarf að vanda þessa löggjöf alla vel, og er annars vegar á að líta þörf landsins, og hins vegar viðurkendan rjett erlendra manna í viðskiftum þjóða á milli.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekari

orðum um þetta efni, en vona, að þingið taki þessu frv. vel, enda er það samið eftir fyrirmælum þingsins sjálfs.

Um einstök atriði ætla jeg ekki að tala, og verð þar að vísa til þeirra athugasemda, sem fylgja frv.

Bjarni Jónsson: Eins og menn muna, bar jeg fram á síðasta þingi frv., sem miðaði í þá átt, að koma hjer á eðlilegri takmörkun á atvinnurekstri útlendinga og eftirliti með þeim. Eins og öllum ætti að vera ljóst, er það vandaverk mikið, og vænst hefði verið, að stjórnin hefði komið með lagabálk þessu viðvikjandi. Hjer er ekki tími til að ræða þetta, og vil jeg að eins þakka það, sem fram er komið.

Jeg hefi þegar litið yfir það og finn ekkert sjerstakt við það að athuga, sje, að það er rjett, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að því svipi til þess, sem á sjer stað hjá nálægum þjóðum. Jeg stóð raunar ekki upp til að láta stjórninni neina viðurkenningu í tje, heldur til að minna á, að þessari löggjöf verði haldið áfram, uns hún er komin í það horf, sem við er unandi.

Rjett er, að nefnd athugi frv., og legg jeg það til, að því verði vísað til allsherjarnefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vænti þess, að það hafi legið í orðum mínum, að sú stjórn, er nú starfar, telji sjálfsagt, að leggja beri fyrir þingið, svo fljótt sem auðið er, frv. um atvinnurjettindi erlendra manna, í einstökum atvinnugreinum eða alment. Jeg get ekkert sagt um, hvað næsta stjórn kann að gera, en býst við, að hún telji sjer skylt að leggja fyrir næsta þing einhverjar till. um slíka takmörkun atvinnurekstrar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Eftirlit með útlendingum.

og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 305) með 18 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr., var frv. tekið til 2. u m r. (A. 13, n. 38).

Frsm. (Björn Hallson): Jeg skal fyrst leyfa mjer að geta þess, að það hefir slæðst inn lítils háttar prentvilla í frv., í 2. málsgrein; þar stendur „umbóta“, en á að vera umbrota. Þetta skiftir að vísu ekki miklu máli, en jeg vil þó benda á, að þannig á það að vera, og verður líka leiðrjett. Nefndin hafði þetta mál ekki lengi til meðferðar, taldi ekki rjett að tefja framgang þess, en vildi, að það næði fram að ganga þegar á þessu þingi.

Nefndinni fanst málið í þeim búningi, að við það mætti að mestu una. Við höfum ekki rekið augun í fleira en nál. tilgreinir.

Þetta, sem frv. fer fram á, er alveg nýtt; það eru ekki til nein sjerstök lög um eftirlit með útlendingum hjer á landi, það er að segja, samstæð lög eru engin til, heldur að eins einstakar lagagreinar, t. d. 17. gr. hegningarlaganna frá 1869, 32. og 43. gr. fátækralaganna frá 1905, og svo í sambandslögunum frá 1918, sem gera ráð fyrir jafnrjetti Dana og Íslendinga samkv. 6. gr.

Á þessum tímum, sem nú eru, er full þörf á, að samín sjeu sjerstök lög um þetta efni, og má í því sambandi minna á, að aðrar þjóðir hafa strangt eftirlit með því, hverjir flytjast inn í lönd þeirra, og er því ekki nema sjálfsgagt, að eins sje gert hjer. Síðasta þing leit líka svo á, sbr. þingsályktun þess, og stjórnnin hefir orðið við vilja þess með því að leggja þetta frv. fyrir þingið nú. Það má enn fremur

benda á það, að víða ber mikið á gerbylt-ingamönnum, eða bolshevikka-hreyfingunni rússnesku, svo að full ástæða getur verið til að hafa eftirlit með því, hverjir setjast hjer að, meðal annars af þeirri ástæðu.

Nefndin hefir ekki lagt til, að stjórnarfrv. verði breytt að nokkrum mun; það eru að eins tvær breytingar, önnur við 7. gr., á þingskjali 38. Hún gengur út á eftirlit með gistihúsum, eða þeim húsum, sem opinberlega selja naturgreiða, hvort sem þau eru í sveit eða kaupstað. Hins vegar telur nefndin ekki nauðsynlegt, að haft sje eftirlit eða gestabækur á bæjum með fram þjóðvegum, sem selja ferðamönnum greiða nótt og nótt. Eftirlit með þeim virðist ástæðulaust, og yrði ekki nema á pappírnum, þótt sett yrði.

Nefndin fellst því á skoðun stjórnarinnar, að þessi lög eigi að eins að snerta regluleg, opinber gistihús, hvort sem er í sveitum eða kaupstöðum. Brtt. þessi er því til þess að skýra 7. gr. stjórnarfrv., þar sem nefndinni virðist ekki koma skýrt fram í greininni, hvernig eigi að haga þessu eftirliti með þeim, sem selja greiða. Jeg hygg líka, að það hafi komið fyrir áður, að skýrslna frá slíkum húsum hafi verið krafist, en ekki fengist, með því að sú krafa hafði ekki við nein lög að styðjast, svo að nú er ekki hægt að hafa fullkomið eftirlit með slíkum húsum, nema að hafa við einhver lög, svipuð þessum, að styðjast.

Hin breytingin er við 12. gr., þar sem nefndin leggur til, að þessi lög gangi strax í gildi.

Jeg man svo ekki til, að það sje fleira, sem jeg þurfi að taka fram fyrir nefndarinnar hönd að svo stöddu.

ATKVGR.

1.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 38,1. samþ. með 20 : 1 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

8.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 38,2. samþ. með 19 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 56).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 9. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um eftirlit með útlendingum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 77).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti: Mál þetta er komið frá hv. Nd., var þar í allsherjarnefnd, og legg jeg það til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 302) með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 91).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Allsherjarnefnd hefir athugað frv. og telur rjett að setja lög um það efni, er hjer er um að ræða. Nefndin fann lítið sem ekkert athugavert við frv. á þeim stutta tíma, sem hún mátti hafa það til athugunar. Að vísu væri það viðfeldnara, að 9. gr. væri skift í tvær greinar, en nefndinni fanst það svo smávægilegt, að henni fanst ekki taka því að koma með brtt. Jeg legg því til, að hv. deild samþykki frv. eins og það er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—12. gr. samþ. með 14 atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d., kl. 5½ síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 77).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 144).

7. Stimpilgjald.

Á 1. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. febr.,
var útbýtt

*Frumvarpi til laga um viðauka við lög
nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald
(A. 14).*

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 14. febr.,
var frv. tekið til 1. u m r

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. febr.,
var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (S. E.): Síðan jeg
tók við fjármálastjórninni hefi jeg jafnan
í þingbyrjun skýrt frá öllum fjárhag lands-
ins, svo hið háa Alþingi gæti sem fyrst
myndað sjer skoðun um hann og gætt
þess, hvort meginstoðirnar undir fjárhags-
legu sjálfstæði voru væru að veikjast eða
styrkjast. Þingið kemur svo snemma sam-
an í ár, að skýrsla þessi getur ekki orðið
eins nákvæm og skyldi. Ýms gjöld, sem enn
er ekki vitað um, geta enn fallið á árið
1919. Jeg verð því að slá enn fastari var-
nagla en áður um breytingar, sem geta orðið
á bráðabirgðayfirlitinu yfir árið 1919,
sem stjórnarráðið hefir samið og jeg legg
hjer fram.

Bráðabirgðayfirlitið er á þessa leið:

Tekjur:

Ábúðar- og lausafjárskattur kr.	158,690
Húsaskattur	— 27,165
Tekjuskattur	— 691,014
Aukatekjur	— 120,700
Erfðafjárskattur	— 71,974
Vitagjald	— 61,256
Leyfisbrjefagjöld	— 12,589
Gjöld af Kínalífseilixír	— 21,166
Útflutningsgjöld	— 423,605

Aðflutningsgjöld	kr. 1,894,845
Vörutollur	— 1,934,635
Pósttekjur	— 182,784
Símatekjur	— 805,000
Tekjur af Íslandsbanka ..	— 140,200
Tekjur af Landsbankanum	— 100,000
Óvissar tekjur	— 17,673
Stimpilgjald	— 1,108,532
Tekjur af fasteignum lands- sjóðs	— 32,503
Viðlagasjóðstekjur	— 163,778
Ýmislegar greiðslur og end- urgjöld	— 7,725
Vextir og gengisávinningur á £	— 156,581
Vextir hjá landsverslun og eimskipum	— 737,000
Greitt af skuld landsversl- unarinnar	— 3,000,000

Kr. 11,869,415

Útgjöld:

Greiðslur af lánuríkissjóðs kr.	6,175,246
Til æðstu stjórnar ríkisins	— 159,266
Alþingiskostnaður	— 235,527
Dómgæsla og lögreglustjórn	— 292,174
Útgjöld við læknaþjónunina	— 482,381
Samgöngumál	— 1,393,388
Kirkju- og kenslumál	— 399,536
Til vísinda, bókmenta og lista	— 175,358
Til verklegra fyrirtækja ..	— 276,327
Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna	— 12,056
Eftirlaun og styrktarfje ..	— 102,409
Óviss útgjöld	— 357,338
Fjárgreiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum og þingsá- lyktunum	— 1,392,175
Endurborgað fje	— 16,532
Tekjuafgangur	— 399,107

Kr. 11,869,415

Tekjurnar á árinu 1919 nema samkv.
bráðabirgðayfirlitinu kr. 11,869,415

En í þeirri upphæð felst endur-
greiðsla á skuld landsversl-
unar kr. 3,000,000

Hinar eiginlegu tekjur ársins
verða því kr. 8,869,415
Gjöldin nema kr. 11,470,308

En í þeirri upphæð felast
ýmsir liðir, sem rangt væri
að telja til venjulegra út-
gjalda, eins og: a) greiddar
eftirstöðvar af 6. milj. lán-
inu hjá dönskum bönkum, kr.
1,500,000, b) greitt af skuld
úr ríkissjóði Danmerkur kr.
1,330,000, c) víxill í Íslands-
banka, kr. 500,000, d) greitt
af lánum hjá botnvörpunga-
eigendum kr. 1,170,000, sam-
tals kr. 4,500,000

Mismunur kr. 6,970,308
en það eru hin eiginlegu útgjöld ársins,
en framangreindar þrjár greiðslur, sem
minka skuldir landssjóðs um 4½ miljón
krónur, geta, eins og áður hefir verið tek-
ið fram, engan veginn talist undir venjuleg
útgjöld. Í raun og veru er enn einn liður
í útgjöldunum, sem tæplega getur talist
undir venjuleg árleg útgjöld, en það er
afföllin af 4½ miljóna láninu, sem stjórnin
tók síðasta sumar og námu 405 þús. kr.,
sem eiginlega átti að dreifa á fleiri ár, en
sú greiðsla gerir lánið framvegis að hreinu
5% láni, en greiðsla þess er þó talin hjer í
hinum eiginlegu útgjöldum.

Tekjurnar 1919 voru áætlaðar í fjárlög-
num kr. 2,422,325, og hafa því farið fram
úr áætlun um kr. 6,447,090, eða eru all-
miklu meira en þrefaldaðar.

Einstakir tekjuliðir hafa farið fram úr
áætlun eins og hjer segir:

Ábúðar- og lausafj.skattur kr. 83,690
Húsaskattur — 12,665

Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Tekjuskattur	kr.	641,014
Aukatekjur	—	50,700
Erfðafjárskattur	—	63,974
Vitagjald	—	11,257
Leyfisbrjefagjald	—	5,589
Gjald af Kínalífsselixír ...	—	1,116
Útflutningsgjald	—	273,605
Aðflutningsgjald	—	1,019,845
Vörutollur	—	700,000
Pósttekjur	—	2,784
Símatekjur	—	470,000
Íslandsbanki	—	129,200
Landsbankinn	—	70,500

Nýir tekjuliðir, sem ekki voru áætlaðir:

a. Stimpilgjald kr. 1,108,532
b. Tunnutollur — 1,000,000

Enn fremur gengismunur af fje, sem
stjórnin á í bönkum kr. 158.581

Útgjöldin voru áætluð í fjárlögunum á
árinu kr. 2,681,776,24, en hin eiginlegu út-
gjöld námu kr. 6,970,308. Útgjöld hafa því
farið fram úr áætlun um kr. 4,289,531,76.

Yfir áætlun hafa aðallega þessir út-
gjaldaliðir verið:

Afborganir og vextir	kr.	1,134,258
Til æðstu stjórnar	—	66,366
Alþingiskostnaður	—	109,527
Dómgæsla	—	200,179
Læknaskipun	—	181,665
Samgöngumál	—	493,783
Óviss útgjöld	—	317,338
Útgjöld samkv. fjáráaukal,		

þingsál. o. fl. — 1,392,175

Tekjurnar eru því þannig: kr. 8.869,415
÷ útgjöldum, kr. 6,970,308. Tekjuafgangur
kr. 1,899,107.

Árið 1919 hefir verið óvenjulega gott.
Þess ber þó að gæta, sem jeg tók fram í
byrjun, að enn þá geta komið útgjöld, sem
falla á þetta ár, en þótt þau væru áætluð
um 400,000 kr., þá yrði þó tekjuafgangur
af árinu um 1,400,000. Jeg gerði ráð fyrir
því á síðasta þingi, að á árinu mundi verða
halli, og rjeð það af því, að jeg vissi, að

Stimpilgjald.

útgjöldin mundu verða meiri en á árinu 1918, en þá voru þau fram yfir áætlun um 3½ miljón. Þetta hefir og reynst svo, en tekjurnar, sem jeg bjóst við að mundu verða drjúgar, sbr. ræðu mína, er jeg lagði fyrir fjárlagafrumvarpið 1918, hafa farið langt fram yfir það, sem jeg bjóst við. Vjer erum því enn á þeirri rjettu braut, ársbúskapurinn hefir borgað sig vel. En þá búskaparaðferð verðum vjer að innleiða að fullu og hvergi víkja frá henni.

Skuldir vorar fyrir stríðið voru hjer um bil 2,100,000 kr. Skuldir vorar 31. desember síðastliðinn voru eins og hjer segir:

Lán úr ríkissjóði Danmerkur 1918	kr. 166,666,64
Lán hjá dönskum bönkum, samkv. lögum nr. 14, 9. júlí 1909	— 975,000,00
Lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Khöfn 1912	— 195,833,30
Lán hjá dönskum bönkum 1912	— 266,666,67
Lán til ritsíma 1913 ..	— 444,622,77
Lán til ritsíma hjá Landsbanka 1916 og 1918 —	166,200,00
Lán til ritsíma 1917 ..	— 480,674,52
Lán til skipakaupa hjá Handelsb. 1917	— 1,600,000,00
Lán hjá dönskum bönkum 1919	— 4,500,000,00
Lán hjá Landsb. 1918 ..	— 500,000,00
Lán hjá Íslandsb. 1918 —	1,000,000,00
Lán hjá Íslandsb. 1918 —	900,000,00
Lán hjá íslenskum botnvörpueigendum	— 1,319,333,35
Lán hjá háskólasjóði Ísl. —	1,000,000,00
Lán hjá ríkissjóði Danmerkur	— 1,165,956,91

Kr. 14,680,954,16

Mismunur kr. 12,580,954,16

Af þessum mikla mun hafa verið dregin

ar ýmsar mjög einkennilega ákveðnar ályktanir á þá leið, að vjer værum að sökkva niður í skuldafen, en því hefir verið gleymt, að þessi lán standa að mestu í ýmsum landsfyrirtækjum, sem komið hefir verið af stað vegna stríðsins og óðfluga verða dregin aftur inn í landssjóð.

Má þar nefna inneignir landssjóðs í landsversluninni kr. 6,000,000	
Dýrtíðarlán	— 170,038
Skipin að ákvæðisverði	— 3,083,000
Sjóðir við áramót um	— 1,800,000

Samtals 11,053,038

Sjóðurinn er stærri, en bráðabirgðalán, sem tekið var hjá innflutningsnefnd, 1,300,000, hefir ekki verið talið í lánunum, en hins vegar dregið frá sjóðseigninni.

Mismunurinn er þá um 1,527,916.16. Upp í þá upphæð koma tekjur af síld og fleira, væntanlega um 500,000.

Eftir stæði þá um 1,000,000, en illa fer ef landsverslunin gefur ekki þann ágóða að lokum — og yrðu þá skuldirnar eftir stríðið raunverulega ekki meiri en fyrir stríðið. Auðvitað má geta þess, að 1914 áttum við um 900 þús. krónur í sjóði, en hins vegar er að líta á það, að vjer höfum bæði lagt fje í Landsbankann og aukið eignir vorar á annan hátt. Rjett er og að geta þess, að kola- og saltskuld landsverslunarinnar er hjer ekki tekin til greina, en samkvæmt ráðstöfunum síðasta þings hafa verið gerðar sjerstakar ráðstafanir til þess að vinna hana upp. — Þetta, sem hjer er sagt, ætti að vera fullnægjandi til að gerhrekja þær staðhæfingar, sem komið hafa fram, þó ótrúlegt megi þykja, um það, að landið væri á leiðinni til að verða gjaldþrota. Af því að jeg lít svo á, að það sje skylda mín að vernda láns-traust landsins gegn óheilbrigðum árásum, þá vil jeg, þó mjer sje það ekki ljúft, víkja fáeinum orðum að síðustu fjármála-grein herra candídats Boga Melsteds í

„Lögrjettu“, af því að sú grein er þó undirbygð með tölum. En þau ummæli munu alls ekki á neinn hátt snerta þær hnútur, sem mjer eru sendar handan um hafið; jeg mun skoða þær sem einkaeign mína og á engan hátt blanda þeim inn í stærsta viðfangsefni hvernar þjóðar, ekki síst á þessum tímum — fjárhaginn. Hr. B. M. gagnrýnir fjárhagsyfirlit það, er stjórnarráðið hefir samið fyrir 1917, og segir, að í því sju taldar eignir, sem ekki sju arðberandi, eins og geðveikrahælið Kleppur, holdsveikraspítalinn o. s. frv. Þó eignir þessar sju ekki arðberandi í eiginlegum skilningi, þá væri hrein fjarstæða að undanskilja þær frá eignayfirliti ríkisins. Í eigna- og skuldayfirliti því, er fylgir t. d. ríkisreikningi Dana, eru taldar samskonar eignir, og þarf ekki annað en líta á það yfirlit. Þar eru talin t. d. geðveikrahæli, hegningarhús, tollbyggingar, innanstokksmunir sjúkrahúsa, hallir, skemtigarðar, landbúnaðarsafnið, embættisbústaðir, púðurgerðarhúsið o. s. frv., og sama mun eiga sjer stað í eignayfirlitum annara ríkja. Sjerstaklega minnst B. M. á, að Hvanneyri og Hólar í Hjaltdal og prestssetrin sju talin með í yfirlitinu. Sem dæmi upp á, hve varlega er áætlað, eru Hvanneyri og Hólar með öllu tilheyrandi, búi og öllu, virt á 120 þúsund krónur. Ætli að það yrðu ekki margir kaupendur að þessum jörðum fyrir það verð, og þá er það að líkindum ekki herra verðið á prestssetrunum. Jeg þykist því geta slegið því föstu, að með upptalningu þessara eigna í eigna- og skuldayfirliti ríkisins sje farin sama leiðin og hjá öðrum þjóðum, og ef vjer hugs- um okkur nokkurn samanburð á hag þeirra og vorum, þá verður að telja samskonar hluti þar upp. Jeg skal svo ekki víkja nánar að þessu atriði. En nú mun jeg snúa mjer að því höfuðatriði í grein B. M., þar sem hann segir, að skuldir landssjóðs sju

hjer um bil 2 miljónum meiri en arðberandi eignir hans. Að þessari niðurstöðu kemst höfundurinn með því að telja tekjumegin eignir ríkisins 1917, en gjaldamegin skuldir 1918. En það er ljósara en frá þurfi að segja, að ef gera á upp hag ríkisins, eða fjelags eða einstaks manns, þá verður sú leið aldrei farin. Í þessu sjerstaka tilfelli kemur þetta mjög illa niður, þar sem eignir ríkisins 1918 jukust við það, að mikið af lánum þeim, sem var bætt við á því ári, varð að inneign landssjóðs í landsversluninni. Eignir ríkisins 1917 voru samkvæmt yfirliti stjórnarráðsins 28,411,714.28, en eignir ríkisins 1918 voru samkvæmt yfirliti stjórnarráðsins, sem fylgir landsreikningunum, kr. 33,452,944.20. Þessi mismunur stafar aðallega af því, að inneign landssjóðs í landsversluninni var 1917 5,660,659.05, en 1918 9,111,517.80 —, en að inneignin sje arðberandi efast enginn um, enda fær landssjóður árlega vexti af henni, en auk þess var landsverslunin búin að greiða um síðastliðin áramót 3 miljónir af skuldinni. Hver sem vill gera upp hag landssjóðs verður því að taka eignirnar og skuldirnar hvorttveggja frá sama árinu.

Ef litið er nú á skýrslu þá um eignir og skuldir 1918, sem fylgir landsreikningunum 1918, og teknar eru þar að eins ótvírátt arðberandi eignir, en húsum og lóðum slept, þá verða þær þannig:

Í sjóði 31. des. 1918	kr. 1,747,183.32
Sjóðir	— 6,898,779.04
Verðbrjef	— 1,830,100.00
Jarðeignir	— 2,170,773.00
Símakerfin	— 2,545,000.00
Skip	— 3,021,967.89
Inneign í landsversl. ..	— 9,111,517.80
Varasjóður landsversl. ..	— 1,220,923.15

Samtals kr. 28,546,244.20

Um lið 6 (skip) er það að segja, að

Stimpilgjald.

engum getur dottið annað í hug en telja skipin arðberandi á þessum tímum, sbr. og reikninga þeirra. Að vísu er gróði skipanna á pappírnum minni fyrir það, að tapið á strandferðunum hefir verið nálega alt fært þeim til útgjalda. Skipin eru nú í góðu lagi, og viðgerð á Borg kostaði um 350 þúsund kr. Um lið 8 (varasjóð landsversl.) má segja, að enn sje ekki víst, að hann verði að eign, þó jeg búist við því, þegar búið er að vinna upp kol og salt á þann hátt, sem Alþingi hefir ákveðið, en þó sá liður væri dreginn frá, þá væru þó arðberandi eignir um 27,375,321.05. Hjer er húsum og lóðum slept, og mundi þó íslenska ríkið finna það, hvort þær eignir eru ekki arðberandi, ef það ætti að leigja hús fyrir stjórn, Alþingi og opinberar stofnanir. En þó arðberandi eignir væru að eins

taldar kr. 27,325,321.05
og skuldir 1918 væru

dregnar frá — 19,629,493.34
þá stæðu þó eftir — 7,695,827.71
fram yfir skuldir, en það verður allmikið önnur niðurstaða en hr. B. M. kemst að í Lögrjettugrein sinni. Að öðru leyti vísa jeg til skýrslunnar um eignir og skuldir 1918, sem fylgir landsreikningunum, er sýnir 13,822,450.86 meiri eignir en skuldir, en skýrslan yfir 1919 er ekki tilbúin og getur ekki orðið tilbúin fyr en landsreikningurinn er tilbúinn, en þar sem árið 1919 hefir verið óvenjugott, liggur í hlutarins eðli, að niðurstaðan í eignaskýrslunni verður betri fyrir þetta ár en fyrir 1918.

Jeg veit, að í raun og veru þarf jeg ekki að taka þetta fram vegna hins háa Alþingis. Því eru strax ljósar skekkjur þær, sem standa í nefndri grein, en þjóðin, sem ekki hefir eins gott tækifæri til þess að fylgjast með fjárhagnum eins og hv. alþingism., á kröfu til þess, að stjórnin á hverju ári greiði sem best og skýrast úr þeim málum fyrir hana, og ekki er það nú síst nauðsynlegt, þar sem landsstjórnin nú býður út

fyrsta innlenda lánið, sem jeg mun víkja síðar að.

Jeg veit, að hjer í þessum sal er öllum ljóst, að gjaldþrotakenningin er sú hin mesta fjarstæða, sem lengi hefir komið fram um fjárhag vörn. Hjá íslenska ríkinu eru nú engir fjárhagsörðugleikar fyrir ríkissjóðinu. Lán vor í útlöndum eru til langs tíma með góðum kjörum, og sum með ágætum kjörum. Síðasta lánið, 4½ milj. kr., var stórheppilegt fyrir oss. Síðan það var tekið hefir dregið sorta yfir peningamarkað heimsins, lánskjörin orðið margfalt örðugri og ef til vill nálega ömögulegt að fá lán nú í öðrum löndum, nema þá ef til vill í Ameríku, en þó slík lán fengjust, mundu þau verða afardýr. Það er því víst, að Ísland verður nú að treysta á sig sjálft í fjármálunum. Stjórnin hefir nú boðið út 3 milj. kr. lán innanlands með 5½% vöxtum og 96 kr. gengi. Kjör þessi eru góð fyrir landið, þegar tekið er tillit til þeirra tíma, er vjer nú stöndum á, og kjör þessi eru einnig mjög aðgengileg fyrir landsins börn, sem vilja geyma fje sitt í tryggum verðbrjefum.

Lán þetta er ekki tekið vegna þess, að ríkissjóður sje í fjárþröng, ekki til þess að greiða skuldir hans, en lán þetta er tekið til þess að koma ýmsum stórfyrirtækjum innanlands í framkvæmd. Geðveikrahæli verður að byggja, svo og hús á Eiðum og Hvanneyri; brýr þarf að byggja, t. d. á Jökulsá og Eyjafjarðará; einnig á þetta lán að fara til þess að hrinda áfram stærsta landbúnaðarfyrirtæki, sem enn hefir verið hugsað um á Íslandi, Flóaáveitunni. Bankarnir báðir hafa lofað að ábyrgjast að tryggja alt að 2 milj. af láninu, ef á þyrfti að halda, og gera þeir að skilyrði, að 1 miljón af láninu fari til Flóaáveitunnar. Það eru fleiri en þeir, sem austanfjalls búa, sem fylgja þessu fyrirtæki með athygli. Ef það hepnast vel, sem vjer vonum allir, þá vinnum vjer þar einhvern hinn

stærsta sigur fyrir landbúnaðinn, sem unninn verður, og hann mundi verða til þess að gefa þessum öðrum atvinnuvegi vorum byr undir báða vængi. Á því ríður um fram alt, að hin nýja stjórn, sem fer með þetta mál, tryggi, að það verði framkvæmt á sem allra öruggastan og hagkvæmastan hátt, og enn fremur að fela forustu þess fjölhæfum manni, sem næga sjerþekkingu hefir. Stjórnin treystir því, að þessu lánboði verði tekið vel í þessu landi, þessu láni, sem eingöngu er tekið til innanlands-framkvæmda. Stjórnin er þakklát bönkunum hjer fyrir, hve vel þeir hafa tekið í lánið, og finn jeg skyldu mína að taka það hjer fram.

Jeg minni á það hjer, að stundum hefi jeg þótt mála fjárhaginn allsvartan hjer á þinginu, en jeg bið um leið, að það sje athugað, að jeg þegar á síðasta þingi tók það fram, að jeg liti svo á, að ríkissjóður væri sloppinn eftir öllum vonum vel út úr stríðsrótinu, en það, sem allar mínar áhyggjur snerust um, var það, að jeg kveið því, að halli mundi verða á árunum, sem fram undan eru, og því ári, sem nú er lokið, en það er óneitanlega ískyggilegra en jafnvel sjálfur stríðshallinn, þó einhver yrði. Nú hefir það farið svo, að niðurstaðan af síðasta ári hefir verið góð, og nú verður það að fara svo, að niðurstaðan af árunum 1920 og 1921 verði á þá leið, að vjer stöndum hallalausir eftir þau. Samkvæmt fjárlögunum er tekjuafgangur af þessum árum, sem nemur kr. 764,755.98, en þá eru ekki taldar með þær hjer um bil 2 miljónir, sem launalögin hafa hækkað laun embættismanna frá því, sem þau voru. Raunverulegi hallinn er því kr. 1,235,244.02. Nú hefir stjórnin samkvæmt tillögum landssímastjóra hækkað símatekjurnar, og mun sú hækkun nema um 250,000 kr. á ári eða 500,000 á fjárhagstímabilinu. Hallinn er því hjer um bil 700,000, en ef frv.

stjórnarinnar, sem hjer liggur fyrir, nær að ganga fram, þá ættu fjárlögin að verða hallalaus. Þetta er það mark, sem vjer verðum að setja okkur, og stjórnin treystir því, að þingið sje henni sammála um, að hjer eigi beinlínis að innleiða þá meginreglu, að láta búskapinn bera sig árlega. Að því er þetta skattafrv. snertir, þá geri jeg ráð fyrir, að allir geti orðið sammála um, að rjett sje að leggja skatt á óhöfsvöru, en um hitt verður fremur deilt, hvort rjett sje að leggja stimpilskattinn á allar aðfluttar vörur. Rjett þykir mjer að geta þess, að í raun og veru gætir þessa skatts lítið á nauðsynjavörum, hann er svo smár, en hans gætir mikið í landssjóðnum, auk þess sem hann á að eins að ná til áramóta 1921, en fyrir þann tíma á að vera búið að endurskoða alla skattalöggjöfina, og er nú þegar byrjað á þessari endurskoðun, og hefir stjórnin kosið til þess starfs með sjer tvo hagfræðinga, og hefir svo hugsað um að bæta við tveim mönnum með praktiskri þekkingu til þess að endurskoða þessi mjög svo þýðingarmiklu mál, en mjer virtist rjett, að láta bíða að tilnefna þá menn, svo næsta stjórn eigi kost á að velja þá eftir sínu höfði, en það virðist rjettmætt, því sú stjórn á að bera fram hina endurskoðuðu skattalöggjöf. — Jeg sje ekki ástæðu til, að svo stöddu, að fara nánar inn á þetta skattafrumvarp; vil leyfa mjer að leggja til, að því verði, að afloknum umræðum, vísað til fjárhagsnefndar.

Að lokum vil jeg svo segja þetta. Ástæðan til þess, að stjórnin getur skilað fjárhagnum svo vel úr höndum til næstu stjórnar, er meðal annars hin góða samvinna milli þingsins og stjórnarinnar um skattamálin. Þingið hefir skilið hina brýnu þörf á því að afla landinu tekna, og hefir látið hina eðlilegu óánægju, sem fylgir hverju nýju skattafrumvarpi, eins og vind um eyrun þjóta. Sannleikurinn mun núeinnigvera

Stimpilgjald.

sá, að stjórnámálamennirnir verða að lokum ekki dæmdir eftir því, hvað margar hnútur hafi fallið í garð þeirra, eftir því, hvað miklar tilraunir hafi verið gerðar til að sverta þá og gera lítið úr þeim, heldur eftir þeirri niðurstöðu, sem er ávöxtur af starfsemi þeirra. Mitt síðasta orð verður nú það, sem jeg vona að verði fyrsta orð hins næsta fjármálaráðherra: Vakið yfir því, að landsbúskapurinn beri sig árlega, og gleymið ekki, að íslenska þjóðin, í fjármálunum eins og í öllu öðru, verður aðallega að læra að treysta á sig, og sig eina, því sjálfs er höndin hollust.

Sveinn Björnsson: Jeg vildi að eins segja það, hvort ekki væri ástæða til þess að breyta fyrirsögninni á frv., ef það næði fram að ganga. Jeg tel ekki rjett að kalla þetta stimpilgjald, sem er í raun og veru aðflutningsgjald. Hjer er að eins um að ræða verðtoll á algengum vörum. Jeg lít svo á, að einn af göllum óbeinu skattanna sje sá, að þeir eru ekki teknir beinlínis úr vasa einstaklingsins, heldur eru farnar ýmsar krókaleiðir til þess að ná skattinum, og í því felst töluverð hætta um misbrúkun í skattalöggjöfinni. Og þegar menn láta sjer þetta ekki nægja, en nefna skattinn nýjum nöfnum, þá er komið inn á hættulega leið. Og jeg vil benda á það, að meiri hluti tekjuauka hefir verið tekinn af aðfluttum vörum síðan í stríðsbyrjun, og af vörum, sem fluttar hafa verið út úr landinu. Mjer kemur það kynlega fyrir, að auk þess, að tollarnir hafa verið hækkaðir, hafa verið fundnar nýjar leiðir til þess að leggja á ýmsar vörutegundir. Afleiðingin verður síðan sú, að á sumum vörutegundum hvíla fleiri aðflutningsgjöld, með ýmsum nöfnum, þótt vörutegundirnar sjeu eins að eðli. Og jeg hygg, að nefndin ætti að athuga það, hvort sömu vörutegundir eru ekki nú þegar orðnar svo tollaðar, að þær þoli ekki meiri gjöld. Á síðasta þingi var

t. d. lagt 10 kr. innflutningsgjald á hverja smálest af kolum. Lengra sá þingið sjer þá ekki fært að fara í þessu efni. En mjer skilst, að hjer við bætist nú 2 kr. til 2 kr. og 50 aurar, ef þetta frv. verður samþykkt.

Jeg stóð að eins upp til þess að benda nefndinni á, hvort ekki væri rjett að kalla þetta aðflutningsgjald í stað stimpilgjalds, og enn fremur í því skyni að beina því að nefndinni, hvort nú sje ekki fullur bikarinn um tollálagningar á sumum vörutegundum, áður en þetta frv. verður afgreitt. Jeg býst við, að þess sje full þörf.

Jeg sje mjer ekki fært að athuga ræðu hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), þar sem hún var öll bygð á tölum, sem ekki er auðvelt að átta sig á í fljótu bragði.

Magnús Pjetursson: Jeg get byrjað mál mitt með því að þakka hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) fyrir þær athugasemdir, sem hann gerði við frv. En jeg hefi ekki ástæðu til að halda, að þetta komi að miklu liði, því að jeg hefi beint líku að nefndinni á tveim undanförnum þingum, og jeg geri ekki ráð fyrir, að það komi að nokkru haldi nú fremur en þá.

Mjer þykir illa farið, að nú er blandað inn í þetta stimpilgjald bæði útflutnings- og innflutningsgjaldi. Enda hefi jeg margtekið þetta fram á undanförnum þingum um útflutningsgjaldið.

Jeg er líka þakklátur hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) fyrir ræðu hans. Það gleður mig, að nú er komið annað hljóð í strokkinn en var á síðasta þingi. Útlitið hefir reynt betra en hann gerði þá ráð fyrir. Í því sambandi vil jeg skjóta því til fjárhagsnefndar, hvort þetta frv. muni vera nauðsynlegt. Mjer skilst, að fjárhagur landsins fari hröðum skrefum í áttina til vaxandi velmegunar. Í árslok 1918 voru raunverulegar skuldir landssjóðs um 4½ miljón. Þá var sagt, og það með rjettu, að landið hefði tapað um 2 miljónum á stríðs-

árunum. En fjármálaráðherra lýsti nú yfir því, að skuldirnar hefðu ekki verið meiri við árslok 1919 heldur en fyrir stríðið. Landssjóður hefir því grætt á árinu 1919 2 milj. meira en gert var ráð fyrir.

Ef þetta er rjett, þá leiðir auðvitað það af því, að fjárhagurinn verður í næstu árslok miklum mun betri en síðasta þinggerði ráð fyrir. Þetta vildi jeg að nefndin athugaði, áður en hún gengist fyrir nýjum skattaálögum. Jeg vildi líka komast eftir því hjá hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), hvort hann geri ráð fyrir, að tekjurnar verði meiri eða minni á þessu ári, 1920, heldur en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) mintist líka á innanlandslánið, sem nú er verið að bjóða út. Og úr því að hann mintist á lán þetta, vildi jeg geta þess, að síðan stjórninni var heimilað af þinginu í sumar að taka lánið, vegna væntanlegra framkvæmda, og jeg benti þá á fyrir hönd fjárveitinganefndar, að rjett væri að reyna innanlandslán, hafa menn búist á hverri stundu við útboði frá stjórninni. Nú vildi jeg spyrja hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), hvers vegna útboð þetta kom ekki fyr. Jeg vænti svars um þetta atriði, því það mun orka tvímælis, hvort ekki hefði verið hentugri tími til útboðs þessa og enn meiri von um árangur.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg tók það greinilega fram á síðasta þingi, að ekkert væri að athuga við þá niðurstöðu af fjárhagnum, sem þá var sýnileg eftir stríðsárin. En hinu kveið jeg, bæði því, að niðurstaðan af þessu ári mundi verða önnur en nú er orðin, og þó einkum því, að farið yrði inn á þá braut, að greiða árlega tekjuhalla á fjárlögum með lánnum. En öll mín viðleitni hefir farið í þá átt, að berjast gegn því, að slík búskaparaðferð yrði innleidd.

Að því er sjálft frv. snertir, þá hafa aðalmótbárurnar, sem enn eru fram komnar gegn því, verið meira formlegs eðlis eða bygðar á því, að frumvarpið hefði átt að koma fram undir öðru nafni.

Nú er það vitanlegt, að frá landssjóðs sjónarmiði skiftir litlu, hvort gjaldið er kallað stimpilgjald eða aðflutningsgjald. Aðalatriðið er, að skattar þeir, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, komi í lands-sjóðinn.

Hjá erlendum þjóðum, t. d. Dönum, tíðkast stimpilskattur á ýmsum gullvörum, gimsteinum, tóbaki o. s. frv., og þurfum vjer þess vegna ekki að óttast, að hjer sje verið að fitja upp á því, sem aðrar þjóðir hafa ekki reynt áður.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) sagði rjettilega, að hjer væri um verðskatt að ræða. Þetta hefir stjórnin viðurkennt, enda tekur fram í ástæðum sínum fyrir frumvarpinu, að ef það verði að lögum, þá fáist reynsla fyrir því, hvort erfiðleikar verði á innheimtu þessa skatts, enda geti það orðið til leiðbeiningar við skattamálaundirbúninginn, sem nú stendur fyrir dýrum.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) kvað hjer verið að blanda saman verðtolti og vörutolti. Í því frv., sem hjer er um að ræða, er að eins verðtollur, en framtíðin sker úr því, hvor stefnan verður ofan á.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) (Sv. B.: Eini þingmaðurinn) mintist á kolatoll frá síðasta þingi. Jeg býst við, að háttv. deild sje kunnugt um, að sá tollur var lagður á til þess að vinna upp halla, sem varð á kolum landsverslunarinnar, vegna verðfalls, er stríðið hætti. Þau kol voru keypt á tímum, er engir aðrir treystust til að versla með þá vöru, og því eðlilegt, að hallinn væri lagður á kolaneytendurna, enda var nálega alt Alþingi á því, að rjett væri að fara þá leið í málinu. Kolatollurinn var settur á til þess, að sem fyrst væri

Stimpilgjald.

hægt að hætta við einkasöluna á kolum, sem margir voru óánægðir með.

Stimpilgjaldið mun ekki verða þess valdandi, að mikil framfærsla þurfi að koma á vöruna, þegar þess er gætt, að stimpilgjaldið er lagt á innkaupsverð.

Ef innkaupsverðið á tonninu er áætlað 100 kr., þá næmi gjaldið 1 kr., en útsöluverðið mun nú bráðlega verða 250 kr. á smálest.

Hvað viðvíkur því, að undanskilja sumar vörur gjaldi þessu, tekur fjárhagsnefnd það að sjálfsögðu til athugunar, en þá minka tekjurnar af frumvarpinu um leið, en ekki mun af þeim veita.

Frumvarp þetta er að eins bráðabirgðaráðstöfun til þess að útvega nauðsynlegar tekjur, en ef háttv. deild sæi aðra leið betri, þá mundi stjórnin að sjálfsögðu fallast á hana, en jeg leyfi mjer annars að efast um, að á þá leið verði bent.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) spurði, hvers vegna ríkislánið hefði ekki verið boðið út fyr en nú. Er því fljótt til að svara, að jeg sá mjer ekki fært að bjóða lánið út meðan kosningarnar stæðu yfir, því þá var það hjá mörgum aðalkosningabeitan að ráðast á fjárhag landsins og gera lítið úr honum. Var slíkt lítið byrvænlegt fyrir innanlandslán, enda rjeðu og báðir bankarnir frá því, að bjóða lánið þá út. Hygg jeg og, að þó að lánið hefði verið boðið þá út, þá hefðu kjörin ekki orðið betri en nú, því þau mega teljast ágæt, á þeim tímum, sem nú standa yfir.

Að lokum vil jeg endurtaka það, að stjórnin tekur því með þökkum, ef þingið gæti fundið betri leið, og mundi jeg styðja háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.), ef hann kæmi fram með slíkt frumvarp.

Sigurður Stefánsson: Það sæti illa á mjer að mæla á móti þessu frumvarpi. Það væri þá helst það, ef nokkuð væri að, að of lítill skattur væri lagður á þær vör-

ur, sem hjer er um að ræða, 10%, eins og gert er með frv. þessu.

Með því að fjárhagur landsins er góður, sýndist má ske, sem ekki væri þörf á þessum skatti, en þó mun fjárins þörf að ýmsu leyti.

Jeg vildi skjóta því til þeirrar háttv. nefndar, sem þetta mál fær til meðferðar, hvort ekki mundi vera ástæða til að athuga, hvort ekki ætti að hefta innflutning á þessum vörum. Finst mjer, sem slíkt gæti vel komið til greina. (M. G.: Það er verið að því). Innflutningur á slíkum vörum gengur alveg fram úr hófi. Mun ekki hægt að hefta hann með öðru en því, að lög-gjafarvaldið taki þar fram fyrir hendurnar á mönnum. Jeg tel fylstu ástæðu til að takmarka þennan óþarfa innflutning. Búðir spretta upp hvarvetna, sem ekki selja neitt af þeirri vöru, sem landsmönnum er nauðsynleg, heldur eintóma óþarfavöru.

Þarf jeg ekki að orðlengja þetta, en það gleður mig, að háttv. nefnd skuli hafa tekið þetta til athugunar.

Þó að landssjóður má ske tapi tekjum við það, þá græðir landið þeim mun meira á því, að slíkur óþarfi sje ekki fluttur inn í landið.

Sveinn Björnsson: Jeg vildi með síðustu ræðu minni að eins gefa bendingu til fjárhagsnefndar.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) kvað aðalaðfinslu mína gegn frumvarpi þessu vera þá eina, að þetta heitir stimpilgjald, en ekki vörugjald. Þetta er ekki rjett. Jeg tók fram, og tek enn fram, að það er óheppilegt og ekki rjettmætt að kalla venjulegt aðflutningsgjald stimpilgjald. Stimpilgjald er ekki notað hjá öðrum þjóðum á þennan hátt.

Jeg játa það, að jeg er ef til vill ekki jafnkunnugur skattalöggjöf annara þjóða sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), en þó hygg jeg, að það muni ekki þekkjast með

öðrum þjóðum, að stimpilgjald sje lagt á allar vörur. Mun það vera lagt á þær vörur hjá öðrum þjóðum, sem hægt er að líma stimpilmerkið á, en mjög óalgengt í öðrum tilfellum. Jeg óska þess, að hv. nefnd taki til athugunar, hvort ekki mundi vera heppilegt að breyta nafninu á gjaldi þessu.

Jeg tel ekki heppilegt að samþykkja þetta frv., nema brýn nauðsyn beri til, en á það hefir hæstv. stjórn ekki bent enn þá. Væri eðlilegast að taka vörugjaldið sem eitt gjald í einu lagi, en ekki leggja það á undir ýmsum nöfnum á sömu vörur.

Finst mjer, ef þetta á að skoðast sem verðtollur, að það muni harla litlar upplýsingar gefa um ágæti hans, eða hversu heppilegt væri að hafa slíkt fyrirkomulag í framtíðinni.

Mjer virðist það ekki hafa verið nægilega vandlega athugað af stjórninni, hvort gjald þetta mundi ekki koma of þungt niður á sumum vörum. Mjer finst full ástæða til að segja, að fullmikill aðflutningstollur sje á sumum vörum; t. d. á niðursoðinni mjólk er hann afskaplegur. Sagði mjer kaupmaður, að tollurinn mundi nema nálægt 50 aurum af pottinum á aðfluttum rjóma. (*M. G.*: Ætli eitthvað af þessum 50 aurum hafi ekki verið álagning).

Hvað snertir orð fjármálaráðherra (S. E.) viðvíkjandi því, að stjórnin tæki með þökkum tillögum þingsins um betri leiðir, verð jeg að segja það, að jeg tel óheppilegt að slengja þeim vanda á þingið að gera tillögur í þessum efnum. Það er verkefni stjórnarinnar að finna bestu og heppilegustu leiðirnar, en síst verkefni aukaþings að taka óundirbúið við þeim málum, illa undirbúnum frá stjórnarinnar hálfu.

Jeg vil vona, að háttv. nefnd komist að þeirri niðurstöðu, að eigi þurfi að samþykkja frv. þetta, enda tel jeg það óheppilegt, nema brýn nauðsyn sje á því.

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að benda á, að um leið og lögreglustjóri stimplar reikningana, þá veitist honum tækifæri til að hafa nákvæmt eftirlit með innfluttum varningi.

Það, sem jeg tók fram áðan, um að stimpilskattur væri erlendis á tóbaki, gulli o. s. frv., verður ekki hrakið; enda þótt svo væri ekki, þá mætti taka þessa leið upp hjer, ef á annað borð væru líkur fyrir, að hún gæfist vel.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) fann að því, hvernig sköttunum væri fyrir komið hjá oss. En okkar sköttum er fyrir komið á ógn líkan hátt í aðaldráttum eins og í nágrannalöndunum. Hjer er tekjuskattur, gróðaskattur, ýmiskonar tollar, eins og þar, og þar er sama óánægjan yfir sköttunum eins og hjer.

Háttv. þm. (Sv. B.) getur ekki borið stjórninni það á brýn, að hún hafi verið reikul í skattamálunum. Stjórnin hefir haldið þar beinar leiðir og með fastri hendi fylgt fram skattatillögum sínum, en háttv. þm. (Sv. B.) má ekki búast við, að stjórnin haldi fram til streitu frumvörpum sínum, ef betri tillögur koma frá þingmönnum sjálfum, en það hefir raunar ekki komið fyrir enn í minni stjórnartíð.

Mjer fanst ræða háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) mest vera glamur út í loftið og frekar tilraun til að koma sjer í mjúkinn hjá kjósendum heldur en um verulega „krítik“ væri að ræða.

Jeg minnst þess ekki, að hv. þm. (Sv. B.) hafi komið fram með neinar tillögur í fjármálum fyrir hv. þing, nema eitt skattafrumvarp, er hann kom með forðum, sem hið háa Alþingi flýtti sjer að drepa. Og sæti því ef til vill síst á honum að gera slíkt veður út af frv. þessu.

Pjetur Jónsson: Jeg verð að lýsa

Stimpilgjald.

ánægju minni yfir því, hve hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefir gefið glögga og greinilega skýrslu um fjárhag landsins. Það er heppileg venja, sem hann hefir tekið upp, að láta þm. í tje á hverju þingi yfirlit yfir tekjur og gjöld síðustu ára, og er síst vanþörf á að geta áttað sig á ástandinu í hvert skifti. Þá er ekki síður ástæða til að gleðjast yfir því, hve skaðlítið við höfum sloppið yfir það vandræðatímabil, sem að baki er lagt, og má það sumpart þakka áhuga hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) á því að afla landssjóði tekna. En þó jeg meti mikils þennan áhuga og geti varla áfelst hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) fyrir að bera fram þetta frv., þá er mjer næst að halda, að áhuginn fari að verða um of, eða hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hætti við um of að líta á það eitt, að afla tekna: minna á það, með hvaða móti það er gert. Þó útlit sje fyrir einhvern halla á þessu ári, þá held jeg, að ekki sje of djarft teft, þó hann sje látinn eiga sig til næsta þings. Margt getur raskast í þeirri áætlun, sem gerð hefir verið, og auðvitað sumt til бага, en tekjurnar geta líka orðið drýgri en áætlað er, eða svo hefir það reynst oftast nær.

Þó menn vildu nú á þessu þingi reyna að auka tekjur landssjóðs eitthvað, þá get jeg ekki felt mig við þá leið, sem þetta frv. fer. Jeg get því viðvíkjandi fallist á röksemdir hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) og hv. þm. Stranda. (M. P.). Hjer er farið fram á aðflutningsgjald og það kallað stimpilgjald. Vitanlega væri viðkunna-legra að kalla það sínu rjetta nafni og hafa það reglulegt aðflutningsgjald. Held jeg, að stimpilgjaldsformið sje óheppilegra, og byggi jeg það á reynslu minni. Gjald þetta á að vera að eins til bráðabirgða, um stuttan, takmarkaðan tíma, og sýnist mjer sú fyrirhöfn, í stimpilmerkjum o. fl., sem það leiðir af sjer, vera of mikil og unnin mjög fyrir gíg. Þessar og aðrar aðfinslur

má tilfæra um frv. þetta, en það hafa aðrir gert og því óþarfi að fara langt út í það.

Því verður ekki neitað, að skattaálögurnar eru orðnar þungar. Það má segja, að á nálega hverja vöru sjeu komnar drápsklyfjar, og er þá óskemtilegt að hafa marga böгла ofan í milli. Jeg held, að fara verði varlega í það að bæta tolli á toll ofan, og það á sömu vöruna. Það spillir heldur en bætir, að þessir tollar eru kallaðir ýmsum nöfnum og innheimtir með ýmsilegu móti. Það er ekki samræmi í því. Samkvæmt áskorun síðasta þings hefir stjórnin skipað nefnd sjer til aðstoðar við skattamálin, og mun þá fyrst og fremst reynt að koma lagi á þann rugling, sem nú er. Það hefir verið borið fram, að þetta frv. gæti orðið til að greiða starf nefndarinnar, til að sýna henni, hvernig verðtollur reynist, en jeg held, að það verði að eins til að trufla hana, og því minni ástæða er til að samþ. þetta frv. nú, þegar von er á bættri skattalöggjöf, og vonandi nýju skattakerfi. Gömlu skattarnir (tollarnir) geta orðið þrándur í götu og örðugleikar á að afnema þá, og þess vegna nauðsyn að fjölga þeim ekki úr þessu.

Þessi orð mín ber ekki að skilja svo, að jeg sje því með öllu fráhverfur, að hafa stimpilgjald á einhverjum óþarfa varningi, sem auðvelt er að stimpla. En jeg er alveg á móti því að setja stimpilgjald á nauðsynjavöru.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) má ekki taka þessa ræðu mína svo, sem jeg væri að andmæla þeirri fjármálastarfsemi hans og viðleitni til að afla landssjóði tekna, svo að hrökkvi fyrir útgjöldum. Jeg met hana mikils, og jeg er honum sammála um það, að aðalreglan eigi að vera sú, að hvert ár beri sig. En hitt tel jeg vafaatriði, hvort samþ. eigi athugaverða tolla, til þess að fylgja reglunni út í ystu æsar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Að eins ör-

fáar athugasemdir. Jeg ætla ekki að fara langt út í ræðu hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Jeg vildi að eins geta þess um þau ummæli hans, að stimpilgjaldið yrði til þess að trufla skattanefndina, að nefndin sjálf hefir talið heppilegt að gera þessa tilraun, eða að minsta kosti fjelst meiri hluti nefndarinnar á frv, er jeg bar það undir hana. Um vantanleg ónýtt stimpilmerki skal jeg benda á það, að auðvelt er að fara nærri um, hve mikið þarf að nota, og ákveða fjöldann eftir því. Annars ætla jeg ekki að fara nánar út í þær umræður, sem orðið hafa. Jeg sje ekki ástæðu til að margendurtaka það, sem jeg hefi sagt, og vona, að hv. deild sje það ljóst, hvers vegna þetta frv. er fram komið, eða að frv. er lagt fram í því skyni, að búskapur yfirstandandi árs beri sig. Þeirri reglu hefi jeg viljað fylgja, og mjer þótti vænt um, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) fjelst á hana.

Gísli Sveinsson: Jeg ætla ekki að halda hjer neina líkraðu yfir málumnjemönnunum, heldur fara nokkrum orðum um frv. sjálft, eins og það liggur fyrir. Jeg er ekki á sama máli og þeir hv. þm., sem talað hafa á móti frv. Jeg get sætt mig við það, að fram: er komið frv. um tekjuauka. Jeg get líka sætt mig við það, að sú leið verði farin, sem frv. bendir til. Sumir hv. þm. hafa ekki talið þörf á tekjuauka, og þó að hún varí ekki sjáanleg nú, þá er hyggilegra að gera ráð fyrir, að hún geti orðið, og haga sjer samkvæmt því. Og aðferðina til að ná tekjuaukanum tel jeg alls ekki fráfallandi, sem bráðabirgðaráðstöfun. Þetta gjald er í engu ranglátara eða kemur ver niður en margt annað af sköttum eða tollum vorum, og ættu menn því eins að geta aðhylst það sem hitt. Og frv. tekur sjálft fram, að það sje til bráðabirgða, svo að ekki er það til fyrirstöðu. Sannleikurinn er sá, að skattalöggjöf vor frá síðustu árum er öll vand-

ræða-bráðabirgðaráðstöfun, en við það verður að una, þangað til úr verður bætt. Nú er skattanefnd, er heita má, sest á rökstóla og vill hún fá einhverja, þótt ekki sje nema litla, reynslu um það, hvernig verðtollur gefst. Þetta frv. fer fram á slíkan toll og getur því ef til vill gefið nokkrar upplýsingar, ef það kæmist til framkvæmda. Í sjálfu sjer er verðtollur sanngjarnari en vörutollur eða þungatollur, og þá sjerstaklega þegar miðað er við innkaupsverð. Ef það sýnir sig, að slíkur tollur er framkvæmanlegur, þá getur það orðið til þess, að heldur verði á honum byggt en þungatollinum. Ef tollurinn reynist illa, þá er þess að gæta, að um stuttan tíma er að ræða og í því skattamoldviðri, sem við höfum nú, gætir þessa ekki mikið.

Það hefir verið um það talað, að þessi tollur bæri annarlegt nafn. Mjer finst satt að segja, að nafnið komi þessu máli minst við. Frv. fer ekkert leynt með það, hverskonar gjald það fer fram á, og villir því ekki á sjer heimildir að því leyti. Jeg skil því ekki þá mótbáru og sje ekkert á móti því, að tollurinn sje hafður í stimpilgjaldsformi, ef framkvæmdarvaldinu þykir það þægilegra til innheimtu.

Það má altaf deila um það, hvort rjett sé að bæta tolli á toll ofan, hvort sumar vörutegundir þoli meira en þær bera nú, eða hvort nokkur tollur skuli vera á þeim. En eins og nú horfir við, þá hafa slíkar mótbáru naumast áhrif. Við lifum á óeðlilegum tímum og þurfum að afla tekna með fleira móti en því, er gott þykir. Engiun getur um það sagt, hvað koma kann, og því sjálfsagt að vera við öllu búinn. Það er altaf að koma það fyrir, sem eyða þarf í fje, og ekki er hægt að spyrja, hvað það kosti; það verður að gerast. Jeg get að eins nefnt atriði, sem mjög er nú á döfinni, sem sje sóttvarnir, sem eitt dæmi. Þar er ekki hægt að skera við neglur sjer; þær verða

að gerast, án tillits til þeirra peninga, sem í þær fara. Fyrir mjer vakir þetta yfirleitt, að sjá um, að landið vanti ekki afl þeirra hluta, sem gera skal. Við verðum að reyna að búa sem best að okkar, því annars getur rekið að því, að fje vanti til nauðsynlegra framkvæmda og ráðstafana. — Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú tekið fram, verð jeg því hlyntur, að þetta frv. nái fram að ganga.

Um leið og jeg lýsi yfir þessari „loyal“ afstöðu til stjórnarinnar, verð jeg að geta þess, að ummæli hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) um háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) snertu mig illa. Mjer fjell það illa, hve hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) varð æstur í þessu máli, sem á að ræðast með rósemd og ihugun. Hann kallaði hógværar og rökstuddar aðfinslur „kjósendaglamur“ og öðrum slíkum nöfnum, og er þetta eins óviðkunnanlegt, þótt hann sje mjer sam-mála um, að röksemdir hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) gera hvorki til nje frá í þessu máli, eins og nú standa sakir. Það var líka ofsagt hjá hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), að alt það, sem fundið hefir verið að fjármálastjórninni, hafi verið byggt á „glamri“. Þetta er sagt algerlega út í hött. Það vita allir, að margt hefir mátt að stjórninni finna, og er það ekki furða, þegar tekið er tillit til þeirra tíma, sem hún hefir verið við völd. En eins og margt hefir verið að henni fundið, eins hefir margt verið látið liggja í láginni, sem betur hefði mátt fara.

Jeg stóð aðallega upp til að mæla með frv., en jeg gat þó ekki stilt mig um að setja þessa „rúsínu“ í endann, og vona jeg, að stjórnin þiggi hana sem hitt. Hana má kalla „steinlausa“.

Magnús Guðmundsson: Nú hefir fjárhagsnefnd fengið það mikið nesti, að ef hún á að kingja því öllu, er óvíst, að hún geti melt það fyrstu dagana. Hið veruleg-

asta atriði í þessu máli er það, hvort þörf sje tekjuauka, og um það vil jeg fara nokkrum orðum. Mönnum þykir fjárhagurinn eftir árið 1919 glæsilegur, enda var það ágætt ár. En þó að það sje besta tekjuár ríkissjóðs, sem nokkru sinni hefir komið, þá vegur það þó ekki upp á móti versta árinu, 1918. Ef litið er til ársins 1920, þá verður að telja það með öllu óvíst, að allar hinar áætluðu tekjur komi inn. Jeg býst t. d. við því, að útflutningsgjaldið geti orðið miklu lægra en áætlað er, því að það er ekki útlit fyrir, að síldveiðar verði stundaðar af miklu kappi í sumar, en einmitt þær hafa lagt einna drýgstan skerfinn í þessa tekjugrein ríkssjóðs. Þá ber og þess að gæta, að hv. Ed. hækkaði á síðasta þingi að miklum mun tekjuáætlunina, og þess vegna er alls ekki að búast við því, að tekjurnar fari fram úr áætlun, einsog 1919, þó að engar misfellur verði. Auk þess vantar alveg tekjur fyrir væntanlegum fjáraukalögum, sem jafnan eru tvenn fyrir hvert fjárhagstímabil. Það er því skylt að reyna að útvega meiri tekjur, og álit jeg, að vel megi una við þá leið, sem frv. fer. Það hefir margt verið að því fundið, sumt ef til vill með rjettu, en altaf er hægara að rífa niður en byggja upp. Það er talað um að fara aðra leið, en engin tilraun þó gerð til að benda á hana. Ef einhver gæti bent á betra, þá yrði eflaust eftir því farið, en þó einhver reyni að rífa niður, en komi með ekkert í staðinn, þá er ekki hægt að hlaupa eftir því. Það er bein skylda okkar að sjá um, að tekjur og gjöld ríkisins standist á nokkurn veginn, og þegar búið er að samþykkja útgjöld, sem ekki eru tekjur fyrir, verður að samþykkja tekjuauka.

Menn hafa eytt ótrúlega miklum tíma í þras um nafn frv. Menn vilja ekki láta kalla þessar tekjur stimpilgjald, þegar það í raun og veru er aðflutningsgjald. Þetta er að eins fyrirkomulagsatriði. Það fer

Stimpilgjald.

enginn í grafgötur um, hvað farið er fram á, og nafnið hefir að því leyti enga þýðingu. En það hefir aðra þýðingu, það er annað, sem mælir með því, að hafa gjaldið heldur stimpilgjald. Það eru hægri öll reikningsskil, ef svo er. Þetta gætu menn sagt sjer sjálfir, ef þeir vildu athuga það. Það er afhent viss tala stimpilmerkja, og svo er annaðhvort að afhenda peninga fyrir merkin eða merkin sjálf aftur. Það er því nákvæmlega hægt að vita, hvað gjaldið er mikið, reikningsskilin verða óbrotin mjög og nákvæm, og öll endurskoðun mjög hæg viðureignar. Jeg skil ekki, hvað menn geta haft á móti fyrirkomulaginu, þegar það verður ekki til að villa heimildir á frv. og hefir þessa kosti, sem jeg hefi bent á.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) talaði um takmörkun á eyðslu ýmsra vörutegunda. Um það get jeg gefið þær upplýsingar, að fjárhagsnefnd hefir tekið það til ihugunar, og liggur hjer á borðinu fyrir framan mig frv. í þessa átt, sem jeg hefi samið og mun bera undir nefndina.

Magnús Pjetursson: Það eru að eins örfá orð út af ræðu hæstv. fjármálaráðh. (S. E.). Það var misskilningur hans, að jeg hafi viljað benda á ósamræmi í tölum þeim, sem hann fór með. Jeg var að eins að benda á, að við hefðum grætt miklu meira heldur en nokkrum kom til hugar á síðasta þingi.

Jeg fann einnig að því, hve lánsútboðið hefði komið seint til framkvæmda, og svaraði hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) því á þá leið, að bankarnir hefðu ekki viljað greiða götu þess fyr en kosningar væru um garð gengnar. Stjórnin hefði verið á sama máli, því fjárhagur landsins væri þráfaldlega notaður sem kosningabeita, og væri alt slíkt skraf óheppilegt, því það kynni að veikja lánstraust landsins. Það getur verið, að sumum hv. þm. fullnægi þetta svar, en jeg

er ekki í þeirra hópi. Jeg skil ekki, að bankarnir hafi tekið mikið mark á kosningum í þessu sambandi, og því síður skil jeg það, að stjórnin hafi viljað seinka láninu vegna þess, að eitthvað yrði á það minst við kosningar. Það var okkur óhagur, að lánið var tekið svo seint, og held jeg, að sá óhagur sje meiri en kjósendaskraf frambjóðenda.

Enn fremur vil jeg spyrja að því, hvers vegna stjórnin sá sjer ekki fært að reyna þetta lán án þess að hafa gengismuninn svona mikinn. Hjer er um allálitlega fjárhæð að ræða, þar sem gengismunurinn á þessum 3 miljónum nemur 120 þús. króna.

Um frv. sjálft þarf jeg litlu við að bæta. Jeg er ekki svo bölsýnn á fjárhag landsins, að jeg álíti þörf á að vinna þetta væntanlega tap, ef það þá verður, fyr en á næsta þingi, og þar er jeg alveg sammála hv. þm. S.-P. (P. J.).

Það er að vísu satt, að gróði ársins 1919 gerir ekki meira en jafna halla þann, sem varð á árinu 1918. En hitt stendur samt sem áður óhrakið og er öldungis víst, að alt það tap, sem ríkissjóður hefir beðið á stríðsárunum, vinst upp á sama árinu sem friður er saminn, vinst upp á *einu ári*. Ef þetta er ekki gleðilegt og glæsilegt í samanburði við aðrar þjóðir, þá veit jeg ekki hvað menn kalla glæsilegt, og það gæti meira að segja verið vafasamt, hvort þetta væri ekki óhæfilega mikill gróði og benti til þess, að of miklir skattar hefðu verið lagðir á þjóðina. Og því síður vil jeg nú fara að leggja á nýja skatta, óviðeigandi og ósanngjarna. Annars vil jeg ekki blanda mjer inn í það, að betra sje að „kontrollera“ skattinn, ef hann heitir stimpilgjald frekar en eitthvað annað — en mjer finst það að eins benda á vantraust til innheimtumannanna. Og viðvíkjandi hinu nýja aðflutningsbannsfrv., er hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) boðaði, þá skal jeg strax taka það fram, að jeg tek því hreint ekki tveim höndum.

Fjármálaráðhera (S. E.): Það er mis-
skilningur hjá hv. þm. Stranda. (M. P.),
að bankarnir hafi neitað um að „garan-
tera“ lánið fyr, en þeir rjeðu að eins frá
að bjóða það út fyr en nú.

Kjörin, 5½% og 96% afföll, eru ómót-
mælanlega góð á þessum tímum. Þegar jeg
var úti síðast, tóku Svíar stórlán í Ameríku
með mun verri kjörum. Það er ekki hægt
að draga neinar ályktanir nú af því, sem
líðið er á árið, um, hvernig það muni verða.
Ef mikil óhöpp verða á síldarútveginum,
þá munu tekjur ríkissjóðs líða ekki alllitið
við það.

Ef sú er tilætlunin, að ársbúskapurinn
eigi í framtíðinni að bera sig, þá verður að
samþykkja þetta frv. Annars vildi jeg
biðja hv. þm. að athuga skattafrv. annars-
staðar í heiminum. Ef þeir gerðu það, þá
ímynda jeg mjer, að þeir faru úr öskunni
í eldinn. Jeg þakka hv. þm. V. Sk. (G.
Sv.) fyrir það, hve vel hann tók í málið, og
sje enga ástæðu til að fást um rúsinu þá,
sem hann rjetti að mjer að lokum. Athuga-
semdir hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) voru
stílaðar út í bláinu, (Sv. B.: Alls ekki), og
þess vegna svo veigalittlar, að jeg sje ekki
þörf á því að mótmæla þeim á neinu hátt.

Magnús Kristjánsson: Jeg er farinn
að þreytast á því að stritast við að sitja
undir þessum löngu umræðum, en vil þó
leyfa mjer að leggja nokkur orð í belg. Jeg
vil lýsa ánægju minni yfir því að hlusta
á skýrslu hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) og
yfir því að heyra, að fjárhagur ríkisins er í
mjög góðu lagi, og betri en búist hafði ver-
ið við. Það er því komið á daginn nú,
sem jeg hjelt fram á síðasta þingi.

Æskilegast væri, ef hægt væri að komast
hjá því, að íþyngja þjóðinni með nýjum
skattaálagninum. Þetta gjald er þó að
vísu ekki gífurlega þungbært, heldur er
það óviðkunnanlegt að vera altaf að bæta
við þessum smáhækkunum.

Jeg jata það, að að því leyti, sem frv.
þetta nær til ónauðsynlegrar vöru, er það
gott og þarft, en lengra get jeg ekki orðið
því samferða, því að jeg álít það hreinustu
fjarstæðu að fara að bæta gjaldi á nauð-
synjavörur í þessari dýrtíð, sem nú er. Það
atti öllum að vera ljóst, að sú leið er ófær
í alla staði. Þótt aukningin sje að vísu ekki
mikil, þá safnast þegar saman kemur. Ef
jeg ætti að geta fallist á það, þá þarf að
undanskilja ýmsar nauðsynlegustu vörur,
eins og t. d. kol, salt, olíu og sykur. Minst
hefir verið á það, að það gæti komið til
mála að takmarka innflutning til lands-
ins, og þá einkum á ónauðsynjavörum, og
virðist mjer það að mörgu leyti rjett.

Jeg vil taka það fram, að jeg er frv.
samþykkur að því leyti, sem það snertir
ónauðsynlegar vörur. Jeg get ekki fallist
á það, að þm. sje mjög gjarnt að leggj-
ast móti tillögum stjórnarinnar um tekju-
auka fyrir ríkissjóð, eins og hæstv. fjár-
málaráðh. (S. E.) vildi gefa í skyn. Jeg
veit ekki betur en margir hafi komið með
góðar till. til tekjuauka. Jeg leyfi mjer því
að mótmæla þessum áburði, og til þess, að
ásökunin geti að engu leyti átt við mig, vil
jeg beina því til stjórnarinnar, að hún taki
aftur tillögur sínar um auknar álögur á
nauðsynjavörur, en endurnýi tunnutoll-
inn, sem gaf af sjer talsverðar tekjur. Þetta
álít jeg gott ráð, og þykist með því vilja
byggja upp, en ekki rífa niður.

Fjármálaráðhera (S. E.): Hvað við-
víkur síldartollinum, þá var gert ráð fyrir
því í stjórnarfrv. síðastliðið ár, að lögð
yrði 1 króna á tunnuna á því ári, sem nú
er að líða. eða tollurinn væri hækkaður um
50 aura á tunnu. Það voru hv. þm., sem
lögðu til, að tollurinn væri hækkaður á
þessu ári, og það ýmsir, sem voru vinir
síldarútvegsins.

Í raun og veru kemur stimpilgjaldið

ekki hart niður á nauðsynjavöru. T. d. mun kolatönn í innkaupi nálægt 100 kr., en útsöluverð verður væntanlega bráðum 250 kr. Ef ein króna væri lögð á útsöluverð kolatönnisins þá yrði það 251 kr., og sjá allir, að það skiftir litlu máli.

Þá er sykurinn. Pundið mun kosta í innkaupi (veit það annars ekki fyrir víst) um 1 kr. Tollurinn af því mundi verða 1 eyrir á pund. Sannleikurinn er sá, að viðbót þessi er svo lítil, að hennar gæti naumast hjá almenningi, en safnast þegar saman kemur og verður mikilsverð fyrir landssjóð.

Þegar menn athuga, að þetta eru viðkvæmstu vörurnar, þá ættu allir að sjá, að þetta er langt frá því að vera óttalegt. Yfirleitt er þetta gjald mjög eðlilegt, þar sem gildi peninga hefir breyst svo mjög, en tollur af t. d. sykri ekki hækkað, eins og hann hefði átt að gera til þess að verða í samræmi við verðgildi peninganna.

Sumir hafa hneykslast á því, er jeg sagði, að þeir, sem hæst ljetu á móti skattafrv. stjórnarinnar, hefðu vanalega aldrei getað bent á neina nýja leið. En þetta er sannleikurinn. Og þeir, sem eru að berja barlómsbumbuna fyrir almenninginn, vita vel, að hvert einasta skattafrv. kemur altaf hart niður á almenningi á erfiðum tímum. Þeir, sem lifa í þeim fagra draumi, að þetta breytist við endurskoðunina á skattalöggjöfinni, eiga eftir að hrökkva upp af draumnum. Engri stjórn dytti í hug að bera fram skattafrv. ef nauðsyn kallaði ekki að, en hjer er það nauðsynin bláber sem kallar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 302) með 19 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 21 febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 35, 50).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Af því að það hefir komið fram brtt., á þgskj. 50, sem nefndin hefir ekki haft tíma til að bera sig saman um, vildi jeg óska þess, í samráði við háttv. flm. þessarar brtt. (P. O.), að ekki yrðu umr. um frv. nú, heldur verði þær geymdar til 3. umr., og mun nefndin fyrir þann tíma taka þessa brtt. til athugunar. Það er svo háttað um þetta mál, að það er ekkert á hættu, þótt frestað sje umr. um það til 3. umr. og brtt. tekin aftur þangað til.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi að eins leyfa mjer að styðja mál háttv. frsm. (M. G.). Jeg vildi óska, að þetta mál yrði látið ganga sem umræðuminst til 3. umr.

Þjetur Ottesen: Jeg vildi að eins lýsa yfir því, að jeg er því samþykkur fyrir mitt leyti, að málið fái að ganga umræðulaust til 3. umr.

Þveinn Björnsson: Jeg býst við því, að þetta verði ákveðið þannig, að málið fái að ganga til 3. umr., en vildi gjarnan láta þau orð fylgja því til fjárhagsnefndar, að hún taki nú frv. enn betur til athugunar, því að það mun vera fleira en þessi brtt., sem mun þurfa athugunar við.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þykist vita, hvaða ósamræmi háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) á við í þessu frv., nefnilega 1% gjaldið á öllum póströfum, og vil að eins geta þess, að jeg hefi bent háttv. frsm. (M. G.) á þetta, og háttv. fjárhagsnefnd mun athuga þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., G. Sv., Gunn. S., H. K., J. A. J., J. S., M. G., B. Sv.

nei: Sv. B., Jak. M., M. K., M. P., Ó. P. E. E. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (Sv. Ó.) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

3.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 2 atkv.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 14, 50, 60, 67, 82).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 82, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það varð að samkomulagi við 2. umr. að ræða frv. þetta ekki fyr en við þessa umr. Jeg ætla að geta þess, að nefndarmenn hafa ekki allir skrifað undir nál. Háttv. þm. Barð. (H. K.) var veikur þegar nefndarfundur var og hefir því óbundið atkv. En allir aðrir nefndarmenn hafa fallist á frv., með breytingum, sem ekki eru stórvægi- legar. 1. brtt. er við 1. gr. og um, að í stað 10% komi 15%. 2. brtt. er um það, að verði ágreiningur um, hvað eigi að telja óþarfa vöru, þá á stjórnarráðið að skera úr. Það þótti óhentugt að láta dómstól- ana gera það, haganlegra að stjórnarráðið gerði það. Enn er þess að geta, að inn í 7. gr. frv. hafði slæðst villa, sem nefndin vill leiðrjetta, og lýtur að þessu 3. brtt. hennar, sem er alveg sjálfsögð.

Þá kem jeg að brtt. frá öðrum en nefnd- inni, og skal þess fyrst getið um brtt. á þgskj. 82, að með því að henni hefir ekki verið útbýtt fyr en á þessum fundi, hefir nefndin ekki átt kost á að bera sig sam- an um hana, svo að nefndarmenn hafa óbundið atkv. En jeg vil fyrir eigin reikn- ing taka það fram, að ef á að fara að und- anskilja í þessu gjaldi salt, kol, olíu, syk- ur og byggingarefni o. fl., þá er lítið eftir, sem aflað getur ríkissjóði tekna, ef notuð er heimildin til að takmarka innflutning á óþarfa varningi. Það var greinilega sýnt fram á það við 1. umr., að þörf væri á því að auka tekjurnar, en jeg vil bæta því við þar ástaður, sem þá voru tilfarðar, að ekkert er áætlað fyrir tvennum fjáráuka- lögum, sem vitanlega koma á þetta fjár- hagstímabil, og þau hafa að minsta kosti 1 miljón kr. útgjöld í för með sjer.

Þá er brtt. háttv. þm. Borgf. (P. O.), á þgskj. 67. Um fyrri hluta brtt. eru nefnd- armenn frjálsir með atkv. sín, því þeir eru ekki á eitt sáttir, en það leiðir af því, sem jeg hefi áður sagt, að jeg er henni mótfallinn.

Um síðari hluta brtt. er það að segja, að hann fer að sumu leyti lengra en frv. stjórnarinnar, að sumu leyti skemra, og að sumu leyti jafnlangt. Um leikföngin ber ekki annað á milli en að háttv. þm. Borgf. (P. O.) vill skatta þau með 20%, nefndin með 15% og stjórnin með 10%, en um þetta býst jeg við, að háttv. þm. (P. O.) geti fylgt nefndinni að máli.

Háttv. þm. (P. O.) fer lengra en nefnd- in og stjórnin í því, að hann vill láta falla undir skattinn ýmsar vjelar, t. d. vasaúr, sem hann telur ónauðsynlegar. Á þetta getur nefndin alls eigi fallist, bæði af því, að hún telur ekki úr að öllu eða fyrir alla ónauðsynlega vjel, og af því, að ein- mitt með því að nefna úr sem óþarfa vjel er þetta hugtak gert svo óákveðið, að óger- legt virðist að framkvæma ákvæðið, ef

Stimpilgjald.

það verður orðað eins og háttv. þm. (P. O.) vill.

Háttv. þm. (P. O.) fer skemra en nefndin að því leyti, að hann vill að eins taka undir herra gjaldið ónauðsynlega hluti úr málni eða málmblendingi, en hví á ekki að taka slíka hluti, þótt þeir sjeu úr t. d. trje, gleri, postulíni, marmara, asbest, gúmmi eða öðru? Þetta er stór ókostur við brtt. háttv. þm. (P. O.) og eitt nóg til þess, að nefndin verður mjög ákveðið að leggja á móti þessum hluta till.

Jeg ætla að lokum að víkja að brtt. á þgskj. 82. Það er ekki tilfinnanlegt, sem þarf að borga af nauðsynjavörum eftir frv. Af 1 smálest af salti yrði það ca. 30 aurar, og af 1 smálest af kolum ca. 1 kr., og þegar hún kostar 225—240 kr., þá munar ekki mikið um eina krónu í viðbót. Svipað er með korn og sykur. 1 eyrir af hverju sykurlundi. Þetta er ekkert tilfinnanlegt fyrir einstaklingana, en mikið fje í ríkissjóð, og það er fje, sem bein þörf er á.

Ólafur Proppé: Þegar frv. þetta var til 2. umr., hafði jeg hugsað mjer að taka til máls í máli þessu, en þar sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) fór bænarveg, að málið yrði afgreitt umræðulaust til 3. umr., í von um endurskoðun nefndarinnar, ljet jeg mjer það lynda, í von um góðan árangur. Brtt. nefndarinnar eru nú komnar, á þgskj. 60, og þar sem hjer er nú um 3. umr. að ræða, má víst ekki búast við frekara úr þeirri átt.

Fr. þetta kemur fram sem viðauki við stimpilgjaldslögin frá 1918, þau er fela í sjer 1% útflutningsgjald, og munu lög þessi vera fyrirmyndin, ef ekki ástæðan fyrir þessu nýja innflutnings-, eða rjettara sagt verðgjaldi.

Að ríkissjóður þurfi auknar tekjur er í sjálfu sjer mjög skiljanlegt, enda þótt Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Það í þessu tilfelli sje ekki alveg í samræmi við skýrslu hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hjer í deildinni fyrir nokkrum dögum, en það, sem í þessu tilfelli skiftir máli, er *aðferðin*, sem notuð er til þessa.

Það er nú svo ástatt, að við höfum tolla, vörutolla, bein útflutningsgjöld og stimpilgjaldið, og má með sanni segja, að tollapólitik vor sje sem karbætt flík, sem tæpast er hægt að koma á fleiri bótum, ekki síst þegar svo er ástatt, að bæturnar eru ekki hliðstæðar, heldur hver ofan á annari.

Gjaldstofnar þeir, sem tolllöggjöf vor hvílir á, eru orðnir svo áhlaðnir, að mig furðar tilraun sú, sem nú er gerð til frekari íþyngingar.

Afsökun stjórnarinnar er að vísu sú, að hjer sje að eins verið að vinna fram úr bráðabirgðavandraðum, og lífstími þessa leiðinda „sleikjuskapar“ sje eigilengurætladur en til ársloka 1921, en það mun vera ómótmælanleg reynsla, að *flestir bráðabirgðatollar*, sem á hafa komist, hafa reynst langlífari en upphaflega var tilætlast.

Enda þótt 1. nál. hv. fjárhagsnefndar legði til, að frv. yrði samþ. óbreytt, er það þó síður en svo úr garði gert, sem við hefði mátt búast, og enda þótt nú sjeu komnar brtt., sem lagfæra stærstu glompuna, sem sje hlutfallið á milli venjulegs flutnings og póstflutnings, eða þess hluta póstflutnings, sem póströfur kunna að fylgja, þá er þó enn sá ágalli, að menn geta hagað póstsendingum sínum þannig, að póstkrafa fylgi einungis örlitlum hluta þess verðmætis, sem í póstsendingunni kann að felast.

Þetta atriði og svo smyglunin, sem frv. opnar dyrnar fyrir í fulla gátt, eru svo alvarleg atriði, að búast hefði mátt við, að betur hefði verið um hnútana búið en tilfellið er. Og þegar svo hjer við bætist, að flokkunin á skrautgripunum er ósundur-

liðuð og óákveðin, má það engan undra, þótt þetta atriði mundi verða eilíft þrætu-epli og óendanlegt úrskurðarefni viðkomandi stjórnarvalda. Í þessu sambandi er það einnig mjög svo athugavert, að í sömu andránni sem verið er að afgreiða hjeðan úr hv. deild lög, er heimila landsstjórninni að banna innflutning óþarfs varnings, þar með auðvitað taldir skrautgripir, — í sömu andránni, segi jeg, er verið að skattleggja þá muni, sem sennilegast enginn innflutningur verður á, það er að segja, ef nokkur alvara fylgir þar máli. Það er því auðsatt, að annaðhvort frv., eða — ef þau ná bæði fram að ganga, að önnurhvor lögin eru einskisvirði. „Principielt“ er jeg á móti öllu stimpilgjaldi, sem hverskonar tollum, hvort heldur inn- eða útflutnings, jeg vil því ráða hv. deild til að fella frv., enda vænti jeg, að tekjuaukinn sje ekki eins nauðsynlegur og látið er í veðri vaka, en sje tekjuaukinn að einhverju leyti bráðnauðsynlegur, þá gæti jeg frekar felt mig við, að gamli vörutollurinn væri enn á ný hækkaður að einhverju leyti, t. d. 3. og 6. flokkur, og mundi á þennan hátt mega fá alldrjúga upphæð enn. Sem sagt, jeg mun greiða atkvæði á móti frv. og brtt., en verði frv. afgreitt hjeðan úr deildinni, skýt jeg því til þeirra, sem hjer eru staddir úr Ed., að taka frv. til alvarlegrar íhugunar þar.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki lengja umr. á þessu stutta þingi, þó að jeg eigi hjer 2 brtt. Jeg vil að eins geta þess viðvíkjandi fyrri brtt., að mjer hafði upphaflega dottið það í hug að koma fram með breytingar, sem miðuðu í sömu átt og brtt. háttv. þm. Stranda. (M. P.), en við nánari athugun sá jeg mjer það þó ekki fært að undanskilja hjer allar nauðsynjavörur. Eins og heyra mátti af hinni góðu og glöggu ræðu hestv. fjármálaráðh. (S. E.), þá er nauðsyn á auknum tekjum lands-

sjóðs, ef sú regla á að haldast, að ársbúskapur landsins beri sig.

Ilvað því viðvíkur, að jeg vil undanþiggja gjaldinu kol, salt og olíu, þá áleit jeg þær vörur svo þrauttollaðar áður, að ekki væri fært við að bæta. Það virðist varla á bætandi 10 kr. toll á smálestina af kolum og 8 kr. af salti, sem nú er. Þó tollur þessi sje tímabundinn og eigi ekki að standa lengur en meðan verið er að vinna upp tap það, sem varð á þessum vörutegundum meðan landsvershlunin hafði einkasölu á þeim, þá er hann þó mjög tilfinnanlegur. Hjer er lengra gengið en viðunandi er, þar sem kolatollur er nálægt 50% og salttollur 30% af innkaupsverði, eins og það var fyrir stríðið. Jeg get ekki neitað því, að jeg hefi mikla tilhneigingu til að fylgja hv. þm. Stranda. (M. P.), en get það þó ekki að sinni. Jeg vona, að vörur þær, sem jeg hefi bent á í brtt. að taka bæri undan, verði undanskildar.

Þá er hin brtt. Þegar jeg sá stjórnarfrv., þá þótti mjer orka mjög tvímælis um eftir orðalaginu, hvaða vörur kæmust undir þennan 10% skatt. Jeg er hræddur um, þegar á að fara „praktisera“ þetta, að þetta óljósa orðalag muni valda svo miklum ágreiningi, að stjórnin, sem skera ætti úr þessu, hefði engan frið á sjer. Og svo gæti farið, að hv. frsm. (M. G.) þætti ekki þægilegt eftir á að hafa kallað slíkt steypi-flóð yfir hestv. væntanlega stjórn.

Ef til vill er orðalag brtt. minnar ekki tæmandi, enda erfitt að ná því á byrjunarstigi málsins. En það dylst þó engum, að ólíkt skýrari er hún en stjórnarfrv.

Frsm. (M. G.) taldi, að ýmislegt mundi sleppa undan, svo sem ýmsir skrautgripir úr gleri, postulíni, gipsi o. s. frv. Þetta getur vel verið, og ef stjórninni þykir geta orkað tvímælis um þessar tilnefndu vörur, og ef til vill fleiri, þá er enn tími til þess að lagfæra það.

Þá hefir hv. frsm. (M. G.) ekki getað fallist á að færa gjaldið af slíkum vörum upp í 20%, heldur í hæsta lagi 15%. Það má náttúrulega segja, að úr t. d. sjeu nauðsynjavara, en þó virðist svo, sem stundvísi manna vaxi ekki í sama hlutfalli og úrin fjölga hjá landsmönnum. En varla get jeg þó talið, að úrin jafnist að nauðsyn við það, sem menn þurfa í sig og á, og ekki get jeg fallist á að hlífa slíkum vörum við allháum tolli, þegar allar nauðsynjar eru svo þrauttollaðar, sem nú er; og er undarlegt samræmið í því hjá háttv. fjárhagsnefnd, að leggjast á móti allverulegum tolli á glysvarningi, eins og hún hefir verið frek til fjárins í skattaálögum á nauðsynjavörum.

Jeg held því fast við till. mína, en hefi ekkert á móti því, að breytingar sjeu á henni gerðar, ef þær koma til bóta.

Jón Auðunn Jónsson: Herra forseti! „Principielt“ er jeg á móti þessu frv., en ástæðurnar fyrir því, að jeg greiði því atkvæði, eru þær, að jeg vona, að það verði að eins til bráðabirgða, og að skattalöggjöfin verði athuguð nákvæmlega á næsta reglulega þingi. Önnur ástæðan sú, að jeg tel óvarlegt að fá ekki auknar tekjur nú, og er það í samræmi við ræðu hæstv. fjármálaráðh. (S. E.).

Á því er enginn efi, að útflutningsgjöld af síld verða mun minni á komandi ári en þau hafa verið. Enginn efi á því heldur, að ef þetta frv. á þgskj. 32 nær fram að ganga, þá verður það einskonar „kontrol“, og þó það gefi raunar engar tekjur, þá væri það þess vert að samþykkja það. Um póströf-ur er það að segja, að það er svo lítill hluti, sem fluttur er inn í landið á þann hátt, að þess gætir varla; en ef grunur væri á, að tollsvik væru á þann hátt höfð í frammi, þá væri hægur vandi fyrir lögregluna að grafast fyrir það og taka í taumana.

Eins og jeg hefi lýst yfir, greiði jeg atkvæði með brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.). Jeg hefði verið með till. hv. þm. Stranda. (M. P.), sem undanskilur korn, sykur og aðrar matvörur, hefði jeg ekki álitid, að við það yrði tekjuaukinn svo lítill, að hann næmi ekki þeirri upphæð, sem nauðsynleg er.

Ástæðan fyrir því, að jeg vil heldur undanskilja salt, kol og steinolíu, er sú, að þær vörur notar ekki nema þriðjungur þjóðarinnar, og kemur því skatturinn ójafnt niður á mönnum.

Eins og hv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram, að tollur af kolum væri alt að 50% af verði þess fyrir strið, þá virðist það vera illmögulegt að bæta þar á. Það er líka mjög auðvelt að undanskilja þessar vörur, kol, olíu og salt, því þær eru vanalega fluttar sem heill farmur.

Enn fremur er eitt, sem kemur mjer til að vera með þessu frv., og það er það, að kæmi það fyrir, að setja þyrfti verðlagsnefnd, þá er hjer lagðurgóðurgrundvöllur. Sumir halda því fram, að innflytjendur myndu skjóta undan af vörum með því að hafa tvöfaldar „facturur“. Það álit jeg óhugsandi, því að margir fá „factururnar“, og mætti því bera þær saman og á þann hátt fletta ofan af því, sem rangt væri, ef nokkuð væri.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að þakka hv. fjárhagsnefnd góðar undirtektir undir frv., og get tekið það fram, að till. þær, sem hún hefir komið með, eru að mínu álitu til bóta.

Háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) sagði það ekki í samræmi við ræðu fjármálaráðherra, að leita þyrfti frekari tekna, en þetta er ekki rjett. Jeg sýndi fram á það, að minni tekjuauka en þetta mætti ekki fá, ef ársbúskapurinn ætti að bera sig. Jeg sýndi fram á það, að þegar tekin er til greina

hækkun á símatekjum og bætt við tekjuafganginn á fjárlögunum — og auðvitað tekin til greina hækkunin á launum — þá mundi hallinn vera um 700 þús. kr., og þær ætlaði stjórnin að fá með þessu frv.

Hv. frsm. fjárhagsnefndar (M. G.) benti einnig á, að gert væri ekki ráð fyrir í útreikningi þessum auknum útgjöldum samkvæmt fjáráukalögum. En jeg hefi vonast eftir, að áætlaðar tekjur í fjárlögum væru svo varlega áætlaðar, að þær hrykkju fyrir þeim útgjöldum, en hjer er að eins um von að ræða, og þess meiri nauðsyn er á tekjuaukanum, ef hún brygðist.

Hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) fáraðist um það, hve útgjöldin varu orðin há. Getur verið, að svo sje, en hins vegar ættu menn að líta til veðurs og athuga, hve útgjaldabyrðarnar eru háar annarsstaðar.

Að því er sjálfar tekjuleiðirnar snertir, þá efast jeg stórum um, að unt væri að hækka tekjuskattinn, sem allra hluta vegna er rjettlátastur. Jeg hefi mikla reynslu fyrir mjer um það, að slíkur tekjuauki fær allmikinn andbyr í þinginu. Hingað til hefir blásið á móti honum bæði utan þings og innan, og kæmi mjer ekkert á óvart, þó líka bljesi á móti honum frá hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.). Þegar menn eru að kveinka sjer undan of miklum sköttum, þá er það af því, að menn hafa ekki lítið í kring um sig. Ef menn litu til t. d. Danmerkur, þar sem tekinn er næstum því allur gróðinn, þá mundu menn sjá, að hvergi er annað eins Gósenland eins og hjer. Hv. þm. (Ó. P.) tók fram galla, sem honum fundust á frv. En væru þeir einhverjir, þá mundi auðvelt að leiðrjetta þá. Sjerstaklega tók hann til 7. gr., en þó er vitanlegt, að gjaldið á að reiknast af meiru en póstávísunarhæðinni, ef reikningar sýna, að varan er meira virði, eða ef nokkur hluti sendinganna hefir verið greiddur í peningum. Þá talaði háttv. þm. (Ó. P.) um, að smygluninni væri markaður stór bás í þessu frumvarpi, en

sannarlega er sá bás ekki minni í gildandi tollöggjöf, eins og t. d. í vörutollslögunum.

Annars er tolleftirlítið alt of lítið hjer og þarf að aukast, og án þess er ómögulegt að búa til rjettláta skattalöggjöf.

Hv. þm. (Ó. P.) taldi lítið samræmi í því að banna innflutning á þessum vörum að öðru leytinu og að hinu leytinu að leggja skatt á þessar sömu vörur. En í frv. því um innflutninginn, sem er á ferðinni, er stjórnninni að eins gefin heimild til að banna innflutninginn, og enginn veit, hvað verður af framkvæmdum í því efni.

Í Danmörku hefir einnig verið mikið rätt um innflutningstakmarkanir á óhöfsvarningi, en um framkvæmdir hefir orðið lítið í því efni enn, eftir því sem jeg veit best. (Ó. P.: Hver var þá tilgangurinn með frumvarpinu). Auðvitað var tilgangurinn að hafa heimildina til þess að takmarka innflutninginn, ef nauðsynlegt væri, en annars var það fjárhagsnefnd, en ekki stjórnin, sem kom með þetta frv.

Hvað snertir brtt. þessar, er undantaka ýmsar lífsnauðsynjar, þá er við þeim að segja, að það er auðvitað gott að hafa sem minstan skatt á þeim, en stjórnin leggur þetta frv. ekki fram að gamni sínu; það er ríkissjóður, sem krefst peninga, og einhversstaðar verður að taka þá.

Annars hefi jeg sýnt fram á það, að skattur þessi kemur ekki hart niður á nauðsynjavöru, og almenningur verður varla mikið var við hann.

Hv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram, að geysilegur skattur væri orðinn á þessum vörotegundum (kolum og salti etc.), og er það að vísu satt, en jeg þarf ekki að taka það fram, því mönnum mun vera það kunnugt, að þessir tollar voru lagðir á til þess að vinna upp tap á landsversluninni, er hún tók í höndur sínar verslunina með þessar vörur, er enginn annar treysti sjer til þess, sökum hræðslu við verðfall. Það er bæði gott og nauðsynlegt

fyrir ríkissjóð að fá þennan nýja skatt, og jeg veit, að nýja stjórnin muni ekki hika við að taka í sama strenginn, þegar hún tekur við ábyrgðinni. Jeg veit nú ekki annars, hvernig fylgi hennar er, og það veit ef til vill enginn, en jeg vona, að hv. stjórnarsinnar verði að minsta kosti eins „passiv“ gagnvart frv. eins og þeir eru gagnvart stjórninni, svo það geti læðst í gegnum þingið.

Gunnar Sigurðsson: Jeg er því mótfallinn að bæta einni bót enn þá á hina karbættu skattaflík vora. Það hafa fyrir löngu opnast augun á mönnum fyrir því, að skattalöggjöf vor, eins og hún er nú, sje með öllu úrelt og ómöguleg. Þar ægir öllum skattakerfum saman, hvert þing leggur sína skatta á af handahófi, til að afla sjer tekna, ýmist með því að tvöfalda þá skatta, sem fyrir eru, eða skatta að nýju einhvern atvinnurekstur, meira og minna óhugsað og út í bláinn. Skattafrv. þetta er ágætt dæmi þessa. Það er því merkilegra að hugsa til þess, að stjórnin skuli nú leggja þetta frv. fyrir þingið, eftir það að búið er að skipa nefnd til þess að endurskoða skattalöggjöf vora og gera tillögur um nýja skattalöggjöf, sem væntanlega kemst bráðlega í frámkvæmd. Það er sennilegt, að minsta kosti vona jeg það, að framtíðarskattalöggjöf byggist aðallega á beina skattakerfinu, þótt jeg búið hins vegarekki við því, að þeim verði komið á alt í einu, heldur að þar verði fyrst um sinn að fara einhvern meðalveg. Með beinu sköttunum fer löggjafinn þá sanngjörnu leið, að leggja skatt á gróða framleiðenda, í staðinn fyrir að hefta framleiðsluna með því að skattleggja þær vörur, sem eru undirstaða og skilyrði fyrir framleiðslunni, eins og t. d. kol og salt. Eins og skattalöggjöf vor er nú, er það alltítt, að þeir greiða skatt af beinu tjóni. Hve hróplegt ranglæti slíkt er, sjá allir almennilegir, sanngjarnir menn. Það er líka

ósanngjarnt og ranglátt að leggja skatt á brýnar lífsnauðsynjar, eins og þetta frv. gerir. Það kemur þyngst niður á fátækum ómagamönnum.

Jeg hafði upphaflega ætlað mjer að fylgja brtt. háttv. þm. Borgf. (P. O.), en fylgi brtt. hv. þm. Stranda. (M. P.) eftir að hún kom fram, með því að hún dregur fleira undan skatti af nauðsynjavörum. Aftur á móti er jeg þeirrar skoðunar, að í rauninni sje rjett að leggja háan skatt á óhófsvarning, en þar er hættan á að rekast á smyglunarskerið, og því álít jeg nú ekki heppilegt að hafa skattinn hærri en í mesta lagi 10%, því þá mundi þó síður vera hætta á því, að menn freistuðust til þess að smygla.

Í sambandi við smyglunarhættuna þarf ekki annað en að benda á áfengissmyglun síðari tíma og enda tóbaks. En þó er hátíð að eiga við eftirlit með innflutningi á slíkum vörum í sambandi við t. d. skrautgripi, því menn geta flutt þúsunda króna virði af slíkri vöru í vösum.

Jeg hygg, að ekki myndi hægt að hafa örugt eftirlit með innflutningi á skrautgripum, enda þótt tollgæslan yrði bætt að mun.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) mintist á það, að skattarnir væru mjög ljettir hjer tiltölulega, miðað við önnur lönd. Það er nú ekki svo furðulegt, þótt við stöndum enn ekki jafnir að skattaálögum þeim þjóðum, sem mestu hafa eytt í herkostnað á undanförnum stríðsárum. Mjer fyrir mitt leyti er það stærra atriði, hve viturlega og sanngjarnlega skattarnir eru lagðir á, en hve háir þeir eru, að minsta kosti ef þeim er vel varið. Ef minst er þess lands, sem oss verður að teljast næst, Danmerkur, þá eru þar að visu háir skattar, en þeir eru komnir í fast kerfi og að mestu byggðir á beinum sköttum. Það mun mega telja, að vart muni finnast vitlausari og grautarlegri skattalöggjöf á hnettinum en

hjer á landi, og það er fjarri því, að jeg vilji auka við skattana á þeim grundvelli, heldur þvert á móti rífa þá löggjöf alla til grunna og reisa úr þeim rústum nýja, rjettlátari skattalöggjöf.

Magnús Pjetursson: Í raun og veru er jeg alveg á móti frv., og það þá einna mest sökum þess, að jeg álít, að ekki hafi enn þá verið sýnt fram á, að nauðsyn beri til að fá þetta fje í ríkissjóð.

Það tel jeg líka stuðning minni skoðun og mótmæli gegn frv., að alt útlit er fyrir, að nokkrir af hv. nefndarmönnum hafi heitið frv. þessu fylgi sínu með samviskunnar mótmælum; t. d. kvaðst einn vera „principielt“ á móti því, og annar er víst alveg á móti því o. s. frv.

En nú vildi jeg reyna að miðla málum með þessari brtt. minni, um að sleppa nauðsynjavörum. Jeg tel fylsta ósamræmi í því að hafa t. d. steinolú undanskilda, en ekki byggingarefni og kornvörur, og nægir mjer því alls ekki brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.).

Ef þessi verðtollur á nauðsynjavörum er nægur, eða á að gera nokkuð til að bjarga landinu úr fjárhagsvoða, þá eru fjárhagsvandræðin ekki mikil, því ekki mun hann nema mikilli fjárhæð fyrir ríkissjóð, en hann er ranglátur.

Þótt það sje rjett, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði, að ekki muni mik ið um þetta fyrir einstaklingana, þá safnast þegar saman kemur, og eru þó álögurnar nægar fyrir.

Jeg mótmæli því, að verið sje að hrúga á nýjum tollum án sjerstakrar nauðsynjar nú á þessum tíma, þegar endurskoðun skattalöggjafarinnar stendur fyrir dyrum.

Út af orðum hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) um, að þetta gæti staðið í sambandi við andstöðu til fráfarandi stjórnar og stuðning við hina nýju, þá vil jeg algerlega mótmæla því. Og verð því skýrt að taka það

fram, að hvorki mitt atkv. í þessu nje annara þm., að því er jeg hygg, stendur í hinu minsta sambandi við eða sýnir að nokkru leyti afstöðu manna til nokkurrar stjórnar. hvorki hinnar fráfarandi eða viðtakandi.

Jakob Möller: Jeg greiddi atkvæði á móti þessu frv. við 2. umr., og það mun jeg enn gera. Undanfarin þing hefir álögum verið skelt á af handahófi og án þess að nokkur ábyggileg áætlun væri gerð um þörfina, og hygg jeg, að fleirum en mjer finnist mál til komið að nema staðar á þeirri braut. Það hefir reynst svo, að allar áætlanir um tekjur ríkissjóðs hafa orðið alt of lágar. Þó að það hafi verið afsakalegt hingað til, þá verða menn nú að fara að krefjast þess að fá að sjá út úr öllu tollamoldviðrinu. áður en nýjum tollum verður enn bætt við.

Það má lengi segja, að ekkert muni um þennan og þennan tollinn, en svo má lengi við bæta, að óbærilegt verði.

Því hefir verið barið við, að þetta frv. væri nauðsynlegt til að láta landsbúskapinn bera sig. En það vantar alveg sönnunina fyrir því. Í raun og veru veit enginn með neinni vissu, hvað gjaldstofnar þeir, sem fyrir eru, muni gefa miklar tekjur. Tekjurnar fóru ótrúlega mikið fram úr áætlun síðasta ár; það má gera ráð fyrir því, að þær fari einnig töluvert fram úr áætlun næsta ár. Jeg sá en heyrði ekki greinargerð hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fyrir fjárhag landsins, og þar virtist mjer koma fram, að fjárhagur landsins væri góður, og finnst því síður ástæðu til að slengja þessum nýja tolli á. (*Fjármálaráðherra (S. E.):* Síðasta ár). Jeg sje enga ástæðu til að skilja þannig á milli fjárhagsáranna; ef tekjuafgangur hefir orðið annað árið, þá gerir minna til, þó að tekjuhalli verði næsta ár.

Það er talað um 700 þús. kr. halla, sem

Stimpilgjald.

búast megi við á þessu ári. Ef tekjurnar fara eitthvað líkt fram úr áætlun eins og síðasta ár, þá kæmi sá halli ekki fram. Hann er ekkert annað en áætlunarupphæð. En þó að um raunverulegan tekjuhalla yrði að ræða, þá er til upp í hann 1 milj. króna tekjuafgangur frá síðasta ári.

Þá álít jeg ekki heldur tilvinnandi að fara þá leið, sem hjer er stungið upp á, fyrir þá upphæð, sem fengist með þessu móti. Að því yrði svo stórum aukinn kostnaður og fyrirhöfn við innheimtu og eftirlit, að jeg tel tvímælalaust betra að horfast í augu við hallann, sem hjer er um að ræða, heldur en að fara nú að bæta einum nýjum gjaldstofninum við, rjett áður en ráðgert er að gerbreyta ef til vill allri skattalöggjöfinni. En ef endilega þarf að fá þessa peninga, þá vil jeg taka í sama strenginn og háttv. þm. Stranda. (M. P.) og háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) um, að þá væri eins heppilegt og heppilegra að hækka einhverja liði vörutollsins.

En það er dýrtíð í landinu og því óforsvaranlegt að auka hana með nýjum álögum meðan fjárhagurinn er ekki verri en hann er, eða meðan ekki er ótvírætt sýnt fram á, að það sje algerlega óumflýjanlegt.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það er misskilningur hjá háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.), að það sje tekjuafgangur frá síðasta fjárhagstímabili. Það var hjer um bil 1 milj. kr. halli, en ekki afgangur. Og þegar nú háttv. þm. (Jak. M.) hefir fengið skýringu á þessu, býst jeg við, að hann snúi við blaðinu og greiði atkv. með frv.

Jeg hefi tekið það fram áður, að jeg vil forðast tekjuhalla, en láta landsbúið bera sig fyrir hvert ár.

Það er ekkert nýtt, að þetta frv. auki kostnað við innheimtuna; það er ekkert sjerstakt fyrir þennan skatt.

Að undanfarandi þing hafi í blindni og

af handahófi hækkað álögurnar á stríðstímunum, finst mjer nokkuð harður dómur um undanfarandi þing, og óvíst, hvort þeir, sem setja slíkar ásakanir fram, hefðu fundið heppilegri leiðir.

Það er þörf fyrir þetta fje í ríkissjóðinn, og við þolum ekki biðina eftir endurskoðun skattalöggjafarinnar. Jeg skil því ekki, hvað kemur hv. þm. Stranda. (M. P.) til að halda því fram, að ekki sje þörf á þessum tekjum í ríkissjóð.

Eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, er fróðlegt að reyna, hvernig verðtollur gefst. Verðtollur er sanngjarnari en vörutollur, og því ekki áhorfsmál að halla sjer að honum, ef svo reynist, að nokkurn veginn auðvelt sje að innheimta hann, og úr því fæst skorið með þessu frv.

Jeg hygg, að orð háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) um, að enginn „almennilegur maður“ geti verið þessu frv. meðmæltur. heldur eigi að taka allar tekjur með bein um sköttum á gróða, sje sagt hugsunarlaust og út í bláinn. Háttv. þm. (Gunn. S.) tali að líka mikið um þessa bót á hið gamla fat (skattalögin), en það hygg jeg þó, að hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) mundi heldur kjósa að bæta gömul föt, ef hann gæti ekki fengið sjer ný, heldur en að ganga í gat-slitnum görmunum. (Gunn. S.: Ekki ef gömlu fötin væru alveg ónýtt). Mundi þá þm. (Gunn. S.) ganga ber heldur en bæta fötin? Hvað snertir það, að ekkert land á hnettinum hafi jafnvitlausa skattalöggjöf og Ísland, er það staðhæfing, sem jeg vil svara með annari staðhæfingu, sem jeg er viss um að er rjett, og hún er sú, að þm. (Gunn. S.) þekkir ekki skattalög allra landa hnattarins, og getur því ekkert um þetta sagt.

Ólafur Proppé: Herra forseti! Mjer þykir vænt um að heyra það, að það ern fleiri en jeg, sem telja þetta frv. varhuga vert. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) og

háttv. frsm. (M. G.) eru undantekningar meðal þeirra, sem talað hafa; annars eru allir mjer sammála í aðalatriðunum. (*Fjármálaráðherra (S. E.)*: En háttv. þm. Ísaf.)? Hann var mjer líka sammála í „principinu“, þótt hann liti um of á þörfina á tekjuauka og ætlaði þess vegna að verða með frv.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) var mjer sammála um það, að tilfinnanleg vöntun á flokkum væri í frv., og hinir, sem staðið hafa upp, hafa viðurkennt galla þess, hafa viðurkennt, að „principið“ væri rangt, þó að sumir út af vandræðum ætli að greiða frv. atkv.

Jeg hefi tekið það fram, að jeg er „principielt“ á móti þessu máli, og jeg kann ekki við að „gaa paa Akord“, og vona jeg, að fáir hv. þm. verði til þess.

Aðfinsla mín um póströfuna var rjett, en það var rangt, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hjelt fram. Það er skýrt eftir frv., að að eins á að greiða af upphæð póströfunnar, og það verður ekki rannsakað í hverju tilfelli, hvernig aðrar sakir kunni að vera milli þeirra manna, sem þar eiga í viðskiftum. Þetta er greinileg glompa í frv., eins og jeg hefi bent á.

Jeg tók það einnig fram, að jeg gæti skilið, að þörf væri á tekjuauka, þótt altaf megi um það deila, hvað þörfin er brýn. En jeg lagði aðaláhersluna á það, hvernig þessi tekjuauki yrði fenginn. Jeg álít leiðina, sem frv. bendir á, ófæra, fyrst og fremst af því, að hún stefnir ekki í rjetta átt, — hún er „principielt“ röng, — og þar að auki eru steinar í götunni, gallar á frv., svo sem 7. gr., um póströfur, og hætta á smyglun. Reynslan mun sýna það, að hún verður heldur í stærri en smærri stíl. Þessar vörur, sem tolla á um 10, 15 eða 20%, eru þannig lagaðar, að auðvelt er að smygla þeim inn í landið. Jeg skal taka það sem dæmi, án þess þó að jeg geri ráð fyrir, að það komi fyrir fremur en annað, að skrautsali fer til útlanda, kaup-

ir inn saumavjelar eða annað þess háttar og felur í þeim skrautgripi. Jeg nefni þetta sem dæmi, sem auðveldlega getur komið til greina og ómögulegt er að varast, nema með mjög bættu tolleftirliti. Þetta stimpilgjald verður aldrei annað en pappírs-lög, nema eftirlitið sje bætt, og þá fer tekjuaukinn af því að verða vafasamur.

Um tekjuskattinn skal jeg taka það fram, að jeg er honum hlyntur. Jeg tel hann rjettlátasta og heppilegasta skatt, sem völ er á. Þegar skattanefndin hefir lokið störfum sínum og þingið fer að fjalla um það mál, gefst mjer væntanlega tækifæri til að láta skoðanir mínar betur í ljós.

Að endingu ætla jeg að endurtaka þá yfirlýsingu mína, að jeg mun greiða atkv. á móti frv., og jeg skora á hv. þm. að gera það sama. Ef bráð nauðsyn er á tekjuauka, þá má hækka vörutollinn á 3. og 6. flokki, eins og jeg hefi bent á.

Jeg sje, að hjer eru allmargir þm. úr hv. Ed., og vil jeg beina því að þeim að at huga þetta mál vel, ef það kemur til þeirra kasta, sem jeg vona að ekki verði.

Sveinn Björnsson: Til þess að þurfa ekki að verða alt of langorður ætla jeg að taka það fram, að jeg hefi ekki breytt um skoðun síðan við 1. umr., og get jeg vísað til þeirra athugasemda, sem jeg gerði þá við frv.; eins get jeg líka fallist á þær athugasemdir, sem háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) hefir gert nú við þessa umr.

Eins og málið liggur nú fyrir, þá lítur helst út fyrir, að fjárhagsnefnd og einstakir þm., sem hjer hafa talað, hafi talið sig neyddu til að ganga að frv. út úr vandræðum. Með öðrum orðum, stjórnin hefir gert það svo líklegt fyrir þessum mönnum, að tekjuauka þyrfti, að þeir sjá sjer ekki annað fært en að aðhyllast frv. um það efni, og það þó að þeir fallist á ekkert annað í því en tekjuaukann. Ef málið er sjeð í þessu ljósi, þá veit jeg ekki, hvort hæstv

fjármálaráðherra (S. E.) hefir haft ástæðu til að þakka mönnum stuðninginn eins innilega og hann gerði. En annars þori jeg varla að minnast á hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) í þessu sambandi. Hann tekur mjer það svo illa upp, að jeg get átt það á hættu að koma honum í geðshræringu.

Það getur verið, að vandræði sjeu fram undan og því þörf á tekjuauka, en af hverju á að velja þá leiðina, sem flestum kemur saman um að sje vandræði, og kemur þá eitt í annars stað? Hvers vegna á að velja þá leið, sem margir meðmælendur frv. telja „principielt“ ranga? Það hefir verið bent á aðra leið, að hækka vörutollinn, eða 3. og 6. flokk hans. Jeg býst ekki við, að það hefði orðið tilfinnanlegt, og 3. flokkurinn, sem er vefnaðarvörur, er nú í svo háu verði, að ekki hefði munað mikið um einhverja tollhækkun. Jeg get ekki skilið, hvers vegna menn vilja ekki heyra nefndar þessar aðrar leiðir. Það er viðurkennt, að frv. fer fram á óeðlilega vandræðaaðferð, og til að láta hana líta betur út er stimpilgjaldsnaðmi dembt á alment innflutningsgjald.

Það hefir verið talað um bót á gamalt fat, eða að bæta gamalli bót á aðra gamla bót á gömlu fati. Háttv. frsm. (M. G.) sagði, að sjálfsagt væri að bæta þangað til nýja fatið væri fengið. Þetta er rjett, en það er ekki rjett að hafa bótina sjálfa slitna og götótta og auk þess úr mislitu efni: en það er verið að gera hjer. Alt er varið með því, að halli muni verða og hann þurfi að bæta upp. Það er talað um, að landsbúskapurinn þurfi að borga sig. Þetta er vitanlega fallega sagt, en það verður að taka annað með í reikninginn, og það er þjóðarbúskapurinn. Atvinnuvegirinn verða að bera sig líka, og verður því að fara varlega í að hlaða á þá sköttum. Menn mega ekki líta á það eitt, að atvinnuvegirinn hafa getað blessast nú á stríðsárun-
Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

um, þrátt fyrir alla skattana, en það er eingöngu vegna þess, að óvenjulega hátt verð hefir fengist fyrir afurðirnar. Nú getur svo farið, að verðið lækki, og það er með tilliti til verri tíma, að þetta frv. er fram komið. En ef þessir verri tímar koma, þá eiga atvinnuvegirinn engu síður en lands- sjóður í vök að verjast, og getur farið svo, að þeir beri sig ekki. Það er því ekki hygg- in fjármálastjórn, sem eingöngu lítur á landssjóð, en ekki á hag þjóðarinnar í heild sinni. Nú liggur hlutfallslega meira á at- vinnuvegunum en fyrir stríð, og þó þeir hafi horið það til þessa, þá er ekki víst, að þeir beri það framvegis. Þessu vildi jeg skjóta til væntanlegrar stjórnar og þeirrar skattanefndar, sem nú sest á rökstóla, og jeg vona, að hún taki tillit til þess í skatta- frv. sínu.

Öll skattalöggjöfin, sem vjer nú búum undir er bráðabirgðaráðstöfun; flestöll skattalögin taka það sjálf fram, að þeim sje tjaldað til einnar nætur. Jeg held, að óparfi sje, að bæta við. Jeg held, að óhætt sje að bíða og jafna upp þann halla, sem verða kann, með betri skattalöggjöf, og jeg vona, að ekki líði langur tími þangað til þingið getur gert hana úr garði þannig, að hún sje ætluð meira en til bráðabirgða.

Magnús Pjetursson: Mjer leiðist að þurfa að taka það upp aftur, sem jeg sagði við 1. umr., en hv. frsm. (M. G.) neyðir mig til þess að nokkru leyti. Hann skildi síst í því, að jeg skyldi ekki sjá nauðsyn- ina á tekjuauka, og átti sennilega við það, að jeg var manna kunnugastur þeim mál- um á síðasta þingi. En nú er alt annað út- lit. Þegar við fórum heim af síðasta þingi, þá var gert ráð fyrir því, að árið 1919 mundi standa í járnum, og yrði þar af leið- andi ekki sem bestur fjárhagur landsins, er til þessa þings kæmi. Talaði jeg því um þá, að jeg teldi sjálfsagt, að þetta þing, sem nú

situr, myndi gera sitt til að auka tekjur landssjóðs. En nú er það komið á daginn, að við erum 2 miljónum króna ríkari á þessari stundu en við gerðum ráð fyrir þá, og þegar þar við bætist tekjuauki sá, er stjórnin þegar hefir sjeð fyrir með hækku- un símgjaldanna, þá er komið að því, að miklar líkur eru fyrir, að þegar næsta fjárlagabing hefst, þá verðum við nærri hálfri 3. miljón ríkari en við gerðum ráð fyrir í fyrri. Ef nú þessi breyting til hins betra hefði ekki orðið, þá skal jeg fúslega játa, að jeg mundi hafa orðið með í að samþykka nú nærri hvaða tekjuauka sem vera skyldi, út úr neyð.

Jeg get heldur ekki hugsað mjer, að þetta frumvarp verði nokkuð til leiðbeiningar skattanefndinni, þó það verði að lögum, og álit jeg því óþarfa þrjál og ofdýrt að greiða því atkvæði að eins þess vegna.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þarf ekki að svara hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.), því hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hefir sýnt fram á, að tekjuhallinn 1918 varð 2½ miljón, svo að afgangurinn 1919 vinnur það ekki upp, eða halli af báðum árunum verður um 1 miljón.

Þá sný jeg mjer að hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.). Við deildum um póströfuna, og verð jeg að halda fast við minn skilning. Ef búið er að borga af kröfunni áður, svo nafnverð hennar er lægra en sendingin, þá verður að taka það til greina. (Ó. P.: Það er ekki tekið fram í frv.) Það er ómögulegt að taka alt fram í lögum, en þetta er auðvitað skýringaratriði.

Jeg ætla að taka það fram, að jeg er á öfugri skoðun við hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) um tolleftirlitið. Hann áleit, að stimpilgjald hefði tvísýnan gróða í för með sjer, ef þess vegna þyrfti að auka eftirlitið. Jeg held, að reynsan sje búin að sýna það, að auknu eftirliti fylgja auknar tekjur í ríkissjóð. Það er því fjárhagslegur gróði að

auka eftirlitið, og jeg býst heldur ekki við, að hjá því verði komist, að minsta kosti í aðalkaupstöðunum.

Þá talaði hv. þm. (Ó. P.) um það, að hann gæti ekki greitt því atkv., sem hann væri „principielt“ á móti. Þetta skil jeg vel, en stundum kemur það fyrir, að nauðsyn er svo sterk í fjármálum, að víkja verður frá „principunum“, ef fjeð ekki fæst á annan hátt.

Það gladdi mig að heyra álit hv. þm. (Ó. P.) um tekjuskattinn, og vona jeg, að við verðum sammála um hann, þegar það mál kemur fyrir þingið eða þegar skattanefndin hefir lokið störfum sínum. Jeg hefi þá skoðun, að tekjuskatturinn sje rjettlátasta gjaldið, sem í ríkissjóð rennur. En í sambandi við hann vildi jeg benda á, að nauðsynlegt verður hjer eins og annarsstaðar að koma á sterku eftirliti með skattaálagningunni.

Hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) var hræddur um, að jeg kæmist í geðshræringu, og vildi reyna að afstýra því. Jeg þakka honum nærgætnina, en jeg veit ekki, hvort það er rjett af honum að óttast það, að jeg kæmist í geðshræringu. Jeg vildi óska, að margir hv. þm. kæmust oftar í geðshræringu en þeir gera. Það grúfir einhver molla hjer yfir deildinni, og mætti henni gjarnan ljetta af öðru hvoru. Það væri ákjósanlegt, að menn kæmu oftar út úr þokunni en þeir gera. Jeg veit t. d. ekki einu sinni um það, hvort hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) er með stjórninni nýju eða ekki. (Sv. B.: Jeg veit það heldur ekki um hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), svo það er kaups kaups).

Mjer þótti það undarlegt hjá hv. þm. (Sv. B.), að hann sagði alla á móti frv. Hv. þm. (Sv. B.) hefir eflaust ekki athugað það nógu rækilega, að heil nefnd mælir með því, og þykja þau mál ekki einmana og yfirgefin, sem studd eru af þeim mönnum, sem bestan tíma hafa haft til að athuga þau.

Þá spurði hv. þm. (Sv. B.), hvers vegna aðrar leiðir væru ekki farnar. Jeg endurtek spurninguna. Hvers vegna er ekki bent á aðrar leiðir? Því jeg tel vörutollshækkunina, sem minst hefir verið á, varla leið, því allir vita, að hún mundi nú hafa margstrandað í þinginu. Það má enginn ímynda sjer það, að hægt sje að finna leiðir, sem allir eru ánægðir með. Það er sama með hvaða frv. er komið í þessum efnum, sumir telja þau óhafandi, aðrir góð, enda er það ekki að furða, því harðasta stríðið stendur oftast um skattamálin. Það er satt, að skattarnir eru nú orðnir allmiklir, en ef litið er til annara landa, þá eru þeir miklu þyngri þar en hjer. Skattarnir verða að vera allmiklir hjer, ef vel á að vera, og hjá því verður ekki komist með endurskoðun á skattalöggjöfinni.

Jeg veit, að stjórninni mun ekki detta í hug, að slík leið verði fundin. Það hefir verið tekið fram, að hjer er um bráðabirgðaleið að ræða, og sá kostur fylgir, að þinginu gefst kostur á að reyna, hvernig verðtollurinn gefst. Að undanförmu hefir staðið deila um verðtoll og vörutoll. Jeg get ekki sjeð, að fram hafi komið nokkur rök, sem rjettlæti það, að brugðið sje fæti fyrir þetta frv., er gamla stjórnin álitur nauðsynlegt og nýja stjórnin mun styðja. Og jeg skal lýsa því yfir, að jeg mun ekki leggja móti því, þegar jeg er kominn á þinghekkina, að stjórnin fái þá tekjuauka, sem hún þarfnast. Fjárhagsörðugleikar eru nú hvarvetna í heiminum. Vjer megum því ekki treysta á aðra en sjálfa oss um fjármál. Þess vegna verðum vjer að útvega landinu þá tekjuauka, sem það þarf, til þess að þjóðarbúskapurinn geti horið sig.

Gunnar Sigurðsson: Háttv. frsm. (M. G.) og fjármálaráðh. (S. E.) hafa lagt mik ið upp úr því, að þetta væri að eins bráðabirgðatilraun, til þess að sjá, hvernig frv.

reyndist. En það hefði heldur átt að gera þessa tilraun á öðrum vörotegundum en nauðsynjavörum, ef menn telja hana svo nauðsynlega. Eða myndu þeir þá ekki sætta sig við, að þessi tilraun væri að eins gerð á óþarfavarningi; jeg býst við að það næði fram að ganga.

Jeg ætla ekki að eyða löngum tíma til að bera af mjer hnútur og hártoganir hv. frsm. (M. G.) út af fyrri ræðu minni, tel slíkt stafa af gremju og vandræðum sökum þeirrar andspyrnu, sem frv. mætir. Það gladdi mig, að hann var mjer sammála um, að frv. væri bót á gamalt fat, sem þingið er búið að telja svo slitnið, að óbætandi sje með því að setja nefnd manna til að gera tillögur um nýja skattalöggjöf. Og eins og áður er komið fram í umræðum, þá er engin brýn nauðsyn á, að frv. þetta gangi fram nú á þessu þingi, fjárhagsins vegna.

Það kom sýnilega illa við hv. frsm. (M. G.), að jeg taldi, að skattalöggjöf vor mundi vera einhver sú vitlausasta og grautarlegasta, sem til væri á hnettinum, og var það eðlilegt, þar sem hann er með þessu frv. að auka þar við drjúgum skerf. (M. G.: Þekkir þm. tollalöggjöf allra landa). Að vísu geri jeg það ekki, og mun þar vera svipað um okkur báða, en jeg hefi það meira ímyndunarafl en hv. frsm. (M. G.), að jeg get ekki hugsað mjer, að svo geti verið.

Hv. frsm. (M. G.) spurði, hvernig ætti að leggja skatt á gróða, ef um engan gróða væri að ræða. Heldur má þetta heita barnaleg spurning af væntanlegum fjármálaráðherra. Hvernig hugsar hann sjer að halda áfram þjóðarbúskapnum, ef enginn græðir, allir tapa. Vonandi kemur það ekki fyrir í hans ráðherratið, en beinasta leiðin til þess, að gróði verði enginn, er að þrautskatta þær vörotegundir, sem notaðar eru til og við framleiðslu. Það venur menn líka best af þeim ósoma, að vera að brjótast í því að framleiða nokkuð.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) varaði deildina við því, að leggjast á móti tekuauka landssjóði til handa. Til þess er því að svara, að það er alt undir því komið, hvernig sá tekjuauki er fenginn. Sje hann t. d. fenginn eins og fyrri hluti frv. þessa fer fram á, þá tel jeg tvímælalaust rjett að leggjast á móti því.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi nú hlýtt hjer á mál manna um frv. þetta, og verð að segja það, að andmælin, sem jeg hefi heyrt gegn því, hafa styrkt mig í að greiða frv. atkvæði mitt. Það er gersamlega óhugsandi, að nokkurn tíma verði komið með tekjuaukafrv., sem ekki mæti andstöðu einhverra. En hvað sem segja má um stjórn þá, sem nú er að fara frá völdum, þá hefir hún þó sýnt lit á að gefa þinginu yfirlit yfir fjárhag landsins, frekar en áður var. Og þó að fjárhagur landsins sje bærulegur nú sem stendur, þá má gera ráð fyrir, að hann verði það ekki í framtíðinni, nema bætt sje við nýjum tekjum. En um hitt má ef til vill þræta, hvort þetta frv. sje á góðum grundvelli bygt. Jeg verð að segja það, að á þessum óaldrar- og jeg vil segja „principslausu“ tímum verðum vjer að láta oss lynda, þó að einhver tekjuauki sje ekki í samræmi við ströngustu „fjármála-princip“. Vjer verðum að sætta oss við, þó að grípa verði til úrræða, sem kunna að vera vandræðaúrræði. Enginn skyldi samt skilja orð mín svo, að jeg vilji segja, að þetta frv. sje vandræðaúrræði. Mjer virðist, að það ætti ekki að vera svo mikill draugur í augum deildarmanna, að þeir þyrðu ekki að sneiða hjá vantanlegum tekjuhalla með því að samþykkja það.

Það tjáir lítt að vitna til endurskoðunar á skattalöggjöfnni. Hún er algerlega mál framtíðarinnar. Og svo gæti farið, að þótt stjórnin leggi frv. þess efnis fyrir næsta þing, að það þætti ekki aðgengilegt og yrði ekki samþykkt. Og það er ekki hyggins

manns háttur að sníða tekjur ríkisins eftir vonum, sem brugðist geta til beggja handa.

Menn hafa verið að slá því fram hjer, að beinu skattarnir sjeu rjettlátastir. Þó vitum vjer, að tekjuskattsfrv. mætti mótspyrnu, er það var hjer á döfinni, og frekari hækkun á tekjuskattinum mundi mæta meiri mótspyrnu. Atvinnuvegum vorum er líka þann veg farið, þar sem vjer erum fátæk þjóð, að vjer getum ekki vænst, að tekjur ríkisins verði beinar tekjur, nema að litlu leyti. Þjóðareignirnar eru svo litlar, að skattarnir hljóta að lenda meira eða minna á framleiðslunni. Ef hv. þm. halda, að þeir geti fengið nægar tekjur með beinum sköttum, vaða þeir í villu og svima um fjárhag landsins. Jeg held, að vjer verðum að láta oss lynda hvorttveggja, beina skatta og óbeina. Hvorir þeirra reynast betur, sýnir reynslan.

Það hefir verið tekið fram, að landið mundi ekki verða gjaldþrota, þó að þessu frv. yrði hafnað. En vjer verðum að hugsa herra en að verjast gjaldþroti. Vjer verðum að standast nauðsynleg útgjöld, sem vaxandi kröfur ár frá ári hafa í för með sjer. Og þeir ættu síst að leggjast á móti auknum tekjum landssjóði til handa, er búa þar, sem þarfirnar eru mestar, og heimta miljónir króna til þess að fá þeim fullnægt.

Jeg tel þetta stimpilgjalds-fyrirkomulag að vísu ekki heppilegt. En þrátt fyrir það vil jeg ekki rísa gegn því, þar sem nauðsyn ríkissjóðs er annars vegar. Vjer verðum allir að hafa það hugfast, að oss ber að stefna að því, að þjóðarþúskapurinn beri sig framvegis og ekki verði á hverju ári halli á fjárlögunum, er jafna yrði með lánum á lánum ofan. Ella komumst vjer fyr en varir í botnlausar ógöngur.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) gat þess, að fjárhagur landsins væri betri en búist hefði verið við af síðasta þingi. En það er engin ástæða til að ætla, að fjárhagurinn

verði eins glæsilegur næsta ár. Því að útlit er til, eins og vjer vitum, að sá atvinnuvegurinn, er mest gaf af sjer, sildarútvegurinn, liggi sennilega í kaldakoli næsta ár. Og það getur höggið arið skarð í tekjur landssjóðs.

Jeg býst við, að hversu vel sem hinni fyrirhuguðu skattanefnd tekst að endurskoða skattamál landsins, muni hún ekki komast hjá að leggja töluvert háa skatta á framleiðsluna, því að vjer komumst aldrei nema nokkuð á leið með tekjuskatti.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um frv. þetta frekar, en vil að eins lýsa yfir því að lokum, að jeg mun ljá því fylgi mitt, jafnvel þó þar af leiði, eftir skoðun háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að jeg sje ekki almennilegur maður.

Pjetur Jónsson: Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) ljét þá skoðun í ljós, að þeir, sem ættu að taka við stjórninni, mundu ekki verða móti frv. Og vjek hann þeim orðum að mjer. Nú hefir viljað svo til, að jeg hefi látið þá skoðun í ljós, að jeg mundi ekki fylgja frv. Og því mun jeg, af eðlilegum ástæðum, ekki greiða atkvæði með nje mót. Jeg vil ekki sýna hæstv. fjármálaherra vantraust mitt fyrir frumvarp þetta, síst þar sem samverkamaður minn er því fylgjandi. Vona jeg, að hæstv. forseti taki þessar ástæður gildar.

Pjetur Ottesen: Það eru nú orðnar allmiklar umræður um mál þetta, enda skal jeg ekki lengja þær. Jeg vildi að eins lýsa yfir því í sambandi við ræðu hv þm. V.-Ísf. (Ó. P.), að tilraun hefir áður verið gerð til að breyta vörutollinum í verðtoll. Og í samræmi við það flutti jeg á síðasta þingi frv. um verðtoll af glysvarningi. En frv. komst ekki fram, ef til vill fyrir þá skuld, að það kom nokkuð seint fram. Því verður ekki neitað, að verðtollur er í sjálfu sjer rjett-

látari en vörutollur. Vörutollurinn, sem tekinn er eftir þunga vörunnar, kemur jafnt niður á grjót og gimsteina. Reyndar mætti ef til vill segja, að erfiðara væri að framfylgja verðtollinum. Þó hefir lög-
reglustjórnin hjer í Reykjavík látið í ljós, að hann álitir það ekki mjög erfitt.

Hákon Kristófersson: Þó að umr. sjeu nú orðnar nokkuð langar, þykir mjer þó hlýða að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Eins og sjá má af nál., og háttv. form. nefndarinnar mun í framsöguræðu sinni hafa tekið fram, þá hefi jeg ekki ritað nafn mitt undir það, af því að jeg gat ekki falla vegna verið á fundi þeim, er nefndin lagði seinustu hönd á málið. Jeg hafði þó þegar í upphafi lýst yfir á fundum nefndarinnar, að jeg væri frv. mótfallinn, af mörgum ástæðum. En hins vegar skal jeg taka það fram, að jeg virði viðleitni stjórnarinnar í að sjá þjóðarþúskapnum borgið. Og þó að jeg hafi lýst yfir því, að jeg sje frv. mótfallinn, þá má ekki skilja það sem vantraust á stjórninni. Þetta vil jeg taka fram, af því að jeg hefi heyrt, að þannig væri af ýmsum liði á, að þeir, sem væru á móti frv. þessu, lýstu með því vantrausti á fyrverandi stjórn. Það, sem hefir fyrir mjer vakað, er að jeg kann ekki við leiðina, sem farin er, og því hefði jeg fremur átt samleið með hv. þm. Borgf. (P. O.). En mjer óar við að hækka gjald á brýnustu lífsnauðsynjum, þegar jeg gæti þess, hversu síðasta þing hækkaði það mikið. Hv. frsm. (M. G.) sagði nú að visu, að hækkan þessi næmi ekki miklu, t. d. að eins 1 eyri á sykarpundinu. Það er nú altaf svo í hvert skifti, sem lagt er á vöruna, að því er haldið fram, að þessi eða þessi viðbót muni ekki miklu. En þeir heiðursmenn, sem segja t. d., að ekki muni um 1 eyri á syk-
urpundið eða eina kr. á kolatonnið, gleyma því alveg, að 1 eyririnn verður að 5—10 aukum og 1 krónan að 5—6 kr. þegar kaup-

maðurinn leggur tollinn á vöruna. En safnast þegar saman kemur. Jeg fæ ekki betur sjeð en að það skapi órjettlæti að leggja þennan toll á kol og salt. Það kemur harðast niður á þeim, sem sækja sjóinn og í kaupstöðum búa. Þó að jeg líti svo á, að verðtollurinn sje eðlilegastur, þá er þess þó að gata, að hann kemur hart niður á ýmsum nauðsynlegum vörutegundum, sem eru í háu verði. Því hærri verði sem t. d. kol og salt eru í, því hærri verður tollurinn. Þetta er mjög órjettlátt. Því verðtollur í dýrtíð, sem fer eftir því stígandi, sem varan er í hærri verði, gerir almenningi dýrtíðina enn þá erfiðari. Hitt væri sannnar, að eftir því sem útlenda varan er ódýrari, eftir því væri tollurinn hærri. Annars get jeg tekið undir það, að ef brýn nauðsyn hefir verið fyrir tekjuauka, er rjettlætt geti framlagningu frv. þessa, þá held jeg að brotaminst hefði verið hækkun á vörutollinum.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) benti á, að fjárhagurinn væri miklu betri en við mætti búast. Þó að þetta muni nú orka nokkuð tvímælis, vil jeg þó vænta þess, að raða þessa hv. þm. (M. P.) hafi ekki verið neitt öfgakend. En að gefnu tilefni vil jeg taka það fram í sambandi við 500 þús. kr. tekjuaukann, er hv. þm. Stranda. (M. P.) benti á af hinu hækkaða símagjaldi, að þeim tekjuauka verði varið til nýrra símalagninga, en ekki til annara þarfa ríkissjóðs. Það má líka óhætt fullyrða, að þjóð vor hafi búist við, að svo yrði, og því ekki látið almennari óánægju uppi yfir símagjaldshækkuninni en orðið hefir. Jeg vil því undirstrika það, að hækkunin verði til þess eins, að fjölga símalínum og stuðla að því, að þau hjeruð, sem nú eru — þeim til ómetanlegs tjóns — án símasambands, fái það, heldur en að láta þær tekjur ganga til annara landsins þarfa, því að vitanlega er þetta gjald hreint og beint lagt á viðskifti manna,

og því eðlilegast, að það verði til að greiða fyrir viðskiftum.

Skal jeg svo að endingu geta þess, að eftir því, sem jeg hefi lítið á, þá felli jeg mig við brtt. hv. þm. Stranda. (M. P.) á þgskj. 82, og nái hún fram að ganga, sje jeg ekkert á móti því, að frv., eins og það verður þá breytt, komist í lög, en eins og það liggur fyrir nú, sje jeg mjær ekki fært að styðja það.

Bjarni Jónsson: Jeg er nú svo gamall, sem á grönum má sjá, og hefi jeg þó aldrei sjeð svo langan gaur í svo lítilli grýtu, alt þetta umræðuflóð út af jafnmeiðlausum lögum. Fyrst eru menn nú að tala um, að óviðeigandi sje að nefna þennan skatt stimpilgjald, sem þó er kallaður inn með stimplun. Svo er verið að tala um, hvort þessi stefna sje nú rjett og hvort ekki hefði verið rjettara að hafa verðlagstoll í staðinn fyrir þennan toll, og hver afleiðingin af því hefði orðið. En jeg vil nú benda háttv. þm. á, að hún hefði orðið sú, að nú þyrfti ekki að hækka neinn toll og að það hefði orðið miklu betra og rjettlátara að því leyti, að þeir, sem dýrastar vörur hefðu keypt og selt, hefðu þá líka orðið að greiða mest í tollinn, en finna má einhvern svolítinn verðmun, ef jeg þekki rjett, á t. d. lýsissápu og gimsteinum. Og hvers vegna ýfast menn þá við, þó að þetta sje fyrsta tilraun, enda þótt það sje ófullkomin tilraun, til að koma á nýrri og rjettlátari stefnu? Það er eins og samviska þeirra beri drápsklyfjar, ef þetta kemur fram. (Sr. B.: Já, sumra). Já, en það hefir þá verið þyngra á þeim áður. Jeg sje því ekki annað en að rjett sje að mæla með frv.; aðferðin er handhæg og góð og stefnan er rjettlát. Það er helst útlit fyrir, að menn óttist það, að skattarnir verði of háir í framtíðinni. En jeg held nú, að

Stimpilgjald.

ef menn líta á þetta með skynsemi og stillingu, þá muni þeir komast að öðru.

Mjer finst aðferð manna í þessu máli líkust því, að þeir sjeu allir að reyna að fara í gegnum sjálfa sig. Tökum annað dæmi. Hugsum okkur, að gjöld manna fyrir stríðið væru tekin og margfölduð með gildi peninga nú, og svo væru einnig tekin öll gjöld til landssjóðs nú og margfölduð með sömu tölu. Þá myndi koma út hærri tala en þau gjöld, sem nú eru, svo að hver, sem tekur það með skynsemi, mun sjá og skilja, að tollarnir hafa ekki verið lægri fyrir stríðið, eða ef menn grípa til þess að margfalda með sömu vísitölu sem sum gjöld landssjóðs eru nú margfölduð með, þá mundu menn komast að hinu sama og tilsvareandi, og þá hygg jeg að þungt muni vera á þeim samviskum, sem ekki treystust til að bera þetta frv.

Áður en jeg sest niður vil jeg láta í ljós undrun mína yfir því, sem hjer hefir verið að gerast. Mjer kemur í hug sagan um Völsung. Móðir hans gekk með hann í 6 ár, og þegar hann fæddist, var hann svo stór og þroskaður, að hann hvarf til móður sinnar og myntist við hana áður en hún dó. En hjer hafa þau undur gerst, að ófætt barn hefir talað. Hvað segir hv. þm. S.-P. (P. J.) um það?

Menn hyggja, að ekki mætti gera neitt gagnstætt þessu frv., vegna þess, að það myndi álitíð, að þá væri verið að setja einhverja vantraustsyfirlýsingu á hina fráfarandi stjórn, en jeg hygg, að svo sje alls ekki. Hún hefir skilist vel við sínar skyldur, og því meir sem hún hefir reynt til að styðja hina nýju stjórn í því að bæta hag landsins, því betra, en ábyrgð allra slíkra framkvæmda hvílir á hinni nýju stjórn.

Gunnar Sigurðsson: Hv. þm. N.-Ísf (S. St.) minti mig á eina af rangfærslum hv.

frsm. (M. G.) á fyrstu ræðu minni. Hann hjelt því sem sje fram, að jeg hefði sagt, að enginn almennilegur maður gæti verið þessu frv. meðmæltur. Þetta er annaðhvort af athugaleysi eða ásetningi algerlega rífið út úr samhengi. Jeg sagði, að allir almennilegir, sanngjarnir menn hlytu að telja það ranglæti, að greiða skatt af tjóni, eins og nú er altítt eftir núverandi skattalöggjöf. Þessa rangfærslu hv. frsm. (M. G.) henti svo háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hróðugur á lofti, og var það að vonum.

Þá skal jeg leiðrjetta þann misskilning hjá háttv. þm. Borgf. (P. O.), er hann hjelt því fram, að jeg vildi fella alt frv. í heild sinni; jeg er í sjálfu sjer ekki á móti seinni lið frv., um að skattleggja óþarfavarning, en jeg benti á örðugleikana með tollgæsluna og vildi því ekki hafa tollinn hærri en í mesta lagi 10%, til þess að menn freistuðust síður til þess að smygla. Þessu hefir þm. (P. O.) ekki tek-
ið eftir.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi kvatt mjer hljóðs til að minna hv. þingdm. á eitt at-
riði, sem mjer finst að ekki hafi verið tekið tillit til. Háttv. þm. minnst þess víst, þegar fjárlögin voru afgreidd á síðasta þingi, hverja stefnu þingið þá tók. Fjárhagurinn var þá ískyggilegur, en þingið tók þá á sína stefnuskrá sem meg-
inatriði að hefta ekki verklegar framkvæmdir. Þegar nú þingið setur sjer þessa stefnuskrá, verður það meðal annars að gæta þess, að ekki verði fjárþurð í ríkissjóði. Mig langar ekkert til að láta kjósendur mína sjá, að vjer höldum ekki fast við þessa stefnu, og því er það svo fyrir mjer, að mjer finst það skylda mín að greiða frv. atkv. mitt.

Þegar maður heyrir þá afsökun, að menn viti ekki, hvort vogandi sje að leggja á atvinnuvegina, er því fyrst til að svara,

að það getur maður í raun og veru aldrei vitað, og auk þess getur það vel komið fyrir, að það verði að leggja á atvinnuveg, sem gengur með tapi, en jeg álykta svo, að skortur í ríkissjóði sje óbætanlegt tap fyrir landið, og þegar vjer aðgætum, hve mikið fje þarf til alls, alt verður miklu dýrara en áður, og vjer erum hjer og metumst um það, að sykarpundið verði 5 aurum dýrara og smálestin af kol-um 1 krónu dýrari, þá verð jeg að kalla þetta barnaleik.

Ólafur Proppé: Stutt athugasemd. Jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að jeg gæti vel skilið nauðsyn á auknum tekjum ríkissjóðs, en það, sem jeg hefi barist á móti, er *aðferðin*, sem í þessu tilfelli á að nota til tekjuaukans.

Jakob Möller: Jeg vil að eins taka það fram, að mjer finst þetta frv., eins og það er fram borið, og í sambandi við annað frv., um innflutningsbann á óþörfum vörum, alls ekki eiga þau gyllandi orð skilið, sem hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) fór um það. Mín aðstaða til frv. er alveg óbreytt, þrátt fyrir særingar hv. þm. (Þór. J.), og jeg verð að greiða atkv. á móti því, fyrst og fremst af því, að jeg vil sjá út úr því tollamoldviðri, sem þingið hefir látið skella yfir þjóðina á síðustu árum, áður en jeg get greitt atkv. með nýjum tollum.

Þórarinn Jónsson: Háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) var að tala um, að það væri að eins aðferðin, sem menn greindi á um. Jeg get nú ekki skilið, að miklu þyki skifta, hvort tekjuaukinn er tekinn með stimpilgjaldi eða á einhvern annan hátt. Og má jeg þá spyrja hv. þm. (Ó. P.), hvort það sje ekki algerlega sama hækkun, þegar farið er að hækka hina einstöku flokka í vörutollslögunum?

Sami hv. þm. (Ó. P.) gat um, að það væri hlægilegt, að um leið og þetta frv. kemur fram væri stjórninni heimilað að banna innflutning á sumum þessum vörum. En þetta er alls ekki hlægilegt, því að óvíst er, hvort stjórnin notar heimildina.

ATKVGR.

Brtt. 82. feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., E. Þ., Gunn S., H. K., M. K., M. P., Ó. P., St. St., Sv. B.
nei: Þór. J., B. J., B. H., G. Sv., Jak. M., J. A. J., J. S., M. G., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. Sv.
E. E. greiddi ekki atkv.
Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Brtt. 67,1. feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., Gunn. S., H. K., J. A. J., M. K., P. O., St. St., Sv. B., Þorl. J., E. Þ., B. Sv.
nei: Jak. M., J. S., M. G., M. P., Ó. P., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H.
E. E. greiddi ekki atkv.
Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Brtt. 67,2. samþ. með 15 : 1 atkv.

— 50.a feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., P. O., St. St., Sv. B., Sv. Ó., Þorl. J., B. H., E. Þ., H. K., J. A. J., B. Sv.
nei: M. P., Ó. P., P. Þ., S. St., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. J., G. Sv., Gunn. S., Jak. M., J. S., M. G.
E. E. greiddi ekki atkv.
Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Stimpilgjald.

Brtt. 50.b. með á orðinni breytingu (samkv. 67,2.) feld með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. P., M. K., P. O., St. St., Sv. B.,
Þorl. J.

nei: Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., G. Sv.,
Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. S.,
M. G., M. P., Ó. P., P. P., S. St., Sv.
Ó., Þorl. G., B. Sv.

E. E. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Brtt. 60,1. samþ. með 14 : 6 atkv.

— 60,2. — — 17 : 1 —

— 60,3. — — 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 : 11 atkv.,
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., J. A. J., J. S., M. G., P. P.,
S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór.
J., B. J., B. H., B. Sv.

nei: E. P., Gunn. S., H. K., Jak. M., M.
K., M. P., Ó. P., P. O., St. St., Sv. B.,
Þorl. J.,

E. E. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 25.
febr., var útbýtt

*Frumvarpi til laga um viðauka við lög
nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald,*
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.
(A. 90).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. —
Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil leyfa
mjer að mælast til þess við hv. deild, að hún
leyfi frv. þessu að ganga umræðulaust til
fjárhagsnefndar. Þessi beiðni mín styðst
við það, að stjórnarskifti eru nú fyrir
dyrum. Jeg veit ekki, hve nær hið nýja
ráðuneyti tekur við, en jeg vildi óska, að
hinn nýi fjármálaráðherra mætti vera við-
staddur, er mál þetta yrði rætt hjer í deild-
inni, því jeg heyrði það í hv. Nd., að hann
er málinu mjög fylgjandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.
og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 300)
með 11 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr.,
var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 117
og 118, 126).

Of skamt var liðið frá 1. umr. og frá
útbýtingu beggja nál. og enn fremur frá
útbýtingu brtt. 126. — Afbrigði leyfð og
samþ. án atkvgr.

Frsm. meiri hl. (Guðjón Guðlaugsson):

Þetta mál hefir verið lagt fyrir fjárhags-
nefnd þessarar deildar. Það átti nú ekki því
láni að fagna, að nefndin yrði óskiftum það.
En þar fyrir eru skoðanir nefndarmanna
alls ekki svo sundurleitar, heldur eru þeir,
þvert á móti, að mörgu leyti sammála, til
dæmis í því, að grundvöllur sá, sem hjer
er lagður, sje mjög óheppilegur. Meiri hl.
leggur ekkert á móti því, sem minni hl.
hefir tekið fram í sínu nál. En við erum
ósammála um, að stjórnin hefði ekki átt að
gera eitthvað til að auka tekjurnar, því
að fjárhag landsins er svo komið, að brýn
þörf er á tekjuauka. Fjáreyðslan er svo
ískyggileg, að ekki er hægt að reikna það

alt út. Það getur verið, að stjórnin hefði getað fundið annan veg en þennan. Jeg vil þó ekki tala um það, þótt þessi grundvöllur sje óheppilegur, því að frv. þessu er ekki ætlað lif nema til ársloka 1921 og ætlað að detta úr sögunni sama dag og hækkun á vörutolli. Það er ekki langur tími, en jeg hygg, að á þeim stutta tíma geti komið í ljós, hvort slíkt fyrirkomulag er til heilla eða óheilla. Það ætti að koma reynsla á, hvort það getur orðið til nota eða ekki. Aftur á móti er þessi tími svo stuttur, að engin hætta er á því, að mikið tjón geti hlotist af því.

Nefndin er í heild sinni sammála um, að rjett sje að benda á að fara ekki of langt í því að nota þennan grundvöll. Þó finst meiri hl. ekki áhætta að samþykkja frv., og viljum við leggja til, að það sje samþ. á þessu þingi, þótt stutt sje.

Brtt. eins háttv. nefndarmanns kom ekki fram í nefndinni, svo að jeg veit ekki, hvort samnefndarmaður minn hefir haft tíma til að athuga hana.

Það er mikið rjett, sem hv. minni hl. tekur fram, að það er mikill vandi að skera úr um, hvað er eingöngu til skrauts eða ekki. Innanstokksmunir eru einnig til nytja. Jafnvel hljóðfæri ekki til skrauts eingöngu, heldur til að æfa fólk í söng og hljóðfæraslætti. Mjer þykir það að brtt., að hún tekur að eins til lágmark 1%. Jeg vildi heldur óska að miðla þannig málum, að gjaldið yrði 5%. 15% finst mjer og nefndinni aftur of hátt. Jeg sem sagt greiði atkv. með frv., þótt jeg sje ekki á alt sáttur eða algerlga ánægður með það.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það var rjett hjá háttv. frsm. meiri hl. (G. G.), að það er ekki vegna þessa frumvarps sjerstaklega, heldur framtíðarskattamálanna yfirleitt, sem athugasemdir og tillögur mínar í þessu máli beinast að. Og að því er þetta frv. snertir sjerstak-

lega, er jeg þeirrar skoðunar, að það sje óþarft og skapi stjórninni óþarft ómak. En alt þetta ómak mátti spara, að eins með því að hækka útflutningstollinn eða vörutollinn.

Eftir þeirri skýru og skilmerkilegu ræðu, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir nýlega haldið, verð jeg að segja það, að jeg hefi setið á mörgum þingum, þar sem fjárhagshorufurnar hafa verið ískygglegri en þær eru nú, án þess hlaupið hafi verið af stað til að skapa nýja tolla. Jeg tel því enga knýjandi ástæðu til þessarar hækkunar nú, og get þar — og um málið í heild sinni — vísað til nál. míns, sem jeg geri þó tæpast ráð fyrir að hv. þm. hafi enn haft tíma til að lesa. Jeg hefi þar sýnt fram á það, hvaða rjettlæti, eða öllu heldur skortur á rjettlæti, er í því fólgíð að seilast eftir tolli á barnaleikföngum, sem á sumum stöðum mega jafnvel teljast nauðsynjavara, eins og bent er á í nál. Jeg held líka, að mönnum hafi hjer vaxið um of í augum jólasýningar búðarglugganna, sem allmikið hefir verið talað um. Mest af þessum leikföngum er einmitt keypt af efna-
mönum og þá oft til þess að gefa þau fátæklingum til glaðningar. — Að því er skrautgripina snertir, held jeg, að menn hafi líka gert of mikið úr þeim og þeirra þýðingu í þessu máli. Gjaldið af þeim nemur í rauninni ekki miklu, og þar að auki verða þeir ekki taldir óþarfamunir að öllu leyti. Jeg held líka, að það yrði óhægt um vik að innheimta og ákveða gjöldin af þessum svo nefndu ónauðsynjamunum, af úri eða legubekk, sem tveir menn kaupa. Hvorugt getur talist ónauðsynlegt, en samt getur annar keypt dýrari tegund en hinn, og hvað þá?

Að því er gjaldið snertir af póströfum, er lítið á þeim að byggja. Sumir borga t. d. helming vörunnar fyrirfram, eða jafnvel meiri hlutann, og nær póstkrafan þá ekki nema til afgangins. Póströfur

geta því ekki verið neinn grundvöllur fyrir tolli. Auk þess mun beinlínis þurfa að breyta 7. gr., ef hún á ekki að koma í bága við alþjóðapóstlög, því það er ekki samkv. þeim að borga þannig gjald af öllu, sem með pósti er flutt, eða að frímerkjasala, sem þannig er notuð, eigi að teljast með póst-tekjum.

Og að lokum hlýtur afleiðingin af því, að svona hár tollur er lagður á þennan varning, að verða sú, að hann hætti að flytjast, og hvar er þá tekjuaukiinn af honum? Hvar er hann?

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer þykir leiðinlegt, að hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) skuli ekki einu sinni geta sætt sig við þessa einu litlu tilraun til þess að reyna verðtoll hjer á landi. En ef hann er eins viss og hann segist vera um ómöguleik þessarar stefnu í framkvæmdinni og um siðspillandi áhrif hennar, þá virðist svo, sem hann hefði ekki getað fengið neitt betra vopn á verðtollinn en einmitt það, að lofa honum nú einu sinni að hlaupa af sjer hornin, fyrst hjer er að eins um stuttan tíma að ræða og takmarkað svið. Þá hefði hv. þm. (B. K.) getað sparað sjálfum sjer það ómak, að reyna að sannfæra menn um þetta, en látið reynsluna gera það í sinn stað, og fyrir henni hefðu menn beygt sig. En það er einmitt það, sem hjer er um að ræða, að láta reynsluna skera úr þessu máli, með tilraun um verðtollinn. Jeg skal að vísu fúslega játa, að það geti verið vafamál, hvort tilraun þessi hepnist eða ekki, þótt jeg sje hins vegar ekki samdóma hv. þm. (B. K.) um það, að það sje eins ákveðið útilokað og hann gefur í skyn. Og þess vegna er jeg því meðmæltur, að þessi aðferð sje reynd, og sæmileg reynsla ætla jeg að fáist á tveimur árum.

Hvað snertir erfiðleikana á innheimtunni, skal jeg taka það fram, að lögreglu-

stjórinn hjer í Reykjavík, sem mun innheimta nálægt tvo þriðjunga af tekjum ríkisins, álitur, að vel sje kleift að innheimta þennan toll.

Veigamesta ástæðan á móti frv. — ef hún væri rjett — virðist mjer ótvírætt sú, að ekki sje þörf þessara tekna í ríkissjóð. En eins og skilið var við fjárlögin í fyrra, mun mega gera þar ráð fyrir einnar milj. króna halla, ef ekki hefði hamlað upp á móti honum hækkun símagjalda. En sú hækkun, að viðbættum þessum ráðgerða verðtoll, mun nema um 1 milj. kr., og er þá þó ekkert áætlað fyrir útgjöldum í fjáráukalögum.

Hv. minni hl. (B. K.) virðist vera alveg sjerstaklega illa við ákvæðin um leikföngin og skrautgripina. En hvar sem litið er í búðarglugga hjer, t. d. fyrir jólin, munu menn geta sannfærst um það, að ekki muni einskær óþarfi að stemma eitthvað stigu fyrir sumum þeim innflutningi. Um margt af þessu dóti gildir það líka, að það er mjög fyrirferðarmikið, en hins vegar mjög varhugavert að taka upp mikið skiprúm frá nauðsynlegum flutningi í þeirri skipaeklu og farngjaldsdýrtíð, sem nú ríkir.

Ein ástæða hefir einnig verið færð fram gegn frv., sem sje erfiðleikarnir við innheimtuna. Jeg hefi áður bent á ummæli lögreglustjóra, og get bætt því við, að jeg fyrir mitt leyti er ekkert hræddur um, að það verði mikið starf fyrir stjórnarráðið að leiðbeina innheimtumönnum í þessu efni. Það ætti ekki að vera verra að skýra eða skilja ákvæði þessara laga en t. d. flokkunina í vörutollslögnum.

Hvað brtt. snertir, vildi jeg leyfa mjer að mælast til þess, að þær yrðu ekki samþykktar, því það mundi verða til þess að drepa málið.

Um athugasemd hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) út af sambandi þessa frv. við alþjóðapóstlögin vil jeg geta þess, að jeg fæ ekki

sjeð, að þar þurfi að verða nokkur árekstur, því ekki þurfa þessi lög fremur að koma í bága við póstlögin en t. d. vörutollslögin, og mun þessi hv. þm. (B. K.) að minsta kosti ekki halda slíku fram um þau lög. Og aðrir hafa ekki orðið til þess að hreyfa þessari athugasemd. Mönnunum er einnig ætlað að sýna fulla reikninga fyrir öllum póströfusendingum, ef þess þarf, og er það því engin frágangssök að ákveða verðið og gjaldið af því.

Jeg vildi svo leyfa mjer að mælast til þess, að hv. deild leyfði frv. að ganga fram breytingalaust.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Jeg fyrir mitt leyti tel mjer það enga minkun, þótt hæstv. fjármálaráðh. (M. G.) hafi fundist jeg fastheldinn við fyrri skoðun mína í þessu máli. Að minsta kosti hefir ræða hans ekki orðið til þess að veikja þessa sannfæringu mína, heldur jafnvel þvert á móti, eins og jeg mun sýna með því að fara stuttlega yfir helstu ástæður hans.

Um álit lögreglustjórans á þessu máli fer nú tvennum sögum, því við aðra menn mun hann hafa sagt, að verðtollslögin væru óframkvæmanleg.

Um „óþarfa“ þeirra vörutegunda, sem hjer er um að ræða, — leikfanga og skrautgripa, — hefi jeg áður talað og hrakið fyrirfram ástæður hæstv. fjármálaráðherra (M. G.), einnig á fyrri þingum, og get vísað hjer til þess. En þó get jeg bætt því við, að ef fara ætti að framkvæma skatt þennan út í ystu æsar, þá færu erfiðleikarnir að aukast, svo margur er „óþarfinn“, sem svo er nefndur. Hvað yrði þá t. d. um okkur veslings neftóbaksmennina? Því ekki mundu þessir þarfastopular telja neftóbak nauðsynjavöru, eða hvað?

Út af því, sem hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) sagði um vörutollslögin í samamburði við verðtollinn, vil jeg undirstrika það, að að svo miklu leyti, sem sá

samamburður gæti talist rjettur, eru örðugleikarnir við vörutollinn ekki stefnunni að kenna í sjálfu sjer, heldur hinu, að þingið hefir ekki haldið stefnunni hreinni, hefir eyðilaggt málið að ýmsu leyti, sem hefir orsakað vafninga.

Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) vill láta reynsluna skera úr, hvort verðtollsleiðin sje fær.

Hvernig ætlar hann að fara að því að fá þessa reynslu?

Jeg hefi bent á það í álitinu mínu, að jafnvel þó að lögreglustjórar hjer hafi grun um verðtollssvik, þá geti þeir ekkert aðhafst, vegna þess að sökudólgarnir geta alveg eins átt heima í öðrum ríkjum. Það er því fyrirfram sjáanlegt, að það er alls ekki hægt að koma brotum upp, því enginn lögreglustjóri hjer getur krafist rannsóknar í öðrum ríkjum yfir slíkum mönnum. Reynslan getur því ekki skorið úr. Auðvitað kemur altaf eitthvert hrafl af tekjunum, því ekki eru *allir* svo gerðir, að vilja svíkjast um að greiða lögboðna tolla eða skatta, og tolllöggjöfin getur stemt stigu fyrir tollsvikum, og það á hún að gera, eftir því sem unt er. Og það á auðvitað að vera fyrsta markmið allrar tolllöggjafar að gera lögin svo úr garði, að landssjóður fái sitt, og að sem fæstir geti haft tækifæri til að beita sviksemi við landssjóð.

Sigurður Eggerz: Hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) hefir ritað langt nál. gegn frv. þessu, og er þar rifjuð upp öll gamla deilan á milli verðtolls og vörutolls. En þar sem gamla stjórnin meðal annars vildi með frv. þessu gera tilraun í þá átt, hvort nokkrir erfiðleikar væru á því að innheimta verðtoll, en hefir hins vegar ekki tekið ákveðna afstöðu til þess, hvorri meginreglunni yrði bygt á í framtíðinni, þá sje jeg ekki ástæðu til að fara ítarlega inn á þessa gömlu deilu. Um innheimtuna vil jeg þó segja

það, að mjer sýnist, að ýmsir hinir sömu örðugleikar sjeu á innheimtu verðtollsins og vörutollsins, þar sem mismunandi tollur er á hinum ýmsu flokkum, og vegna vörutollsins þyrfti því einnig meira toll-
eftirlit en vjer höfum nú.

Jeg hefi sýnt rækilega fram á það í ræðu þeirri, er jeg flutti um allan fjárhag landsins, að full þörf er á þessum skatti, og að því er snertir þá ástæðu minni hl., að ef aukið sje við skattana, þá sje einnig aukið við útgjöldin, þá vil jeg leyfa mjer að benda á, að útgjöldin hafa þegar verið ákveðin fyrir fjárhagstímabilið 1920 og 1921 í fjárlögum þeim, sem nú gilda, og býst jeg við, að enginn vafi leiki á því, að útgjöldin muni nálega öll koma til útborgunar.

Hv. þm. (B. K.) skoðar verslunarsambönd kaupmanna eins og helgidóm, sem enginn megí koma nálægt, en löggjöfin hefir þegar opnað þann helgidóm með því, að samkv. gildandi lögum er lögreglustjórur heimilt að krefjast að fá að sjá „faktururnar“. Auðvitað er það og ljóst, að engum dettur í hug, að lögreglustjórur fari að skýra frá þessum samböndum út um hvippinn og hvappinn. Annars berur vjer, sem ekki erur verslunarfróðir, ekki eins mikla lotningu fyrir helgidómunum eins og hv. 2. þm. G.-K. (B. K.).

Hv. þm. (B. K.) telur ekki rjett að leggja skatt á leikföng og segir, að eitt-hvað verði Reykjavíkurbörninn að hafa sjer til gamans, er þau geta ekki leikið sjer úti í náttúrunni, eins og hann kemst svo skáldlega að orði. En þetta er hreinasti hjegómi. Jeg hefi tekið eftir því heima hjá mjer, að það er aldrei nema eitt leikfang í einu, sem „interesserar“ börnin, og hin hverfa þá í skugga, eru brotin, fleygt upp á loft og týnast. Þannig fer mikið af þeim til ónýtis. Börnunum líður sannarlega ekki betur, þótt þau fái ógrynni af leikföngum; það göfgar þau ekki á neinn hátt. Og flestir

munu nú tekjustofnarnir vera ranglátir, ef ekki má leggja skatt á leikföngin.

Jeg mintist áðan á innheimtuna. Jeg vil bæta því við, að jeg átti tal um þetta við lögreglustjóra áður en jeg fór af stað með frv., og taldi hann engin vandkvæði á að innheimta tollinn, ef gjaldið væri jafnt á öllum vörurum, en auðvitað veldur það því meiri örðugleikum, sem flokkarnir eru fleiri, sbr. og vörutollinn. En það er öllum ljóst, hver ógrynni flytjast hingað af skartmunum, og þótti því stjórninni nauðsynlegt að koma hærri skatti á þá vöru. Skatturinn á gulli er nú reiknaður eftir þyngdarlög-
málinu, svo það verður hjer um bil skattlaust. Það er ekki hægt að neita því, að munir eins og armbönd, nælur og annað gullstáss eru algerlega óþarfir. Og menn þurfa ekki annað en fara í þær búðir, sem þetta selja, til þess að sjá, hvílíkur auði fjár er eytt í slíkan óþarfa, og að fólkið er óspart á fje, er um það er að ræða. Það er ekki að eins hjer, heldur einnig annarsstaðar, sem þetta veldur háverum kvörtunum.

Upp á síðkastið hafa margar greinar birst um þetta efni í merkurum útendum tímaritum.

Hv. þm. (B. K.) gerði ráð fyrir því, að kaupmenn mundu sýna skakka reikninga. Jeg get ekki trúað því, að verslunarstjettinni, það er að segja hinum heiðarlega hluta hennar, dytti þetta í hug. Því enda þótt jeg hafi ekki vináttu þessarar stjettar, af því að jeg hefi haft einurð til þess að halda því fram, að hún hafi grætt á stríðinu, eins og allir vita, þá hefi jeg enga ástæðu til að gera þessari stjett svo þungar getsakir, að hún fari að falsa skjöl til þess að losna við rjettmæt gjöld. Auðvitað koma tollsvik hjer fyrir, eins og alstaðar annarsstaðar. Sem betur fer, þykja þau ekki prýði á kaupmannastjettinni, enda eru allir heiðarlegir kaupmenn lausir við þau. Án efa verður að skerpa tollgæsluna að mun í hinum ýmsu kaupstöðum, og þá

Stimpilgjald. — Aðflutningsbann á sótt næmum varningi.

sjerstaklega í Reykjavík, en jeg efast ekki um, að það mundi borga sig. Sem sagt, þá vona jeg og treysti því, að hv. deild sje það ljóst, að landssjóður hefir brýna þörf fyrir auknar tekjur. Það er nú í augnablikinu aðalatriðið, en með þessu frv. er ekki tekin framtíðarákvörðun um verðtollsstefnuna eða vörutollsstefnuna. En deildin hlýtur að vera mjer samdóma um það, að heppilegt væri, að stjórnin aflaði sjer reynslu að því er snertir innheimtuna á þessum skatti. Þar sem öll stjórnin situr hjer í bæ, er hægt að fá fljóta reynslu á því, hvernig innheimtan muni gefast. Jeg man, að þegar jeg flutti stimpilgjaldsfrv. það, sem nú er orðið að gildandi lögum, þá reis stormur gegn því í háttv. Nd., og ekki síst var því teflt fram gegn því, að landssjóð munaðiekkert um tekjuaukannaf því, en á síðasta ári var hann þó rúm milj. Þetta frv. hefir einnig mætt harðri mótspyrnu, og nú síðast frá hv. 2. þm. G.-K. (B. K.), en þar sem reynslan er góð af gildandi lögum í þessu efni, þá vona jeg, að háttv. deild læri af reynslunni og samþykki frv.

ATKVGR.

Brtt. 126,1. feld með 7 : 2 atkv.

— 126,2. sjálffallin.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 90).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 159).

8. Aðflutningsbann á sótt næmum varningi.

Á 8. fundi í Ed., mánudaginn 23. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af (A. 75).

Á sama fundi var frv., að beiðni forsætisráðherra, tekið til 1. umr., utan dagskrár.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Bráðabirgðalög þau, sem hjer er um að ræða, voru sett eftir till. landlæknis, þar sem nauðsyn var talin á því að banna innflutning á því, sem nefnt er í 1. gr. frv. Sjerstaklega var talin hætta á því, að fluttur yrði til landsins notaður hermannafatnaður, en það hafa sjaldan reynst sjerleg happakaup að kaupa notaðan útlendan fatnað. að öðru leyti.

Bráðabirgðalögin voru sett ex tuto, því það þótti vafi á því, hvort stjórnin hefði annars heimild til slíks banns. Virðist einnig rjett að hafa lögin áfram, þó stjórnin muni annars ætíð telja sjer skylt að banna slíkt í hverju einstöku tilfelli.

Jeg vil þó geta þess, að rjettara mun að setja sektarákvæði í lögin, og athugar væntanleg nefnd það vonandi, því með því skilorði, að málið komi svo að segja jafn-

harðan frá nefnd aftur, tel jeg rjettast, að málið sje athugað þannig.

Legg jeg til, að málið verði falið allsherjarnefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 302) með 11 shlj. atkv.

Á 10 fundi í Ed., miðvikudaginn 25. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 80).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Halldór Steinsson): Jeg lít fyrir mitt leyti svo á, að engin nauðsyn hafi verið fyrir stjórnina að koma fram með frv. þetta. Því samkvæmt sóttvarnarlögunum frá 1903 hefir stjórnin heimild til að banna innflutning á slíkum vörum. Jeg lít þess vegna svo á, að stjórnin hafi þessa heimild samkvæmt eldri lögum, því þar er það einmitt rauði þráðurinn að leyfa stjórninni að gera allar ráðstafanir, er þörf er á, ekki að eins hvað við kemur sjúkum og dauðum mönnum, heldur einnig dauðum hlutum. En þar sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) lítur svo á, að stjórnin hafi ekki slíka heimild, hefir allsherjarnefnd ekki sett sig á móti frv. þessu. Einu breytingarnar, sem nefndin hefir gert á frv., eru þær, að hún hefir sett inn í það sektarákvæði, sem ekki voru áður, og hækkað þau að miklum mun frá því, sem ákveðið er í lögum frá 1902 gegn samskonar brotum.

Sektirnar eru 50—5000 krónur. Þegar litið er á, hvað brot þessi geta leitt af sjer mikið ilt, óhamingju, heilsutjón og dauða, þá dylst engum, að sektir þessar eru alls ekki of háar.

Allsherjarnefnd mælir með því, að frv. þetta nái fram að ganga með þessum breytingum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 80,1. (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 80,2. samþ. án atkvgr.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., s. d. (25. febr.), kl. 2 miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 75, með á orðnum breytingum samkv. atkvgr. við 2. umr.).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 111).

Á 15. fundi í Nd., s. d., kl. 6¹⁵ síðdegis, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst ekki við, að það þurfi að hafa langan formála með þessu frv. Það er ljóst og einfalt. Jeg vona, að hv. deildarmenn sjái, hve nauðsynlegt það er fyrir stjórnina að hafa slíka heimild. Má vera, að stjórnin geti gert það án laga, en vissara tel jeg, að hún hafi þessa lagaheimild. Jeg álit ekki nauðsynlegt að setja frv. í nefnd, því það hefir verið í nefnd í hv. Ed. Jeg vona, að málið fái fljótt fram að ganga, og verði að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Fr. v. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 111).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fr. v. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., s. d., kl. 6¹⁰ síðdegis, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Fr. v. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 175).

II.

Þingmannafrumvörp.

9. Holræsi og gangstjettir í kaupstöðum.

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 14. febr., var útbýtt

Fr. v. varpi til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta á Ísafirði (A. 17).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 6. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Herra forseti! Jeg vænti, að jeg þurfi ekki að hafa hjer langa framsögu.

Eins og bent er á í ástæðunum fyrir frv., hefir bæjarstjórnin á Ísafirði ekki sjeð sjer fært að leggja gangstjettir og holræsi, nema jafnframt sjeu samin lög um gjald til bæjarsjóðs, til lúkningar kostnaðinum. Frv. er samið eftir samskonar lögum, frá 1917, sem samþykkt hafa verið fyrir Akureyrarkaupstað.

Allir vita, hversu hreinlætið er mikils virði, en þær þrífnaðarbætur, sem hjer um ræðir, voru ekki framkvæmanlegar, nema bæjarstjórninni væri heimilað að leggja til þess gjöld á lóðir og hús í bænum. Þar sem samskonar lög hafa verið samþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, vona jeg, að frv. þetta fái góðar viðtökur, svo hægt verði að byrja á verki þessu með vorinu.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið frekar, en óska, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17).

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þar sem engar brtt. hafa verið gerðar við frv. þetta, þarf jeg ekki að eyða að því frekari orðum, en óska, að deildin leyfi því að ganga til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 17).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 9. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta á Ísafirði,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A.78).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þessu var útbýtt á þessum fundi, og verður því að leita leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að frv. megi koma til meðferðar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil ekki að þessu sinni beinlínis leggjast á móti því, að leyft verði að taka þetta mál fyrir eða önnur þau, sem eins er á komið með. En mjer virðist þó óviðkunnanlegur og jafnvel skaðlegur allur sá mikli hraði, að jeg ekki segi flaustur, sem er á öllum störfum þingsins, og þess er vart að vænta, að öll þau mál, sem þannig er þyrllað inn á þingið, verði lesin langt ofan í kjölinn með þessu lagi. Væri því öll ástæða til að athuga það, hvort ekki mætti leggja einhverjar hömlur á það, að málunum sje dlembt svo hlífðarlaust inn, því ýms mál hljóta að bíða hnekki við það.

Forseti: Jeg fyrir mitt leyti læt þetta hlutlaust og legg það undir úrskurð hv. deildar, þótt jeg hins vegar viðurkenni það, sem hv. 3. landsk. þm. (S. J.) sagði.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls um efni frv.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 78).

Einar Árnason: Jeg vil geta þess, að jeg hefi sent frá mjer í prentun brtt. við frv., sem kemur fyrir næstu umr.

Fer brtt. fram á að breyta að eins fyrir sögninni, og er á þá leið, að í staðinn fyrir „á Ísafirði“ komi: í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri. Ástæðan fyrir brtt. þessari er sú, að við þm. Eyjafjarðarsýslu fengum á síðustu stundu skeyti um að koma fram með svipað frv. fyrir Siglufjarðarkaupstað. Við komum okkur því saman um að leggja til þessa breytingu á frv., sem sje að láta heimildina ná til allra kaupstaða, sem ekki hafa þegar fengið slík lög, því að það er líklegt, að fleiri kaupstaðir komi á eftir með sömu beiðni smám saman. Viljum við með þessu losa þingið við óþarfa umstang framvegis, og sýnist það liggja beint við, með því að öll slík lög eru og munu væntanlega verða á einn veg.

Jeg mun ekki gera frekari grein fyrir brtt., þótt hún komi ekki fram fyr en á næsta fundi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13. shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fr. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d., kl. 5½ síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 78, 124).

Ofskamt var liðið frá 2. umr. og frá útbýting brtt. 124. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 124. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri,

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., kl. 6¹⁵ síðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 137).

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jón Auðunn Jónsson: Herra forseti! Jeg hefi ekkert um meðferð frv. í hv. Ed. að segja. Jeg vona, að frv. verði samþ., eins og það liggur nú fyrir. Fyrir mjer vakti að eins Ísafjörður, en jeg hefi vitanlega ekkert á móti því, að aðrir kaupstaðir fylgi með.

Löggilding verslunarstaða.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr.
sem

Lög frá Alþingi.
(Sjá A. 158).

fleiri orðum, en jeg vildi mælast til þess,
að frv. yrði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

10 Lög um veitingarstaða

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. febr.,
var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar í Valþjófsdal í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu (A. 19).

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 19. febr.,
var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Proppé): Mál það, sem jeg flyt hjer í fyrsta sinn, sem jeg stend upp í þessari hv. deild, er í raun og veru mjög einfalt mál, og jeg vænti þess, að það fái fram að ganga breytingalítið. Þetta er að vísu eitt þeirra mála, sem hefði mátt bíða, en jeg hafði afhent það áður en sú ákvörðun var tekin, að hafa þingið stutt, og jeg kunni ekki við að taka það aftur.

Ástæður fyrir þessu frv. eru prentaðar með því, og þarf jeg þar engu við að bæta. Eins og menn vita, er Önundarfjörður einhver fjölmennasti fjörður þar vestra; hann hefir um 2 þús. íbúa, en að eins verslunarstað á Flateyri. Á Flateyri og Sólbakka eru síldarstöðvar góðar og líklegar til frambúðar. Yfirleitt er Önundarfjörður í uppgangi, og þykir mönnum henta að bæta einum verslunarstað við. Valþjófsdalur er best til þess fallinn, og þykir mjær líklegt, að þar geti komið síldarútvegur, því staðurinn er vel til þess sniðinn.

Það mun ekki þörf að fara um þetta

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr.,
var frv. tekið til 2. umr. (A. 19).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. og 2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr.,
var frv. tekið til 3. umr. (A. 19, 69).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um brtt. 69, er of seint var útbýtt.

Hákon Kristófersson: Jeg á brtt. á þgsk. 69., og liggja til þess sjerstakar ástæður, að hún hefir ekki komið fyr fram. Jeg held, að hennar vegna sje óþarfi að setja málið í nefnd, en ef hv. deild lítur svo á, þá mun jeg heldur taka till. aftur en tefja málið.

Till. er flutt eftir ósk eiganda þeirrar jarðar, sem till. getur um, og hafa samskonar beiðnir ávalt verið veittar áður, og eins vona jeg að nú verði gert.

ATKVGR.

Brtt. 69. samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um löggilding versl-

unarstaðar í Valþjófsdal í Mosvallahreppi
og á Lambeyri við Tálknafjörð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 143).

Á 9. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. febr.,
var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar í Valþjófsdal í Mosvallahreppi og á Lambeyri við Tálknafjörð,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.
(A. 79).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. —
Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr.,
kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr.
(A. 79).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d., kl. 5½ síðdegis,
var frv. tekið til 3. umr. (A. 79).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Af-
brigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

11. Sáttanefndir.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 19. febr.,
var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á tilskipun 10. júlí 1795 og tilskipun 20. janúar 1797, um sáttanefndir (A. 30)

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr.,
var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Björnsson): Þetta frv. fer fram á breytingu á grein, sem er orðin úrelt. Þessi grein stendur í tilskipun 20. jan. 1797, 25. gr. Jeg ætla að leyfa mjer að lesa hana upp:

„Hver og einn viðkomenda, sem er innan forlíkunartakmarka, skulu sjálfir koma fyrir sættanefndir; þó má það leyfilegt vera, þá hlutaðeigandi er löglega hindraður, að senda annan vandaðan mann fyrir sig, er hafa verður ánægjanlega fullmakt til að sættast á málið vegna þess, er honum hefir fullmakt gefið; en að öðru leyti skal það bannað vera að taka með sjer mál-fylgismenn (prokuratores), eður senda þá fyrir sig, til að túlka mál fyrir forlíkunarnefndinni“.

Það kom brátt í ljós, að ákvæði þetta þótti óhyggilegt, og var því breytt í Danmörku árið 1823. En því hefir ekki verið formlega breytt hjer. Mönnum, sem hafa átt að mæta fyrir sáttanefnd, en hafa átt heima utan sáttaumdæmis, hefir hingað til samkvæmt venju verið leyft að láta mála-

flutningsmenn mæta fyrir sig, ef þeir ekki geta mætt sjálfir. En nú fyrir skömmu var því mótmælt, að málaflutningsmaður mætti mæta fyrir mann, sem átti heima utan sáttaumdæmis. Dómurinn áleit það ekki heimilt, og málið varð því ónýtt. Yfirdómurinn tók þetta ákvæði strangt og áleit ekki hægt að fara fram hjá því, er mótmælin komu fram, og því verða að brjóta gamla venju. Það er mikið óhagræði í því, að ferðast langar leiðir, eða fá mann, sem ekki er vanur, til að mæta fyrir sig. Reyndin verður sú, að menn snúa sjer til málaflutningsmanna, og þeir fá aftur einhverja, sem ekki eru málaflutningsmenn, til að mæta fyrir sig. En reynslan er sú, að sætt verður venjulega ekki, því þeir geta ekki sæst á annað en það, sem málaflutningsmaðurinn hefir leyft þeim fyrirfram. Það er því síður en svo, að umrætt ákvæði nái sínum upprunalega tilgangi, að fækka málum, heldur verður það til að fjölga málum. Þetta er mikið óhagræði fyrir allan almenning, en verður að vera, vegna dómsins, ef því er ekki breytt.

Jeg ætla ekki að fara frekari orðum um þetta, því málið er mjög einfalt. Jeg mælist til þess, að það fari ekki í nefnd; æskilegast væri, að það næði fram á þessu þingi. Vona jeg, að því verði leyft að fara nefndarlaust til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 30).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á tilskipun 10. júlí 1795 og tilskipun 20. janúar 1797, um sáttanefndir,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 106).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d., kl. 5½ síðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 106).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 106).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 162).

12. Aðflutningsbann á óþörfum varningi.

Á 6. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á glysvarningi (A. 32).

Á 8. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Af því að fundur er orðinn langur, skal jeg gefna mjer að ræða frv. þangað til við 2. umr. Að eins óska jeg nú, að það fái að ganga tregðulaust til þeirrar umr. Til nefndar þarf það ekki að fara, þar sem það er komið frá nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ástæðan fyrir því, að fjárhagsnefnd flytur þetta frv., er sú, að eigi mun minni ástæða fyrir oss en ýmsar aðrar þjóðir að óttast það, að á næstu tímum verði flutt svo mikið inn af vörum, að skuldir safnist, vegna þess, að ekki fæst nægilega mikið fyrir útfluttar vörur. Það er hreyfing uppí um að takmarka innflutning með ýmsum þjóðum, og ef ástæða er til þess með Norðmönnum og Svíum, þá virðist ekki síður ástæða til þess fyrir oss, því gengi danskrar krónu er lagra en norskrar og sænskrar, en við þurfum að versla við England og Ameríku, en þeirra peningar eru í háu verði. Þetta er fjárhagshlið málsins.

En það eru líka aðrar hliðar. Við höfum lítinn skipakost og erum í vandræðum með að fá flutning til landsins. Skipin eru fá, og auk þess má búast við, eins og nú stendur, að þau verði að sæta töfum vegna kolaleysis og sóttvarna. Það er því nauðsynlegt að fara eins vel með skiprúmið og unt er og láta nauðsynjavörur sitja fyrir, en nú er svo, að mikið af skiprúminu er fyllt óþarfa varningi. Af þessum ástæðum meðal annars er frv. fram komið. Jeg veit, að Eimskipafjelag Íslands lítur það ekki illu auga, og bankarnir telja þess fulla þörf. Að vísu gætu þessar stofnanir hindrað þetta eitthvað sjálfar, en þó þykir þeim þægilegra að hafa lög til að styðjast við. Bankarnir eiga líka erfitt með að neita um lán, því oft getur verið rangt skýrt frá um það, til hvers á að nota peningana, og svo er ómögulegt að neita þeim, sem eiga inni.

Það var í fyrstu meiningin að takmarka þessa heimild við glysvarning, en við nánari athugun sá nefndin, að hún varð að byggja á breiðari grundvelli, og getur stjórnin ákveðið, hvað teljast megí óþarfa varningur. Nefndinni þótti rjett að treysta stjórninni til þessa og takmarka ekki um of með flokkun og upptalningum.

Það er líklegt, að þetta hafi kostnað í för með sjer, ef heimildin verður notuð, en nefndinni vex það ekki í augum og telur því fje vel varið, því að það vita allir, sem nokkuð til þekkja, að vjer flytjum mikinn óþarfa inn, og ef afleiðingar þessa frv. verða þær, að slíkur innflutningur verði að nokkru takmarkaður, telur nefndin ekki til ónýtis barist.

Eiríkur Einarsson: Jeg vildi láta þá skoðun mína í ljós, að jeg get vel felt mig við það, að stjórnin hafi heimild til að takmarka og banna innflutning á óþörfum varningi. En jeg vildi láta það í ljós, að jeg álit frv. of þröngskorðað. Það getur staðað hætta af of miklum innflutningi á fleiri vörutegundum en þeim, sem vanalega eru kallaðar óþarfar. Það getur einnig flust svo mikið inn af nauðsynjavörum, að þær megi að nokkru leyti teljast óþarfar. Jeg álit þetta nauðsynjamál, og því vildi jeg, að sjerstök nefnd yrði skipuð til að hafa eftirlit með öllum innflutningi til landsins. Hún ætti að afla sjer upplýsinga um, hvað mikið þyrfti af hverri vörutegund, og hve mikið fyrirleggjandi, og hindra það, að meira flyttist inn en þyrfti. Sumar vörur, sem annars teljast nauðsynlegar, geta blátt áfram orðið plága vegna of mikils innflutnings, og get jeg nefnt sem dæmi kaffi með Dönun. Það er orðið þar svo mikið, að til vandræða horfir. Það má því teljast óþarfavarningur hjá Dönun, þótt yfirleitt sje það ekki kallað svo. Eins getur farið hjer, og getur vel verið, að svo sje þegar um ýmsan varning, þótt mjer sje ekki kunnugt um það. Á þetta þarf að leggja hömlur, en það verður ekki gert nema með *sjerstakri nefnd*, er sje sterk og vel skipuð. Landið er að fyllast af óþarfa. Það eru ekki nauðsynjar, sem blasa við manni úr búðargluggunum hjerna, heldur sælgæti og allskonar pjatt og glingur, og blöðin þegja

því dyggilegar yfir þessu, því meir sem auglýst er.

Það, sem frv. fer fram á, er því sannarlega orð í tíma talað. En jeg vil, að þetta nái lengra. Jeg álit, eins og jeg hefi tekið fram, að best væri að skipa sjerstaka nefnd til þess að sjá um, að lögunum verði framfylgt. Jeg hygg, að stjórninni sje ofvaxið að annast þetta eftirlit. Það er og dálítið vafamál að fleiru leyti en hjer hefir verið nefnt og krefur nákvæmrar athugunar, hvað á að teljast nauðsynjavara. Á þessum tímum ætti að eins að flytja þær vörutegundir til landsins, sem eru nauðsynlegar. Eigi því frv. í þessa átt að koma að nokkrum notum, þarf innflutningsbannið að ná lengra eða vera rýmra en frv. bendir til, og hins vegar öflug innflutningsnefnd að vera skipuð til þessa eftirlits, ef þetta á að verða meira en pappírsheimild, er enginn fer eftir.

Pjetur Ottesen: Jeg álit fyrir mitt leyti, að yfirleitt sje það mjög varhugavert, að löggjafarvaldið fari inn á þau svið, sem snerta persónu- og athafnafrelsi einstaklingsins, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. En hjer virðist það þó blasa beint við, að reynt sje að hamla móti þeim háska, að flutt sje, eins og nú er ástatt, um of inn í landið allskonar óþarfavara og í svo ríku mæli, að vjer getum ekki flutt til vor þær vörutegundir, sem oss ríður mest á, vegna þess, að skiprúmin eru fyllt af allskonar skrani. Þetta er mjög hættulegt, einkanlega á þessum tímum. Auðvelt hefði verið að flytja t. d. meira af matvöru frá Ameríku en gert var, áður en dollarinn steig svo í verði, sem nú er raun á orðin, ef skiprúmin hefðu ekki verið fyllt af allskonar skrani og óþarfa. Undir þetta mætti að vissu leyti telja hinn geipilega innflutning af bifreiðum síðastliðið sumar. Á jeg þar ekki við vöruflutningabifreið-

arnar, en eins og fólksflutningabifreiðar eru notaðar hjer í bænum að mjög miklu leyti, er fullkomlega rjettmætt að telja þær með þeim vörum, sem rýma hefðu átt fyrir öðrum nauðsynlegri. Jeg álit því nauðsynlegt, að hjer sje hafist handa.

Það er vitanlegt, að stjórnin þarfnast að einhverju leyti aðstoðar, til þess að annast eftirlitið. En hins vegar er jeg ekki trúaður á þessar nefndarskipanir. Vjer höfum haft slíkar nefndir á stríðsárunum á hverju strái. Gagnsemi þeirra hefir leikið mjög á tveim tungum. Jeg er því ekki mótfallinn, heldur tel sjálfsagt, að stjórnin taki sjer nauðsynlega aðstoð til að framfylgja þessum lögum, en hygg, að vel megi komast hjá að setja á laggirnar eitthvert nefndarbákn í þessu augnamiði.

En það, sem kom mjer sjerstaklega til að standa upp, eru orðin í frv.: „ef stjórnin notar þetta.“ Jeg álit sjálfsagt, að hún noti heimild þá, sem frv. inniheldur, og það strax, og geri eitthvað til þess að koma í veg fyrir innflutning á óþarfavöru, svo að lögin verði ekki einungis dauður bókstafur, eins og oftar hefir viljað við brenna.

Jakob Möller: Jeg get byrjað þar, sem háttv. þm. Borgf. (P. O.) endaði. Þingið hefir gefið út óþarflega mörg lög, sem stjórnin hefir ekki farið eftir. Jeg lít svo á, að þetta frv. sje fram komið til þess að neyða menn til að spara. Það er gott og blessað. En jeg minnst þess jafnframt, að stjórninni var falið að hafa eftirlit með verði hjá heildsölum, og hefi jeg ekki orðið þess var, að hún hafi sint því minstu vitund, hvernig þeir hafa selt vörur sínar. Það er harla lítils vert að setja allskonar reglur eða lög, ef ekkert er gert til þess að framfylgja þeim.

Menn mega ekki gera sjer falskar vonir um árangur þessa frv., t. d. að slíkt inn-

flutningsbann geti haft áhrif á myntverðið, þó að það hafi ef til vill vakað fyrir einhverjum, og frv. sje jafnvel ef til vill fram komið fyrir þann misskilning. Þó að innflutningurinn yrði takmarkaður, mundi það ekki hafa nein áhrif á verðlag gjaldeyrisins, dönsku krónunnar, sem vjer notum sameiginlega með Dönun. Í því efni lútum vjer sömu lögum og Danir, en verslun vor við útlönd svo örlítil í samanburði við ríkisviðskifti Dana, að slíkar ráðstafanir af vorri hálfu væru alveg þýðingarlaugar. En þetta gæti miðað til sparnaðar, og það álit jeg gott.

Því hefir verið hreyft, að skipuð yrði sjerstök nefnd til þess að annast um framkvæmd þessara laga. En jeg verð, að lýsa yfir því, að jeg er nefndarskipun mótfallinn. Hjer getur ekki verið um annað að ræða en að banna innflutning á óþörfum vörum. Nauðsynjavörur koma þar ekki til greina. Um þær er svo háttað, að þarfirnar ákveða innflutninginn, og kemur því ekki til greina, að neina nefnd þurfi til að meta það, hvað mikið þurfi af þeim.

Mynd sú, sem háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) var að mála á vegginn, af ástandinu í Danmörku, þarf engan að hræða, því að hún á ekki við hjer. Þó að Danir hafi flutt of mikið inn af ýmsum nauðsynjavörum síðasta ár, og eigi því miklar birgðir óseldar af kaffi o. fl., þá eru alveg sjerstakar ástæður til þess. Þessi mikli innflutningur Dana kemur til af því, að þeir hugðust mundu geta selt ógrynni af slíkum vörum til Þýskalands og annara landa Mið-Evrópu, þegar fullur friður væri kominn á. Hingað mundi enginn fara að flytja vörur í því skyni. Hv. þm. (E. E.) heldur þó ekki, að menn fari að „spekulera“ í því að senda t. d. kaffi til Grænlands?

Hjer verður að eins um það að ræða að banna innflutning á ákveðnum vöregundum, og það getur stjórnin gert án þess að hafa nokkra nefnd til aðstoðar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki að vera margorður, þar sem málið hefir fengið góðar undirtektir.

Háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) ljét það á sjer skilja, að rjett væri að fara lengra í takmörkun innflutnings en frv. ætlast til. En á þetta get jeg ekki fallist. Hins vegar verð jeg að geta þess, að það er álitamál, hvað er þörf vara og hvað óþörf. Jeg lít svo á, að þegar flutt er of mikið inn af vörunni, sje hún óþarfavara, og fellur hún þá hjer undir.

Um orðin „ef stjórnin notar þau“ er það að segja, að ekki er ætlast til, að stjórnin láti lögin ónotuð. En nefndin getur ekki skipað henni að nota þau.

Jeg skal ekki eyða frekari orðum að því, hvort nauðsynlegt væri að skipa sjerstaka innflutningsnefnd til þess að annast eftirlitið. Eitt er víst, að stjórnin verður að fá einhverja aðstoð; en jeg hygg, að best sje að láta hana eina um það, hvernig þeirri aðstoð verður fyrir komið.

Ekki var ætlast til, að frv. þetta hefði áhrif á gengi myntarinnar. Verslun vor er svo lítil í hlutfalli við verslun Dana, að þil þess getur ekki komið, og var fjárhagsnefndin í engum vafa um þetta.

Eiríkur Einarsson: Jeg vildi að eins segja nokkur orð í sambandi við ræðu hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.).

Jeg vil geta þess, í sambandi við það, sem þm. (Jak. M.) sagði um gengið, að jeg mintist ekki á þýðingu frv. á það. En það er ljóst, að við gætum vel sökt okkur í þann verslunarmunað og innflutningsafglöp, að haft gæti mikil áhrif á verðgildi peninga þeirra, er við notum, dönsku krónuna. Einnig ber þess að gæta, að ef flutt væri inn of mikið af einhverri vörutegund, gæti það haft áhrif gagnvart oss, ef peningagengið fjelli aftur. Hann sagði t. d. um kaffið, að birgðir þær, sem safnað var

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

í Danmörku, hafi verið fluttar til Þýskalands. Auðvitað er engin hætta á slíku hjer. Vjer þurfum ekki að gera ráð fyrir því, að stórsalar viði að sjer í því skyni. En sumir þeirra kaupa hvern þann varning, sem berst þeim í hendur og auðfengnastur er, eða mest þörf á í augnablikinu. En það ber nauðsyn til að koma í veg fyrir, að þeir flytti of mikið inn af hálf nauðsynlegri og óþarfri vöru, og ekki óþarflega mikið af neinni vöru. Heyrst hefir jafnvel, að erlendar vörur hafi verið fluttar hjeðan til útlanda, t. d. Danmerkur, og mundi vera hægt að nefna þess dæmi, ef þyrfti.

Ilv. þm. Borgf. (P. O.) sagði, að nefndarskipun ljeti vel í eyrum, en gagnið af henni mundi verða lítið. Bar hann þar fyrir sig nefndirnar, sem sátu á stríðsárunum. Jeg verð samt að halda því eindregið fram, að nefndarskipun sje heppileg og nausynleg í þessu sambandi, og á jeg þar við sterka nefnd, en ekki ónýta. Ef nefndin verður nægilega sterk, eru miklar líkur til, að hún muni gera eitthvert gagn, og án slíkrar nefndar er frv. þetta ónýtt.

Sveinn Ólafsson: Jeg er hlyntur hugmyndinni, sem liggur til grundvallar fyrir frv. þessu. En mjer er ekki ljóst, hvernig þetta verður framkvæmt, og síst ef sjerstök nefnd á að ákveða, hvað þarf á hverjum stað. Jeg held, að frv. sje ekki sem heppilegast orðað. Jeg hygg, að ágreiningur geti orðið um það, hvað sje nauðsynjavara, eða að minsta kosti er þar opin leið til ágreinings. Jeg held, að hyggilegra væri að orða þetta svo, að takmarka skuli eða banna innflutning á þeirri vöru, sem stjórnin teldi nauðsynlegt að takmarka eða banna innflutning á. En jeg hygg, að þetta verði svo erfitt, að ekki komi að neinu gagni. Innflutningsnefnd hjer í Reykjavík mundi verða sú miðstöð, sem þetta gengi gegnum. En jeg held, að fólk úti um land

sje búið að finna smjörþefinn af slíkum innflutningsnefndum og óski ekki eftir framhald af því tægi. Úr því á að skipa þessum málum með aðstoð sjerstakrar nefndar, treysti jeg mjer ekki til að fylgja frv.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg álít, að svo mikil nauðsyn sje á, að hafist sje eitt-hvað handa í þessum efnum, að jeg vona, að deildin sjái sjer fært að samþykkja frv. þetta nú. Þeir neyðartímar geta komið, að nauðsynlegt sje að hindra aðflutning á óþarfavöru.

Jeg skal ekki rekja nánar nauðsynina á lögum sem þessum. Það hefir hv. frsm. (M. G.) gert. Jeg ætlaði að minnast á önnur atriði.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hjelt, að hjer yrði erfitt um framkvæmdir. Það getur verið. Þó vona jeg, að komandi stjórn sjái sjer fært að hafa umsjón með þessu, þótt ekki hafi hún sjerstaka nefnd sjer til aðstoðar. Lögreglustjórnir, sem eru töluvert kunnugir því, hvað flutt er inn, mundu geta gefið leiðbeiningar. Jeg vona því, að deildin sjái sjer fært að samþykkja frv.

En svo vildi jeg minnast á annað atriði. Það eru bifreiðarnar. Það kveður oft við, að þær sjeu óþarfavara. Jeg er á annari skoðun. Eins og vjer vitum, eru ástæðurnar svo á landi voru, að hestar eru svo dýrir og fóður þeirra í því geipiverði, að mörgum er lítt kleift að nota þá. Þeir eru þar að auki miklu seinni í förum. Hrossahald er því nú orðið hrein og bein byrði. Hjer koma bifreiðarnar því að góðu haldi. Þetta hefi jeg talið mjer skylt að benda á, og vildi jeg, að stjórnin tæki einmitt þetta atriði til íhugunar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það eru að eins örfá orð í sambandi við ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Þó að skipuð yrði nefnd til að hafa eftirlit með innflutningnum, þá mundi hún verða á alt annan veg en innflutningsnefnd sú, sem hjer starfaði stríðsárin. Hjer mundi að eins verða bannaður innflutningur á tiltölulega fáum vörutegundum. Því verður alls ekki neitað, að það eru ýmsar vörutegundir, sem nauðsynlegt er að takmarka innflutning á. En þetta verða þó varla svo margar vörutegundir, að fyrirkomulagið þurfi að verða hið sama sem átti sjer stað á stríðsárunum.

ATKVGR.

Brtt. 61,1. samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 : 1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 20 : 1 atkv.

Brtt. 61,2. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Fr. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 83).

Forsætisráðherra (J. M.): Það er vitanlegt, að nú er alstaðar verið að berjast á móti óþarfri eyðslu, óþörfum aðflutningi sjerstaklega, en jeg veit ekki til, að innflutningur á vörum sje enn beinlínis bannaður í nokkru landi, nema ef vera skyldi í Þýskalandi og öðrum stríðslöndum. Auðvitað verður örðugt að framkvæma bann á öllum óþarfavarningi og að ýmsu athuga-vert að taka þannig fram fyrir frjálsar athafnir manna. En nauðsyn getur brotið

lög, og það er gott, að stjórnin hafi heimildina, og getur verið ástæða til að beita henni, en þó skal jeg ekkert um það segja, hvort það verður gert eða ekki. Jeg hefi þegar eftir heimkomu mína frá útlöndum fyrri partinn í vetur minnst á þetta mál við bankana og stærri verslunarmenn, og eru þeir allir á því, að gott væri að takmarka innflutninginn að einhverju leyti. Annarsstaðar hafa nefndir það starf með höndum, og er það hægra þar sem betur er búið um alt bankafyrirkomulag og viðskifti. En sem sagt, þá er gott að hafa heimildina, og verður reynt að nota hana, ef hægt verður og það þykir henta.

Jakob Möller: Eins og jeg tók fram við síðustu umr. þessa máls, þá var jeg með frv. af sparnaðarástæðum. En mjer virðist hv. fjárhagsnefnd síðan hafa sveigt meira inn á þá braut að reyna að afla ríkissjóði tekna en að láta almenning spara. Afstaða hennar til stimpilgjaldsfrv. bendir í þá átt. Jeg vil því skjóta þeirri spurningu til nefndarinnar, hvort hún vilji nú ekki taka þetta frv. aftur.

Gunnar Sigurðsson: Þótt jeg sje „principielt“ á móti þessu frv., eins og öllu því, sem grípur mjög fram fyrir hendur einstaklinganna í framleiðslu og verslun, þá verð jeg samt, eins og nú standa sakir, að greiða þessu frv. atkv. Jeg álít, að eyðslan sje orðin það mikil á óþörfum varningi, að nauðsynlegt sje, eins og nú standa sakir, að hefta hana. Jeg veit, hvernig er hjer í Reykjavík, og jeg býst við, að líkt sje ástatt annarsstaðar. Það eru ekki þarfavörur, sem mest ber á í búðargluggunum; þeir eru fullir af glingri og glysvarningi. Eftir að viðskiftin hófust aftur við Þýskaland, hefir glingrið orðið meira og meira; hvert einasta skip, sem komið hefir síðan, hefir velt syndaflóði

óþarfans inn á markaðinn, en nauðsynjavörur hafa setið á hakanum. Þetta er beint tjón fyrir almenning, en þó vil jeg leggja meiri áherslu á óbeina skaðann, á afstöðu bankanna. Þeir lána heldur til þessa, og er það skiljanlegt, því þeir fá peningana fljótar aftur heldur en ef þeir lána þá í framleiðslu- og framfarafyrirtæki. Viðkvæðið er altaf það sama, þegar farið er fram á lán til þesskonar fyrirtækja, að peningarnir komi svo seint aftur. Það er þetta, sem jeg vildi leggja aðaláhersluna á, og þess vegna greiða atkv. með frv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg stend upp til að segja háttv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.), að jeg sje ekki ástæðu til að bera það undir nefndina að taka frv. aftur. Jeg hefi aldrei búist við miklum tekjum í ríkissjóð af þessum óþarfavörum, heldur nauðsynjavörunum, og þess vegna vildi jeg ekki fella þær undan. Jeg vil banna innflutning á óþarfa til þess að spara fje, og verði það gert, er ekki hægt að undanþiggja nauðsynjavörur aðflutningsgjaldi, því hvaðan ættu annars nægar tekjur að koma?

Þjetur Þórðarson: Jeg held, að jeg hafi verið sá eini, sem greiddi atkv. á móti þessu frv. við 2. umr., og þykir mjer því hlýða að færa fram ástæður mínar. Jeg fjekk þegar í stað hugboð um það, að slík lög yrðu þinginu til lítillar sæmdar, og væntanlegri stjórn til lítils gagns. Mig furðaði því á því, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) skyldi lýsa ánægju sinni yfir því, að stjórninni yrði veitt þessi heimild. Framkvæmdin er svo umfangsmikil, að jeg býst við, að hæstv. stjórn láti sitja við leyfið, en sjái sjer ekki fært að nota það, og verða þá lögin að eins pappírsgagn. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji ekki láta takmarka innflutning á

óþarfavarningi, ef mögulegt væri, því mikið fje gengur í hann árlega. En það hefir verið látið í ljós af skýrum mönnum hjer á þingi, að erfitt væri að framkvæma lögin um bann gegn innflutningi þeirrar einu vörutegundar, sem bönnuð er, og hefir því verið lýst með sterkum dráttum. Í þessa vöru fer mikið fje, en auk þess hefir hún annað skaðlegt í för með sjer. Um varninginn, sem nú á að banna, er ekki nema öðru til að dreifa. Jeg held, að erfitt verði að verjast smyglun meðan eftirlitið er eins og það er nú. Þessi varningur kostar að vísu mikið fje, en hann hefir þann kost, að hann eykur fegurðarnæmi manna og fegrar og skreytir umhverfi þeirra. Jeg get því ekki verið frv. hlyntur og held, að lögin verði þingi og stjórn lítill sæmdarauki.

Eiríkur Einarsson: Jeg hefi ekkert frv. borið fram á þessu þingi og engar brtt., hvorki í þessu máli nje öðrum. Er það af því, að jeg vil sem minsta íhlutun eiga um löggjafarstarf þessa þings, því öllum málum er flaustrað hjer af lítt athuguðum, enda ekki á öðru von, þegar þingið situr svo stuttan tíma, en mörgum málum rutt inn á það. En jeg vil ekki láta segja það um mig, að jeg vilji ekki sýna nauðsynjamálum þjóðarinnar fulla alúð, og ætla því að fara nokkrum orðum um frv. það, er hjer er til umræðu.

Jeg vakti máls á því við síðustu umr., hvað fyrir mjer vektí. Ef þetta frv. á að koma að notum, þá verður það að sníðast um. Lögin ættu ekki einungis að vera heimildarlög, heldur ákveðin fyrirskipun, að það skyldi gert, sem þau fara fram á, og um leið ákvæði um að skipa fasta og örugga nefnd til að sjá um allan innflutning til landsins. Það er ógerningur fyrir stjórnina að ákveða, hvað skuli teljast óþarfavörur og hvað ekki. Það verða menn að gera, sem vita nákvæmlega um þarfir

og birgðir landsins at hverri vörutegund fyrir sig, en slíkt kostar starf og rannsókn. Það er ekki nóg að banna glysvarning, heldur alt það, sem óþarft er í það og það skiftið.

Það var minst á kaffi til Danmerkur við síðustu umr., og vildu sumir segja, að það hefði átt að seljast til Þýskalands. Jeg hefi reynt að afla mjer upplýsinga um þetta og hefi komist að raun um, að svo hafi ekki verið. Það var kaffiþurð með Dönum, og keptust þá allir við að flytja inn kaffi, og af því stafaði þessi kaffi-ófhleðsla Dana. Hjer getur eins orðið, og hefir orðið, og dæmið, sem taka má, er kaffi. Hjer varð kaffilaust, en síðan kom alt of mikið, og vill svo verða um fleira, því allir reyna að flytja inn vöruna, sem vantar í svipinn, og keppast um það, þang- að til of mikið er orðið af henni. Jeg hefi heyrt, svo að jeg nefni dæmi, að ein vörutegund, sem teljast verður nauðsynleg, skósverta, sje hjer svo mikil, að hún nægi til 2 ára. Til þess að hindra þetta verður að skipa sjerstaka nefnd, sem hefir eftirlitið meira en að nafninu til.

Jeg tók það fram í byrjun ræðu minnar, að jeg kæmi ekki með brtt. eða frv. í þessa átt eða neina aðra, því jeg hefi vanþökk á lagastarfi þingsins, eins og því er nú háttað. Jeg mun ekki greiða atkvæði með frv., bæði af þessari ástæðu, og eins af því, að jeg tel það ekki svo vel úr garði gert sem skyldi. Hefi jeg tilgreint, að hverju leyti mjer þykir því helst ábótavant. Jeg vil ekki heldur greiða atkv. á móti því, og er það vegna þess, að margt er gott í frv. og stefnir í rjetta átt. Jeg greiði því ekki atkv., og verður hæstv. forseti að meta það eftir því, sem honum þykir rjettast.

Forsætisráðherra (J. M.): Það getur verið rjett hjá háttv. 1. þm. Árn. (E. E.), að skipa þurfi nefnd, ef takmarka á inn-

flutning á óþarfavöru, nokkurskonar innflutningsnefnd af nýju. En slíkt er ekki útilokað með frv. Stjórninni er veitt heimild til þess, og eins getur stjórnin ákveðið, hvað skuli teljast óþarfavara í hvert skifti.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort stjórnin sjer sjer fært að nota þessa heimild, en þó er gott að hafa hana. Skiprúm er oft alt upptekið af óþarfavarningi, og verður það til þess, að nauðsynjavörur verða að sitja á hakanum. Þetta hefir komið sjer illa. Eimskipafjelag Íslands, sem hefir áhuga á því að flytja það helst til landsins, sem til gagns má verða, hefir fundið til þessa. En með þessum heimildarlögum getur stjórnin ráðið bót á þessu.

Gagnvart háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) skal jeg taka það fram, að bankarnir sjá fulla nauðsyn á að takmarka eyðslu þessa varnings og vilja heldur láta fje sitt í framfarafyrirtæki, en þeir geta einatt ekki við það ráðið. Það er ómögulegt að neita þeim mönnum um fje, sem eiga inni í bankanum.

Einar Þorgilsson: Jeg er samþykkur þessu frv. og mun greiða atkv. með því, þótt jeg geti búist við, að ekki verði mikið úr framkvæmdum, og liggja til þess 3 ástæður. Fyrsta ástæðan er sú, að nú liggur mikið fje í óþarfavarningi, og er útlit fyrir, að sett verði í hann meira fje, sem betur væri notað til einhvers þarfara. Önnur ástæðan er sú, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) benti á. Óþarfinn tekur upp svo mikið skiprúm, að ekki getur flust eins mikið til landsins af nauðsynjum og æskilegt væri. Þriðja ástæðan er það, að nú gengur eyðsla manna úr hófi fram, og væri vel, ef hægt væri að takmarka hana eitthvað. Jeg lít svo á, að stjórnin geti skipað nefnd í þetta mál, ef henni þykir það henta, en hún þarf ekki að beita lög-unum nema henni þyki þeirra þörf.

Jeg hefi nú gert grein fyrir atkv. mínu, og verður það með frv.

ATKVGR.

Fr. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 108).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti: Jeg legg til, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls 300) með 11 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 108).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Guðmundur Ólafsson: Þetta mál kemur einnig frá fjárhagsnefnd. Hún hefir slept að koma með nál. Leggur hún til, að frv. nái fram að ganga, þó að hún telji það eitt af pappírsögnum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., s. d., kl. 2⁴⁰ miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 108).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 167).

13. Kensla í mótörvælfraði.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 19. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um kenslu í mótörvælfraði (A. 37).

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Jeg býst við, að þetta frv. þurfi ekki skýringar við, annara en þeirra, er í greinargerðinni felast. Jeg ætla að eins fáum orðum að minnast á, að menn, sem gæta vjela á mótörskipum, ættu að eiga kost á að afla sjer nauðsynlegrar fræðslu í þeim efnum, við opinbera stofnun, sem talist gæti fræðslustarfinu vaxin. Síðustu 15 ár hafa miklar breytingar orðið á sjávarútvegi; árabátar hafa lagst niður, en í stað þeirra kom-

ið fjöldi mótörbáta og mótörskipa. Í skipum þessum liggur stórfje, og árangurinn af útgerðinni getur því að eins orðið góður, að alt sje í lagi, og er því nauðsynlegt, að reglur sjeu settar um það, hverjir megi hafa vjelgæslu á hendi. Hingað til hefir ekki verið kostur á að afla sjer fræðslu í þessum efnum, nema á námsskeiðum Fiskifjelagsins. Nú hafa þau námsskeið lagst niður, vegna þess, að hæfir menn hafa ekki verið áánlegir til að veita þeim forstöðu, og ef til vill líka af því, að húsrúm, áhöld og fleira hefir vantað. Það liggur því beint við, að slík stofnun verði sett á stofn á landssjóðs kostnað, og það sem fyrst. Ef ekkert er að gert, getur af því hlotist mikið fjárhagslegt tjón og mörg mannlíf verið í hættu. Það er ekki svo að skilja, að öll slys stafi af þekkingarleysi þeirra, sem vjelunum stjórna, en slíkt getur þó átt sjer stað. Stórfje hefir farið forgörðum vegna þess, að skip hafa orðið að hætta í vertíðarbyrjun vegna vjelbilunar, því að færir menn hafa ekki gætt vjelanna. Það ætti að vera meðmæli með frv., að það er gert í samráði við forstöðumann vjelskólans, og vjelfræðingur Fiskifjelagsins hefir einnig um það fjallað og telur nauðsynlegt, að það nái fram að ganga.

Mjer væri kærast, að málið fengi að ganga nefndarlaust, því annars er tvísýnt, hvort það far afgreiðslu á þessu þingi; tel óhætt, þótt það gangi áfram nefndarlaust, og vænti þess, að það fái góðar viðtökur.

Ólafur Proppé: Herra forseti! Mjer þykir mjög vænt um frv. þetta, enda hafði jeg hugsað mjer að koma fram með líkt frv., en nú hefir verið tekið af mjer ómak-ið, svo að jeg finn mjer skylt að votta þakklæti mitt fyrir. Jeg hefi sjálfur haldið því fram, bæði í ræðu og riti, hvílik nauðsyn væri á því, að vjelamenn hefðu

eins mikla kunnáttu og skipstjórar. Móturvjelar eru nú mjög dýrar, og því full ástæða til, að krafist sje nokkurrar þekkingar einnig á þessu sviði. Fjárhagslegt tjón, sem stafar af því, að óhæfir menn eyðileggja vjelarnar, er óútreiknanlegt, fyrir utan hið óbeina tjón, og oft geta líf manna verið í veði vegna vankunnáttu vjelstjóra. Laun þessara manna eru nú það há, að heimta má fylstu kunnáttu, eins og hjá bestu skipstjórum. Jeg vona, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi og að því verði vísað til 2. umr. nefndarlaust.

Till. kom fram um að vísa málinu til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A.bl. 304) með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., Jak. M., J. S., M. G., M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., B. Sv., B. H.

nei: E. Þ., Gunn. S., H. K., J. A. J., S. St., Sv. B., Þorst. J., Þór. J.

Tveir þm. (B. J. og E. E.) fjarstaddir.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 37. n. 64).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Kristjánsson: Sjávarútvegsnefnd hefir athugað frv. og fallist á það í öllum atriðum, en þó með smávægilegum breytingum, sem eru á þgskj. 64. Þar sem þessar brtt. eru ekki efnis-

breytingar, þá sje jeg sem flm. ekkert við þær að athuga. Þar sem málinu var svo vel tekið, bæði í deildinni og í nefndinni, sem um það fjallaði, þá sje jeg ekki ástæðu til að telja því fleira til gildis en jeg gerði við 1. umr. En ef verulegs andblásturs verður vart nú hjer í deildinni, þá skal jeg reyna að rökstyðja það frekar. En jeg vona, að ekki komi til þess. Jeg ætla því ekki að fara frekari orðum um þetta, en vænti, að fylgi þess sje ekki minna en það var við 1. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17. shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 64, 1. samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 64, 2. (ný 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 94).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um kenslu í móturvjelfræði,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.
(A. 107).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. —
Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d., kl. 5½ síðdegis,
var frv. tekið til 2. umr. (A. 107).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Af-
brigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fr. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr.,
var frv. tekið til 3. umr. (A. 107).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Af-
brigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Fr. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr.
sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 161).

14. Lögreglusamþyktir utan kaupstaða.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 19. febr.,
var útbýtt

*Frumvarpi til laga um breyting á lög-
um nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusam-
þyktir utan kaupstaðanna* (A. 40).

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr.,
var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Þorgilsson): Hæstv. for-
seti! Þetta stutta frv. er fram komið fyrir
einróma ósk Keflvíkings. Lög nr. 18, 20. okt.
1905, þar sem þetta ákvæði stendur: „enda
búi sýslumaður þar“, virðast bera það með
sjer, að andi þessarar setningar hefir þá
verið álitinn þýðingarmeiri en hann er nú.
Því með breyttum staðháttum hefir Kefla-
vík vaxið upp úr því. Þá voru engir vegir
lagðir og apall, illur yfirferðar, svo það
tók fulla 7 tíma að komast frá Hafnarfirði
til Keflavíkur. Þá var heldur enginn sími,
svo ekki var hægt að koma orðum nje
skeytum á skömmum tíma. Nú horfir það
öðruvísi við. Besti bílvegur, sem til er á
landinu, er nú milli Hafnarfjarðar og
Keflavíkur, svo komast má það á 1 klukku-
tíma. Þessi vegur er oftast vel ferðafær
fyrir bíla, jafnvel þó snjóalög sjeu, og sími
er nú lagður milli Hafnarfjarðar og Kefla-
víkur, svo afgera má sakirnar á svipstundu.
Þess vegna finst mjer ákvæðið ekki eiga við
nú. Keflavík er lítið mannfleiri nú en þá,
en þó finst mjer nú frekari þörf, að þessir
600 íbúar fái rjettarbót, til þess að geta
komið skipulagi á ýms atriði, til dæmis
vegagerðir, húsaskipun og fleira. Öll
saungirni virðist því mæla með því, að
þeim verði veitt undanþága í þessu efni.
Líka er það skilyrði fyrir hendi, sem ekki
er algengt, að hreppstjóri er búandi á
staðnum, og hefir það talsverða þýðingu.
Keflavík er miðstöð alls viðskiftalífs á
Reykjanesskaga, og er því full ástæða til

að ætla, að hún muni eiga framtíð fyrir sjer. Ef höfn verður gerð á Reykjanes-skaga, þá verður hún þar. Þetta atriði bendir til þess, að Keflavík hafi skilyrði til að fá það, sem þetta frv. fer fram á. Jeg ætla ekki að orðlengja meira um þetta, en vona, að frv. fái að ganga til 2. umr., helst án nefndar.

Tillaga kom fram um að vísa málinu til allsherjarnefndar.

‘ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 305) með 13 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Sv. B., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. H., G. Sv., J. A. J., J. S., Ó. P., P. J., P. O., P. Þ.

nei: S. St., Þorl. J., B. Sv., E. Þ., H. K., Jak. M., M. G., M. K.

Fimm þm. (B. J., E. E., Gunn. S., M. K. og Sv. Ó.) fjarstaddir.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 59).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sveinn Björnsson): Allsherjarnefnd hefir komið sjer saman um að leggja til, að frv. fái fram að ganga með þessari einu breytingu. Hún er stutt og skýrir sig sjálf.

Einar Þorgilsson: Jeg sje ekki, að brtt. á þgskj. 59, frá allsherjarnefnd, sje nein efnisbreyting á frv., heldur að eins orða-breyting. Þess vegna er ekki ástæða til að

Aþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

fara um það fleiri orðum, en jeg beiðist þess, að það fái að ganga til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 59. (ný frvgr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 95).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22. shlj. atkv. og afgr til Ed.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 meðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lög-um nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 109).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Björn Kristjánsson: Þetta mál hefir, eins og menn vita, gengið viðstöðulaust gegnum Nd., nema hvað allsherjarnefnd breytti lítillga einu atriði. Jeg hygg því ekki, að nokkuð geti verið athugavert við frv.

Markmið frv. er að veita heimild til

þess að gera lögreglusamþykktir utan kaupstaða í kaптúnum þótt sýslumaður búi þar ekki, og er að því leyti rýmkun á gildandi lögum, en þar sje þá umboðsmaður sýslumanns eða hreppstjóri.

Frv. er flutt að ósk sveitarstjórnarinnar í Keflavík, sem er allstórt kaптún, þótt ekki hafi það kaupstaðarrjettindi. Umboðsmaður sýslumanns er á staðnum, enda fljótgert fyrir hann að bregða sjer þangað, ef eitthvað alvarlegt ber að höndum, síðan hinn ágæti vegur kom á milli Keflavíkur og Hafnarfjarðar.

En með því að heimildar þessarar getur verið eins þörf annarsstaðar, þá er ætlast til, að hún sje almenn. Að öðru leyti er heimild þessi algerlega hættulaus, með því að bæði sýslumaður og stjórnarráð veita samþykkið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á. 13. fundi í Ed., s. d., kl. 5½ síðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 109).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 109).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 160).

15. Manntal á Íslandi.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um manntal á Íslandi (A. 49).

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sveinn Björnsson): Jeg ætla, fyrir hönd allsherjarnefndar, að skýra stuttlega frá því, hvers vegna frv. þetta er fram komið. Frv. er þannig fram komið, að hagstofustjóri hefir samið það og greinargerð, síðan sneri hann sjer til hæstv. fjármálaráðherra, en hann afhenti allsherjarnefnd það. Allsherjarnefnd hefir athugað það og komist að þeirri niðurstöðu, að það væri æskilegt, að það næði fram að ganga. En þar sem manntal á fram að fara seint á þessu ári, vildi nefndin ekki draga að leggja það fram fyrir deildina í því formi, sem hagstofustjóri afhenti það, því hann er vandvirkur maður, og vel frá frv. gengið. Ef nefndin við nánari íhugun finnur ástæðu til að breyta því, þá getur hún gert það seinna. En þar sem manntal á fram að fara á þessu ári, þarf að flýta frv., og vildi jeg mælast til þess, að hæstv. forseti geri alt, sem hann getur, til að flýta því, svo það komist í gegnum báðar deildir.

Sveinn Ólafsson: Að eins örlítill athugasemd til allsherjarnefndar, sem tekið hefir málið að sjer til flutnings. Um frv. alment ætla jeg ekki að tala, finst lítil þörf á því, að það nái fram að ganga á þessu þingi; manntalið getur farið fram eins og venjulega. Jeg ætla að eins að skjóta þeirri athugasemd til nefndarinnar, að mjer finst ein setning óþarflega dönskuskotin. Hún stendur í 1. gr. og hljóðar svo: „nema óviðráðanlegar hindranir komi í veg fyrir það“. Þetta finst mjer slæm íslenska. Nefndin ætti að athuga þetta. Svo ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um þetta að sinni.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, 101).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. e. hlj.

Frsm. (Sveinn Björnsson): Brtt. á þgskj. 101 er komin frá nefndinni eftir bendingu frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) við 1. umr., og hefir hann tjáð mjer, að hann sje ánægður með orðalagið eins og það verður með brtt. Nefndin hefir átt tal við hagstofustjóra, og leggur hann áherslu á, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Jeg vona, að hv. deild taki tillit til þess.

ATKVGR.

Brtt. 101. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fr. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 110).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Fr. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., kl. 5½ síðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um manntal á Íslandi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 127).

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Sigurður Eggerz: Jeg skal geta þess, að frv. þetta er flutt af allsherjarnefnd Nd. eftir tilmælum fjárhagsstjórnarinnar, að hvötum hagstofustjórans. Það þótti viðkunnanlegra, að manntalið væri bygt á lagaboði. Auk þess hafði bólað á því við síðasta manntal, að teljarar voru óánægðir með það að fá ekki kaup. Hjer er teljurum ekki ætlað kaup, en sveitarstjórnun þó heimilt að greiða þeim, ef þeim þykir ástæða til þess. Hjer er enn fremur gert ráð fyrir nefnd til aðstoðar við hagstofuna um spurningar, sem sendar verða út um land fyrir manntalið. Frv. fylgdi greinileg rökstuðning frá hagstofunni, og vænti jeg því, að hv. deild taki frv. vel.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Mjer þætti fróðlegt að heyra álit manna um það, hvernig eigi að haga manntalinu þar, sem fríkirkjusöfnuðir eiga í hlut. Nú er manntalið falið prestum, en jeg skil ekki, að það geti gilt gagnvart öðrum en þeirra eigin söfnuðum, en ekki fríkirkjusöfnuðum. Það er rjett að minnast á þetta til leiðbeiningar.

Sigurður Eggerz: Jeg á erfitt með að svara þessari spurningu og veit ekki, hvernig þessu hefir verið hagað við síðasta maantal. En jeg geri ráð fyrir því, að fríkirkjuprestar hafi staðið fyrir manntali í fríkirkjusöfnuðum.

Forseti: Lögum samkvæmt hvíla á fríkirkjuprestum sömu skyldur um skýrslugerð sem þjóðkirkjuprestum. Alveg sama máli gegnir því um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., s. d. (27. febr.), kl. 2 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 127).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., kl. 2.40 miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 127).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 168).

16. Póstlagabreyting.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var úthýtt.

Frumvarpi til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907 (A. 68),

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Með því að sá, er kosinn var framsögumaður þessa máls af samvinnunefnd samgöngumála, er flytur frv þetta, hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), er veikur, hefi jeg verið beðinn að fara nokkrum orðum um málið.

Frv. þetta fer fram á að bæta við ákvæði í póstlögin um að skylda öll skip, sem eru íslensk eign eða leigð af mönnum, búsettum hjer, þegar þau eru afgreidd hingað frá erlendri höfn, til þess að gera pósthúsum þar aðvart um brottför sína og til þess að taka hingað brjefapóst. Nú hvílir slík skylda ekki á þessum skipum nema um flutning á pósti frá Danmörku samkvæmt þargildandi lögum. Greinargerð frv. ber það með sjer, að horfur eru á því,

að erfiðleikar verði framvegis á brjefapóstflutningi hingað frá öðrum löndum en Danmörku, einkum frá Bretlandi, ef skipum er ekki gert beinlínis að skyldu að annast slíka flutninga. Hefir nefndin því fallist á að bera fram frv. þetta, sem samið er af pósthjórnninni.

2. gr. frv. fer í þá átt, að fimmfalda megi viðurlög fyrir að neita pósthflutningi, og að enn fremur sje pósthjórnninni heimilt að útiloka þá menn, er brotlegir gerast, frá póstsambandinu um ákveðinn tíma, og sömuleiðis að leggja slíka hegningu á þá menn, er sýna af sjer megn vanskil gagnvart pósthjórnninni, en hið síðarnefnda er þó því skilyrði bundið, að stjórnnin samþykki. Nefndinni virtist, að þessi breyting hefði mikið til síns máls, og væntir hún þess, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15. shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, 100).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 100 (ný 3. gr.) samþ. með 16. shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., s. d., kl. 6¹⁵ síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 119).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á pósthögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 141).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Á 15. fundi í Ed., s. d., kl. 2 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 141).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Bann gegn botnvörpuveiðum.

Á 16. fundi í Ed., s. d., kl. 2⁴⁰ miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 141).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og afgr. sem

Lög frá Alþingi.

(Sjá A. 170).

17. Bann gegn botnvörpuveiðum.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (A. 70).

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í.e. hlj.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Frv. þetta er fram komið frá sjávarútvegsnefndum beggja deilda. Ástæðurnar fyrir því er að finna í greinargerðinni, en þó vil jeg bæta við hana nokkrum athugasemdum frá sjálfum mjer.

Það er oss öllum ljóst, að á komandi tímum verður mjög mikil eftirsókn eftir fiskimiðum hjer við land. Svo var það orðið fyrir ófriðinn, og má þó gera ráð fyrir, að aðsóknin verði framvegis miklu meiri en hún var þá, þegar þjóðirnar fara að sinna atvinnuvegum sínum aftur fyrir alvöru.

Nú er hins vegar svo ástatt, að vjer eigum dálitla sjereign umhverfis landið, sem oss ríður mikið á að vernda fyrir ágangi

erlendra sjómanna. Þetta hefir síðasta Alþingi sjeð, er það heimilaði stjórninni að kaupa, láta smíða eða leigja eitt eða fleiri skip til strandgæslu. En málinu er samt enn þá ekki lengra komið en svo, að ákveðið er, að eitt eða tvö skip frá Dön-um annist strandgæsluna. Breytingin, sem á hefir orðið, er þá sú ein, að skipin verði 2, í staðinn fyrir eitt. Þetta verður fyrir-sjáanlega ónóg strandgæsla. En eins og stendur höfum vjer ekki önnur betri ráð til að bæta úr þessu en þau, að herða á sektarákvæðunum fyrir landhelgisbrot, og vjer ættum ekki að telja eftir oss að gera það, sem í voru valdi stendur.

Um þetta eru til lög frá 1898, 1902 og 1909, sem þó eru ekki alveg sjálfum sjer samkvæm.

Jeg skal geta þess, að í samvinnunefndinni var dálitill ágreiningur um sektar-aukann. Sumum þótti 10 þús. kr. sekt of há. En jeg er þeirrar skoðunar, að það sje ekki. Þúsund króna lágmarkið er alt of lágt og úrelt, með tilliti til peningaverð-fallsins. Fyrrum seldu botnvörpungar afla sinn fyrir 8000 kr., en nú er hann seldur fyrir jafnmörg sterlingspund. Þessar 10 þús. kr. eru því að eins sorglega lítill inn-gangseyrir inn í landhelgina. Sektar-ákvæðin attu sannarlega að vera hærri. Og þegar þess er gætt, að Íagðar hafa verið 100 þús. til 500 þús. kr. sektir t. d. við broti á sölubanni á vissum vörutegund-um, þá er þessi sekt sist of há í saman-burði við það. Jeg hefði verið ánægðastur með 100 þús. kr., svo að þeir gerðu sjer það ekki að leik að brjóta lögin.

Þetta eru meginbreytingarnar, sem nefndirnar hafa gert á lögunum. Aðrar breytingar skifta lítt máli. Þess skal þó getið, að feldar hafa verið burtu undan-þágurnar í 3. gr. laga frá 1902, en þær hafa verið notaðar til þess að komast und-an sektum.

Með því að hv. deild eru þessi atriði

eins ljós og mjer, þá finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekar, en vona, að deildin leyfi því fram að ganga með afbrigðum til 2. umr. á næsta fundi hjer frá, er væntanlega verður skotið á að þessum fundi loknum, og til 3. umr. á næsta fundi þar á eftir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., s. d. (25. febr.), kl. 2³⁰ miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 70).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Sveinn Björnsson: Þetta mál fer nokkuð hröðum skrefum, eða flugvjin fer nokkuð hratt yfir, svo að það er vont að nema staðar við einstök atriði í frv. Jeg vil ekki hindra það á nokkurn hátt, að þetta frv. að aðalefni geti farið svo fjótt í gegnum þingið, sem hægt er.

Í síðustu grein frv. er talað um að nema úr gildi lög nr. 56, 30. júlí 1909. Það er heimild um að veita skipum, sem skrásett eru hjer á landi, undanþágu frá að hafa öllum veiðarfærum svo fyrir komið og frá gengið, þegar þau eru í landhelgi, sem annars er krafist. Það er samvinnu-nefnd sjávarútvegsnefnda, sem leggur til, að þetta ákvæði sje felt í burtu, án þess eiginlega að gera nokkra sjerstaka grein fyrir því. Jeg hefi ekki heyrt ástæðurnar fyrir því, hvers vegna þetta þurfi að fella í burtu, en það eru lítils háttar friðindi fyrir innlenda menn, og jeg kann ekki við að samþykkja þetta orðalaust, áður en jeg hefi fengið að vita, hvers vegna á að gera það. Jeg leyfi mjer að beiðast þess, að nefndin skýrir þetta, og ef hún

gerir það ekki, þá neyðist jeg til að koma fram með brtt.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Nefndin var á eitt sátt um að fella þetta atriði úr lög-unum, af því að hún sá enga ástæðu til að hafa slíka undanþágu í þeim framvegis, mest vegna þess, að hún vildi gera öllum, innlendum sem útlendum, jafnt undir höfði, og fann hún, að með því að láta þetta ákvæði standa mundi misrjetti beitt. Jeg er kann ske dálítið kunnugur því, hvernig þessum lögum hefir verið hlýtt, og þá ekki síst af innlendum mönn-um. Nefndin var á einu máli um að fella þetta atriði í burtu af þessari greindu ástæðu, og meðfram af því, að það er ástæða til að ætla, að einmitt þessi undan-þága geti leitt til þess, að brot sjeu fram-in. Það getur oft staðið svo á, að söku-dólgurinn sje einmitt nýbúinn að draga inn vörpuna á því svæði, sem hann finst, eða sje í þann veginn að kasta henni, en þeim er sem sje hægt að forsvara gerðir sínar með því, að þeim sje leyft að hafa alt undirbúið. Íslenskum botnvörpungum er mjög svo hægt, eins og öðrum, að hafa vörpu sína frá leysta og net sín í búlka. Sem sagt, þetta atriði er til einskis gagns í lögnum og á úr þeim að fara.

Sveinn Björnsson: Jeg skildi svo hv. frsm. (E. Þ.), að þetta atriði væri gagns-lítið í lögnum, eða að minsta kosti að það væri eins heppilegt að hafa þau svo, sem hann gerði ráð fyrir. (E. Þ.: Já, hvað nytsemina snertir). Já, um nytsemina er það að segja, að jeg hygg, að fyrir tæp-um 10 árum hefði naumast verið brotist í að setja þessi lög, nema því að eins, að það hafi þótt rjettara að hafa þau. Jeg hygg t. d., að það sje mikið hagræði fyrir íslenska botnvörpunga að geta sparað sjer alla þá vinnu, sem í þessu liggur.

Að þetta geti gert mönnum hægra fyrir

að brjóta landhelgislögin, er í sjálfu sjer ekki næg ástæða; í fyrsta lagi má gera ráð fyrir, að betra eftirlit verði með þessum botnvörpuveiðum hjer eftir en hingað til, og í öðru lagi vil jeg segja það, að ef ekki er hægt að líta eftir því á fullnægjandi hátt, þá er jeg á þeirri skoðun, að minni ástæða sje til að fást um, þó innlendir menn skjótist undan lögunum en útlendir; síður en svo, að jeg sje að mæla með því, að menn brjóti lögin, en mjer finst, að ríkari ástæða þurfi að vera fyrir hendi, til þess að menn nemi úr lögunum þessi útlátalitlet friðindi.

Pjetur Ottesen: Háttv. frsm. (E. Þ.) hefir skýrt frá ástæðum sjávarútvegsnefnda fyrir að fella þetta ákvæði, sem hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) hefir talað um, úr lögunum. En jeg vil að eins bæta því við, að það er engan veginn gripið úr lausu lofti, að þetta atriði, í fyrsta lagi að því er misrjettið snertir, geti verið allvarhugavert, og í öðru lagi torveldi mjög landhelgisgæsluna. Hv. þm. Vestm. (K. E.), sem sæti á í sjávarútvegsnefnd Ed., og er sá lögreglustjóri, sem flesta landhelgisbrjóta hefir dæmt og allra manna kunnugastur er þessu, hefir skýrt nefndunum svo frá, að foringjar varðsripsins hafi altaf kvartað undan því, að þetta ákvæði væri mjög óheppilegt í lögunum. Þeir telja gremju útlendinga svo megna yfir þessu misrjetti, að þeir eru hreint hættir að beygja sig undir lögin að þessu leyti, og foringjar varðsripsins skirst við að draga þá fyrir lög og dóm fyrir þetta, þegar þeir hafa verið innan um íslenska botnvörpunga, sem samkv. undanþágunni hafa leyfi til að hafa hlerana utan borðs í landhelgi, þó að þeir sjeu ekki að veiðum. En þetta ákvæði gerir þeim auk þessa mun auðveldara að veiða í landhelgi, á þann hátt, að þeir eru ekki svipstund að draga upp vörpuna á

grunniðum, þegar þeir þurfa ekki að taka hlerana inn á þilfarið, og þó að varðskipið sjái þá álangdar, þá getur þeim vel unnist tími til þessa áður en varðskipið er komið á vettvang, að fría sig á þennan hátt, þó að þeim hefði aftur á móti ekki unnist tími til að koma veiðarfærum í búlka, og þar með staðnir að brotinu. Þessu kvarta foringjar varðsripsins mjög undan, því þeir eru mjög varfærnir í því að taka skipin, ef þeir eru ekki alveg hárvissir um sekt þeirra.

Þótt segja meg, að okkur sje ekki vandfarið við útlendinga, sem sækja á fiskimiðin okkar og níðast á landhelginu, og sjálfsagt er að leggja þungar sektir við, er landhelgin er brotin, þá verður að girða fyrir alt misrjetti, því það er misrjettið, sem skapar óánægjuna, en ekki hitt, þótt sektirnar sjeu háar.

Og viðvíkjandi þessu misrjetti má enn fremur benda á það, hvernig aukaþingið veturinn 1916—17 leit á þetta mál. Þá kom fram frv. um það, að láta útlendinga, ersíldveiði stunda hjer við land, borga nokkru herra útflutningsgjald af síld en innlenda síldveiðamenn, þannig, að tollurinn væri að nafninu til jafnhár á öllum, en innlendum mönnum yrði hann endurgreiddur að nokkru.

Þessi aðferð var þá talin mjög varhugaverð og dauðadæmd, því frv. var felt.

Það verður því ekki með neinum rökum sagt, að það sje ekki að vel yfirlögðu ráði, að nefndin ræður til að nema þessa undanþágu í burtu.

Hjer er því vissulega um mjög mikilvægt atriði að ræða, sem allmikið veltur á, hvern árangur landhelgisgæslan ber. Og þó að segja meg, að íslenskum botnvörpueigendum sje nokkurt hagræði að þessari undanþágu, á þann hátt, að það sje vinnusparnaður, þá er það svo lítilvægt atriði, að þess gætir ekki hjá hinu.

Þótt þetta hafi verið af botnvörpueigendum notað sem yfirsótsástæða til að koma þessari undanþágu inn í lögin, þá hefir hitt verið aðalatriðið fyrir þeim, að auðvelda þeim með þessu að fiska í landhelgi.

Jeg vænti þess því, að hv. deild, að öllu athuguðu, þó að langur tími sje ekki til athugunar, verði með því að nema þetta ákvæði úr lögunum og með því gera oss miklu ljettara fyrir en nú er að verja landhelgina og tryggja betur, að vjer berum meira úr býtum fyrir þann kostnað og fyrirhöfn, sem það útheimtir, að gæta landhelginnar svo að í lagi sje.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

4.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 70).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Sveinn Björnsson: Jeg minnst þess, að þegar málið var til 2. umr. í gær á 5 mínútum, þá taldi jeg það athugavert, að feld yrðu lög um það, að veita íslenskum botnvörpum undanþágu frá að hafa veiðarfæri sín fest við búlka innanborðs. Jeg hefi ekki komið fram með brtt. Þó vil jeg ekki láta málið fara svo úr deildinni, að jeg minnst ekki á þær tvær ástæður, sem eiga að rjettlæta það, að ákvæði þetta verði numið úr gildi. Önnur ástæðan er

Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

sú, að Englendingar hafi kvartað undan því, að sjer væri órjettur gerður með þessu; hin ástæðan er sú, að yfirmenn á „Islands Falk“ segjast eiga erfitt með að gæta landhelgisvarna meðan íslenskir botnvörpum hafi þessa undanþágu. Hvorugt hefir nefndin lagt skjalllega fyrir þingið, og þótti mjer nokkuð fljótræðislegt að nema þetta lagaákvæði úr gildi án slíks. Jeg hefi ekki fundið ástæðu til að koma fram með brtt., en jeg gat ekki látið hjá líða að minnst á þetta.

Pjetur Ottesen: Úr því að háttv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) hefir horfið frá því ráði að koma fram með brtt. í þá átt að koma þessu umrædda ákvæði aftur inn í lögin, þá þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta.

En einungis af því, að hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) er altaf að bera það fram, að nefndin hafi bygt það, að nema þetta ákvæði úr lögunum, á lausafregnum, og að ekkert skjalllegt liggi fyrir um nauðsyn þess, þá vil jeg endurtaka það, sem jeg hefi reyndar áður sagt um þetta efni, að nefndirnar byggðu þetta á ábyggilegum heimildum. Fyrst á ummælum og álitum hv. þm. Vestm. (K. E.), sem er allra manna kunnugastur þessum málum, þar sem hann er sá af lögreglustjórum landsins, sem haft hefir með höndum flest af málum þeim, sem risið hafa út af landhelgisbrotum, og dæmt hefir flesta landhelgisbrjótana. Á þennan hátt hefir honum þráfaldlega gefist færi á að kynnst þeirri óánægju, sem misrjetti þetta skapar hjá útlendingum; og umkvörtunum foringjanna á varðskipinu yfir því, hvað þetta ákvæði torveldi þeim landhelgisgæsluna.

Reynsla og eftirtækt sjómanna yfirleitt á þessu efni er alveg á sömu leið. Þeir hafa þegar fyrir löngu sjeð agnúana á þessu undanþáguákvæði, sem bæði hefir

Bann gegn botnvörpuveiðum.

komið fram í ræðu og riti, og þráfaldlega á þingmálafundum hjer við Faxaflóa og víðar.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) sagði við 2. umr. þessa máls, að það hefði áður hjer á þingi komið fram tillögur um að fella þetta undanþáguákvæði niður, en ekki náð fram að ganga, þá vil jeg benda á, hver ástæða var fyrir því, að þetta komst ekki fram á þinginu 1914. Svo er mál með vexti, að jafnframt því, að farið var fram á að fella niður þessa undanþágu, átti einnig að hækka sektarákvæði laganna. En þá var stríðið að skella á, og voru menn því, af ótta við Englendinga, ragir við að hækka sektarákvæðin, og var það, að því er sjeð verður á umræðum um málið í Nd., ástæðan til þess, að ekki varð af neinum breytingum í það sinn.

Málið gekk þá óhindrað í gegnum Ed., en var felt í Nd., af þeim ástæðum, er jeg nú hefi talið.

Þessar breytingar, sem sjávarútvegsnefndir beggja deilda leggja til að gerðar sjeu á lögunum, eru ótvírætt bráðnauðsynlegar og á fylstu rökum byggðar, og hefir hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) gert hárrjett í því að hverfa frá því ráði, að reyna að þröngva þessari undanþáguheimild inn í lögin aftur.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr.
Til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d. (26. febr.), kl. 5½ síðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bann gegn botnvörpuveiðum,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 128).

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Karl Einarsson): Við þessa umr. skal jeg ekki fara langt út í málið.

Jeg skal geta þess, að sektarákvæðin eru hækkuð, með því að sektirnar þóttu mikils til of lágar, sjerstaklega eftir að peningar hafa fallið svo í verði, sem kunnugt er. Auðvitað má þrátta um það, hvort nefndirnar hafi hitt það rjetta eða ekki. Það stóð til á þingi 1914 að hækka sektirnar. En þá skall á styrjöldin mikla, svo að ekkert varð úr þessu, enda hefir naumast þurft á þessu að halda. Styrjaldarárin hefir strandgæsla verið sama sem engin, og að því, er mjer er kunnugt, að eins 1 brot, sem upp víst hefir orðið á þessum árum, sem sje í Vestmannaeyjum 1915.

Það er nauðsyn að hraða málinu svo, að það verði afgreitt í dag, og vil jeg því óska, að það gangi fram nefndarlaust, enda flytja það sjávarútvegsnefndir beggja deilda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., s. d. (27. febr.), kl. 2 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 128).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg get ekki varist því að láta í ljós, að mjer finstsjávarútvegsnefnd hafa farið nokkuð frekt í sakirnar, þegar hún hefir tífaldað sektarákvæðin frá því, sem áður var. Peningar

hafa að vísu fallið í verði, en engum dettur í hug, að þeir hafi fallið svo, að hægt sje að rjettlæta tífalda hækkun.

Önnur grein segir: „Nú er botnvörpuskip í landhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs“. Með lögum þessum er numið það ákvæði úr lögum frá 30. júlí 1909, að íslenskir botnvörpungar geti fengið undanþágu frá að hafa veiðarfæri sín í búlka innanborðs. Þessi ívilnun var gerð fyrir íslenska botnvörpunga, af því að þeir áttu miklu oftari leið um landhelgissvæðið, bæði er þeir fóru á veiðar og af veiðum með afla sinn hingað til landsins. Þetta ákvæði kemur því miklu þyngra niður á íslenskum botnvörpungum. Alþingi 1909 taldi sjer skylt að veita íslenskum botnvörpungum þessa ívilnun. Veit jeg ekki til, að aðrar þjóðir hafi fundið nokkuð við það að athuga eða að komið hafi frá þeim kvartanir yfir því. Ef grein þessi yrði samþykkt, myndi það leiða til þess, að hvíldartími skipverja styttest, en vinnutíminn lengdist, sem því næmi, að búlka veiðarfærunum. En besti hvíldartíminn er jafnan að lokinni veiði, á leið til lands. En ef þeir áttu þá, að fara að búlka veiðarfærunum, mundu þeir ekki fá notið hvíldariðnar.

Jeg veit ekki til, að heimild þessi hafi verið misnotuð eða að íslenskir botnvörpungar hafi verið grunaðir um að veiða í landhelgi.

Jeg vil spyrja hv. nefnd, hvort hún hafi borið þetta mál undir stjórn útgerðarmannafjelagsins. Mjer finst, að þingið ætti að vara sig á því að setja fyrirmæli, sem íþyngja þeim atvinnugreinum, sem mest er íþyngt með sköttum og álögum.

Frsm. (K. E.) gat þess, að hækkun sektarákvæðisins stafaði af verðfalli peninga. En hjer er þess að gæta, að peningar hafa fallið misjafnt í verði í hinum einstöku löndum, og verður hækkunin því til-

finnanlegri fyrir þær þjóðir, sem peningar hafa fallið meira í verði hjá en oss. Frönsk og þýsk mynt hefir fallið enn þá meira í verði en krónan, og þó sektirnar væru ekki hækkaðar nú, yrðu þær þessum þjóðum mun tilfinnanlegri en þegar þær voru settar. Jeg get ekki sjeð, að það sje nauðsynlegt að knýja þetta áfram nú, og sje enga ástæðu fyrir þingið að reka þetta í gegnum deildina á einum degi. Mjer þykir það einnig óviðfeldið að gera þessa breytingu að útgerðarmönnum fornspurðum. Jeg treysti mjer ekki til að fylgjast með þessu frv., eins og því er hroðað af á þinginu.

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg gat þess við fyrstu umr. málsins, að jeg mundi gera grein fyrir breytingunum í þessu frv.

1. breytingin er í 2. gr. Þar fellur burtu ákvæðið um undanþágu íslenskra botnvörpunga til að hafa veiðarfæri óbúlkuð í landhelgi.

Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) taldi það eina af ástæðunum fyrir því, að þetta gæti ekki átt sjer stað, að Alþingi 1909 hefði fundið sjer skylt að gera þessa ívilnun. Hvað vakað hefir fyrir þinginu 1909, veit jeg ekki. En þetta ákvæði hefir reynst mjög illa. Það hefir oft komið fyrir, að varðskipið hefir hitt íslensk og útland skip með veiðarfæri óbúlkuð á landhelgissvæðinu, og hafi þau verið spurð, hverju það sætti, hafa þau venjulega svarað, að þau hafi verið við veiðar skamt frá, en utan landhelgislíunnar. Það er því oft ilt að gera sektirnar gildandi á hendur þeim, þó að bersýnilega sje um brot að ræða.

Hvað því viðvíkur, að vinnutími lengist svo mjög við að búlka veiðarfærin, þá er það að mestu leyti gert með vjelum.

Þetta ár er fyrsta árið eftir ófriðinn, sem búast má við að botnvörpungaflotinn fari aftur að vaxa hjer við land. Hann mun nú þegar orðinn eins mikill og hann

Bann gegn botnvörpuveiðum. — Kjarni og Hamrar.

var fyrir stríðið mestur, og á þó fyrir sjer að aukast. Það er því full ástæða til að taka stranglega í taumana og nauðsynlegt, að málið gangi fram á þessu þingi. (S. J.: Það er samt ekki tekið fram, hve nær lögin eigi að öðlast gildi). Já, mikið rjett. En þá ganga þau sjálfsagt í gildi á venjulegum tíma, sem sje 12 vikum eftir birtingu í B-deild Stj.tíð.

Um hækkun sektanna hefir sumum fundist, sem farið væri fullfrekt í sakirn-ar. En þó er sannleikurinn sá, að þegar til-lit er tekið til hins mikla verðfalls pen-inganna, er þessi hækkun ekki eins mikil og hún sýnist vera. Fyrir fyrsta aðalbrot eru sektirnar fimmfaldaðar, en í 4. gr., sem einkum er stíluð upp á innlenda menn, sem grunaðir eru um liðsinni við útlendar veiðar, er hækkunin úr 200—2000 upp í 500—5000 kr.

Annars skal jeg játa, að jeg samdi ekki þetta frv. og var ekki viðstaddur þegar það var fyrst lagt fram, en finst þó ástæðulaust að fara að þvæla því milli deilda fyrir einhverjar smábreytingar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 11 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., s. d. (27. febr.), kl. 2⁴⁰ miðdegis, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 128).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Af-brigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 : 1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 169).

18. Kjarni og Hamrar.

Á 6. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um að leggja jarð-innar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrar (A. 31).

Á 7. fundi í Ed., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Einar Árnason): Jeg hefi leyft mjer að leggja þetta litla frv. fram fyrir háttv. deild, samkvæmt eindreginni beiðni hlutaðeigandi hreppsnefnda. Um Kjarna er það að segja, að hann er eign Akureyr-arbæjar og að öllu nytjaður þaðan. Ætti mál þetta því að vera auðsótt hvað hann snertir. Aftur eru Hamrar eign ríkissjóðs. En sje Kjarni lagður undir lögsagnarum-dæmi bæjarins, verður land Hamra eins og fleygur í miðju bæjarlandinu. Þess vegna varð það að samkomulagi milli sveitar- og bæjarstjórnar, að báðar jarðirnar yrðu lagðar undir bæinn. Bæjarstjórn Akur-eyrar og hreppsnefnd Hrafnagilshrepps hafa gert með sjer samning, og eru öll aðal-atríði hans tekin upp í frv. það, er hjer liggur fyrir hv. deild. Jeg verð að líta svo á, að samkv. sveitarstjórnarlögunum eigi sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu nokkurn íhlut-unarrjett í málinu; og því hefi jeg sett 4. gr. inn í frv. Jeg geri sem sje ráð fyrir, að sýslunefndin geri kröfu til bæjarfjela-gins um einhverja fjárhæð í eitt skifti fyr-

ir öll. En þar sem samningur þessi var gerður í síðastl. nóvembermánuði, hefir eigi unnist tími til, að sýslunefnd fjallaði um málið. Annars virðist mjer frv. þetta svo einfalt, að engin þörf sje á nefnd. Og geri því enga tillögu um það.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Mjer er sönn ánægja að heyra það, að mál þetta er orðið að kappsmáli þar nyrðra, og það af þeim hreppi, er harðast barðist gegn því fyrir einum áratug, að Akureyrarbær fengi jörðina Kjarna keypta. Þykir mjer það því ánægjulegra, sem jeg áður hefi verið við málið riðinn. Og er það ósk mín, að það nái fram að ganga. Salan á Kjarna varð að deilumáli hjer í deildinni fyrir einum áratug, og mun jeg ekki rifja það upp, þar sem allir þeir, er þá sátu hjer, eru horfnir úr deildinni, nema jeg. Það er sagt um sannleikann, að hann eigi stundum örðugt uppdráttar, en sigri þó að lokum. Eins er um vitið, að það er og á stundum nokkuð síðbært. Hjer hefir þó tekist á 10 árum að milda kala þann, er af málinu reis, og skipa því að lokum á vænlegan hátt. Óska jeg hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) til hamingju með flutning þessa máls og vona, að frv. nái fram að ganga.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg er ekki á móti frv. þessu í sjálfu sjer. En rjettara fyndist mjer að hrapa eigi svo að því, að álits sýslunefndar yrði ekki leitað. Sýndist mjer rjett að leita samþykkis sýslunefndar áður en mál þetta yrði útkljáð á þingi. Það mun og vera vani um slík mál. Jeg sje, að þetta muni vera áhugamál, en drátturinn þýddi þá ekki annað en það, að málið drægist til næsta þings, án þess að skaða málið til framgangs þá.

Halldór Steinsson: Þar sem mál þetta er öllum deildarmönnum ókunnugt, nema

tveimur, finst mjer full ástæða til þess að vísa því til nefndar, og þá helst allsherjarnefndar. Tek jeg undir með hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), að vanalega muni vera leitað álits sýslunefndar um slík mál.

Flm. (Einar Árnason): Hvað því viðvíkur, að málið sje fengið sýslunefnd til athugunar áður en lög eru sett um það, skal jeg geta þess, að jeg hefi borið þetta frv. undir lögfræðing, og hefir hann ekkert fundið athugavert við þessa tilhögun á málinu. Annars er jeg ekki á móti því, að frv. sje vísað til nefndar, ef trygging er fyrir því, að hún afgreiði það svo fljótt, að það dagi ekki uppi í þinginu. Verði málið sett í nefnd, mun jeg að sjálfsögðu láta hana fá samning þann, sem frv. er bygt á, til athugunar.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 302) með 7 : 5 atkv.

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 81).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Nefndinni, sem hafði mál þetta til meðferðar, virtist ósamræmi milli 1. og 4. gr. frv., þar sem í annari er ákveðið, að lögin gangi í gildi 6. júní 1920, en í hinni ekki fyr en viðkomandi sýslunefnd hefir lagt á það samþykki sitt. Brtt. fer nú í þá átt að kippa þessu í lag, þannig að ákvæði 4. gr. kemur inn í 1. gr., og koma lögin því ekki í gildi fyr en sýslunefndin hefir fallist á

þau, og verði það ekki fyrir næsta þing, verður málið að bíða þess tíma og takast þá upp á ný.

Að öðru leyti get jeg vísað til málsskjalanna og ræðu hv. flm. (E. Árna.) við 1. umr.

ATKVGR.

Brtt. 81,1. samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 81,2 (4. gr. falli burt) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., s. d., kl. 6¹⁵ síðdegis, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Stefán Stefánsson: Frv. hefir gengið gegnum efri deild og verið samþykkt þar í einu hljóði. Milli hreppsnefndar Hrafnagilshrepps og bæjarstjórnar Akureyrar hafa tekist samningar um þetta efni, og er málsaðiljum ant um, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Jeg vona, að frv. fái að ganga nefndarlaust, því ef það verður sett í nefnd, þá vinst ekki tími til þess að afgreiða það nú á aukapiðginu, sem bráðum verður slitið.

ATKVGR.

Frv vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., s. d. (25. febr.), kl. 2 miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 31, með á orðnum breytingum samkv. atkvgr. við 2. umr.).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 114).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um að leggja jarðirnar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjélag Akureyrar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 114).

Á 17. fundi í Nd., s. d., kl. 6¹⁰ síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 114).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

Notkun bifreiða.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr.
sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 173).

19. Notkun bifreiða.

Á 8. fundi í Ed., mánudaginn 23. febr.,
var útbýtt

*Frumvarpi til laga um breyting á lögum
nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða*
(A. 45).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. —
Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Flm. (Guðjón Guðlaugsson): Þetta
stutta frv. er þekt frá síðasta þingi. Það
mætti engum mótmælum hjer, en fjell af
tilviljun í hv. Nd.

Mergurinn málsins er sá, að ef t. d. mað-
ur í sveit á son, 18 eða 19 ára, sem hann
getur látið stýra bifreið fyrir sig, þá sje
honum leyft það, þó að sonur hans hafi
ekki náð lögskipuðum aldri til þess að stýra
almennri fólksflutningabifreið.

Bifreiðarnar eru nú að útbreiðast meira
og meira, en hestarnir víða að leggjast nið-
ur. Sumstaðar eru líka t. d. horfur á, að bíl-
ar verði notaðir við heimavinnu á bæjum,
heyflutninga, áburðarakstur, auk aðdrátta.
Væri þá í meira lagi ósanngjarnt að ætla
hverjum bónda að halda sjerstakan
mann með bílinn, en leyfa honum ekki að
nota til þessa starfs, eins og annara, þann
vinnukraft og mannafla, sem hann hefir
fyrir.

Jeg vona, að málið sje svo einfalt, að því
verði hleypt nefndarlaust til annarar umr.,

ef hv. deild vill á annað borð líta við því,
sem jeg vona einnig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 25.
febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2..
umr. (A. 45).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv

Á 11. fundi í Ed., s. d., kl. 2. miðdegis,
var frv. tekið til 3. umr. (A. 45).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Af-
brigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr.
til Nd.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr.,
kl. 1 miðdegis, var útbýtt

*Frumvarpi til laga um breyting á lögum
nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða,*
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.
(A. 113).

Á 15. fundi í Nd., s. d., kl. 6¹⁵ síðdegis,
var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. —
Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Notkun bifreiða.

Magnús Kristjánsson: Jeg álít þýðingarlaust að ræða þetta mál, býst við, að það nái fram að ganga án mótmæla. Ed. hefir fallist á það. Frv. fer ekki fram á annað en að stjórninni veitist heimild til að veita undanþágu frá þeim skilyrðum, sem útheimtast til að stjórna bifreiðum. Margir einstakir menn eignast bifreiðar sjer til gagns og gamans, og það getur verið mjög bagalegt fyrir þá, ef þeir geta ekki notað einhveru heimamanna sinna til að stjórna þeim. Ef til vill eru þá ekki fáanlegir menn, sem uppfylla skilyrðin. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að þó undanþága þessi sje leyfð, þá getur varla tjón af henni hlotist, því hver unglingur, sem prófi hefir náð, ætti að vera fær um að stýra bifreið. Jeg vona, að hv. deild telji það ekki hættulegt, þótt þessi undanþága verði veitt.

Pjetur Þórðarson: Jeg ætla að leyfa mjer að mælast til þess, að þessu máli verði hraðað svo, að það gangi í gegn óbreytt á þessu þingi. Ástæðan er sú, að jeg þekki þess nokkur dæmi, að fullorðnir menn, sem fengið hafa ökuskírteini, eru ekki eins færir um að stýra bifreiðum eins og t. d. synir þeirra, sem ekki eru búinir að ná fullum aldri. Af þessari ástæðu er frv. fram komið, og sje jeg ekkert á móti því, að þessi undanþága sje leyfð. Jeg vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sjái um, að málinu verði fram haldið með þeim hraða, að það verði útkljáð á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 113).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., s. d., kl. 6¹⁰ síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 113).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 174).

Pingsályktanir.

A.

Afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

I. Útborgun á launum presta.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. febr., var útbýtt

Tillögu til pingsályktunar um útborgun á launum presta (A. 23).

Á 6. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 19. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Jeg hefi leyft mjer að koma með þessa till. inn á þingið, vitandi það, að prestastjettin á hjer fáa formælendur úr sínum hóp, Mjer hefir borist það frá ýmsum embættisbræðrum mínum, að þeim þætti útborgun á launum sínum ekki eins góð og ákjósanlegt væri. Öðrum embættismönnum eru borguð út laun þeirra fyrirfram, en prestum missir-islega og eftir á, og eru þeir því allmikið ver settir en aðrir embættismenn. Þetta er mjög svo undarlegt og óviðunandi. Þegar breyting var gerð á launakjörum embættis-

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

manna, munu prestar hafa vonað að fá að verða öðrum samferða, en það hefir ekki orðið. Hið gamla fyrirkomulag á útborgun prestlauna virðist því eiga að gilda framvegis. Jeg get ekki fundið neitt í gildandi lögum, sem ákveður það, að prestar skuli ekki fylgjast með öðrum embættismönnum í þessu tilliti. Það getur, undir mörgum kringumstæðum, verið bagalegt fyrir presta að fá ekki laun sín borguð fyr en seint og síðar meir.

Jeg vil ekki fjölyrða meira um þetta fyr en jeg heyri undirtektirnar. Jeg vona, að hæstv. stjórn taki þessu vel, og ef þetta fer í bága við ákvæði gildandi laga, þá vænti jeg þess, að á það verði bent, svo úr því megi bæta. Jeg hefi reynt að athuga það, en ekki getað fundið nokkurn lagastaf, sem stríðir á móti. Lög nr. 46, 16. nóv. 1907, um laun presta, geyma ekkert fyrirmæli, sem getur verið því til fyrirstöðu, að prestar fái laun sín greidd eins og aðrir embættismenn. Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp 22. grein. Hún hljóðar þannig:

„Prófastur sendir landsstjórninni árlega skýrslu um tekjur þær, er prestar í prófastsdæminu taka undir sjálfum sjer, og um sóknartekjurnar eða niðurfjöfnunargjaldið það árið, fyrir lok nóvembermánaðar, og greiðir

Útborgun á launum presta. — Innsigling að Kaldrananesi og víðar.

landsstjórnin þá prófasti fyrir árslok úr prestlaunasjóði þá fjárhæð, sem samkvæmt skýrslunni vantar til þess, að prestarnir fái laun sín að fullu greidd fyrir það fardagaár

Samkvæmt þessum fyrirmælum ætti prófastur að geta sagt stjórninni fyrir hver árslok, hve mikinn hluta af launum presta prestlaunasjóður ætti að greiða, og ef eitt-hvað yrði samt sem áður of- eða vangreitt, þá mætti altaf jafna það upp. Jeg veit, að hag presta er svo farið, að það skiftir þá miklu, að þessu verði kipt í lag. Mjer er það kunnugt, að vegna þessa verða þeir jafnvel að taka lán upp á laun sín, og það ef til vill með misjöfnum kjörum. Þetta ættu menn að geta sagt sjer sjálfir, ef þeir athuga, hvernig kjör presta eru nú. Það er satt, að prestar hafa oft tekjur af búum sínum, en það er eingöngu undir dugnaði þeirra komið, og kemur því opinbera ekki við. Og það er skrítið, ef þeir hjer ættu að gjalda dugnaðar síns. Yfirleitt mælir öll sanngirni með því, að prestar fái laun sín borguð eins og aðrir.

Jeg þykist ekki þurfa að fara frekari orðum um þetta mál. Það mun taka til þeirrar stjórnar, sem nú á að fara að setja á laggirnar, og jeg vona, að hún taki því vel.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að fara út í sjálft málið. Jeg vildi að eins gefa þær upplýsingar, að biskup hefir verið að athuga þetta og talað um, að þessu þyrfti að breyta. Jeg býst við, að til þess þurfi lagabreytingu. Frá ríkisins hálfu getur ekkert verið því til fyrirstöðu; því má vera sama, hvort laun presta eru greidd eins og hjer er farið fram á eða eins og nú er gert. Jeg get ekki um það sagt, hvort fjármáladeildin treystir sjer til að gera þetta án lagabreytingar, en það mun verða athugað.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Það gladdi mig mikið að heyra, að biskup hefir verið svo hugsunarsamur að athuga þetta mál. Jeg hefði að vísu getað búist við, að hann hefði lagt fram till. fyrir áramótin, jeg álit það ekkert ofverk, en um það ætla jeg ekki að tala.

Jeg vona, að vantanleg stjórn taki málinu eins vel og sú stjórn, sem nú er, og sje jeg svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar

Alþingis.

(Sjá A. 43).

2. Innsigling að Kaldrananesi og víðar.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn á innsiglingu að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð í Strandasýslu og víðar (A. 47).

Á 10. fundi í Nd. mánudaginn 23. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg vil skjóta því til háttv. deildar, að hún leyfi málinu að ganga umræðulaust til síðari umræðu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 15 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 47).

Flm. (Magnús Pjetursson): Þannig er háttað landslagi, að þau hjeruð, sem hjer er um að ræða, liggja strandlengis og fá ekki samgöngubót með því að eyða fje til vegagerða, heldur á þann hátt, að fá sem flesta viðkomustaði fyrir skip og báta. En skilyrði fyrir því að fá skip er, að leiðin sje uppmæld. En nú er svo háttað, að einn fjörður þarna, Bjarnarfjörður, hefir talsverða þýðingu sem viðkomustaður smærri skipa, en leiðin hefir ekki enn verið mæld. Það hefir verið margítrekað við mig að koma þessu máli í framkvæmd. Jeg hefi munnlega átt tal um það við stjórnina, að hún ljeti gera það í sambandi við aðrar mælingar á þeim slóðum. En það er ekki orðið of seint, því ekki er enn búið að mæla upp alla staði við Húnaflóa, sem þingið hefir fyrirskipað, t. d. Paralátursfjörð. Jeg vona því, að háttv. deild lofi þessu máli fram að ganga, svo það verði gert um leið og aðrir staðir við Húnaflóa verða rannsakaðir.

Hákon Kristófersson: Að því er snertir seinni lið till. get jeg verið samdóma hv. þm. Stranda. (M. P.), að því er kemur til nauðsynjarinnar á því, að leiðir sjeu mældar upp. Eins og kunuget er, liggur Barðastrandarhreppur við Breiðafjörð norðanverðan. Þangað eru allar samgöngur erfðar nema á sjó. En skilyrðið fyrir því, að

þær samgöngubætur geti komist á, er að skip sjeu fáanleg til þess að koma þangað, en það má því að eins verða, að innsiglingin sje mæld, því annars er ekki hægt að fá nema minstu skip til að koma þangað. Að vísu hafa komið þangað skip, eins og t. d. Varanger og Geraldine. Það er því eindregin ósk hreppsbúa að fá leiðina frá Flatey til Hagabótar mælda. Þar sem eins hagar til og hjer er um að ræða, held jeg því fram, að það sje lífsskilyrði að hafa sem allra bestar samgöngur á sjó. Jeg atla að taka til dæmis, að síðasta Alþingi samþ. að láta stimpla kjöt. Til þess að ráðist væri í að byggja sláturhús hvar sem er á landinu, mun óhætt mega fullyrða, að það sje fyrsta skilyrðið, að gott sje að koma kjötinu frá sjer. Eins og samgöngum er nú háttað við Barðastrandarhrepp, má telja það miklum efiðleikum bundið, og hreppurinn því útilokaður frá notum þeim, er leiðir af kjötstimpluninni, svo framarlega sem ekki er hægt að fá skip til að flytja það. Frá Flatey til Hagabótar eru tvær leiðir færar, önnur að vestan, en hin að sunnan. Hvort mæla ætti báðar leiðir eða að eins aðra skal jeg ekkert um segja. Best væri, að sá, sem mælir, skeri úr því. Að jeg hefi óskað eftir, að leiðin frá Flatey væri mæld, en gengið fram hjá þeirri leiðinni, er farin er inn Breiðafjörð til Hagabótar, þegar að vestan er komið, kemur af því, að sú leiðin er torveldari, enda liggur beinna við, þá er skip koma sunnan frá. En eins og jeg hefi þegar tekið fram, legg jeg áhelslu á það, að þær leiðir sjeu tryggilegar fyrir hvert skip að fara um, er farnar verða bæði frá og til Hagabótar á hvern veg er skipum er hagkvæmast að fara.

Jeg finn ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta, en vonast til, að háttv. deild lofi þessu nauðsynjamáli fram að ganga, og þá er það hlutverk stjórnarinnar að koma því í framkvæmd, og vonast

jeg til, að ekki líði mörg ár þangað til hún lætur gera það.

Þórarinn Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til hæstv. stjórnar, í sambandi við þingsál.till., að láta rannsaka það, hvort ekki væri tiltækilegt að gera höfn við Húnaflóa. Þykir mjer það helst athugasvert, að ákveðnir staðir eru þar tilgreindir, og vildi jeg, að rannsókninni yrði svo hagað, að verkfræðingar kyntu sjer einnig aðra staði en þá, sem teknir eru fram í tillögunni, eða alla þá staði, sem þeim þykir geta komið til greina.

Öllum kunnugum kemur saman um það, að hafnleysið stendur bygðunum, er liggja að Húnaflóa, mjög fyrir þrifum, og þá einkum austurhlutanum.

Jeg hefi átt tal við verkfræðinga um þetta mál, og get sjerstaklega getið þess um einn þeirra, að hann taldi ef til vill rjettara að gera tilraun á öðrum stöðum en þeim, sem getið er um í tillögunni.

Þetta treysti jeg að hæstv. stjórn taki til greina.

ATKVGR.

Till. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun neðri deildar

Alþingis.

(Sjá A. 129).

3. Dýrtíðaruppbætur o. fl.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr. var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira (A. 97).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var till. tekin til fyrri umr. (A. 97, 120, 121).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um brtt. 120, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Þó að fjárveitinganefndin hafi haft nauman tíma til þess að rannsaka ýms málefni, er fyrir henni lágu, þá hefir samt orðið sú raunin á, að hún hefir leyft sjer að koma fram með þessa þingsályktunartillögu, og vil jeg því leyfa mjer að gera í örfáum orðum grein fyrir afstöðu nefndarinnar, og þá einkum til þeirra atriða, er þingsályktunartillagan fjallar um.

Jeg þarf þó ekki að fara mörgum orðum um þessa liði. Skal að eins geta þess sem byrjunarskýringar, að þegar fjárveitinganefndin tók til starfa, þá kom það til tals, hvort nefndin ætti að sinna nokkrum fjárbeiðnum, eða hvort hún ætti að slá stóru striki yfir alt og neiti algerlega að starfa að því nú að leggja til um nýjar fjárveitingar. Út af því komst nefndina að þeirriníðurstöðu, að gersamlega væri óverjandi, úr því að þingið er saman komið, að ganga að öllu leyti fram hjá öllum erindum, er henni voru fengin í hendur.

Kom nefndinni þá saman um, að ef hún ætti að starfa nokkuð, þá bæri henni fyrst og fremst að leiðrjetta það, sem miður hefði tekist á síðasta þingi, annaðhvort fyrir gleymsku eða þá misskilning nefndarinnar eða alls þingsins. Og þá þar næst að taka til athugunar þau atriði, er stjórnin sjálf hafði beint til hennar með sjerstökum meðmælum. Og af þessum toga eru þá liðir þingsályktunartillögunnar spunnir.

Ílv. deild mun kunnugt um það, að á síðasta þingi var samþykkt, samkvæmt fjárlagafrv. stjórnarinnar, 12 þús. kr. fjárveiting til væntanlegs sendiherra í Kaupmannahöfn, ásamt 2 þús. til húsaleigu og 2 þús. til risnu.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir tjáð nefndinni, að eftir það, að stjórnin ákvað þessar tölur 1919, hafi ástæðurnar svo mikið breyst, að nú geti ekki komið til mála, að sendiherrann geti komist af með þessar fjárhæðir.

Þetta fanst nefndinni að hefði við fullkomin rök að styðjast, og leggur hún því til, að þetta sje lagfært. En annars vænti jeg, bæði um þennan lið og þann næsta, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) skýri deildinni nánar frá því, sem hann hefir sagt nefndinni frá.

Þá er næst að minnast á fjárhæðina. Hv. þm. mun sjálfsgt verða að spyrja, hvers vegna nefndin komi með þessa upphæð, 5400 kr. Og er þá um þetta að segja, að nefndin taldi ekki ósanngjarnt, að þessi maður fengi dýrtíðaruppbót, líkt og þeir, sem í launalögunum standa. En hesta dýrtíðaruppbót er 5400 kr., og yrðu þá launin samtals 17400 kr. Og víst má segja það, að ef þessi breyting kæmist ekki á þessi launakjör, þá er varla hægt að gera ráð fyrir því, að hæfur maður fengist til þessarar stöðu; líklegt, að embættið yrði að vera óskipað, ef þessar bætur verða ekki gerðar, og jafnvel vafasamt, hvort þessi fjárviðbót nægir. Enda hafði hæstv. forsætisráðh. (J. M.) stungið upp á meiri viðbót en nefndin nú gerir.

Þá er 2. liðurinn til athugunar, sem jeg ætla að fara um nokkrum orðum.

Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, þá er í 7. gr. sambandslaganna tekið þannig til orða:

„Í utanríkisstjórnarráðinu skal skipa eftir ósk íslensku stjórnarinnar og í samráði við hana trúnaðarmann, er hafi þekkingu á íslenskum högum, til þess að starfa að íslenskum málum.

Nú er einhversstaðar enginn sendiherra eða sendiræðismaður, og skal þá skipa hann eftir ósk íslensku stjórnar-

innar og í samráði við hana, enda greiði Ísland kostnaðinn. Með sömu skilyrðum skal skipa ráðunauta með þekkingu á íslenskum högum við sendisveitir og ræðismannaembætti þau, sem nú eru. Ef stjórn Íslands kys að senda úr landi sendimenn á sinn kostnað, til þess að semja um sjerstök íslensk málefni, má það verða í samráði við utanríkisráðherra.“

Nú hefir hæstv. forsætisráðh. (J. M.) skýrt oss frá, að komið geti til mála að nota þetta ákvæði hvað Miðjarðarhafslöndin snertir. Fjárveitinganefnd er eindregið á því, að það muni verða hinn mesti búhnykkur, ef landið ætti þar talsmann, og vill því eindregið mæla með því, að stjórninni sje heimiluð fjárhæð til þess að nota í þessu skyni. Þeim peningum mundi áreiðanlega ekki vera kastað á glæ, heldur mundu þeir margfaldlega borga sig. Og taka má það fram, að nefndin er því fúsari, sem henni dylst það ekki, að hjer er um óverulega fjárupphæð að ræða, þegar hún er borin saman við það, hve starfið er þýðingarmikið, sem slíkur erindreki hefði með höndum.

Hjer er um mjög mikilsvert atriði að ræða fyrir annan af aðalatvinnuvegum vorum, og geta allir getið því nærri, að ekki þarf væntanlegur ræðismaður í Miðjarðarhafslöndunum að gera mikið eða hafa mikil áhrif til þess, að sú fjárhæð, sem til hans er kostað, komi margföld aftur inn í landið.

Þá skal jeg geta þess, að 2. aðalliðurinn hefir verið tekinn aftur og þess óskað, að brtt. á þgskj. 121 verði ein borin upp sem aðaltillaga.

Þá sný jeg mjer að 3. liðnum, og má þar þess geta, að það mun einungis vera af vangá síðasta þings, að maður sá, er hjer er við átt, fjeck ekki dýrtíðaruppbót eða tilkall til hennar. Og á þá auðvitað fjár-

veitinganefnd síðasta þings aðallega sök á því. Er því hennar að reyna nú að bæta úr skák. Hjer er um mann að ræða, sem ekki er á föstum launum, samkvæmt launalögum, heldur á fjárlaga-launum. En með þesskonar menn var þannig farið á síðasta þingi, að þeim var flestum veitt dýrtíðaruppbót með því að hækka fjárveitinguna til þeirra í fjárlögunum. Nú hefir gleymst að gera nokkra slíka ráðstöfun viðvíkjandi þessum manni, og telur nefndin það illa farið, og vill hún nú bæta það upp með því að heimila stjórninni að greiða honum dýrtíðaruppbót í samræmi við aðra starfsmenn ríkisins. Skal jeg geta þess, að laun þessa manns eru 3000 kr., og mega allir sjá, að slíkt er ekki nægilegt honum til lífsframbæris, ef dýrtíðaruppbót bætir það ekki upp.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að síðasta liðnum, og snertir hann fje handa Búnaðarsamböndunum og starfsmönnum Búnaðarþjelagsins.

Er hjer líkt ástatt og um það, er jeg gat um hjer næst á undan, að farið hefir fram hjá síðasta þingi að gera ráð fyrir uppbót handa starfsmönnum Búnaðarþjelagsins. Að vísu mætti má ske segja, að Búnaðarþjelaginu hafi verið veitt svo rifleg fjárhæð á síðasta þingi, að það gæti sjálft sjeð um starfsmenn sína, bæði hvað laun og dýrtíðaruppbót snertir. Jú, þetta verður að sjálfsögðu gert, ef þingið neitar hjer nokkru úr að bæta, því auðvitað verða þessir starfsmenn að fá þau laun, er þeir geti lifað af.

En til þessa má segja, að þegar fjárveitinganefnd síðasta þings lagði það til, að þingið veitti upphæð þá til Búnaðarþjelags Íslands, sem í fjárlögum stendur, þá gerði hún alls ekki ráð fyrir, að teknar yrðu af því fje hærri launaupphæðir en til voru teknar í áætlun búnaðarþingsins, gerði ekki ráð fyrir meiri frádrætti frá þeim framkvæmdum, sem þessu fje átti að

verja til. Fjárveitinganefndin nú er einnig á þessari skoðun, að þessa fjárhæð megi ekki rýra, og leggur því til, að þingið heimili að veita þessum starfsmönnum uppbót með nýrri fjárveitingu, svo ekki minki fje það, er til framkvæmda á að nota. því það mun ekki ofmikið samt.

Við þetta er samt það að athuga, að nefndin ætlast ekki til þess, að þessir starfsmenn fái fulla dýrtíðaruppbót af þeim launum, sem Búnaðarþjelagið hefir ákveðið þeim til handa, vegna þess, að þau laun eru ekki miðuð við sama launagrundvöll og þau laun, sem nú fá fulla dýrtíðaruppbót. Og þess vegna ætlast líka nefndin til, að stjórnin ráðstafi þessu á þann veg, að samræmi komist á milli þessara manna og þeirra starfsmanna ríkisins, sem svipuðum störfum hafa að gegna, eða störfum sem heinta líkan undirbúning.

Það virðist líka mjög auðvelt að fá þetta samræmi. Starfsmenn Búnaðarþjelagsins skiftast í tvo flokka, annar með 5000 kr. launum og hinn með 4000 kr. Sá, sem hefir þá 5000 kr., finst nefndinni geta verið hliðstæður þeim starfsmönnum ríkisins, sem hafa 3500 kr. eftir launalögum, og yrðu þá laun þeirra nú 7700 með dýrtíðaruppbót.

Sá, sem hefir 4000 kr., getur aftur á móti verið hliðstæður þeim, sem hafa 3000 kr. Fá þeir þá 6600 kr. Þó skal það tekið fram, að nefndin áleit, að elsti starfsmaður þjelagsins ætti að teljast með hærri grundvallarlaunum en 3000, og ætti sú viðbót að skoðast sem venjulegar aldursbætur embættismanna.

Annars vill nú svo heppilega til, að formaður fjárveitinganefndar (P. J.) er kominn í stjórnina. Hefir hann fallist á þessa skoðun og þessa útbýtingaraðferð og sett sig vel inn í hana, og má því vænta, að um misskilning verði ekki að ræða, þegar til kasta stjórnarinnar kemur um framkvæmdirnar.

Jeg skal svo að lokum geta þess, að nefndinni þótti það leiðinlegt að láta þetta koma í þingsályktunarformi. En við þessu varð ekki gert, enda hefir þetta sama tíðkast áður, og er þá tilætlunin sú, að stjórnin taki það síðar inn í fjáráskjalagæðu.

Um brtt. ætla jeg ekki að tala að svo stöddu, og biðja heldur eftir, hvað flytjandi hennar hefir fram að færa.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi í rauninni litlu við að bæta það, sem áður hefir fram komið. Það er rjett, að jeg tjáði fjárveitinganefndinni, að fjárlæð sú, er ætluð væri til sendiherrans, væri of lítill. Og mjer finst hv. nefnd skera viðbótina alt of mjög við neglur sjer, en vera má, að ekki eigi að finna of mjög að þessum sparnaði. Á hinn bóginn tel jeg, að eigi beri að senda erindreka með sendiherranefni, nema hann fái þau laun, að hann þurfi hvorki að vera sjálfum sjer nje landinu til minnunar. Þess vegna er ekki heldur nein furða, þó að þessi hækkunartill. sje komin fram, því eins og háttv. frsm. (M. P.) tók fram, þá eru kringumstæðurnar orðnar talsvert breyttar frá því, sem var þegar þetta var upphaflega fyrirhugað; mun meira, sem til þess þarf, heldur en þá var, og sje jeg því eigi annað en að þeir, sem vilja sendiherrann, verði að greiða atkv. sitt með þessari hækkun.

Um 2. tölul. er ekkert frekara að segja en það, sem hv. frsm. (M. P.) hefir tekið fram. Jeg skal að eins geta þess, að jeg álit ekki rjett að ákveða staðinn, vegna þess, að í sjálfu sjer er heimilt að senda erindreka til annara staða, þótt fyrir sje þar heimakonsúll. Gæti t. d. verið full ástæða til að senda slíkan mann til Spánar.

Það er rjett fram tekið hjá hv. frsm. (M. P.), að það er óheppilegt að láta þetta koma fram í þingsál. till., því að sendimenn í „diplomatiskum“ erindum eru sjaldnast

sendir nema eftir lagaheimild. En úr því má bæta síðar. — Um hina aðra liði sje jeg ekki ástæðu að segja neitt.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla að minnst hjer lítið eitt á 1. liðinn í till. fjárveitinganefndarinnar, er snertir sendiherrann í Kaupmannahöfn.

Munu menn kannast við það frá síðasta þingi, að þegar þetta mál var rætt, þá lagðist jeg fastlega á móti því, að þetta embætti væri stofnað. Benti jeg þá á, að ekki gæti komið til mála að hafa sendiherra, sem sámdí þessari gestrisnu þjóð, ef hann hefði ekki hærri laun en honum voru þá ætluð í fjárlögunum. Og jeg minnst þess, að jeg tók þá svo djúpt í árinni um þetta, að jeg sagði, að hjer væri um bersýnilega blekkingu að ræða af hendi stjórnarinnar, tilraun til að lokka þingið inn á þessa brant, því það var gersamlega ómögulegt að líta svo á, að hæstv. landsstjórn væri svo úti á þekju í þessu máli, að henni væri það ekki nokkurn veginn fullljóst, að sú launaupphæð var hvergi nærri nóg til þess að halda uppi sendiherra, svo að samilegt væri sjálfstæðu ríki. Og þetta er líka komið á daginn. Og má nærri segja, að enn sje svo langt gengið, að um blekkingu geti verið að ræða frá stjórnarinnar hálfu, því þó að launin væru nú hækkud um 5400 kr., þá væri eins ástatt og áður, að það væri heldur hvergi nærri nóg. — Annars væri ekki ófróðlegt að fá betri skýringu á því, í hverju þessar breyttu kringumstæður eru fólgnar, frá því í september síðastliðið sumar. Jeg skil satt að segja ekki í því, að hækkunin sje svo mikil á nauðsynjum, að stjórnin geti fóðrað þessa launahækkunartillögu sína. Það er því eins víst og að 2 og 2 eru 4, að þessar 17,400 kr. ná skamt, en það verða launin að viðbættri uppbót þeirri, er hjer ræðir um, og þyrfti því sjálf sagt að þrefalda þá upphæð að minsta kosti, enda verður það má ske verksvið

næsta þings að gera það, ef flanað verður út í það að hleypa sendiherranum af stokkunum.

Að ætla sendiherranum 2000 kr. til húsaleigu er blátt áfram hlægilegt. Það er eins og honum sje ætlað að búa í einhverri kjallaraholu eða uppi á hanabjálka í einhverju úthverfis-skúmaskoti, ef miðað er við húsaleigu, eins og hún er nú hjer í Reykjavík. Það benti einhver á það á þinginu í fyrra, að kaupa þyrfti handa honum hús eða höll, og leiðir það líka af sjálfs sjer, að slíkt verður að gerast.

Annars er jeg sem fyr algerlega á móti því, að þetta embætti sje stofnað, og vil ekkert fje til þess veita.

Það er alt öðru máli að gegna um þann lið till., sem fer fram á það að senda ræðismann til Miðjarðarhafslandanna.

Jeg er hv. fjárveitinganefnd alveg sam-mála um það, að það sje í alla staði rjett-mætt og nauðsynlegt. Framleiðslan er fjör-egg landsins; þess vegna getur það verið að spara eyrinn en fleygja krónunni, að horfa í þann kostnað, sem af því leiðir, að hafa úti menn til að greiða fyrir sölu af-urðanna á þeim stöðum, sem mestur mark-aður er fyrir þær, og kynna sjer það, hver verkunaraðferð fullnægi best kröfum neyt-endanna á hverjum stað og tíma. Að þessu keppa aðrar þjóðir dyggilega, sjer til ómetanlegra hagsbóta. Eins er okkur nauð-synlegt að vinna kappsamlega að því að kynna vörur okkar á þeim stöðum, sem þær eru ekki kunnar á, og ryðja þeim braut svo sem kostur er. En að því leyti, sem þetta snertir viðskifti okkar við Dan-mörku, þá höfum við íslenska skrifstofu í Kaupmannahöfn, og getum því snúið okk-ur til hennar eftir þörfum. (B. J.: Við eigum enga skrifstofu þar). Víst eigum við skrifstofu þar, eða að minsta kosti eru til hennar veittar 12 þús. kr. í síðustu fjár-lögum.

Viðvíkjandi hinum liðnum, sem snertir

Búnaðarfrjælag Íslands, þá er jeg honum fylgjandi og sje ekki ástæðu til að fjöl-yrða um hann, enda hefir hv. frsm. (M. P.) lýst öllu, sem þar að lýtur, vel og greinilega.

Jeg hefði haft mikla tilhneigingu til að koma með till. viðvíkjandi styrknum til al-þýðuskólanna, að hækka hann nokkuð. Þeir skólar njóta sem sje engrar dýrtíðarupp-bótar. Það fer því að líkum, að þeir, sem halda uppi skólum þessum, verða allhart úti, því þeir verða að borga kennurum allhátt kaup, að minsta kosti í samsvör-um við það, sem kennarar alment fá, en sú hækkun, sem varð á styrknum til alþýðu-skólanna á síðasta þingi, var engan veginn í samsvörum við þá hækkun, sem varð á kennaralaunum, að viðbætti dýrtíðarupp-bót og öðrum hlunnindum.

Að þessu sinni býst jeg þó ekki við að koma með brtt., en geri ráð fyrir, að þeim verði bætt þetta upp á næsta þingi.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. þm. Borgf. (P. O.) fór hörðum orðum um það, að stjórnin hefði farið með blekkingar í þessu máli, en það er að engu leyti rjett. Jeg veit ekki, í hverju sú blekking ætti að liggja. Vegna verðhækkunar eru launin að vísu nú of lítil, en annars get jeg ekki viðurkent, að ekki megi una við kjörin. Vjer verðum að sníða oss nokkuð stakk eftir vexti. Launin sjálf hygg jeg sæmi-leg, en það er satt, að húsaleigan er sett of lág, enda hefir hún hækkað allmikið síð-an. frv. til fjárlaganna var samið. (P O.: Já, dálítið). Jeg veit ekki, hvað hv. þm. (P. O.) kallar dálítið. Má ske hann kalli það ekki nema dálítið, þótt það væru 50—100%? En húsaleigu hefir verið hald-ið allmjög niðri í ýmsum löndum með því, að ríkin hafa greitt tillag úr ríkis-sjóði í þeim tilgangi. Jeg veit, að hv. þm. (P. O.) fer svo hörðum orðum um þetta af því, að hann hefir ekki athugað mála-

vexti sem skyldi. Það geta orðið örðugleikar með húsnæði, og má vel vera, að heppilegt væri að kaupa hús í Kaupmannahöfn fyrir sendiherrann, og þá stjórnarskrifstofur einnig, og helst ætti þar einnig að vera herbergi fyrir ráðherra, er kæmt til Kaupmannahafnar til að bera málin upp fyrir konungi.

Hefði sendiherrann verið kominn til Kaupmannahafnar, þá hefði mátt kalla þetta blekkingu, en þar sem hann er að öllu leyti óráðinn, þá er það ekki blekking frá stjórninni.

Áður en jeg lýk máli mínu vil jeg lítilega minnst á erindrekan í London. Á síðasta þingi var gerð fyrirspurn um það til stjórnarinnar, hvort hann skyldi kallaður heim og hve nær. Þá var búist við því, að hann yrði kallaður heim um áramótin, því þá mundi meiri regla komin á en áður hefði verið. En af því að reynslan varð þvert á móti ætlun manna, þá hefir hann ekki verið kallaður heim enn þá, því að meðan svo stendur, getur það haft þýðingu að hafa sjerstakan erindreka í London. Jeg hefi gert honum aðvart um það, að hann mætti búast við að láta af starfinu bráðlega, eftir að þingið kæmi saman. Annars er það mín skoðun, að ekki þurfi að hafa þar sendiherra mikið lengur, því að þar eru einatt staddir íslenskir kaupmenn, sem sjálfir geta rekið þar erindi sín.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg ætla að eins að beina örfáum spurningum til hv. frsm. fjárveitinganefndar (M. P.). Í fyrsta lagi vil jeg spyrja hann, hvort ekki sje meiningin með þessari till., að hún eigi að eins að gilda fyrir árið 1920. Í öðru lagi, hvort fjárveitingin til sendimanns á Ítalíu sje ekki miðuð við árslaun, og í þriðja lagi, hvort ætlast sje til, að 2 menn verði þetta ár af Íslendinga hálfu þar syðra, Alpt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Því að nú er ráðunautur Fiskifjelags Íslands þar. Þá vil jeg og beina þeirri spurningu til hans (M. P.), hvort nefndin ætlist til, að stjórnin skifti uppbótinni til starfsmanna Búnaðarfelagsins, því að hingað til hefir það verið tíska að láta fjelagið sjálft hafa það með höndum.

Magnús Kristjánsson: Jeg álit, að hv. fjárveitinganefnd setji deildina í vanda með till. sínum, sem hvorki eru heilar nje hálfar og svo langt frá því að vera fullnægjandi, úr því að nefndin á annað borð fór að gera tilraun til að bæta úr misfellum þeim, sem óneitanlega eru á launakjörum ýmsra starfsmanna landsins. Jeg tel minni nauðsyn á þessu en mörgu öðru, sem þyrfti að fá framgengt. Jeg skal þá fyrst minnst á 2., 3. og 4. till., sem fjalla um ýmsar launabótakröfur einstakra manna. Með þessum tillögum er engin veruleg bót ráðin á ósamræmi því og misrjetti, sem svo áþreifanlega er fram komið síðan launalögin voru sett. Launalögin áttu að ráða bót á kjörum allra starfsmanna, en þetta hefir mistekist svo, að nú eru margir ver settir en áður. Þess vegna er athugavert að taka örfáa einstaka menn og bæta laun þeirra. Annaðhvort er að bæta nú laun allra, sem út undan hafa orðið, eða þá að taka launalögin til gagngerðrar endurskoðunar þegar á næsta þingi.

Eins og jeg hefi tekið fram, er hjer mikið vandamál á ferðinni; því vildi jeg beina því til hæstv. forseta, hvort það mætti ekki biða til morguns eða laugar dags. Hins vegar gét jeg greitt atkv. með því að styrkja flóabáta, eins og hjer er farið fram á. Á síðasta þingi var gert ráð fyrir auknum og bættum strandferðum, en þetta hefir brugðist, enda skip verið lítt fáanleg. Það er því augljóst, að það væri óverjandi að fella nú niður

styrkinn til flóabáta, þann sem verið hefir og alstaðar hefir komið að verulegu gagni. Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta að þessu sinni.

Bjarni Jónsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar, því að yfir höfuð get jeg fallist á till. nefndarinnar. Háttv. frsm. (M. P.) hefir tekið fram, hvers vegna þessi hækkun til sendiherrans er nauðsynleg, og finst mjer það illa til fallið af hv. þm. að taka illa í þá fjárveitingu, sem er sú allra minsta, sem hægt er að fara fram á í þessu tilfelli. Jeg álít sjálfsagt að láta þetta fram ganga án nokkurrar deilu eða sundurlyndis, en kann ekki við að ganga þegjandi fram hjá till.

Menn segja, að við höfum ekkert gagn af sendiherra í Kaupmannahöfn, en slíkt tala fávitrir menn og óframsýnir, og að minsta kosti ættu þó allir að sjá, að það er nauðsyn fyrir oss að sýna það heimi öllum, að vjer höfum þó sendiherrarjett.

En hvers vegna draga menn ekki frá kostnaðinn við skrifstofuna, sem þar er og verður. Mismunurinn var á síðasta þingi 4000 kr.; nú ætti hann að hækka upp í 9000 kr. En það er þetta, sem menn tíma ekki að borga, til að gera sjálfum sjer heiður og sýna heiður ríki því, sem landið er í sambandi við. Menn vilja heldur láta Ísland vera sendiherralaust þar. Kostnaðaraukinn er nú ekki meiri en þetta, og hvað hagnaðinn snertir, efast menn um, að nokkurt gagn sje að sendiherranum. Þeir eru að tala um forstöðumann skrifstofunnar, en hann er ófenginn enn; það er ekki til neins að vitna í Jón Krabbe, hann er fenginn til annars starfs. (P. O.: Fleiri störfum hefir þm. gegnt). Fleiru en einu starfi mun hreppstjórinn á Akranesi gegna, og ekki er jeg sá maður, að bera mig saman við þá hamhleypu til orða eða verka, því að hver em ek, at ek líki mjer við Sýrak. Menn eru at tala um Krabbe, og væri auð-

vitað ágætt að fá hann til að vera sendiherra, en eins og jeg sagði, mun hann hafa öðru starfi að gegna. En er nokkuð á móti því að fara fram á það við fráfaraandi ráðherra, að hann taki við því embætti? Hann hefir meiri eftirlaun en nemur auka þeim, sem hjer er farið fram á. Menn þurfa ekki að efast um það gagn, sem af því hlýst að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn. Hefði hann verið þar nú fyrirfarið, þá er jeg ekki í neinum vafa um það, að öll síld landsmanna hefði verið seld með stórhag. Hvað húsaleigunni viðvíkur, þá er skrifstofukostnaðurinn jafn hjá sendiherranum og „forstöðumanninum“. Ekki sýnist það vera neinn háski, þó aðlandið keypti hús handa sendiherranum, því að það mun reynast þar eins og hjer ódýrara heldur en að leigja. Það þarf alls ekki að vera nein höll, gæti verið snotur og smekklegr „villa“. Sendiherranum er ekki ætlað að slá um sig með peningum, heldur að standa sómasamlega í stöðu sinni og gera gagn. Sá siður er nú lagður niður, að sendiherrar haldi sífeldar veislur, og mundi vel nægja, að okkar sendiherra hjeldi eina á ári eða svo. En hafi hann 18 þús. kr., þá getur hann lifað svo, að hann þurfi ekki að verða sjer nje landinu til skammar. En hví kvarta menn svo mjög um, að þessi eini maður sje dýr? Og hvers vegna dettur engum í hug að leita sjer að tekjulindum til að standast þennan kostnað? Jeg veit ekki betur en að allir, sem fara til Noregs, verði að fara til ræðismanns þeirra hjer og láta hann skrifa á vegabrjefin. Hví gæti íslenski sendiherrann í Kaupmannahöfn ekki haft það eins, og haft af því allmiklar tekjur? Þetta dettur mjer í hug nú í svipin. En þeim, sem álíta sendiherralaunin of lág, skal jeg segja það, að fyrir þessa upphæð, sem hjer er um að ræða, skal jeg taka að mjer að rækja þetta starf, og verða hvorki landi nje lýð til skammar. (B. H.: Þú mundir sækja um launauppbót). „Eng-

inn það þig orð til hneigja“. Sendiherrann myndi engum verða til skaða, heldur mundi með honum mega spara landinu allmikið fje.

Pjetur Ottesen: Jeg vil byrja með stuttri athugasemd út af því, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að stjórnin hefði bygt áætlanina um kostnað sendiherrans í Kaupmannahöfn á því, að verði yrði haldið niðri fyrir dýrtíðarráðstafanir. Nú vil jeg spyrja hæstv. forsætisráðh. (J. M.), hvort það hafi virkilega verið meining stjórnarinnar, að þessar dýrtíðarráðstafanir myndu standa að eilífu. Jeg get nú naumast hugsað mjer það, og sjá því allir, hve hæpin röksemdaleiðsla það hefir verið hjá hæstv. forsætisráðh. (J. M.), er hann ætlaði að miða kostnað við framtíðarstöðu við dýrtíðarráðstafanir í svip. Þetta er engin staðgód röksemdafærsla, því varla mun hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hafa dottið í hug, að þessar dýrtíðarráðstafanir yrðu látnar gilda fyrir sendiherrann einan, þó aðrir væru sviftir þeim.

Jeg stend því fast við það, sem jeg sagði á síðasta þingi og nú, að launin væru þá og eru enn áætluð alt of lág, og það, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) er nú að tina til, til að fódra með hækkinina, er vandræðayfirklor og ekkert annað.

Hv. þm. Dala. (B. J.) telur það höfuðsynd frá sjónarmiði sjálfstæðisins að spyrna á móti sendiherranum. Jeg veit, að þetta er til mín mælt, en jeg tek mjer það ekki nærri; því jeg hefi aldrei verið snortinn af því, að byggja sjálfstæði þjóðarinnar á tildri og fordild, heldur grundvalla það á því raunverulega, þeim hyggindum, sem í hag koma fyrir þjóðina.

Hv. þm. Dala. (B. J.) kvað þetta fje vera nægilegt, sem sendiherranum væri ætlað. Ja, þetta kom nú úr hörðustu átt. En ef við gerum nú ráð fyrir því, sem líklegt

er, að svo háttsettur maður, sem sendiherrann er, hefði nú eins og tvær undirtyllur, hvað ætli þá væri nú orðið eftir handa hátnigninni sjálfri?

Hv. sami þm. (B. J.) fullyrti, að vandræðunum um söluna á síldinni í sumar hefði verið afstýrt, hefði sendiherrann verið kominn á laggirnar. Þetta er nú auðvitað að eins fullyrðing, sem á sjer engan stað, og get jeg alveg eins fullyrt hið gagnstæða, og stöndum við þá vitanlega jafnt að vígi, nema hvað mín fullyrðing er miklu sennilegri.

Hv. sami þm. (B. J.) mintist einnig á það, að hægt mundi að láta sendiherrann ljetta undir með sjer, ef ekki vinna fyrir sjer, með því að gera öllum að skyldu, sem ferðast vildu til Íslands, að láta hann skrifa upp á vegabréf sitt. En þá hygg jeg nú, að mönnum tæki fyrir alvöru að torveldast förin heim til Íslands. Ef t. d. Íslendingar í Ameríku, sem hverfa vildu heim aftur, þyrftu að bregða sjer fyrst til Kaupmannahafnar til að láta sendiherrann skrifa upp á vegabréfið!! Hvað segja menn nú annars um svona viturlegar tilögur? Nei, jeg held, að hv. þm. Dala. (B. J.) verði að bera einhversstaðar annarsstaðar niður, til að afla sendiherranum tekna.

Forsætisráðherra (J. M.): Stjórnin hefir ekki bygt á ráðstöfunum til að halda niðri verðinu löngu eftir að stríðinu var lokið. En það er afsakánlegt, þótt stjórnin byggði á því, að verð á vörum fjelli heldur en hækkaði.

Jeg held, að það hafi verið flestra fjármálamanna skoðun, að þá og þá kæmi verðfallið. En verðfallið er ekki komið enn þá, heldur hefir þvert á móti alt stigið dag frá degi. Sannleikurinn í þessu mun vera sá, að engum menskum manni er mögulegt að segja, hve nær verðfallið kemur. En

fjármálamenn á Norðurlöndum, sem jeg hefi átt tal við nýlega, voru allir sammála um það, að verðfallið hlyti að koma á þessu eða næsta ári. Og vel má vera, að það komi áður en nokkurn varir. Þess vegna er ekki rjett að ásaka stjórnina fyrir þetta.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg get vel leitt hjá mjer að blanda mjer inn í þessa gömlu deilu um sendiherrann. En jeg get þó ekki stilt mig um að segja, að mig furðar á hinum gullna ljóma, sem sendiherrann stendur í fyrir sumum hv. þm. Jeg hefi nú, satt að segja, aldrei haft eins háar hugmyndir um hann og hv. þm. Borgf. (P. O.). Mig furðar á því að heyra gamla sjálfstæðismenn vilja draga úr þeim *sjálfsögðu* og skýrustu sönnunum um fullveldi vort, sem sendiherra í Kaupmannahöfn er, enda þótt máske við það spöruðust nokkrar krónur að hafa hann ekki. Er hugsunarhátturinn nú orðinn sá, að fullveldi sje að vísu gott, en það megi bara ekki kosta of margar krónur.

Pá vildi jeg snúa mjer að hæstv. fjármálaráðh. (M. G.) og svara spurningu hans. Hjer er að eins um eins árs fjárveitingu að ræða, sem sje fyrir árið 1920. Einnig vildi jeg skýra frá, að þessi 20 þúsund til ræðismannsins í Miðjarðarhafslöndum eru, eins og gefur að skilja, miðuð við árslaun.

Viðvíkjandi þeirri spurningu, hvort það hafi verið meiningin að hafa 2 menn í Miðjarðarhafslöndunum, með því að Fiskifjelagið muni hafa ráðunaut sinn þar, er því að svara, að starfi ráðunauts Fiskifjellsins mun vera þannig vaxinn, að hann er nokkuð á ferð og flugi og á sjer hvergi fastan samastað, þó nú hittist svo á, að hann sje á þessum stöðvum. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir borið málið undir þá menn, utan þings og innan, sem mest skyn bera á þessa hluti, og hafa þeir allir talið hina brýnustu þörf á ræðismanni

þarna, hvar svo sem ráðunautur Fiskifjellsins hjeldi sig.

Um það, hvort fjárveitinganefnd hafi nokkuð á móti því, að Búnaðarfjelagið skifti sjálft niður þessari dýrtíðaruppbót, vil jeg svara því, að nefndin sjer ekkert því til fyrirstöðu, að Búnaðarfjelagið skifti styrknum sjálft, en það má sjálfu sjer um kenna, ef það skiftir styrknum ekki rjettlátlega niður og eins og nefndin segir fyrir, því engrar frekari fjárveitingar er þá að vænta.

Jeg beindi ræðu minni aðallega til stjórnarinnar, fyrir því að ekki vanst tími til að skrifa nefndarálit, en stjórninni er fremur skyldara að fara eftir ræðu framsögumanns nefndarinnar en öðrum úti í frá.

Hv. þm. Ak. (M. K.) kvað fjárveitinganefnd hafa sett deildina í vanda. En jeg get snúið þessu við með rjettu og sagt, að deildin eða þingið hafi sett nefndina í vanda með því að gefa henni ekki meiri tíma til starfsins. Jeg get ekki samsint það, að svipaðar kröfur, um dýrtíðaruppbót, þeim, er nefndin vill að orðið sje við, hafi legið fyrir nefndinni. En hitt skal jeg viðurkenna, að ýmsar kröfur um launabætur lágu fyrir nefndinni. Jeg get skýrt hv. þm. Ak. (M. K.) frá því, með því líka að hann er nú orðinn meðlimur fjárveitinganefndar, að það getur komið til mála, að nefndin afgreiði eitthvað í viðbót, en það getur að eins orðið afgreitt á þann hátt að vísa til stjórnarinnar og mæla með við hana, að hún taki einhverjar upphæðir upp í væntanleg fjáráukalög. En síðan ræður stjórnin því, hvort hún vill taka á sig ábyrgðina, þótt hún viti ekki um ákveðinn stuðning frá neinum nema fjárveitinganefnd.

En annars frekara getur með engu móti unnist tími til.

Jeg álit, að ekki sje rjett að láta þetta bíða til morguns eða laugardags. Ef málið verður látið bíða til laugardags, þýðir ekki

að láta það koma fram aftur; það er þá sjálfdautt.

Fjárfveitinganefnd Ed. óskaði þess, að þetta mál gæti komist þangað í dag, og því ástæða til að hraða málinu. Jeg hafði ekki ætlað mjer að lenda í einu þvargi út af þessu, og vil því láta hjer staðar numið að sinni.

Sigurður Stefánsson: Jeg og hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) eigum viðaukatillöguna á þgskj. 120.

Það gladdi mig að heyra, hvernig hv. þm. Ak. (M. K.) tók í það mál.

Jeg og hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) fórum þess á leit við samgöngumálanefnd nú á öndverðu þinginu, að hún greiddi úr þessu, en engar tillögur eru komnar frá henni enn þá um málið, og jeg býst ekki við, að þær muni koma.

Við rjeðumst því í að bera fram fyrir deildina þessa rökstuddu till. okkar, og vonum við, að hv. samgöngumálanefnd þykkist ekki við það.

Það hefir verið allerfitt að halda uppi ferðum þessum, og upp á síðkastið hefir bátakostur til þessara ferða verið bæði of lítill og ófullnægjandi.

Nú hagar svo til, eins og flestum mun kunnugt, að í Ísafjarðarsýslu eru nær engir færir landvegir, heldur er alt flutt á sjó. En meðan smábátaútgerðin var í sem mestum blóma, kom þetta ekki svo mjög að klandri, því þá mátti heita, að hver stærri bóndi ætti sinn eigin bát.

En nú hefir útvegurinn breyst á síðustu árum þannig, að stórir mótorbátar hafa komið í stað hinna smærri, en hinir smærri bátarnir verið seldir burt úr sýslunni. En flutningaþöfin hefir ætíð farið sívaxandi.

Til þess svo að bæta úr vandkvæðum þessum var í fyrra stofnað hlutafjelag, sem rjeðst í að kaupa bát. Hefðu ferðirnar orðið að leggjast niður, ef þetta ráð hefði ekki verið tekið. Bátur þessi kostar um

100 þúsund kr. Þar af keypti Ísafjarðar-kaupstaður hluti fyrir 4000 kr., sýslan fyrir 6 þús. og ýmsir hreppar nokkuð.

Miðað við útgerðarkostnað í haust hefði má ske getað komið til mála, að báturinn bæri sig með þessum litla styrk, sem nú er til bátaferða veittur, en nú hefir alt, er til útgerðar heyrir, hækkað um ca. 60% síðan í haust, svo auðsætt er, að báturinn ber sig ekki með þann lága styrk, er hann hefir nú, og að ekki verður hægt að halda bátnum úti nema styrkurinn sje aukinn.

Það kemur ekki Ísafjarðarsýslu einni að notum, að haldið er uppi föstum ferðum þarna á milli, heldur einnig Barðastrandar-sýslu og Dalasýslu.

En svo er eitt mikilsvert atriði í þessu máli, sem sje það, að það er gert að skilyrði fyrir að báturinn fái styrkinn, að hann haldi uppi 15 póstferðum á ári milli Arngerðareyrrar og Ísafjarðar. Hver þessara póstferða kostar 5—600 kr., ef kaupa ætti í hvert skifti bát með póstin. En með þessari skuldbindingu er erfitt að semja eins handhæga ferðaáætlun fyrir bátinn sem annars hefði verið. Jeg hugsar, að eigendur bátsins vildu heldur reka bátinn upp á eigin spýtur en njóta þessa litla styrks og hafa þá aftur þessa skyldu að inna af hendi.

Það er enginn vafi á því, að ríkissjóður sparar sjer fje við þetta, því annars yrðu póstferðirnar tilfinnanlegri.

Hv. meðflutningsmaður minn (J. A. J.) hefir nú í morgun fengið skeyti um þetta mál frá fjelaginu, og vænti jeg, að hann skýri hv. deild frá, hvernig á horfist.

Ísafjarðarsýsla hefir nú ekki verið svo heimtufrek við ríkissjóð, og er þessi styrkur því ekki mikilvægur, þegar það er at-hugað, að þessar bátsferðir eru lífsskilyrði. Sjóleið þessi er stundum mjög erfið, t. d. á vetrum, og þá oft ófær öðrum en stórum bátum. Er þess vegna nauðsyn á stórum og góðum bát, en á honum er völ, ef þessi

styrkur verður veittur. Þetta hlutafjelag mundi ekkert hafa á móti því að fara ferð haust og vor til vesturhluta Húnaflóa, t. d. á Strandir. Þessi bátur mundi einnig oft geta sparað strandferðabátunum mikið ómak. T. d. lágu 400 tn. af kjöti á Arngerðareyri í fyrra haust, og varð Sterling að sækja þær þangað. Þetta ómak hefði bátur nú t. d. getað sparað, og svo er um fleira.

Við hjeldum, að hægt væri að komast af með 9 þús. kr., en samkvæmt skeyti til hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) er þörfin svo mikil, að ekki er hægt að notast við þá upphæð. Hækkunin liggur mest í því, hvað alt hefir hækkað gífurlega. Það er engin von um, að útgerðin geti borgað sig, enda þótt ríkissjóðsgjaldið væri 20 þús. kr. bæði árin. Við höfum þess vegna farið fram á 11 þús. kr. fjárveitingu hvort árið um sig, og jeg vona, að sú aðaltill. okkar verði samþykkt., því að það er hagur ríkissjóði, að þetta fyrirtæki gangi samilega. Jeg vænti þess, að háttv. deildarmenn líti á það, og eins á þá aðkallandi nauðsyn, sem er á þessari fjárveitingu.

Bjarni Jónsson: Háttv. þm. Borgf. (P. O.) klappaði steininn viðvíkjandi sendiherranum. Hann hjelt því fram, að stjórnin hefði haft þingið að ginningarfífla í fyrra, þegar hún áætlaði ekki hærra en 12 þús. kr. til sendiherrans. Stjórnin bygði á því, hvað kostaði að lifa í Kaupmannahöfn þá, og það er ekki gott að ætlast til, að hún bygði á öðru. Jeg hygg, að hún hafi hreinsað sig fyllilega, en nú á háttv. þm. (P. O.) eftir að hreinsa sjálfan sig í þessu máli, en ekki get jeg búist við, að honum gangi sá þvottur eins vel og stjórninni.

Hv. þm. (P. O.) talaði í fyrra umskrifstofu, sem kostaði 12 þús. kr. Jeg áætlaði, að sú skrifstofa kostaði þá milli 22—24 þús. kr., og var það ekki reikningur minn, heldur Jóns Sveinbjörnssonar, og hafði hann sent

hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þá áætlun. Mismunurinn verður þá um 4 þús. kr., og er það sú upphæð, sem hv. þm. (P. O.) tímur ekki að gjalda fyrir heiður landsins. Þeir menn, sem halda, að skrifstofan kosti að eins 12 þús., þeir gera ráð fyrir gefnu húsnaði og lægra kaupi til starfsmanna en menn fást fyrir. Það eru því þeir, sem gera tilraun til að ginna þingið.

Hv. þm. (P. O.) ætlaði að sýna fyndni sína þegar hann talaði um vegabrjef frá Ameríku, en honum tókst að eins að opinbera grunnhygni sína. Vjer höfum sendiherra í öllum öðrum löndum en Danmörku, því að danskir sendiherrar eru um leið sendiherrar Íslands samkvæmt umboði, og þeir mundu skrifa á vegabrjef. Jeg vænti þess, að jeg þurfi ekki að tryggja þetta í hann eins og lamb, sem ekki kann átið. Jeg þykist ekki þurfa að ræða þetta meira. Jeg veit, að í hv. þm. Borgf. (P. O.) er þrái frá fyrra þingi. Þá hefir það ef til vill verið vantandi skilningur, sem rjeð framkomu hans, en nú er því varla til að dreifa, og nenni jeg ekki að eltast við kappgirni hv. þm. (P. O.).

Eiríkur Einarsson: Jeg ætla ekki að blanda mjer í þær umr., sem hjer hafa orðið, en vildi gera athugasemd út af till. á þgskj. 120, frá háttv. þm. N.-Ísf. (S. St). Jeg ætla ekki að andmæla þeirri till., heldur að eins benda á, að ýmsar styrkbeiðslur sama eðlis hafa legið fyrir samgöngumálanefnd, og hefir hún ekki viljað taka neina afstöðu til þeirra. Austfirðingar fóru fram á styrk til flóabátaferða þar, og við þm. Árn. fórum fram á styrk til ferða milli Reykjavíkur og Eyrarbakka og Stokkseyrar og milli þeirra og Vestmannaeyja. Jeg ætla ekki að ræða þetta frekar nú, heldur benda á, að eins og þessi beiðni, á þgskj. 120, er komin fram, eins munu hinar fylgja á eftir, og vona jeg, að þær megi vera þessari till. samflota. Jeg vænti

þess, að þegar við berum fram till. okkar um styrk til bátaferða þar eystra, þá verði henni eins vel tekið eins og jeg vona að hv. deild taki till. á þgskj. 120.

Jón Auðunn Jónsson: Herra forseti! Jeg ætla að fara nokkrum orðum um till. okkar hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem er á þgskj. 120. Jeg get strikað undir alt, sem hv. meðflm. minn sagði, en vildi bæta nokkru við til nánari skýringar. Jeg skal geta þess, að stjórn útgerðarfjelagsins hefir áætlað kostnað næsta árs, og verður þá halli, sem nemur um 40 þús. kr. Því var skorað á okkur að fá ríkisstyrk, um 30 þús. kr., og átti svo að borga 10 þús. kr. af sýslusjóði, hreppasjóðum og bæjarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar. Jeg get ekki dæmt um það, á hve gildum rökum þessi áætlun er byggð, en þó held jeg, að hún muni fara nærri því rjetta. Í haust var gerð áætlun með 20 þús. kr. halla, og var þá ætlað sama fyrirkomulag. En síðan hefir alt hækkað að miklum mun, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir bent á, svo að jeg held, að 40 þús. kr. halli sje nú á rökum byggður.

Hingað til hefir báturinn, sem þessar ferðir hefir farið, verið mjög ófullkominn, og má það kallast mildi, að aldrei hefir hlotist líftjón af, en þó hefir það legið við. Styrkurinn hefir verið svo lítill og ferðirnar borgað sig svo illa, að það hefir ekki verið hægt að fá nægilega góðan bát. Sá, sem notaður hefir verið, er um 12—14 tonn, en það er álit þeirra manna, sem um þetta hafa fjallað, að ekki veiti af 40 tonna báti. Nú er búið að útvega bát með sæmlegri vjel, og er hann um 16 tonn, en margfalt dýrari en sá, sem áður var.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki að skýra málið frekar. Jeg vil undirstrika það, að ef styrkurinn verður ekki veittur, þá er engin von til þess, að báturinn geti annast fólksflutninga. Og jeg efast um, að hann

geti haldið uppi ferðum. Ef svo fer, á móti von minni, þá er líklegt, að ríkissjóður tapi meiru fyrir aukinn kostnað við pósthlutninginn heldur en styrknum nemur.

Jón Sigurðsson: Herra forseti! Jeg get byrjað með því að taka það fram, að jeg er sammála hv. þm. Borgf. (P. O.) um sendiherrann. Ræður hv. þm. Dala. (B. J.) hafa ekki getað sannfært mig um nauðsyn hans, heldur hið gagnstæða. Jeg tel því vel unandi við þá skrifstofu í Kaupmannahöfn, sem nú er. Jeg mun því greiða atkvæði á móti þeim lið í till. nefndarinnar

Um 4. lið till. vildi jeg fara nokkrum orðum.

Hv. frsm. (M. P.) drap á það, að ef sá liður yrði feldur, þá yrði það óumflýjanlegt, að Búnaðarfjlagið yrði að draga úr framkvæmdum sínum, til að geta greitt starfsmönnum sínum sæmilegt kaup. Þetta yrði mjög bagalegt, því Búnaðarfjlagið hefir nú á stefnuskrá sinni margt það, sem getur haft stórfelda þýðingu fyrir framtíð landbúnaðarins. Jeg get ekki stilt mig um að minnast á þrent, sem fjlagið leggur nú sjerstaka áherslu á. Það hefir ákveðið að verja miklu af fje sínu til verðfærlaupa. Það er bráðnauðsynlegt og ætti að vera gert fyrir löngu. Það ætlar ekki að eins að útvega ný verkfæri, heldur að reyna þau og fá þeim breytt eftir því, sem búnaðarhættir okkar krefjast. Síðan á að halda sýningu á verkfærunum, til þess að almenn-ingur kynnist þeim og læri að meta rjett gildi þeirra. Einnig á að örfa efnilega menn til að hugsa upp ný verkfæri og vinnuaðferðir, með því að kaupa af þeim uppfundningarnar eða veita þeim verðlaun. Ef ekki verður unnið að þessu af alefli, og það verður því að eins, að Búnaðarfjlagið geti varið því fje til þessa, sem það hefir þegar ákveðið, þá er ekki annað sjáanlegt en að búnaður í stærri stíl leggist

smám saman niður. Höfuðbólín bítast niður í einyrkjakot, því þau verður ekki hægt að reka vegna þess, hve mannsaflið er orðið dýrt.

Þá hefir fjelagið hugsað sjer að undirbúa og framkvæma vatnsveitingar. Þingið hefir sýnt lofsverðan áhuga í þessu efni og veitt styrki til fyrirtækjanna, en öll þau útlát eru meiningarlaus, ef ekki er hægt að fá hæfa menn til að undirbúa vatnsveitingarnar og sjá um framkvæmdir þeirra. Það er áreiðanlegt, að vatnsveitingar eru þær jarðabætur, sem fljótast borga sig, enda hafa augu bænda opnast fyrir þýðingu þeirra. Sem dæmi áhugans, sem þegar er orðinn um þetta atriði, þá hefir mjer verið tjáð, að 12 umsóknir hafi fjelaginu borist um mælingu á stærri áveitum. Það er því einsýnt, að fjelagið má ekki draga saman seglin á þessu sviði.

Loks kem jeg að búfjárræktinni, og hefir fjelagið nú ákveðið að breyta til og skipa hæfa ráðunauta á öllum sviðum búnaðarins. Þeir, sem fylgjast með erlendum búnaðarframförum, vita, hvert kapp er lagt á kynbætur, og erum við þar eftirbátar annara. Nú er fóðurframleiðslan orðin svo dýr, að það skiftir ekki litlu máli, að skepnurnar gefi sem mest af sjer. Það, sem vinst á í þessu efni, er að mestu hreinn gróði fyrir landsmenn.

Ef fjelagið á nú að taka fje úr eigin sjóði til að bæta laun starfsmanna sinna, þá hlýtur það að draga mikið úr þessum framkvæmdum, o. m. fl. Þetta mál er þess vert, að það sje athugað. Það er mál, sem snertir ekki einungis landbúnaðinn, heldur alla íslensku þjóðina. Landbúnaðurinn er nú á vegamótum, og skiftir ekki litlu, að þing og stjórn hjálpi til að ryðja þann veginn, sem liggur að meiri og ódýrari framleiðslu og meiri og almennari velmegun þjóðarinnar. Jeg vænti þess því fastlega, að hv. deildarmenn greiði þessum lið á till. nefndarinnar atkv. sitt.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla ekki að fara í meting við hv. þm. Dala. (B. J. um það, hvor okkar sje meiri reikningsmaður. En jeg bíð rólegur eftir úrskurði reynslunnar um kostnaðarhlið þessa máls. Hún sýnir það, hvor okkar hefir rjettara fyrir sjer. Jeg held, að hv. þm. Dala. (B. J.) sje best að bíða með að bretta sig þangað til sú reynsla er fengin. En út af því, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði áðan, að hann skyldi taka að sjer sendiherrastöðuna með þessum launum, þá býður hann þetta af því einu, að hann veit það upp á hár fyrirfram, að hann verður aldrei til þess kjörinn.

Bjarni Jónsson: Jeg get orðið hv. þm. Borgf. (P. O.) sammála um það, að best sje að bíða reynslunnar. En jeg vona, að hann verði mjer sammála um það að sjá til, að sú reynsla komi. Jeg held, að honum verði það heppilegast, og sjer hann þá, ef hann er ekki fær um að sjá það nú, hvað hann hefir haft rangt fyrir sjer í þessu máli.

Þá sagði hv. þm. (P. O.) að jeg hefði boðist til að taka að mjer stöðuna í trausti þess, að jeg yrði ekki í hana valinn. Af þessu má jeg marka það, að hv. þm. (P. O.) býður mjer ekki stöðuna þegar hann er orðinn forsætisráðherra, en jeg veit ekki til, að hann hafi umboð til að lýsa því sama yfir fyrir aðra.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg hefi ekki gert grein fyrir afstöðu nefndarinnar til viðaukatill. á þgskj. 120, af þeirri einföldu ástæðu, að jeg hefi ekki haft tækifæri til að láta álit hennar uppi.

Jeg hefi heyrt, að von mundi á talsvert miklu af svipuðum till., en mjer hefir skilist, að þar væri um að ræða styrkveitingar til nýrra flóabáta, sem ekki eru nú í fjárlögunum. En þessar till. eru ekki sambæri-

legar við till. þá, sem hjer liggur fyrir. Hjer er um að ræða styrk til báts, sem er í fjárlögunum. En ef fara á að byrja á slíkum málum á þessu þingi eins og breytingum eða bótum á strandferðum, á það eftir að greiða úr talsvert miklum viðfangsfeinum. Vildi jeg, að slíkar stórtill. yrðu að minsta kosti ekki lagðar fram, nema þær hefðu umsögn annaðhvort samgöngumálanefndar eða fjárveitinganefndar, og þó helst beggja.

ATKVGR.

97.1. samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., M. G., M. P., Ó. P., P. P., St. St., Sv. B., Þorl. J., B. Sv.

nei: Þorst. J., B. H., E. P., E. E., H. K., J. S., M. K., P. O. S. St., Sv. Ó., Þorl. G.

P. J. og Þór. J. greiddu ekki atkv.

Einn þm. (G. Sv.) fjarstaddur.

97.2. tekin aftur.

Brtt. 121. (nýr 2. tölul.) samþ. með 20 shlj. atkv.

97.3. samþ. með 17 shlj. atkv.

97.4. samþ. með 20 shlj. atkv.

Viðaukatill. 120., aðaltill., (nýr 5. tölul.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 21 shlj. atkv.

6¹⁵ síðdegis, var till. tekin til síðari umr. (A. 134, 133).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., kl. 1 miðdegis, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 134, 133, 136, 150, 152, 153).

Sigurður Stefánsson: Jeg tók það fram við fyrri umr. þessa máls, að viðaukatill. okkar, mín og hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), um 11 þús. kr. til bátaferða um Ísafjarðardjúp, ætti við hvort árið um sig. Þetta er ef til vill ekki skýrt tekið fram í till., en jeg vona, að hæstv. stjórn taki þessa skýringu til greina. Jeg ætla ekkert að ræða um till. sjálfa, að eins geta þess, að það var misskilningur sumra hv. þm., að fleiri bátar en þessi ættu að gæta pósthferða. Jeg hefi athugað það mál og komist að því, að þetta er eini báturinn, sem fer ferðir sínar í beinu sambandi við póstaáætlanir, og er því styrkur til hans ekki sambærilegur við hinar styrkbeiðnirnar, sem fram eru komnar.

Sveinn Ólafsson: Á kvöldfundi í gær hjer í deildinni var erindi, sem náskýlt er þessu, þ. e. þingsályktunartillögu um flóabátaferðir um Austfirði, vísað til samgöngumálanefndar. Samvinnunefnd samgöngumálanefnda hafði gengið svo frá beiðni okkar og öðrum líkum fyrir 25. febr., að ákveða að láta ógert að mæla með þeim, og þess vegna er till. á þgskj 122 fram komin, eins og hinar, sem eru sama eðlis. Þótt það væri að eins þessi eina till., sem vísað var til nefndarinnar, þá ber að líta svo á, sem nefndin hafi átt að taka allar umsóknirnar til yfirvegunar. Nefndin skildi það að minsta kosti svo, og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að um leið og

einni beiðni er sint, verði að taka hinar til greina. Nefndin hefir þess vegna komið með till. á þgskj. 150 sem viðaukatill. við þgskj. 134 og leggur til, að 60 þús. kr. verði veittar til flóabátaferða kring um landið, og er stjórninni ætlað að úthluta þeim eftir þörfum einstakra landshluta. Umsóknirnar fóru fram á röskar 70 þús. kr., en nú hefir ein, sem nemur 11 þús. kr., verið samþ., og er þá nærhæfis að ákveða 60 þús. til viðbótar.

Það má ekki leggja áherslu á það, að umsækjendur hafa fært upphæðina niður í þeirri von, að þá fengist frekar fjárveitingin. Það má ekki líta á það, að farið er fram á 14 þús. kr. til ferða meðfram Suðurlandi, í stað 20 þús., og 20 þús. til ferða um Austfirði, í stað 30 þús. kr. Nefndin leit svo á, að 60 þús. kr. mundu nægja til að fullnægja þörfum umsækjenda. Og er fjeð einnig ætlað til þeirra, sem ekki hafa sótt, en þó hafa þörf fyrir styrkinn. Fjárveitinganefnd hefir fallist á að veita þessar 60 þús. kr., en síðar borið fram aðra till. um 80 þús. kr. og hefir samgöngumálanefndin ekki haft tækifæri til að athuga hana, og ætla jeg því ekki að ræða um hana að þessu sinni.

Sveinn Björnsson: Jeg á, ásamt háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), viðaukatill. á þgskj. 133. Jeg skal taka það fram, að vegna þess hraða, sem er á öllum þingstörfum, hefir nefndin bætt við einum lið meðan verið var að prenta till. okkar, og á hún því að verða 6. liður, en ekki 5

Ástæðan til þess, að jeg er flm. þessarar viðaukatill., er þessi. Jeg var beðinn af manni úr kennarastjettinni að athuga, hvað yrði um tvö atriði, sem kennarar höfðu kvartað yfir við fjárveitinganefnd, til að fá leiðrjetting mála sinna. Jeg spurðist fyrir um þetta hjá nefndinni, og fekk það svar, að hún hefði ekki haft tíma til að athuga þetta svo gaumgæfilega, að hún

sæi sjer fært að bera fram till. um það. Till. um heimild til stjórnarinnar til ýmsra fjárbóta er nú á förum úr deildinni, og er því ekki seinna vænna að bera fram þessa viðaukatill., svo að hv. deildarmönnum gefist kostur á að taka afstöðu til þessara atriða. 12. gr. laga um skipun barnakennara segir, að launaviðbót þeirra reiknist frá því, er þeir urðu fastir kennarar. En þegar átti að framkvæma þetta, urðu menn ekki á eitt sáttir um það, hvernig skilja ætti orðin „fastir kennarar“. Stjórnarráðið komst að þeirri niðurstöðu, að orðin ættu ekki við aðra en þá, sem ráðnir væru kennarar með föstu árskaupi.

Þessi orð. „fastir kennarar“, komu inn í lögin með brtt. frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Hann tók það fram, þegar hann flutti brtt., að hún væri að eins til skýringar, en breytti ekki efni frv. að neinu leyti. Til árjettingar þessu skrifaði hann stjórnarráðinu brjef, sem jeg ætla að lesa upp. með leyfi hæstv. forseta.

Brjefið er dagsett 27. sept. f. á. og er á þessa leið:

„Að gefnu tilefni skal það tekið fram um breytingu þá á barnakennaralaunafrv., sem gerð var í Nd. Alþingis og jeg var nokkuð við riðinn, sem sje að stöðualdur kennara til hækkunar launum þeirra skyldi teljast, ekki frá því lögin koma til framkvæmda, heldur frá því er þeir byrjuðu að starfa við skólann, — þá var það ákvæði *meint* þannig, þótt þar standi „fastir kennarar“ (12. gr.), að árin teldust frá þeim tíma, er þeir voru *ráðnir* kennarar við skólann, hvort sem þeir hafa starfað sem svokallaðir „fastir“ eða að eins sem *tímakennarar*. Með föstum kennurum í þessu sambandi var þannig átt við *alla ráðna kennara* við viðkomandi skóla (aðra en þá, sem um stundarsakir hafa kent, en síðar horfið frá).“

Þegar stjórnin úrskurðaði, að uppbótin skyldi að eins ná til kennara með föstu árskaupi, hefir hún ekki haft þetta brjef fyrir sjer. En afleiðingin af því, að úrskurður stjórnarinnar yrði lagður til grundvallar, yrði sú, að þá mundi nálega enginn kennari fá uppbót. Það hefir varla átt sjer stað, að kennarar hafi verið ráðnir með föstu árskaupi, þó að kensla hafi verið aðalatvinnugrein þeirra. Það liggur því í augum uppi, að kennarar verða hjer fyrir ranglæti, sem löggjafarvaldið hefir ekki ætlast til.

Nú kann það að orka tvímælis, hvort rjett sje, að Alþingi samþykki þetta í þingsályktunarförmi. En þó hygg jeg, að ekkert geti verið því til fyrirstöðu, úr því að svo stendur á, að ekki hafa verið lögð fyrir stjórnina þau gögn, sem hlutu að skýra málið. Jeg vanti því, að deildin geti að minsta kosti samþykkt a-liðinn. Um b-liðinn er mjer ekki eins kunnugt. Hv. I. þm. N.-M. (Dorst. J.) gefur skýringu á honum. Hygg jeg því rjett að bera liðina upp í tvennu lagi.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vildi segja nokkur orð í sambandi við viðaukatill. á þgskj. 133. Vegna þess, að jeg er dálítið riðinn við þann skilning barnakennaralaganna, sem hjer um ræðir, vil jeg geta þess, að þótt brjefið frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefði legið fyrir frá byrjun, mundi skilningur minn á þessu lagaákvæði hafa orðið hinn sami, enda eru meira verð í þessu efni orð laganna en ummæli einstakra þingmanna. Og ekki mundu kennarar hafa grætt á því, að farið hefði verið eftir meiningu þessa þm., á þessu ári, því að tilætlun hans var, að þeir fengju enga aldursbót þ. á. Þar af sjest, að stjórnin hefir gengið lengra en hann hefir ætlast til. Það er heldur engin ástæða að fara eftir skilningi flutningsmanna á þessu atriði, heldur

að eins eftir orðalagi laganna. Það er og harla kynleg aðferð að ætla sjer að breyta lögum með þingsál. Mjer finst enn fremur, að kennarar hjer við barnaskólann fái samilegt kaup. Þeir fá 3—7 þús. kr. fyrir sjö mánaða starf. Og er jeg sannfærður um, að þeir sumir hafa hærri laun, reiknað eftir tímavinnu, en hæst launuðu embættismenn vorir.

Þjónustutímamann hefir stjórnarráðið talið frá þeim tíma, sem kennarinn var fyrst ráðinn með föstu árskaupi, en nú vilja hv. íha. þessarar tillögu láta telja starfsaldur þeirra frá ráðningu, þótt þeir hafi ekki kent nema 2 tíma á viku. Þetta fer beinlínis í bág við anda kennaralaganna, því að þau gera ráð fyrir 30 stunda kenslu á viku. Enginn sanngirnir mælir með því, að þeim, sem að eins kenna 2 stundir á viku, sje gert jafnhátt undir höfði og hinum, er kenna 30 stundir. Og það er greinilega gert ráð fyrir því í lögunum, að hlutaðeigandi kennarar kenni svo marga tíma, til þess að geta orðið fullra launa aðnjótandi. Og þetta er mjög eðlilegt. En í till. eru að eins heimtuð rjettindi, en minna hugsað um skyldurnar.

Mjer sýnist b-liðurinn líka að marki varhugaverður. Þar eru taldir í einum flokki farkennarar, eftirlitskennarar og barnaskólakennarar í og utan kaupstaða og kaupfélga. Þetta eru þó töluvert mismunandi störf, sem kennaralögin gefa að flestu eða öllu leyti mismunandi reglur um. En eftir till. á að láta ganga eitt yfir alla að því er aldursbótina snertir, auk þess sem gert er ráð fyrir, að kennarar fái hana frá ráðningardegi, jafnvel þótt þeir kenni ekki neitt. En hvorttveggja þetta er óhafandi og má ekki verða samþykkt, enda færi það allveg í bága við launalög embættismanna, en eðlilegt, að sama gildi í þessu efni. Jeg neita því ekki, að það þurfi að lagfæra löginn eitthvað, en ekki á þessu, heldur næsta

þingi. Og jeg veit, að fræðslumálastjóri hefir hug á að bæta þau eitthvað.

Hv. flm. (Sv. B.) sagði, að nálega enginn kennari kemist undir aldursbót. Þetta er ekki rjett. Þeir eru margir, t. d. í Reykjavík, og margir úti um land. En hinir eru þó nokkuð margir, sem ekki eru ráðnir með föstu árskaupi og falla því ekki hjer undir. En laun þeirra eru svo ríf, að það er ekki sanngirni gagnvart öðrum starfsmönnum ríkisins að bæta við þau. Því er rjett að láta þetta bíða, en hugsa heldur til að endurskoða lögin á næsta þingi.

Jeg skal taka það fram, að ríkið borgar um 100 þús. kr. til barnaskólans í Reykjavík. Þetta er svo mikil fjárhæð, að vafalaust er rangt að hækka hana.

Eiríkur Einarsson: Það er af brýnni þörf, að beiðst er styrks til sjóleiðarflutninga milli Reykjavíkur og kaptúnanna austanfjalls. Eins og hv. deildarmönnum mun vera ljóst, tók fyrir allar hafsiglingar til Suðurlandsstrandarinnar á fyrstu stríðsárunum. Síðan hefir almenningur eystra orðið að búa við flutning frá Reykjavík með afarstopulum bátaferðum sjóleiðis eða landflutning um Hellisheiði. Þeir, sem til þekkja, vita hve slíkir aðdrættir eru erfiðir og undirorpnir mikilli tilviljun. Landleiðis er oft ófært, t. d. um þessar mundir, og þegar fært er á öðrum tímum, eru landflutningar svo dýrir, að þungavara kemst í það verð, að mönnum verður frágangssök að afla hennar eða kaupa. Jeg býst við, að nú kosti flutningur frá Reykjavík til Eyrarbakka landleiðina, ef fær væri, um 20 aura á hvert kílo. Að nota báta til þessara flutninga er því eini kleifi vegurinn. En þar er ekki hægt um hönd. Suðurland á að vísu að koma við á Eyrarbakka í þrem ferðum þessa árs. En skip þetta er mjög óhentugt til slíkra ferða, vegna brims fyrir ströndunum þar, og þess, hvernig hagar til að öðru leyti. Það kemur

sennilega að svo litlum notum, að jeg býst við, að einu gildi, þó að Eyrarbakki yrði tekinn út af áætluninni. Skipið hefir svo takmarkaðan viðstöðutíma, að oft er ekki hægt að skjóta út báti vegna brimsins, og því síður að flytja í land þungavöru. Einn skipin, sem haf eru til þessara ferða, eru hæfilega stórir mótorbátar, sem gætu legið til byrjar og skotist austur þegar vel gæfi. En að kosta báta sjerstaklega til vöruflutninga þennan veg yrði mjög dýrt; slík útgerð væri nauðsynleg, en langt frá því að vera arðvænleg, enda mætti hún ekki vera rekin í þeim tilgangi með tiltölulega háum flutningsgjöldum, því að nógir eru verslunarerfiðleikarnir þótt því væri stilt í hóf. Gættir til milliferðanna yrðu auðvitað sömu dagana og helst gefur á sjó til fiskjar, svo að hvorugt mætti sitja á hakanum fyrir öðru, og því ómögulegt að láta fiskibáta annast þennan flutning af þessum ástæðum og fleirum. Einstakir menn austanfjalls, sem fyrirfarandi hafa látið báta sína skjótast til Reykjavíkur við og við til þess að sækja vörur, hafa engin tök á að annast flutningana með neinni reglu eða fullhægjandi. Það er hin almenna þörf, sem hjer þarf að sjá fyrir, og það er sú þörf, að hið mannflesta og víðlendasta af samfeldum sveitahjeruðum landsins eigi það ekki á hattu, eftir því sem slíkt verður trygt, að komast í algerð vistaþrot og vandræði þegar verst gegnir, er kemur okkur austanmönnum til að æskja þessa styrks, og tel jeg þær ástæður mega sín meira en það, hvort báturinn ætti t. d. að annast póstflutning, án þess að jeg á nokkurn hátt vilji gera lítið úr ástæðum annara, er askja svipaðs styrks.

Jeg skal geta þess, að kaupfjelögum, verslunum og öllum almenningi eystra leikur mjög hugur á að geta haldið uppi bátaferðum eins og hjer er beiðst styrks til, en telja það ekki fært nema styrkur fáiast. Veit jeg, að í þessar útvegur verður lagt, ef

styrkurinn fæst, þótt ekki verði nema nál. 14000 krónur. Þörfin krafði miklu meira, en við færðum beiðnina niður í von um, að þessi lágmarksupphæð fáiast því greiðlegar og hv. deild samþykki brtt.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg hefi ekki komist enn að til þess að halda fram-söguræðu í þessu máli, enda er ekki margt, um það að segja fyrir nefndarinnar hönd.

Nefndin á hjer viðaukatill. á þgskj. 152. Það hefir verið svo undanfarið, að læknaefni, sem hafa útskrifast hjer, hafa orðið að fara til Kaupmannahafnar til þess að fullkomna sig á fæðingarstofnun, og hefir það verið skilyrði fyrir embættisveitingu. Til þessa fullnaðarnáms hafa þeir fengið ferðastyrk frá Íslandi, en Danir hafa greitt þeim mánaðarlegan styrk meðan þeir voru við námið, venjulega 6—9 mánuði. En við nýja ríkjasambandið hefir styrkurinn frá Dönum að sjálfsögðu fallið niður. Nú býst jeg við, að stjórnin eða þingið hafi gert ráð fyrir, að sáttmálasjóðurinn yrði hjer til hjálpar. En raunin hefir orðið önnur. Að vísu er ætlaður styrkur til kándidata. En það eru að eins 4 kándidatar á ári, sem geta orðið styrksins aðnjótandi, og þar af í mesta lagi 2 lækna-kándidatar, sem gætu komið til mála. Og mun þó fremur gert ráð fyrir, að styrkurinn notist til þess að framast yfirleitt í læknislistinni, en ekki til þess að ljúka fullnaðarnámi. En þar sem það er skilyrði embættisveitingar, að læknaefnin gangi á fæðingastofnun, vona jeg, að deildin sjái sjer skylt að veita þennan styrk. Hjer eru læknaefni, sem enn hafa ekki farið til útlanda, og má vænta, að töluvert bætist við þann hóp á þessu ári. Þess vegna getur styrkveitingin ekki beðið til næsta þings. Hjer eru 1000 kr. ætlaðar hverjum nemanda, og er það síst of mikið, því að fyrir 10 árum voru veittar 50 kr. á mánuði um 6 til 9 mánaða tíma. Ef þessi till. verður

feld, geta læknaefnin ekki farið utan fyr en eftir næsta þing, og geta allir skilið, hversu bagalegt það getur orðið landinu í þeirri læknafeð, sem nú er.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að því, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði. Jeg er ekki sammála því, sem hann skaut til stjórnarinnar, að þessi styrkur til Ísafjarðarbátsins eigi að skoðast veittur fyrir bæði árin. Hann á eiginlega að miðast einungis við yfirstandandi ár, en næsta þing á að ákveða hann fyrir 1921.

Það var alveg sama athugasemdin, sem jeg hafði að gera við ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), ef hann vill hlýða á mál mitt, að jeg álít, að þessi till. um fjárveitinguna til flóabáts geti að eins átt við þetta ár, því jeg vænti fastlega, að næsta þing geri einhverja bragarbót á strandferðamálinu í heild sinni, en kasti ekki svona út styrkveitingum, án nokkrar íhugunar eða rannsóknar á þörfunum víðs vegar um landið.

Út af þessari styrkveitingu skal jeg lýsa yfir því fyrir hönd nefndarinnar, að henni þykir nú betur ráðið en út leit fyrir í gær, en út af því, sem hv. frsm. (Sv. Ó.) sagði, að fjárveitinganefnd samþykkti þessar 60 þúsund krónur, þá er það ekki alveg rjett. Hún bindur samþykki sitt með fjárveitingu slíkrí því *skilyrði*, að upphæðin verði 80 þús. kr., en ekki 60 þús. kr. Hún álítur ekki nægilegt að líta einungis á þær kröfur, sem nú eru komnar fram, vegna þess, að sumir landshlutar vita enn ekkert um þær breytingar á samgöngunum, sem nú eru orðnar frá því, sem gert var ráð fyrir á síðasta þingi, og þar sem samgöngumálanefndin hefir ætlast til, að þetta væri hámark, sem stjórnin mætti ekki fara fram úr, þá vildi fjárveitinganefnd hækka hámarkið dálítið, svo að stjórnin gæti litið til víðar. Jeg þykist vita, að samgöngumálanefndin geti ekki haft neitt við þetta að athuga, því að hún hefir gefið stjórninni svo óbundnar hendur hvort sem er í

Þessu máli, að hún mun eins trúa henni, þótt bætt sje við 20 þús. krónum, og jeg hefði heldur ekkert sjeð á móti því, þó að varið væri til þessa þeim 100 þús. krónum, sem gert var ráð fyrir á síðasta þingi að verja til að bæta strandferðir.

Jeg tók ekki eftir því hjá hv. frsm. (Sv. Ó.), hvort meiningin væri að taka aftur þessar till. um einstaka flóabátastyrki. (Sv. Ó.: Jú, það var það). Nú, þar verða þá allar teknar aftur. Um viðaukatill. á þgskj. 133 hefi jeg ekki annað að segja en að nefndin er henni meðmælt, þótt hún verði að játa, að slíkt sje ekki vel formlegt, en jeg sje heldur ekki annað en að öll aðferðin á þessu þingi og alt, sem það snertir, hafi verið svo óformlegt, að ekki sje hægt að hengja hatt sinn á þetta einstaka atriði.

Jeg vænti nú, að hv. deild sýni þessum till. fjárveitinganefndar alla sanngirni, og skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Forsteinn Jónsson: Það eru fáein orð um viðaukatill. á þgskj. 133. Hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) hefir tekið fram þau rök, sem liggja fyrir a-lið hennar, og hefi jeg þar engu við að bæta. Aftur á móti mintist hann ekkert á b-lið till.

Sem vitanlegt er, getur þingsáltill. ekki breytt lögum, enda datt oss flm. það ekki í hug, en vildum að eins slá föstum ákveðnum skilningi á þessum atriðum í launalögum kennara, sem þessi viðaukatill. fjallar um.

Í 12. gr. kennaralaunalaganna er svo ákveðið, að launaviðbót eftir þjónustualdri verði talin frá þeim tíma, er þeir urðu fastir kennarar. Með b-lið till. á þgskj. 133 er þeim skilningi slegið föstum, að þótt kennari flytjist úr einum launaflokki til annars, það er að segja að kennari utan kaupstaðar flytji í kaupstað eða úr kaupstað í skóla utan kaupstaða, þá sje

ekki litið svo á, að hann skifti um starf, heldur sje þjónustualdur hans reiknaður frá því, er hann varð fyrst fastur kennari. Virðist okkur það samkvæmt lögnum, en því flytjum við þessa till., að við höfum komist að því, að stjórnin muni ekki líta sömu augum á þetta atriði laganna.

Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) taldi, að um þrenuskonar stöður væri að ræða. Þegar talað væri um barnakennara, en jeg get ekki sjeð það; hjer er aðeins um launaflokka að ræða, launin sniðin eftir því, hve dýrt myndi fyrir kennarann að lifa, eftir því hvar hann væri kennari.

Launanefndin í fyrri taldi t. d. rjett, að kennari í kaupstaðarskóla væri herra launaður en kennari í sveit eða smákaupstað. Liggur þar hið sama til grundvallar sem fyrir flokkum læknaembætta.

Þá eru nokkur atriði, sem rjett væri að taka fram, viðvíkandi því, sem hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) sagði um þetta mál. Skal jeg þó sleppa því, nema einu einasta atriði, þar sem hann skildi okkur öðruvísi en við ætluðumst til. Hann leit svo á, að við vildum telja það fasta kennara, sem kendu að eins 2 tíma á dag, en í lögnum er talað um, að kennarar þurfi að kenna 30 stundir á viku og kenna minst 4 vikur á ári. Fer till. að engu leyti í bág við það, enda var ekki til þess ætlast af okkur flm.

Fjármálaráðherra (M. G.): Já, það gleður mig, að hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) er mjer sammála um, að heimta verði 30 stunda kenslu á viku af barnakennurum, með öðrum orðum hann álitur fyrri lið sinnar eigin till. rangan. En nú skal jeg benda honum á það, að ef haldið er fast í 30 stunda takmarkið, verður það hreinasta tilviljun, hvaða kennarar fá aldursbót og hverjir ekki. Kom þetta greinilega fram hjer í Reykjavík, þar sem sumir höfðu kent 27, aðrir 28, enn aðrir 29

stundir á viku. Eftir 30 stunda skilyrðinu voru þessir allir útilokaðir, en væri nokkur sanngirni í því að láta slíka tilviljun ráða fyrir hinn liðna tíma? Jeg neita því og held því fast fram, að það langhyggilegasta sje það, sem stjórnin hefir gert, að miða aldurshækkunina við það. Hve nær kennarinn var ráðinn með föstum árslaunum, því að þegar svo er, er óhætt að ganga út frá, að skólanefndirnar sjái um, að kennarar kenni nægilegan stundafjölda á viku.

Sami hv. þm. (Þorst. J.) sagði, að sjer fyndist það rangt, sem jeg sagði, að það væru til þrennskonar kennaraembætti

Jeg man nú ekki, hvort jeg viðhafði þessi orð, en við það held jeg fast, að þessi barnakennarastörf eru þrennskonar, hver flokkur með mismunandi launum og hækkunarreglum. En eftir till. á að grauta þessu saman, og það get jeg alls ekki fallist á, og legg eindregið á móti, að nokkur breyting verði á þessu gerð á þessu aukabíngi. Jeg efa líka mjög, að stjórnin mundi nokkuð fara eftir þessu, því að vitanlega er ekki hægt að breyta lögum með þingsályktunartill.

Jeg sje af því, sem fram er komið, að þessi viðaukatill. er þannig til orðin, að hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.) er faðir fyrri hluta hennar, en hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) síðari hlutans, en báðir hlutar eru að mínu áliti jafnvarhugaverðir.

Þórarinn Jónsson: Það er aðallega vegna brtt. á þgskj. 153, við viðaukatill. á þgskj. 150, frá samgöngumálanefnd. Þessi brtt. frá fjárveitinganefnd fer fram á að hækka styrkinn úr 60,000 kr. upp í 80,000.

Jeg vil eindregið mæla með þessari till., og er það af því, að jeg sje það í hendi mjer, að styrkurinn er of lítill, ef taka ætti tillit til annara staða en þeirra, sem fjárbeiðnir eru komnar frá. Jeg gekk þó

inn á þennan styrk í nefndinni — 60,000 kr., — með því að jeg sá, að stjórnin hafði dálítið fje aukreitis til að hjálpa með annarsstaðar, en jeg sje það strax, að þarna er svo lítið fram yfir, að stjórnin mundi ekki til nokkurra muna geta bjargað með því, og jeg sje það líka, að þótt þessi till. kæmist í gegn, þá mun hún ekki geta breytt ferðaáætlun Sterlings, og því mörg hjeruð þurfandi fyrir styrk.

Það mundi þurfa marga báta til þess að flytja vörur til ýmsra hafna, og þyrftu þá mörg hjeruð að fá styrk; t. d. veit jeg, að í mínu kjördami þarf að fá bát til flóaferða, og þess vegna var það, að jeg samþykkti þessa viðbót, til þess að unt væri að hjálpa á stöku stað, þar sem þörfin væri brýnust.

Þá finst mjer rjett að geta þess, í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Árn. (E. E.), að mjer barst brjef frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þar sem hann minnst á ferðir „Suðurlands“ til Stokkseyrar og Eyrarbakka. Kveðst hann hafa átt tal við forstjóra fjelagsins um þetta, og er svo að orði kveðið í brjefinu:

„..... Þá vil jeg láta ykkur vita, út af Suðurlands-ferðunum, að framkvæmdarstjóri s.s. „Suðurlands“, Sveinn M. Sveinsson, hefir tjáð mjer, að þeir ætluðu sjer að láta prenta neðanmáls á áætlun sína, að skipið færi í sumar til Eyrarbakka og Stokkseyrar sex sinnum eða svo, ef nægur flutningur byðist. (og fleiri nálæga staði), eftir sex aðalferðir, þar sem því væri ætlaður ríflegur tími til slíkra skottuferða á milli, og þetta aukalega og í viðbót við föstu ferðirnar. Hann gat þess, að allar verslanirnar á Stokkseyri og Eyrarbakka, „Ingólfur“, „Hekla“ og Andrjes Jónsson, væru nú sem áður hluthafar fjelagsins“ o. s. frv.

Jeg er ekki að taka þetta fram til þess að draga neitt úr, að styrkur verði veittur

til þessara bátaferða, en það eru allar líkur til þess, að þetta fjelag, sem heldur úti Suðurlandi, muni rækja þessar hafnir eftir því, sem hægt er, og eftir því, hvað þörfin er brýn, en á hinn bóginn eru svo mikil vandkvæði á, að bátur, sem færi þangað, geti nokkuð athafnað sig á þeim slóðum, þegar eitthvað er að sjó og veðri.

171

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal nú ekki lengja þennan eldhúsdag mikið, en viðvíkjandi brtt. fjárveitinganefndar, að færa bátastyrkinn upp í 80,000 krónur, skal jeg taka það fram, að jeg skoða það alls ekki sem skilyrði, að stjórnin noti þetta fje alt, heldur að eins sem heimild. Jeg legg áherslu á það, að stjórnin bindi sig alls ekki við þær þingsályktunartill. um fjárframlög til bátaferða, sem þegar eru fram komnar, heldur úthluti fjenu þar, sem henni virðist sannsýnilegast og rjettlátast, hvar sem þess þarf við á landinu.

Jeg get ekki stílt mig um að minnast á styrk, sem kjördæmi mitt hefir fengið til bátaferða milli Vestmannaeyja og Landeyjasands. Nýlega hefir verið stofnað kaupfjelag í suðausturhluta sýslunnar, sem ætlar að hafa vöruupplögu í Hallgeirsey í Landeyjum og flytja vörurnar frá Vestmannaeyjum. Þetta er hið mesta þarfafyrirtæki, þar sem aðflutningar á landi eru jafnerfiðir og í Rangárvallasýslu, og vænti jeg þess, að hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) sjái nauðsynina á því að greiða fyrir þessu og hækka styrkinn talsvert. Það nægir eitt til að sýna fram á, að það er í mesta máta sanngjarnt, að engin sýsla á landinu er jafnilla sett með hafnir og Rangárvallasýsla.

Sveinn Ólafsson: Mjer þykja þessar umr. vera orðnar nokkuð langar.

Jeg tók það fram áðan, að fjárveitinganefnd hefði samþykkt till. samgöngumála-

nefndar um 60,000 kr. til samgöngubóta, en nú hefir hv. frsm. fjárveitinganefndar (M. P.) komið mjer í opna skjöldu og sagt, að hún hefði að eins lagt samþykki sitt á það með því skilyrði, að styrkurinn væri hækkaður upp í 80 þús. krónur. Þetta hefi jeg aldrei skilið. Fjárveitinganefnd hefir einmitt lagt samþykki sitt á tillögu samgöngunefndar um 60,000 kr. styrk, þótt hún óski fremur, að veittar sjeu 80,000 kr., en það er ekki sett sem neitt skilyrði af hennar hálfu.

Svo var það annað atriði hjá hv. frsm. fjárveitinganefndar (M. P.), sem jeg hnaut um. Það var um þessa 2 ára styrkveitingu til flóabátsins við Ísafjarðardjúp. Jeg skal taka það fram, að mjer fyndist það rjettara að binda þann styrk, sem aðra, við eitt ár, því að sjálfsagt virðist að láta eitt yfir alla bátana ganga, nema alveg sjerstaklega standi á, og ætti stjórnin að hafa frjálsar hendur til þess að ráða fram úr þeim málum eftir því, sem best hentar.

Sveinn Björnsson: Það eru nokkur orð út af viðaukatill. á þgskj. 133, sjerstaklega út af ummælum hæstv. fjármálaráðh. (M. G.). Jeg skal strax taka það fram, að þegar jeg tók að mjer að koma fram með þessa till. var jeg ekki vel kunnugur málinu. En eftir því, sem jeg hefi getað kynt mjer málið, breytir ræða hæstv. fjármálaráðh. (M. G.) og skýringar hans ekki þeirri skoðun, sem jeg hygg rjetta vera í þessu efni. Jeg þykist sannfærður um, að stjórnarráðið mundi ekki hafa úrskurðað málið svo, sem það gerði, ef fyrir því hefðu legið skýringar þær, sem síðar komu fram.

Jeg játa, að það á ekki við að breyta lögum með þingsál. till. En hjer erekkiumneitt slíkt að ræða, enda enginn tími til að breyta nú lögnum, þótt rjett væri, að það yrði glegggra. Það, sem hjer er um að ræða, er það, að með samþykkt í þingsál. formi sje

stjórninni gefið tilefni til að breyta úrskurði, sem feldur var eftir röngum forsendum.

Nú er það upplýst af hæstv. fjármálaráðh. (M. G.), að það var rjett, að ekki lá fyrir, er stjórnarráðið úrskurðaði atriðið, brjef frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem jeg mintist á áðan, þar sem hann gaf skýringu í málinu. Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) sagði, að skoðun einhvers þm. gæti ekki breytt rjettum skilningi á lögnum. Þótt svo sje ekki, verð jeg að halda því fram, að ef vafi er um skilning á lögum, þá getur bæði umboðsvald og dómsvald leitað sjer upplýsinga um hið rjetta í undirbúningi málsins hjá löggjafarvaldinu, en þar sem þetta er hið eina, sem fyrir liggur til skýringar brtt. þeirri um þetta efni, sem samþykkt var hjer í deildinni á síðasta þingi, og þau fáu orð, sem um hana fjellu áður en hún var samþykkt, þá finst mjer ekki til of mikils mælst, að stjórnin taki tillit til upplýsinga hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), er úrskurða á um vafaatriði þetta.

Þess vegna finst mjer, að vel megi samþykkja tillöguna, án þess að leggja þann skilning í, að það hafi verið ætlun deildarinnar að breyta lögum með þingsálit. Og jeg er ekki sannfærður af ræðu hæstv. fjármálaráðh. (M. G.), að ekki sje ástæða til þess að taka þetta til nýrrar yfirvegunar og ekki ástæða fyrir deildina að biðja stjórnina að taka það til yfirvegunar.

Hvað snertir ræðu háttv. frsm. fjárveitinganefndar (M. P.), þá er gott að heyra, að nefndin hefir athugað málið og að hún ljær því meðmæli sín, og styður það enn betur mál mitt.

Annars hefi jeg lítið að athuga við önnur atriði málsins. Skal að eins geta þess, að jeg er ekki alveg á sama máli og háttv. meðflm. minn (Þorst. J.), að það sje rjett, að aldursbótin sje bundin við þennan tíma, að hún sje bundin við 30 stunda kenslu.

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

9. gr. nefnir 30 stundir í sambandi við árslaun. 12. gr., um aldursbæturnar, er sjálfstæð og vísar ekki til 9. greinar. Finst mjer því ekki nauðsynlegt að leggja þennan skilning í hana. Finst það frekar ósanngarnt.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg hafði hugsað mjer að tala nokkur orð viðvíkjandi tillögunni um styrk til vöruflutningabáta. En þar er margt búið að taka fram, sem jeg hefði viljað segja, og hefi jeg þar litlu við að bæta. Samt skal jeg geta þess, að jeg lít dálítið öðruvísi á, hvað Eyrarbakka og Stokkseyri snertir, heldur en gert hefir verið, enda geta menn varla gert sjer grein fyrir, hvernig þar hagar til, sem þar eru ekki kunnugir.

Jeg get vel lýst Eyrarbakka, bæði hvað snertir tálmanir þær, sem þar eru fyrir hendi, og svo á hinn bóginn, hvað verslun og vöruþörf er þar mikil.

Hvað hið síðara snertir, þá mun háttv. deild það kunnugt, að þangað sækja fjölmennar bygðir verslun sína, auk kaptúnanna sjálfra, og er því ljóst, að hjer er um mikla vöruþörf að ræða. Enn fremur er hjer um fiskiver að ræða, sem mikið er að sótt.

Þetta hefir að vísu verið viðurkent með því að styrkja Suðurland og ákveða, að það fari þangað austur 6 ferðir á sumri. En þetta álit jeg ekki nóg; álit, að það komi ekki að fullum notum, og kemur þar að tálmununum, sem jeg mintist áðan á. Þó að skip komi þangað fermt vörum, þá getur oft staðið svo á, að ómögulegt sje að ná einum einasta hlut úr skipinu. Veldur því brimið, sem ekki að eins getur orðið afarmikið, heldur getur einnig skolið snögglega á.

Þó að skip fari hjeðan í blíðviðri, getur þó svo farið, að leiðin inn sundin verði ófær þegar austur kemur og ekki hægt að

ná í neinar vörur. Fer þá svo, að menn fá að eins að sjá eða vita af vörunum, en sjálfar koma þær kann ske ekki fyrir en næsta ár, eða þá jafnvel aldrei.

Háttv. deild getur víst varla skilið þessa erfiðleika. Jeg get sagt sem dæmi, að einu sinni þegar jeg var unglingur, kom skip frá Reykjavík með vörur, sem áttu að fara til vegagerðarmanna í Flóanum. Við fórum út í skipið og fengum lag til þess að komast þangað. En þegar til lands skyldi halda, varundið lokað. Lauk því svo, að 3 menn mistu lífið, en sumir, sem af komust, voru lasburða lengi á eftir. Þess vegna má sjá, að ekki er mikið að byggja á strandferðabáta með reglubundnum ferðaáætlunum, því þeir mega ekki bíða eftir, að lags verði leitað að komast út í þá, heldur verða að halda áfram sinni ferð.

Þetta vona jeg að háttv. deild taki til athugunar; vona, að aldrei verði veittur neinn styrkur til reglubundinna ferða þangað, því það er nærri sama sem að kasta peningum í sjóinn.

Hitt væri öðru máli að gegna, að fá þann styrk til bátaferða, sem yrðu að ljúka sjer þar af, og veita þá styrk fyrir hverja ferð í senn. Væri þá heppilegast að taka 3—5 báta í einu, og „grípa þá gæsina á meðan hún gefst“, nota tækifærið þegar vegurinn er fær og ferðin getur komið að notum.

Á þennan hátt væri þessum þörlingum ekki varið til ónýtis, því vitanlega þurfum við oft á ferðum að halda.

Jeg tek til dæmis núna. Það er harðindatíð. Vjer þurfum vörur til þess að bjarga skepnunum, vjer þurfum salt til þess að verka fiskinn o. s. frv. Og þá gætu líka 5 bátar komið að góðum notum.

Jeg vona, að stjórnin taki þetta til athugunar, og endurtek svo að lokum það, sem jeg sagði áðan, að styrkur til reglubundinna ferða er þýðingarlitill, heldur er sá einn að gagni, sem getur stutt að því, að ferðin komi að fullum notum.

Sigurður Stefánsson: Eftir atvikum get jeg fallist á skilning háttv. frsm. (M. P.). Og með vissri von, að stjórnin taki þetta á fjáráukalögin, skal jeg ekki fara fleiri orðum hjer um. Jeg læt þetta í ljós að eins til athugunar fyrir hæstv. stjórn.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er að eins til að svara hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.), að jeg stend hjer upp.

Hann hjelt því fram, að ef brjefið frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefði legið fyrir, þá hefði úrskurður stjórnarráðsins orðið á annan veg. En jeg veit, að svo hefði ekki orðið, og hefi þegar skýrt frá því.

Annars ber ekki á milli hvað lögskýringuna snertir, því hann heldur því alls ekki fram, að hún sje röng. (Sv. B.: Misskilningur). Nei, en það er misskilningur hjá hv. þm. (Sv. B.), hvað hann metur oftnefnt brjef mikils.

Viðvíkjandi 30 stunda takmarkinu vil jeg benda á það, að sje sú tala ekki tekin, þá má líka taka hverja aðra sem vill, því enginn annar stundafjöldi er nefndur í kennaralögunum, og þá alveg eins t. d. 2 stundir á viku.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Það má nærri undarlegt heita, að hjer eru langar umræður um till., sem verða teknar aftur og altaf hefir átt að taka aftur

En viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, þá verð jeg að játa, að jeg skildi ekki vel, hvað hann var að fara, þegar hann var að minnast á fyrirvara fjárveitinganefndar.

Jeg skildi atkvæðagreiðslu fjárveitinganefndar þannig, að vægast talað væri mjög vafasamt, hvort nokkur nefndarmaður greiddi atkvæði þessum 60 þús., ef hitt væri felt. Jeg fyrir mitt leyti mun þá ekki greiða þeim atkvæði.

Jeg skil ekki þá röksemdafærslu, að brtt. á þgskj. 152 sje sönnun fyrir því, að ekki

sje um skilyrði frá nefndinni að ræða. Það, að við komum með okkar skilyrði prentað sem brtt., á að vera sönnun fyrir því, að það sje ekki skilyrði! Skilji nú aðrir en jeg þankagang hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). (Sv. Ó.: Ef það var skilyrði, þá átti aftan við till. að standa: „ella ekki“). *Einmitt það!* Jeg vil þá biðja háttv. þm. að taka við fjárlagafrv., að bera fram brtt. við einhvern lið, og ætla alls ekki að greiða eftir því, sem lærdómsríku fyrir framtíðina, að ef þeir einhvern tíma ætla sjer, t.d. þeim lið atkvæði, nema þeirra eigin brtt. verði samþykkt, þá eiga þeir samkvæmt kenningu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) að setja aftan við tillöguna orðin: „ella ekki!“

Já, takið eftir því!!

Skal jeg svo ekki deila frekar um þetta, sem er nú orðið að eins orðaleikur, en vænti, að hv. deild samþykki brtt. fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Brtt. 153. samþ. með 15 : 2 atkv.

Viðatill. 150, svo breytt, samþ. með 19 : 2 atkv.

Brtt. 136. tekin aftur.

Viðatill. 152. samþ. með 14 shlj. atkv.

Viðatill. 133,a. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. B., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., M. K., M. P., Ó. P., B. Sv.

nei: Sv. Ó., Þór. J., B. H., H. K., J. A. J., J. S., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St.

Einn þm. (G. Sv.) fjarstaddur.

Viðatill. 133,b. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. B., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., M. K., M. P., Ó. P., B. Sv.

nei: P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þór. J., B. H., H. K., J. A. J., J. S., M. G., P. J., P. O.

Einn þm. (G. Sv.) fjarstaddur.

Till., svo breytt, samþ. með 19 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., laugardaginn 28. febr., kl. 10 árdegis, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira, eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 164).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Um þetta, er hjer liggur fyrir, er það að segja, að nefndin hefir átt nokkuð erfitt með að átta sig á því og ekki orðið sammála nema um nokkra liði; atkvgr. er því óbundin.

1. gr. er till. um 5,500 króna launauppbót handa sendherranum í Kaupmannahöfn. Ef sendiherra á að hafa, þá er fjeð ekki nægilegt. En aftur á móti má deila um það, hvort skipa eigi hann strax eða ekki. Ef ekki á að skipa hann á þessu ári, þá er engin þörf fyrir fjárveitinguna. Jeg álit, að ekki eigi að fara að ræða, hvort hann eigi að skipa eða ekki núna, og mun því ekki greiða þessum lið atkv. mitt.

2. liður fer fram á 20,000 króna fjárveitingu til að skipa ræðismann á Spáni

eða Ítalíu, ef þurfa þykir. Þetta hefir komið frá stjórninni, af því að henni hafði verið tilkynnt, að ræðismannsstaðan í Genua væri laus, og Íslandi boðið að skipa þar ræðismann. Annars eru skiftar skoðanir hvort betra sje að hafa ræðismann á Spáni eða Ítalíu. Um fje þetta er það að segja, að svo framarlega sem slíkur maður reynist vel, þá er víst, að það svarar kostnaði að borga þessar 20 þús. kr., þar sem þar eru seldar aðalafurðir landsins. Þessi liður var samþykktur af fjárveitinganefnd, og vil jeg mæla með honum.

Í 3. lið er farið fram á dýrtíðaruppbót af launum, sem eru ákveðin í fjárlögunum handa manni, sem enga dýrtíðaruppbót hefir fengið, og getur ekki fengið eftir launalögunum. Hann hefir verið haldinn mjög illa, setið við sveltulaun, en alltaf unnið í þarfir þjóðarinnar. Hann er fjölskyldumaður og á örðugt uppdráttar. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að samþykkja liðinn, svo hann fengi dýrtíðaruppbót, eins og aðrir starfsmenn landsins. Það væri skrítið, ef þessi eini maður væri settur hjá.

4. liður. Ef þessi liður verður ekki samþykktur, þá mun það, sem hjer er farið fram á, verða veitt af styrk þeim, er Búnaðarfelagið fær frá Alþingi. Spurningin er þá, hvort skerða eigi styrk Búnaðarfelagsins eða ekki. Nefndin var sammála um að mæla með þessari fjárveitingu.

5. liður er um viðbót til vjelbátaferða við Ísafjarðardjúp. Í fárlögunum eru ákveðnar 9 þús. á ári, en eðlilega hefir enginn bátur fengist fyrir svo lítið, þegar öll útgerð er svo dýr. En með því, að þetta fjellu niður, þá fjellu einnig niður pósterðir, sem landinu er skylt að halda uppi. Það er því sjálfsagt að veita styrkinn.

Í sambandi við þetta er hægt að minnst á 8. lið. Þar er farið fram á 80 þús. króna fjárveitingu til ferða á flóum og fjörðum. Hann er þannig til kominn, að

fyrirsjáanlegt var, að styrkur, er veittur var með síðustu fjárlögum, hefir fallið niður, og á þessi styrkur að koma í staðinn fyrir hann. Fjárveitinganefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt um liðinn; atkvæðagreiðsla því óbundin. Mjer finst, að ekki ætti að vera áhorfsmál að samþykkja liðinn, því að við höfum alltaf verið að sökkva dýpra og dýpra á þessum síðustu og verstu stríðsárum, af samgönguleysi. Það verður að álíta, að því fje, er varið er til samgöngumála, sje vel varið. Í sambandi við þetta dettur mjer í hug samtal, er einn af okkar merkustu mönnum átti einu sinni við Englending. Íslendingurinn spyr Englendinginn, hvað það sje, er Íslendinga vanhagi mest um. Englendingurinn svarar: „Samgöngur“. Íslendingurinn spyr, hvað þá vanhagi næst mest um. Englendingurinn svarar: „Samgöngur“. Íslendingurinn spyr, hvað þá vanhagi þar næst mest um. Englendingurinn svarar: „Samgöngur“.

Englendingurinn leit svo á, að samgöngurnar væru undirstaðan, og það er alveg rjett; þær eru undirstaða undir þroska atvinnuveganna.

Þá kem jeg að 6. lið. Eins og menn vita, er læknisnemum gert að skyldu að sækja nám til útlanda í yfirsetukvennafræði. Fyr meir höfðu þeir til þess Kommunitetsstyrk, en nú er hann afnuminn með sambandslögunum. Þess vegna er sanngjarnt að veita þennan styrk. Jeg skal geta þess, að úr sáttmálasjóði háskólans geta að eins tveir menn fengið styrk, vegna þess, að þar er ekki um meira fje að ræða. En nú er ráðgert, að 10 læknisnemar þurfi að fara utan. Þessir menn verða að fá styrk, og upphæðin til hvers eins verður síst talin of há eins og hún er sett hjer.

Þá kem jeg að 7. lið, barnakennurunum. Jeg játa, að þetta er vandræðamál. Jeg er alveg samþykkur hv. formanni fjárveitinganefndar (Jóh. Jóh.) um það, að hjer sje með þingsál. till. reynt að breyta lögum, og

sýnist það vera lítt leyfileg aðferð. Það virðist svo, sem mátt hefði orða till. öðruvísi en svo, að hún væri breyting á lögum. Eins og till. liggur fyrir, er hún svo orðuð, að mjer þykir vafasamt, hvort stjórnin muni taka hana til greina.

Um efni liðsins er það að segja, að nefndin var ekki sammála um það. Sumir voru hlyntir því, og hefir skoðun þeirra við allmikil rök að styðjast, því að sjálf-sagt þurfa kennararnir uppbótar. Eftir upphaflegum tillögum stjórnarinnarskyldu kennararnir fá launabót eftir þjónustualdri. En þessu breytti Nd. þannig, að uppbótin var að eins ætluð föstum kennurum. Til þess að bæta úr misfellum, sem af þessu leiddu, var þessi till. borin fram í Nd., og liggur hjer fyrir yfirlýsing flutningsmannsins um það, að till. hafi verið heldur ætluð til þess að herða á því, að launabæturnar væru reiknaðar eftir þjónustualdri.

Jeg fyrir mitt leyti er nú á þeirri skoðun, að stjórnin hafi ekki getað hagað sjer öðruvísi í þessu máli en hún hefir gert. En hins vegar er málið svo mikið vand-ræðamál, að jeg hygg, að ekki verði hægt að gera neina ályktun um það fyr en stjórnin hefir tekið það til gagngerðrar athugunar.

Átkvæði nefndarmanna um þenran lið eru því alveg óbundin.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki fara út í mörg atriði, með því að tíminn er knappur.

Jeg skal að eins minnast lítils háttar á 1. lið till., launabót til sendiherrans. Jeg fyrir mitt leyti legg ekki áherslu á það, hvort viðbótin verður samþykkt eða ekki. Ef hún verður ekki samþykkt, þykist jeg mega ráða það, að hv. deild sje ekki kapps-mál að senda sendiherrann þegar í stað. Hins vegar hefir stjórnin skýlausa heimild til þess að senda hann hve nær sem henni

þykir henta. Annars tel jeg þessa viðbót alt of litla. Annars mun jeg athuga kostnaðarhliðina við sending sendiherra ræki-lega þegar jeg væntanlega fer til Kaupmannahafnar næst, enda má vera, að málið alt þurfi betri undirbúning. Jeg hefi lagt áherslu á það við skrifstofustjóra stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn, að losa herbergi þau, sem skrifstofan hefir þar nú ókeypis í húsum dönsku stjórnarráðanna, en það hefir ekki tekist enn. Það kom til tals í fyrra að kaupa hús handa væntanlegum sendiherra og fyrir skrifstofur, en það var svo dýrt, að ekki þótti tiltækilegt. Það er annars ekki líklegt, að sendiherrann þurfi mjög dýra íbúð, og gæti jafnvel komið til mála, að íbúð hans væri utan við bæinn.

Jeg skal að eins láta þess getið, að jeg tel varhugavert að samþykkja 7. liðinn, um launabót barnakennara. Ef vel væri, þyrfti að athuga lögin um laun barnakennara.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg stend aðallega upp út af 7. lið till. Það er mín skoðun, að endurskoða þurfi lögin um laun barnakennara í heild sinni. Það sýnist því svo, sem till. sje óheppileg. Það sýnist koma í bág við anda laganna, að uppbótin komi þeim til góða, sem að eins einhverja stund hafa haft kenslu á hendi. Það er svo oft, að kennarar byrja með 5, 6 eða 7 stunda kenslu á viku og hækka svo eftir því, sem þeir reynast. En ef þessi till. nær fram að ganga, á að miða uppbótina við það, hve nær þeir fyrst urðu stundakennarar. Nú gildir það, að 30 stundir á viku er sett sem lágmark fyrir því, að kennarar komist undir ákvæði kennaralaganna, og standi kenslan 6 mánuði á ári.

b-liður till. fer beint í bága við anda laganna. Þar er gert ráð fyrir mismunandi hækunarreglum um kaup kennara. Jeg sje ekki, hvernig það fjer staðist að reikna eft-

ir þjónustualdri, hvernig sem kennari hefir verið fluttur til; látum vera flutning frá farskóla til kaupstaðarskóla, en flutningur frá kaupstaðarskóla til farskóla gæti naumast átt sjer stað, nema kennari sá, er í hlut á, hafi reynst illa.

Það gleður mig að heyra, að hv. 2 þm. S.-M. (S. H. K.) telur stjórnina hafa skýrt lögin rjett, enda er jeg í engum vafa um það. En jeg verð að herma það eftir viðtali við flutningsmann till. í Nd., að hann gerði ekki ráð fyrir þjónustualdursuppbót á þessu ári, og er það harðara en stjórnin hafði ráð fyrir gert. Lágmarkslaun barna-kennara eru nú á 5. þús. kr. fyrir 7 mánaða kenslu, og er þetta ekki svo lítið, saman borið við laun annara starfsmanna, en sumir kennarar komast herra, á 6. og 7. þús. kr.

Loks er þetta form mjög óviðkunnanlegt, að ætla sjer að breyta lögum með þingsályktun, enda er það ekki hægt, eins og tekið hefir verið fram. Það er að sjálf-sögðu undir stjórninni komið, hvort hún notar sjer slíka heimild, en líklega mundi hún telja sjer skylt að gera það, í því trausti, að á næsta þingi kæmi fram laga-breyting í sömu átt.

Jeg skal að eins geta þess um 1. lið till., að jeg er samþykkur honum. Mjer hefir jafnan þótt nauðsynlegt að hafa þennan sendiherra, því að jeg sje ekki, hvernig hægt er að fela Dönum umboð vort gagn-vart sjálfum sjer, þótt við getum falið þeim að koma fram fyrir vora hönd gagn-vart öðrum þjóðum.

Halldór Steinsson: Jeg skal lýsa yfir því, að jeg er óánægður með það, að tillögur, sem leiða til svo mikilla fjárútláta, skuli útkljáðar á stuttu aukapingi eins og þessu, fjárútlát, sem, ef vel er aðgætt, alls ekki eru bráðnauðsynleg. Þau virðast nema, að fráskildum 7. lið, nálægt 150 þús. kr., en alls á 3. hundrað þús. kr.

Um einstaka liði skal jeg geta þess, að þótt þeir yfirleitt mættu bíða, eru þeir þó mismunandi nauðsynlegir.

Jeg er ekki samþykkur 1. lið, af því að á síðasta þingi var jeg andvígur því, að stofna sendiherraembætti í Kaupmanna-höfn. Jeg hefi altaf lítið svo á, að þetta embætti væri ekki svo bráðnauðsynlegt, að ekki væri hægt að komast af án þess, og því síður að hakkuð væri laun hans. Mjer ekildist einnig á hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að honum eða stjórninni væri þetta ekki kappsmál.

Um 2. lið er nokkuð öðru máli að gegna. Jeg verð að telja þetta nauðsynlegasta liðinn á till. Ef vjer eigum nokkursstaðar að hafa erindreka, þá eigum vjer að hafa þá þar, sem vjer kaupum og seljum vörur, ekki síst suður í löndum, þar sem fiski-markaður vor er aðallega. Mjer dylst það ekki, að þessi fjárveiting muni hafa mikla paktiska þýðingu, og þess vegna er jeg með henni.

3. liður er svo smár, að jeg legg ekkert kapp á hann.

Um 4. lið er sama að segja, að jeg legst ekki beint á móti honum. Annars fekk Bún-aðarfjelagið svo ríflega uppbót á síðasta þingi, að svo virðist, sem ekki hefði þurft að koma fram beiðni um nýja styrkveitingu svo fljótt.

5. liður, styrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp. Það verður varla komist hjá því að samþykja þann lið, af því að hjer stendur svo sjerstaklega á. Hjer er að eins 1 bátur, og hefir hann póstflutning, en ef styrkurinn væri ekki veittur, myndi póstflutningurinn verða að leggjast niður.

6. liður fer fram á svo litla fjárhæð, að jeg get ekki amast við honum.

Um 7. lið verð jeg að vera alveg á sama máli og háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) og hæstv. fjármálaráðh. (M. G.). Jeg get ekki verið með því, að einni stjett sje kipt

út úr launalögunum og kjör hennar bætt. Hitt er nær, að laga öll lögin nú á næstunni.

Þá kem jeg að síðasta liðnum, sem mjer er skyldast að minnast á sem formanns í samgöngumálanefndinni hjer. Fyrir nefndinni lágu ýmsar málaleitanir, um styrk til báts milli Reykjavíkur og Eyrarbakka, til Lónsbáts, Austfjarðabáts, Eyjafjarðarbáts og Ísafjarðarbáts. Samtals námu styrkbeiðnirnar 72 þús. kr. Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa athugað þessi mál á nokkrum fundum sameiginlega og komist að þeirri niðurstöðu, að sanningirni mælti með flestum beiðnunum, en þó misjafnlega mikil. En það varð þó ofan á að taka þær ekki til greina, bæði af því, að ekki væri rjett á aukapíngi að veita stórar fjárhæðir, enda myndu og þá hafa komið fram samskonar beiðnir frá mörgum fleiri stöðum. Það var samþykkt í samvinnunefndinni með 7 : 5 atkv. að taka beiðnirnar ekki til greina, aðrar en styrkinn til Ísafjarðarbátsins, sem jeg hefi vikið að áður.

Pegar þessar styrkbeiðnir komu fram í hv. Nd., varð það úr að vísa þeim á ný til samgöngumálanefnda. Varð það loks ofan á í nefndunum með litlum meiri hluta að heimila stjórninni 80 þús. kr. viðbótarstyrk til strandferða.

Jeg vil vera á móti þessum lið. ekki af því, að hjer sje um þarfleysu að ræða, því full þörf er á auknum samgöngum, heldur af því, að jeg efast um, að stjórnin úthluti þessum styrk þar, sem þörfin er brýnust, en bindi sig eingöngu við þær umsóknir, sem liggja fyrir. Gætu á þennan hátt t. d. Breiðafjörður og Vestfirðir orðið án aukins styrks, en þar er, sem kunnugt er, einna brýnust þörf á að bæta samgöngur á sjó, þótt fulltrúar þeirra hjeraða hafi kynokað sjer við á þessu aukapíngi að fara fram á aukinn styrk til samgangna. Jeg mun því greiða atkvæði mitt móti liðnum í þessu formi.

Forsætisráðherra (J. M.): Að eins stutt athugasemd. Jeg þarf að vera í báðum deildum í einu og get því ekki fyllilega fylgst með í málunum. Ekki heyrði jeg, hvað hv. þm. Snæf. (H. St.) sagði um sendiherrann, en jeg býst við, að hann hafi lagt kapp á að sporna við, að þessi liður yrði samþykktur. Eins og jeg hefi áður tekið fram, er viðbótin of lítil. Jeg hefi búist við, að það þyrfti talsvert meira fje. Og hvernig sem færi með þessa fjárveitingu, held jeg mig hafa heimild til að senda sendiherra, ef ráðuneytinu þætti við þurfa.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg var í minni hluta í samgöngumálanefnd. Þar voru allir á því að auka sem minst útgjöldin. Tel jeg það rjett vera og held mjer fast við það nú. Jeg held því fram, að 6. liður till. sje mjög þarfur og praktiskur, eins og nú er ástatt. Kolavandræðin sverfa að, og útlit er fyrir, að þau fari fremur vaxandi. Aftur fæst nóg steinolía. Má því ætla, að mótorbátaferðir aukist að mun, eftir því sem gufuskipaferðir verða strjállir. Jeg held því ekki, að menn geti kipt að sjer hendinni um þennan lið. Samgöngumálanefnd hafði einnig allan vilja á að spara þennan styrk sem mest, og því var það, að jeg kom ekki fram með beiðni um hækkun á styrk, sem ætlaður er báti, er gengur fyrir Rangársandi. Bátur þessi á að ganga eftir vissum áætlunum, en verður oft teptur sökum brims, og gengur því fremur óreglulega; hefir það aukinn kostnað í för með sjer. Menn hafa talað um að bæta úr samgönguleysinu á landi með því að veita fje til bátaferða. Jeg vildi þó ekki koma fram með beiðni þessa í samgöngumálanefnd, þar sem liðurinn hækkaði talsvert við það. En nú fer jeg þess á leit við deildina, að 1000 kr. sjeu veittar til einstakra ferða báts þess, sem gengur fyrir Rangársandi. Vil jeg sjerstaklega leggja

áherslu á, að það eru einstakar ferðir, en ekki áætlaðar, er þessistyrkur á að ganga til.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Áður en 8. liður fæddist, lá fyrir deildinni fjöldi einstakra styrkbeiðna. Var það auðsætt, að ef farið var eftir þeim, eins og þær lágu fyrir, myndi það hafa mikinn kostnað í för með sjer, auk þess sem það hlaut að koma ójafnt niður á hina ýmsu landshluta. Mjer datt því í hug, að ef þingið vildi trúá stjórninni fyrir nokkru fje í þessu augnamiði, mundi hún geta haft umsjón með því, að það yrði að sem bestum notum. Engin vissa er heldur fyrir því, að þessir fyrirhuguðu bátar sjeu fáanlegir. En ef svo væri, er sýnilegt, að stjórnin getur ekki verið rígbundin við umsóknir, en að hún verði að fara eftir því, hvar þörfin er brýnust. Mjer dylst engan veginn, hvílikur vandi það er, en jeg býst við, að stjórnin myndi breyta í því, sem öðru, eftir bestu vitund. Jeg kysi helst, að stjórnin hefði óbundnar hendur í þessu máli, því verið gæti, að veita yrði fje til ferða á landi í bráð. Jeg vil því næst benda líttillega á 7. tölulið. Mjer finst, að hann hafi verið settur inn með nokkuð mikilli fljótfærni, þar sem ekki munaði nema 1 atkv., sem hann flaut á. Hæstv. fjármálaráðh. (M. G.) hefir talað nægilega um hann. Skal jeg að eins geta þess, að mjer finst ekki afhættis, þó hann bíði næsta reglulegs Alþingis og kæmi þá fram í frv.formi, sjerstaklega þar sem svo lítill atkv.munur var, 13 gegn 12. Enda er ekki hægt að breyta lögnum með þingsáltil. Það mætti gera þeim mönnum einhverja úrlausn, er fyrir skakkaföllum yrðu. Jeg býst við, að hægt væri að rjettlæta það á einhvern hátt.

Sigurður Eggerz: Jeg skal fyrst víkja nokkrum orðum að 7. lið. Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) hefir minst á skýringu stjórnarinnar og tekið það rjettilega fram,

að ekkert væri við hann að athuga, og mjer heyrðist hv. fjárveitinganefnd hafa verið á sömu skoðun. En annað mál er það, hvort ástæða sje til að breyta lögnum og gera þau sanngjarnari í garð kennaranna. En vitanlegt er, að þetta verður ekki gert með þingsályktunartillögu. Þingsályktunartillagan getur ekki haft aðra þýðingu fyrir stjórnina en þá, að svo framarlega sem stjórnin framkvæmir lögin á þann hátt, sem þingsályktunartillagan bendir til, þá verður stjórnin ekki af sama þinginu vítt fyrir það, og hitt, að þingið vantaulega mundi samþykkja þær breytingar á lögnum, sem þingsályktunartillagan hallast að, ef stjórnin flytti þær. Þingsályktunartillagan getur ekki heldur skoðast sem „autentisk“ skýring á lögnum. því til þess þyrfti lög. Í raun og veru er því hálfgerð ómynd að flytja þingsályktunartill. um þetta efni, en nú hefir hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) lýst yfir því, að stjórnin mundi fara eftir henni.

Um sjálft efni till. er það að segja, að mjer virðist órjett að samþykkja b-liðinn. Virðist t. d. það gegn öllum venjum, að farandkennari, sem yrði forstöðumaður barnaskólans hjer, fengi launahækkun hjer við skólann fyrir þann tíma, sem hann var farandkennari. Aftur er meiri sanngirni í staflið a, og við hann gæti jeg unað, enda geng um leið út frá, að lögin um laun barnakennara verði endurskoðuð.

Þá vil jeg minnst á 1. lið þingsályktunartillögunnar. Þar er að mínu áliti um stórbýðingarmikið stefnuatriði að raða, eins og jeg hefi oft áður sýnt fram á hjer á Alþingi. Stefnuatriðið er það, hvort vjer óskum sjálfir sem fyrst að hafa sem viðtakust áhrif á utanríkismál vor, eða hvort vjer viljum loka augum vorum fyrir þeim og láta Dani eina um þau. Afleiðingin af því afskiftaleysi voru gæti orðið þungur skattur á þjóð vora, og ábyrgðin verður þung fyrir þá, sem reyna að læða þeirri

óheillastefnu inn hjá þjóðinni, undir sparnaðaryfirskini. Stefna sjálfstæðisflokksins hefir verið og verður sú, að ná sem fyrst fullum tökum á þessum málum.

Jeg get að öðru leyti vísað til fyrri ummæla minna um þetta mál. Jeg er hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) þakklátur fyrir góðar undirtektir undir málið, og munu þær ekki rýra fylgi hans.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) tók það rjettilega fram, að hann hefði heimildina til að senda sendiherrann, samkvæmt núgildandi fjárlögum, hvernig sem færi um þessa fjárveitingu, og er það rjett. Það er og rjett, að þessi upphæð er of lítil, en ef til vill á stjórnin vól á einhverjum efnuðum manni í stöðuna, og mætti þá ef til vill komast af með minna.

Að öðru leyti endurtek jeg það, að þjóðin og þingið verður að skilja, að utanríkismál vor, eins og annara þjóða, verða alt af meðal höfuðmála vorra, og sá flokkur, sem ekki skráir það stefnuskrá sína, verður ekki langlífur í landinu. Og ekki liður á löngu, áður en allir hjer á Alþingi verða sammála um þetta.

Sigurjón Friðjónsson: Háttv. þm. Snæf. (H. St.) mintist á það, að meiri hluti samgöngumálanefndar hefði viljað sporna sem mest við fjárveitingum. Vil jeg minnast nokkuð á 5. og 8. lið. Raunar þarf ekki að líta á þessa liði sem nýjar fjárveitingar, því eins og menn vita, voru á síðasta þingi veittar 100 þús. kr. til ferða fyrir Norðurlandi, en þær ferðir fjellu niður. Eins hefir orðið nokkur afgangur af því, sem ætlað var Suðurlandi. Nú vill svo til, að þeir staðir, sem styrkurinn átti að ganga til, hafa nú sótt um hann á ný, eins og t. d. Ísafjörður um 11 þús. kr. viðbótarstyrk o. s. frv.

Nú er málið komið í það horf, að 11 þús. kr. eru ætlaðar til vjelbátaferða um Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Ísafjarðardjúp, en fyrir nefndinni lágu ekki fjárbeiðnir um meira en 70 þúsund. Hugsá jeg mjer, að þessi liður geti komið undir 8. lið, og mun jeg greiða þannig atkvæði mitt.

Um 7. lið a vil jeg taka það fram, að mjer finst ekki geta komið til mála, að kennarar geti fengið launaviðbót, nema frá þeim tíma, sem þeir eru ráðnir fastir kennarar. B-lið get jeg aftur á móti fyrir mitt leyti fallist á.

Fjármálaráðherra (M. G.). Mjer virðast báðir liðir till. svo samhangandi, að ekki sje gott að skilja þá að. Ef b-liðurinn er feldur burtu, kemur það sama til greina í a-lið, og ef a er feldur burtu, segir líkt í b. Aðalatriðið er, að ef till. er samþ., verður þeim kennurum gert jafnhátt undir höfði um aldurshækkun, hvort sem þeir hafa kent 2 eða 3 eða 30 stundir á viku, og hvar sem þeir hafa kent og hvernig sem þeir hafa reynst. En þetta væri harla ein-kennilegt rjettlæti. Báðir liðirnir eiga því að falla, því að þeir bæta ekki úr agnúum laganna um laun barnakennara, heldur fjölga þeim.

Halldór Steinsson: Mjer skildist á hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að jeg hefði rangfært orð hans. Jeg sagði, að hann hefði haldið því fram, að hann legði ekkert kapp á, að fjárveitingin til sendiherrans yrði samþykkt, og hlýtur hann að kannast við, að það er rjett haft eftir honum.

Háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) vildi halda því fram, að sparast hefði af fje því, sem ætlað var í fjárlögum til strandferða. En þetta er misskilningur. Leigan á „Suðurlandi“ hefir orðið miklu hærri en gert var ráð fyrir, enda segir það sig sjálf, að ekki hefði þurft nú á þessu aukaþingi að heimila stjórninni 80 þús. kr.

fjárveitingu í viðbót til strandferða, ef sú fjárhæð, sem áætluð var í fjárlögunum, hefði ekki öll verið notuð.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg bið af-sökunar á þeim misskilningi, er jeg var valdur að; jeg þurfti sem sje að vera við umr. í hv. Nd. og gat því ekki fylgst rjettilega með í öllu.

Björn Kristjánsson: Um sendiherrann er það skemst að segja, að jeg hefi frá upphafi verið á móti fjárveitingu til þess embættis. Jeg hefi álitð það meira til að sýnast, en ekki búist við „praktiskum“ notum af því. Aftur á móti er miklu nær, að gerðir yrðu út verslunarerindrekar, eins og Norðmenn gera mikið að. Þeir gera mikið gagn. En okkur er nær og við þurfum sem mest að bæta efnahaginn inn á við, áður en við förum að gera út dýr en gagnslítill embætti, þó að fin sjeu. Það mundu verða eldri menn, sem falin yrðu sú staða, en þeir mundu alveg vera óhæfir til að þola loftslagið á Spáni og Ítalíu. Hins vegar væri sjálfsgagt að velja unga efnilega menn til þess að verða verslunarerindrekar, sem vendust þegar á unga aldri við að þola loftslagið í þessum löndum. 3—4 slíkir erindrekar mundu ekki kosta landið meira en þessi eini sendiherra.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Með tilliti til þess, hversu áliðið er orðið þingtímans, skal jeg ekki halda langa ræðu, og get því ekki svarað öllu því, sem að nefndinni hefir verið beint. Þó vil jeg undirstrika orð hv. þm. Snæf. (H. St.) um það, að styrkurinn í 8. lið hefði þurft að vera helmingi hærri. En undarlega kemur mjer það fyrir sjónir, að menn skuli þurfa að vera á móti þessu, sem þar er gert ráð fyrir, þó að ekki sje fullnægjandi, fyrst menn

viðurkenna þörfina. Yfirleitt finst mjer það heppilegasta lausnin í þessu skipastyrksmáli, að láta stjórnina fá til umráða ákveðna upphæð, sem hún síðan ráðstafi, og sje jeg ekki annað en að henni ætti að vera fulltreystandi til þess.

Vona jeg svo, að hv. deild leyfi máli þessu fram að ganga, þó að jeg geti ekki, með tilliti til þess, hversu áliðið er orðið þingtímans, sem fyr segir, rökrætt þetta nánar.

ATKVGR.

164, 1. tölul. feldur með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., K. E., S. E., S. J., G. B.
nei: G. Guðf., G. Ó., H. St., Jóh. Jóh.,
S. H. K., S. F., B. K., E. Árna., G. G.

164, 2. tölul. samþ. með 11 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. E., S. H. K., S. J., S. F., E. Árna.,
G. Guðf., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh.,
K. E., G. B.
nei: B. K., G. G., G. Ó.

164, 3. tölul. samþ. með 12 shlj. atkv.

164, 4. tölul. samþ. með 13 shlj. atkv.

164, 5. tölul. samþ. með 9 : 1 atkv.

164, 6. tölul. samþ. með 12 shlj. atkv.

164, 7. tölul. a. feldur með 9 : 2 atkv.

164, 7. tölul. b. feldur með 8 : 1 atkv.

164, 8. tölul. samþ. með 11 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., S. E., S. H. K., S. J., B. K.,
E. Árna., G. G., G. Guðf., G. Ó., Jóh.
Jóh., G. B.

nei: H. St., H. Sn.

Einn þm. (S. F.) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d. (28. febr.), kl. 5 síðdegis, var. till. tekin til síðari umr. (A. 181).

Of skamt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Einar Árnason: Mig langar til að segja örfá orð út af 3. lið þingsálg. till., því þar sem talað er um starfsmenn Búnaðar-fjelags og búnaðarsambanda sýnist mjer einum manni hafa verið gleymt, sem sje garðyrkjustjóra landsins. En sá maður, sem því starfi gegnir, hefir áður starfað lengi í þjónustu Búnaðar-fjelagsins, og virðist því óviðkunnanlegt, að hann fengi ekki dýrtíðaruppbót á sama grundvelli og núverandi starfsmenn þess.

Jeg vildi því mega leyfa mjer að bera nú fram skriflega brtt. um þetta, þar sem tími hefir ekki unnist til að láta prenta hana. Með henni er upphæðin jafnframt hækkuð um 2 þús. kr., með tilliti til upp-bótar garðyrkjustjórans. Afhendi jeg nú forseta till. þess og vænti þess, að deildin leyfi henni fyrst að koma til atkvæða og samþykki hana síðan.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegu brtt. frá 2. þm. Eyf., E. Árna., (A. 190) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Sú brtt. var síðan samþ. með 9 : 1 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Sp.

Á 6. fundi í Sp., s. d. (28. febr.), kl. 8½ síðdegis, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta o. fl., eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 182).

Á sama fundi var till. tekin til umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 25 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 191).

4. Landhelgisgæsla.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um landhelgisgæslu (A. 98).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg þarf nú í rauninni ekki að fjölyrða um það, hver nauðsyn er á því, að landhelgin okkar sje varin fyrir botnvörpuveiðum.

Reynsla sú, sem fengin er í þessu efni, hefir þegar fyrir löngu sýnt það ljóslega, hver áhrif þessi veiðiaðferð hefir á fiski-göngurnar.

Berlegast hefir þetta þó komið í ljós síðustu árin, meðan stríðið girti að mestu leyti fyrir aðsókn útlanda botnvörpunga

Landhelgisgæsla.

á miðin og botnvörpungaútgerðin minkaði í landinu sjálfu.

Á þessum árum, einkum þó þeim síðari, hafa fiskigöngur hagað sjer mjög svipað því, sem áður var, meðan botnvörpuveiðarnar voru ekki komnar til sögunnar. Fiskurinn hefir gengið hindrumarlaust inn á firði og flóa, og bátfiski á grunnmiðum, sem víða var með öllu horfið, hefir verið ærið þessi árin. Það er engum vafa undirorpið, að þessi mikli afli á opnu bátana, eins og örðugt hefir verið með stærri útgerð, á ekki minstan þátt í því, hve landið er vel statt fjárhagslega, þrátt fyrir alt, sem á hefir dunið.

Það er mikið mein þessu landi, hve landhelgin er takmörkuð. Þrír mílufjórðungar er ekki stórt svæði. Og sjerstaklega er þetta bagalegt þess vegna, að utan landhelginnar liggja sumstaðar aðalfiskimiðin, sem sótt er á af opnum bátum, eins og á sjer t. d. stað hjer við innánverðan Faxaflóa.

En mikils er það þó um vert, að landhelgin, þó lítil sje, sje vernduð fyrir botnvörpuveiðum. Það þarf mikið til, svo að vel sje í þessu efni; svæðið er stórt, hringinn í kringum landið, og svo það, sem alkunnugt er, að botnvörpungaskipstjórar kosta, margir hverjir, mjög kapps um það og neyta hvers færís, sem gefst, til að veiða í landhelgi, og á þetta bæði við innlenda skipstjóra og þá, sem hingað sækja annarsstaðar að. Og þeim mun meiri hætta er hjer á ferðinni, sem þeim fjölgar nú óðfluga, skipunum, sem á miðin sækja, bæði innlendum og útendum.

Landhelgisgæsla sú, sem við höfum átt við að búa, hefir verið allsendis ónóg, og síðustu árin nær engin; hún hefir eðlilega verið ónóg af því, að varsla eins skips nær skamt, og svo er það alkunna, að gæslan hefir verið mjög misjafnlega rækt.

Hjer skortir því tvent, aukna gæslu og betur rækta.

Síðasta þing sýndi það í verkinu, hversu mikil lífsnauðsyn það er þessari þjóð, að hjer verði bót á ráðin.

Á síðasta þingi voru, svo sem kunnugt er, samþykkt einróma lög um það að heimila stjórninni að kaupa eða láta byggja eins fljótt og hægt væri eitt eða fleiri skip til landhelgisgæslu, og henni heimilað að taka lán til þess. En ef ekki fengist hentugt skip til kaups, var stjórninni heimilað að taka skip á leigu meðan verið væri að smíða nýtt skip eða sæta færís með kaup á skipi.

Eins og sjá má af þessum lögum og umræðurnar um þetta mál á síðasta þingi bera með sjer, var lögð mjög mikil og sterk áhersla á það, að stórinn ljeti ekki undir höfuð leggjast að hrinda af stað framkvæmdum í þessu máli. Það má líka, held jeg, með fullum sanni segja, að það sje naumast nokkurt mál nú, sem þjóðin fylgir með meiri áhuga og eftirtekt heldur en framkvæmd þessa máls.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir nú skýrt frá því, fyrst í sameinuðu þingi og síðan nánar hjá sjávarútvegsnefnd Nd., hvað ráðuneytið hefir gert í þessu máli. Hann hefir skýrt svo frá, að hann hafi að vísu fengið tilboð um skip, sem viðkomendur hefðu haldið að duga myndu til landhelgisgæslu hjer, en þeir annmarkar hefðu þó á þessu verið, að naumast hefðu þessi skip fengist svo suemma, að lið hefði að verið á vetrarvertíðinni nú. Auk þess skorti, að svo stöddu, annan nauðsynlegan undirbúning viðvíkjandi því, að Íslendingar tækju að sjer stjórn slíkra skipa.

En aftur á móti hefir hæstv. forsætisráðh. (J. M.) skýrt frá því, að danska stjórnin hafi boðist til þess að senda hingað annað skip með Fálkanum til landhelgisgæslu, og að jafnframt mætti fullkomlega vænta þess, að danska stjórnin legði mikla áherslu á það við forustumenn þessara skipa að sýna árvekni og dugnað í þessu

Landhelgisgæsla.

starfi sínu. En sá hangur er nú samt á þessu, að enn sem komið er er ekki full trygging fyrir því, að skipin geti verið hjer alt árið, að minsta kosti annað þeirra.

En þrátt fyrir þetta verður nefndin, að öllum málavöxtum athuguðum, að telja þessa úrbót mjög mikilsverða nú að þessu sinni, og þó einkum ef stjórnin gæti fengið þann tíma lengdan, sem skipunum er ætlað að vera hjer við land, eða úr því bætt á einhvern annan hátt, sem jafngilti því, að hjer væru að minsta kosti tvö skip að staðaldri við landhelgisgæslu þetta ár. Þetta er hið allra minsta, sem hægt er að hugsa sjer, svo að vænta megí nokkurs verulegs gagns af. Og því að eins er þó hægt að vænta þess, að skipin hagi gæslunni þannig, að þau sjeu þar á verði, sem aðstaðan til fiskiveiðanna útheimtir mesta gæslu á hverjum tíma ársins, en það skiftist nokkuð á um það. Og þó að hjer við Suðurland, eins og t. d. hjer við Faxaflóa, sje brýn þörf fyrir landhelgisgæslu alt árið, þá er það aftur á móti einkum og sjer í lagi þegar liður á vorið og að sumrinutilog fram eftir haustinu, sem mest er þörfin á landhelgisgæslu við Vestur-, Norður- og Austurland. Og enn fremur er það nauðsynlegt, að skipin sjeu altaf á vettvangi þegar kleift er og liggi ekki að nauðsynjalausu á höfnum inni. Að þessu lýtur fyrri liður tillögunnar.

Um síðari lið till. er það að segja, að meðal annars í undirbúningi þessa máls er það nauðsynlegt, að innlendir menn afli sjer sem fyrst þeirrar mentunar og æfingar, sem það útheimtir að stjórna slíku varðskipi. Og hafði nefndin þá hugsað sjer, að til mála gæti það komið t. d., að nokkrir innlendir menn fengju, að tilhlutun stjórnarinnar, að vera á varðskipum þeim, sem fyrirhugað er að hafi gæsluna á hendi á þessu ári.

Nefndin vildi sem sje tryggja það með þingsályktunartillögu þessari, að nauðsyn-

legar framkvæmdir til undirbúnings þessa máls þyrftu ekki að stranda á því, að stjórnin hefði ekki fulla heimild til þess að verja nokkru fje til þess að hrinda málinu áfram. Það má nú að visu segja, að stjórnin hafi þessa heimild í lögum frá síðasta þingi, og það er að visu rjett. En hjer má þar um segja, að góð vísa sje ekki of oft kveðin.

En jafnframt þessu á þingsáltill. þessi — og ekki hvað síst — að vera til þess að leggja áherslu, eindregna áherslu, á það við stjórnina að leita fyrir sjer um kaup á skipi eða skipum, sem hentug eru til landhelgisgæslu, og undirbúa það að öðru leyti, að við getum sem fyrst á eigin spýtur tekið þátt í landhelgisgæslunni og aukið hana, og svo vitanlega tekið hana að öllu leyti í okkar eigin hendur með tímanum.

Jeg vil svo að endingu minnast á annað mál, sem er þessu náskýlt og ekki er minna um vert, sem sje rýmkun landhelginnar. Jeg vil brýna það fyrir stjórninni, fyrir nefndarinnar hönd, að halda því máli fast fram, því að takmarkið, sem hjer verður að keppa að, er það, að rýmka landhelgina og auka landhelgisgæsluna. Á þessu veltur hvorki meira nje minna en fjárhagslegt sjálfstæði þessarar þjóðar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 17 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 17 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., s. d. (26. febr.), kl. 6¹⁵ síðdegis, var till. tekin til síðari umr. (A. 98).

Of skamt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þarf ekki

Landhelgisgæsla.

miklu við að bæta það, sem hv. frsm. (P. O.) sagði við fyrri umr. þessa máls.

Það er rjett, að flotamálaráðuneytið danska mun hafa hjer við land tvö varðskip að meira eða minna leyti í ár, og ber að viðurkenna þetta með þakklæti, því að ekki ber þeim eftir sambandssamningnum skylda til meiri strandvörslu nú en fyrir ófriðinn.

Það er að vísu svo, að strandgæsla hefir hjer verið nokkuð í molum, meðan stríðið stóð, en þess ber að gæta, að um langt skeið var Íslands Falk einasta fólksflutningaskipið milli Íslands og útlanda, og fór þá margar ferðir fram og aftur beint í okkar þágu. En meðan stríðið stóð vildi svo til, að mikillar varðgæslu þurfti ekki, í samanburði við þörfina annars.

Jeg vil taka það fram, að vel getur farið svo, að varðgæslan verði minni en ella vegna kolaleysis. Að vísu átti flotamálaráðuneytið hjer talsverðar birgðir af kolum, sem ætluð voru varðskipunum. En vegna kolavandræðanna hjer nú hefir íslenska stjórnin beðið um og fengið talsvert af þessum birgðum til eyðslu í landi. Ef örðugleikar verða að fá kolin frá Bretlandi aftur, og þá á því að endurborga þetta lán, þá dregur það úr landvörninni.

Annars mun landsstjórnin athuga mál þetta alt og gera sitt til bóta á strandvörnum.

ATKVGR.

Till. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 27. febr., kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um landhelgisgæslu,
eins og hún var samþykkt við síðari umr. í Nd. (A. 146).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Karl Einarsson: Till. þessi er borin fram af sjávarútvegsnefnd háttv. Nd. og hefir verið samþykkt óbreytt í Nd. Sjávarútvegsnefnd þessarar hv. deildar hefir ekki enn tekið ákvörðun í málinu. En jeg hefi þau boð að flytja frá formanni þeirrar nefndar, að hann muni kalla saman nefndarfund milli funda í dag, til þess að athuga málið, og óskar hann þess, að till. verði nú vísað til síðari umr.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögu samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., s. d. (27. febr.), kl. 1 miðdegis, var till. tekin til síðari umr. (A. 146).

Of skamt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Karl Einarsson: Sjávarútvegsnefndin hefir átt með sjer fund um þetta mál, og raður nefndin hv. deild til þess að samþykkja till. óbreytta.

ATKVGR.

Till. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 171).

5. Brúarstæði á Hjeraðsvatnaós vestari.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn á brúarstæði á Hjeraðsvatnaós vestari (A. 98).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., kl. 1 miðdegis, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Nd., s. d., kl. 6¹⁵ síðdegis, var till. tekin til einnar umr.

Of skamt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Flm. (Jón Sigurðsson): Eins og kunnugt er, hagar svo til, að Hjeraðsvötnin skiftast neðarlega í hjeraðinu í 2 stórar kvíslar og skifta þannig útparti hjeraðsins í 3 hluta. Þau hafa frá ómunatíð verið hinn versti farartálmi, því um vöð á Hjeraðsvötnum er taplega að ræða fyrir utan Flugumýri, sökum sandkviku og stöðugra breytinga. Þetta hefir verið því bagalegra, sem aðalverslunarstaðurinn, Sauðárkrókur, er vestan megin fjarðarins og því vestan við báðar Hjeraðsvatnakvíslarnar. Nokkuð bætti það úr samgönguvandræðunum, þegar brúin á Hjeraðsvötnum austari var byggð, skömmu fyrir aldamót, en sú brú var endurbyggð 1918.

Á Hjeraðsvatnaós vestari hefir aftur á móti verið dragferja um langt skeið, þótt staðhættir hafi verið þess valdandi, að hún hafi oftlega ekki orðið notuð, er hennar var mest þörf. Vil jeg skýra þetta nokkru nánar. Vestan við ósinn liggur mjór tangi milli sjávar og Hjeraðsvatna, sem knýr þau til

að falla til sjávar í tiltölulega mjóum farvegi, hinum svo nefnda Vesturós. Við þennan tanga verður ferjan að lenda. Er það gott að sumarlagi, en í norðanátt að haustinu gengur brimið alveg yfir tangann. Getur þá hver og einn getið sjer til, hvernig sje að ferja. Þegar þannig fellur, er það oftlega fullkomin lífshætta. Við þetta eiga allir þeir að búa, sem búsettir eru í útparti hjeraðsins austanverðum og sækja verslun til Sauðárkróks.

Haustið 1918 voru stöðug norðanillveður, svo óferjandi var yfir ósinn svo klukkutímum og jafnvel dögum skifti. Ættu allir að geta sjeð, hversu mikið fjáртjón og óþægindi það muni hafa í för með sjer að liggja þannig teptur dögum saman með fjölda fjár og klyfjahesta. Það er því ekki undarlegt, þótt almennur áhugi sje vaknaður fyrir að fá bót ráðna á þessum samgönguvandræðum, enda fjársöfnun þegar hafin í því skyni. Verkfræðingarnir hafa verið beðnir að rannsaka brúarstæðið, en enn þá eru það að eins ófullnægjandi botnrannsóknir, eftir því sem vegamálastjóri hefir tjáð mjer. Það er almenn ósk hjeraðsbúa, að þessum rannsóknum verði lokið sem fyrst, því þá fyrst, eins og hv. deildarmenn geta sjeð, er hægt að undirbúa þetta mál sémilega af hálfu hjeraðsbúa, með fjársöfnun o. fl.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar

Alþingis.

(Sjá A. 148).

Vöruvöndun.

6. Vöruvöndun.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um vöruvöndun (A. 131).

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., kl. 1 miðdegis, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Nd., s. d., kl. 6¹⁰ síðdegis, var frv tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hygg, að mönnum sje kunnugt um það, að bæði fyr og síðar, og einkum nú, keppast þjóðirnar við að vanda vörur sínar. Jeg komst einu sinni ápreifanlega að raun um þetta. Jeg vildi fá upplýsingar hjá þeim, á hvern hátt þeir verkuðu fisk sinn, sem þeir senda til Vesturheims og þótti afbragðs vara og var mjög eftir sótt. En það var ekki við það komandi. Til þess að geta komist að raun um aðferð þeirra við verkun fiskisins hefði maður hreint og beint þurft að gerast óbrotinn vinnumaður hjá þeim, því að þá mundi þá naumast hafa grunað, til hvers leikurinn var gerður. Þetta er að eins sýnishorn.

Nú sem stendur er lögð mikil áhersla á það í Noregi að vanda alla fiskverkun, því að nú þykir íslenski fiskurinn betri vara en þeirra. Þar sem nú Íslendingar flytja svo mikið út af kjöti og síld, þarf þess vel að gæta, að allur umbúnaður um vöruna sje góður. Nú hefir verið mat á fiski og kjöti um tíma, og mun allur umbúnaður um þá vöru hafa verið í góðu lagi. En það hefir þótt koma fyrir, að síldarinnar

væri ekki eins vel gætt, og fyrirsjáanlegt tjón, ef það hefði þær afleiðingar, að útlendir síldar kaupmenn mistu alla tiltrú til síldarmatsmanna eða vottorða þeirra, sem síldinni fylgja. En hjer er eitt, sem mjög ber að athuga, og það eru ílátin, sem síldin er látin í. Í tilefni af erindi því, sem beykir einn hjer í bænum, Jón Jónsson, hefir sent Alþingi, hefi jeg leyft mjer að koma hjer fram með till., sem felur það í sjer, að Nd. skori á hæstv. stjórn að hafa strangt eftirlit með vöruvöndun í landinu, einkum tunnusmið og síldarmati, og þessa till. býst jeg við að hin hv. deild sjái sóma sinn í að samþ.

Þar sem 2 nætur eru nú orðnar hjer sem 5 mínútur, hefi jeg ekki getað kynnt mjer nægilega löggjöf þá, sem að þessu lýtur, en sje svo, að hún grípi yfir þetta, og þar af leiðandi engar nýjar lagagreinir nauðsynlegar, þá vil jeg að eins að hv. deild brýni það fyrir stjórninni að gæta þessara laga, svo að varan sje ekki sett í óhreinar og lekar tunnur. Jón Jónsson, beykir, sem svo er vel kyntur, að ekki er ástæða til að rengja orð hans, getur þess í erindi sínu, að frá einum stað á landinu hafi kjöt verið flutt út í lýsistunnum, og hafi auðvitað þar af leiðandi þótt ill vara og ósamboðin síðuðum mönnum. Það mun öllum ljóst, að ef slíkt kemur fyrir sem þetta, þá er það ekki lítill skaði og niðrun fyrir landsmenn, einkum þar sem íslenska kjötið er eitthvert hið besta kjöt, sem hægt er að fá á heimsmarkaðinum, ef vel er til þess vandað. Jeg vil benda mönnum á það, sem Jón Jónsson getur um í erindi sínu, að nauðsynlegt sje, að tunnusmiðir hafi lært iðn sína, ef þeir eiga að geta smíðað tunnur utan um vörur landsmanna, sem nema mörgum miljónum á ári hverju. Þessu viðvíkjandi gæti því verið rjett að setja eitt-hvert kunnáttuskilyrði, en meðan ekki hefðu nægilega margir lært svo mikið, að þeir gætu uppfyllt þau, þá mætti gefa und-

anþágu, uns menn hefðu aflað sjer hinnar nauðsynlegu leikni og vandvirkni, sem þarf til að smíða góðar tunnur og lagarþjettar.

Magnús Kristjánsson: Jeg stend ekki upp til að mótmæla till. verulega, en býst þó ekki við, að af henni stafi mikið gagn fyrir land nje lýð, og það af þeirri ástæðu, að jeg veit ekki betur en að löggjöfin sje búin að ganga frá lögum um vöruvöndun, eftir því sem við getur átt í bráð.

Síldarmatslögnum var breytt á síðasta þingi, og jeg geri ekki ráð fyrir, að þau myndu batna að neinu leyti, þó þessi till. yrði samþykkt. Það er öllum kunnugt, að í þeim lögum er það skýrt tekið fram, að ekki má flytja út síld nema í góðu og forsvaranlegu ástandi.

Jeg veit ekki til, að neitt hafi komið fram, er gefi brýna ástæðu til að setja sjerstakar reglur um þessi efni. Það er altaf verið að skipa stjórninni hitt og annað, og hygg jeg, að okkur muni öllum ljóst, að sumt af því komi ekki að svo miklu liði, enda ósanngjarnt að ætlast til, að stjórnin geti komið öllu í verk. En eins og jeg tók áður fram, mun jeg ekki verða á móti till., en er að eins ekki trúður á, að hún komi að svo miklum notum, sem hv. flm. (B. J.) ætlar.

Jakob Möller: Háttv. þm. Ak. (M. K.) drap á breytingarnar við síldarmatslögin, sem voru samþykkt á síðasta þingi. Um þær breytingar var alls ekki farið eftir tillögnum síldarmatsmanna, enda eru þær, að dómi síldarmatsmanna, algerlega ófullnægjandi.

Að eitthvað sje bogið við lögin, má ráða af dæmi, sem mjer er kunnugt um. Íslenskur útgerðarmaður einum seldi nýlega 1000 tunnur af síld, er hann átti liggjandi í Kaupmannahöfn; við söluna voru skoðað-

ar 280 af þessum 1000 tunnum, og reyndust að eins 20 af þessum 280 sémileg verslunarvara. Virðist af þessu mega draga þá ályktun, að síldarmatslögnum sje meira en lítið ábótavant. Jeg vil því leggja sjerstaka áherslu á, að síldarmatslögin verði tekin til rækilegrar athugunar.

Magnús Kristjánsson: Sje það dæmi rjett, sem hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) tilfærði, þá er þess að gæta, að ýmsir stunda síldveiðar hjer við land, sem löggjafinn nær ekki til, og gæti þessi síld hafa verið veidd á þann hátt. Einn hefir ekki þótt gerlegt að lögbjóða, að öll síld, sem hjer er veidd af útlendingum utan landhelgi, skyldi metin í landi, þótt skipin kæmu má ske einu sinni í höfn yfir veiðitímann.

Ákvæðið í síldarmatslögnum um það, að ekki bæri skylda til að meta síldina upp aftur fyr en eftir 3 vikur, var sett fyrir orð útgerðarmanna og tilmæli síldarmatsmanna. Að vísu mun þeim ekki hafa öllum komið saman um þetta atriði, en samt var farið eftir till. þess mannsins, sem sjerþekkingu hafði og sjerstaklega hafði kynt sjer málið.

Hið eina, sem komið gæti til mála að breyta síldarmatslögnum, væri það, að banna útflutning á síldinni fyr en hún hefði legið hjer 3 vikur og verið metin upp aftur. En það er mjög varasamt að setja slíkt ákvæði. Stundum getur verið gott að flytja síldina út strax eftir fyrstu söltun; er markaðurinn þá má ske bestur. En útflutningurinn á þeirri síld hefir í sjálfu sjer engin áhrif til hins verra á vöruverðið, því oftast mun síldin endurmetin þar, og annað hitt, að áður en hún er flutt út er hún auðkend sem ómetin vara, og ætti því ekki að geta haft spillandi áhrif á markaðinn.

Að vísu verður því ekki mótmælt, að besta tryggingin fyrir því, að að eins yrði

Vöruvöndun.

flutt út góð og gjaldgeng vara, væri sú, að hanna útflutning fyrir en eftir 3 vikur og endurmeta alla síld. En hjer er sem sagt um stórt vandamál að ræða, því þetta gæti leitt til þess, að seljendur mistu af besta markaðinum. En það er ekki rjett af hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) að kenna breytingunum, sem gerðar voru á síldarmatslögum á þinginu í fyrra, um, því á þessi nýju lög hefir lítið reynt enn sem komið er.

Um þetta mætti margt fleira segja, en jeg vil ekki vera að tefja umr. Það eina, sem ástæða væri fyrir stjórnina til að athuga, er hvort heppilegt mundi vera að setja reglur um eftirlit með tunnugerð. Sú atvinnugrein er að visu lítið stunduð hjer í landi enn þá, en getur má ske haft þýðingu í framtíðinni.

Flm. (Bjarni Jónsson): Fyrir mjer ráða menn því algerlega, hvort þeim er sama, hvort nokkuð er lítið eftir vöruvöndun eða ekki, en mjer er ekki sama, og jeg býst við, að hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) telji ekki á sig að líta eftir þessu engan veginn þýðingarlausu atriði, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) virtist þó ætla að það væri.

Það er engan veginn einskis vert fyrir íslenska framleiðslu, að stjórnin sjái um, að slíkar umbúðir megi ekki hafa um varninginn, er skemmi hann og spilli erlenda markaðinum.

Í sjálfu sjer finst mjer það ekki koma málinu við, hvort tunnurnar eru margar eða fáar, sem smíðaðar eru hjer á landi. Það er vel þess vert að stuðla að því, að tunnugerð verði innlend, og það því meiri ástæða, sem minna er smíðað enn þá af þeim í landinu. Það er atvinnuveginum sjálfum til hags, ef settar eru reglur um vöndun, en stórtjón, er vart verður metið, er að því, ef t. d. kjöt er saltað í lýsistunnur og síld í óhreinar tunnur. Sje það rjett með farið, að þetta hafi verið gert, sje jeg ekki annað en fylsta ástæða sje til að

samþykkja áskorun á stjórnina um að hefjast handa í máli, sem í sjálfu sjer er skylda hennar að rannsaka af sjálfsdáðum.

Það er heldur ekkert smámál í eðli sínu, sem hjer er um að ræða. Það er ekkert smámál, hvort vara landsmanna er í háu eða lágu verði.

Jakob Möller: Till. gefur ekki tilefni til að ræða breytingar á síldarmatslögum, og er því ekki rjett að fara að rök-ræða neinar slíkar breytingar.

Till. fer fram á, að stjórnin taki rækilega til yfirvegunar, hvað gera megi til að efla vöruvöndun, og einnig að hún hafi eftirlit með vöruvöndun, sem lög standa nú til, án þess að fyrirskipa nokkuð nýtt, annað en það, sem stjórninni kynni að þykja tiltækilegt. En samt vildi jeg þó minnast lítið eitt á mótbárur hv. þm. Ak. (M. K.) gegn því, sem jeg sagði áðan um galla, sem líklegt væri að væru á síldarmatslögum. Hann talaði um, að við breytingarnar á síldarmatslögum hafi verið farið eftir tillögum aðalsíldarmatsmanns. En það er kunnugt, að ýmsir síldarmatsmenn vildu fara miklu lengra, og þar á meðal var annar aðalsíldarmatsmaðurinn. Einnig sagði hann (M. K.), að farið hefði verið eftir til-mælum ýmsra útgerðarmanna. En það getur verið vafasamt að taka of mikið tillit til óska útgerðarmannanna sjálfra, því það er vitanlegt, að slík lagaboð eru venjulegami-sjafnt þokkuð einmitt af þeim, sem við þau eiga að búa, og sumir hverjir meta meira ímyndaðan stundarhag sinn en framtíðarhag atvinnuvegarins.

Hv. þm. (M. K.) taldi mikla annmarka á, að fært myndi að lögbjóða endurmat á síld áður en hún yrði flutt út. En jeg verð að telja, að það mundi frekar en nokkuð annað tryggja okkur góðan markað og einnig vernda okkur í samkepninni við útlendinga.

Að síðustu vildi jeg svara því, að mjer

er ekki kunnugt um annað en að síldin, sem jeg talaði um í fyrri ræðu minni, hafi verið íslensk vara, en ekki söltuð utan landhelgi og flutt út ómetin.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi engu að svara hv. þm. Dala. (B.J.). Jeg fellst alveg á hans mál um það, að nauðsynlegt sje að hafa eftirlit með, að umbúðir á vöru, sem er flutt út hjeðan, sjeu í góðu lagi.

En jeg vildi að eins svara hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) nokkrum orðum, út af því, að hann áleit þýðingarmikið að lögbjóða endurmat á allri síld. Þetta þýðir sama og að banna allan útflutning fyrir en að minsta kosti einum mánuði eftir að síldin er veidd. Jeg álit, að það sje mjög varasöm leið, sem þar væri tekin til að vernda atvinnuveginum. Jeg hefi bent á það áður, hversu mikla þýðingu þetta getur haft fyrir söluna á síldinni, en vil að eins bæta því við, að einungis sú síldin, sem var flutt út strax síðasta ár, seldist með góðu verði; hin ekki. Sjá menn því, að hjer er mjótt mundangshófið.

Sigurður Stefánsson: Jeg er fyllilega á máli hv. flm. þessarar till. og álit, að þetta sje orð í tíma talað, einkum það, að hafa strangt eftirlit með því, að tunnurnar sjeu vandaðar. Eins og nú er, kemur það fyrir, að tunnur eru notaðar undir síld, sem eru fyrirsjáanlega ónothæfar. Mikið er þetta að kenna því, að síldarmatsmennirnir eru ekki nægilega strangir. Eru þeir menn, er gegna síldarmatsstarfanum yfir veiðitímann, oft alls óvanir, og sumir svo ungir, að enginn getur atlast til þess, að þeir gæti allrar þeirrar skynsemi, sem svo mjög ríður á í þeim efnum.

Dæmin sýna líka, hvernig ástatt er. Síldareigendurnir áþækla hvað eftir annað, en ekkert stoðar, því sumar tunnurnar

leka gegnum stafina, hvað þá annarsstaðar.

Það er nauðsynlegt að hafa strangara eftirlit. Reynslan er í þessu, sem ýmsu öðru, besti kennarinn, og þar sem hún sýnir, að lögunum er ábótavant, þarf úr að bæta.

Jakob Möller: Háttv. þm. Ak. (M. K.) drap á það, að sú síld, sem fyrst hefði verið flutt út í ár, hefði selst best.

Þó að þetta hafi verið tilfellið í ár, þá gildir það ekki alltaf, enda mun það, að síldin kom seint á markaðinn, ekki hafa valdið því, að hún seldist ekki, heldur hitt, að útgerðarmenn vildu ekki selja hana fyrir það verð, sem bauðst, en algengt, að síld sje seld áður en hún er flutt út, ef að eins viðunanlegt boð fæst. Það má vel vera, að sú síld hafi selst best, sem flutt var út strax í vertíðarbyrjun í sumar. En þá er þess að gæta, hvort hún hafi ekki, einmitt af því að hún var óendurmetin, spilt fyrir sölu þeirrar síldar, sem eftir var.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil ekki vera á móti þessu máli í sjálfu sjer, en álit, að slík þingsályktun muni hafa nauðalítil áhrif. Mundi þetta þá helst eiga við um tunnusmíði; en hjer á landi er varla um slíkan iðnað að tala, nema þá tunnur undir kjöt.

Jeg á bágt með að trúá því, að kjöt hafi verið flutt út í lýsistunnum, og það meðal annars af þeirri ástæðu, að lýsistunnur eru miklu stærri en kjöttunnur.

Hvað viðvíkur breytingu á síldarmatslögunum, sje jeg ekki, að um annað gæti verið að ræða en lögbjóða endurmat á allri síld, en það álit jeg nú ekki eins þýðingarmikið og sumir hv. þm. hafa viljað halda fram. Sú síld, er veiðist fyrst og kæmi til mála að yrði flutt út áður en hún

væri endurmetin, er venjulega átulítil og því lítil hætta á, að hún skemmist, og svo er síldin þar að auki venjulega metin upp, er hún kemur út.

Jeg vil líka drepa á það, sem hv. þm. Ak. (M. K.) mintist á, að sú síld, sem send er út óendurskoðuð, ber ekki sama stimpil sem endurskoðuð síld, og getur því kaupendum ekki blandast hugur um, hverskonar síld þeir kaupa. Útgerðarmenn verða oft að selja síld sína til að losa til hjá sjer og til að afla sjer fjár til að geta haldið áfram rekstri sínum, og veit jeg ekki til, að slíkt hafi nokkurn tíma orðið vöruvöndun að þaga.

Hv. 2. þm. Reykv. (Jak. M.) talaði um síld, sem hefði verið orðin óhæf þegar á markaðinn kom, og getur það verið af ýmsum ástæðum. Jeg veit um mann, sem seldi ágætissíld frá Ísafirði; hún var úr nótt og endurmetin. Skipið, sem hún var send með, hrepti vond veður, og það var að eins hálfhlaðið, svo að síldin valt fram og aftur um lestina. Þegar á markaðinn kom, var hún tekin að þrána, og þekillinn var runninn af henni. Annars er oft ekki mikið mark takandi á umkvörtunum kaupenda. Varan fellur oft í verði, og vilja þeir þá smeygja sjer undankaupunum og reyna að finna sem flesta galla á vörunni. Það er ekki síldin ein, sem þessu er háð; fiskurinn hefir orðið að þola hið sama. Verkun hans er orðin ágæt, síðan fiskimatslög-in nýju komu, en þó hafa stöðugt komið umkvartanir, og er ómögulegt að fyrirbyggja þær, síst þegar þær eru ekki á rökum byggðar, en vitanlega er skylda okkar að vanda svo vöurnar, sem við getum.

Um tunnurnar er það að segja, að þær eru háðar eftirliti matsmanna, og verður að treysta því, að þeir láti ekki salta í aðrar tunnur en þær, sem forsvaranlegar eru. En þó má geta þess, að oft er erfitt að ákveða, hverjar tunnur eru hæfar og hverjar ekki. Það má taka t. d. eikartunnur.

Þær geta lekið þækli í 1 eða 2 fyrstu skiftin, en þegar þær þjettast, þá verða þær einhverjar bestu tunnur, sem hægt er að fá.

Jeg ætla ekki að fara um till. fleiri orðum. Jeg vil ekki andmæla henni, þó að jeg sjái það í hendi mjer, að hún muni hafa litla þýðingu.

Ólafur Proppé: Herra forseti! Jeg get verið stutturður. Það, sem aðallega vakti fyrir mjer, þegar jeg gerðist meðflutningsmaður þessarar till. um vöruvöndun, var sjerstaklega eftirlitið með hverskonar umbúðum, og þá ekki síst tunnusmíði. Eins og kunnugt er, þá er lögboðið mat á fiski, síld, kjöti, ull og fleiru, en jeg held, að frekari áherslu þurfi að leggja á síldarmatið, og þá sjerstaklega umbúðir síldarinnar, en gert hefir verið. Tunnusmíðin hefir lítið verið athuguð, en mjer kæmi það ekki á óvart, þó að þau vandræði, sem nú eru á síldarsölunni yfirleitt, stafi að meira eða minna leyti af óvönduðum frágangi á tunnnum og tunnusmíði.

Hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) gat þess, að hjer væri örlítið smíðað af tunnnum, og að matið mundi þess vegna ekki koma að tilætlum notum, en matið á að minni hyggju að ná yfir hvorttveggja, hvort heldur eru smíðaðar hjer á landi eða innfluttar heilar eða óuppsettar.

Jeg ætlast ekki til, að lög verði sett um þetta efni, heldur reglugerð, sem verði í þessu tilliti betri, ákveðnari og skýrari en síldarmatslögin.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg get ekki komist hjá því að furða mig á, að stuðningsmenn stjórnarinnar lýsa því yfir, að til lítils sje að skora á hana í þessu máli. Jeg styð ekki stjórnina, en þó treysti jeg henni til að gera það, sem gera þarf, þegar ekki er um vandasamara verk en þetta að

ræða. Annars er þessi framkoma stjórnar-sinna einkenni þess, hvernig stjórnámálum Íslands er nú varið.

Það hefir verið um það rätt, að fátt sje hjer smíðað af tunnum. Jeg læt það vera, hvað lítið það er. Þessi eini maður, sem hefir snúið sjer til þingsins, hefir smíðað 18 þús. tunnur, og líklega er hann ekki einn um tunnusmíði, og er von á góðu framhaldi.

Hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) efaðist um, að lýsistunnur hefðu verið notaðar undir kjöt. Jeg hefi að vísu ekki sjeð það sjálfur, en maðurinn, sem jeg gat um áðan, segir frá því í brjefi sínu til þingsins, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp tvo kafla úr brjefi hans. Segir hann á öðrum staðnum dæmi af því, að síld hafi verið flutt út í óhreinum tunnum, og á hinum frá slíkri meðferð á kjötinu, er jeg hefi nú vakið athygli á. Fyrri kaflinn hljóðar svo:

„..... Það er sorglegt að hugsa sjer, eins og átti sjer stað síðastliðið vor, að hjer sunnanlands er veidd síld, sem er svo söltuð í óhreinar tunnur. Og upp á útflutningspappírana skrifar svo síldarmatsmaðurinn. Varan er svo send út á markaðinn, og afleiðingarnar verða þær, eins og eðlilegt er, að varan vekur andstyggð allra, og er að lokum seld fyrir sama sem ekkert, sem skepnufóður. Þetta er glæpsamlegt athæfi gagnvart íslenskum afurðum, og hver veit nema hjer frá stafi erfiðleikarnir við að selja síldina nú undanfarið — að minsta kosti meðfram“

En um kjötið segir hann:

„..... Mjer er líka kunnugt um, að í fyrra haust voru fengnar lýsistunnur frá Nathan & Olsen og sendar vestur í Stykkishólm og þar saltað í tunnurnar kjöt. Þetta er svo mikið skeytingarleysi gagnvart íslenskum afurðum, að gengur glæpi næst og veldur landinu stórtjóni,

er getur skift miljónum króna, og þetta láta eftirlitsmennirnir við gangast“

Jeg veit, að þetta er sannorður maður, og mun hann eflaust geta fært sönnur á mál sitt, ef þess er óskað.

ATKVGK.

Tillgr. samþ. með 15 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afg. sem

ályktun neðri deildar

Alþingis.

(Sjá A. 177).

7. Aukning ullariðnaðar.

Á 17. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um aukning ullariðnaðar í landinu (A. 163).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Nd., laugardaginn 28. febr., var till. tekin til einnar umr.

Elm. (Eiríkur Einarsson): Þótt þetta sje mikið asaping, þá lít jeg svo á, að ekki saki, þó borin sje hjer fram tillaga til þingsályktunar, er eigi felur í sjer neina fjárbeiðni. Jeg skal ekki tefja með löngum umræðum, enda þarf þess ekki, því málið ætti að vera öllum ljóst. Allir vita, hve mikil lífsnauðsyn landsmönnum er að því, að ullariðnaður leggist ekki niður, og ef einhver finnur þessari till. eitthvað til foráttu,

þá væri gaman að heyra þau rök, sem hann hefir fram að færa. Það er að vísu sorgleg reynsla, að tövinnuvjelafyrirtæki, sem hjer hefir verið stofnað til, hafa eigi reynst arðvænleg, sum hver, og því lagst niður; til þess hefir margt borið, þekkingarleysi þeirra, sem þar hafa unnið að, ófullnæg áhöld og vinnubrögð og auðvitað ekki síst ræktarleysi almennings við stuðning inn- lends iðnaðar. En nú þarf eigi heldur þetta neinn að hræða, því að ullarverksmiðjur, sem nú starfa í landinu, kváðu vera arð- vænleg fyrirtæki. En mönnum verður að vera það hugfast, að þar ullarvinnuverk- smiðjur, sem nú eru til í landinu, eru ekki nema vísir að því, sem verða skal, og allir sjá, hve mikið þessi atvinnuvegur þarf að aukast og dafna til þess að geta kept við og útrýmt hinum útlenda fatnaði. Að þetta sjeu einkafyrirtæki og eigi því ekki að berast undir landsstjórnina eða njóta til- styrks hennar, það get jeg ekki sjeð að hafi við neitt að styðjast. Hverjum ætti að vera annara um hag landsbúa en einmitt stjórninni. Og jeg álít, að engum sje skyld- ara en henni að sjá um, að fje landsmanna berist ekki út úr landinu fyrir ljelega vöru eða illan og dýran klæðnað, og þess vegna finst mjer full þörf á því, að stjórnin hef- jist handa og brýni það fyrir landsmönnum og styrki þá á allan hátt til að auka iðnað sinn. Liggur hjer við metnaður þjóðarinn- ar, þar sem landsmenn hafa til skamms tíma mestmegnis klætt sig sjálfir með ull- ariðnaði á heimilunum, en nú er tekið fyrir það og því um stórhnignun að ræða.

Með því að auka ullariðnað í landinu væri stórt skref stigið fram á við, og eng- um dylst það, að það á að vera keppimark þjóðarinnar að geta klætt sig sjálf úr sinni eigin ull, í stað þess að senda hana óunna út og fá í staðinn illan klæðnað og dýran, og er auðsætt, hver búhnykkur slíkt væri fyrir landsmenn. Jeg veit, að almenningur veit þetta og vill stofna til nýrra ullariðn-

aðarfyrirtækja, en skortir fje, samheldni og ráð til þess að hrinda þeim af stað svo um muni. Hjer á stjórnin að komatilhjálpur með fjárframlögum, sem til hverra annara stórfyrirtækja í búnaði, því að þetta er ekki síður þýðingarmikið mál fyrir landbúnað- inn og allan almenning en það, sem í venjulegri merkingu er nefnt búnaðarfram- kvæmdir, svo sem áveitugerðir, túnastjett- ur o. s. frv. Svo á stjórnin og að öðru leyti að beita sjer fyrir málinu, liðsinna þeim einstaklingum og sameina þá, er vilja vinna því gagn. Þetta gæti stjórnin gert í sam- ráði við Búnaðarfelag landsins.

Það vita allir, sem á annað borð vilja vita það, að landbúnaðinum fylgja engin stórvægileg uppgrip, — en því meira ríður á því, að öll tök, sem menn hafa honum til bóta, verði notuð og að menn sitji sig ekki úr fari að ljetta undir með honum, þegar þess er kostur. Jeg tel engan efa á því, að þetta yrði honum til eflingar. Deyfðin og drunginn, sem núhvílir yfir öllu, verður að víkja. Það tjáir ekki að leggja árar í bát og nema staðar, því þá er ís- lenska þjóðin á glötunarvegi. Nei. Lands- menn verða að hefjast handa og sýna það í verkinu, að þeir sjeu þess megnugir að vera sjálfstæð þjóð: þeir eiga ekki að láta sjer nægja að taka aðrar þjóðir til fyrir- myndar í orði kveðnu, heldur í nytsamleg- um framkvæmdum, og verða þar sjálfir til fyrirmyndar. En til þess þarf margt að breytast. Þjóðin þarf að leggja á sig meira starf en nú virðist vilji fólksins. Þyrfti jafnvel fremur að lengja vinnutímamann en stytta hann og meta meir heildarhag þjóð- arinnar en tímavinnukaupið.

Vænti jeg þess, að hv. þingdeild geti fall- ist á, að það sje ekki ótímabært, þótt vakið sje máls á þessu og landsstjórnin hvött til að beitast þar fyrir bráðum og miklum að- gerðum, og legg jeg þar með tillögu mína undir atkvæði deildarinnar.

Holtabraut. — Styrkur til björgunarbátskaupa.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

*ályktun neðri deildar**Alþingis.*

(Sjá A. 187).

8. Holtabraut.

Á 8. fundi í Ed., mánudaginn 23. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um flutningabrautina frá Þjórsá austur yfir Ytri-Rangá (A. 57).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

•

Á 9. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg skal ekki tefja tímann. Eins og kunnugt er, hefir verið samþykkt hjer á síðasta þingi þingsályktun um endurskoðun vegalaganna frá 1907, og stjórnin síðan vísað því máli til vegamálastjóra til athugunar. Þessi till. er nú komin fram af því, að mjer þótti vanta inn í fyrri ályktunina ákvæði um flutningabrautina austur yfir Ytri-Rangá. En óánægja hefir lengi verið austur þar með viðhald brautarinnar, enda er það erfitt og brautin oft ófær eða illfær. Þó er flutningsmagnið, sem um braut þessa fer, mjög mikið, og umferðin að því skapi,

eins og að líkum lætur, þar sem um hana ganga aðdrættir mörg hundruð manna.

Braut þessi var byggð árið 1898—99, samkvæmt vegalögunum frá 1894, þar sem gerðar eru minni kröfur um vegagerðina en síðar varð, sem sje að brautin ætti að eins að vera akfær á sumrum. En þegar við þetta bætist, að vegarstæðið var ilt í upphafi og óhægt um aðdrætti ofaniburðar, er auðsjeð, að ærin þörf muni vera að athuga þetta atriði vegna viðhaldsins, enda er það allþungur baggi á sýslufjelaginu.

Mjer virðist því öll sanngirni mæla með því, að reynt verði að kippa þessu í liðinn, og öll ástæða til að atla, að það verði ekki með öðru betur gert en þeirri till., sem hjer liggur fyrir.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

*ályktun efri deildar**Alþingis.*

(Sjá A. 88).

9. Styrkur til björgunarbátskaupa.

Á 9. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát (A. 62).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Karl Einarsson): Jeg get orðið fáorður. Að eins vil jeg minnast á helstu atriði, sem mæla með því, að samþykkt verði

Styrku til björgunarbátskaupa.

till. sú, er hjer liggur fyrir Málið er ekki nýtt hjer í deildinni. Árið 1918 var samþ. þingsályktunartill., sem sjávarútvegsnefnd hafði borið fram, um styrkveitingu í sama skyni, 40 þús. kr. Það er kunnugt, hve mörg slys koma fyrir á sjó, hve oft verður þar bæði manntjón og eigna. Og þá einkum hjá þeirri stjett manna, sem fiskiveiðar stundar. Það hefir aldrei verið gert neitt til að minka þetta tjón. En full von er um, að björgunarbátur mundi geta orðið til þess að draga eitthvað úr því, og að minsta kosti yrðu þeir, er á landi eru og eiga kann ske sína nánustu úti á sjó, rólegri við að vita, að hjálpar væri að vænta, ef eitthvað bæri út af. Það var hugsun sjávarútvegsnefndar að hafa þennan bát lítið stærri en venjulegan vjelbát, 30—40 tonn. En þegar rannsakað var málið, kom það í ljós, að áliti þeirra manna, er vit höfðu á, að það yrði allsendis ófullnægjandi skip. Sjerstaklega kom það í ljós, er ákveða þurfti vjelarnar, að báturinn þyrfti að vera miklu stærri, eða eigi minni en 80—100 tonn Björgunar-fjelagið ljet, eins og sagt er í greinargerðinni, gera teikningar og útvegaði tilboð frá skipasmíðastöðvum í slíkan bát, og varð sú raunin, að hann kostaði 200—300 þúsund krónur. Og borið saman við lítil gufuskip eða botnvörpunga voru slíkir bátar ekki nærri eins hagkvæmir. Í fyrstu fengust engin viðunandi tilboð um skip, sem væri við hæfi fjelagsins eða nýtileg til þess, sem til er ætlast, skip, sem væri fært í öllum veðrum úti á Atlanshafi. Frá Englandi komu tilboð um trjeskip, heldur gömul og lítil, en ekki mjög dýr, en þau voru ekki nothæf og hefðu orðið dýr að aðgerð lokinni. Það var af tilviljun, að fjelagið fékk tilboð um skip það, sem það hefir verið svo heppið að klófesta eftir marga mánaða þref við að fá dönsku stjórnina til að samþykkja kaupin.

Eins og greinargerð till. ber með sjer,

nemur allur stofnkostnaður af skipskaupunum nokkuð yfir 270 þús. kr. Enn fremur hefir verið greiddur ferðakostnaður manns, er fór utan árið 1918 í erindum fjelagsins, til þess fá teikningar og tilboð, 3000 krónur. Sama manni, sem hefir einna ótullekast unnið í þarfir fjelagsins, hafa síðan verið greiddar 1200 kr. í ferðakostnað.

Fjelagið mun ekki setja það fyrir sig, þótt sumt kunni að fara fram úr áætlun. Illutajeð er 180 þús. kr., en eftir lögum fjelagsins má hækka það upp í 250 þús. Þó að landssjóður legði ekki nema 90 þús. til bátsins, sem varla fer fram úr 270 þús., mundi fjelagið því ekki vera skuldugt, er það byrjaði rekstur bátsins. Og það er fjelaginu áhugamál að byrja reksturinn skuldlaust.

Báturinn verður þannig úr garði gerður, að skipverjar geti athafnað sig, að svo miklu leyti sem hægt er á sjó í vondu veðri. Og það er hjer aðgætandi, að hann á að vera fyrir opnu hafi, fyrir Suðurlandi og í Faxaflóa. Það getur borið svo til, að hann verði til hjálpar og spari dýrari hjálpartilraunir. Og sparar þetta landssjóði fje, þegar svo er ástatt, að stjórnin telur sjer skylt að senda gufuskip til að leita báta þeirra, er hlekt hefir á. En það er æðikostnaðarsamt og verra að því leyti, að skipin þurfa oft að eyða heilum degi í það að búa sig út. Þörfin á þessum bát er svo mikil, og Alþingi verður að taka tillit til hennar. Við getum hugsað okkur, að báti hlekkist á og hann verði ósjálfbjarga, og óveður sje skollið á. Þá er það hart að göngu að senda hina bátana, sem úr hættunni eru komnir, út í voðann, er nóttin er að skella á. Þetta hefir komið einu sinni fyrir síðan jeg kom til Eyjanna. Bátur varð ósjálfbjarga fyrir austan Eyjar. Fóru þá tveir bátar til hjálpar við hann. Er þeir lögðu af stað, var komið á ofsaveður með þreifandi byl. Þeir fundu bátinn og drógu

Styrkur til björgunarbátskaupa.

hann norður fyrir Eyjar, í hlje, en hjeldust ekki við. Þá voru þeir þar allir þrír. En til eins þeirra hefir aldrei spurst síðan.

Um hina er það að segja, að laskaði báturinn sökkt, en mönnunum varð þó bjargað yfir í hinn bátinn.

Það er nokkuð hastarlegt, er menn þannig yfirgefa konu og börn og fara út í hina mestu tvísýnu, til að leita að óviðkomandi mönnum. Annars þarf ekki að lýsa þessu fyrir háttv. þm. Síðan hefir þetta verið áhugamál Eyjaskeggja.

En þetta var að eins ein hliðin á málinu. Önnur hliðin er sú fjárhagslega. Fjárhagslega getur björgunarbáturinn gert mikið gagn fiskiveiðum. Sjötíu bátar reka veiðar frá Eyjunum, flestir með netum, sem nú eru mjög dýr. Þeir hafa ekki nóg pláss og fara þess vegna langt út fyrir landhelgi, þar sem ágætt væri fyrir þá að vera, fengju þeir frið. En það er ekki því að fagna. Enda er vont að ganga þannig frá duflunum, að þau sjáist ætíð, og sjerstaklega ilt að koma ljósum fyrir á þeim á nóttum. Reynslan sýnir, að botnvörpuskipin hafa oft óviljandi lent í netunum og skemt bæði fyrir öðrum og sjálfum sjer, og óvíst hvorum þykja þyngri búsfjar.

Þetta skip gæti því bæði verið bátunum til leiðbeiningar og einnig til þess, að önnur skip hjeldu sig burtu frá því svæði. Það er einnig grunur um, að önnur skip hafi það að atvinnu sinni að taka net annara, en það hefir aldrei sannast. En þetta skip ætti einnig að koma í veg fyrir það.

Eins og sjest á greinargerðinni, á að nota skipið í þágu landsstjórnarinnar, nema um þennan tíma, sem sje vetrarvertíðina, sem það verður við Eyjarnar. Einnig er það hugsunin að hafa það „stationerað“ í Eyjunum. Og gæti það farið þaðan, ef beðið væri um það, og mætti þannig hafa mikið gagn af því annarsstaðar. Það væri hægt að benda á margt fleira, sem hægt væri að

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

gera. Eitt get jeg bent á, að á vorin fram að síldartíma væri hægt að nota það í þarfir landsstjórnarinnar.

Reynslan hefir sýnt það og sannað, að það hefir oft orðið dýrt og erfitt að flytja efni í vita, með því að til þess hafa verið notaðir mótorbátar. Vitamálastjóranum mundi vafalaust kært að hafa skipi á að skipa á vorum eða haustum.

Um landhelgisgæsluna skal jeg taka það fram, að í mínum augum er það aðalatriðið, að varðskipið sje nálægt stöðvum þeim, sem vernda á, og fæli þannig botnvörpungana burtu. Varðskipið hefir að undanfögnu haft mikinn áhuga á því að ná í botnvörpunga, og man jeg til þess, að það hefir komið með 13—15 skip í einu. En þrátt fyrir þetta voru botnvörpuskipin óðara komin í landhelgi, er varðskipið var burtu, jafnvel meðan það lá inni á höfn Svo var og í þetta sinn. Þrívegis var mjer tilkynnt, að skip væru að veiðum í landhelgi, meðan Fálkinn lá á höfninni; í tvö skiftin tókst að handsama skipin, en í þriðja sinnið mistókst það, eða botnvörpungurinn hafði þegar komið öllu í lag áður en Fálkinn náði til hans.

Þetta sýnir það, að það er ekki nóg, að skipin sjeu tekin, heldur er hitt mest um vert, að varðskipið sje á vakki, svo að botnvörpungarnir get átt von á því að ábyrgjast gerðir sínar. Reynslan hefir sýnt það annarsstaðar, að jafnvel mótorbátar geta gert mikið í þessu efni. Og það væri ómetanlegt gagn fyrir Vestmannaeyjar, jafnvel þótt gæsla væri að eins höfð þar með þessu skipi, sem að vísu er ekki fullkomið, en þó hefir verið eftirlitsskip í Danmörku um hríð og haft fallbyssur.

Jeg ber það traust til deildarinnar og Alþingis, að það taki þessu máli og næsta máli vel, eins og verðugt er. Jeg vil leggja það til, að málinu sje vísað til sjávarútvegsnefndar, og mun jeg þá reyna að fá

Styrkur til björgunarbátskaupa.

báðar nefndir beggja deilda til þess að athuga málið í sameiningu, svo að það geti gengið sem greiðast fram, enda er málið eitt þeirra mörgu mála, sem þingið má ekki láta afskiftalaust eða ganga frá.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Án þess að jeg fari nokkuð verulega út í þetta mál, vil jeg þó skjóta því fram, hvort ekki myndi hæfa betur að vísa málinu til fjárveitinganefndar, með því að hjer er um mikið fjármál að ræða.

Flm. (Karl Einarsson): Sjávarútvegsnefndin mun að sjálfsgöðu leita umsagnar fjárveitinganefndarinnar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 301) með 10 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 26. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 62, n. 123).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Karl Einarsson): Mál þetta hefir verið athugað af sjávarútvegsnefndum beggja deilda, þótt álitid komi að eins frá sjávarútvegsnefnd þessarar hv. deildar. En jeg skal taka það fram, að hin nefndin mælir einhuga með því og greiddi öll atkvæði með því. Það, sem gerði, var það, að hún sá, þegar hún fór að athuga málið, að hjer var um betra skip að ræða en það, sem kostur var á 1918.

Jeg get upplýst það fyrir hv. deild, að Vestmannaeyingar vilja fórna sjer fyrir þetta fyrirtæki, og bæjarstjórnin vill veita

styrk til að gera skipið út þessa vertið. Er það góð reynsla fyrst í stað. Það má segja, að bæjarstjórnin leggi mikið í sölurnar, er hún borgar rekstur skipsins til vertíðarloka.

Jeg hefi nú ekki farið fram á meira en 50 þúsund króna styrk í viðbót við þær 40 þúsund krónur, er fjelaginu þegar hafa verið veittar, og myndi það nema þriðjungi skipsverðsins, ef það næði fram að ganga.

Jeg hygg ekki þörf á að segja meira um mál þetta, en óska því góðs gengis.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., kl. 1. miðdegis, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát, eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 138).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla að geta þess, að sjávarútvegsnefnd í hv. Ed. hefir borið þessa till. undir sjávarútvegsnefnd Nd., og vil jeg lýsa því yfir, að sú nefnd hefir fallist á till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 16 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., s. d. (27. febr.), kl. 6¹⁰ síðdegis, var till. tekin til síðari umr. (A. 138).

Of skamt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 172).

10. Varnir gegn spönsku veikinni.

Á 5. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. febr., og á 5. fundi í Nd., s. d., hvorttveggja kl. 1 miðdegis, var útbýtt frá Sp.

Tillögu til þingsályktunar um varnir gegn spönsku influensuþykinni (A. 25).

Á 3. fundi í Sp., s. d., kl. 4½ síðdegis, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Forseti lagði til, að höfð yrði ein umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Það hefir verið venja að hafa 2. umr. um tillögur, er hafa í sjer fólgnar fjugreiðslur Mjer virðist því, ef hv. flutningsmenn hafa ekki á móti því, rjettast að hafa 2 umr. um till.

Flm. (Gísli Sveinsson): Jeg fyrir mitt leyti get fallist á það að hafa 2 umr., ef það þykir nauðsynlegt vegna fjárhagsatriðisins.

ATKVGR.

Till. um að hafa tvær umr. samþ. í e. hlj.

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Afbrigði um það leyfð og samþ. í e. hlj.

Flm. (Gísli Sveinsson): Jeg vil til þess að byrja með gera nokkrar athugasemdir um málið yfirleitt.

Jeg þarf ekki að lýsa tilefninu til till. Hún fer fram á það, að Alþingi láti ekki sitt eftir liggja til þess, að alt verði gert til þess að varna því, að sýki þessi, spanska influensuþykin, berist til landsins. Er það öldungis víst, að allur landslýður mun láta sig þetta miklu skifta og vænta þess, að landsstjórnin haldi uppi öruggum vörn-um af öllum mætti.

Háttv. þm. má vera kunnugt, hvernig liðið var á í fyrra af öllum landslýð, hvað gera bæri. Jeg var og er á þeirri skoðun, að ef í upphafi hefðu verið gerðar ítrustu tilraunir til þess að stemma stigu fyrir sýkinni, mundu þær hafa tekist. Var ýmsum kent, að þetta var ekki gert. En þeir, sem rjeðu í fyrra, voru á annari skoðun. Og var þá tekið til þeirra ráða, að halda uppi vörnum innanlands, þó ærið takmörkuðum til að byrja með.

Nú má búast við því, að sýkin komi hingað, því að hún geisar í nágrannalöndun-um, og má þá gera ráð fyrir því, að vörn-um verði haldið uppi með líkum hætti og þegar á sjer stað. Jeg er sannfærður um það, að öll þjóðin mun styðja allar ráðstafanir stjórnarinnar til þessa.

En nú hefir það gerst í landinu, sem ekki má kyrt liggja. Þótt stjórnin — sem sjálf sagt var og rjett — hafi gefið út fyrirskipun um sóttvarnir gegn útlendum skip-um, þá er það frá fleiri hliðum fullrytt, að veikin sje komin upp á einum stað, og enginn veit, hvort hún er komin hingað.

En til Vestmannaeyja er hún komin, en vantanlega getur stjórnin gefið skýrslur, og er jeg engan veginn að kenna henni þetta, en eftir reglum stjórnarinnar hefir eftir þessu ekki verið farið; en ekki að eins landsstjórninni, heldur og sóttvarnarnefnd og lögreglustjóra er skylt að sjá um það, að valinn maður sje í hverju sæti, sem framfylgi reglunum hlífðarlaust. Það er sagt, að til Vestmannaeyja hafi komið 1 eða 2 botnvörpungar, sem sýkin hafi hlotist af. Og það má ekki líðast annað en komist verði fyrir, hvernig þetta hafi orðið. Jeg skora alvarlega á stjórnina, vegna almennings, að láta ramsaka slindrulaust, hvort reglurnar hafi verið fótum troðnar.

Það mætti ef til vill sýnast eðlilegt, að einhver hængur geti orðið á með löggæslu á þessum stað, þar sem enginn lögreglustjóri er nú settur, eða lögfræðingur, með fullu valdsumboði, á meðan lögreglustjóri Eyjaskeggja situr hjer á þingi. Jeg veit eigi, nema rjett væri, ef þing þetta stæði lengi yfir, að setja reglulegan lögreglustjóra í hans stað. Vestmannaeyjar eru þannig settar, að mikil hætta er á, að þangað berist sjúkdómar frá útlöndum. Skip koma þar daglega að landi, og miklir erfiðleikar eru á að sjá svo fyrir, að engin mök sjeu höfð við þau úr landi. Jeg verð því að leggja áherslu á, að þessu sje alvarlegur gaumur gefinn.

Auk þess eru Vestmannaeyjar í þessu efni hættulegur staður fyrir landið alt, og þá einkum suðurströndina. Þegar alt er með feldu, eru samgöngur mjög örur við Eyjarnar, og þangað koma skip að austan norðan og vestan, og þar er fastur viðkomustaður strandferðaskipa og skipa þeirra, er fastar áætlanir hafa.

Jeg þarf ekki að taka fram, hversu bagalegt þetta er. Það sjá allir í hendi sjer. En það verður að hafa það. Hjer sitja menn, sem þurfa að komast þangað, og hjer liggja vörur, sem eiga að fara í Eyjarnar. En

eigi dugir að fást um það. Það verður að útiloka þær eins lengi og nokkur hætta stafar af þeim, og þó lengur, en vörur, nauðsynlegar, má flytja til þeirra eftir vissum reglum. Og ekki dugir að setja fyrir sig, þótt fjelög og einstakir menn bíði tjón nokkurt við það, og ekki má horfa í að gera allar varnir, sem við verður komið, hvað sem það kostar.

Jeg hefi heyrt, að landsstjórnin hafi sett Eyjarnar í bann, og tel jeg það þakkarvert, og vænti jeg, að þess verði stranglega gætt.

Síðan við komum hjer á þing hafa gengið í gildi fyrirskipanir um varnir gegn kvefpestinni. Jeg veit ekki, hvaða rannsóknir hafa verið gerðar viðvíkjandi veikinni, en jeg vona, að í Reykjavík verði ekki látið undir höfuð leggjast að fylgja öllum þeim varnarráðstöfunum, er við verður komið. Vil jeg, að landsstjórnin geri sitt ítrasta tü að brýna það fyrir mönnum og áminna um, að varnarráðstöfunum sje fylgt fast fram; má vera, að áskorun frá Alþingi geti og stutt að hinu sama.

Mjer er það ljóst, að þegar búið var að gera nefnda fyrirskipun, stafaði ekki svo mikil hætta af skipum þeim, er fóru fastar ferðir á ákveðna staði, heldur frá ýmsum útlöndum fiskiskipum, botnvörpungum og öðrum. Og ef það reynist rjett, að inflúensan hefir borist til Vestmannaeyja með þýsku fiskiskipi, þá er enn meiri ástæða til að óttast lausu skipin.

En er nú innilokunartíminn nógu langur? Um það get jeg, sem leikmaður, ekki dæmt. Jeg geng út frá, að hann hafi verið áætlaður það af læknum, — en leiki nokkur minsti vafi á um það, er ekki einungis sjálfsagt, að hann sje lengdur, heldur gerir það ekkert til, þó innilokunartíminn sje tveimur til þrem dögum lengri en þurfa þykir. Í fyrstu var veikinni ætlaður 5 daga meðgöngutími — og var það gert að ráði eða samkvæmt skoðun erlendra lækna —,

en nú hefir tíminn verið lengdur úr 5 dögum upp í 7 daga, og gefur það til kynna, að eigi hafi þótt örugt um, að 5 dagar væru nógir. En mjer er þá spurn. eru 7 dagar það?

Jeg tel ekki vert að horfa í það. Þótt tefja verði skipin 1—2 dögum lengur, og því vil jeg leggja áherslu á, að hæstv. landsstjórn áætli tímann heldur of langan en skamman; jafnvel 10 dagar eru ekki of langur tími, sjeð frá almennu sjónarmiði, þótt það hafi aukinn kostnað í för með sjer. — Jeg hefi heyrt sagt, að til væru menn, er tala um aukinn kostnaðisambandi við þetta mál. Jeg veit, að allir muni sjá, að kostnaður fylgir vörnum öllum og viðbúnaði, og jeg veit einnig, að menn sjá, að kostnaður sá, er hjer um ræðir, er aukaatriði. Hann er svo hverfandi hjá þeim voða og tjóni, sem ekki verður með tölum talið, sem af inflúensunni *getur* hlotist, eftir því, hvernig hún hagaði sjer hjer í fyrra. Hann er svo lítilfjörlegur, þegar teflt er um líf eða heilsu landsmanna, að ekki er á það að minnast.

Jeg hefi svo ekki meira að segja af hálfu okkar flutningsmanna. Jeg vona, að hv. Alþingi taki máli þessu vel og hæstv. landsstjórn taki í sama streng. Það er og auðsætt á því, sem hún þegar hefir gert, að það er einlægur vilji hennar að verja landið og landsmenn fyrir þessari ágilegu pest.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki sagt, hvernig pestin hefir borist til Vestmannaeyja, en enginn vafi mun leika á því, að hún er þangað komin. Er talið líklegt, að hún hafi borist með þýskum botnvörpungi. Einnig höfðu Vestmannaeyingar haft einhver mök við enskan botnvörpung, sem þangað kom með sjúka menn og fekk meðul úr landi, en sagt er, að enginn hafi farið úr bátnum, er meðulin flutti úr landi, út í skipið, nje neinn úr skipinu í bátinn.

Þar sem veikin er komin til Eyjanna,

hafa allar samgöngur verið bannaðar við suðurströndina, og Vestmannaeyjar skulu að öðru leyti skoðaðar útlönd meðan sýkin er þar og hættan stendur yfir.

Nokkur hætta er á, að veikin sje komin hingað. Menn þeir, sem hingað hafa komið og farið frá Eyjunum síðan veikinnar varð vart, hafa verið settir í sóttkví. Í dag hefir verið farið um bæinn og þau hús rannsökuð, sem Vestmannaeyingar þessir hafa dvalið í. Hafa tveir menn fundist með hita í einu þessara húsa. Á þessu augnabliki sitja tvær sóttvarnarnefndir á rökstólum og ræða, hvað gera skuli.

Allar samkomur hafa verið bannaðar í bráð. Jeg vonast fastlega til, að sýkin sje ekki komin hingað, en allur er varinn góður. Það, sem örðugast er við að eiga, ef til kastanna kæmi, er læknafeðin. Það hefir reynst fullerfitt að fá lækna í hin lögskipuðu hjeruð, hvað þá fleiri. Menn vita, hvernig gengið hefir að fá lækna fyrir þá hjeraðslækna, er sitja á þingi. Þetta er sá brestur, er ómögulegt er við að gera sem stendur.

Jeg held eigi, að brýna þurfi stjórnina eða aðra. Allir hafa fullan vilja á að gera alt sem hægt er til varna. Eins og hv. flm. (G. Sv.) sagði, þá er hættan mikil á þessum stað — í Vestmannaeyjum. Það gæti verið álitamál, hvort 7 dagar sjeu nægilegir eða ekki. Flestir halda, að þeir sjeu ekki einungis nægilegir, heldur fram yfir það. Sóttvarnarnefnd símaði til skrifstofu stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn, er beðin var um að bera sig saman við Guðmund Thoroddsen, lækni í Kaupmannahöfn, og spurðist fyrir um það. Svar hans var, ef jeg man rjett: 1—2 meðgöngudagar og sóttkvíunartími nægur 3 dagar. Eins og hv. flm. (G. Sv.) tók fram, voru sóttvarnir fyrirskipaðar 5 daga, en seinna fanst stjórninni rjettara að lengja tímann í 7 daga, eftir tillögum læknadeildar háskólans, til frekari varúðar. Sumir telja reynd-

ar, — þar á meðal landlæknir — að sóttkvíunartíminn megi ekki styttri vera en 10—14 dagar.

Það er svo sem sjálfsagt, að ekki má spara fje til skynsamlegra varna. Enspurningin er þá, hvort kostnaður allur skuli greiddur úr landssjóði. Mætti athuga það atriði í nefnd.

Halldór Steinsson: Háttv. flm. þessarar till. (G. Sv.) hefir tekið skýrt fram, að nú verður að taka til öflugra varna gegn spönsku veikinni, sem að líkindum er á næstu grösum. Allir muna usla þann, er hún gerði í fyrra. Jeg vil ekki leggja dóm á, hvort ráðstafanir þær, er þá voru gerðar, voru heppilegar eða ekki. En brent barn forðast eldinn, og hinar alvarlegu afleiðingar veikinnar síðastliðið ár ættu að vera hrópandi áskorun til stjórnar þessa lands um það, að gera nú sitt ítrasta til að hefta útbreiðslu hennar.

Að því er snertifir þær ráðstafanir, er stjórnin nú hefir gert gegn útbreiðslu veikinnar, með reglugerð frá 29. jan. þ. á., þá geta þær aldrei orðið annað en hálfgerð kák, af þeirri einföldu ástæðu, að þær verða óframkvæmanlegar í „praxis“ hjer á landi. Reglugerðin fyrirskipar, að læknir, sem fer um borð í skip með inflúensusjúklinga innbyrðis, skuli einangra sig í 7 daga á heimili sínu eða annarsstaðar. Jeg vil taka dæmi þessu til skýringar. Skip kemur af hafi með veikan mann af inflúensu. Læknir er sóttur um borð. Hann skoðar sjúklinginn, og hvort heldur hann lætur flytja hann í land eða skipið siglir sínaleið, þá hefir hann haft mök við sjúklinginn. Læknirinn verður því að fara í sóttkví í 7 daga. Þegar hann svo losnar, þá er má ske komið annað veikt skip. Nú vil jeg spyrja: Hvað á það lengi að ganga, að hjeraðið sje læknislaust? Þetta getur gengið svo vikum skiftir. Nú gerir reglugerðin ráð fyrir, að í slíkum tilfellum skuli vígja

nágrannalæknis; en þeir, sem nokkuð þekkja til, hvernig læknaskipuninni er hagað hjer á landi, vita, að mjög sjaldan er hægt að byggja á hjálp nágrannalæknis, ef nokkuð liggur við. Það getur ef til vill staðið eins á fyrir honum, að hann sje í sóttkví, eða þá að hann hefir sjúklinga í sínu hjeraði, sem hann ekki kemst frá.

Á nú læknirinn, heilbrigður á heimili sínu, að horfa á hjeraðsbúa hrynja niður við hliðina á sjer, án þess að skifta sjer af því?

Ef varnirnar eiga að koma að notum, verður að haga þeim öðruvísi. Að mínu álitu atti að banna læknunum að fara um borð. Það atti að vera nóg, að þeir færu að skipshliðinni og fengju lýsingu á sjúkdóminum, gæfu ráðleggingar og kæmu út meðulum. Sama er að segja um það, ef vistaskortur er um borð í sýktu skipi. Þá má koma vistum um borð án þess að hafa nokkur náin mök við skipshöfnina.

Spanska veikin er ein þeirra sjúkdóma, er beita verður við einhlítum og ströngum reglum, og sje hjer um nokkra hættu að ræða, þá verður að taka öðruvísi í taumana en gert hefir verið með fyrnefndri reglugerð.

Sigurður Stefánsson: Eftir skýrslu hæstv. forsætisráðh. (J. M.) er ekki ugglaut um, að spanska veikin sje komin hingað til Reykjavíkur. Nú er svo háttað, að Lagarfoss er nýlagður af stað hjeðan til Ísafjarðar. Vil jeg því spyrja, hvort ekki eigi að beita hinum sömu ráðstöfunum gagnvart þeim kaupstað og stjórnin vill láta gera, og varna því, að nokkur fari á land?

Magnús Pjetursson: Jeg hefi eiginlega ekki annað að taka fram um mál þetta en hv. meðflm. minn (G. Sv.) hefir gert. Vil að eins undirstrika frekar sumt af því.

Aðaltilgangur tillögunnar er að birta stjórninni skýlausan vilja þingsins, og þó sjerstaklega sýna henni, að hún hafi frá þingsins hálfu heimild til þess að verja fje í þessu skyni. Jeg get ekki hugsað mjer, að þingið geti rætt nema fjármálahlið þessa máls, því háttv. þm. eru ekki færir um að dæma um, hverjar varnir eru bestar eða hvernig þær skuli framkvæma. Þar verður hún að nota þá sjerfræðilegu aðstoð, sem hún getur besta fengið. Jeg get því ekki sjeð, að hjer sje um annað að ræða en samþ. tillöguna, og hafa ekki miklar málalengingar um það.

Jeg skal leyfa mjer að skjóta því fram, út af orðum hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að tveir menn hefðu verið fundnir með hita í húsi einu, þar sem Vestmannaeyingar hefðu komið, að ef þá aðferð ætti að hafa, að mæla alla, sem Vestmannaeyingarnir hafa haft mök við, og nota hana sem vott um inflúensusmitun, þá mætti teygja hana ákaflega langt. Hafa t. d. allir þm. verið mældir? Þeir hafa þó allir haft meira og minna samneyti við hv. þm. Vestm. (K. E.), og auk þess var hann í leikhúsinu.

Nefndarskipun álít jeg að engu þýðingu muni hafa. Hún getur aldrei gert annað en það, að undirstrika vilja þingsins í þessu efni.

Guðmundur Björnson: Jeg skal ekki vera langorður, að eins gera örlitla athugasemd út af ræðu hv. þm. Snæf. (H. St.).

Í fyrra urðu heilbrigðisstjórnir allra landa fyrir þungum átöllum, og hjer á landi beindust þær aðallega að mjer, og tel jeg vel farið, að þau mál hafa ekki verið rifjuð upp hjer aftur. Ástæðan til þess, að jeg legg þó einnig orð í belg að þessu sinni, er sú, að jeg þykist mega segja, að jeg hafi einna mesta reynslu í sóttvarnarmálum hjerlendra lækna, af um 20 ára starfsemi minni og afskiftum af þeim málum. Þegar

jeg var upp á mitt hið besta, lagði jeg hvað eftir annað fram alla krafta mína til að stöðva ýmsar farsóttir, og tókst það oft — en beið líka oft ósigur. Reynsla mín er því sú, að það sje oft hægt í bili að stöðva slíkar sóttir, en tapast unt til langframa að stemma alveg stigu fyrir þeim farsóttum, sem aðrar þjóðir treystast ekki til að verjast.

Mjer finst því, eins og hv. þm. Snæf. (H. St.), að ef gera hefði átt ítrustu tilraun til varna, sjeu þær ráðstafanir, sem nú hafa verið gerðar, ekki nógu strangar. Og þetta hefi jeg sagt stjórninni. En sjálf-sagt virðist þó, að stjórnin fari eftir tillögum sóttvarnarnefndar, og hún hefir talið 5—7 daga nógu langan sóttvarnatíma.

Það, sem sjerstaklega knúði mig samt til þess að taka til máls, voru ummæli hv. þm. Snæf. (H. St.) um afskifti lækna af útlendum skipum, sem koma með veika menn. Ef varnir gegn slíkum hættum ættu að vera óbyggjandi, þyrfti að setja sjerstaka sóttvarnarlækna á helstu slíka staði, því það er óbærileg tilhugsun, að lækknir þurfi að sóttkvía sjálfan sig í 7—10 daga eftir að hafa vitjað um slíkt skip, meðan kona liggur kann ske í barnsnauð í næsta húsi og líf hennar leikur á þræði. Þetta getur oft kostað mörg mannlíf, að þurfa þannig að teppa lækinn, og jeg sem landlækknir get ekki, fyrir læknaþjettarinnar hönd, unað lengur við þetta skipulag.

En hv. þm. Snæf. (H. St.) talaði um það, að lækknar gætu fengið skýrslur frá slíkum skipum og síðan sent meðal. En þessu vil jeg alvarlega mótmæla, því eins og íslenskum skipum, sem koma til annara landa og líkt stendur á fyrir, er veitt öll nauðsynleg hjálp, eins er það þjóðarskylda okkar að veita dauðsjúkum erlendum mönnum sömu hjálp, þegar þeir koma til okkar. Annað getum við ekki forsvarað

Varnir gegn spönsku veikinni

gagnvart samvisku sjálfra okkar. En nú munu menn skilja, hvaða yandræði geta af því stafað, ef sjálfur læknirinn þarf að vera sóttkvíaður þegar svona stendur á. En það er augljóst, að það er ekki unt að sjá við þessu án þess að vanrækja sjálf-sagða mannúðarskyldu — nema með sjer-stökum sóttvarnarlækni.

En annar vandinn er sá, að við höfum þessa menn ekki til, — við höfum tæpast menn í föstu hjeraðslæknaembættin. En jeg vildi samt leyfa mjer að benda á þetta, benda á það, að sem síðuð þjóð getum við ekki neitað farsjúkum útlendingum um læknishjálpi, þegar þeir hafa velkst í hafi við vandan aðbúnað langa lengi, og að við getum heldur ekki látið landa okkar vera læknilausa vegna þessa, með öðrum orðum, að *sóttvarnarlæknar eru þjóðarnauðsyn.*

Magnús Kristjánsson: Jeg vil að eins gera örfáar athugasemdir við þau ummæli hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að nauðsynlegt muni að hefta ferð Lagarfoss að miklu leyti eða öllu. Þetta er eflaust í góðu skyni gert. En jeg vil þó benda á það, að af slíkum töfum á ferð skipsins getur engu síður stafað hætta en af hinu. Vöruskortur er tilfinnanlegur norðanlands, og tíðarfarið ískyggilegt, svo að fyrir gæti það komið, að leiðin norður lokaðist; væri þá illa farið, ef skipinu hefði verið bönnuð ferðin meðan fært var. Því sjálfsagt má afgreiða skipið með þeirri varúð, að ekki stafi hætta af, allra helst þar sem engar sönnur eru færðar á, að nokkur hætta geti stafað af skipinu.

Benda mætti einnig á þá leið, að láta skipið sleppa Ísafirði og halda beint norður fyrir land. Þá yrði tíminn styttri, sem skipið tefðist vegna sóttkvíunar, ef svo illa færi, að til þess þyrfti að koma, sem jeg raunar býst alls ekki við.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frek-

ar að sinni, en taldi skyldu mína að benda á þetta.

Eiríkur Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að benda á eitt atriði í þessu máli. Vegna stöðugra samgangna milli Eyja og meginlands er austursýslunum allra sveita hættast við sýkingu nú, og jeg vil bæta því við, að ef til vill sjeu þar nú, af nálægum hjeruðum, einna verst við því búnað að sýkjast. Vöruskortur er austanfjalls allmikill, bæði á því, sem menn og skepnur þurfa, en haglaust víðast og hey á þrotum á mörgum stöðum. En hins vegar eiga austanmenn nokkrar vörubirgðir fyrirbyggjandi bæði í Eyjum og hjer, og aðdráttarþörfin afarmikil.

Jeg vil því alvarlega beina því til hæstv. stjórnar að gera ráðstafanir til þess, að austursýslurnar verði ekki látnar komast í þrot, en stjórnin stuðli að því, að fóðurbæti og matvöru verði komið þangað, til þess leitað lags sjóleiðis, áður en orðið er um seiman, því ekki verður betra — eins og reynslan sýndi í fyrra, — að afla sjer vista þegar sóttin er komin í algleyming, og betra að hafa þar til, ef til þess kemur. Ættu austanmenn því fremur að geta vænst liðsinnis um flutninga, er á það er litið, að opinber fjárstyrkur til samgangna á sjó hefir hingað til komið þeim að hverfandi litlum notum. Og þótt við vonum, að til þess komi ekki, að sýkin berist austur í sveitir, þá veldur ekki sá er varar.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að gera örlitla athugasemd út af því, sem sagt hefir verið um ferð Lagarfoss. Allur er kösturinn illur — bæði að fá sýkina og teppa skipið. Mjer er það kunnugt, að á Ísafirði er matvælaskortur sem stendur, einkum á hveiti, og átti að bæta úr því nú með Lagarfossi. Sömu leiðis er þar kola-skortur, svo að loka hefir t. d. orðið barna-skólanum.

Lagarfoss þarf því nauðsynlega að komast til Ísafjarðar. Og jeg held, að engin hætta atti að þurfa að stafa af afgreiðslu hans þar, ef gætt er nú sömu varúðar og í fyrra. Vörunum má skipa upp á sama hátt og þá, og fólkið má sóttkvía eins og þörf þykir.

Ísfirðingar eru auðvitað mjög þakklátir fyrir allar ráðstafanir til varúðar, og munu sjálfir gera þær eftir megni og framfylgja þeim trúlega. En þeim er líka lífsnauðsyn að láta nú ekki teppa að óþörfu samgöngur sínar, og nú eins og áður ættu þeir að geta sameinað þetta hvorttveggja — ef rjett er að farið — að verjast hættunni, ef hún er nokkur, og fá þó nauðsynjar sínar, með því sama fyrirkomulagi á afgreiðslu skipa og áður var fylgt þar.

Þorleifur Guðmundsson: Það hefir verið mikið um það rætt, hve mikil hætta sje á því, að spanska veikin berist hingað, og á hvern hátt. En það er einn möguleiki til, sem ekki hefir verið athugaður, sem jeg vildi minnst á.

Skip lenda í illum veðrum og hrekjast á land. Mennirnir komast við illan leik, hálfdauda eða dauðvona, til lands. Hvað á þá að gera við þá? Mannkærleikurinn segir okkur að taka við mönnunum og hlúa að þeim, en varnarráðstafanirnar banna okkur það. Jeg minnst á þetta af því, að jeg bý á þeim stað, er það kemur oft fyrir. Hvað á þá að gera, er 300—400 manns koma ofan í fjöruna til að taka á móti mönnunum?

Stjórnin ætti að taka þetta til athugunar. Mjer finst nauðsynlegt að skipa sjerstakan lækni á slíkum stöðum.

Flm. (Gísli Sveinsson): Jeg er háttv. stjórn þakklátur fyrir það, hvernig hún hefir tekið í málið. Jeg er ekki fær um að gangrýna reglurnar, eins og þeir, er lækna-

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

vitið hafa. En þeir mega ekki nota það til að draga úr varfærni manna. Það getur verið, að reglurnar sjeu ekki alveg öruggar eins og þær eru, en ef svo er, þá á að ganga svo frá þeim, að þær verði það, og gera þær sem öruggastar.

En það má deila um, hvort þær eru ekki algerlega öruggar, og hvort ekki mætti takast að verja landið, ef þeim væri fylgt nógu rögg samlega. Einstaklingar verða að fylgja þeim samviskusamlega. Og verði læknar eða lögreglustjórar varir við veilir í þeim, þá eiga þeir að gera við þeim, ef unt er.

Hv. 6. landsk. þm. (G. B.), sem hjer ætti að eiga mestan hlut að máli og í þetta sinn sleppur við ásanir, þar sem jeg endurtek ekki það, er jeg sagði í fyrra; ætti heldur að hvetja menn til að framfylgja reglunum en hitt. Læknarnir ættu að efla trú manna á sóttvörnunum. Því að ef almenningur er vantrúaður á þær, þá má ganga að því vísu, að alt lendi í handaskolum. En aftur á móti ef hann trúir, að takast megi að verja landið, þá tekst það.

Jeg skal ekkert segja um, hve langur sóttkvíunartíminn skuli vera; það getur verið álitamál. Eftir að reglurnar komu út í fyrra, þá fylgdi jeg þeim ekki bókstaflega, heldur miklu strangar, og var, eins og nú er kunnugt orðið, farinn áður að fylgja ströngum reglum. Jeg ljét hafa menn lengur í sóttkví en þær sögðu fyrir og ljét fara alt öðruvísi með dauða muni. Þetta verður aldrei áfelst, því að framkvæmdirnar eiga altaf að vera frekar strangari en sagt er í reglunum heldur en hitt, í svona málum. Að vísu er læknaströngur mannfa, en þarf þó ekki að tvöfalda hana. Á þeim stöðum, sem verst eru settir, t. d. eins og Vestmannaeyjum, þyrfti tvo lækna, sem annar væri sóttvarnarlæknir. Um ýmsa aðra staði getur verið að ræða, t. d. á Austfjörðum.

Hv. 6. landsk. þm. (G. B.) taldi veikina að líkindum hafa komið með veikum manni. En er ekki hægt að flytja veikan mann svo örugt sje? Jeg treysti mjer til þess að gefa reglur um það, og vafalaust ýmsir aðrir.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) sagði, að hart yrði í búi hjá mörgum austanfjalls, ef samgöngubanninu við Vestmannaeyjar yrði haldið áfram. (E. E.: Ef svo illa tækist til, að sóttin bærisk þangað). Það eru engin vandkvæði á því að halda uppi flutningum til og frá veikum hjeruðum. Það er hægt að ganga örugglega frá þeim. Á landi ljet jeg flytja í fyrra vörurnar til ákveðins staðar og skilja þar þar eftir; voru þar síðan, eftir hæfilega langan tíma, hirtar þar af öðrum. Á sjó fór flutningur milli skips og fjöru í tunnum á streng. Þannig var ekkert samneyti, persónulegt, haft við hin sýktu hjeruð. Jafnvel póstin ljet jeg sótt-hreinsa, þótt sumir kalli víst hótfyndni. Allar reglur voru svo strangar, sem fullörugt þótti. Annars hygg jeg það orðum aukið, að til hallæris horfi þar austanfjalls. Sami hv. þm. (E. E.) taldi möguleika á því, að hjeraðið vari þegar sýkt, en jeg held ekki að svo sje, því jeg hefi heyrt, að það ætti að stöðva bátinn í Eyjunum, sem þangað fór frá Eyrarbakka.

Hv. þm. (E. E.) mintist í þessu sambandi á, að Árnesingar hefðu orðið út undan og ekki notið eins ferða bátsins Skaftfellings og þeir að rjettu hefðu átt. Mjer er vel kunnugt um, að Skaftfellingur hefir altaf komið við á höfnum þeirra, hafi þess verið óskað. Þegar enginn flutningur hefir verið tilkyntur, hafa verið gerðar fyrirspurnir, og allajafnan verið svarað neitandi.

Hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) spurði, hvað gera ætti við skipbrotsmenn og annað, er að landi ræki. Jeg get bent á, að í Skafta-fellssýslu er einna hættast við, að eitthvað reki á land, og þess vegna gaf jeg út í fyrra

nákvæmar reglur til hreppstjóra um, hvernig þeir attu að haga sjer, ef slíkt bæri að höndum, við strönd og þess háttar. Þessar reglur voru svo ítarlegar, að jeg ætla ekki að fara að telja þar hjer upp, það yrði of langt mál. Enda finst mjer það ekki fær lögreglustjóri, sem ekki getur sett reglur um slíkar framkvæmdir í einstökum atriðum, án þess að fara í landsstjórnina, sem að eins getur gefið aðalreglur. Það er áreiðanlegt, að sje reglunum vel framfylgt, er sýkingarhættan mjög lítil. Jeg segi þetta í samræmi við álit lækna, og reynslan ber því vitni. Jeg tel ekki þörf á, að síðari umr. fari fram þegar í dag, þar sem hún er að eins form, til þess að gefa stjórninni frjálsar hendur hvað snertir fjárgreiðslur og annað, er að framkvæmdum lýtur. Það gerir ekkert til, þó hún dragist eitthvað. Stjórnin veit nú, hvað þingið vill.

Halldór Steinsson: Jeg tók fram, að læknum ætti að banna að fara um borð í sýkt skip. Það er að vísu skylda að líkna erlendum sjúklingum. En sú skylda verður altaf meira eða minna „relativ“. Það er því að eins skylt að framkvæma slíka líknarstarfsemi, að hún sje ekki skaðleg þjóð-fjelaginu, en það tel jeg hana, ef hún hefir í för með sjer veikindi og dauða landsins eigin barna.

Víðast hagar svo til úti um landið, að engin sjúkra- eða sóttvarnarhús eru til að taka á móti sjúklingum. Hvað á lækni-r í slíkum tilfellum að gera um borð í inflú-ensusýkt skip? Ekkert, nema að stuðla að því, að veikin berist í land, en það mun þó sammarlega ekki vera tilgangur sóttvarnarreglugerðarinnar. Það má ekki miða við önnur lönd, þar sem lækna- og sóttvarnarhús eru á hverju strái, og því miklu hægra að koma einangrun við.

Þegar útlendar drepsóttir berast til landsins, tel jeg ekki rjett að offra þúsund-

um mannslífa fyrir að skoða ef til vill að eins einn útlending, sjerstaklega þar sem lítið meiri trygging er fyrir lífi þess útlending, þótt lækurinn færi um borð til hans, heldur en að hann að eins færi að skipshliðinni.

Hitt er alt öðru máli að gegna, þegar svo stendur á, að á influensusjúkum skipum eru menn, sem hafa stórslasast eða haldnir eru öðrum sjúkdómum, sem þurfa bráðrar læknaaðgerðar; þar er læknum auðvitað skylt að hjálpa, þótt hann þurfi að fara um borð í skipið.

Eiríkur Einarsson: Jeg vona, að engin sýking leiði af samgöngum þeim, sem orðið hafa við Eyjarnar, en var að minnast á, hvaða varúðar þyrfti að neyta, einnig undir þeim kringumstæðum, að illa tækist til og sýkin bærast í austursýslurnar, eða þá að þær yrðu einangraðar til að verjast henni. En mjer þykir leitt, að hv. þm. gáfu mjer ástæðu til að halda, að þeir hugsuðu grunt í þessu máli. Jeg tel, að of seint sje að víða að sjer brýnustu nauðsynjum þegar alt hjeraðið væri orðið sýkt eða einangrað, og á það er lítið, hvert vandhæfi er á um flutninga til kaupúnanna austanfjalls, þótt engar farsóttir auki þær hindranir, og liggur í augum uppi, að ef samgöngubann og sóttarvandráði bættust við, þá gæti svo farið, einnig fyrir stjórninni, ætti fyrst þá að liðsinna með aðdrætti, að alt reyndist ómögulegt, og þá seint að iðrast eftir dauðann.

Stjórnin þarf að taka höndum saman við hjeraðsmenn um útvegum á bjargræði og flutning. sem allra bráðast, og það því fremur, sem útlit er fyrir mikinn fóður-skort, ef harðindin halda áfram.

Sigurður Stefánsson: Háttv. þm. Ak. (M. K.) taldi engar líkur til, að veikin væri komin til Reykjavíkur. En það er ekki

hægt að byggja á líkum eingöngu, og alls ekki ugglaut um, að pestin sje komin hingað. Því legg jeg til, að Lagarfoss verði settur í sóttkví á fyrstu höfn. Landsstjórnin hefði átt að kyrsetja Lagarfoss, en jeg mun ekki áfella hana, því það er ekki víst, að hún hafi vítað, að veikin gæti verið komin hingað áður en hann fór, því það er ekki ólíklegt, hafi veikin verið komin, að hún berist með Lagarfossi, þar sem fjöldi fólks fór með honum til Ísafjarðar og annað. Jeg sje ekki, að það sje á neinn hátt verjandi, ef nokkuð á að gera á annað borð, að draga að setja skipið í sóttkví þangað til það er komið til Akureyrar og hefir hleypt úr sjer fjölda fólks á leiðinni. Að vísu hefir alt þetta mikinn kostnað í för með sjer, en það dugir ekki að horfa í hann. Jeg held fast við þá till. mína, að skipið verði sett í sóttkví á Ísafirði. Jeg skal ekkert um það segja, hve lengi ætti að halda því í henni. Það mun senn koma á daginn, hvort pestin er komin til Reykjavíkur eða ekki.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki búist við, að málið skýrist mikið við lengri umræður. Það er ekki til þess fallið að deila um hjer, um það t. a. m., hverjar reglur eða varnir skuli setja. Skoðanirnar eru svo mismunandi, að umræðurnar verða síður en svo til leiðbeiningar. Jeg get ekki sjeð, að annað liggi fyrir en að samþykkja till. og setja hana ef til vill í nefnd. Annars verður stjórnin að fara eftir till. fróðra manna um, hvað gera skuli. Hvað Lagarfoss viðvíkur, þá var hann farinn áður en grunur kom um, að veikin væri komin hingað, enda mun það athugað, hvernig fara skuli með hann á Ísafirði. Einnig mun stjórnin gera það, sem þarf, hvað viðvíkur bátum, sem fór til Eyjanna.

Guðmundur Björnson: Að eins tvær

Varnir gegn spönsku veikinni.

athugasemdir. Önnur til hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Hv. þm. (G. Sv.) sagði í seinni ræðu sinni, að lækna ættu ekki að veikja trú almennings á hættunni. Jeg hefi vitað til þess, síðan fólk fór að gera kröfu til sóttvarnarlækna, að ýmsir lækna hafa komið af stað sóttvörnum einungis til að þóknast því, enda þótt þeir hafi fyrirfram vitað, að það mundi ekkert gagn gera.

Jeg hefi verið hreinskilinn. Jeg hefi ekki viljað slá ryki í augu fólksins, með því að telja því trú um það, sem jeg hefi vitað að væri rangt, eða halda fram óabyggilegum ráðstöfunum sem öruggum. En það er síður en svo, að jeg vilji telja það úr, að eitthvað verði gert; það mun gleðja mig, ef það tekst að verja landið. En af reynslu minni segir mjer þungt hugur um, að þetta takist.

Hin athugasemdin var til hv. þm. Snæf. (H. St.). Jeg sný mjer til stjettarbræðra minna, sem hjer eru.

Það kemur skip inn með meiddan mann, sem mæðist af blóðrás og er í háska staddur. Hvaða maður mundi neita að fara um borð og hjálpa manningnum? Það kemur skip með mann, sem þjáist af þvagteppu. Hann hefir ekki getað kastað þvagi í marga daga; hann tekur út feiknarkvalir og líf hans leikur á þræði. Hvaða maður mundi neita að hjálpa manningnum?

Það kemur skip með mann, er hrapað hefir ofan úr mastri. Hann er fótbrottinn og hefir mikil sár. Hann missir mikið blóð, og líf hans er að þverra smám saman. Hvaða maður mundi neita að hjálpa honum? (H. St.: Þetta eru undantekningar). Það er rjett, en maður verður að taka til lit til þeirra, eins og hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, og sjá við þeim. Maður verður að taka alt með.

Magnús Kristjánsson: Jeg tel mjer skylt að mótmæla þeirri till. hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að Lagarfoss verði settur í sótt-

kvi á Ísafirði. Þessi till. hans er sprottin af ástæðulausum ótta, sem gæti haft mikið ilt í för með sjer, ef hann næði að útbreiddast frekar en orðið er. Þessu áleti mínu til stuðnings skal jeg geta þess, að kola-birgðir skipsins eru svo litlar, að það má ekki verða fyrir neinum töfum, ef ferðin á að verða að tilætluðum notum. Afleiðingin af slíkum töfum gæti orðið sú, að skipið kæmist alls ekki fyrir Horn og til Norðurlands, en þangað verður það að komast. Jeg held því fast fram, að svo mikil varfærni getur orðið hættuleg og til ómetanlegs tjóns, ef illa tekst til.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með öllum greiddum atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með öllum greiddum atkv.

Á 5. fundi í Sp., fimtudaginn 26. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 25).

Magnús Pjetursson: Aðalflm., hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), er forfallaður, en jeg sje enga ástæðu til þess að fjölýrða um till. Vona jeg, að hv. þm. sýni sama áhuga í máli þessu sem við fyrri umr. og að till. fái eindregið samþykki allra.

ATKVGR.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 145).

II. Endurskoðun kosningalaganna og kjördæmaskipun.

Á 6. fundi í Sp., laugardaginn 28. febr., var útbýtt

Tillögu til Þingsályktunar um endurskoðun kosningalaganna og kjördæmaskipun (A. 183).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á sama fundi var till. tekin til einnar umr.

Afbrigði til þess leyfð og samþ. án atkvgr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Jeg skal ekki tefja menn með langri ræðu.

Ástæðan fyrir þessari till. er sú, í sem fæstum orðum, að ekki þykir gerlegt að fresta umbótum í þessu máli nema sem skemst.

Um þingmannaskipunina get jeg vísað til þess, sem fram kom í þingræðum um fjölgun þingmanna í Reykjavík. Það dylst engum, að þar er endurskoðun bráðnauðsynleg. Þótt jeg væri á móti því frv., þá var það ekki af því, að jeg teldi fjölgunina ósanngjarna, heldur vildi jeg ekki slíta málið út úr samhengi, sem sje endurskoðun þingmannaskipunar alls landsins, sem í heild sinni er orðin úrelt og órjettlát og vjer væntum að komi fyrir næsta þing.

Um kjördæmaskipunina er það að segja, að menn eru víða óánægðir með hana, einkum í tvímenningskjördæmum. Þykir mönnum, þar sem jeg þekki til, hagkvæmara að skifta þeim í tvent.

Um kosningaraðferðina er það ljóst, að lögin eru ekki nægilega skýr eða vel úr garði gerð, eins og best kom í ljós við kosning 2. þm. Reykv. nú síðast. Í því sambandi mætti einnig berum orðum taka fram í endurskoðun laganna, hvernig líta beri á seðla, þar sem einn maður að eins er kosinn, ef tvímenningskosningum hjeldi áfram, sem síst er að æskja.

Aukakosningalögin frá 1914 eru mjög órjettlát, þar sem farlama fólki er meinað að kjósa, nema kjörfundi sæki. Þetta hefir valdið allmikilli óánægju.

Jeg læt mjer nægja að víkja að þessu, og er þó einungis minst á fátt af mörgu.

Hákon Kristófersson: Án þess að jeg vilji gera lítið úr þessari till. leyfi jeg mjer að segja það, að jeg tel hennar litla þörf. Háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) mintist á, að mikil óánægja væri víðs vegar um landið vegna kjördæmaskipunar. Eftir því, sem mjer skilst, er það þó ekki nema í Árnes-sýslu. Jeg verð að líta svo á, að þingmálafundur hefðu átt að hafa málið til meðferðar og taka afstöðu til þess, áður en það var flutt hjer inn á þingið. Jeg veit ekki til, að kvartanir í þessa átt hafi borist utan af landi, en hitt er víst, að menn víðs vegar um land bjuggust við því, að Reykjavík gerði kröfu til fleiri þm. Nú hefir hún fengið 2 í viðbót, og tel jeg með því fullnægt þeirri fylstu sanngirniskröfu, er hún gæti átt í þessu tilfelli. En meðan ekki hafa komið óskir um breytingar á kjördæmaskipun úti um land, finst mjer engin þörf á að vera að berja það fram nú á þessu þingi.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Örstutt at-hugasemd. Mjer er kunnugt um, og það segir sig sjálf, að óánægja á sjer stað víðs vegar um landið út af því, hvernig kjördæmaskipun og kosningalögum er komið

Endurskoðun kosningalaganna og kjördæmaskipun. — Aukning á starfsfje Landsbankans.

fyrir, og frá Árnesingum er mjer það sjerstaklega ljóst af þingmálafundum þar, og er það fyrirkomulag, sem nú er, þeim hvað óhagstæðast.

Bjarni Jónsson: Jeg vil geta þess, að breyting á kjördæmaskipuninni getur aldrei orðið nema á litlum hluta landsins, því engum dettur í hug, að henni verði breytt svo mikið, að heil kjördæmi falli niður. Annars býst jeg við, að jeg verði á móti því, er þar að kemur. En það, sem jeg sjerstaklega vildi biðja stjórnina að athuga, er endurbætur á kosningalögunum. Þykir mjer vænt um að geta falið henni þetta velferðarmál þjóðarinnar um leið og jeg heilsa hinni nýju stjórn.

Halldór Steinsson: Mjer þætti vænt um að heyra álit stjórnarinnar í þessu máli, áður en gengið er til atkvæða.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer er ekki ljett um að svara þessari fyrirspurn. Eflaust eru mjög miklir örðugleikar á almenntri endurskoðun kjördæmaskiftingarinnar. Einasta rjettlát og hagkvæm breyting, sem jeg get hugsað mjer í fljótu bragði, væri skifting landsins í fá stór kjördæmi eftir mannfjölda, og hlutfallskosning innan hvers kjördæmis. En það færi í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ef hið háa Alþingi samþykkir áskorun til stjórnarinnar að koma fram með frv. um nýja kjördæmaskifting alment, mun stjórnin reyna að verða við þeirri áskorun.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 22 : 15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., H. St., Jak. M., J. S., M. K., M. P., S. E., S. H. K., S. J., S. F., St. St., Sv. B., Þorl. G., Þór. J., B. H.,

B. K., E. Árna., E. Þ., E. E., G. G., G. B., G. Guðf.

nei: G. Ó., H. K., H. Sn., J. A. J., K. E., Ó. P., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl.

J., Þorst. J., B. Sv., B. J., Jóh. Jóh.

M. G. og P. J. greiddu ekki atkv.

Einn þm. (G. Sv.) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 192).

12. Aukning á starfsfje Landsbankans.

Á 6. fundi í Sp., laugardaginn 28. febr., var útbýtt.

Tillögu til þingsályktunar um aukningu á starfsfje Landsbankans (A. 189).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á sama fundi var till. tekin til einnar umr.

Afbrigði til þess leyfð og samþ. án atkvgr.

Flm. (Jakob Möller): Jeg skal ekki vera langorður. Till. þessi er fram komin út af því, sem gerst hefir, eða rjettara sagt ekki hefir gerst, í bankamálunum á þessu þingi, í sambandi við fyrirætlanir um stofnun nýs banka hjer í Reykjavík. Þetta mál var ekki útrætt hjer í þinginu, en þess varð þó vart, að mótspyrnan var allmikil gegn stofnun nýs banka. Undirrótin var

ef til vill aðallega fólgin í því, að menn sáu, að hinn nýi banki myndi verða hætту-
legur keppinautur Landsbankans, og á
hinn bóginn að Landsbankinn ersvo veikur,
að hann er alls ekki samkepnisfær sökum
skorts á starfsfje. Háttv. þm. Dala. (B. J.)
upplýsti það, að innlánsvextir banka-
anna hefðu ekki verið hækkaðir, þrátt fyrir
hækkun útlánsvaxta, aðallega sökum þess,
að Landsbankinn sei sjer ekki fært að
hækka innlánsvextina, vegna þess að hann
hefði því nær eingöngu lánsfje „milli
handa“. Vanmáttur Landsbankans er
þannig að verða Þrándur í Götu í banka-
málum landsins, og má svo búið ekki
standa. En þá liggur næst að hugsa fyrir
því, hvernig fara eigi að því að gera Lands-
bankann samkepnisfæran og efla hann
svo, að hann verði ekki lengur Þrándur í
Götu, heldur lyftistöng vor í þessum mál-
um, eins og honum var í upphafi ætlað.
Nú hafa ýmsir peningamenn landsins hug
á því að leggja fje í nýjan banka, og ligg-
ur þá nærri að taka það til yfirvegunar,
hvort ekki væri ráðlegt að grípa tækifærið
til að gera Landsbankann að hlutabanka,
eins og á sjer stað með ríkisbanka í öðrum
löndum. Ef það yrði gert, yrði ekki síður
fýsilegt að leggja fje í Landsbankann en
nýjan prívatbanka. Hann yrði þá bráðlega
aðalpeningastofnun landsins og myndi
innan skamms taka að sjer seðlaútgáfuna.
Jeg tel því æskilegt, að stjórninni verði nú
þegar falið að fara að undirbúa þetta mál
og leita fyrir sjer um undirtektir peninga-
manna landsins, í því skyni, að hægt verði
að leggja fyrir næsta þing frumvarp til
laga um breytingar á fyrirkomulagi bank-
ans. En það liggur í augum uppi, að ef
bankinn yrði gerður að hlutabanka, þyrfti
að gera gagngerðar breytingar á fyrir-
komulagi hans og stjórn, sem vitanlega
yrði að gera í samráði við væntanlega hlut-
hafa. Og skal jeg sjerstaklega taka það
fram, að jeg tel það eigi líklegt, að ein-

stakir menn vilji gerast hluthafar í bank-
anum, ef þeir fá enga hlutdeild í stjórn
hans. — Að svo mæltu vænti jeg þess, að
hv. þm. geti greitt till. atkvæði án langra
umræðna og ágreiningslítið.

Bjarni Jónsson: Jeg skal taka það fram,
að jeg er ekki að öllu leyti sammála háttv.
flm. (Jak. M.). Að einu leyti er jeg honum
sammála, og það er í því, að þörf sje á að
auka starfsfje Landsbankans, og jafnvel
auka það svo mikið, að allar aðrar peninga-
stofnanir yrðu óþarfar. Jeg set traust
mitt til þess fyrirtækis, sem landið á sjálf.
En til þess verður það að vera svo úr garði
gert, að mönnum sje óhætt að leggja fje í
það. Og þá hygg jeg, að menn væru ánægð-
ir með að leggja fje í bankann, og það væri
nægileg trygging fyrir menn, ef bankinn
væri undir ríkiseftirliti. Þó jeg bæri fram
frv. um að gera bankann að hlutabanka,
vænti jeg þess engan veginn, að það gengi
fram. Annars get jeg ekki stilt mig um að
láta í ljós skoðun mína á því, hversu
óhyggilegt það er að hleypa af stað nýj-
um banka með hinum sömu hlunnindum,
sem hinir bankarnir hafa. — Ef menn hik-
uðu við að gera bankann að hlutabanka,
þá er þó ein leið, sem hægt er að fara, og
hún er sú, að auka fjeð með lánnum. Slíkt
getur oft verið hætтуlegt. En hjer er eng-
in hætta. Jeg vona, að till. nái fram að
ganga, og vil skora fastlega á stjórnina að
gera gangskör að því að auka starfsfje
Landsbankans, eins og jeg hefi bent á, eða
með einhverju jafngóðu eða betra.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afg. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 178).

B. Um skipun nefndar.

Stjórnarskrárnefnd efri deildar.

Á 5. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. febr.,
var útbýtt

*Tillögu til þingsályktunar um skipun
nefndar til að íhuga stjórnarskrármálið*
(A. 24).

Á sama fundi var till. tekin til meðferð-
ar, hvernig ræða skuli.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. —
Aflbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Ed., miðvikudaginn 18.
febr., var till. tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Einn listi
var borinn fram, með nöfnum 5 manna,
eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti
forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir
voru þessir:

Einar Árnason,
Guðmundur Ólafsson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhannes Jóhannesson og
Sigurjón Friðjónsson.

Önnur mál.

I. Rannsókn kjörbrjefa.

A. Þingmanns Vestmannaeyinga.

Á 2. fundi í Sp., föstudaginn 13. febr., mælti

forseti: Fundur þessi er boðaður til þess að úrskurða kosningu hv. þm. Vestm. (K. E.), sem ekki kom til þings fyr en í gær.

Frsm. kjörbrjefanefndar (Gísli Sveinsson): Jeg hefi að eins að tilkynna fyrir hönd kjörbrjefanefndar, að hún hefir fengið í hendur kjörbrjef hv. þm. Vestm. (K. E.), og er ekkert við það að athuga. Nefndin leggur því til, að hv. Alþingi taki kosningu þingmannsins gilda.

ATKVGR.

Till. kjörbrjefanefndar samþ. með öllum gr. atkv.

B. Annars þingmanns Reykvíkinga

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 12. febr., þá er lokið var dagskrá, mælti

Bjarni Jónsson: Jeg leyfi mjer, utan dagskrár, að hreyfa máli, sem tekið var til meðferðar á mjög fjölmönnum kjósenda-Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

fundi, sem haldin var hjer í bænum í gærkveldi. Það er þess efnis, að skora á þing og stjórn að láta kosningu hjer í Reykjavík fara fram á sem skemstum fresti, og var þriðudagurinn tiltekinn. Jeg vildi vita, hvort deildinni þætti ekki ráð að sinna þessari áskorun kjósendafundarins. Jeg taldi mjer skylt að hreyfa máli þessu. Hins vegar er tíminn naumur, og af því að jeg heyri sagt, því miður, að auglýst sje, hve nær kosningin skuli fram fara, þá vildi jeg stinga upp á því, að fresturinn verði stytur. Það er litið svo á, að framboðsfresturinn sje óþarflega langur, því að sá verður áreiðanlega ekki kosinn hjer í Reykjavík, sem getur eigi aflað sjer lög-mæltrar meðmælendatölu fyrir þriðjudag.

Forseti: Umræður um þetta mál verða ekki leyfðar, nema leyfð verði afbrigði frá þingsköpum, og þarf til þess leyfi ráðherra og samþykkt $\frac{3}{4}$ hluta deildarmanna. Ber jeg það því undir forsætisráðherra og þingdeildina, hvort afbrigði skuli leyfð.

Pjetur Jónsson: Jeg er því mótfallinn að fresturinn sje stytur og að þingdeildin skifti sjer nokkuð af málinu.

Þá leitaði forseti afbrigða frá þingsköp-

Rannsókn kjörbrjefa. — Starfsmenn þingsins.

um, og voru þau leyfð af forsætisráðherra, en þeirra synjað af deildinni með 10 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., H. K., M. G., M. P., Ó. P., P. O., P. Þ., S. St., Sv. B., Þorst. J., B. J., E. Þ.

nei: Gunn. S., J. A. J., J. S., P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. H., E. E., B. Sv.

Þrír þm. (M. K., Þorl. G. og Þór. J.) greiddu ekki atkv.

Forseti: Þar sem eigi hefir fengist nægur meiri hluti til þess, að afbrigðin verði leyfð, kemur þetta mál eigi til umræðu.

Á 4. fund í Sp., fimtudaginn 19. febr., var kominn hinn nýkjörni 2. þm. Reykv., Jakob Möller, og tók hann sjer sjerstakt, ótölusett sæti til hægri handar þm. Dala. (B. J.).

Forseti: Það er verkefni þessa fundar að úrskurða kosningu hins nýkjörna þingmanns Reykvíkinga, Jakobs Möllers. Hafa plögg þau, er kosninguna varða, verið afhent kjörbrjefanefnd til rannsóknar.

Frsm. kjörbrjefanefndar (Gísli Sveinsson): Kjörbrjefanefndin hefir ekki haft tök á að koma saman á fund til að rannsaka plögg þessarar kosningar. En af því að svo sjerstaklega stendur á, að að eins einn hefir verið í kjöri, og sýnilegt er, að ekkert er að athuga við kjörbrjefið, vil jeg, ef enginn meðnefndarmanna andmælir því, leggja til fyrir hönd nefndarinnar, að kosningin verði tekin gild.

Um leið og jeg óska hinn nýkjörna fulltrúa Reykjavíkur velkominn, skal jeg geta þess, að hvorki jeg nje nefndin hefir tekið afstöðu til þess, hvort hinn nýkjörni þm.

skuli teljast fyrri eða síðari þm. Reykv., Mönnum er kunnugt um, að sá þm., sem hefir setið hjer og nú situr fyrir Reykjavík, komst inn sem fyrri þm., en kosning 2. þm. varð ógild dæmd. En við endurtekna kosning varð sá þm. einn í kjöri og því sjálfkjörinn.

Um þetta atriði gerir nefndin enga tillögu, og verður hv. Alþingi að ráða fram úr því.

ATKVGR.

Kosningin samþ. með öllum gr. atkv.

Hinn nýkjörni þm. vann síðan eið að stjórnarskránni.

II. Starfsmenn þingsins.

Á 2. fundi beggja deilda, fimtudaginn 12. febr., skýrðu forsetar frá, hvor í sinni deild, að þessir væru ráðnir starfsmenn Alþingis af forsetum öllum í sameiningu:

Í skrifstofu:

Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, Árni Sigurðson cand. theol. og Pjetur Lárusson söngkennari (til prófarkalestrar).

Skjalavörður og afgreiðslumaður:

Kristján Kristjánsson kennari.

Innanþingsskrifrarar:

Í Nd.: Sigurður Guðmundsson (prestur), Jón Thoroddsen, Davíð Stefánsson, Þórbergur Þórðarson, Vilhelm Jakobsson og Sigurður Jónasson.

Í Ed. og Sp.: Páll Eggert Ólason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Sigurður Thoroddsen og Dýrleif Árnadóttir.

Í lestrarsal:

Ólafía Einaradóttir og Petrína Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Símaverðir:

Gunnar G. Björnson og Þór Oddsson,
sinn hálfan daginn hvor.

Verðir:

Magnús Gunnarsson, Björn Vigfússon og
Þorlákur Davíðsson.

Pingsveinar:

Axel Blöndal, Halldór Sigurbjörnsson,
Þorsteinn Þorsteinsson, Stefán Bjarnason,
Björn Hjaltested og Eggert Waage.

III. Stjórnarskipti.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr.,
áður gengið væri til dagskrár, mælti

forsætisráðherra (J. M.): Í gær þókn-
aðist hans hátign konunginum að leysa
atvinnumála- og samgöngumálaráðherra
Sigurð Jónsson og fjármálaráðherra Sig-
urð Eggerz frá störfum, en skipa alþingis-
mann Pjetur umboðsmann Jónsson at-
vinnumála- og samgöngumálaráðherra, en
alþingismann og skrifstofustjóra Magnús
Guðmundsson fjármálaráðherra. Mig hefir
hans hátign konungurinn kvatt til forsætis
ráðuneytisins og skipað mig dómsmála- og
kirkjumálaráðherra.

Þegar jeg í ársbyrjun 1917 tók að mjer
embætti það, er jeg enn hefi með höndum,
var það talið fyrsta hlutverk ráðuneytis-
ins að reyna að firra landið vandræðum
af ófriðnum. Jeg lofaði því þá, fyrir ráðu-
neytisins hönd, að gera það, sem vjer
megnuðum til þessa. Aðrir verða að dæma
um, hvernig þetta hefir tekist hingað til.
En vandræðin af ófriðnum eru ekki úti
enn. Margir telja, að tímar þeir, er nú fara
í hönd, verði að ýmsu má ske enn erfiðari

en sjálfur ófriðartíminn fyrir hinar hlut-
lausu þjóðir. Hið nýja ráðuneyti mun af
fremsta megni halda áfram að vinna að því
að firra landið vandræðum af ófriðnum og
afleiðingum hans.

Þá lofaði jeg því, fyrir ráðuneytisins
hönd, að vinna að því af fremsta megni,
að þjóðin næði fullum yfirráðum yfir öll-
um málum sínum. Þessu marki hefir verið
náð, jeg held jeg megi segja fram yfir von-
ir og líkindi. En það þarf að gæta þess, er
fengið er, og mun hið nýja ráðuneyti af
fremsta megni ástunda það.

Hið síðasta Alþingi var alldjarftækt um
framkvæmdir í ýmsum efnum til stuðnings
atvinnuvegum landsins, samgöngum o. s.
frv. Ráðuneytið mun fara hina sömu braut,
að svo miklu leyti sem fjárhagur ríkissjóðs
leyfir. En þess mun það gæta stöðugt og
hafa það fyrir augum, að góður fjárhagur
ríkissjóðs er skilyrði fyrir sönnu sjálfstæði
ríkisins.

Jeg þarf ekki að lýsa því, sem sjálfsagt
er, að ráðuneytið mun vinna að endurskoð-
un skattamálanna, verklegum rannsóknum
og frekari undirbúningi í vatnamálunum,
í því skyni og með það fyrir augum, að
eitthvað verði gert. Yfir höfuð mun ráðu-
neytið leggja áherslu á framkvæmdir. Að
öðru leyti þykir mjer ekki ástæða til að
lýsa afstöðu ráðuneytisins í einstökum
málum.

Vjer viljum stunda góða og vinsamlega
samvinnu við sambandsþjóð vora, sem
jafnan er búin til að greiða fyrir oss í
hvívetna, svo og við hinar aðrar Norður-
landþjóðir, og yfir höfuð stuðla að heiðar-
legum viðskiftum út á við.

Bjarni Jónsson: Það hefir þótt mestum
tíðindum sæta á þessu þingi, hve nær og
hvernig mundi ganga að koma nýrri stjórn
á laggirnar. Vænti jeg því, að hv. þm. mis-
virði ekki, þótt tekin sje drygklöng stund

af þing tímanum, hversu dýrmætur sem hann er, til þess að heilsa stjórn þessari, er fæðst hefir með svo langvinnu þrautum, sem raun er á orðin. Mun jeg fyrst lesa yfirlýsingu, er sjálfstæðisflokkurinn hefir falið mjer að bera fram, svo hljóðandi:

„Sjálfstæðisflokkurinn styður ekki stjórnina, nema einn maður, og ber enga ábyrgð á athöfnum hennar, nje lofar að eira henni.“

Síðan ætla jeg að bæta við nokkrum orðum frá eigin brjósti. Segi jeg þau á eigin ábyrgð, en ekki í nafni flokksins, en það mun þó sýna sig síðar, að hann er mjer samdóma um nálega öll atriðin.

Það er þá upphaf míns máls, að þótt þessi yfirlýsing sje fram komin, þá er það hvorki fyrirætlun mín nje flokksins að vera sem mannýgur hrútur og skopa skeið í stjórnina, hvort sem hún vinnur verk sitt vel eða illa. Miklu fremur vil jeg segja stjórninni hitt, að hún skal eigi þurfa að eiga von fjandskapar af mjer, ef hún fylgir um sína daga þeirri stefnu, sem jeg mun nú lýsa. En geri hún það ekki, þá mun jeg ekki láta mitt eftir liggja, að henni verði hlýtt yfir síðar, og gert til hennar að maklegleikum.

Mjer þótti vænt að heyra það, að forsætisráðherra lofaði því, að stjórnin mundi vilja gæta sjálfstæðis vors. En sakir þess, að hann stiklaði fremur ljettilega á því máli, mun jeg tala nokkru nánar um fáein atriði. Jeg vil þá fyrst benda á, að nauðsyn ber til þess, að einn ráðherrann sje utanríkisráðherra og heiti svo, með öðrum orðum, að það sje öllum heimi ljóst og vitað, að hjer sje það ráðherrastarf til. Mönnum er það kunnugt, að samkvæmt sambandslögunum fara Danir með utanríksmálin í umboði voru. En þessir umboðsmenn verða einhversstaðar að fá að vita, hvað þeir eiga að gera fyrir oss. Umbjóðandi verður því að sjá um, að sá staður

sje til. En það er með öðrum orðum, að vjer, umbjóðandinn, verðum að hafa ráðherra til þess að fara með utanríksmál vor, svo að hann geti ætíð sagt formanni umboðsmannasveitarinnar, utanríkisráðherra Dana, hvers vjer óskum af þeim samningsbundnu starfsmönnum vorum. Öllum má vera það ljóst, að slíkt væri eigi brot á sáttmálanum, heldur hin eina skynsamlega framkvæmd á honum. Það er því í samræmi við sáttmálann, nauðsynlegt og hyggilegt, að einn ráðherranna sje það, og er þá sjálfsagt, að hann heiti svo. Annars kynni okunnar þjóðir að villast á sáttmálanum og halda, að Ísland hefði eigi vald utanríksmála sinna, sem það hefir þó að efalaus.

Þá verð jeg að minnast á sendiherrann í Kaupmannahöfn. Legg jeg mikla áherslu á, að vjer hafim sendiherra vorn á þeim eina stað, sem vjer getum gert það í fullu samræmi við sambandslögin. Ber tvent þar til. Það fyrst, að oss er hin mesta nauðsyn að hafa umsýslu slíks manns þar, og að á engu öðru sjá þjóðir heimsins betur, að Íslandi er áskilinn sendiherrarjettur í sáttmálanum. Það annað, að vjer getum ekki gert oss bera að svo mikilli óhæversku við Danmörk, að hún ein allra ríkja hafi engan íslenskan sendimann, þar sem hún hefir þó ein allra ríkja sent sendiherra hingað. Vera má, að hv. þingmönnum þyki hjer eiga að senda einn sendimann til Danmerkur og setja öll önnur ríki hjá. En það er hinn mesti misskilningur, því að hvar sem Danir hafa sendiherra, þá er sá hinn sami samkvæmt sáttmálanum sendiherra Íslands eftir umboði. Það er því eigi að eins sjálfsagt vegna hagsmuna vor sjálfra að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, sem og margborgar sig, heldur er það og sjálfsögð hæverskuskyldu. Að þessu máli mun jeg styðja forsætisráðherra.

Auk þessa vil jeg lýsa yfir því, að mjer fellur það vel, að forsætisráðherra hefir

lagt áherslu á, að stjórnin mundi senda íslenskan ræðismann til Miðjarðarhafslöndanna, því að jeg hefi um margt ár haldið því fram, að þetta væri sjálfsagt og mundi borga sig þúsundfalt. En í sambandi við þetta vil jeg skora á stjórnina að láta 7. gr. sáttmálans ekki ónotaða að öðru leyti, heldur senda unga fulltrúa til sendisveita þeirra, er sitja í helstu viðskiftalöndum vorum, til þess að þar verði unnið af þekkingu næstu áratugina Íslandi til hags, og til þess að vjer hafim æfða menn með nægri þekkingu, er vjer að sjálfsögðu tókum utanríkismálin í vorar hendur 1940. ef það verður eigi fyr.

Þá er eunn eitt atriði, sem jeg skora á stjórnina að leggja allan hug á. Það er að fulltrúar þeir, sem aðrar þjóðir hafa hjer, sjeu þess kyns erindrekar, að sending þeirra feli í sjer viðurkenning sendanda á fullveldi voru. En til þess þurfa þeir að vera sendir eða hafa með höndum sendiherrastarfsemi, eða „diplomatisk Function“ á erlendu máli. Jeg veit, að eigi þarf nema hálft orð frá stjórnarinnar hendi til þess, að frá Svíþjóð komi slíkur maður, og jeg veit það með allra bestu heimildum, svo að það er beinlínis stjórnarinnar sök, ef svo verður eigi. Jeg veit og, að eigi þyrfti öllu meira fyrir að hafa, að slíkur maður kæmi frá Þýskalandi, og jeg hygg, þótt jeg hafi eigi neina ábyggilega vitneskju um það, að sama mundu Frakkar og Englar gera, því að menn muna, að þeir höfðu hjer einna fyrstir þjóða sendimenn sína, og það meðan öðruvísi stóð á. Þá mundu Norðmenn frændur vorir eigi vilja verða eftirbátar um þetta, og það því síður, sem Stórþingið sendi oss árnað sinn óðar en viðurkenning Dana var fengin um fullveldi vort. Vil jeg skora fastlega á stjórnina að verða hjer vel við, því að jeg veit, að ekki veldur annað en viljaleysi, ef ekki verður að gert. En jeg vona, að hún geri

þetta sem fyrst og að jeg þurfi eigi síðar að deila við hana um þetta mál.

Enn vil jeg minnst á smærri mál, sem standa í sambandi við utanríkismálin. Og vil jeg þá skora á stjórnina að sýna það öllum heimi með öllum einkennum, stórum og smáum, að skilnaður er orðinn milli konungsríkjanna Íslands og Danmerkur, þótt sami maður sje konungur í báðum. Alþingi veit ekki enn um, hvort umboðsmenn vorir í utanríkismálunum hafa skjaldarmerki vort og fána á þeim stöðum, sem vera ber. Innsigli ríkisins mun nú um síðir komið, en engi veit, hvort það er notað eða ekki. Þá væri og æskilegt, að íslenskir embættismenn bæri eigi lengur danska hnappa, úr því íslenskir eru fengnir seint um síðir. Enn verð jeg að telja það æskilegt, að gert verði sjerstakt íslenskt heiðursmerki, sem sæma mætti með erlenda menn. Jeg veit, að því má með rjettu halda fram, að frá sjónarmiði heimspekinnar sje þetta fánýtt glingur, og þjóni eigi síður ranglætinu en rjettlætinu. En hitt verður eigi hrakið, að það mundi venja menn við að líta á Ísland sem fullvalda konungsríki, ef það hefði sama sið sem önnur sjálfstæð ríki, að sæma erlenda menn heiðursmerki. Víst er það og, að sá einstaklingur er lýttur, sem fylgir eigi landssið, og svo mun vera um ríkin, að þau eru lýtt, ef þau fylgja eigi heimssið. Hitt mundi ónýtisverk fyrir oss, að freista að endurbæta heiminn í þessu, því að hann mundi halda uppteknum hætti, þótt vjer skærimst úr leik.

Um myntsláttu þarf eigi að tala. Jeg hafði skrifað hana mjer til minnis, þegar jeg ætti að heilsa hinni nýju stjórn. En nú hefi jeg borið fram frumvarp um hana, og stjórnin tekið vel undir, enda tel jeg sjálfsagt að gera nú þegar alla samninga þar að lútandi og allan nauðsynlegan undirbúning.

Þá kem jeg að innanlandsmálunum. Nefni jeg þar fyrst skólamálin. Vil jeg fastlega skora á stjórnina að láta nú verða framkvæmd á ályktunum þessarar háttv. deildar á undanförunum þingum, að endurbæta alt fræðslukerfið og einkum að gera mentaskólann aftur að lærðum skóla og greina hann frá þeim óæðri skólum, sem hann er nú tengdur við.

Þótt jeg hafi áður minst á það hjer á þingi, vil jeg þó nú skora fastlega á stjórnina að gæta þess, að allir kjósendur í landinu hafi jafnrjetti. Ekki tala jeg hjer um, hvort margir eða fáir kjósendur komi á hvern þingmann, heldur um hitt, að allir geti notið kosningarrjettar síns. Menn þekkja hina alkunnu sögu um storkinn og tófuna, er báru svo á borð hvort fyrir annað, að hvorugt gat neytt matarins. Á sama hátt er farið með kjósendur, þegar kjörfundur á að standa hluta úr degi, því að ekki geta allir farið frá heimilunum í einu og skilið börn og fjenað eftir umsjárlaust. Kjörfundur verður að standa miklu lengur en nú gerist, að minsta kosti tvo til þrjá daga, svo að fólkið geti farið til skiftis á kjörstaðinn og hver maður neytt atkvæðis síns. Mundi og slíkt fyrirkomulag, sem nú hefir lýst verið, góður undirbúningur undir atkvæðagreiðslu þá, sem hjer á að fara fram að 20 árum liðnum um sambandslögin. Mun þá full ástæða til, að hver maður geti neytt atkvæðis síns. Það er því rjett að taka þá aðferð upp nú þegar, því að miklu máli skiftir það, að stjórnarskrá landsins veiti mönnum eigi rjettindi með þeim hætti, að þeim sje ómáttugt að njóta þeirra. Verður því að sjá um, að lög eða venjur banni mönnum eigi að njóta þeirra rjettinda, sem þeir hafa að fullum lögum, svo sem kosningalögin gera nú við sveitamenn um land alt. Vænti jeg, að stjórnin verði vel við og leggi fyrir næsta þing breytingar á kosningalögunum, til

þess að þær endurbætur fáið, sem nú hefi jeg nefnt.

Þá er og nauðsynlegt, að stjórnin gæti jafnvægis í atvinnuvegum landsins. Því að allir vita, að enginn er sá einn atvinnuvegur, að hann ali alla landsmenn, heldur gerir það samstarf allra atvinnuveganna, sem í landinu eru. Og þótt landbúnaður verði ætíð höfuðatvinnugrein í þessu landi, þá mega hinar atvinnugreinarnar ekki verða út undan, heldur verður að vera jafnvægi og rjettlæti milli þeirra. Getur stjórnin vel búist við deilum um þetta í framtíðinni, nema hún sjái hjer vel fyrir.

Þá tel jeg stjórninni og skylt að sjá um, að rjettlæti sje í öllum fjármálum, eða gera að minsta kosti tilraun til þess að láta gjöld koma rjettlátlega niður á landsmönnum. Hitt mundi og vera lítt sæmilegur gróðavegur fyrir ríki, að hafa fje af verkamönnum sínum eða svelta þá. Vænti jeg, að stjórn landsins hitti aðra vegi til að afla ríkissjóði fjár.

Þá kem jeg að vatnamálunum. Þar á stjórnin að vinda sem bráðast að því, að rannsóknir fari fram, og síðan virkjanir smávatna á landinu, til þess að ylja, lýsa og fegra híbýli manna, og til smáiðju og daglegra verka. Þá verður hún tafarlaust að sjá um, að Sogið sje rannsakað, áætlanir síðan gerðar og að ríkið, í sambandi við hjeruðin og bæina við Faxaflóa og austan fjalls, virki nokkurn hluta Sogsins. En stóriðju má ekki hleypa hjer að; í hæsta lagi mætti virkja 5000—6000 ho. meira en þyrfti annars til almenningsnota og hafa til saltvinslu t. d., ef orkan yrði með því ódýrari fyrir almenning. Vel gæti jeg trúð að því, að jeg þyrfti að deila um þetta mál við stjórnina, hversu sárt sem mjer kynni að falla það, nema því að eins, að hún gæti vel jafnvægis atvinnuveganna og styðji þá auðvitað ekki slík fyrirtæki, sem stóriðja er, sem gæti í einum svip stöðvað

höfuðatvinnugreinar vorar, landbúnaðinn og sjávarútveginn.

Í bankamálunum vænti jeg þess, að stjórnin fylgi þeirri stefnu, að gera bankastofnun ríkisins svo sterka, að hún geti orðið aðalpeningastofnun landsins, er ráði mestu um peningaverð og viðskifti, hvort sem hún gerir það með því einu, að auka Landsbankann, eða með því að gera báða bankana að ríkisbanka.

Fylgi stjórnin þessari stefnuskrá í öllu og með dugnaði, þá býst jeg ekki við að verða meinsmaður hennar, þótt jeg sje ekki stuðningsmaður hennar.

Jeg mun nú í ræðulok hnýta hjer við lítilli athugasemd um sjálfstæðisflokkinn. Sumir menn segja, að gömlu flokkarnir sjeu sjálfdauðir, og þar á meðal sjálfstæðisflokkurinn. Hinir flokkarnir mega svara fyrir sig og segja til, hvort þeir sjeu dauðir eða eigi. Þar um segi jeg ekkert, en hitt tel jeg ósæmilegt að segja, að sá flokkur eigi nú engan tilverurjett í landinu, sem hefir frá fyrstu haft það á stefnuskrá sinni að varðveita sjálfstæði landsins, og hefir enn, svo sem jeg hefi reynt að sýna í ræðu minni. Að flokkurinn hefir jafnan haft þessa stefnuskrá, geta menn sjeð, ef þeir líta í gömul blöð af Ingólfi og Ísafold. Flokkurinn hefir haft og hefir enn á stefnuskrá sinni fullkomna *landvörn*, og vill hafa Ísland handa Íslendingum, og heiður landsins út á við og inn á við metur hann öllu öðru dýrri. Og mjer þætti gaman að sjá þann flokk, sem hefir betri tilvistarrjett í landinu.

Forsætisráðherra (J. M.): Um utanríkismálin býst jeg ekki við, að við hv. þm. Dala. (B. J.) sjeum mjög ósammála, nje um þýðingu þá, er ytri merki sjálfstæðisins geti haft. Það er að vísu smávægilegt, er hv. þm. (B. J.) er að tala um hnappana, en jeg skal samt geta þess, að er mjer þótti ganga seint fyrir embættismenn að

útvega sjer þá, þá ljet jeg kaupa þá á ríkissjóðs kostnað og ljet tilkynna embættismönnum, að þeir gætu fengið hnappana ókeypis. Ef Alþingi óskar, væri hægt að senda saumakonu út um land.

Hvað snertir utanríkisráðherra, þá skal jeg ekki segja margt. Þótt nú sjeu farin að koma allmörg utanríkismál, þá finst mjer ekki ástæða til að hafa sjerstakan mann sem utanríkisráðherra, heldur finst mjer að utanríkismálin, að því leyttisem þau eru ekki falin danska utanríkisráðherranum, geti eins og hingað til fallið undir forsætisráðherra.

Jeg get verið samdóma hv. þm. Dala. (B. J.) um heiðursmerki. Það getur komið sjer vel að hafa eitthvert slíkt merki.

Bjarni Jónsson: Jeg gleymdi einu atriði um utanríkismál. Jeg vil skora á stjórnina að láta Ísland ekki ganga í þjóðabandalagið, nema með sömu skilyrðum og jeg heyri að Sviss hafi sett, að fá að halda hlutleysi sínu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki verið samdóma hv. þm. Dala. (B. J.) í þessu atriði. Jeg álít, að Ísland eigi að ganga í þjóðabandalagið, en auðvitað ekki nema með samþykki hins háa Alþingis. Ef önnur Norðurlönd ganga í það, þá hygg jeg, að Ísland eigi að ganga í það, nema menn óski þess, að það verði þar skoðað sem áhangandi Danmörku.

Á 12. fundi í Ed., s. d. (26. febr.), skýrði og forsætisráðherra stuttlega frá breytingu þeirri, er orðið hefði á skipun ráðuneytisins, á sama hátt og segir í upphafi ræðu hans í Nd. s. d. (sjá hjer að framan).

IV. Yfirskoðunarmaður Landsbankans.

Á 5. fundi í Sp., fimtudaginn 26. febr., var látin fram fara

Kosning yfirskoðunarmanns Landsbankans fyrir það, sem eftir er tímabilsins frá 1. jan. 1920 til 31. des. 1921.

Forseti las upp brjef stjórnarráðsins, dags. 24. s. m., um að Pjetur alþm. Jónsson hefði 5. jan. næst á undan sagt af sjer endurskoðunarstarfi við Landsbankann, því er Alþingi 1919 kaus hann til, og hafi stjórnarráðið sett Guðjón alþm. Guðlaugsson til þess að gegna starfinu uns Alþingi kysi endurskoðanda.

Var síðan gengið til kosningar, og fór hún svo, að kosinn var

Guðjón Guðlaugsson alþm.

með 30 atkv. Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., hlaut 2 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

V. Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var látin fram fara

Kosning nefndar til að úrskurða þingfararkaupsreikninga alþingismanna, samkvæmt 2. gr. laga nr. 36, 28. nóv. 1919.

Forseta barst einn listi, með nöfnum 5 þingmanna, eða jafnmargra og kjósa skyldi í nefndina, og lýsti forseti þá rjett kjörna, en þeir voru þessir:

Hjörtur Snorrason,
Jakob Möller,
Karl Einarsson,
Magnús Kristjánsson og
Sigurður Jónsson.

VI. Þinglausnir.

A. í efri deild.

Á 18. fundi í Ed., laugardaginn 28. febr., kl. 5 síðdegis, að lokinni dagskrá, mælti

forseti: Háttvirtu þingbræður! Vjer höfum nú lokið störfum vorum í þetta sinn. Það er víst, að þetta þing mun lengi í minnum haft. Nú eru liðin rjett 990 ár síðan þetta land fekk fyrst stjórnskipun-

arlög og var gert fullvalda ríki. Síðan hefir margt gerst, sem ekki skal rifjað upp nú. En á þessu þingi hefir verið lögð síðasta hönd á það verk, að semja nýja fullveldisskrá. Vil jeg því biðja yður að standa upp og óska henni langs aldurs. En yður öllum óska jeg góðrar heimkomu og að vjer megum aftur heilir hittast.

Sigurður Jónsson: Jeg finn ástæðu til þess fyrir hönd deildarinnar að þakka hæstv. forseta röggssamlega, hyggilega og nærgætnislega stjórn á þessu þingi.

Þingmenn tóku undir þetta með því að standa upp.

Forseti: Jeg þakka fyrir mína hönd, og sümuleiðis þakka jeg hv. þm. fyrir ágæta samvinnu.

Er þá störfum deildarinnar lokið í þetta sinn, og segi jeg þar með þessum síðasta fundi deildarinnar slitið.

B. í neðri deild.

Á 19. fundi í Nd., s. d. (28. febr.), kl. 3¹⁰ síðdegis, að lokinni dagskrá, mælti

forseti: Með því að nú er lokið störfum þessarar þingdeildar, vil jeg þakka háttv. þdm. fyrir góða samvinnu og árna þeim giftusamlegrar heimferðar.

Segi jeg svo þessum síðasta fundi deildarinnar á þessu þingi slitið.

C. í sameinuðu þingi.

Á 7. fundi í Sp., mánudaginn 1. mars, kl. 1 miðdegis, þinglausnafundi, mælti

forseti: Jeg skal leyfa mjer að lesa upp yfirlit um störf þessa aukapings, og hefir skrifstofan samið. Er það á þessa leið:

Fundir.

Í neðri deild	19
Í efri deild	18
Í sameinuðu þingi	7
Alls	44

Handan að 39

6. Ekki útrætt:	
a. Stjórnarfrumvörp	7
b. Þingmannafrumvörp	11
c. Þingsályktunartillögur	3
	21

Alls 60

Mál.

Stjórnarfrumvörp lögð fyrir Nd. . .	9
Stjórnarfrumvörp lögð fyrir Ed. . .	6
	15
Þingmannafrv. borin fram í Nd. . .	24
Þingmannafrv. borin fram í Ed. . .	3
	27
Þingsál.till. bornar fram í Nd. . . .	11
Þingsál.till. bornar fram í Ed. . . .	4
Þingsál.till. bornar fram í Sp. . . .	3
	18

Mál til meðferðar alls 60

Úrslit mála.

1. Afgreidd sem lög:	
a. Stjórnarfrumvörp	8
b. Þingmannafrumvörp	11
	19
2. Þingsályktanir samþýktar:	
a. Afgr. til ríkisstjórnarinnar . .	12
b. Um skipun nefndar	1
	13
3. Vísað til ríkisstjórnarinnar:	
Þingmannafrumvörpum	4
4. Felt:	
Þingmannafrumvarp	1
5. Tekið aftur:	
Þingsályktunartillögur	2

Yfir um 39

Alþt. 1920. B. (32. löggjafarþing).

Síðan mælti

forseti: Þótt þing þetta hafi að eins verið stutt aukabíng, mun það lengi í minnum haft, með því að það hefir af Alþingis hálfu lagt síðustu hönd á hina fyrstu stjórnarskrá konungsríkisins Íslands. Jeg veit, að jeg tala fyrir munn allra þingmanna, er jeg læt í ljós þá ósk mína og von, að stjórnarskrá þessi reynist landinu giftudrjúg, og að íslenska þjóðin megi taka miklum og skjótum framförum í siðmenningu og verklegum efnum í skjóli hennar.

Loks vil jeg leyfa mjer að óska hv. þm., er heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar heimferðar og gleðilegrar heimkomu, og oss öllum þess, að vjer megum allir hittast aftur á næsta reglulega Alþingi heilir og kátir.

Bjarni Jónsson: Jeg beiðist þess, að bókuð verði svo feld yfirlýsing frá mjer, að þar sem í Nd. hafa verið haldnir 19 fundir, 18 í Ed. og 7 í Sp., og á þeim fundum afgr. 19 lög og 13 þingsályktunartill., og þar sem til þessarar afgreiðslu hefir þurft 57 sinnum afbrigði frá þingsköpunum í Nd., 68 sinnum í Ed. og 7 sinnum í Sp., eða samtals 132 sinnum, þá tel jeg, í nafni kjördæmis míns, slík vinnubrögð alls eigi tryggileg fyrir þjóðina.

Forseti: Jeg skal sjá um, að þetta verði bókað.

32

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg lýsi yfir því, í nafni og umboði hans hátignar konungsins, að þessu 32. löggjafarþingi Íslendinga er slitið.

Sigurður Jónsson: Lengi lifi hans hátign, konungur vor, Kristján hinn Tíundi!

Tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.
